

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2012/EES/59/01	Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/50/EB frá 21. maí 2008 um gæði andrúmslofts og hreinna loft í Evrópu	1
2012/EES/59/02	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 690/2009 frá 30. júlí 2009 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB	45
2012/EES/59/03	Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/57/EB frá 13. júlí 2009 varðandi veltigrindur á dráttarvélum á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt	46
2012/EES/59/04	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/62/ESB frá 8. september 2010 um breytingu á tilskipunum ráðsins 80/720/EBE og 86/297/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB, 2009/60/EB og 2009/144/EB varðandi gerðarviðurkenningu á dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt, í því skyni að aðlaga tæknileg ákvæði þeirra.	85
2012/EES/59/05	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1129/2011 frá 11. nóvember 2011 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 með því að koma á fót skrá Evrópusambandsins yfir aukefni í matvælum.	92
2012/EES/59/06	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 268/2010 frá 29. mars 2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar aðgang stofnana og aðila Bandalagsins að landgagnasöfnum og -þjónustu aðildarríkjanna við samræmd skilyrði	269
2012/EES/59/07	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 249/2012 frá 21. mars 2012 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 19/2011 að því er varðar gerðarviðurkenningarkröfur fyrir lögboðna merkiplötu framleiðanda á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra	271
2012/EES/59/08	Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/17/ESB frá 9. mars 2011 um niðurfellingu tilskipana ráðsins 71/317/EBE, 71/347/EBE, 71/349/EBE, 74/148/EBE, 75/33/EBE, 76/765/EBE, 76/766/EBE og 86/217/EBE varðandi mælifræði.	273
2012/EES/59/09	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1274/2011 frá 7. desember 2011 um samræmda eftirlitsáætlun Sambandsins til margra ára fyrir árin 2012, 2013 og 2014 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi leifa af varnarefnum og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu.	276
2012/EES/59/10	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1210/2011 frá 23. nóvember 2011 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1031/2010, einkum í því skyni að ákvarða fjölda heimilda til losunar gróðurhúsalofttegunda sem verða boðnar upp fyrir 2013	296

2012/EES/59/11	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 273/2012 frá 27. mars 2012 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 297/95 að því er varðar leiðréttingu á gjöldum til Lyfjastofnunar Evrópu með tilliti til verðbólgu	309
2012/EES/59/12	Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/16/EB frá 19. mars 2007 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS) að því er varðar útskyringu á tilteknum skilgreiningum.	312
2012/EES/59/13	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 12. maí 2010 um breytingu á ákvörðun 2009/821/EB að því er varðar skrárnar yfir skoðunarstöðvar á landamærum og um dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu (2010/277/ESB).	321
2012/EES/59/14	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 19. apríl 2010 um Evrópskan gagnabanka um lækningatæki (Eudamed) (2010/227/ESB).	327
2012/EES/59/15	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 4. maí 2011 um að koma á fót evrópskum ráðgjafahópi um skynvædd flutningakerfi (2011/C 135/03)	331
2012/EES/59/16	Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/76/ESB frá 24. nóvember 2010 um breytingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB að því er varðar eiginfjárkröfur vegna veltubókar og endurverðbréfanu og eftirlit með starfskjarastefnu.	333
2012/EES/59/17	Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 17. júní 2011 um breytingu á ákvörðun 2009/719/EB um að heimila tilteknum aðildarríkjum að endurskoða árlegar vöktunaráætlanir sínar vegna kúariðu (2011/358/ESB)	366
2012/EES/59/18	Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 frá 13. júlí 2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis	371
2012/EES/59/19	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1008/2010 frá 9. nóvember 2010 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar framrúðuþurrku og -sprautubúnað tiltekinna vélknúinna ökutækja og um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis.	395
2012/EES/59/20	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 19/2011 frá 11. janúar 2011 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar lögboðna merkiplötu framleiðanda og verksmiðjunúmer ökutækis á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis.	414
2012/EES/59/21	Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/60/EB frá 13. júlí 2009 um hámarks-hönnunarhraða og hleðslupalla fyrir dráttarvélar á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt	427
2012/EES/59/22	Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/68/EB frá 13. júlí 2009 um gerðarviðurkenningu íhlutar fyrir ljósa- og ljósmerkjabúnað á dráttarvélum á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt	432
2012/EES/59/23	Tilmæli Evrópuþingsins og ráðsins frá 20. desember 2006 um verndun ólöggráða barna og mannlegrar reisnar og um rétt til andsvara með tilliti til samkeppnishæfni evrópskrar hljóð- og myndmiðlunar og beinlínutengdrar upplýsingaþjónustu (2006/952/EB).	438

2012/EES/59/24	Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1099/2009 frá 24. september 2009 um vernd dýra við aflifun	444
2012/EES/59/25	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 150/2011 frá 18. febrúar 2011 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 að því er varðar alin og villt veiðidýr og kjöt af öldum og villtum veiðidýrum	474
2012/EES/59/26	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 151/2011 frá 18. febrúar 2011 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 að því er varðar alin veiðidýr	477
2012/EES/59/27	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1263/2011 frá 5. desember 2011 um leyfi fyrir <i>Lactobacillus buchneri</i> (DSM 16774), <i>Lactobacillus buchneri</i> (DSM 12856), <i>Lactobacillus paracasei</i> (DSM 16245), <i>Lactobacillus paracasei</i> (DSM 16773), <i>Lactobacillus plantarum</i> (DSM 12836), <i>Lactobacillus plantarum</i> (DSM 12837), <i>Lactobacillus brevis</i> (DSM 12835), <i>Lactobacillus rhamnosus</i> (NCIMB 30121), <i>Lactococcus lactis</i> (DSM 11037), <i>Lactococcus lactis</i> (NCIMB 30160), <i>Pediococcus acidilactici</i> (DSM 16243) og <i>Pediococcus pentosaceus</i> (DSM 12834) sem fôðuraukefnum fyrir allar dýrategundir	481
2012/EES/59/28	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 208/2011 frá 2. mars 2011 um breytingu á VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 180/2008 og (EB) nr. 737/2008 að því er varðar skrár yfir tilvísunarrannsóknarstofur ESB og heiti þeirra.	487
2012/EES/59/29	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2011 frá 23. ágúst 2011 um samþykki fyrir eftirliti Kanada fyrir útflutning hveitis og hveitimjòls til að kanna hvort það inniheldur okratoxín A.	494
2012/EES/59/30	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 931/2011 frá 19. september 2011 um kröfur um rekjanleika, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002, að því er varðar matvæli úr dýraríkinu	498
2012/EES/59/31	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 758/2010 frá 24. ágúst 2010 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafraðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu í tengslum við efnið valnemúlín	500
2012/EES/59/32	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 759/2010 frá 24. ágúst 2010 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafraðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu í tengslum við efnið tildipírósín	502
2012/EES/59/33	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 761/2010 frá 25. ágúst 2010 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafraðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu í tengslum við efnið metýlprednisólón	505
2012/EES/59/34	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1205/2011 frá 22. nóvember 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna, alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IFRS-staðal 7.	508
2012/EES/59/35	Tilskipun ráðsins 2008/114/EB frá 8. desember 2008 um að greina og tilnefna þýðingarmikil grunnvirki í Evrópu og meta þörfina á að efla vernd þeirra.	515
2012/EES/59/36	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 16/2012 frá 11. janúar 2012 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 að því er varðar kröfur varðandi frosin matvæli úr dýraríkinu sem ætluð eru til manneldis	523

2012/EES/59/37	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1161/2011 frá 14. nóvember 2011 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 953/2009 að því er varðar skrárnar yfir steinefni sem bæta má í matvæli.	525
2012/EES/59/38	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 286/2011 frá 10. mars 2011 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna í því skyni að laga hana að tækniframförum	527
2012/EES/59/39	Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB frá 23. apríl 2009 um geymslu koltvísýrings í jörðu og um breytingu á tilskipun ráðsins 85/337/EBE, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB, 2001/80/EB, 2004/35/EB, 2006/12/EB, 2008/1/EB og reglugerð (EB) nr. 1013/2006	580
2012/EES/59/40	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 100/2012 frá 3. febrúar 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 748/2009 um skrána yfir umráðendur loftfara sem stunduðu flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB 1. janúar 2006 eða eftir þann dag þar sem ábyrgðarríki hvers umráðanda loftfars er tilgreint, einnig með tilliti til rýmkunar á kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með losunarheimildir þannig að það nái yfir EFTA-löndin innan EES	602
2012/EES/59/41	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 295/2012 frá 3. apríl 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 474/2006 um að stofna skrá Bandalagsins yfir flugrekendur sem er bannað að stunda flugrekstur innan Bandalagsins	734
2012/EES/59/42	Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 frá 25. nóvember 2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 761/2001 og ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 2001/681/EB og 2006/193/EB	757
2012/EES/59/43	Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 911/2010 frá 22. september 2010 um evrópsku áætlunina um vöktun jarðar (hnattrænt eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála (GMES)) og upphafsáðgerðir hennar (2011–2013)	802
2012/EES/59/44	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1031/2010 frá 12. nóvember 2010 um tímasetningu, stjórnun og aðra þætti í tengslum við uppboð á heimildum til losunar gróðurhúsalofttegunda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins	812
2012/EES/59/45	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 550/2011 frá 7. júní 2011 um ákvörðun á tilteknum takmörkunum sem gilda um notkun alþjóðlegra inneigna vegna verkefna varðandi iðnaðargastegundir samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB	853
2012/EES/59/46	Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/61/EB frá 13. júlí 2009 að því er varðar uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á dráttarvélum á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt	856

II EFTA-STOFNANIR

- 1. Fastanefnd EFTA-rikkanna**
- 2. Eftirlitsstofnun EFTA**
- 3. EFTA-dómstóllinn**

III EB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2008/50/EB

2012/EES/59/01

frá 21. maí 2008

um gæði andrúmslofts og hreinna loft í Evrópu (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum
175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar
Evrópubandalaganna⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr.
sáttmálans⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Sjötta aðgerðaáætlunin á sviði umhverfismála, sem samþykkt var með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1600/2002/EB⁽⁴⁾, kveður á um nauðsyn þess að draga úr mengun að því marki að skaðleg áhrif á heilbrigði manna, þar sem sérstakur gaumur er gefinn þeim hópum sem eru viðkvæmir, og á umhverfið í heild verði í lágmarki, að bæta vöktun og mat á loftgæðum, m.a. á ákomu mengunarefna, og að veita almenningi upplýsingar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 152, 11.6.2008, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 121/2011 frá 21. október 2011 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 70, 22.12.2011, bls. 22.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 195, 18.8.2006, bls. 84.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 206, 29.8.2006, bls. 1.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 26. september 2006 (Stjtið. ESB C 306 E, 15.12.2006, bls. 102), sameiginleg afstaða ráðsins frá 25. júní 2007 (Stjtið. ESB C 236 E, 6.11.2007, bls. 1) og afstaða Evrópuþingsins frá 11. desember 2007. Ákvörðun ráðsins frá 14. apríl 2008.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 242, 10.9.2002, bls. 1.

2. Til að vernda heilbrigði manna og umhverfið í heild er sérstaklega mikilvægt að berjast gegn losun mengunarefna við upptök og að skilgreina árangursríkustu ráðstafanirnar til draga úr losun á staðar-, lands- og Bandalagsvísu og framfylgja þeim. Því ber að forðast, koma í veg fyrir eða draga úr losun skaðlegra loftmengunarefna og setja viðeigandi markmið fyrir gæði andrúmslofts m.t.t. viðkomandi staðla, leiðbeininga og áætlana Alþjóðaheil-/dtigðismálastofnunarinnar.

3) Taka skal til gagn Gerrar endurskoðunar tilskipun ráðsins 96/62/EB frá 27. september 1996⁽⁵⁾, tilskipun ráðsins 1999/30/EB frá 22. apríl 1999 um viðmiðunargildi fyrir brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnistvíoxíð og köfnunarefnisoxíð og efnisagnir og blý í andrúmsloftinu⁽⁶⁾, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/69/EB frá 16. nóvember 2000 um viðmiðunarmörk fyrir bensen og kolsýring í andrúmslofti⁽⁷⁾, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/3/EB frá 12. febrúar 2002 um óson í andrúmslofti⁽⁸⁾ og ákvörðun ráðsins 97/101/EB frá 27. janúar 1997 um að taka upp gagnkvæm skipti á upplýsingum og gögnum frá netkerfum og einstökum stöðvum sem mæla loftmengun í aðildarríkjum⁽⁹⁾ m.t.t. nýjustu þróunar í heilbrigðismálum og vísindum og reynslu aðildarríkjanna. Til glöggvunar, einföldunar og skilvirkni í stjórnsýslu er því rétt að í stað þessara fimm gerða komi ein tilskipun og, eftir atvikum, framkvæmdaráðstafanir.

⁽⁵⁾ Stjtið EB L 296, 21.11.1996, bls. 55. Tilskipuninni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 163, 29.6.1999, bls. 41. Tilskipuninni var breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/744/EB (Stjtið. EB L 278, 23.10.2001, bls. 35).

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 313, 13.12.2000, bls. 12.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 67, 9.3.2002, bls. 14.

⁽⁹⁾ Stjtið. EB L 35, 5.2.1997, bls. 14. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/752/EB (Stjtið. EB L 282, 26.10.2001, bls. 69).

- 4) Þegar nægileg reynsla hefur fengist af framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/107/EB frá 15. desember 2004 um arsen, kadmíum, kvikasilfur, nikkel og fjölhringa, arómatísk vetniskolefni í andrúmslofti ⁽¹⁰⁾ má taka til athugunar þann möguleika að sameina ákvæði hennar þessari tilskipun.
- 5) Fylgja ætti sameiginlegri stefnu við mat á gæðum andrúmslofts samkvæmt sameiginlegum matsviðmiðunum. Þegar gæði andrúmslofts eru metin skal taka tillit til þess fjölda fólks og stærðar þeirra vistkerfa sem verða fyrir loftmengun. Því er rétt að flokka yfirráðasvæði hvers aðildarríkis í svæði eða þéttbýlisstaði sem endurspeglar þéttleika byggðar.
- 6) Reiknilíkön skulu notuð þar sem þess er kostur svo hægt sé að lesa landfræðilega dreifingu styrks úr punktögögnum. Þetta má nota sem grunn til útreikninga á sameiginlegum váhrifum á íbúa á svæðinu.
- 7) Til að tryggja að upplýsingarnar, sem safnað er um loftmengun, séu nægilega lýsandi og samanburðarhæfar fyrir allt Bandalagið er mikilvægt að notaðar séu staðlaðar mæliaðferðir og sameiginlegar viðmiðanir fyrir fjölda og staðsetningu mælistaðanna sem notaðir eru til að meta gæði andrúmslofts. Þar eð nota má aðrar aðferðir en mælingar til að meta gæði andrúmslofts er nauðsynlegt að skilgreina viðmiðanir fyrir notkun og þá nákvæmni sem nauðsynlegt er að slíkar aðferðir hafi.
- 8) Gera skal nákvæmar mælingar á fingerðum efnisögnum á bakgrunnstöðvum í dreifbýli í því skyni að skilja betur áhrif þessa mengunarefnis og til að þróa viðeigandi stefnu. Þessar mælingar skulu gerðar þannig að þær samræmist samstarfsáætluninni um vöktun og mat á mengunarefnum sem berast langar leiðir í Evrópu (EMEP), sem komið var á fót með samningnum frá 1979 um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa og samþykktur var með ákvörðun ráðsins 81/462/EBE frá 11. júní 1981 ⁽¹¹⁾.
- 9) Viðhalda skal gæðum andrúmslofts, þar sem þau eru mikil, eða bæta þau. Ef markmiðin um gæði andrúmslofts, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, nást ekki skulu aðildarríkin grípa til aðgerða svo að viðmiðunarmörk og hættumörk séu virt og, ef unnt er, þannig að markgildi og langtímamarkmið náist.
- 10) Áhættan að því er varðar skaða á gróðri og náttúrulegum vistkerfum sem stafar af loftmengun vegur þungast á stöðum sem eru fjarri borgarsvæðum. Þegar lagt er mat á þá áhættu og hvort hættumörk til verndar gróðri séu virt ætti því að leggja áherslu á staði sem eru fjarri þéttbýli.
- 11) Fingerðar efnisagnir (PM_{2,5}) hafa umtalsverð, neikvæð áhrif á heilbrigði manna. Ekki er heldur vitað undir hvaða mörkum PM_{2,5} er áhættulaust. Því skal ekki beita sömu reglum um þetta mengunarefni og önnur loftmengunarefni. Til að tryggja að bætt loftgæði gagnist stórum hluta íbúa skal nota þá nálgun að draga almennt úr styrk þeirra í borgarbakgrunni. Auk þeirrar nálgunar skal þó setja viðmiðunarmörk til að tryggja lágmarksheilsuvernd alls staðar, en á undan sé sett markgildi sem fyrsta skref.
- 12) Núverandi markgildi og langtímamarkmið, sem tryggja eiga haldgóða vernd gegn skaðlegum áhrifum ósons á heilbrigði manna og gróður og vistkerfi, skulu vera óbreytt. Setja skal viðvörðunarmörk og upplýsingamörk fyrir óson til verndar almenningi annars vegar og viðkvæmum hópum hins vegar gegn skammvinnnum váhrifum frá auknum styrk ósons. Ef farið er yfir mörkin skal almenningur upplýstur um áhættuna á váhrifum og ef farið er yfir viðvörðunarmörkin skal grípa til skammtímaráðstafana til að draga úr styrk ósons, ef við á.
- 13) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/81/EB frá 23. október 2001 um landsbundin efrí mörk losunar fyrir tiltekin loftmengunarefni⁽¹²⁾ fjallar um óson, sem er mengunarefni sem berst yfir landamæri og myndast í andrúmsloftinu vegna losunar frummengunarefna. Ákvarða skal hvernig miðar að ná markmiðum um loftgæði og langtímamarkmiðum um óson, sem sett eru fram í þessari tilskipun, með viðmiðunum og efrí mörkum fyrir losun sem kveðið er á um í tilskipun 2001/81/EB og, ef við á, með framkvæmd áætlana um loftgæði sem kveðið er á um í tilskipuninni.
- 14) Á svæðum og þéttbýlisstöðum, þar sem farið er umfram langtímamarkmið vegna ósons eða viðmiðunarmörk mats fyrir önnur mengunarefni, skulu fastar mælingar vera skyldubundnar. Til viðbótar upplýsingum sem fást með föstum mælingum er heimilt að nota reiknilíkön og/eða leiðbeinandi mælingar svo að lesa megi landfræðilega dreifingu styrks úr punktögögnum. Notkun viðbótaráferða ætti einnig að gera það mögulegt að fækka lágmarksfjölda fastra sýnatökustaða sem krafist er.
- 15) Unnt er að meta tillag losunar frá náttúrulegum upptökum en ekki stjórna henni. Ef hægt er að ákvarða tillag náttúrulegrar mengunar í andrúmslofti með fullnægjandi vissu og ef rekja má þá staðreynd að farið er yfir mörkin að hluta eða að öllu leyti til þeirrar náttúrulegu hlutdeildar má því samkvæmt ákvæðunum, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, draga þá hlutdeild frá þegar metið er hvort viðmiðunarmörk fyrir loftgæði hafi verið virt. Ef hlutdeild fingerðra efnisagna PM₁₀ fer yfir viðmiðunarmörk og það má rekja til sandburðar og söltunar á vegum að vetrarlagi er einnig heimilt að draga það tillag frá þegar metið er hvort viðmiðunarmörk fyrir loftgæði hafi verið virt, að því tilskildu að gripið hafi verið til eðlilegra ráðstafana til að draga úr styrk agnanna.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. ESB L 23, 26.1.2005, bls. 3.⁽¹¹⁾ Stjtið. EB L 171, 27.6.1981, bls. 11.⁽¹²⁾ Stjtið. EB L 309, 27.11.2001, bls. 22. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun ráðsins 2006/105/EB (Stjtið. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 368).

- 16) Mögulegt skal vera að framlengja frestinn sem veittur er til að virða viðmiðunarmörk fyrir loftgæði á sérstökum svæðum og þéttbýlisstöðum þar sem skilyrði eru sérstaklega erfið og bráð vandamál eru tengd því að uppfylla kröfurnar þrátt fyrir það að gerðar hafi verið viðeigandi ráðstafanir til að draga úr mengun. Hvers kyns seinkun fyrir tiltekin svæði eða þéttbýlisstaði skal fylgja ítarleg áætlun sem framkvæmdastjórnin mun meta svo að tryggt sé að staðið sé við nýjan eindaga. Mikilvægt verður að hafa aðgang að nauðsynlegum ráðstöfunum Bandalagsins í samræmi við valið metnaðarstig í þemaáætlun um loftmengun, í því skyni að draga úr losun við upptök svo að unnt sé að draga úr losuninni á skilvirknan hátt innan þess tíma sem gefinn er til að fara að ákvæðum um viðmiðunarmörk sem sett eru fram í þessari tilskipun og ætti að taka tillit til þess þegar metnar eru beiðnir um frestun á eindaga til uppfyllingar þeim ákvæðum.
- 17) Allar viðkomandi stofnanir skulu hafa það að forgangsverkefni að taka til skoðunar nauðsynlegar ráðstafanir Bandalagsins til að draga úr losun við upptök, sérstaklega ráðstafanir til að bæta skilvirkni löggjafar Bandalagsins um losun í iðnaði, til að takmarka losun með útblæstri hreyfla þungra ökutækja, til að minnka enn frekar leyfilega losun hvers aðildarríkis á helstu mengunarvöldum auk losunar sem verður við áfyllingu bensínbíla á bensinstöðvum og til að stýra brennisteinsinnihaldi í eldsneyti, þ.m.t. skipaeldsneyti.
- 18) Gerðar skulu áætlanir um loftgæði á svæðum og þéttbýlisstöðum þar sem styrkur mengunarefna í andrúmslofti er yfir viðkomandi markgildum eða viðmiðunarmörkum fyrir loftgæði, að viðbættum tímabundnum vikmörkum þar sem þau eiga við. Loftmengunarefni losna frá margs konar upptökum og við margs konar starfsemi. Til að tryggja samhengi milli mismunandi stefna ættu slíkar áætlanir um loftgæði að vera samræmdar, eftir því sem gerlegt er, og samþættar skipulagi og áætlunum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/80/EB frá 23. október 2001 um takmörkun á losun tiltekinnna mengunarefna frá stórum brennsluverum út í andrúmsloftið⁽¹³⁾ og tilskipun 2001/81/EB og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/49/EB frá 25. júní 2002 um mat og stjórn á hávaða í umhverfinu⁽¹⁴⁾. Einnig skal tekið mið af markmiðunum um gæði andrúmslofts sem lögð eru fram í þessari tilskipun, en þar eru veittar heimildir til iðnrekstrar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/1/EB frá 15. janúar 2008 um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun⁽¹⁵⁾.
- 19) Gera skal aðgerðaráætlanir um þær skammtímaráðstafanir sem grípa skal til ef hætta er á að farið verði yfir viðvörunarmörk, eitt eða fleiri, til að draga úr þeirri áhættu og stytta tímamál sem hún varir. Ef áhættan á við um eitt eða fleiri viðmiðunarmörk eða markgildi mega aðildarríkin, eftir því sem við á, semja slíkar skammtímaaðgerðaráætlanir. Að því er varðar óson ætti
- í aðgerðaráætlunum til skamms tíma að taka tillit til ákvæða ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2004/279/EB frá 19. mars 2004 varðandi leiðbeiningar vegna framkvæmdar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/3/EB um óson í andrúmslofti⁽¹⁶⁾.
- 20) Aðildarríkin skulu, í kjölfar verulegrar mengunar sem á upptök sín í öðru aðildarríki, hafa samráð ef styrkur mengunarefna er hærri eða ef líklegt er að hann verði hærri en viðkomandi markmið fyrir loftgæði að viðbættum vikmörkunum eða, ef við á, yfir viðvörunarmörkum. Vegna þess að ýmis mengunarefni, s.s. óson og efnisagnir, berast yfir landamæri kann að vera nauðsynlegt að koma á samræmingu milli aðliggjandi aðildarríkja við að móta og hrinda í framkvæmd áætlunum um loftgæði og aðgerðaráætlunum til skamms tíma, svo og við að koma upplýsingum á framfæri við almenning. Ef við á skulu aðildarríkin leita eftir samvinnu við þriðju lönd og skal leggja sérstaka áherslu á að umsóknarlönd komi snemma að málinu.
- 21) Nauðsynlegt er að aðildarríkin og framkvæmdastjórnin afli upplýsinga um loftgæði, skiptist á þeim og miðli þeim í því skyni að skilja betur áhrif vegna loftmengunar og til að móta viðeigandi stefnu. Nýjustu upplýsingar um styrk allra mengunarefna í andrúmslofti, sem reglur gilda um, skulu einnig vera aðgengilegar almenningi.
- 22) Til að auðvelda meðhöndlun og samanburð gagnanna um loftgæði skulu gögnin gerð tiltæk framkvæmdastjórninni í stöðluðu formi.
- 23) Nauðsynlegt er að aðlagða aðferðir við gagnamiðlun, mat og skýrslugjöf um loftgæði þannig að nota megi rafrænar aðferðir og Netið sem aðalverkfærin til að koma upplýsingunum á framfæri og til að aðferðirnar samrýmist tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB frá 14. mars 2007 um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE)⁽¹⁷⁾.
- 24) Rétt þykir að gera ráð fyrir þeim möguleika að viðmiðanir og aðferðir, sem notaðar eru til að meta gæði andrúmslofts, séu lagaðar að framförum í vísindum og tækni og laga ber upplýsingarnar, sem veita skal, að því.
- 25) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar vegna þess að loftmengunarefni berast yfir landamæri og þeim verður því betur náð á vettvangi Bandalagsins er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreiffræðisregluna sem kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, sem er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.

⁽¹³⁾ Stjtið. EB L 309, 27.11.2001, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2006/105/EB.

⁽¹⁴⁾ Stjtið. EB L 189, 18.7.2002, bls. 12.

⁽¹⁵⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2008, bls. 8.

⁽¹⁶⁾ Stjtið. ESB L 87, 25.3.2004, bls. 50.

⁽¹⁷⁾ Stjtið. ESB L 108, 25.4.2007, bls. 1.

- 26) Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum á ákvæðum þessarar tilskipunar og tryggja að þeim sé framfylgt. Þessi viðurlög skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.
- 27) Tiltekin ákvæði þeirra gerða, sem felldar eru niður með þessari tilskipun, skulu gilda áfram til að tryggja áframhald núgildandi viðmiðunarmarka um loftgæði fyrir köfnunarefnistvíoxíð þar til önnur koma í þeirra stað 1. janúar 2010, áframhald ákvæða um skýrslugjöf þar til nýjar framkvæmdarráðstafanir verða samþykktar og áframhald skuldbindinga varðandi bráðabirgðamat á loftgæðum samkvæmt tilskipun 2004/107/EB.
- 28) Sú skylda að taka þessa tilskipun upp í landslög takmarkast við þau ákvæði sem fela í sér verulega breytingu í samburði við fyrri tilskipanir.
- 29) Í samræmi við 34. lið samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu ⁽¹⁸⁾ eru aðildarríkin hvött til að taka saman, bæði í eigin þágu og í þágu Bandalagsins, eigin töflur sem sýna, eftir því sem við verður komið, samsvörun milli þessarar tilskipunar og lögleiðingarráðstafananna og til að birta þær.
- 30) Í þessari tilskipun eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi. Í þessari tilskipun er sérstaklega leitast við að stuðla að samþættingu öflugrar umhverfisverndar og aukinna umhverfisgæða í stefnumálum Sambandsins samkvæmt meginreglunni um sjálfbæra þróun sem mælt er fyrir í 37. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.
- 31) Nauðsynlegar ráðstafanir til að koma þessari tilskipun í framkvæmd skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽¹⁹⁾.
- 32) Framkvæmdastjórninni skal veitt umboð til að breyta I. til IV. viðauka, VIII. til X. viðauka og XV. viðauka. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og þeim er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar verður að samþykkja þær í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.
- 33) Samkvæmt lögleiðingarákvæðinu ber aðildarríkjum að tryggja að nauðsynlegar mælingar í bakgrunni borga hefjist nægilega snemma til að skilgreina meðalváhrifavísi svo hægt sé að tryggja að kröfumar, sem tengjast mati á landsbundnum markmiðum um minnkun váhrifa og útreikningi á vísi meðalstyrks váhrifa, séu uppfylltar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

Í þessari tilskipun er mælt fyrir um ráðstafanir sem miða að eftirfarandi:

1. að skilgreina og setja markmið um gæði andrúmslofts sem er ætlað að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið í heild, koma í veg fyrir þau eða draga úr þeim,
2. að meta gæði andrúmslofts í aðildarríkjunum á grundvelli sameiginlegra aðferða og viðmiðana,
3. að afla upplýsinga um gæði andrúmslofts sem lið í baráttunni gegn mengun og þeim óþægindum sem henni fylgja og til að vakta leitnina til langs tíma og þær umbætur sem ráðstafanir aðildarríkjanna og Bandalagsins koma til leiðar,
4. að tryggja að almenningur hafi aðgang að slíkum upplýsingum um gæði andrúmslofts,
5. að viðhalda gæðum andrúmslofts þar sem þau eru mikil en bæta þau ella,
6. að stuðla að aukinni samvinnu aðildarríkjanna í því skyni að draga úr loftmengun.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „andrúmsloft“: loft í veðrahvolfi, að undanskildu lofti á vinnustöðum, sem er skilgreint í tilskipun 89/654/EBE ⁽²⁰⁾ þar sem ákvæði varðandi heilbrigði og öryggi á vinnustað eiga við og sem almenningur hefur venjulega ekki aðgang að,
2. „mengunarefni“: efni sem eru í andrúmsloftinu og líklegt er að hafi skaðleg áhrif á heilbrigði manna og/eða umhverfið í heild,
3. „styrkur“: styrkleiki mengunarefnis í andrúmslofti eða ákoma þess á yfirborð á tilteknum tíma,

⁽¹⁸⁾ Stjtið. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.

⁽¹⁹⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun 2006/512/EB (Stjtið. ESB L 200, 22.7.2006, bls. 11).

⁽²⁰⁾ Tilskipun ráðsins 89/654/EBE frá 30. nóvember 1989 um lágmarkskröfur varðandi öryggi og hollustu á vinnustöðum (Stjtið. EB L 393, 30.12.1989, bls. 1). Tilskipuninni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/30/EB (Stjtið. ESB L 165, 27.6.2007, bls. 21).

4. „mat“: hvers kyns aðferð sem notuð er til að mæla, reikna út, spá fyrir um eða meta mengunarstyrk,
5. „viðmiðunarmörk“: tiltekinn styrkur, sem er ákvarðaður á grundvelli vísindalegrar þekkingar í því skyni að komast hjá skaðlegum áhrifum á heilbrigði manna og/eða á umhverfið í heild, koma í veg fyrir þau eða draga úr þeim og skal hann nást innan tilskilinna tímamarka og ekki má fara yfir hann eftir að honum hefur verið náð,
6. „hættumörk“: tiltekinn styrkur, sem er ákvarðaður á grundvelli vísindalegrar þekkingar og ef farið er yfir mörkin getur það valdið beinum, skaðlegum áhrifum á suma viðtaka, s.s. tré, aðrar plöntur eða náttúruleg vistkerfi, en ekki á menn,
7. „vikmörk“: sá hundraðshluti sem fara má yfir viðmiðunarmörkin í samræmi við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun,
8. „áætlanir um loftgæði“: áætlanir þar sem fram eru settar ráðstafanir til þess að ná viðmiðunarmörkunum eða markgildunum.
9. „markgildi“: tiltekinn styrkur, sem er ákvarðaður með það fyrir augum að komið verði í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði manna og/eða umhverfið í heild sinni eða að dregið verði úr þeim og sem skal nást innan tilskilinna tímamarka, eftir því sem unnt er,
10. „viðvörðunarmörk“: tiltekinn styrkur, sem er ákvarðaður þannig að ef farið er yfir mörkin skapast áhætta fyrir heilbrigði manna vegna skammvinnra váhrifa sem almenningur verður fyrir og skulu aðildarríkin þá gera ráðstafanir tafarlaust,
11. „upplýsingamörk“: tiltekinn styrkur, sem er ákvarðaður þannig að ef farið er yfir mörkin skapast áhætta fyrir heilbrigði manna vegna skammvinnra váhrifa sem sérlega viðkvæmir hópar fólks verða fyrir og nauðsynlegt er að nýjustu og viðeigandi upplýsingar liggi fyrir um,
12. „efri viðmiðunarmörk mats“: tiltekinn styrkur, sem er ákvarðaður þannig að neðan markanna má nota samþættar aðferðir fastra mælinga og reiknilíkana og/eða leiðbeinandi mælingar til að meta gæði andrúmslofts,
13. „neðri viðmiðunarmörk mats“: tiltekinn styrkur, sem er ákvarðaður þannig að neðan markanna má einungis nota aðferðir sem byggjast á reiknilíkönunum eða hlutlægu mati til að meta gæði andrúmslofts,
14. „langtímamarkmið“: tiltekinn styrkur, sem á að ná þegar til langs tíma er litið í því skyni að skapa haldgóða vernd fyrir heilbrigði manna og umhverfið, nema í þeim tilvikum þar sem markmiðinu verður ekki náð með ráðstöfunum sem telja má eðlilegar miðað við aðstæður,
15. „tillag frá náttúrulegum upptökum“: losun mengunarefna sem stafar hvorki beint né óbeint af mannavöldum, þ.m.t. vegna náttúruatburða á borð við eldgos, jarðskjálftavirkni, jarðvarmavirkni, óheftan eld á opnu landi, storma, særök eða flutning náttúrulegra agna frá þurrum svæðum,
16. „svæði“: sá hluti yfirráðasvæðis tiltekins aðildarríkis sem það hefur afmarkað í þeim tilgangi að meta loftgæði og stjórna þeim,
17. „þéttbýlisstaður“: svæði, þar sem er borgarþyrping með yfir 250 000 íbúum, eða, ef íbúar eru 250 000 eða færri, sá þéttleiki byggðar á hvern km² sem aðildarríkið ákvarðar.
18. „PM₁₀“: efnisagnir, sem fara gegnum stærðarvalvíst inntak sem er skilgreint í tilvísunaraðferðinni fyrir sýnatöku og mælingar á PM₁₀, EN 12341, sem með 50% skilvirkni skilur frá efnisagnir sem hafa loftfræðilegt þvermál 10 µm,
19. „PM_{2,5}“: efnisagnir, sem fara gegnum stærðarvalvíst inntak sem er skilgreint í tilvísunaraðferðinni fyrir sýnatöku og mælingar á PM_{2,5}, EN 14907, sem með 50% skilvirkni skilur frá efnisagnir sem hafa loftfræðilegt þvermál 2,5 µm,
20. „meðalváhrifavísir“: meðalgildi sem er ákvarðað á grundvelli mælinga á bakgrunnstöðum í borgum á öllu yfirráðasvæði aðildarríkis og endurspeglar váhrif á íbúa. Vísirinn er notaður til útreikninga á markmiðum aðildarríkisins um minnkun váhrifa og skuldbindingunni um styrk váhrifa,
21. „skuldbinding um styrk váhrifa“: styrkur, sem er ákvarðaður á grundvelli meðalváhrifavísis með það fyrir augum að draga úr skaðlegum áhrifum á heilbrigði manna og sem skal nást á tilteknu tímabili,
22. „landsbundin markmið um minnkun váhrifa“: hlutfallsleg minnkun meðalváhrifa fyrir íbúa aðildarríkis sem sett eru fyrir viðmiðunarárið með það fyrir augum að draga úr skaðlegum áhrifum á heilbrigði manna og sem skulu, ef mögulegt er, nást á tilteknu tímabili,
23. „bakgrunnsstaðir í borg“: staðir á borgarsvæðum þar sem mengunarstyrkur er dæmigerður fyrir váhrif á almenna íbúa í borgum,
24. „köfnunarefnisoxíð“: summan af rúmmálstengdu blöndunarhlutfalli (ppb_v) milli köfnunarefniseinoxíðs og köfnunarefnistvíoxíðs, gefið upp sem einingar massastyrks köfnunarefnistvíoxíðs (µg/m³),
25. „fastar mælingar“: mælingar, sem gerðar eru á föstum stöðum, annaðhvort samfelld eða með slembisýnatöku, til ákvörðunar á mengunarstyrk í samræmi við viðkomandi markmið um gæði gagna,
26. „leiðbeinandi mælingar“: mælingar sem uppfylla markmið um gæði gagna sem eru vægari en markmiðin sem krafist er fyrir fastar mælingar,

27. „rokkgjörn, lífræn efnasambönd“: öll lífræn efnasambönd sem eru manngerð eða af lífrænum uppruna, önnur en metan, og geta gefið af sér ljósoxandi efni við efnahvörf með köfnunarefnisoxíðum fyrir tilstilli sólarljóss,
28. „forefni ósons“: efni sem stuðla að því að óson myndast við yfirborð jarðar, en nokkur þeirra eru tilgreind í X. viðauka.

3. gr.

Ábyrgðarsvið

Aðildarríkin skulu tilnefna lögbær yfirvöld og aðila á viðeigandi stigum sem skulu bera ábyrgð á eftirfarandi:

- að meta gæði andrúmslofts,
- að samþykkja mælikerfi (aðferðir, búnað, netkerfi og rannsóknarstofur),
- að tryggja mælinákvæmni,
- að greina matsaðferðir,
- að koma á samræmingu, hver á sínu yfirráðasvæði, ef gæðatryggingaráætlanir Bandalagsins hafa verið skipulagðar af framkvæmdastjórninni,
- að starfa með öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni.

Þar sem við á skulu lögbær yfirvöld og aðilar fara að C-þætti I. viðauka.

4. gr.

Fastsetning svæða og þéttbýlisstaða

Aðildarríkin skulu fastsetja svæði og þéttbýlisstaði á yfirráðasvæði sínu. Mat og stjórnun á loftgæðum skal fara fram á öllum svæðum og þéttbýlisstöðum.

II. KAFLI

MAT Á GÆÐUM ANDRÚMSLOFTS

1. ÞÁTTUR

Mat á gæðum andrúmslofts með tilliti til brennisteinstvíoxíðs, köfnunarefnistvíoxíðs og köfnunarefnisoxíða, efnisagna, blýs, bensens og kolsýrings

5. gr.

Matsfyrirkomulag

1. Efri og neðri viðmiðunarmörk mats, sem eru tilgreind í A-þætti II. viðauka, gilda fyrir brennisteinstvíoxíð, köfnunarefnistvíoxíð og köfnunarefnisoxíð, efnisagnir (PM₁₀ og PM_{2,5}), blý, bensen og kolsýring.

Öll svæði og þéttbýlisstaðir skulu flokkuð með tilliti til þessara viðmiðunarmarka mats.

2. Flokkunin, sem um getur í 1. mgr., skal endurskoðuð á a.m.k. fimm ára fresti í samræmi við þær verklagsreglur sem mælt er fyrir um í B-þætti II. viðauka.

Flokkunin skal þó endurskoðuð oftar ef umtalsverðar breytingar verða á starfsemi sem hefur áhrif á styrk brennisteinstvíoxíðs, köfnunarefnistvíoxíðs, eða, ef við á, köfnunarefnisoxíða, efnisagna (PM₁₀, PM_{2,5}), blýs, bensens eða kolsýrings í andrúmslofti.

6. gr.

Matsviðmiðanir

1. Aðildarríkin skulu meta gæði andrúmslofts að því er tekur til mengunarefna, sem um getur í 5. gr., á öllum svæðum sínum og þéttbýlisstöðum í samræmi við viðmiðanirnar, sem mælt er fyrir um í 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar, og í samræmi við viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í III. viðauka.

2. Fastar mælingar skulu notaðar til að meta gæði andrúmslofts á öllum svæðum og þéttbýlisstöðum, þar sem styrkur mengunarefna, sem um getur í 1. mgr., fer yfir efri viðmiðunarmörk mats sem hafa verið ákvörðuð fyrir þau efni. Auk föstu mælinganna er heimilt að nota reiknilíkön og/eða leiðbeinandi mælingar til að afla fullnægjandi upplýsinga um landfræðilega skiptingu í tengslum við gæði andrúmslofts.

3. Á öllum svæðum og þéttbýlisstöðum, þar sem styrkur mengunarefna, sem um getur í 1. mgr., er undir efri viðmiðunarmörk mats sem ákvörðuð hafa verið fyrir þau mengunarefni, er heimilt að nota saman fastar mælingar og reiknilíkön og/eða leiðbeinandi mælingar til að meta gæði andrúmsloftsins.

4. Á öllum svæðum og þéttbýlisstöðum, þar sem styrkur mengunarefna, sem um getur í 1. mgr., er undir neðri viðmiðunarmörkum mats sem ákvörðuð hafa verið fyrir þau mengunarefni, nægir að nota aðferðir, sem byggjast á reiknilíkönnum eða hlutlægu mati eða hvoru tveggja, til að meta gæði andrúmsloftsins.

5. Auk matsins, sem um getur í 2., 3. og 4. mgr., skulu mælingar gerðar á bakgrunnstöðum í dreifbýli, þar sem ekki eru neinar umtalsverðar uppsprettur loftmengunar, til að fá að lágmarki upplýsingar um heildarmassastyrk og formefnagreiningu fingerðra efnisagna (PM_{2,5}) og skulu mælingarnar fara fram samkvæmt eftirfarandi viðmiðunum:

- a) setja skal upp einn sýnatökustað fyrir hverja 100 000 km²,
- b) hvert aðildarríki skal setja upp a.m.k. eina mælistöð eða setja upp, samkvæmt samkomulagi við samliggjandi aðildarríki, eina eða fleiri sameiginlegar mælistöðvar sem ná yfir viðkomandi, aðliggjandi svæði, til að ná þeirri staðupplausn sem nauðsynleg er,

c) Þar sem við á skal vöktunin vera í samræmi við vöktunaráætlun og mæliaðferðir Evrópuáætlunarinnar um vöktun og mat á mengunarefnum (EMEP),

d) A- og C-þættir I. viðauka gilda í tengslum við gæðamarkmið gagna fyrir mælingar á massastyrk efnisagna og IV. viðauki gildir í heild sinni.

Aðildarríkin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um mæliaðferðirnar sem notaðar eru til mælinga á efnasamsetningu fíngerðra efnisagna (PM_{2,5}).

7. gr.

Sýnatökustaðir

1. Staðsetning sýnatökustaða fyrir mælingar á brennisteinstvíoxíði, köfnunarefnistvíoxíði og köfnunarefnisoxíðum, efnisögnum (PM₁₀, PM_{2,5}), blýi, benseni og kolsýringi í andrúmslofti skal ákvörðuð út frá viðmiðuninum sem tilgreindar eru í III. viðauka.

2. Á hverju svæði eða þéttbýlisstað, þar sem mat á loftgæðum byggist eingöngu á föstum mælingum, skulu sýnatökustaðir fyrir hvert viðkomandi mengunarefni ekki vera færri en nemur þeim lágmarksfjölda sýnatökustaða sem tilgreindur er í A-þætti V. viðauka.

3. Heimilt er að nota 50% færri sýnatökustaði en tilgreint er í A-þætti V. viðauka á svæðum og þéttbýlisstöðum, ef til viðbótar upplýsingum frá sýnatökustöðum fyrir fastar mælingar liggja einnig fyrir upplýsingar frá reiknilíkönum og/ eða leiðbeinandi mælingum, svo fremi:

- viðbótaraðferðirnar veiti nægilegar upplýsingar til að meta loftgæði með tilliti til viðmiðunarmarka eða viðvörunarmarka, sem og nægilegar upplýsingar fyrir almenning,
- fjöldi sýnatökustaða sem setja skal upp og staðupplausn annarra aðferða nægi til að ákvarða styrk viðkomandi mengunarefnis í samræmi við markmið um gæði gagna, sem tilgreind eru í A-þætti I. viðauka, og gefi þannig matsniðurstöður sem uppfylla viðmiðanirnar í B-þætti I. viðauka.

Taka skal tillit til niðurstaðna úr reiknilíkönnum og/eða leiðbeinandi mælingum við mat á loftgæðum að því er varðar viðmiðunarmörkin.

4. Framkvæmdastjórnin skal fylgjast með notkun aðildarríkjanna á viðmiðunum við val á sýnatökustöðum til að auðvelða samræmda beitingu þeirra viðmiðana í öllu Evrópusambandinu.

8. gr.

Tilvísunarmæliaðferðir

1. Aðildarríkin skulu beita tilvísunarmæliaðferðum og viðmiðunum sem tilgreindar eru í A- og C-þætti VI. viðauka.

2. Nota má aðrar mæliaðferðir með fyrirvara um þau skilyrði sem sett eru fram í B-þætti VI. viðauka.

2. ÞÁTTUR

Mat á gæðum andrúmslofts með tilliti til ósons

9. gr.

Matsviðmiðanir

1. Fastar mælingar skulu gerðar á svæðum og þéttbýlisstöðum ef styrkur ósons er umfram langtímamarkmiðin sem tilgreind eru í C-þætti VII. viðauka á einhverju undangengnu fimm ára mælitímabili.

2. Ef fyrirbyggjandi gögn ná yfir færri ár en fimm mega aðildarríkin styðjast jafnt við niðurstöður úr stuttum mælingaferferðum frá þeim tíma og frá þeim stöðum, þar sem líklegast þykir að styrkur sé hæstur, og niðurstöður úr losunarskrám og reiknilíkönnum til að ákvarða hvort hann hafi á þessum fimm árum farið yfir langtímamarkmiðin sem um getur í 1. mgr.

10. gr.

Sýnatökustaðir

1. Staðsetning sýnatökustaða til mælinga á ósoni skal ákveðin út frá þeim viðmiðunum sem settar eru fram í VIII. viðauka.

2. Sýnatökustaðir fyrir fastar mælingar á ósoni á hverju svæði eða þéttbýlisstað, þar sem mat á loftgæðum byggist eingöngu á föstum mælingum, skulu ekki vera færri en sá lágmarksfjöldi sýnatökustaða sem tilgreindur er í A-þætti IX. viðauka.

3. Heimilt er að nota færri sýnatökustaði en tilgreint er í A-þætti IX. viðauka á svæðum og þéttbýlisstöðum, ef til viðbótar upplýsingum frá sýnatökustöðum fyrir fastar mælingar liggja einnig fyrir upplýsingar frá reiknilíkönnum og/ eða leiðbeinandi mælingum svo fremi eftirfarandi skilyrði hafi verið uppfyllt:

- viðbótaraðferðirnar veiti nægar upplýsingar fyrir mat á loftgæðum með tilliti til markgilda, langtímamarkmiða og upplýsinga- og viðvörunarmarka,
- fjöldi sýnatökustaða, sem setja skal upp, og staðupplausn annarra aðferða nægi til að ákvarða megi styrk ósons í samræmi við markmið um gæði gagna sem tilgreind eru í A-þætti I. viðauka, og gefi þannig matsniðurstöður sem uppfylla viðmiðanirnar í B-þætti I. viðauka,
- fjöldi sýnatökustaða á hverju svæði eða þéttbýlisstað svari a.m.k til þess að einn sýnatökustaður sé fyrir hverjar tvær milljónir íbúa eða að einn sýnatökustaður sé á hverjum 50 000 km², eftir því hvor aðferðin gefur fleiri sýnatökustaði, en þeir mega ekki vera færri en einn fyrir hvert svæði eða þéttbýlisstað,

- d) köfnunarefnistvíoxíð sé mælt á öllum sýnatökustöðum sem eftir eru, nema á bakgrunnstöðvum í dreifbýli eins og um getur í A-þætti VIII. viðauka.

Taka skal tillit til niðurstaðna úr reiknilikönnum og/eða leiðbeinandi mælingum við mat á loftgæðum að því er varðar markgildin.

4. Mælingar á köfnunarefnistvíoxíði skulu fara fram á a.m.k. 50% þeirra sýnatökustaða fyrir óson sem krafist er skv. A-þætti IX. viðauka. Þær mælingar skulu vera samfelldar nema á bakgrunnstöðvum í dreifbýli, eins og um getur í A-þætti VIII. viðauka, þar sem heimilt er að nota aðrar mæliaðferðir.

5. Á svæðum og þéttbýlisstöðum, þar sem styrkurinn á hverju undangengnu fimm ára mælitímabili er undir gildunum sem sett eru í langtímamarkmiðunum, skal ákveða fjölda stöðva fyrir fastar mælingar í samræmi við B-þátt IX. viðauka.

6. Hvert aðildarríki skal tryggja uppsetningu á a.m.k. einum sýnatökustað og að hann sé starfræktur á yfirráðasvæði þess til að afla gagna um styrk þeirra forefna ósons sem tilgreind eru í X. viðauka. Hvert aðildarríki skal velja fjölda og staði fyrir stöðvarnar þar sem mæla skal forefni ósons með tilliti til markmiðanna og aðferðanna sem mælt er fyrir um í X. viðauka.

11. gr.

Tilvísunarmæliaðferðir

1. Aðildarríkin skulu beita tilvísunaraðferðinni við mælingar á ósoni sem sett er fram í 8. lið A-þáttar VI. viðauka. Nota má aðrar mæliaðferðir með fyrirvara um þau skilyrði sem sett eru fram í B-þætti VI. viðauka.

2. Hvert aðildarríki skal upplýsa framkvæmdastjórnina um þær aðferðir sem það notaði við sýnatöku og mælingar á roksgjörnum, lífrænum efnasamböndum sem tilgreind eru í X. viðauka.

III. KAFLI

STJÓRNUN Á LOFTGÆÐUM

12. gr.

Kröfur þar sem styrkur er undir viðmiðunarmörkum

Á svæðum og þéttbýlisstöðum, þar sem styrkur brennisteinstvíoxíðs, köfnunarefnistvíoxíðs, PM₁₀, PM_{2,5}, blýs, bensens og kolsýrings í andrúmslofti er undir þeim viðmiðunarmörkum sem tilgreind eru í XI. og XIV. viðauka, skulu aðildarríkin halda styrk þessara mengunarefna undir viðmiðunarmörkunum og leitast við að halda sem mestum loftgæðum þannig að þau samræmist sjálfbærri þróun.

13. gr.

Viðmiðunarmörk og viðvörðunarmörk vegna heilsuverndar manna

1. Aðildarríkin skulu tryggja að styrkur brennisteinstvíoxíðs, PM₁₀, blýs og kolsýrings á svæðum þeirra og þéttbýlisstöðum

fari ekki yfir viðmiðunarmörkin sem mælt er fyrir um í XI. viðauka.

Ekki skal farið yfir viðmiðunarmörkin, sem tilgreind eru í XI. viðauka, að því er varðar köfnunarefnistvíoxíð og bensen, eftir þær dagsetningar sem tilgreindar eru þar.

Metið skal hvort farið er að þessum kröfum í samræmi við III. viðauka.

Vikmörkin, sem mælt er fyrir um í XI. viðauka, gilda í samræmi við 3. mgr. 22. gr. og 1. mgr. 23. gr.

2. Viðvörðunarmörk fyrir styrk brennisteinstvíoxíðs og köfnunarefnistvíoxíðs í andrúmslofti eru þau sem mælt er fyrir um í A-þætti XII. viðauka.

14. gr.

Hættumörk

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að ekki sé farið yfir þau hættumörk sem eru tilgreind í XIII. viðauka í samræmi við matið í A-þætti III. viðauka.

2. Ef mat á loftgæðum byggist eingöngu á föstum mælingum skulu sýnatökustaðir ekki vera færri en nemur þeim lágmarksfjölda sem tilgreindur er í C-þætti V. viðauka. Heimilt er að fækka sýnatökustöðum um allt að 50%, ef til viðbótar við þær mælingar liggja einnig fyrir niðurstöður úr leiðbeinandi mælingum eða reiknilikönnum, svo fremi ákvarða megi metinn styrk viðkomandi mengunarefnis í samræmi við markmiðin um gæði gagna sem tilgreind eru í A-þætti I. viðauka.

15. gr.

Landsbundin markmið um minnkun váhrifa frá PM_{2,5} vegna heilsuverndar manna

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir sem ekki hafa í för með sér óhóflegan kostnað til að draga úr váhrifum frá PM_{2,5} með það í huga að ná markmiðum hvers aðildarríkis um minnkun váhrifa sem mælt er fyrir um í B-þætti XIV. viðauka fyrir það ár sem þar er tilgreint.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að meðalváhrifavísir fyrir árið 2015, sem er ákvarðaður í samræmi við A-þátt XIV. viðauka, verði ekki hærri en sem nemur skuldbindingu um styrk váhrifa sem mælt er fyrir um í C-þætti þess viðauka.

3. Meðalváhrifavísir fyrir PM_{2,5} skal metinn í samræmi við A-þátt XIV. viðauka.

4. Í samræmi við III. viðauka skal hvert aðildarríki sjá til þess að dreifing og fjöldi sýnatökustaðanna, sem meðalváhrifavísir fyrir PM_{2,5} er byggður á, endurspegli nægilega vel váhrifin á almenna íbúa. Sýnatökustaðir skulu ekki vera færri en fram kemur við beitingu B-þáttar V. viðauka.

*16. gr.***Markgildi og viðmiðunargildi fyrir PM_{2,5} vegna heilsuverndar manna**

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, sem ekki hafa í för með sér óhóflegan kostnað, til að sjá til þess að styrkur PM_{2,5} í andrúmslofti fari ekki yfir markgildið sem mælt er fyrir um í D-þætti XIV. viðauka frá og með þeim dagsetningum sem tilgreindar eru þar.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að styrkur PM_{2,5} í andrúmslofti á svæðum þeirra og þéttbýlisstöðum fari ekki yfir viðmiðunarmörkin sem mælt er fyrir um í E-þætti XIV. viðauka, með hliðsjón af þeim dagsetningum sem tilgreindar eru þar. Metið skal hvort farið er að þessari kröfu í samræmi við III. viðauka.

3. Vikmörkin, sem mælt er fyrir um í E-þætti XIV. viðauka, gilda í samræmi við 1. mgr. 23. gr.

*17. gr.***Kröfur á svæðum og þéttbýlisstöðum þar sem ósonstyrkur fer yfir markgildin og langtímamarkmiðin**

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, sem ekki hafa í för með sér óhóflegan kostnað, til að sjá til þess að markgildin og langtímamarkmiðin náist.

2. Á svæðum og þéttbýlisstöðum, þar sem farið er yfir markgildi, skulu aðildarríkin sjá til þess að farið sé eftir áætluninni sem undirbúin er samkvæmt 6. gr. tilskipunar 2001/81/EB, sem og áætlun um gæði andrúmslofts, ef við á, til að ná markgildunum frá og með þeim degi sem tilgreindur er í B-þætti VII. viðauka við þessa tilskipun, nema ef því verður ekki við komið með ráðstöfunum sem hafa ekki í för með sér óhóflegan kostnað.

3. Á svæðum og þéttbýlisstöðum, þar sem ósonstyrkur í andrúmslofti er yfir langtímamarkmiðunum en undir eða jafn markgildunum, skulu aðildarríkin undirbúa og hrinda í framkvæmd kostnaðarhagkvæmum ráðstöfunum með það fyrir augum að ná langtímamarkmiðunum. Þær ráðstafanir skulu vera a.m.k. í samræmi við allar áætlanir um loftgæði og áætlunina sem um getur í 2. mgr.

*18. gr.***Kröfur á svæðum og þéttbýlisstöðum þar sem ósonstyrkur er í samræmi við langtímamarkmiðin**

Á svæðum og þéttbýlisstöðum, þar sem styrkur ósons er í samræmi við langtímamarkmiðin, skulu aðildarríkin halda styrknum lægri en kemur fram í þeim markmiðum, ef þættir á borð við það eðli ósonmengunar að berast yfir landamæri og veðurskilyrði leyfa, og viðhalda með viðeigandi ráðstöfunum bestu loftgæðum þannig að samrýmist sjálfbærri þróun og jafnframt viðhalda viðtækri umhverfis- og heilsuvernd.

*19. gr.***Ráðstafanir sem grípa skal til ef farið er yfir upplýsingamörk eða viðvörðunarmörk**

Ef farið er yfir upplýsingamörkin, sem eru tilgreind í XII. viðauka, eða einhver af viðvörðunarmörkunum, sem mælt er fyrir um þar, skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að upplýsa almenning og nota til þess útvarp, sjónvarp, dagblöð eða Netið.

Aðildarríkin skulu einnig til bráðabirgða senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um skráðan styrk mengunarefna og hve lengi hann var umfram viðvörðunarmörkin eða upplýsingamörkin.

*20. gr.***Tillag frá náttúrulegum upptökum**

1. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni skrár yfir svæði og þéttbýlisstaði fyrir tiltekið ár þar sem rekja má það til náttúrulegra upptaka ef farið er yfir viðmiðunarmörk fyrir tiltekið mengunarefni. Aðildarríkin skulu veita upplýsingar um styrk og upptök og gögn sem staðfesta að rekja megi það til náttúrulegra upptaka að farið sé yfir mörkin.

2. Ef framkvæmdastjórnin hefur verið upplýst um að rekja megi það til náttúrulegra upptaka að farið sé umfram mörk, í samræmi við 1. mgr., skal ekki litið svo á í þessari tilskipun að farið hafi verið umfram þau mörk.

3. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 11. júní 2010, birta leiðbeiningar um hvernig sýna skal fram á að rekja megi til náttúrulegra upptaka að farið sé yfir mörk og hvernig það er dregið frá.

*21. gr.***Þegar farið er yfir mörk vegna sandburðar og söltunar á vegum að vetrarlagi**

1. Aðildarríkin geta tilgreint svæði eða þéttbýlisstaði þar sem farið er yfir viðmiðunarmörkin fyrir PM₁₀ vegna þess að agnir þyrlast upp í kjölfar sandburðar og söltunar á vegum að vetrarlagi.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni skrá yfir öll slík svæði eða þéttbýlisstaði ásamt upplýsingum um styrk og upptök PM₁₀ sem þar er að finna.

3. Þegar aðildarríkin upplýsa framkvæmdastjórnina um þetta í samræmi við 27. gr. skulu þau leggja fram nauðsynleg gögn því til sönnunar að í öllum tilvikum, þar sem farið er yfir mörkin, sé það vegna uppþyrlunar agna og að gripið hafi verið til eðlilegra ráðstafana til að draga úr styrk þeirra.

4. Með fyrirvara um 20. gr. þurfa aðildarríkin eingöngu að koma á fót áætluninni um loftgæði, sem kveðið er á um í 23. gr., fyrir svæði og þéttbýlisstaði, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, ef farið er yfir mörk vegna annarra upptaka en sandburðar og söltunar á vegum að vetrarlagi.

5. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 11. júní 2010, birta leiðbeiningar um hvernig ákvarða skal tillag frá uppþryllun agna í kjölfar sandburðar og söltunar á vegum að vetrarlagi.

22. gr.

Frestun á eindögum til að uppfylla skylduna til að beita tilteknum viðmiðunarmörkum og undanþága frá henni

1. Ef viðmiðunarmörk fyrir köfnunarefnistvíoxíð eða bensen nást ekki innan þeirra eindaga sem tilgreindir eru í XI. viðauka fyrir tiltekið svæði eða þéttbýlisstað mega aðildarríkin fresta þeim eindögum að hámarki í fimm ár fyrir það tiltekna svæði eða þéttbýlisstað, að því tilskildu að áætlun um loftgæði hafi verið sett fram í samræmi við 23. gr. fyrir svæðið eða þéttbýlisstaðinn, sem frestunin gildir fyrir, en áætluninni um loftgæði skulu fylgja upplýsingarnar sem tilgreindar eru í B-þætti XV. viðauka í tengslum við viðkomandi mengunarefni og þær skulu sýna fram á hvernig viðmiðunarmörkunum verður náð fyrir nýja eindagann.

2. Ef viðmiðunarmörk fyrir PM₁₀, sem eru tilgreind í XI. viðauka, nást ekki á tilteknu svæði eða þéttbýlisstað, vegna staðarsértækra dreifingareiginkenna, óhagstæðra veðurfarsskilyrða eða tillags sem berst yfir landamæri, skal aðildarríki undanþegið þeirri skyldu að beita þessum viðmiðunarmörkum þar til 11. júní 2011, að því tilskildu að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., hafi verið uppfyllt og að aðildarríkið sýni fram á að allar viðeigandi ráðstafanir til að virða eindagana hafi verið gerðar á lands-, svæðis- og staðarvísu.

3. Ef aðildarríki beitir 1. eða 2. mgr. skal það tryggja að ekki sé farið meira yfir viðmiðunarmörkin fyrir hvert mengunarefni en sem nemur hámarksvikmörkunum, sem eru tilgreind í XI. viðauka, fyrir hvert viðkomandi mengunarefni.

4. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það ef þau telja að beita megi 1. eða 2. mgr. og koma á framfæri áætluninni um loftgæði sem um getur í 1. mgr., þ.m.t. allar upplýsingar sem skipta máli og eru framkvæmdastjórninni nauðsynlegar við mat á því hvort viðkomandi skilyrði hafi verið uppfyllt. Í mati sínu skal framkvæmdastjórnin taka tillit til áætlaðra áhrifa á gæði andrúmslofts í aðildarríkjunum, nú og í framtíðinni, til ráðstafana sem aðildarríkin hafa gert sem og áætlaðra áhrifa núverandi ráðstafana Bandalagsins á gæði andrúmslofts og þeirra áætluðu ráðstafana Bandalagsins sem framkvæmdastjórnin mun leggja til.

Ef framkvæmdastjórnin hreyfir engum andmælum við tilkynningunni innan 9 mánaða frá því hún berst teljast viðeigandi skilyrði fyrir beitingu 1. eða 2. mgr. hafa verið uppfyllt.

Ef andmæli eru borin fram getur framkvæmdastjórnin krafist þess að aðildarríkin lagfæri áætlunirnar um loftgæði eða leggi nýjar fram.

IV. KAFLI

ÁÆTLANIR

23. gr.

Áætlanir um loftgæði

1. Ef styrkur mengunarefna í andrúmslofti á tilteknum svæðum eða þéttbýlisstöðum fer yfir einhver viðmiðunarmörk eða markgildi, svo og einhver viðkomandi vikmörk í hverju tilviki um sig, skulu aðildarríkin sjá til þess að áætlanir um loftgæði séu lagðar fram fyrir þau svæði og þéttbýlisstaði svo að ná megi viðkomandi viðmiðunarmörkum eða markgildum sem tilgreind eru í XI. og XIV. viðauka.

Ef farið er yfir þau viðmiðunarmörk sem fenginn var frestur til að ná og sá frestur hefur þegar runnið út skal setja fram í áætluninni um loftgæði viðeigandi ráðstafanir til þess að það tímabil, þar sem farið er yfir mörkin, verði sem styst. Í áætluninum um loftgæði mega auk þess vera tiltekna ráðstafanir sem miðast að því að vernda viðkvæma hópa fólks, m.a. börn.

Upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í A-þætti XV. viðauka, skulu felldar inn í áætlunirnar um loftgæði og í áætluninum mega einnig felast ráðstafanir skv. 24. gr. Koma skal áætluninum á framfæri við framkvæmdastjórnina án tafar en eigi síðar en tveimur árum eftir lok ársins þegar fyrst var farið yfir mörk.

Þegar undirbúa þarf áætlanir um loftgæði eða hrinda þeim í framkvæmd fyrir nokkur mengunarefni skulu aðildarríkin, eftir atvikum, undirbúa og hrinda í framkvæmd samþættum áætlunum um loftgæði sem taka til allra viðkomandi mengunarefna.

2. Að því marki sem það er gerlegt skulu aðildarríkin tryggja samkvæmni við aðrar áætlanir sem krafist er samkvæmt tilskipun 2001/80/EB, tilskipun 2001/81/EB eða tilskipun 2002/49/EB til að ná viðkomandi umhverfismarkmiðum.

24. gr.

Aðgerðaáætlanir til skamms tíma

1. Ef sú áhætta er fyrir hendi að styrkur mengunarefna fari yfir eitt eða fleiri viðvörunarmarkanna, sem tilgreind eru í XII. viðauka, á tilteknu svæði eða þéttbýlisstað skulu aðildarríkin gera aðgerðaráætlanir þar sem fram kemur til hvaða skammtímaráðstafana verður gripið til að draga úr þeirri áhættu eða stytta tímenn sem farið er yfir mörkin. Ef áhættan á við um eitt eða fleiri viðmiðunarmörk eða markgildi, sem tiltekin eru í VII., XI. og XIV. viðauka, mega aðildarríkin, eftir því sem við á, gera slíkar aðgerðaráætlanir til skamms tíma.

Ef sú áhætta er fyrir hendi að farið verði yfir þau viðvörunarmörk ósons, sem tilgreind eru í B-þætti XII. viðauka, skulu aðildarríkin þó aðeins gera slíkar aðgerðaráætlanir til skamms tíma ef þau telja veruleg tæk á því, að teknu tilliti til landfræðilegra, veðurfræðilegra og efnahagslegra skilyrða í hverju landi um sig, að draga úr áhættunni og því hversu mikið og lengi farið er yfir mörkin. Aðildarríkin skulu hafa hliðsjón af ákvörðun 2004/279/EB þegar þau gera aðgerðaráætlun til skamms tíma.

2. Aðgerðaráætlanirnar til skamms tíma, sem um getur í 1. mgr., geta, eftir því sem við á í hverju tilvik, tekið til skilvirkra ráðstafana til að stýra starfsemi sem stuðlar að þeirri áhættu að farið sé yfir viðkomandi viðmiðunarmörk eða markgildi eða yfir viðvörunarmörkin og stöðva hana ef nauðsyn krefur. Í þessum aðgerðaráætlunum geta falist ráðstafanir vegna umferðar vélknúinna ökutækja, byggingarframkvæmda, skipa sem liggja við bryggju og starfsemi iðjuvera eða notkna iðnaðarværa, svo og húshitunar. Einnig má taka til athugunar sértækar aðgerðir sem miða að því að vernda viðkvæma hópa, m.a. börn, innan ramma þessara áætlana.

3. Þegar aðildarríkin hafa samið aðgerðaráætlanir til skamms tíma skal niðurstöðum rannsóknna á þeirra vegum á raunhæfni og inntaki sértækra aðgerðaráætlana til skamms tíma, og einnig upplýsingum um framkvæmd þessara áætlana, komið á framfæri við almenning og viðeigandi samtök, s.s. umhverfissamtök, neytendasamtök og samtök, sem annast hagsmuni viðkvæmra hópa fólks, aðra viðeigandi aðila á sviði heilsugæslu og viðkomandi samtök atvinnuvega.

4. Framkvæmdastjórnin skal birta dæmi um bestu starfsvenjur við gerð aðgerðaráætlana til skamms tíma, þ.m.t. dæmi um bestu starfsvenjur til verndar viðkvæmum hópum, þ.m.t. börn, í fyrsta sinn fyrir 11. júní 2010 og eftir það með reglulegu millibili.

25. gr.

Loftmengun sem berst yfir landamæri

1. Ef umtalsverður flutningur yfir landamæri á sér stað á loftmengunarefnum eða forefnum þeirra og veldur því að farið er yfir einhver viðvörunarmörk, viðmiðunarmörk eða markgildi, svo og viðkomandi vikmörk eða langtímamarkmið, skulu viðkomandi aðildarríki vinna saman og, eftir atvikum, semja um sameiginleg verkefni, t.d. undirbúning á sameiginlegum eða samræmdum áætlunum um loftgæði skv. 23. gr. til að koma í veg fyrir að farið sé á þennan hátt yfir mörk með því að beita viðeigandi ráðstöfunum sem teljast eðlilegar miðað við aðstæður.

2. Þjóða skal framkvæmdastjórninni að koma að málinu og að veita aðstoð í samstarfinu sem um getur í 1. mgr. Framkvæmdastjórnin skal, eftir atvikum og með tilliti til skýrslugjafarinnar sem var komið á með 9. gr. tilskipunar 2001/81/EB, vega og meta hvort grípa skuli til frekari aðgerða á vettvangi Bandalagsins til að draga úr losun forefna sem valda mengun sem berst yfir landamæri.

3. Aðildarríkin skulu, ef við á skv. 24. gr., undirbúa og hrinda í framkvæmd sameiginlegum aðgerðaráætlunum til skamms tíma sem taka til aðliggjandi svæða í öðrum aðildarríkjum. Aðildarríkin skulu sjá til þess að allar viðeigandi upplýsingar berist til aðliggjandi svæða annarra aðildarríkja þar sem aðgerðaráætlanir hafa verið gerðar til skamms tíma.

4. Ef farið er yfir upplýsingamörk eða viðvörunarmörk á svæðum eða þéttbýlisstöðum, sem eru nálægt landamærum,

skulu lögbær yfirvöld í viðkomandi aðliggjandi aðildarríkjum fá upplýsingar um það svo fljótt sem við verður komið. Þær upplýsingar skulu enn fremur vera tiltækar almenningi.

5. Við gerð áætlana, sem kveðið er á um í 1. og 3. mgr., og við upplýsingagjöf til almennings, sem um getur í 4. mgr., skulu aðildarríkin leita eftir samstarfi við þriðju lönd eftir því sem við á, einkum umsóknarlöndin.

V. KAFLI

UPPLÝSINGAR OG SKÝRSLUGJÖF

26. gr.

Upplýsingar til almennings

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að almenningur og viðeigandi samtök, s.s. umhverfissamtök, neytendasamtök, samtök sem annast hagsmuni viðkvæmra hópa fólks, aðrir viðeigandi aðilar á sviði heilsugæslu og viðkomandi samtök iðnaðarinnar, fái nægar upplýsingar og með góðum fyrirvara um eftirfarandi:

a) gæði andrúmslofts, í samræmi við XVI. viðauka,

b) allar ákvarðanir um frestun, skv. 1. mgr. 22. gr.,

c) allar undanþágur, skv. 2. mgr. 22. gr.,

d) áætlanir um loftgæði, sem kveðið er á um í 1. mgr. 22. gr. og 23. gr., og áætlanir sem um getur í 2. mgr. 17. gr.

Upplýsingarnar skulu vera aðgengilegar endurgjaldslaust í hverjum þeim fjölmiðli sem auðvelt er að nálgast, þ.m.t. á Netinu eða með öðrum viðeigandi fjarskiptaaðferðum, og skal taka tillit til ákvæðanna sem mælt er fyrir um í tilskipun 2007/2/EB.

2. Aðildarríkin skulu veita almenningi aðgang að árs-skýrslum um öll mengunarefni sem falla undir þessa tilskipun.

Í þeim skýrslum skulu tekin saman tilvik þar sem styrkur fór yfir viðmiðunarmörk, markgildi, langtímamarkmið, upplýsingamörk og viðvörunarmörk á viðkomandi meðaltímabilum. Þeim upplýsingum skal fylgja matssamantekt á áhrifum þess að farið var yfir mörkin í þessum tilvikum. Skýrslunum mega fylgja, eftir atvikum, frekari upplýsingar um skógvernd og mat á henni, sem og upplýsingar um önnur mengunarefni sem um eru tiltekin vöktunarákvæði í þessari tilskipun, m.a. valin forefni ósons sem eru ekki eftirlitsskyld og eru tilgreind í B-þætti X. viðauka.

3. Aðildarríkin skulu upplýsa almenning um lögbæra yfirvaldið eða aðilann sem er tilnefndur í tengslum við verkefnið sem um getur í 3. gr.

27. gr.

Upplýsingasending og skýrslugjöf

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að framkvæmdastjórnin fái aðgang að upplýsingum um gæði andrúmslofts innan þeirra tímamarka sem ákveðin eru í framkvæmdaráðstöfununum sem um getur í 2. mgr. 28. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal fá aðgang að þessum upplýsingum eigi síðar en níu mánuðum eftir lok hvers árs í þeim sértæka tilgangi að meta hvort viðmiðunarmörk og hættumörk hafi verið virt og markgildum náð og þar skulu koma fram:

- a) breytingar, sem gerðar hafa verið á því ári á skránni yfir svæði og þéttbýlisstaði og afmörkun þeirra skv. 4. gr.,
- b) skráin yfir svæði og þéttbýlisstaði þar sem styrkur eins eða fleiri mengunarefna er hærri en viðmiðunarmörkin að viðbættum vikmörkum, þar sem það á við, eða hærri en markgildi eða hættumörk; og fyrir þau svæði og þéttbýlisstaði:
 - i. mat á þeim styrk og, ef máli skiptir, dagsetningarnar og tímabilin þegar sá styrkur mældist,
 - ii. ef við á, mat á tillagi frá náttúrulegum upptökum og vegna uppþyrlunar efnisagna eftir sandburð og söltun á vegum að vetrarlagi í þeim styrk sem metinn var og gefinn var framkvæmdastjórninni upp skv. 20. og 21. gr.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda um upplýsingar sem er aflað frá byrjun annars almanaksárs eftir gildistöku þeirra framkvæmdarráðstafana sem um getur í 2. mgr. 28. gr.

28. gr.

Framkvæmdarráðstafanir

1. Samþykkinga skal ráðstafanirnar, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar, þ.e.a.s. I. til VI. viðauka, VIII. til X. viðauka og XV. viðauka, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 29. gr.

Breytingarnar mega þó ekki verða til þess að breyta, beint eða óbeint, öðru hvoru af eftirfarandi:

- a) viðmiðunarmörkum, markmiðum um minnkun váhrifa, hættumörkum, markgildum, upplýsinga- eða viðvörunarmörkum eða langtímamarkmiðum, sem eru tilgreind í VII. viðauka og XI. til XIV. viðauka, eða
 - b) dagsetningum sem tilgreindar eru til að fara að ákvæðum varðandi einhvern þeirra þátta sem um getur í a-lið.
2. Í samræmi við reglunefndarmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 29. gr., skal framkvæmdastjórnin ákveða að hvaða viðbótarupplýsingum aðildarríkin skulu fá aðgang skv. 27. gr., sem og innan hvaða tímamarka þeim upplýsingum skal komið á framfæri.

Framkvæmdastjórnin skal einnig tilgreina aðferðir til hagræðis við framlagningu gagna og gagnkvæm skipti á upplýsingum og gögnum frá netkerfum og einstökum stöðvum sem mæla loftmengun í aðildarríkjunum, í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 29. gr.

3. Framkvæmdastjórnin skal semja leiðbeiningar fyrir samninga um uppsetningu sameiginlegra mælistöðva sem um getur í 5. mgr. 6. gr.

4. Framkvæmdastjórnin skal birta leiðbeiningar um staðfestingu á jafngildi sem um getur í B-þætti VI. viðauka.

VI. KAFLI

NEFNDA-, UMBREYTINGAR- OG LOKAÁKVÆÐI

29. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar er kallast „nefndin um gæði andrúmslofts“.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.–4. mgr. 5. gr. a og ákvæði 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

30. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn landsákvæðum sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að sjá til þess að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í eðlilegu samræmi við brotin og hafa letjandi áhrif.

31. gr.

Niðurfelling og bráðabirgðaákvæði

1. Tilskipanir 96/62/EB, 1999/30/EB, 2000/69/EB og 2002/3/EB eru felldar úr gildi frá og með 11. júní 2010, með fyrirvara um skyldur aðildarríkjanna að því er varðar fresti til lögleiðingar eða beitingar þessara tilskipana.

Hins vegar gildir eftirfarandi frá 11. júní 2008:

a) Í stað 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 96/62/EB komi eftirfarandi:

„1. Einstök atriði þess fyrirkomulags, sem er á miðlun upplýsinganna sem veita skal skv. 11. gr., skulu samþykkt í samræmi við málsmæðferðina sem um getur í 3. mgr.“

b) Í tilskipun 1999/30/EB fellur brott 7. mgr. 7. gr., 1. neðanmálmálgrein í I. lið VIII. viðauka og VI. liður IX. viðauka.

c) Í tilskipun 2000/69/EB falla brott 7. mgr. 5. gr. og III. liður VII. viðauka.

d) Í tilskipun 2002/3/EB falla brott 5. mgr. 9. gr. og II. liður VIII. viðauka.

2. Þrátt fyrir fyrstu undirgrein 1. mgr. haldast eftirfarandi greinar í gildi:

- a) 5. gr. tilskipunar 96/62/EB til 31. desember 2010,
- b) 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 96/62/EB og 1.–3. mgr. 10. gr. tilskipunar 2002/3/EB til loka annars almanaksárs eftir gildistöku þeirra framkvæmdarráðstafana sem um getur í 2. mgr. 28. gr. þessarar tilskipunar,
- c) 3. og 4. mgr. 9. gr. tilskipunar 1999/30/EB til 31. desember 2009.

3. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipanirnar sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í XVII viðauka.

4. Ákvörðun 97/101/EB er felld úr gildi frá og með lokum annars almanaksárs eftir gildistöku þeirra framkvæmdarráðstafana sem um getur í 2. mgr. 28. gr. þessarar tilskipunar.

Þó skal fella úr gildi 3.–5. undirlið 7. gr. ákvörðunar 97/101/EB frá og með 11. júní 2008.

32. gr.

Endurskoðun

1. Árið 2013 skal framkvæmdastjórnin endurskoða ákvæðin varðandi PM_{2,5} og önnur mengunarefni, eftir atvikum, og leggja tillögu fyrir Evrópuþingið og ráðið.

Að því er varðar PM_{2,5} skal endurskoðunin gerð með það í huga að komið verði á fót lagalega bindandi landsskuldbindingu um minnkun váhrifa sem kemur í stað markmiða hvers lands um sig varðandi minnkun váhrifa og að endurskoða skuldbindinguna um styrk váhrifa sem mælt er fyrir um í 15. gr., m.a. að teknu tilliti til eftirfarandi þátta:

- nýjustu visindalegra upplýsinga frá Alþjóðaheilbrigðismálstofnuninni og öðrum stofnunum sem málið varðar,
- aðstæðna varðandi gæði andrúmslofts og möguleika á að draga úr losun í aðildarríkjunum,
- endurskoðunar á tilskipun 2001/81/EB,
- árangurs af framkvæmd ráðstafana Bandalagsins til að draga úr styrkloftmengunarefna.

2. Framkvæmdastjórnin skal vega og meta möguleikana á því að samþykkja metnaðarfullri viðmiðunarmörk fyrir PM_{2,5}, hún skal endurskoða leiðbeinandi viðmiðunarmörk annars áfanga fyrir PM_{2,5} og vega og meta hvort staðfesta skuli þau mörk eða breyta þeim.

3. Það skal vera hluti af endurskoðuninni að framkvæmdastjórnin taki einnig saman skýrslu um reynsluna af vöktun á PM₁₀ og PM_{2,5} og um nauðsyn þeirrar vöktunar, með hliðsjón af tæknilegum framförum í sjálfvirkum mæliaðferðum. Leggja skal til nýjar tilvísunaraðferðir fyrir PM₁₀ og PM_{2,5}, ef við á.

33. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 11. júní 2010. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ráðstafana.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu þó sjá til þess að fullnægjandi fjöldi bakgrunnsmælistöðva fyrir PM_{2,5} sé settur upp í borgum eigi síðar en 1. janúar 2009 til að reikna megi út meðalváhrifavísinn, í samræmi við B-þátt V. viðauka, og til að standa við tímamörkin og uppfylla skilyrðin sem tilgreind eru í A-þætti XIV. viðauka.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

34. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

35. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 21. maí 2008.

Fyrir hönd Evrópuþingsins

Forseti

H.-G. PÖTTERING

Fyrir hönd ráðsins,

Forseti

J. LENARČIČ

I. VIÐAUKI

MARKMIÐ UM GÆÐI GAGNA

A. Markmið um gæði gagna fyrir mat á gæðum andrúmslofts

	Brennisteinvíoxíð, köfnunarefnisvíoxíð og köfnunarefnisoxíð og kolsýringur	Bensen	Efnisagnir (PM ₁₀ /PM _{2,5}) og blý	Óson og tilheyrandi NO og NO ₂
Fastar mælingar ⁽¹⁾				
Óvissa	15%	25 %	25 %	15 %
Lágmarksgagnaöflun	90 %	90 %	90 %	90% að sumarlagi 75% að vetrarlagi
Lágmarkstímalengd:				
— borgarbakgrunnur og umferðarsvæði	—	35% ⁽²⁾	—	—
— iðnaðarsvæði	—	90 %	—	—
Leiðbeinandi mælingar				
Óvissa	25 %	30 %	50 %	30 %
Lágmarksgagnaöflun	90 %	90 %	90 %	90 %
Lágmarkstímalengd	14 % ⁽³⁾	14 % ⁽⁴⁾	14 % ⁽³⁾	> 10% að sumarlagi
Óvissa tengd reiknilíkani:				
Á klukkustund	50 %	—	—	50 %
Átta stunda meðaltal	50 %	—	—	50 %
Dagsmeðaltal	50 %	—	enn ekki skilgreint	—
Ársméðaltal	30 %	50 %	50 %	—
Hlutlægt mat				
Óvissa	75 %	100 %	100 %	75 %

⁽¹⁾ Aðildarríkjum er heimilt að beita slembimælingum í stað samfelldra mælinga fyrir bensen, blý og efnisagnir, að því tilskildu að þau geti sýnt framkvæmdastjórninni fram á að óvissan, m.a. sú óvissa sem hlýst af slembisýnatöku, uppfylli 25% gæðamarkmiðið og að tíminn sé lengri en lágmarkstímalengd fyrir leiðbeinandi mælingar. Slembisýnataka verður að dreifast jafnt yfir árið svo forðast megi skekkjur í niðurstöðum. Óvissuna vegna slembisýnatöku má ákvarða með aðferðinni sem mælt er fyrir um í ISO 11222 (2002) 'Air quality – Determination of the Uncertainty of the Time Average of Air Quality Measurements'. Ef slembimælingar eru notaðar til að meta kröfurnar í tengslum við viðmiðunarmörk fyrir PM10 skal 90,4 hundraðshluta markmiðið (sem skal vera minna en eða jafnt og 50 µg/m³) metið í stað fjölda tilvika þegar farið var yfir mörk, en gagnabekja hefur mikil áhrif á fjölda tilvikkanna.

⁽²⁾ Dreift yfir árið til að gefa dæmigerða mynd af mismunandi skilyrðum sem tengjast veðurfari og umferð.

⁽³⁾ Ein mæling vikulega af handahófi, dreift jafnt yfir árið, eða 8 vikur sem er dreift jafnt yfir árið.

⁽⁴⁾ Eins dags mæling af handahófi vikulega, dreift jafnt yfir árið, eða 8 vikur sem er dreift jafnt yfir árið.

⁽⁵⁾ Ein mæling vikulega af handahófi, dreift jafnt yfir árið, eða 8 vikur sem er dreift jafnt yfir árið.

Óvissan (gefin upp með 95% öryggisbili) í matsaðferðunum verður metin í samræmi við meginreglurnar í leiðbeiningum Staðlasamtaka Evrópu um mælióvissu (e. *Guide to the expression of uncertainty in measurement*) (ENV 13005-1999), aðferðirnar í ISO-staðli 5725:1994 og leiðbeiningarnar í skýrslu Staðlasamtaka Evrópu, „Air quality – Approach to uncertainty estimation for ambient air reference measurement methods“ (CR 14377:2002E). Hundradshlutatölurnar yfir óvissu í töflunni hér að framan eru gefnar upp sem meðalgildi fyrir einstakar mælingar á tímabilinu sem viðmiðunarmörkin miðast við (eða markgildið, ef um óson er að ræða), með öryggisbilinu 95%. Túlka ber óvissu í föstum mælingum þannig að hún gildi á svæði viðkomandi viðmiðunarmarkna (eða markgildis, ef um óson er að ræða).

Óvissan í reiknilíkaninu er skilgreind sem hámarksfrávik mælds og reiknaðs styrks fyrir 90% af einstökum vöktunarstöðum á tímabilinu sem viðmiðunarmörkin miðast við (eða markgildin, ef um óson er að ræða), án tillits til tímasetningar atburðanna. Túlka skal óvissuna í reiknilíkaninu þannig að hún gildi á svæði viðkomandi viðmiðunarmarkna (eða markgildis, ef um óson er að ræða). Föstu mælingarnar, sem velja þarf til samanburðar við niðurstöður úr reiknilíkaninu, skulu vera dæmigerðar fyrir þann kvarða sem reiknilíkanið spannar.

Óvissan í hlutlægu mati er skilgreind sem hámarksfrávik mælds og reiknaðs styrks á tímabilinu sem viðmiðunarmörkin miðast við (eða markgildin, ef um óson er að ræða), án tillits til tímasetningar atburðanna.

Kröfur um lágmarksgagnaöflun og lágmarkstímalengd ná ekki til gagna sem glatast vegna reglulegrar kvörðunar eða eðlilegs viðhalds tækjabúnaðarins.

B. Niðurstöður úr mati á loftgæðum

Eftirfarandi upplýsingar skulu teknar saman fyrir svæði eða þéttbýlisstaði þar sem aukið er við mæligögn með upplýsingum, fengnum með öðrum hætti en með mælingum, eða þar sem slíkar upplýsingar eru þær einu sem stuðst er við í mati á loftgæðum:

- lýsing á því mati sem unnið er,
- þær sérstöku aðferðir, sem eru notaðar, ásamt tilvísun í lýsingu á hverri aðferð,
- hvaðan gögn og upplýsingar eru fengin,
- lýsing á niðurstöðum, þ. á m. á óvissu, og einkum lýsing á umfangi hvers svæðis eða, ef máli skiptir, lengd vegar innan svæðisins eða þéttbýlisstaðarins þar sem styrkur fer yfir einhver viðmiðunarmörk, markgildi eða langtímamarkmið auk vikmarka, ef við á, og lýsing á hverju svæði þar sem styrkurinn fer yfir efri eða neðri viðmiðunarmörk mats,
- íbúar sem geta orðið fyrir váhrifum ef styrkur fer yfir tiltekin viðmiðunarmörk fyrir heilsuvernd manna.

C. Gæðatrygging mats á gæðum andrúmslofts: fullgilding gagna

1. Til að tryggja mælinákvæmni og að farið sé að markmiðum um gæði gagna, sem mælt er fyrir í A-þætti, skulu lögbær yfirvöld og stofnanir, sem tilnefnd eru skv. 3. gr., tryggja eftirfarandi:
 - að allar mælingar, sem gerðar eru vegna mats á loftgæðum skv. 6. og 9. gr., séu rekjanlegar í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í lið 5.6.2.2 í ISO/IEC 17025:2005,
 - að stofnanir, sem starfrækja net mælistöðva eða stakar mælistöðvar, noti gæðatryggingu og gæðastýringarkerfi þar sem kveðið er á um reglulegt viðhald til að tryggja nákvæmni mælibúnaðarins.
 - að gæðatryggingu/gæðastýringu sé komið á vegna gagnaöflunar og skýrslugjafar og að stofnanirnar, sem tilnefndar eru fyrir það verkefni, taki virkan þátt í tengdum gæðatryggingaáætlunum alls staðar í Bandalaginu,
 - að rannsóknarstofurnar í hverju landi um sig, sem tilnefndar eru af viðeigandi lögbæru yfirvaldi eða aðila, sem er tilnefndur til þess skv. 3. gr., sem taka þátt í samanburðarprófun alls staðar í Bandalaginu á mengunarefnum, sem þessi tilskipun tekur til, hafi fengið faggildingu samkvæmt EN/ISO 17025 eigi síðar en 2010 fyrir tilvísunaraðferðirnar sem um getur í VI. viðauka. Þessar rannsóknarstofur skulu eiga þátt í samræmingu á gæðatryggingaráætlun á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, sem verður skipulögð af hálfu framkvæmdastjórninnar og gildir alls staðar í Bandalaginu, og skulu þær einnig samræma á landsvísu viðeigandi notkun tilvísunaraðferða og sannprófun á jafngildi aðferða sem eru ekki tilvísunaraðferðir.
2. Öll gögn, sem gefin er skýrsla um skv. 27. gr., teljast gild, nema þau sem eru merkt sem bráðabirgðagögn.

II. VIÐAUKI

Ákvörðun á kröfum vegna mats á styrk brennisteinstvíoxíðs, köfnunarefnistvíoxíðs og köfnunarefnisoxíða, efnisagna (PM₁₀ og PM_{2,5}), blýs, bensens og kolsýrings í andrúmslofti innan tiltekins svæðis eða þéttbýlisstaðar

A. Efri og neðri viðmiðunarmörk mats

Eftirfarandi efri og neðri viðmiðunarmörk mats gilda:

1. Brennisteinstvíoxíð

	Heilsuvernd	Gróðurvernd
Efri viðmiðunarmörk mats	60% af sólarhringsviðmiðunarmörkum (75 µg/m ³ , sem ekki má fara yfir oftar en 3 sinnum á hverju almanaksári)	60% af hættumörkum að vetrarlagi (12 µg/m ³)
Neðri viðmiðunarmörk mats	40% af sólarhringsviðmiðunarmörkum (50 µg/m ³ , sem ekki má fara yfir oftar en 3 sinnum á hverju almanaksári)	40 % af hættumörkum að vetrarlagi (8 µg/m ³)

2. Köfnunarefnistvíoxíð og köfnunarefnisoxíð

	Klukkustundarviðmiðunarmörk vegna heilsuverndar manna (NO ₂)	Ársviðmiðunarmörk vegna heilsuverndar manna (NO ₂)	Árshættumörk vegna verndunar gróðurs og náttúrulegra vistkerfa (NO _x)
Efri viðmiðunarmörk mats	70% af sólarhringsviðmiðunarmörkum (140 µg/m ³ , sem ekki má fara yfir oftar en 18 sinnum á hverju almanaksári)	80% af viðmiðunarmörkum (32 µg/m ³)	80% af hættumörkum (24 µg/m ³)
Neðri viðmiðunarmörk mats	50 % af sólarhringsviðmiðunarmörkum (100 µg/m ³ , sem ekki má fara yfir oftar en 18 sinnum á hverju almanaksári)	65% af viðmiðunarmörkum (26 µg/m ³)	65 % af hættumörkum (19,5 µg/m ³)

3. Efnisagnir (PM₁₀/PM_{2,5})

	Sólarhringsmeðaltal PM ₁₀	Ársmeðaltal PM ₁₀	Ársmeðaltal PM _{2,5} ⁽¹⁾
Efri viðmiðunarmörk mats	70% af sólarhringsviðmiðunarmörkum (35 µg/m ³ , sem ekki má fara yfir oftar en 35 sinnum á hverju almanaksári)	70 % af viðmiðunarmörkum (28 µg/m ³)	70 % af viðmiðunarmörkum (17 µg/m ³)
Neðri viðmiðunarmörk mats	50 % af sólarhringsviðmiðunarmörkum (25 µg/m ³ , sem ekki má fara yfir oftar en 35 sinnum á hverju almanaksári)	50 % af viðmiðunarmörkum (20 µg/m ³)	50 % af viðmiðunarmörkum (12 µg/m ³)

(1) Efri viðmiðunarmörk mats og neðri viðmiðunarmörk mats fyrir PM_{2,5} eiga ekki við um mælingar við mat á því hvort markmið um minnkun váhrifa vegna PM_{2,5} fyrir heilsuvernd manna hafi náðst.

4. Blý

	Ársmeðaltal
Efri viðmiðunarmörk mats	70 % af viðmiðunarmörkum (0,35 µg/m ³)
Neðri viðmiðunarmörk mats	50 % af viðmiðunarmörkum (0,25 µg/m ³)

5. *Bensen*

	Ársmeðaltal
Efri viðmiðunarmörk mats	70 % af viðmiðunarmörkum (3,5 µg/m ³)
Neðri viðmiðunarmörk mats	40 % af viðmiðunarmörkum (2 µg/m ³)

6. *Kolsýringur*

	Átta stunda meðaltal
Efri viðmiðunarmörk mats	70% af viðmiðunarmörkum (7 mg/m ³)
Neðri viðmiðunarmörk mats	50 % af viðmiðunarmörkum (5 mg/m ³)

B. **Ákvarðun á því hvort farið hafi verið yfir efri og neðri viðmiðunarmörk mats**

Ákvarða verður hvort farið hefur verið yfir efri eða neðri viðmiðunarmörk mats á grundvelli styrks á undangengnum fimm árum ef fyrir liggja fullnægjandi gögn. Líta skal svo á að farið hafi verið yfir viðmiðunarmörk mats ef farið hefur verið yfir þau í a.m.k. þrjú stök ár af þessum fimm undangengnu árum.

Ef fyrirliggjandi gögn ná yfir færri en fimm ár mega aðildarríkin styðjast við stuttar mælingaherferðir á þeim tíma árs og á þeim stöðum, þar sem líklegast þykir að styrkur mengunar sé hæstur, og einnig við niðurstöður sem fengist hafa með upplýsingum úr skráum um losun og reiknilíkönunum, til að ákvarða hvort farið hefur verið yfir efri og neðri viðmiðunarmörk mats.

III. VIÐAUKI

**Mat á gæðum andrúmslofts og staðsetning sýnatökustaða fyrir mælingar á brennisteinstvíoxíði, köfnunarefnis-
tvíoxíði og köfnunarefnisoxíðum, efnisögnum (PM₁₀ og PM_{2,5}), blýi, benseni og kolsýringi í andrúmslofti****A. Almenn**

Gæði andrúmslofts skal meta á öllum svæðum og þéttbýlisstöðum í samræmi við eftirfarandi viðmiðanir:

1. Meta skal gæði andrúmslofts á öllum stöðum, nema þeim sem tilgreindir eru í 2. mgr., í samræmi við viðmiðanirnar sem er komið á með B- og C-þáttum fyrir staðsetningu sýnatökustaða fyrir fastar mælingar. Meginreglurnar, sem kveðið er á um í B- og C-þætti, gilda einnig, enda skipta þær máli við greiningu á sérstökum stöðum þar sem styrkur viðkomandi mengunarefna hefur verið staðfestur og ef gæði andrúmslofts eru metin með leiðbeinandi mælingu eða reiknilíkani.
2. Ekki skal meta hvort viðmiðunarmörk varðandi heilsuvernd manna séu virt á eftirfarandi stöðum:
 - a) á stöðum sem eru á svæðum sem eru ekki aðgengileg almenningi og þar sem enginn hefur fasta búsetu,
 - b) á athafnasvæðum verksmiðja eða í iðjuverum þar sem öll viðkomandi ákvæði varðandi heilbrigði og öryggi á vinnustað gilda, í samræmi við 1. mgr. 2. gr.,
 - c) á akbrautum vega og á miðdeilum vega, nema þar sem gangandi vegfarendur hafa alla jafna aðgang að miðdeilum.

B. Val á sýnatökustöðum

1. Heilsuvernd manna
 - a) Ef sýnatökustaðir tengjast heilsuvernd manna skulu þeir vera þar sem þeir veita gögn um eftirfarandi:
 - þá staði innan svæða og þéttbýlisstaða þar sem styrkurinn er mestur og líklegast er að íbúarnir verði fyrir beinum eða óbeinum váhrifum á tímabili sem telst marktækt með tilliti til meðaltíma viðmiðunarmarkanna,
 - styrk á öðrum stöðum innan svæðanna og þéttbýlisstaðanna sem eru dæmigerðir fyrir váhrifin sem almenningur verður fyrir.
 - b) Sýnatökustaðir skulu að öllu jöfnu valdir þannig að komist verði hjá því að mælingarnar segi eingöngu til um allra nánasta umhverfið og því skal sýnatökustaður valinn þannig að hann gefi dæmigerða mynd af loftgæðunum fyrir vegarkafli sem er ekki styttri en 100 m á umferðarsvæði og a.m.k. 250 × 250 m svæði á iðnaðarsvæðum þar sem það er gerlegt.
 - c) Bakgrunnsstaðir í borgum skulu vera þar sem styrkur mengunar ræðst af öllum sameiginlegum upptökum vindmegin við stöðina. Ein stök upptök mega ekki vera ráðandi fyrir styrk mengunarinnar, nema þær aðstæður séu dæmigerðar fyrir stærra borgarsvæði. Að öllu jöfnu skulu sýnatökustaðirnir gefa dæmigerða mynd af nokkrum ferkílómetrum.
 - d) Ef markmiðið er að meta bakgrunnsstyrk í dreifbýli má sýnatökustaðurinn hvorki verða fyrir áhrifum frá þéttbýlisstöðum né iðnaðarsvæðum í nágrenninu, þ.e. frá svæðum sem eru í minna en 5 kílómetra fjarlægð.
 - e) Þegar meta á mengun sem stafar frá iðnaðarupptökum skal a.m.k. einn sýnatökustaður vera í næstu íbúðabyggð, hlémegin við upptökin. Ef bakgrunnsstyrkurinn er ekki þekktur skal bæta við sýnatökustað á stað sem er upp í ríkjandi vindátt.
 - f) Sýnatökustaðir skulu, eftir því sem unnt er, vera dæmigerðir fyrir svipaða staði sem eru utan næsta nágrennis þeirra.
 - g) Hafa skal í huga þörfina á því að setja sýnatökustaði niður á eyjum ef það er nauðsynlegt vegna heilsuverndar.

2. Verndun gróðurs og náttúrulegra vistkerfa

Sýnatökustaðir, sem tengjast verndun gróðurs og náttúrulegra vistkerfa, skulu vera í meira en 20 km fjarlægð frá þéttbýlisstöðum eða í meira en 5 km fjarlægð frá öðrum þéttbýlum svæðum, iðjuverum eða hraðbrautum eða aðalvegum, þar sem umferðin er meiri en 50 000 farartæki á dag, og því þarf sýnatökustaðurinn að vera þar sem loftsínið er dæmigert fyrir gæði andrúmslofts á a.m.k. 1000 km² svæði í kring. Aðildarríki má kveða á um að sýnatökustaður sé hafður nær en að framan greinir eða hann eigi að vera dæmigerður fyrir gæði lofts á minna svæði, að teknu tilliti til landfræðilegra skilyrða eða tækifæranna til að vernda sérlega viðkvæm svæði.

Hafa skal í huga hvort þörf er á að meta gæði lofts á eyjum.

C. Uppsetning sýnatökubúnaðar á sýnatökustöðum

Eftirfarandi skal uppfyllt, ef því verður við komið:

- flæðið við inntak sýnatökunemans skal vera óhindrað (í a.m.k. 270° boga), án nokkurra tálma sem hafa áhrif á loftflæðið í nágrenni sýnatökubúnaðarins (að öllu jöfnu í nokkurra metra fjarlægð frá byggingum, svölum, trjám eða öðru sem hindrar og a.m.k. 0,5 m frá næstu byggingu ef um er að ræða sýnatökustað sem á að gefa dæmigerða mynd af loftgæðum við byggingarlínu),
- að öllu jöfnu skal inntak sýnatökubúnaðarins vera í frá 1,5 m (innöndunarhæð) og að 4 m hæð yfir jörðu. Hærrí staðsetning (allt að 8 m) getur verið nauðsynleg við tiltekna aðstæður. Ef sýnatökustaðnum er ætlað að gefa dæmigerða mynd af stóru svæði getur verið heppilegt að velja enn meiri hæð,
- inntakið skal ekki vera í næsta nágrenni við mengunarpptök svo að komast megi hjá því að taka beint inn mengunarefni sem hafa ekki blandast andrúmsloftinu,
- útblástursfrárás sýnatökubúnaðarins skal komið fyrir þannig að komast megi hjá því að útblástursloft sýnatökubúnaðarins berist að sýnatökuinntakinu,
- sýnatökustaðir fyrir öll mengunarefni á umferðarsvæðum skulu vera a.m.k. 25 metra frá útjaðri meginvegamóta og í a.m.k. 10 m fjarlægð frá gangstéttarbrún.

Einnig má taka tillit til eftirfarandi þátta:

- truflandi mengunarpptaka,
- öryggis,
- aðgengileika,
- aðgangs að rafmagni og símasambandi,
- hve áberandi sýnatökustaðurinn er í umhverfinu,
- öryggis almennings og rekstraraðila,
- kosta sem fylgja því að setja upp sameiginlega sýnatökustaði fyrir mismunandi mengunarefni,
- skipulagsákvæða.

D. Skráning og endurskoðun á staðarvali

Aðferðirnar, sem notaðar eru við staðarval, skulu skráðar ítarlega á flokkunarstigi með ljósmyndum af umhverfinu, teknum í höfuðáttir, og nákvæmu korti. Val á sýnatökustöðum skal endurmetið með reglulegu milli-bili og endurtekinni skráningu til að tryggja að viðmiðanir við valið haldist gildar.

IV. VIÐAUKI

MÆLINGAR Á BAKGRUNNSTÖÐUM Í DREIFBÝLI ÁN TILLITS TIL STYRKIS

A. Markmið

Meginmarkmið slíkra mælinga er að sjá til þess að nægar upplýsingar séu til staðar um bakgrunnsstyrk. Þær upplýsingar eru nauðsynlegar til að meta aukningu styrkis á mengaðri svæðum (svo sem borgarbakgrunni, iðnaðarsvæðum og umferðarsvæðum), meta hugsanlegt tillag loftmengunarefna, sem berast langar leiðir, og sem grundvöllur fyrir greiningu á tillagi mismunandi upptaka og til skilnings á sértækum mengunarefnum, svo sem efnisögnum. Þær eru líka nauðsynlegar vegna aukinnar notkunar reiknilíkana, einnig á borgarsvæðum.

B. Efni

Til að lýsa efnasamsetningu $PM_{2,5}$ skulu gerðar mælingar a.m.k. á heildarmassastyrk og styrk viðeigandi efnasambanda. Mælingar skulu a.m.k. gerðar á eftirfarandi efnaformi.

SO_4^{2-}	Na^+	NH_4^+	Ca^{2+}	frumefniskolefni
NO_3^-	K^+	Cl^-	Mg^{2+}	lífrænt kolefni

C. Staðsetning mælistöðva

Einkum skal gera mælingar á bakgrunns svæðum í strjálbýli í samræmi við A-, B- og C-lið í III. viðauka.

V. VIÐAUKI

Viðmiðanir við ákvörðun á lágmarksfjölda sýnatökustaða fyrir fastar mælingar á styrk brennisteinvíoxíðs, köfnunarefnistvíoxíðs og köfnunarefnisvíoxíða, efnisagna (PM₁₀, PM_{2,5}), blýs, bensens og kolsýrings í andrúmslofti

- A. Lágmarksfjöldi sýnatökustaða vegna fastra mælinga, sem gerðar eru til að meta hvort viðmiðunarmörk vegna heilsuverndar manna og viðvörðunarmörk á svæðum og þéttbýlisstöðum, þar sem einu upplýsingarnar eru gögn úr föstum mælingum, séu virt

1. Dreifð upptök

Íbúafjöldi þéttbýlisstaðar eða svæðis (búsundir)	Ef hámarksstyrkur fer yfir efri viðmiðunarmörk mats ⁽¹⁾		Ef hámarksstyrkur er milli efri og neðri viðmiðunarmarka mats	
	Mengunarefni, nema PM	PM ⁽²⁾ (summa PM ₁₀ og PM _{2,5})	Mengunarefni, nema PM	PM ⁽²⁾ (summa PM ₁₀ og PM _{2,5})
0–249	1	2	1	1
250–499	2	3	1	2
500–749	2	3	1	2
750–999	3	4	1	2
1000–1499	4	6	2	3
1500–1999	5	7	2	3
2000–2749	6	8	3	4
2750–3749	7	10	3	4
3750–4749	8	11	3	6
4750–5999	9	13	4	6
≥ 6000	10	15	4	7

(1) Fyrir köfnunarefnistvíoxíð, efnisagnir, bensen og kolsýring: a.m.k. ein bakgrunnsvöktunarstöð í borg og ein stöð á umferðarsvæði, svo fremi það fjölgi ekki sýnatökustöðum. Fyrir þessi mengunarefni skal ekki vera meiri munur á heildarfjölda bakgrunnsstöðva í borg og heildarfjölda stöðva á umferðarsvæði í aðildarríki, sem krafa er gerð um skv. 1. lið A-þáttar, en sem nemur stuðlinum 2. Halda skal sýnatökustöðum, þar sem farið hefur verið yfir viðmiðunarmörk fyrir PM₁₀ á síðustu þremur árum, nema nauðsynlegt sé að flytja þá vegna sérstakra kringumstæðna, einkum vegna landfræðilegrar þróunar.

(2) Ef mælingar á PM_{2,5} og PM₁₀ eru gerðar í samræmi við 8. gr. á sömu vöktunarstöð skal líta svo á að þær séu af tveimur sýnatökustöðum. Ekki skal vera meiri munur á heildarfjölda sýnatökustaða fyrir PM_{2,5} og PM₁₀ í aðildarríki, sem krafa er gerð um skv. 1. lið A-þáttar, en sem nemur stuðlinum 2 og fjöldi bakgrunns-sýnatökustaða fyrir PM_{2,5} á þéttbýlisstöðum og á borgarsvæðum skal uppfylla kröfurnar í B-þætti V. viðauka.

2. Punktupptök

Við mat á mengun í nánd við punktupptök skal reikna fjölda sýnatökustaða vegna fastra mælinga þannig að tillit sé tekið til losunarþéttni, líklegrar dreifingar loftmengunar og váhrifanna sem íbúar geta orðið fyrir.

- B. Lágmarksfjöldi sýnatökustaða vegna fastra mælinga, sem gerðar eru til að meta hvort markmiðið um minnkun váhrifa að því er varðar PM_{2,5} vegna heilsuverndar manna, séu virt.

Á þéttbýlisstöðum og öðrum borgarsvæðum með fleiri en 100 000 íbúa skal starfrækja einn sýnatökustað fyrir hverja milljón íbúa. Þeir sýnatökustaðir mega falla saman við sýnatökustaðina í A-þætti.

- C. Lágmarksfjöldi sýnatökustaða vegna fastra mælinga sem gerðar eru til að meta hvort hættumörk vegna verndunar gróðurs á öðrum svæðum en þéttbýlisstöðum séu virt.

Ef hámarksstyrkur fer yfir efri viðmiðunarmörk mats	Ef hámarksstyrkur er milli efri og neðri viðmiðunarmarka mats
1 stöð á hverjum 20 000 km ²	1 stöð á hverjum 40 000 km ²

Á eysvæðum skal reikna fjölda sýnatökustaða vegna fastra mælinga þannig að tillit sé tekið til líklegrar dreifingar loftmengunar og hugsanlegra váhrifa á gróður.

VI. VIÐAUKI

Tilvísunaraðferðir við mat á styrk brennisteinstvíoxíðs, köfnunarefnistvíoxíðs og köfnunarefnisoxíða, efnisagna (PM₁₀ og PM_{2,5}), blýs, bensens, kolsýrings og ósons**A. Tilvísunarmæliaðferðir**1. *Tilvísunaraðferð við mælingar á brennisteinstvíoxíði*

Tilvísunaraðferðin við mælingar á brennisteinstvíoxíði er sú sem lýst er í EN 14212:2005, „Ambient air quality – Standard method for the measurement of the concentration of sulphur dioxide by ultraviolet fluorescence“.

2. *Tilvísunaraðferð við mælingar á köfnunarefnistvíoxíði og köfnunarefnisoxíðum:*

Tilvísunaraðferðin við mælingar á köfnunarefnistvíoxíðum og köfnunarefnisoxíðum er sú sem lýst er í EN 14211:2005 „Ambient air quality – Standard method for the measurement of the concentration of nitrogen dioxide and nitrogen monoxide by chemiluminescence“.

3. *Tilvísunaraðferð við sýnatöku og mælingar á blýi*

Tilvísunaraðferðin við sýnatöku á blýi er sú sem lýst er í 4. lið A-þáttar þessa viðauka. Tilvísunaraðferðin við mælingar á blýi er sú sem lýst er í EN 14902:2005, „Standard method for measurement of Pb/Cd/As/Ni in the PM₁₀ fraction of suspended particulate matter“.

4. *Tilvísunaraðferð við sýnatöku og mælingar á PM₁₀*

Tilvísunaraðferðin við sýnatöku og mælingar á PM₁₀ er sú sem lýst er í EN 12341:1999, „Air Quality — Determination of the PM₁₀ fraction of suspended particulate matter — Reference method and field test procedure to demonstrate reference equivalence of measurement methods“.

5. *Tilvísunaraðferð við sýnatöku og mælingar á PM_{2,5}*

Tilvísunaraðferðin við sýnatöku og mælingar á PM_{2,5} er sú sem lýst er í EN 14907:2005, „Standard gravimetric measurement method for the determination of the PM_{2,5} mass fraction of suspended particulate matter“.

6. *Tilvísunaraðferð við sýnatöku og mælingar á benseni*

Tilvísunaraðferðin við mælingar á benseni er sú sem lýst er í EN 14662:2005, 1., 2. og 3. hluta, „Ambient air quality — Standard method for measurement of benzene concentrations“.

7. *Tilvísunaraðferð við mælingar á kolsýringi*

Tilvísunaraðferðin fyrir mælingar á kolsýringi er sú sem lýst er í EN 14626:2005, „Ambient air quality — Standard method for the measurement of the concentration of carbon monoxide by non-dispersive infrared spectroscopy“.

8. *Tilvísunaraðferð við mælingar á ósoni*

Tilvísunaraðferðin fyrir mælingar á ósoni er sú sem lýst er í EN 14625:2005, „Ambient air quality — Standard method for the measurement of the concentration of ozone by ultraviolet photometry“.

B. Staðfesting á jafngildi

1. Aðildarríki er heimilt að nota aðra aðferð, enda geti það sýnt fram á að hún gefi niðurstöður sem svara til þeirra sem fást með aðferðunum sem um getur í A-þætti, eða aðra aðferð, ef um er að ræða efnisagnir, sem aðildarríkið getur sýnt fram á að hafi stöðug vensl við tilvísunaraðferðina. Í því tilviki verður að leiðrétta niðurstöðurnar sem fást með þeirri aðferð til að fá niðurstöður sem eru jafngildar þeim sem fengist hefðu með tilvísunaraðferðinni.

2. Framkvæmdastjórnin getur krafist þess af aðildarríkjunum að þau taki saman og leggi fram skýrslu um staðfestingu á jafngildi í samræmi við 1. lið.
3. Framkvæmdastjórnin mun vísa til leiðbeininga sinna um staðfestingu á jafngildi (sem verða gefnar út) þegar hún metur ásættanleika skýrslunnar sem um getur í 2. lið. Ef aðildarríki hafa notað bráðabirgðapætti til að meta jafngildi skal staðfesta þá þætti og/eða breyta þeim með hliðsjón af leiðbeiningum framkvæmdastjórnarinnar.
4. Ef við á skulu aðildarríkin tryggja að leiðréttingin nái einnig til eldri mæligagna svo að samanburðarhæfi gagna verði betra.

C. Stöðlun

Fyrir mengandi lofttegundir skal staðla rúmmálið við hitastigið 293 K og loftþrýstinginn 101,3 kPa. Fyrir efnisagnir og efni sem greina á í formi agna (t.d. blý), skal rúmmál sýna miðast við umhverfisskilyrði með tilliti til hitastígs og loftþrýstings daginn sem mælingarnar eru gerðar.

D. Ný tæki

Öll ný tæki, sem keypt eru vegna framkvæmdar þessarar tilskipunar, skulu vera í samræmi við tilvísunaraðferðina eða jafngildi hennar eigi síðar en 11. júní 2011.

Öll tæki, sem notuð eru til fastra mælinga, skulu vera í samræmi við tilvísunaraðferðina eða jafngildi hennar eigi síðar en 11. júní 2011.

E. Gagnkvæm viðurkenning á gögnum

Lögbær yfirvöld og stofnanir, sem tilnefnd eru skv. 3. gr. til að framkvæma gerðarviðurkenningu sem sýnir fram á að tækin uppfylli nothæfiskröfur tilvísunaraðferðanna sem tilgreindar eru í A-þætti, skulu samþykkja prófunarskýrslur sem gefnar eru út í öðrum aðildarríkjum af rannsóknarstofum sem hafa faggildingu til slíkra prófana skv. EN ISO 17025.

VII. VIÐAUKI

MARKGILDI OG LANGTÍMAMARKMIÐ FYRIR ÓSON

A. Skilgreiningar og viðmiðanir

1. Skilgreiningar

AOT40 (gefið upp í $(\mu\text{g}/\text{m}^3) \cdot \text{h}$) er summa mismunarins á klukkustundarstyrk, sem er yfir $80 \mu\text{g}/\text{m}^3$ (= 40 milljarðshlutar), og yfir $80 \mu\text{g}/\text{m}^3$ á tilteknu tímabili þar sem eingöngu er stuðst við gildi fyrir eina klukkustund sem er mælt daglega milli klukkan 8:00 og 20:00 að Mið-Evróputíma (CET).

2. Viðmiðanir

Eftirfarandi viðmiðanir skulu notaðar til að kanna gildi gagna í tengslum við samantekt þeirra og útreikning á tölfræðilegum breytum:

Breyta	Hundraðshluti gilda gagna sem krafa er gerð um
Gildi fyrir eina klukkustund	75% (þ.e. 45 mínútur)
Gildi fyrir átta klukkustundir	75% af gildunum (þ.e. sex tímar)
Hæsta, daglega átta klukkustunda meðalgildi á hverjum sólarhring, reiknað út frá hlaupandi, klukkustundarmiðuðu meðaltali í átta klukkustundir	75% af hlaupandi, klukkustundarmiðuðu meðaltali átta klukkustunda (þ.e. 18 átta klukkustundarmeðaltöl á dag)
AOT40	90% af gildum fyrir eina klukkustund á því tímabili sem skilgreint er fyrir útreikninga á gildinu fyrir AOT40 ⁽¹⁾
Ársmeðaltal	75% af gildum fyrir eina klukkustund að sumri (apríl til september) og 75% að vetrarlagi (janúar til mars, október til desember), hvor árstíð um sig
Fjöldi tilvika þegar farið er yfir mörk og hámarksgildi hvers mánaðar	90% af daglegum hámarksmeðalgildum fyrir átta klukkustundir (27 fyrirbyggjandi daglegra gilda á mánuði) 90% af gildum fyrir eina klukkustund milli kl. 8:00 og 20:00 að Mið-Evróputíma
Fjöldi tilvika þegar farið er yfir mörk og hámarksgildi hvers árs	fimm af sex mánuðum að sumri (apríl til september)

(¹) Nota skal eftirfarandi stuðul til að reikna gildi fyrir AOT40 í þeim tilvikum þar sem á vantar að öll hugsanleg mæligögn liggi fyrir:

$$\text{AOT40}_{\text{mat}} = \text{AOT40}_{\text{mælt}} \times \frac{\text{hugsanlegur heildarfjöldi klukkustunda}^*}{\text{fjöldi mældra klukkustundargilda}}$$

(*) Fjöldi klukkustunda á tímabilinu sem gildir samkvæmt skilgreiningunni á AOT40 (þ.e. kl. 8:00 til 20:00 að Mið-Evróputíma frá 1. maí til 31. júlí hvers árs, að því er varðar gróðurvernd, og frá 1. apríl til 30. september hvers árs að því er varðar skógvernd).

B. Markgildi

Markmið	Meðaltími	Markgildi	Frestur sem er veittur til að virða markgildi ⁽¹⁾
Heilsuvernd manna	Hæsta átta klukkustunda meðalgildi á einum degi ⁽²⁾	$120 \mu\text{g}/\text{m}^3$, sem ekki má fara yfir oftar en 25 daga á almanaksári að meðaltali á þriggja ára tímabili ⁽³⁾	1.1.2010
Gróðurvernd	Maí til júlí	AOT40 (reiknað út frá gildum fyrir eina klukkustund) $18000 \mu\text{g}/\text{m}^3 \cdot \text{h}$, reiknað út frá meðaltali 5 ára ⁽³⁾	1.1.2010

(¹) Metið verður út frá þessari dagsetningu hvort markgildi séu virt. Gögn ársins 2010 verða fyrstu gögnin sem verða notuð við útreikninga á því hvort mörk verða virt næstu þrjú eða fimm ár, eftir því sem við á.

(²) Daglegur hámarksmeðalstyrkur í átta klukkustundir skal fundinn með því að athuga hlaupandi meðaltal átta klukkustunda, sem er reiknað út frá gögnum fyrir hverja klukkustund og uppfært einu sinni á klukkustund. Hvert þannig reiknað átta klukkustunda meðaltal skal fært á þann dag sem lok þess ber upp á, þ.e. fyrsta reikningstímabilið á tilteknum degi er tíminn frá 17:00 á deginum á undan fram til 01:00 á þessum tiltekna degi; síðasta reikningstímabilið á tilteknum degi er tíminn frá 16:00 til 24:00 á þeim degi.

(³) Ef meðaltal áranna þriggja eða fimm verður ekki ákvarðað á grundvelli fullnægjandi og samfelldra ársagna skulu árleg lágmarksgögn, sem krafist er til að skera úr um hvort markgildi eru virt, vera sem hér segir:

- fyrir markgildi heilsuverndar manna: gild gögn fyrir eitt ár,
- fyrir markgildi gróðurverndar: gild gögn fyrir þrjú ár.

C. Langtímamarkmið

Markmið	Meðaltími	Langtímamarkmið	Dagurinn þegar langtímamarkmið eiga að hafa náðst
Heilsuvernd manna	Hæsta átta klukkustunda meðaltal á almanaksári	120 $\mu\text{g}/\text{m}^3$	ekki skilgreint
Gróðurvernd	Mái til júlí	AOT40 (reiknað út frá gildum fyrir eina klukkustund) 6000 $\mu\text{g}/\text{m}^3 \cdot \text{h}$	ekki skilgreint

VIII. VIÐAUKI

Viðmiðanir fyrir flokkun og val á stöðum til sýnatöku við mat á styrk ósons

Eftirfarandi á við um fastar mælingar:

A. Val á sýnatökustöðum

Tegund stöðvar	Markmið mælingar	Dæmigerðar fyrir ⁽¹⁾	Viðmiðanir við val á sýnatökustöðum
Borg	Heilsuvernd manna til að meta váhrif af ósoni á borgarbúa, þ.e. þar sem byggð er tiltölulega þétt og styrkur ósons tiltölulega mikill og lýsandi fyrir váhrif á íbúana almennt	nokkra km ²	Fjarri áhrifum af staðbundinni losun, s.s. frá umferð, bensinstöðvum o.s.frv., opnir staðir þar sem þar sem loftið blandast vel í umhverfinu, staðir í borgum á borð við íbúðar- og viðskiptahverfi, almenningsgarða (fjarri trjám), breiðgötur eða torg þar sem umferð er lítil eða engin, opin svæði sem eru ætluð sem kennslu-, íþrótt eða útivistarastaða.
Úthverfi	Heilsuvernd manna og gróðurvernd: til að meta váhrif á íbúa og gróður í jafri þéttbýlisstaða þar sem ósonstyrkur er hæstur og vænta má að íbúarnir og gróðurinn verði fyrir beinum eða óbeinum váhrifum.	nokkra tugi km ²	Í tiltekinni fjarlægð frá svæðinu þar sem losun er mest, undan meginvindstefnu eða -stefnum, við skilyrði sem eru hagstæð fyrir myndun ósons, þar sem íbúar, viðkvæmar nytjaplöntur eða náttúruleg vistkerfi, sem eru í jafri þéttbýlisstaðar, verða fyrir váhrifum vegna mikils styrks ósons, einnig, eftir atvikum, nokkrar stöðvar í úthverfum vindmegin við svæðið þar sem losun er mest til að ákvarða bakgrunnsstyrk ósons á svæðinu
Dreifbýli	Heilsuvernd manna og gróðurvernd: til að meta váhrif á íbúa, nytjaplöntur og náttúruleg vistkerfi vegna styrks ósons á undirsvæðum	styrk á undirsvæðum (nokkur hundruð km ²)	Stöðvar mega vera á litlum þéttbýlisstöðum og/eða svæðum þar sem eru náttúruleg vistkerfi, skógur eða nytjaplöntur, dæmigert fyrir styrk ósons, fjarri áhrifum frá staðbundinni losun, svo sem frá iðjuverum og vegum, á opnum svæðum en ekki á háum fjallstindum
Bakgrunnsstöðvar í dreifbýli	Heilsuvernd manna og gróðurvernd: til að meta váhrif á nytjaplöntur og náttúruleg vistkerfi vegna styrks ósons á svæðinu, svo og váhrif á íbúana	styrk á svæðum/ innanlands/á meginlandinu (1000 til 10 000 km ²)	Stöðvar á strjálbýlum svæðum, t.d. með náttúrulegum vistkerfum eða skógi, á svæðum sem eru a.m.k. 20 km frá borgar- og iðnaðarsvæðum og fjarri staðbundinni losun, forðast skal staði þar sem hitahvarf getur orðið nærri jörðu, einnig tinda hárra fjalla, strandstöðvar þar sem gætir sterkra, staðbundinna sólfarsvinda eru ekki æskilegar.

⁽¹⁾ Sýnatökustaðir skulu einnig, þar sem unnt er, vera dæmigerðir fyrir svipaða staði sem eru utan næsta nágrennis þeirra.

Sýnatökustaðir á dreifbýlisstöðum og bakgrunnsstöðum í dreifbýli skulu, eftir atvikum, samræmdir kröfum um vöktun sem settar eru fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1737/2006 frá 7. nóvember 2006 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2152/2003 um vöktun á skógum og víxlverkun umhverfisþátta í Bandalaginu ⁽²⁾.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 334, 30.11.2006, bls. 1.

B. Uppsetning sýnatökubúnaðar

Fylgja skal verklagsreglum um uppsetningu sýnatökubúnaðar í C-þætti III. viðauka, eftir því sem við verður komið, og tryggja einnig að inntak sýnatökubúnaðarins sé í góðri fjarlægð frá upptökum á borð við útblástur frá bræðsluofnum og brennslustöðvum og fjar næsta vegi en 10 m og skal fjarlægðin aukast eftir því sem umferðin er meiri um veginn.

C. Skráning og endurskoðun á staðarvali

Fylgja skal verklagsreglum í D-þætti III. viðauka og vöktunargögnin skulu yfirfarin og túlkuð út frá veðurfræðilegum og ljósefnafræðilegum ferlum sem hafa áhrif á styrk ósons sem mælist á viðkomandi stöðum.

IX. VIÐAUKI

Viðmiðanir við ákvörðun á lágmarksfjölda sýnatökustaða við fastar mælingar á styrk ósons

- A. Lágmarksfjöldi sýnatökustaða vegna fastra, samfelldra mælinga sem gerðar eru til að meta hvort markgildi, langtímamarkmið, upplýsingamörk og viðvörðunarmörk, þar sem einu upplýsingarnar eru gögn úr slíkum mælingum, séu virt

Íbúar (× 1000)	Þéttbýlisstaðir (borgir og úthverfi) ⁽¹⁾	Önnur svæði (úthverfi og dreifbýli) ⁽¹⁾	Bakgrunnsstöðvar í dreifbýli
< 250		1	1 stöð fyrir hverja 50 000 km ² sem meðalþéttleiki á öllum svæðum í hverju land, ⁽²⁾
< 500	1	2	
< 1000	2	2	
< 1500	3	3	
< 2000	3	4	
< 2750	4	5	
< 3750	5	6	
> 3750	1 viðbótarstöð fyrir hverjar 2 milljónir íbúa	1 viðbótarstöð fyrir hverjar 2 milljónir íbúa	

⁽¹⁾ A.m.k. ein stöð í úthverfum þar sem líklegt er að íbúar verði fyrir mestum váhrifum. Á þéttbýlisstöðum skulu a.m.k. 50% stöðvanna vera í úthverfum.

⁽²⁾ Þar sem staðhættir eru margbreytilegir er æskilegt að ein stöð sé á hverja 25 000 km².

- B. Lágmarksfjöldi sýnatökustaða vegna fastra mælinga á svæðum og þéttbýlisstöðum þar sem langtímamarkmiðin hafa náðst

Fjöldi sýnatökustaða vegna mælinga á ósoni skal, í tengslum við annars konar mat, s.s. með gerð reiknilíkans um gæði lofts og mælingum á köfnunarefnistvíoxíði á sömu stöðum, vera nægilegur til að unnt sé að fylgjast með leitni að því er varðar ósonmengun og ganga úr skugga um hvort langtímamarkmiðunum hafi verið náð. Fækka má stöðvum í þéttbýli og á öðrum svæðum þannig að fjöldi þeirra verði þriðjungur þess fjölda sem tilgreindur er í A-þætti. Ef upplýsingar frá föstum mælistöðvum eru einu upplýsingarnar skal halda úti a.m.k. einni vöktunarstöð. Ef þetta verður til þess að engin mælistöð er lengur á tilteknu svæði þar sem frekara mat fer fram skal tryggja með samræmingu við fjölda stöðva á nálægum svæðum að unnt sé að meta styrk ósons með tilliti til settra langtímamarkmiða. Fjöldi bakgrunnsstöðva í dreifbýli skal vera einn á hverja 100 000 km².

X. VIÐAUKI

MÆLINGAR Á FOREFNUM ÓSONS

A. Markmið

Meginmarkmið mælinga af þessum toga er að greina hvers kyns leitni í tengslum við forefni ósons, kanna árangur af áætlunum sem miða að því að draga úr losun, kanna samræmi losunarskráa og auðvelda tenginguna milli upptaka losunar og mælds styrks mengunarefna.

Annað markmið er að auka skilning á myndun ósons og dreifingu forefna þess, svo og hvernig beita megi ljósefnafræðilegum reiknilíkönunum.

B. Efni

Mælingar á forefnum ósons skulu a.m.k. ná til köfnunarefnisoxíða (NO and NO₂) og viðeigandi, rokgjarnra, lífrænna efnasambanda. Hér fer skrá yfir rokgjörn, lífræn efnasambönd sem mælt er með að verði mæld:

	1-búten	ísópren	etýlbensen
etan	trans-2-búten	n-hexan	m + p-xýlen
etýlen	sis-2-búten	i-hexan	o-xýlen
asetýlen	1,3-bútadíen	n-heptan	1,2,4-trímetýlbensen
própan	n-pentan	n-oktan	1,2,3-trímetýlbensen
própen	i-pentan	i-oktan	1,3,5-trímetýlbensen
n-bútan	1-penten	Bensen	formaldehýð
i-bútan	2-penten	tólúen	Vetniskolefni alls, önnur en metan

C. Staðsetning

Mælingar skulu einkum gerðar á borgarsvæðum og í úthverfum við allar vöktunarstöðvar sem eru settar upp í samræmi við kröfur þessarar tilskipunar og teljast heppilegar í tengslum við framangreind markmið um vöktun sem um getur í A-þætti.

XI. VIÐAUKI

VIÐMIÐUNARMÖRK VEGNA HEILSUVERNDAR MANNA

A. Viðmiðanir

Með fyrirvara um I. viðauka skulu eftirfarandi viðmiðanir notaðar til að kanna gildi gagna við öflun þeirra og útreikning á tölfræðilegum breytum:

Breyta	Hundraðshluti gildra gagna sem krafa er gerð um
Gildi fyrir eina klukkustund	75% (þ.e. 45 mínútur)
Gildi fyrir átta klukkustundir	75% af gildunum (þ.e. sex tímar)
Hæsta átta klukkustunda meðalgildi á hverjum sólarhring	75% af hlaupandi, klukkustundarmiðuðu meðaltali átta klukkustunda (þ.e. 18 átta klukkustundarmeðaltöl á dag)
Gildi fyrir 24 klukkustundir	75% af klukkustundarmeðaltölum (þ.e. minnst 18 klukkustundarmeðaltöl)
Ársmeðaltal	90% ⁽¹⁾ af klukkustundargildunum eða (liggi þau ekki fyrir) sólarhringsgildunum.

(¹) Kröfur um útreikninga á ársmeðaltali ná ekki til gagna sem glatast vegna reglulegrar kvörðunar eða eðlilegs viðhalds tækjabúnaðarins.

B. Viðmiðunarmörk

Meðaltími	Viðmiðunarmörk	Vikmörk	Dagurinn þegar viðmiðunarmörk eiga að hafa náðst
Brennisteinstvíoxíð			
Ein klukkustund	350 µg/m ³ , sem ekki má fara yfir oftar en 24 sinnum á almanaksári	150 µg/m ³ (43%)	— (¹)
Einn sólarhringur	125 µg/m ³ , sem ekki má fara yfir oftar en 3 sinnum á almanaksári	Engin	— (¹)
Köfnunarefnistvíoxíð			
Ein klukkustund	200 µg/m ³ , sem ekki má fara yfir oftar en 18 sinnum á almanaksári	50% þann 19. júlí 1999, skerðist 1. janúar 2001 og síðan á tólf mánaða fresti um jafnan hundraðshluta á ári þannig að markið 0% náist 1. janúar 2010	1. janúar 2010
Almanaksár	(40 µg/m ³)	50% þann 19. júlí 1999, skerðist 1. janúar 2001 og síðan á tólf mánaða fresti um jafnan hundraðshluta á ári þannig að markið 0% náist 1. janúar 2010	1. janúar 2010
Bensen			
Almanaksár	(5 µg/m ³)	5 µg/m ³ (100%) þann 13. desember 2000, skerðist 1. janúar 2006 og síðan á 12 mánaða fresti um 1 µg/m ³ þannig að markið 0% náist 1. janúar 2010	1. janúar 2010
Kolsýringur			
daglegt hámarksmeðaltal fyrir átta klukkustundir (²)	10 mg/m ³	60 %	— (¹)

Meðaltími	Viðmiðunarmörk	Vikmörk	Dagurinn þegar viðmiðunarmörk eiga að hafa náðst
Blý			
Almanaksár	0,5 µg/m ³ ⁽³⁾	100 %	— ⁽³⁾
PM ₁₀			
Einn sólarhringur	50 µg/m ³ , sem ekki má fara yfir oftar en 35 sinnum á almanaksári	50 %	— ⁽¹⁾
Almanaksár	(40 µg/m ³)	20 %	— ⁽¹⁾

⁽¹⁾ Í gildi frá 1. janúar 2005

⁽²⁾ Daglegur hámarksmeðalstyrkur í átta klukkustundir er fundinn með því að skoða hlaupandi, átta klukkustunda meðaltöl, sem eru reiknuð út frá gögnum fyrir hverja klukkustund og uppfærð einu sinni á klukkustund. Hvert þannig reiknað átta klukkustunda meðaltal er fært á þann dag sem lok þess ber upp á, þ.e. fyrsta reikningstímabilið á tilteknum degi er tíminn frá 17:00 deginum á undan fram til 01:00 á þessum tiltekna degi, en síðasta reikningstímabilið á tilteknum degi er tíminn frá 16:00 til 24:00 á þeim degi.

⁽³⁾ Í gildi frá 1. janúar 2005. Viðmiðunarmörk sem ekki þurfa að nást fyrr en 1. janúar 2010 í næsta nágrenni sérstakra upptaka frá iðnaði á stöðum sem hafa verið mengaðir áratugum saman vegna iðnaðarstarfsemi. Í þeim tilfellum skulu viðmiðunarmörkin vera 1,0 µg/m³ til 1. janúar 2010. Svæðið, þar sem hærrí viðmiðunarmörk gilda, má ekki ná lengra en 1000 m frá þeim sérstöku upptökum sem að framan greinir.

XII. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAMÖRK OG VIÐVÖRUNARMÖRK

A. Viðvörðunarmörk fyrir önnur mengunarefni en óson

Mælt skal í þrjár klukkustundir samfleytt á stöðum sem eru dæmigerðir fyrir loftgæði á a.m.k. 100 km², eða á öllu svæðinu eða þéttbýlisstaðnum, eftir því hvort er smærra.

Mengunarefni	Viðvörðunarmörk
Brennisteinstvíoxíð	500 µg/m ³
Köfnunarefnistvíoxíð	400 µg/m ³

B. Upplýsingamörk og viðvörðunarmörk fyrir óson

Markmið	Meðaltími	Mörk
Til upplýsingar	Ein klukkustund	180 µg/m ³
Til viðvörðunar	Ein klukkustund ⁽¹⁾	240 µg/m ³

⁽¹⁾ Að því er varðar framkvæmd 24. gr. skal mæla hversu mikið hefur verið farið yfir mörk þrjár klukkustundir samfleytt eða setja fram spá um það.

*XIII. VIÐAUKI***HÆTTUMÖRK VEGNA GRÓÐURVERNDAR**

Meðaltími	Hættumörk	Vikmörk
Brennisteinstvíoxíð		
Almanaksár og vetur (1. október til 31. mars)	20 µg/m ³	Engin
Köfnunarefnisoxíð		
Almanaksár	30 µg/m ³ NO _x	Engin

XIV. VIÐAUKI

**LANDSBUNDIN MARKMIÐ UM MINNKUN VÁHRIFA, MARKGILDI OG VIÐMIÐUNARMÖRK
FYRIR PM_{2,5}**

A. Meðalváhrifavísir

Meðalváhrifavísirinn, gefinn upp í $\mu\text{g}/\text{m}^3$, skal grundvallast á mælingum á bakgrunnsstöðum á svæðum í borgum og þéttbýlisstöðum á öllu yfirráðasvæði aðildarríkis. Vísirinn skal vera metinn sem hlaupandi ársmeðaltal þriggja samfelldra almanaksára, reiknað af meðaltali allra sýnatökustaða sem settir eru upp skv. B-þætti V. viðauka. Meðalváhrifavísirinn fyrir viðmiðunarárið 2010 skal vera meðalstyrkur árunna 2008, 2009 og 2010.

Þar sem gögn fyrir 2008 eru ekki fyrirliggjandi mega aðildarríkin þó nota meðalstyrk árunna 2009 og 2010 eða meðalstyrk árunna 2009, 2010 og 2011. Þau aðildarríki sem notfæra sér þessa möguleika skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um ákvarðanir sínar eigi síðar en 11. september 2008.

Meðalváhrifavísir fyrir árið 2020 skal vera árlegur meðalstyrkur þriggja hlaupandi ára, reiknaður sem meðaltal á öllum þessum sýnatökustöðum fyrir árin 2018, 2019 og 2020. Meðalváhrifavísirinn er notaður við athugun á því hvort markmið hvers lands um sig varðandi minnkun váhrifa hafi náðst.

Meðalváhrifavísir fyrir árið 2015 skal vera árlegur meðalstyrkur þriggja hlaupandi ára, reiknaður sem meðaltal á öllum þessum sýnatökustöðum fyrir árin 2013, 2014 og 2015. Meðalváhrifavísirinn er notaður við athugun á hvort skuldbindingin varðandi umfang váhrifa hafi náðst.

B. Landsbundin markmið um minnkun váhrifa

Markmið um minnkun váhrifa í hlutfalli við meðalváhrifavísinn 2010		Árið þegar markmið um minnkun váhrifa á að hafa náðst
Upphafsstyrkur í $\mu\text{g}/\text{m}^3$	Markmið um minnkun í hundraðshlutum	2020
< 8,5 = 8,5	0 %	
> 8,5 — < 13	10 %	
= 13 — < 18	15 %	
= 18 — < 22	20 %	
≥ 22	Allar viðeigandi ráðstafanir til að ná 18 $\mu\text{g}/\text{m}^3$	

Ef meðalváhrifavísirinn á viðmiðunarárinu er 8,5 $\mu\text{g}/\text{m}^3$ eða lægri skal markmiðið um minnkun váhrifa vera núll. Ef meðalváhrifavísirinn nær styrknum 8,5 $\mu\text{g}/\text{m}^3$ einhvern tímann á tímabilinu 2010 til 2020 og er haldið þar, eða undir honum, skal markmiðið um minnkun váhrifa einnig vera núll.

C. Skuldbinding varðandi umfang váhrifa

Skuldbinding varðandi umfang váhrifa	Árið þegar gildin í tengslum við skuldbindinguna eiga að hafa náðst
20 $\mu\text{g}/\text{m}^3$	2015

D. Markgildi

Meðaltími	Markgildi	Dagurinn þegar markgildi á að hafa verið náð
Almanaksár	25 $\mu\text{g}/\text{m}^3$	1. janúar 2010

E. Viðmiðunarmörk

Meðaltími	Viðmiðunarmörk	Vikmörk	Dagurinn þegar viðmiðunarmörk eiga að hafa náðst
1. þREP			
Almanaksár	25 µg/m ³	20% 11. júní 2008, skerðist næsta 1. janúar og síðan á tólf mánaða fresti um jafnan hundraðshluta á ári þannig að markið 0% náist 1. janúar 2015	1. janúar 2015
2. þREP ⁽¹⁾			
Almanaksár	20 µg/m ³		1. janúar 2020

⁽¹⁾ 2. þrep – framkvæmdastjórnin skal endurskoða leiðbeinandi viðmiðunarmörk 2013 í ljósi frekari upplýsinga um heilbrigðis- og umhverfisáhrif, tæknilegan framkvæmanleika og reynsluna af markgildinu í aðildarríkjunum.

*XV. VIÐAUKI***Upplýsingar sem skulu koma fram í stað-, svæðis- eða landsbundnum áætlunum um aukin gæði andrúmslofts****A. Upplýsingar sem veita skal skv. 23. gr. (áætlanir um loftgæði)**1. *Staður þar sem mengun hefur verið umfram leyfileg mörk:*

- a) svæði,
- b) borg (kort),
- c) mælistöð (kort, landhnit).

2. *Almennar upplýsingar*

- a) tegund svæðis (borg, iðnaðarsvæði eða dreifbýli),
- b) áætluð stærð mengaða svæðisins (km²) og áætlaður fjöldi íbúa sem varð fyrir menguninni,
- c) gagnlegar loftslagsupplýsingar,
- d) gögn sem skipta máli fyrir svæðislýsingu,
- e) nægilegar upplýsingar um það hvaða þættir það eru sem vernda þarf á svæðinu.

3. *Ábyrg yfirvöld*

Nöfn og heimilisföng manna sem bera ábyrgð á þróun og framkvæmd áætlana til úrbóta.

4. *Eðli mengunar og mat á henni*

- a) styrkur sem mælst hefur undanfarandi ár (áður en ráðstafanir til úrbóta voru gerðar),
- b) styrkur sem mælst hefur eftir að framkvæmd áætlunarinnar hófst,
- c) matsaðferðir.

5. *Uppruni mengunar*

- a) skrá yfir helstu upptök losunar sem valda mengun (kort),
- b) heildarmagn losunar frá þessum upptökum (tonn á ári),
- c) upplýsingar um mengun sem kemur að frá öðrum svæðum.

6. *Greining ástands*

- a) nákvæmar upplýsingar um þá þætti sem valda því að farið er yfir mörk (t.d. flutningar, þ.m.t. flutningar yfir landamæri, myndun fylgimengunarefna í andrúmsloftinu),
- b) nákvæmar upplýsingar um hugsanlegar ráðstafanir til að auka loftgæði.

7. *Nákvæmar upplýsingar um þær ráðstafanir eða áætlanir til úrbóta sem fyrir voru þann 11. júní 2008, þ.e.:*

- a) svæðisbundnar, landsbundnar, alþjóðlegar ráðstafanir,
- b) staðfest áhrif vegna þessara ráðstafana.

8. *Nákvæmar upplýsingar um ráðstafanir eða áætlanir sem samþykktar voru í því skyni að draga úr mengun eftir að þessi tilskipun tók gildi:*
 - a) upptalning og lýsing á öllum ráðstöfunum sem settar eru fram í tengslum við áætlunina,
 - b) tímaáætlun um framkvæmd,
 - c) mat á fyrirhuguðum úrbótum á loftgæðum og sá tími sem áætlað er að þurfi til að ná þessum markmiðum.
9. *Nákvæmar upplýsingar um ráðstafanir eða áætlanir sem eru fyrirhugaðar eða eru í athugun með langtímamarkmið i huga.*
10. *Skrá yfir rit, skjöl, verk o.s.frv. sem notuð eru sem viðbót við upplýsingarnar sem er krafist í þessum viðauka.*

B. Upplýsingar sem veita skal skv. 1. mgr. 22. gr.

1. Allar upplýsingar sem mælt er fyrir um í A-þætti.
2. Upplýsingar um stöðu framkvæmdar eftirfarandi tilskipana:
 1. Tilskipun ráðsins 70/220/EBE frá 20. mars 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ráðstafanir gegn loftmengun frá vélknúnum ökutækjum ⁽²²⁾.
 2. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/63/EB frá 20. desember 1994 um varnir vegna losunar rokgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC) við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensinstöðva ⁽²³⁾.
 3. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/1/EB frá 15. janúar 2008 um samþættar ráðstafanir til að fyrirbyggja og takmarka mengun ⁽²⁴⁾.
 4. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/68/EB frá 16. desember 1997 um samræmingu laga aðildarríkjanna er varða ráðstafanir gegn losun mengandi lofttegunda og agna frá brunahreyflum færanlegra véla sem ekki eru notaðar á vegum ⁽²⁵⁾.
 5. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/70/EB frá 13. október 1998 um gæði bensins og dísileldsneytis ⁽²⁶⁾.
 6. Tilskipun ráðsins 1999/13/EB frá 11. mars 1999 um takmörkun á losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysiefna við tiltekna starfsemi og í tilteknum starfsstöðvum ⁽²⁷⁾.
 7. Tilskipun ráðsins 1999/32/EB frá 26. apríl 1999 um að draga úr magni brennisteins í tilteknum tegundum fljótandi eldsneytis ⁽²⁸⁾,
 8. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/76/EB frá 4. desember 2000 um brennslu úrgangs ⁽²⁹⁾.
 9. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/80/EB frá 23. október 2001 um takmörkun á losun tiltekinna mengunarefna frá stórum brennsluverum út í andrúmsloftið.
 10. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/81/EB frá 23. október 2001 um landsbundin efri mörk losunar fyrir tiltekin loftmengunarefni.

⁽²²⁾ Stjtið. EB L 76, 6.4.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2006/96/EB (Stjtið. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 81).

⁽²³⁾ Stjtið. EB L 365, 31.12.1994, bls. 24. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

⁽²⁴⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2008, bls. 8.

⁽²⁵⁾ Stjtið. EB L 59, 27.2.1998, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2006/105/EB.

⁽²⁶⁾ Stjtið. EB L 350, 28.12.1998, bls. 58. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

⁽²⁷⁾ Stjtið. EB L 85, 29.3.1999, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/42/EB (Stjtið. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 87).

⁽²⁸⁾ Stjtið. EB L 121, 11.5.1999, bls. 13. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/33/EB (Stjtið. ESB L 191, 22.7.2005, bls. 59).

⁽²⁹⁾ Stjtið. EB L 332, 28.12.2000, bls. 91.

11. Tilskipun ráðsins 2004/42/EB frá 21. apríl 2004 um takmörkun á losun rokkgjarnra, lífrænna efnasambanda vegna notkunar lífrænna leysiefna í tiltekinni málningu og lakki og efnun til lakkviðgerða á ökutækjum ⁽³⁰⁾.
 12. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/33/EB frá 6. júlí 2005 um breytingu á tilskipun 1999/32/EB að því er varðar brennisteinsinnihald skipaeldsneytis ⁽³¹⁾.
 13. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/55/EB frá 28. september 2005 um samræmingu laga aðildarríkjanna um ráðstafanir sem ber að gera til að stemma stígu við losun mengandi lofttegunda og efnisagna frá þjöppukveikjuhreyflum til notkunar í ökutæki og losun mengandi lofttegunda frá rafkveikjuhreyflum, knúnum með jarðgasi eða fljótandi jarðolíugasi, sem eru ætlaðir til notkunar í ökutæki ⁽³²⁾.
 14. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/32/EB frá 5. apríl 2006 um orkunýtni á lokastigi og þjónustu á sviði orkumála ⁽³³⁾.
3. Upplýsingar um allar ráðstafanir til að draga úr mengun sem komið hefur til greina að gera á viðeigandi staðar-, svæðis- eða landsvísu í tengslum við það að ná markmiðum um loftgæði, þ.m.t.:
- a) að draga úr losun frá kyrrstæðum upptökum með því að sjá til þess að lítil eða meðalstór, kyrrstæð upptök mengandi brennslu (þ.m.t. á lífmassa) séu búnar mengunarvarnarbúnaði eða þeim sé skipt út,
 - b) að draga úr losun frá ökutækjum með ísetningu mengunarvarnarbúnaðar. Tekið skal til athugunar að nota hagrænan hvata til að hraða upptöku á honum,
 - c) innkaup opinberra yfirvalda, í samræmi við Handbókina um umhverfissvæn, opinber innkaup, á ökutækjum, eldsneyti og brennslubúnaði til að draga úr losun, þ.m.t. innkaup á:
 - nýjum ökutækjum, þ.m.t. ökutæki með lítilli losun mengunarefna,
 - flutningaþjónustu með vistvænni farartækjum,
 - kyrrstæðum brennsluupptökum sem lítil losun fylgir,
 - lítt mengandi eldsneyti fyrir kyrrstæð og hreyfanleg upptök,
 - d) ráðstafanir til að draga úr losun vegna flutninga með umferðarskipulagningu og -stjórnun (þ.m.t. gjaldtaka sem miðast við umferðarálag, mismunandi bilastæðagjald eða aðrir hagrænir hvatar og stofnun svæða þar sem losun er lítil),
 - e) ráðstafanir sem stuðla að umskiptum yfir í flutninga sem minni mengun fylgir,
 - f) að séð sé til þess að notað verði eldsneyti sem veldur minni losun í litlum, meðalstórum og stórum, kyrrstæðum og færanlegum upptökum.
 - g) ráðstafanir til að draga úr loftmengun með leyfakerfinu samkvæmt tilskipun 2008/1/EB, áætlunum hvers lands um sig samkvæmt tilskipun 2001/80/EB og með notkun efnahagslegra stjórntækja, s.s. skatta, gjalda eða viðskipta með losunarheimildir,
 - h) ráðstafanir til verndar heilsu barna eða annarra viðkvæmra hópa, eftir því sem við á.

⁽³⁰⁾ Stjtið. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 87.

⁽³¹⁾ Stjtið. ESB L 191, 22.7.2005, bls. 59.

⁽³²⁾ Stjtið. ESB L 275, 20.10.2005, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 715/2007 (Stjtið. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 1).

⁽³³⁾ Stjtið. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 64.

XVI. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR TIL ALMENNINGS

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að uppfærðar upplýsingar um styrk þeirra mengunarefna í andrúmslofti, sem þessi tilskipun tekur til, séu reglulega gerðar aðgengilegar almenningi.
2. Styrkur í andrúmslofti skal gefinn sem meðalgildi í samræmi við viðeigandi meðaltíma sem mælt er fyrir um í VII. viðauka og XI. til XIV. viðauka. Upplýsingarnar skulu a.m.k. tilgreina allan styrk sem er umfram markmið um gæði andrúmslofts, þ.m.t. viðmiðunarmörk, markgildi, viðvörunarmörk, upplýsingamörk og langtímamarkmið. Þær skulu einnig fela í sér gróft mat að því er varðar markmið um gæði andrúmslofts og viðeigandi upplýsingar er varða áhrif á heilbrigði eða, eftir atvikum, gróður.
3. Upplýsingar um styrk brennisteinstvíoxíðs, köfnunarefnistvíoxíðs, efnisagna (að minnsta kosti PM₁₀), ósons og kolsýrings í andrúmslofti skulu uppfærðar a.m.k. daglega og á hverri klukkustund ef því verður við komið. Upplýsingar um styrk blýs og bensens í andrúmslofti, gefnar sem meðalgildið fyrir síðustu 12 mánaða, skulu uppfærðar á þriggja mánaða fresti og mánaðarlega ef því verður við komið.
4. Aðildarríkin skulu sjá til þess að upplýsingar um raunveruleg eða fyrirséð tilvik þegar farið er yfir viðvörunarmörk og öll upplýsingamörk séu lagðar tímanlega fyrir almenning. Í framlögðum upplýsingum skulu koma fram a.m.k. eftirfarandi atriði:
 - a) Upplýsingar um staðfest tilvik þegar farið er yfir mörk,
 - staður eða svæði þar sem farið er yfir mörk,
 - mörk sem farið er yfir (upplýsingamörk eða viðvörunarmörk),
 - sá tími þegar fyrst er farið yfir mörkin og hve lengi slíkt varir,
 - mesti styrkur einnar klukkustundar og að auki mesti meðalstyrkur átta klukkustunda þegar um óson er að ræða,
 - b) spá fyrir næsta eða næstu síðdegi eða daga:
 - landsvæði, þar sem þess er vænst að farið verði yfir upplýsingamörk og/eða viðvörunarmörk,
 - breytingar, sem vænst er að verði á mengun (framför, kyrrstaða eða afturför), ásamt ástæðunum fyrir þessum breytingum,
 - c) upplýsingar um hópa fólks sem málið varðar, hugsanleg áhrif á heilbrigði og ráðleggingar um viðbrögð,
 - upplýsingar um hópa fólks sem búa við áhættu,
 - lýsing á líklegum einkennum,
 - varúðarráðstafanir, sem mælt er með að viðkomandi hópar grípi til,
 - hvar finna megi frekari upplýsingar,
 - d) upplýsingar um forvarnaraðgerðir til að draga úr mengun og/eða váhrifum vegna hennar, ábendingar um hvaða geirar valda mestri mengun og tillögur um aðgerðir til að draga úr losun,
 - e) ef þess er vænst að farið verði yfir mörk skulu aðildarríkin grípa til aðgerða til að tryggja að sem gleggstar upplýsingar verði veittar um það, eftir því sem við verður komið.

XVII. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Þessi tilskipun	Tilskipun 96/62/EB	Tilskipun 1999/30/EB	Tilskipun 2000/69/EB	Tilskipun 2002/3/EB
1. gr.	1. gr.	1. gr.	1. gr.	1. gr.
1. til 5. mgr. 2. gr.	1. til 5. mgr. 2. gr.	—	—	—
6. og 7. mgr. 2. gr.	—	—	—	—
8. mgr. 2. gr.	8. mgr. 2. gr.	7. mgr. 2. gr.	—	—
9. mgr. 2. gr.	6. mgr. 2. gr.	—	—	9. mgr. 2. gr.
10. mgr. 2. gr.	7. mgr. 2. gr.	6. mgr. 2. gr.	—	11. mgr. 2. gr.
11. mgr. 2. gr.	—	—	—	12. mgr. 2. gr.
12. og 13. mgr. 2. gr.	—	13. og 14. mgr. 2. gr.	a- og b-liður 2. gr.	—
14. mgr. 2. gr.	—	—	—	10. mgr. 2. gr.
15. og 16. mgr. 2. gr.	9. og 10. mgr. 2. gr.	8. og 9. mgr. 2. gr.	—	7. og 8. mgr. 2. gr.
17. og 18. mgr. 2. gr.	—	11. og 12. mgr. 2. gr.	—	—
19. til 23. mgr. 2. gr.	—	—	—	—
24. mgr. 2. gr.	—	10. mgr. 2. gr.	—	—
25. og 26. mgr. 2. gr.	5. mgr. 6. gr.	—	—	—
27. mgr. 2. gr.	—	—	—	13. mgr. 2. gr.
28. mgr. 2. gr.	—	—	—	3. mgr. 2. gr.
3. gr., að undanskildum f-lið 1. mgr.	3. gr.	—	—	—
f-liður 1. mgr. 3. gr.	—	—	—	—
4. gr.	9. og 10. mgr. 2. gr, 1. mgr. 6. gr.	—	—	—
5. gr.	—	1. mgr. 7. gr.	1. mgr. 5. gr.	—
1. til 4. mgr. 6. gr.	1. til 4. mgr. 6. gr.	—	—	—
5. mgr. 6. gr.	—	—	—	—
7. gr.	—	2. og 3. mgr. 7. gr., með breytingum	2. og 3. mgr. 5. gr., með breytingum	—
8. gr.	—	5. mgr. 7. gr.	5. mgr. 5. gr.	—
9. gr.	—	—	—	Fyrsta og önnur undirgrein 1. mgr. 9. gr.
10. gr.	—	—	—	1. til 3. mgr. 9. gr., með breytingum
11. mgr. 1. gr.	—	—	—	9. mgr. 4. gr.
11. mgr. 2. gr.	—	—	—	—
12. gr.	9. gr.	—	—	—
13. mgr. 1. gr.	—	1. mgr. 3. gr., 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 5. gr. og 6. gr.	1. mgr. 3. gr. og 4. gr.	—

Bessi tilskipun	Tilskipun 96/62/EB	Tilskipun 1999/30/EB	Tilskipun 2000/69/EB	Tilskipun 2002/3/EB
2. mgr. 13. gr.	—	2. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 4. gr.	—	—
3. mgr. 13. gr.	—	5. mgr. 5. gr.	—	—
14. gr.	—	1. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 4. gr., með breytingum	—	—
15. gr.	—	—	—	—
16. gr.	—	—	—	—
1. mgr. 17. gr.	—	—	—	1. mgr. 3. gr. og 1. mgr. 4. gr.
2. mgr. 17. gr.	—	—	—	2. og 3. mgr. 3. gr.
3. mgr. 17. gr.	—	—	—	2. mgr. 4. gr.
18. gr.	—	—	—	5. gr.
19. gr.	10. gr., með breytingum	3. mgr. 8. gr.	—	6. gr., með breytingum
20. gr.	—	4. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 5. gr., með breytingum	—	—
21. gr.	—	—	—	—
22. gr.	—	—	—	—
23. gr.	1. til 4. mgr. 8. gr., með breytingum	—	—	—
24. gr.	3. mgr. 7. gr., með breytingum	—	—	7. gr., með breytingum
25. gr.	5. mgr. 8. gr., með breytingum	—	—	8. gr., með breytingum
26. gr.	—	8. gr., með breytingum	7. gr., með breytingum	6. gr., með breytingum
27. gr.	11. gr., með breytingum	Önnur undirgrein 2. mgr. 5. gr.	—	10. gr., með breytingum
1. mgr. 28. gr.	1. mgr. 12. gr., með breytingum	—	—	—
2. mgr. 28. gr.	11. gr., með breytingum	—	—	—
3. mgr. 28. gr.	—	—	—	—
4. mgr. 28. gr.	—	IX. viðauki, með breytingum	—	—
29. gr.	2. mgr. 12. gr.	—	—	—
30. gr.	—	11. gr.	9. gr.	14. gr.
31. gr.	—	—	—	—
32. gr.	—	—	—	—
33. gr.	13. gr.	12. gr.	10. gr.	15. gr.
34. gr.	14. gr.	13. gr.	11. gr.	17. gr.
35. gr.	15. gr.	14. gr.	12. gr.	18. gr.
I. viðauki	—	VIII. viðauki, með breytingum	VI. viðauki	VII. viðauki
II. viðauki	—	V. viðauki, með breytingum	III. viðauki	—
III. viðauki	—	VI. viðauki	IV. viðauki	—

Þessi tilskipun	Tilskipun 96/62/EB	Tilskipun 1999/30/EB	Tilskipun 2000/69/EB	Tilskipun 2002/3/EB
IV. viðauki	—	—	—	—
V. viðauki	—	VII. viðauki, með breytingum	V. viðauki	—
VI. viðauki	—	IX. viðauki, með breytingum	VII. viðauki	VIII. viðauki
VII. viðauki	—	—	—	I. viðauki, II. þáttur III. viðauka
VIII. viðauki	—	—	—	IV. viðauki
IX. viðauki	—	—	—	V. viðauki
X. viðauki	—	—	—	VI. viðauki
XI. viðauki	—	I. þáttur I. viðauka, I. þáttur II. viðauka og III. viðauki (með breytingum), IV. viðauki (óbreyttur)	I. viðauki, II. viðauki	—
XII. viðauki	—	II. þáttur I. viðauka, II. þáttur II. viðauka	—	I. þáttur II. viðauka
XIII. viðauki	—	I. þáttur I. viðauka, I. þáttur II. viðauka	—	—
XIV. viðauki	—	—	—	—
A-þáttur XV. viðauka	IV. viðauki	—	—	—
B-þáttur XV. viðauka	—	—	—	—
XVI. viðauki	—	8. gr.	7. gr.	6. gr., með breytingum

YFIRLÝSING FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna tekur tillit til texta tilskipunarinnar um gæði andrúmslofts og hreinna loft í Evrópu sem ráðið og Evrópuþingið hafa samþykkt. Framkvæmdastjórnin tekur sérstakt tillit til þeirrar áherslu sem Evrópuþingið og aðildarríkin leggja á ráðstafanir Bandalagsins til að draga úr losun loftmengunarefna við upptök, sbr. 4. mgr. 22. gr. og 16. forsendu.

Framkvæmdastjórnin viðurkennir þörfina á að draga úr losun á skaðlegum loftmengunarefnum ef umtalsverðar framfarir eiga að verða í þá átt að ná þeim markmiðum sem fastsett voru í sjöttu aðgerðaáætluninni á sviði umhverfismála. Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar er varðar þemaáætlun um loftmengun er settur fram umtalsverður fjöldi hugsanlegra ráðstafana Bandalagsins. Umtalsverður árangur hefur náðst með þeim og öðrum ráðstöfunum síðan þemaáætlunin var samþykkt:

- ráðið og þingið hafa þegar samþykkt nýja löggjöf sem takmarkar losun vegna útblásturs frá léttum ökutækjum,
- framkvæmdastjórnin hefur samþykkt tillögu að nýrri löggjöf til að auka skilvirkni löggjafar Bandalagsins um losun vegna iðnaðar, þ.m.t. þéttbærar landbúnaðarstöðvar, og ráðstafanir til að takast á við losun vegna brennslu frá smærri iðnaðarupptökum,
- framkvæmdastjórnin hefur samþykkt tillögu að nýrri löggjöf um takmörkun á losun með útblæstri úr hreyflum þungra ökutækja.
- Framkvæmdastjórnin hefur áform um tillögur að nýrri löggjöf árið 2008 sem myndu hafa í för með sér:
 - enn frekari minnkun á leyfilegri, landsbundinni losun aðildarríkjanna,
 - að dregið verði úr losun sem verður við áfyllingu bensínbíla á bensínstöðvum,
 - að strangari reglur verði settar um brennisteinsinnihald eldsneytis, þ.m.t. skipaeldsneyti.
- Einnig er hafin undirbúningsvinna fyrir rannsókn á því:
 - hvort bæta megi visthönnun og draga úr losun frá kötlum og vatnshiturum á heimilum,
 - hvort draga megi úr innihaldi leysis í málningu, lakki og efnum til lakkviðgerða á ökutækjum,
 - hvort draga megi úr losun með útblæstri frá færanlegum vélbúnaði til nota utan vega og hámarka þannig ávinninginn af eldsneyti með lægra brennisteinsinnihaldi til nota í slíkum búnaði utan vega sem framkvæmdastjórnin hefur þegar lagt til.
- Framkvæmdastjórnin heldur einnig áfram að þrýsta á Alþjóðasiglingamálastofnunina um umtalsverða minnkun á losun frá skipum og einsetur sér að leggja fram tillögur um ráðstafanir Bandalagsins ef það bregst að Alþjóðasiglingamálastofnunin leggi fram nægilega metnaðarfullar tillögur 2008.

Framkvæmdastjórnin heldur þó fast við markmið sín í áætluninni um betri reglusetningu og þörfina á að renna stöðum undir tillögur með heildarmati á áhrifum og ávinningi. Með hliðsjón af því, og í samræmi við stofnsáttmála Evrópubandalagsins, mun framkvæmdastjórnin því halda áfram að meta þörfina á því að leggja fram tillögur að nýrri löggjöf, en áskilur sér rétt til að ákveða hvort og hvenær skuli leggja fram slíkar tillögur.

YFIRLÝSING FRÁ HOLLENSKUM STJÓRNVÖLDUM

Hollensk stjórnvöld hafa ávallt stutt þróun metnaðarfullrar og skilvirkrar evrópskrar stefnu um gæði andrúmslofts og munu gera það áfram. Þau er því ánægð með málamiðlunarsamkomulagið sem ráðið og Evrópuþingið samþykkti og óska þinginu, framkvæmdastjórninni og formennskuríkinu til hamingju með árangurinn. Nýja tilskipunin um gæði andrúmslofts markar umtalsverðar framfarir, bæði fyrir umhverfið og lýðheilsu.

Eins og stjórnvöld í Hollandi bentu á þegar unnið var að sameiginlegu afstöðunni hefur þróun yfir landamæri mikil áhrif á gæði andrúmslofts í Hollandi og mikill ávinningur verður því af skilvirkri, evrópskri nálgun fyrir landið. Það varðar Holland mestu að í tilskipuninni sé jafnvægi milli evrópskra og landsbundinna ráðstafana, svo og að markmiðum um gæði andrúmslofts verði náð innan raunhæfra tímamarka. Það er forsenda þess að aðildarríkin geti náð þeim metnaðarfullu markmiðum sem sett hafa verið.

Hollensk stjórnvöld lýsa ánægju sinni með þá yfirlýsingu framkvæmdastjórnarinnar að hún muni kynna ráðstafanir Bandalagsins tímanlega. Traust, evrópsk stefna um að ráðast gegn mengun við upptök er nauðsynleg til að loftgæðastöðlunum verði náð tímanlega innan Evrópusambandsins alls. Í þessu sambandi vilja hollensk stjórnvöld benda sérstaklega á skort á gögnum og ríkjandi óvissu um losun og styrk fingerðra efnisagna ($PM_{2.5}$). Þau munu að sjálfsögðu leitast af fremsta megni við að uppfylla markmið tilskipunarinnar á tilskildum tíma. Miðað við þá þekkingu sem við búum nú yfir ætti það að mestu leyti að vera framkvæmanlegt. Hollenska stjórnin er að þróa innlenda samvinnuáætlun um gæði andrúmslofts til að fást við þá staði þar sem stöðugt er farið yfir efri mörk losunar svo að þar megi líka uppfylla loftgæðastaðla á tilskildum tíma.

Holland lýsir ánægju sinni með að ráðið og Evrópuþingið gátu lokið annarri umræðu sinni nógu snemma til að tilskipunin komi til framkvæmda snemma á árinu 2008. Það er nauðsynlegt vegna okkar eigin áætlunar, sem og vegna aðgerða í löndunum í kringum okkur. Hollensk stjórnvöld munu gera sitt besta til að sjá til þess að innlenda samstarfsáætlunin og allar staðbundnu ráðstafanirnar og svæðisráðstafanirnar verði fullnægjandi.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 690/2009

2012/EES/59/02

frá 30. júlí 2009

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 um sameiginlegar reglur um almenningflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 skulu framleiðsluvörur, hlutar þeirra og búnaður fullnægja kröfum um umhverfisvernd í 16. viðauka við samninginn um alþjóðlegt almenningflug (hér á eftir nefndur Chicago-samningurinn) í útgáfunni frá 24. nóvember 2005, að því er varðar I. og II. bindi, að undanskildum viðbættum hans.
- 2) Frá því að reglugerð (EB) nr. 216/2008 var samþykkt hefur 16. viðauka við Chicago-samninginn verið breytt, 7. mars 2008, þegar 9. breyting var felld inn í I. bindi og 6. breyting var felld inn í II. bindi en báðar breytingarnar hafa verið í gildi síðan 20. nóvember 2008.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, byggjast á álitni Flugöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd „Flugöryggisstofnunin“) í samræmi við b-lið

2. mgr. 17. gr. og 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008. Flugöryggisstofnunin hefur lagt til að breyta skuli reglugerð (EB) nr. 216/2008 til að endurspeglar breytingarnar á Chicago-samningnum.

- 4) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 216/2008 til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 komi eftirfarandi:

„1. Framleiðsluvörur, hlutar þeirra og búnaður skulu fullnægja kröfum um umhverfisvernd í 9. breytingu I. bindis og í 6. breytingu II. bindis í 16. viðauka við Chicago-samninginn í útgáfunni frá 20. nóvember 2008, að undanskildum viðbótunum við 16. viðauka.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. júlí 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Antonio TAJANI

varaforseti

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 199, 31.7.2009, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2011 frá 19. desember 2011 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 15, 15.3.2012, bls. 63.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/57/EB

2012/EES/59/03

frá 13. júlí 2009

varðandi veltigrindur á dráttarvélum á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt (*)

(kerfisbundin útgáfa)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAGA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum
95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar
Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,

í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 251.
gr. sáttmálans ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun ráðsins 77/536/EBE frá 28. júní 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi veltigrindur á landbúnaðardráttarvélum á hjólum ⁽³⁾ hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ⁽⁴⁾. Til glöggvunar og hagræðingar ber því að kerfisbinda tilskipunina.
- 2) Í tilskipun 77/536/EBE, sem er ein sértilskipana sem fjalla um EB-gerðarviðurkenningarkerfið sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 74/150/EBE frá 4. mars 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum, en henni var skipt út með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB frá 26. maí 2003 um gerðarviðurkenningu á dráttarvélum fyrir landbúnað eða

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 261, 3.10.2009, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 126/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 15, 15.3.2012, bls. 8.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 10, 15.1.2008, bls. 21.

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 25. september 2007 (Stjtið. EB C 219 E, 28.8.2008, bls. 68) og ákvörðun ráðsins frá 22. júní 2009.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 220, 29.8.1977, bls. 1.

⁽⁴⁾ Sjá A-hluta X. viðauka.

skógrækt, eftirvögnum þeirra og útskiptanlegum, dregnum tækjum ásamt kerfum þeirra, ihlutum og aðskildum tæknieiningum ⁽⁵⁾, er mælt fyrir um tækniforskriftir varðandi hönnun og smíði dráttarvéla fyrir landbúnað eða skógrækt að því er varðar veltigrindur. Þessar tækniforskriftir varða samræmingu laga aðildarríkjanna til að gera kleift að EB-gerðarviðurkenningaraðferðin, sem kveðið er á um í tilskipun 2003/37/EB, eigi við um allar gerðir dráttarvéla. Af þessum sökum gilda ákvæðin, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2003/37/EB að því er varðar dráttarvélar fyrir landbúnað eða skógrækt, eftirvagna þeirra og útskiptanleg, dregin tæki ásamt kerfum þeirra, ihlutum og aðskildum tæknieiningum, um þessa tilskipun.

- 3) Þessi tilskipun hefur ekki hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti þeirra til að lögleiða tilskipanirnar, sem tilgreindar eru í B-hluta II. viðauka, í landslög og beita þeim.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Þessi tilskipun gildir um dráttarvélar sem eru skilgreindar í j-lið 2. gr. tilskipunar 2003/37/EB og hafa eftirtalda eiginleika:

- a) fríhæð undir afturási er ekki meiri en 1 000 mm,
- b) föst eða breytileg sporvidd eins drífáss er 1 150 mm eða meiri,
- c) hægt er að koma fyrir fjöltengibúnaði fyrir tæki sem hægt er að losa af og dráttarbeisli,

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 171, 9.7.2003, bls. 1.

d) massa milli 1,5 og 4,5 tonn sem samsvarar massa dráttarvélarinnar án hleðslu samkvæmt skilgreiningu í lið 2.1.1. í I. viðauka við tilskipun 2003/37/EB, ásamt veltigrind sem er fest á í samræmi við þessa tilskipun og stærstu hjólbörðum sem framleiðandi mælir með.

2. gr:

1. Aðildarríki skal veita öllum gerðum veltigrinda og festingum þeirra við dráttarvélinu, sem fullnægja kröfum um smíði og prófun í I. - V. viðauka, EB-gerðarviðurkenningu íhlutar.

2. Aðildarríkið sem hefur veitt EB-gerðarviðurkenningu íhlutar skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sannprófa, að svo miklu leyti sem nauðsyn krefur, í samvinnu við lögbær yfirvöld í öðrum aðildarríkjum ef þess gerist þörf, að framleidd eintök séu í samræmi við viðurkennda gerð. Slik sannprófun skal eingöngu felast í skyndikönnunum.

3. gr:

Aðildarríkin skulu fyrir hverja gerð veltigrinda og festinga þeirra við dráttarvélinu, sem þau viðurkenna skv. 2. gr., gefa út handa framleiðanda dráttarvélarinnar eða veltigrindarinnar eða viðurkennds fulltrúa hans merki EB gerðarviðurkenningar íhlutar sem samræmist fyrirmyndinni sem sýnd er í VI. viðauka.

Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að notuð séu merki sem geta valdið því að veltigrindum sem hlotið hafa gerðarviðurkenningu íhlutar skv. 1. gr. og öðrum búnaði verði ruglað saman.

4. gr:

1. Aðildarríkjunum er óheimilt að banna að veltigrindur eða festingar þeirra við dráttarvélinu séu settar á markað af ástæðum sem varða smíði þeirra ef þær hafa EB-gerðarviðurkenningarmarki íhlutar.

2. Þó er aðildarríki heimilt að banna að veltigrindur sem hafa EB-gerðarviðurkenningarmarki íhlutar séu settar á markað ef þær eru ítrekað í ósamræmi við viðurkennda gerðina.

Aðildarríkið skal þegar í stað tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um ráðstafanirnar sem það hefur gert og tilgreina ástæður fyrir ákvörðun sinni.

5. gr:

Lögbær yfirvöld í hverju aðildarríki skulu innan eins mánaðar senda lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja afrit af gerðarviðurkenningarvottorðum íhluta, en sýnishorn af þeim er að finna í VII. viðauka, fyrir hverja gerð veltigrinda sem þau viðurkenna eða synja um að viðurkenna.

6. gr:

1. Ef aðildarríki sem hefur veitt EB-gerðarviðurkenningu íhlutar kemst að raun um að veltigrindur og festingar þeirra við dráttarvélinu með eins EB-gerðarviðurkenningarmarki íhlutar samrýmist ekki þeirri gerð sem það viðurkenndi, skal það gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að framleidd eintök séu í samræmi við viðurkennda gerð. Lögbær yfirvöld þess ríkis skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum í öðrum aðildarríkjum um ráðstafanir sem gripið hefur verið til og sem geta, ef nauðsyn krefur, þar sem um er að ræða alvarlegan og endurtekinn skort á samræmi, leitt til afturköllunar á EB-gerðarviðurkenningu íhlutar. Umrædd yfirvöld skulu grípa til sams konar ráðstafana berist þeim tilkynning frá lögbærum yfirvöldum annars aðildarríkis um slíkt ósamræmi.

2. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu innan eins mánaðar tilkynna hvert öðru um sérhverja afturköllun á EB-gerðarviðurkenningu íhlutar og um ástæður fyrir slíkum ráðstöfunum.

7. gr:

Allar ákvarðanir teknar samkvæmt ákvæðum sem samþykkt eru til framkvæmdar þessari tilskipun og þar sem synjað er um gerðarviðurkenningu íhlutar fyrir veltigrindur og festingar þeirra við dráttarvélinu, eða hún dregin til baka eða að bannað er að setja slíkan búnað á markað eða nota hann, skal rökstyðja ítarlega. Ákvörðun skal tilkynnt hlutaðeigandi aðila og um leið skal kynna honum þau lagaúrræði sem hann getur nýtt sér samkvæmt gildandi lögum í aðildarríkjunum og þann frest sem hann hefur til þess.

8. gr:

1. Aðildarríkjum er óheimilt að synja um EB-gerðarviðurkenningu, útgáfu skjalsins sem um getur í u-lið 2. gr. tilskipunar 2003/37/EB eða landsbundna gerðarviðurkenningu fyrir gerð dráttarvélar af ástæðum sem varða veltigrindur þeirra, ef þær uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í I. – IX. viðauka.

2. Aðildarríkjum er ekki lengur heimilt að gefa út skjalið sem um getur í u-lið 2. gr. tilskipunar 2003/37/EB fyrir gerð dráttarvélar sem uppfyllir ekki kröfur þessarar tilskipunar.

Aðildarríkjum er heimilt að synja um landsbundna gerðarviðurkenningu að því er varðar gerð dráttarvélar ef hún uppfyllir ekki kröfur þessarar tilskipunar.

9. gr:

Aðildarríkjum er óheimilt að synja skráningu eða banna sölu dráttarvélar, að hún sé tekin í notkun eða notuð af ástæðum sem varða veltigrindur og festingar þeirra við dráttarvélinu ef þær uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í I. – IX. viðauka.

10. gr.

Dráttarvél sem er vísað til í 1. gr. verður að hafa veltigrind sem fullnægir kröfunum sem mælt er fyrir um í I. — IV. viðauka vegna EB-gerðarviðurkenningar.

11. gr.

Samþykking skal nauðsynlegar breytingar til að laga kröfurnar í I. til IX. viðauka að tækniframförum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 20. gr. tilskipunar 2003/37/EB.

12. gr.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

13. gr.

Tilskipun 77/536/EBE, eins og henni var breytt með gerðunum, sem tilgreindar eru í A-hluta X. viðauka, er hér með felld úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna, að því er varðar þá fresti til lögleiðingar tilskipananna, sem settir eru fram í B-hluta X. viðauka, í landslög og beita þeim.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartölunni í XI. viðauka.

14. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2010.

15. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. júlí 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,
forseti.

H.-G. PÖTTERING

Fyrir hönd ráðsins
forseti.

E. ERLANDSSON

SKRÁ YFIR VIÐAUKA

- I. VIÐAUKI* Skilyrði fyrir EB-gerðarviðurkenningu íhlutar
- II. VIÐAUKI* Skilyrði fyrir styrkleikaprófun veltigrinda og festinga þeirra við dráttarvélar
- III. VIÐAUKI* Prófunaraðferðir
- IV. VIÐAUKI* Myndir
- V. VIÐAUKI* Fyrirmynd að skýrslu um EB-gerðarviðurkenningarprófun íhlutar að því er varðar veltigrind (öryggisrammi eða -hús) með tilliti til styrkleika hennar og styrkleika festinga hennar við dráttarvélina
- VI. VIÐAUKI* Merki
- VII. VIÐAUKI* Fyrirmynd að EB-gerðarviðurkenningarvottorði íhlutar
- VIII. VIÐAUKI* Skilyrði fyrir EB-gerðarviðurkenningu
- IX. VIÐAUKI* Viðauki við EB-gerðarviðurkenningarvottorð fyrir dráttarvél með hliðsjón af styrkleika veltigrinda (öryggishúss eða -ramma) og festinga þeirra við dráttarvélina
- X. VIÐAUKI* A-hluti: Niðurfelld tilskipun með skrá yfir síðari breytingar hennar
B-hluti: Frestir til lögleiðingar í landslög og beitingar
- XI. VIÐAUKI* Samsvörunartafla
-

I. VIÐAUKI

Skilyrði fyrir EB-gerðarviðurkenningu íhlutar

1. SKILGREINING

- 1.1. „Veltigrind (öryggishús eða -rammi),: grind á dráttarvél sem er einkum ætluð til þess að forðast eða draga úr áhættu ökumanns ef dráttarvél veltur við hefðbundna notkun.
- 1.2. Það er einkenni á grindum sem eru tilgreindar í lið 1.1. að innan þeirra er nægjanlega stórt autt svæði til að verja ökumanninn ef dráttarvélin veltur.

2. ALMENNAR KRÖFUR

- 2.1. Allar veltigrindur og festingar þeirra við dráttarvélinu skulu vera hannaðar og smíðaðar þannig að þær fullnægi þeim grundvallarkröfum sem mælt er fyrir um í lið 1.
- 2.2. Hafa skal eftirlit með að þessari kröfu sé fullnægt með annarri þeirra prófunaraðferða sem er lýst í III. viðauka. Í aðferðinni skal tekið tillit til massa dráttarvélarinnar sem hér segir:

vegna dráttarvéla með þann massa sem er tilgreindur í 1. gr. — B-hluti III. viðauka,

vegna dráttarvéla sem eru með meiri massa en 1,5 tonn en minni massa en 3,5 tonn — B-hluti III. viðauka,

að því er varðar dráttarvélar með vendisæti ökumanns (þ.e. með sæti og stýrishjóli sem hægt er að snúa við) eða dráttarvélar þar sem hægt er að koma fyrir mismunandi sætum, gildir eingöngu sú prófunaraðferð sem lýst er í B-hluta III. viðauka.

3. UMSÓKN UM EB-GERÐARVIÐURKENNINGU ÍHLUTAR

- 3.1. Framleiðandi dráttarvélar eða veltigrindar eða viðurkenndur fulltrúi hans skal leggja fram umsókn um EB-gerðarviðurkenningu íhlutar fyrir dráttarvél með hliðsjón af styrkleika veltigrindar og festinga hennar við dráttarvélinu.
- 3.2. Eftirtalin skjöl í þríriti og eftirfarandi upplýsingar skulu fylgja umsókn um EB-gerðarviðurkenningu íhlutar:

almenn yfirlitsteikning sem miðast annað hvort við kvarða eða sýnir mál veltigrindarinnar. Teikningin verður einkum að sýna festingarhluta í smáatriðum,

ljósmyndir frá hlið og aftan frá er sýna festingaratriði í smáatriðum,

stutt lýsing á veltigrind og gerð yfirbyggingar, lýsing í smáatriðum á festingum á dráttarvélinni og, ef nauðsyn krefur, bólstrun, aðgengi og undankomuleið, bólstrun að innanverðu, og búnaði til að koma í veg fyrir að dráttarvélin rúlli áfram við veltu og á hitunarbúnaði og loftræstibúnaði,

lýsing í smáatriðum á því efni sem er notað í hluta sem eru burðarvirki, þar á meðal knegtum og boltum til festingar (sjá V. viðauka).

- 3.3. Láta skal tækniþjónustunni sem annast prófanir vegna gerðarviðurkenningar íhlutar í té dráttarvél sem er dæmigerð fyrir þá gerð dráttarvélar sem veltigrindin sem á að viðurkenna er ætluð. Veltigrindin skal vera áföst dráttarvélinni.
- 3.4. Handhafi EB-gerðarviðurkenningar íhlutar getur farið fram á að hún nái einnig til annarra gerða dráttarvéla. Lögð bær yfirvald sem upphaflega veitti EB-gerðarviðurkenningu íhlutar skal heimila rýmkunina ef hin viðurkennda veltigrind og dráttarvélagærð(-ir) sem sótt er um rýmkun fyrir uppfylla eftirtalin skilyrði:

massi dráttarvélar án fargs, eins og hann er skilgreindur í lið 1.3. í II. viðauka, er ekki meiri en 5% af viðmiðunarmassanum sem er notaður í prófuninni,

áfestingaraðferð og þeir íhlutir dráttarvélar sem fest er við skulu vera eins,

íhlutir eins og aurbretti og vélarhlíf sem geta stutt veltigrindina skulu vera eins, sætisstillingu hefur ekki verið breytt.

4. MERKINGAR

- 4.1. Eftirtaldar merkingar skulu vera á hverri einingu veltigrinda sem eru eins og viðurkennda gerðin:
 - 4.1.1. vörumerki eða viðskiptaheiti,
 - 4.1.2. gerðarviðurkenningarkerki íhlutar sem samræmist fyrirmyndinni í IV. viðauka,
 - 4.1.3. raðnúmer veltigrindar,
 - 4.1.4. tegund(-ir) og gerð(-ir) dráttarvélar(-véla) sem veltigrindin er ætluð.
 - 4.2. Allar þessar upplýsingar skulu settar á litla merkiplötu.
 - 4.3. Þessar merkingar skulu vera auðsjáanlegar, læsilegar og óafmáanlegar.
-

II. VIÐAUKI

Skilyrði fyrir styrkleikaprófun veltigrinda og festinga þeirra við dráttarvélur

1. ALMENNAR KRÖFUR
 - 1.1. Tilgangur prófana

Í prófunum sem eru gerðar með sérstökum útbúnaði á að líkja eftir því álagi sem veltigrind verður fyrir þegar dráttarvél veltur. Þessar prófanir, sem er lýst í III. viðauka, verða að gera kleift að meta styrkleika veltigrindar og knegta á dráttarvélinni.
 - 1.2. Undirbúningur fyrir prófun
 - 1.2.1. Veltigrind skal prófuð á dráttarvél sem hún er hönnuð fyrir. Hún skal fest á dráttarvélinni í samræmi við fyrirmæli framleiðanda dráttarvélarinnar og/eða framleiðanda veltigrindarinnar.
 - 1.2.2. Dráttarvél verður, þegar prófun fer fram, að vera með öllum íhlutum raðframleiðslunnar sem eru hluti af burðarvirki er haft gætu áhrif á styrkleika veltigrindar eða sem teljast nauðsynlegir vegna styrkleikaprófunarinnar.

Íhlutir sem geta valdið hættu á auða svæðinu verða að vera festir þannig að unnt sé að skoða þá til að sjá hvort þeir uppfylli kröfur liðar 4.1 í þessum viðauka.
 - 1.2.3. Prófunin skal gerð á kyrrstæðri dráttarvél.
 - 1.3. Massi dráttarvélar

Mældi massinn W sem er notaður í formúlum (sjá A- og B-hluta III. viðauka) til að reikna út fallhæð kólfsins og álagskraft skal vera a.m.k. sá massi sem er skilgreindur í lið 2.1.1. í I. viðauka við tilskipun 2003/37/EB (þ.e. að undanskildum valfrjálsum aukabúnaði en að meðtöldum kælivökva, olíum, eldsneyti, verkfærum og öikumanni) ásamt veltigrind og vera minni en 75 kg. Valfrjáls lóð að framan og aftan, þyngdarklossar á hjólbörðum, áföst áhöld, áfestur búnaður og sérstakir íhlutir teljast ekki með.
2. TÆKI OG BÚNAÐUR
 - 2.1. Kólfur
 - 2.1.1. Kólfurinn skal hanga í tveimur keðjum eða stálvírum frá snúningspunktum sem eru a.m.k. 6 m yfir jörðu. Hægt skal vera að stilla sérstaklega hæðina sem kólfurinn hangir í og hornið milli kólfsins og keðjanna eða stálvíranna sem hann hangir í.
 - 2.1.2. Kólfurinn skal vega 2000 ± 20 kg að frátalinni þyngd keðjanna eða stálvíranna sem má ekki vera meira en 100 kg. Hliðarlengd högggjafans skal vera 680 ± 20 mm (sjá mynd 4 í IV. viðauka). Kólfurinn skal vera þannig gerður að þungamiðja hans hreyfist ekki til.
 - 2.1.3. Hægt á að vera að draga kólfinn til baka upp í hæð sem er ákveðin fyrir hverja prófun. Hraðsleppibúnaður sér um að kólfurinn sveiflist niður á við án þess að hornið milli kólfsins og keðjanna eða stálvíranna breytist.
 - 2.2. Festingar kólfsins

Snúningspunktar kólfsins skulu festir kyrrfilega þannig að þeir færast ekki lengra úr stað en sem nemur 1% af fallhæð.
 - 2.3. Festingar
 - 2.3.1. Dráttarvél skal fest með strekkibúnaði við teina sem eru kyrrfilega festir við harðan steinsteypuflöt. Á milli teinanna skal vera hæfilegt bil til þess að unnt sé að festa dráttarvélinni eins og sýnt er á myndum 5, 6 og 7 í IV. viðauka. Við hverja prófun skulu hjól dráttarvélarinnar og ásstoðir sem eru notaðar hvíla á hörðum fletinum.

- 2.3.2. Auk strekkibúnaðar og festinga dráttarvélarinnar við teinana skal dráttarvélin fest niður með stálvírum af þeirri lengd sem tilgreind er.

Stálvírarnir skulu vera úr sívölum þráðum með trefjakjarna með málin 6×19 í samræmi við ISO-staðal 2408. Nafnþvermál vírsins skal vera 13 mm.

- 2.3.3. Miðsnúningspunkturinn á liðskiptri dráttarvél skal vera festur eftir því hvort um er að ræða högg að framan eða aftan eða frá hlið eða álagsprófanir og skal auk þess fá stuðning frá hlið vegna hliðarhögga. Ekki er nauðsynlegt að láta aftur- og framhjól standast á ef það gerir það að verkum að þægilegra verður að festa á þá stálvíra sem við eiga.

- 2.4. Stoðir til að skorða hjólin

- 2.4.1. Nota skal stoðir til að skorða hjólin vegna hliðarhögga eins og sýnt er á mynd 7 í IV. viðauka.

- 2.4.2. Festa skal stoð úr mjúkum viði sem er u.þ.b. $150 \text{ mm} \times 150 \text{ mm}$ á gólflið til að skorða hjólin á þeirri hlið sem er á móti höggghliðinni eins og sýnt er á myndum 5, 6 og 7 í IV. viðauka.

- 2.5. Stoðir og festingar á liðskiptar dráttarvélar

- 2.5.1. Nota skal viðbótarstoðir og festingar fyrir liðskiptar dráttarvélar. Tilgangurinn með því er að tryggja að sá hluti dráttarvélarinnar sem veltigrindin er fest á sé eins stöðugur og sami hluti óliðskiptrar dráttarvélar.

- 2.5.2. Nánari upplýsingar um högg- og álagsprófanir eru gefnar í III. viðauka.

- 2.6. Álagsbúnaður

Með búnaði sem sýndur er á mynd 8 í IV. viðauka, skal vera hægt að beita krafti lóðrétt niður á veltigrind með ósveigjanlegri stoð sem er u.þ.b. 250 mm í þvermál og tengist aflbúnaðinum með hjörulið. Viðeigandi ásstoðum skal komið fyrir þannig að hjólbarðar dráttarvélarinnar verði ekki fyrir álagskrafti.

- 2.7. Mælitæki

- 2.7.1. Í prófununum sem mælt er fyrir um í A- og B-hluta III. viðauka skal nota búnað með vel festri færanlegri núningslegu á lóðréttri stöng til þess að mæla mismuninn á hámarkssveigju í skamman tíma og varanlegri sveigju sem fram kemur við höggprófun frá hlið.

- 2.7.2. Í prófununum sem mælt er fyrir um í A-hluta III. viðauka skulu mælingar gerðar að loknum prófunum á rannsóknastofu til að ákveða hvort einhver hluti veltigrindarinnar hefur farið inn á auða svæðið sem lýst er í 2. lið í A-hluta III. viðauka.

- 2.7.3. Í prófununum sem mælt er fyrir um í B-hluta III. viðauka skal nota búnað — einnig má nota búnað til ljósmyndunar — til þess að unnt sé að ákveða að loknum prófunum á rannsóknastofu hvort einhver hluti veltigrindarinnar hefur farið inn á auða svæðið sem er lýst í 2. lið í B-hluta III. viðauka á meðan á prófununum stóð.

- 2.8. Vikmörk í mælingum

Eftirfarandi vikmörk gilda um mælingar sem gerðar eru meðan á prófun stendur:

- 2.8.1. mál sem eru tekin á meðan á prófunum stendur (nema í lið 2.8.2), mál veltigrindar og dráttarvélar, auða svæðisins og á sveigju hjólbarðanna þegar þeir voru festir niður fyrir höggprófanirnar: $\pm 3 \text{ mm}$,

- 2.8.2. hæð kólfs fyrir höggprófanir: $\pm 6 \text{ mm}$,

- 2.8.3. mældur massi dráttarvélar: $\pm 20 \text{ kg}$,

- 2.8.4. álag notað við álagsprófanir: $\pm 2\%$,
- 2.8.5. horn keðjanna eða stálvíranna sem kólfurinn hangir í við höggpunkt: $\pm 2^\circ$.
3. PRÓFANIR
- 3.1. Almennar kröfur
- 3.1.1. Röð prófana
- 3.1.1.1. Skrá og röð prófana skal vera sem hér segir: Númer liða eru í samræmi við prófanir sem lýst er í A- og B-hluta III. viðauka.
- | | |
|---------------------------|------|
| 1. högg að aftan: | 1.1, |
| 2. álagsprófun að aftan: | 1.4, |
| 3. högg að framan: | 1.2, |
| 4. högg frá hlið | 1.3, |
| 5. álagsprófun að framan: | 1.5. |
- 3.1.1.2. Ef festingarbúnaðurinn slitnar eða hreyfist til á meðan á prófun stendur skal prófun endurtekin.
- 3.1.1.3. Óheimilt er að gera við eða gera breytingar á dráttarvélinni eða veltigrindinni á meðan á prófun stendur.
- 3.1.1.4. Dráttarvélin skal vera í hlutlausum gír og hemlar ótengdir á meðan á prófun stendur.
- 3.1.1.5. Þegar um er að ræða dráttarvél með vendisæti ökumanns (þ.e. með sæti og stýrishjóli sem hægt er að snúa við) skal fyrsta högginu beitt í lengdarstefnu dráttarvélarinnar og skal það falla á þyngri endann (þeim megin sem meira en 50 % af massa dráttarvélarinnar er). Því næst skal framkvæma álagsprófun á sama enda. Annað höggið skal falla á léttari endann og þriðja höggið skal koma frá hlið. Loks skal framkvæma aðra álagsprófun við léttari endann.
- 3.1.2. Sporvidd
- Stilla skal sporvidd afturhjóla þannig að tryggt sé eftir því sem unnt er að hjólbörðarnir fái ekki stuðning af veltigrindinni á meðan á prófunum stendur.
- 3.1.3. Íhlutir sem valda ekki hættu fjarlægðir
- Allir íhlutir dráttarvélarinnar og veltigrindarinnar sem virka, í heild sinni, sem hlíf fyrir ökumann, einnig fyrir veðri, skulu fylgja dráttarvélinni sem á að prófa. Heimilt er að fjarlægja rúður að framan, á hliðum eða að aftan úr öryggisgleri eða svipuðu efni eða laus borð, festingar og aukabúnað sem styrkja grindina ekki á nokkurn hátt og skapa ekki hættu ef dráttarvélin veltur.
- 3.1.4. Stefna höggs
- Högg frá hlið skal falla á þá hlið sem líklegt er að skaddist meira. Högg að aftan skal falla á það horn sem er fjarst hliðinni sem hliðarhöggið féll á og högg að framan á hornið sem er næst þeirri hlið.
- 3.1.5. Loftþrýstingur í hjólbörðum og sveigja

Ekki má nota vatn í hjólbarðana. Sveigja og loftþrýstingur hjólbarðanna sem eru festir niður í prófunum skal vera í samræmi við eftirfarandi töflu:

	Loftþrýstingur í hjólbörðum (bör)				Sveigja (mm)	
	Þverbanda hjólbarðar		Skábanda hjólbarðar		Að framan	Að aftan
	Að framan	Að aftan	Að framan	Að aftan		
Fjór hjóladrif, fram- og afturhjóla af sömu stærð	1,20	1,20	1,00	1,00	25	25
Fjór hjóladrif, framhjóla minni en afturhjóla	1,80	1,20	1,50	1,00	20	25
Fram- eða afturhjóladrif	2,40	1,20	2,00	1,00	15	25

4. TÚLKUN NIÐURSTAÐNA

4.1. Veltigrind sem lögd er fram til EB-gerðarviðurkenningar íhlutar telst hafa fullnægt kröfum um styrk ef hún uppfyllir eftirtalin skilyrði:

4.1.1. hvorki eru í henni sprungur né rifur eins og lýst er í 3.1. lið í A- og B-hluta III. viðauka,

4.1.2. að því er varðar prófanir í A-hluta III. viðauka: enginn hluti auða svæðisins er utan veltigrindarinnar,

að því er varðar prófanir í B-hluta III. viðauka: veltigrindin hefur ekki farið inn á auða svæðið á meðan á högg- eða álagsprófunum stóð og auða svæðið er ekki utan veltigrindarinnar, eins og lýst er í lið 3.2. í B-hluta III. viðauka,

4.1.3. að því er varðar prófanir í A-hluta III. viðauka: mismunur á hámarksveigju í skamman tíma og varanlegri sveigju sem um getur í lið 3.3. í A-hluta III. viðauka er ekki meiri en 15 cm,

að því er varðar prófanir í B-hluta III. viðauka: meðan á hliðarhöggspöfun stendur er mismunur á hámarkssveigju í skamman tíma og varanlegri sveigju sem um getur í lið 3.3 í B-hluta III. viðauka ekki meiri en 25 cm.

4.2. Auk þess mega önnur atriði ekki skapa hættu fyrir ökumann, t.d. gler sem gæti tvístrast þannig að hætta stafi af, ónóg bólstrun í lofti eða annars staðar þar sem höfuð ökumanns getur rekist í.

5. PRÓFUNARSKÝRSLA

5.1. Prófunarskýrsla skal fylgja EB-gerðarviðurkenningavottorði íhlutar sem um getur í VII. viðauka. Skýrslan skal vera eins og sýnt er í V. viðauka. Í henni skal koma fram:

5.1.1. almenn lýsing á byggingarlagi veltigrindar og efni og festingum, ytri mál dráttarvélarinnar með veltigrindinni áfastri, helstu innanmál, lágmarksbil frá stýrishjóla, bil til hliðar við stýrishjóla að hliðum veltigrindar, þakhæð veltigrindar yfir sæti eða viðmiðunarpunkti sætis og yfir fótabretti ef það fyrirfinnst, upplýsingar um hvornig komast má greiðlega inn í og út úr dráttarvélinni auk undankomuleiðar sem markast af veltigrindinni, upplýsingar um hitunar og loftræstikerfi eftir því sem við á,

5.1.2. nákvæmar skýringar á sérstökum atriðum eins og búnaði til að koma í veg fyrir áframhaldandi veltu.

5.1.3. stutt lýsing á bólstrun að innanverðu til að draga úr áverkum á höfði og öxlum eða til að draga úr hávaða,

5.1.4. greinargerð um gerð framrúða og annarra rúða.

- 5.2. Í skýrslunni verður að koma greinilega fram gerð dráttarvélar (tegund, gerð, verslunarheiti o.s.frv.) sem prófuð er og fyrir hvaða gerðir veltigrindin er ætluð.
 - 5.3. Ef EB-gerðarviðurkenning íhlutar nær einnig til annarra gerða dráttarvéla verður einnig að koma fram í skýrslunni nákvæm tilvísun í skýrslu um upphaflega EB-gerðarviðurkenningu íhlutar svo og nákvæmar upplýsingar um kröfur sem mælt er fyrir um í lið 3.4. í I. viðauka.
-

III. VIÐAUKI

PRÓFUNARÁÐFERÐIR

A — I. Prófunaraðferð

1. HÖGG- OG ÁLAGSPRÓFANIR

1.1. Högg að aftan

- 1.1.1. Dráttarvélinni skal komið fyrir miðað við kólfinn á þann hátt að hann hæfi veltigrindina þegar högggjafi kólfsins og keðjur eða stálvírar eru á ská við lóðrétt plan sem samsvarar 20° horni nema veltigrindin myndi stærra horn lóðrétt við snertipunktinn meðan á sveigjunni stendur. Í slíku tilviki verður að stilla högggjafa kólfsins með viðbótarfestingum svo hann sé samsíða veltigrindinni við höggpunktinn við hámarkssveigju á meðan keðjur og stálvírar mynda áfram 20° horn eins og tilgreint er hér að framan. Gera verður ráðstafanir til að varna því að kólfinn snúist um höggpunktinn. Hæð kólfsins verður að stilla þannig að þungamiðja hans fari í gegnum snertipunktinn.

Höggpunkturinn er sá hluti veltigrindarinnar sem líklegt er að komi fyrst við jörðu við afturveltu, oftast efri brúin. Staðsetning þungamiðju kólfsins skal vera einn sjötti hluti breiddar á efsta hluta veltigrindarinnar innan við lóðrétt plan sem er samsíða miðjuplaní dráttarvélarinnar og snertir ystu brún á efsta hluta veltigrindarinnar.

Ef bogi aftan á veltigrindinni byrjar aftar innan lóðréttu plansins skal höggið falla við upphaf bogans, þ.e. á þeim punkti þar sem boginn snertir línu sem er hornrétt á miðjuplan dráttarvélarinnar (sjá mynd 9 í IV. viðauka).

Ef sá hluti sem stendur út er ekki nægjanlega stórt svæði fyrir kólfinn skal festa stálplötu sem er hæfilega þykk og breið og um 300 mm löng á hlutann þannig að það hafi ekki áhrif á styrkleika veltigrindarinnar.

- 1.1.2. Dráttarvélar með heila grind skulu festar niður. Festingarnar skulu vera u.þ.b. 2 m aftan við afturás og 1,5 m framan við framás. Annaðhvort skulu þær vera í sama plani og þungamiðja kólfsins sveiflast í eða ef fleiri en ein festing eru notaðar skal heildarkraftur þeirra liggja í þessu plani, eins og á mynd 5 í IV. viðauka.

Festingarnar verður að strekkja þannig að fram- og afturhjólbáðarnir verði fyrir þeirri sveigju sem gefin er í lið 3.1.5 í II. viðauka. Þegar festingar eru strekktar skal viðarstoð, 150 mm × 150 mm, komið fyrir framan við afturhjólin og ýtt þéttingsfast að þeim.

- 1.1.3. Báðir ásar skulu festir niður á liðskiptum dráttarvélum. Ás þess hluta dráttarvélarinnar sem veltigrindin er fest á telst vera afturás á mynd 5 í IV. viðauka. Liðtengingin verður að vera með stoð til stuðnings sem er 100 mm × 100 mm og fest vandlega með stálvírum við teinana sem eru á jörðinni.

- 1.1.4. Draga skal kólfinn aftur á bak þannig að hæð þungamiðju hans fyrir ofan höggpunkt sé fengin með eftirfarandi formúlu:

$$H = 125 + 0,020 W$$

H tákna fallhæð í millimetrum og W massa dráttarvélar samkvæmt skilgreiningu liðar 1.3 í II. viðauka.

Síðan er kólfinum sleppt og hæfir hann þá veltigrindina.

1.2. Högg að framan

- 1.2.1. Dráttarvélinni skal komið fyrir miðað við kólfinn á þann hátt að hann hæfi veltigrindina þegar högggjafi kólfsins og keðjur eða stálvírar eru á ská við lóðrétt plan sem samsvarar 20° horni nema veltigrindin myndi stærra horn lóðrétt við snertipunktinn meðan á sveigjunni stendur. Í slíku tilviki verður að stilla högggjafa kólfsins með viðbótarfestingum svo hann sé samsíða veltigrindinni við höggpunktinn við hámarkssveigju á meðan keðjur og stálvírar mynda áfram 20° horn eins og tilgreint er hér að framan. Gera verður ráðstafanir til að varna því að kólfulinn snúist um höggpunktinn. Hæð kólfsins verður að stilla þannig að þungamiðja hans fari í gegnum snertipunktinn.

Höggpunkturinn er sá hluti veltigrindarinnar sem líklegt er að komi fyrst við jörðu við hliðarveltu í akstri áfram, oflast efri brúnnin að framan. Staðsetning þungamiðju kólfsins skal ekki vera meira en 80 mm frá lóðréttu plani sem er samsíða miðjuplani dráttarvélarinnar og snertir ystu brún á efsta hluta veltigrindarinnar.

Ef bogi framan á veltigrindinni byrjar aftur en 80 mm innan lóðréttu plansins skal höggið falla við upphaf bogans, þ.e. á þeim punkti þar sem boginn snertir línu sem er hornrétt á miðjuplan dráttarvélarinnar (sjá mynd 9 í IV. viðauka).

- 1.2.2. Dráttarvélur með heila grind skulu festar niður eins og fram kemur á mynd 6 í IV. viðauka. Festingarnar skulu vera u.þ.b. 2 m aftan við afturás og 1,5 m framan við framás.

Festingarnar verður að strekkja þannig að fram- og afturhjólabardarnir verði fyrir þeirri sveigju sem gefin er í lið 3.1.5 í II. viðauka. Þegar festingar eru strekktar skal viðarstoð, u.þ.b. 150 mm × 150 mm, komið fyrir aftan við afturhjólin og ýtt þéttingsfast að þeim.

- 1.2.3. Báðir ásar skulu festir niður á liðskiptum dráttarvélum. Ás þess hluta dráttarvélarinnar sem veltigrindin er fest á telst vera framás á mynd 6 í IV. viðauka. Liðtengingin verður að vera með stoð til stuðnings sem er 100 mm × 100 mm og fest vandlega með stálvírum við teinana sem eru á jörðinni.

- 1.2.4. Draga skal kólfinn aftur á bak þannig að hæð þungamiðju hans fyrir ofan höggpunkt sé fengin með eftirfarandi formúlu:

$$H = 125 + 0,020 W.$$

- 1.3. Högg frá hlið

- 1.3.1. Dráttarvélinni skal komið fyrir miðað við kólfinn á þann hátt að hann hæfi veltigrindina þegar högggjafi kólfsins og keðjur eða stálvírar eru lóðrétt nema veltigrindin sé ekki lóðrétt við snertipunktinn meðan á sveigjunni stendur. Í slíku tilviki verður að stilla högggjafa kólfsins með viðbótarfestingum svo hann sé samsíða veltigrindinni við höggpunktinn við hámarkssveigju á meðan keðjur og stálvírar eru áfram lóðrétt. Hæð kólfsins verður að stilla þannig að þungamiðja hans fari í gegnum snertipunktinn.

Höggpunkturinn er sá hluti veltigrindarinnar sem líklegt er að komi fyrst við jörðu við hliðarveltu, oflast efri brúnnin. Nema öruggt sé að annar hluti þessarar brúnar snerti jörðu fyrst skal höggpunkturinn vera í plani sem er hornrétt á miðjuplan dráttarvélarinnar og liggur í gegnum miðju sætis við miðjustillingu. Gera verður ráðstafanir til að varna því að kólfulinn snúist um höggpunktinn.

- 1.3.2. Ás á óliðskiptum dráttarvélum sem er ósveigjanlegur miðað við veltigrind skal festur á þeirri hlið sem högg fellur á. Á fram- eða afturhjóladrifinni dráttarvél er þetta yfirleitt afturásinn, þetta fyrirkomulag er sýnt á mynd 7 í IV. viðauka. Festingarnar tvær skulu liggja yfir ásinum frá punktum sem liggja beint undir honum, önnur liggur yfir festingarpunkt sem er u.þ.b. 1,5 m framan við ásinum og hin yfir punkt sem er u.þ.b. 1,5 m aftan við ásinum. Festingarnar verður að strekkja þannig að hjólabardarnir verði fyrir þeirri sveigju sem gefin er í lið 3.1.5 í II. viðauka. Þegar festingar eru strekktar skal viðarstoð komið fyrir framan við hjólin á móti högginu og fest þannig við gólfíð að hún haldist þéttingsfast upp við felguna í högginu eins og sýnt er á mynd 7 í IV. viðauka. Lengd stoðarinnar skal valin þannig að þegar hún er lögð við hjólin sé hornið 30 ± 3 á lárétt plan. Lengdin skal vera 20 til 25 sinnum þykktin og breiddin tvisvar til þrisvar sinnum þykktin. Hindra skal, með stoð sem er fest við gólfíð móti hjólunum á þeirri hlið sem er gagnstæð höggghliðinni, að ásnarnir skriði til hliðanna.

- 1.3.3. Festa verður þann hluta liðskiptrar dráttarvélar sem veltigrind er fest á kyrfilega við jörðu eins og gert er við dráttarvélar sem eru ekki liðskiptar.

Báðir ásar liðskiptra dráttarvéla skulu festir við jörðu. Ás og hjól á þeim hluta dráttarvélar sem veltigrindin er fest á skulu fest og studd eins og sýnt er á mynd 7 í IV. viðauka. Liðtengingin verður að vera með stoð til stuðnings sem er a.m.k. 100 mm × 100 mm og vandlega fest við teinana sem eru á jörðinni. Koma skal stoð fyrir við liðtenginguna og festa hana kyrfilega við gólfíð þannig að hún hafi sömu áhrif og stoð sem sett er við afturhjólin og veiti svipaðan stuðning og á óliðskiptri dráttarvél.

- 1.3.4. Draga skal kólfinn aftur á bak þannig að hæð þungamiðju hans fyrir ofan höggpunkt sé fengin með eftirfarandi formúlu:

$$H = 125 + 0,150 W.$$

- 1.4. Álag að aftan

Dráttarvélin skal staðsett í búnaðinum eins og lýst er í lið 2.6 í II. viðauka og sýnt á myndum 8 og 10 í IV. viðauka, þannig að brún stoðarinnar að aftan sé yfir aftasta hluta veltigrindar að ofan sem verður fyrir álagi og lengdarmiðjuplan dráttarvélarinnar sé miðja vegu milli álagspunkta á stoðina.

Ásstoðir skulu settir undir ásana þannig að enginn álagskraftur verði á hjólbarðana. Krafturinn sem er beitt skal samsvara tvisvar sinnum massa dráttarvélarinnar sem er skilgreindur í lið 1.3 í II. viðauka. Það getur verið nauðsynlegt að festa fremri hluta dráttarvélarinnar.

- 1.5. Álag að framan

- 1.5.1. Þessi prófun skal vera eins og álagsprófun að aftan, þó skal fremri brún stoðarinnar vera yfir fremsta hluta veltigrindar að ofan.

- 1.5.2. Ef fremri hluti á þaki veltigrindar stenst ekki mesta álagskraft skal beita krafti á þakið þar til það sveigist til hliðar þannig að það fari saman við plan er tengir efri hluta veltigrindar við þann hluta dráttarvélar að framan sem getur borið massa dráttarvélarinnar við veltu. Því næst skal aflétta kraftinum og dráttarvélin færð þannig að stoðin sé yfir þeim punkti veltigrindarinnar sem afturhluti dráttarvélarinnar myndi hvíla á ef hún ylti alveg, eins og sýnt er á mynd 10 í IV. viðauka og síðan er fullum krafti beitt aftur.

2. AUDA SVÆÐIÐ

- 2.1. „Auða svæðið“ markast af eftirfarandi plönum þegar dráttarvélin er á láréttu yfirborði:

láréttu plani, 95 cm yfir sæti með álagi,

lóðréttu plani, hornrétt á miðjuplan dráttarvélarinnar og 10 cm aftan við sætisbakið,

lóðréttu plani, samsíða miðjuplani dráttarvélarinnar og 25 cm vinstra megin við sætismiðju,

lóðréttu plani, samsíða miðjuplani dráttarvélarinnar og 25 cm hægra megin við sætismiðju,

hallandi plani með láréttri línu sem er hornrétt á miðjuplan dráttarvélarinnar, 95 cm yfir sæti með álagi og 45 cm (auk eðlilegra sætishreyfinga fram og aftur) framan við sætisbak. Þetta hallandi plan liggur framan við stýrishjólið og er aldrei nær brún þess en 4 cm.

- 2.2. Ákvarða skal sætisbak óháð bólstrun þess. Sætið skal vera í öftustu stillingu miðað við eðlilegar starfsaðstæður á dráttarvélinni og í hæstu stöðu ef unnt er að stilla það óháð öðru. Ef unnt er að stilla fjöðrun sætis skal það vera miðjustillt miðað við 75 kg álag.

3. NAUÐSYNLEGAR MÆLINGAR

3.1. Brot og sprungur

Eftir hverja prófun skal skoða allar burðareiningar, samskeyti og knegti á sjónrænan hátt og athuga hvort í þeim séu brot eða sprungur, en líta má fram hjá smávægilegum sprungum í hlutum sem ekki teljast mikilvægir.

3.2. Auða svæðið

- 3.2.1. Veltigrind skal skoðuð eftir hverja prófun til að sjá hvort einhver hluti veltigrindarinnar hafi farið inn á auða svæðið í kringum ökumannssætið samkvæmt skilgreiningu liðar 2.

- 3.2.2. Að auki skal skoða veltigrindina til að ákvarða hvort einhver hluti auða svæðisins sé óvarinn af veltigrindinni. Að því er þetta varðar telst það óvarið af veltigrind ef einhver hluti þess hefði snerti jörðu ef dráttarvél in hefði oltið á þá hlið sem höggið kom á. Að því er þetta varðar skulu hjólbarðar vera eins smáir og sporstilling eins lítill og unnt er samkvæmt forskrift framleiðanda.

3.3. Hámarkssveigja í skamman tíma

Við höggprófun frá hlið skal skrá mismun milli hámarkssveigju í skamman tíma og varanlegrar sveigju 950 mm yfir sæti með álagi. Annar endi stangarinnar sem lýst er í lið 2.7.1 í II. viðauka skal festur við efri hluta veltigrindar og hinn endinn settur gegnum gat á lóðréttu standinum. Staðsetning núningsslegu á stönginni eftir höggprófun sýnir hámarkssveigju í skamman tíma.

3.4. Varanleg sveigja

Að álagsprófunum loknum skal varanleg sveigja veltigrindar skráð. Að því er þetta varðar skal skrá stöðu helstu hluta veltigrindar miðað við sætið áður en prófun hefst.

B — II. Prófunaraðferð

1. HÖGG- OG ÁLAGSPRÓFANIR

1.1. Högg að aftan

- 1.1.1. Dráttarvélinni skal komið fyrir miðað við kólfinn á þann hátt að hann hæfi veltigrindina þegar högggjafi kólfsins og keðjur eða stálvírar eru á ská við lóðrétt plan sem samsvarar 20° horni nema veltigrindin myndi stærra horn lóðrétt við snertipunktinn meðan á sveigjunni stendur. Í slíku tilviki verður að stilla högggjafa kólfsins með viðbótarfestingum svo hann sé samsíða veltigrindinni við höggpunktinn við hámarkssveigju á meðan keðjur og stálvírar mynda áfram 20° horn eins og tilgreint er hér að framan. Gera verður ráðstafanir til að varna því að kólfurinn snúist um höggpunktinn. Hæð kólfsins verður að stilla þannig að þungamiðja hans fari í gegnum snertipunktinn.

Höggpunkturinn er sá hluti veltigrindarinnar sem líklegt er að komi fyrst við jörðu við afturveltu, oftast efri brúnin. Staðsetning þungamiðju kólfsins skal vera einn sjötti hluti breiddar á efsta hluta veltigrindarinnar innan við lóðrétt plan sem er samsíða miðjuplaní dráttarvélarinnar og snertir ystu brún á efsta hluta veltigrindarinnar.

Ef bogi aftan á veltigrindinni byrjar aftur innan lóðréttá plansins skal höggjö falla við upphaf bogans, þ.e. á þeim punkti þar sem boginn snertir línu sem er hornrétt á miðjuplan dráttarvélarinnar (sjá mynd 9 í IV. viðauka).

Ef sá hluti sem stendur út er ekki nægjanlega stórt svæði fyrir kólfinn skal festa stálplötu sem er hæfilega þykk og breið og um 300 mm löng á hlutann þannig að það hafi ekki áhrif á styrkleika veltigrindarinnar.

- 1.1.2. Dráttarvélar með heila grind skulu festar niður. Festingarnar skulu vera u.þ.b. 2 m aftan við afturás og 1,5 m framan við framás. Annaðhvort skulu þær vera í sama plani og þungamiðja kólfsins sveiflast í eða ef fleiri en ein festing eru notaðar skal heildarkraftur þeirra liggja í þessu plani, eins og á mynd 5 í IV. viðauka.

Festingarnar verður að strekkja þannig að hjólbarðarnir verði fyrir þeirri sveigju sem gefin er í lið 3.1.5 í II. viðauka. Þegar festingar eru strekktar skal viðarstöð, 150 mm × 150 mm, komið fyrir framan við afturhjólin og ýtt þéttingsfast að þeim.

- 1.1.3. Báðir ásar skulu festir niður á liðskiptum dráttarvélum. Ás þess hluta dráttarvélarinnar sem veltigrindin er fest á telst vera afturás á mynd 5 í IV. viðauka. Liðtengingin verður að vera með stoð til stuðnings sem er a.m.k. 100 mm × 100 mm og fest vandlega með stálvírur við teinana sem eru á jörðinni.

- 1.1.4. Draga skal kólfinn aftur á bak þannig að hæð þungamiðju hans fyrir ofan höggpunkt sé fengin með eftirfarandi formúlu:

$$H = 2,165 \times 10^{-8} \times WL^2 \text{ eða } H = 5,73 \times 10^{-2} \times I$$

þar sem:

H = fallhæð í millimetrum,

W = massi dráttarvélarinnar sem er skilgreindur í lið 1.3 í II. viðauka,

L = hámarkshjólhaf dráttarvélar í millimetrum,

I = hverfítregða afturáss, án hjóla, í kg á fermetra (kg/m²).

Síðan er kólfinum sleppt og hæfir hann þá veltigrindina.

- 1.1.5. Ekki skal gera höggpröfun að aftan á dráttarvélum með 50% massa, samkvæmt skilgreiningu liðar 1.3 í II. viðauka, á framásnum.

- 1.2. Högg að framan

- 1.2.1. Dráttarvélinni skal komið fyrir miðað við kólfinn á þann hátt að hann hafi veltigrindina þegar högggjafi kólfsins og keðjur eða stálvírar eru á ská við lóðrétt plan sem samsvarar 20° horni nema veltigrindin myndi stærra horn lóðrétt við snertipunktinn meðan á sveigjunni stendur. Í slíku tilvikum verður að stilla högggjafa kólfsins með viðbótarfestingum svo hann sé samsíða veltigrindinni við höggpunktinn við hámarkssveigju á meðan keðjur og stálvírar mynda áfram 20° horn eins og tilgreint er hér að framan. Gera verður ráðstafanir til að varna því að kólfinn snúist um höggpunktinn. Hæð kólfsins verður að stilla þannig að þungamiðja hans fari í gegnum snertipunktinn.

Höggpunkturinn er sá hluti veltigrindarinnar sem líklegt er að komi fyrst við jörðu ef dráttarvélina veltur á hlið við akstur beint áfram, oftast efri brúnnin að framan. Staðsetning þungamiðju kólfsins skal ekki vera meira en 80 mm frá lóðréttu plani sem er samsíða miðjuplaninu dráttarvélarinnar og snertir ystu brún á efsta hluta veltigrindarinnar.

Ef bogi framan á veltigrindinni byrjar aftur en 80 mm innan lóðréttu plansins skal höggið falla við upphaf bogans, þ.e. á þeim punkti þar sem boginn snertir línu sem er hornrétt á miðjuplaninu dráttarvélarinnar (sjá mynd 9 í IV. viðauka).

- 1.2.2. Dráttarvélur með heila grind skulu festar niður eins og sýnt er á mynd 6 í IV. viðauka. Festingarnar skulu vera u.þ.b. 2 m aftan við afturás og 1,5 m framan við framás.

Festingarnar verður að strekkja þannig að fram- og afturhjólabarðarnir verði fyrir þeirri sveigju sem gefin er í lið 3.1.5 í II. viðauka. Þegar festingar eru strekktar skal viðarstoð, 150 mm × 150 mm, komið fyrir aftan við afturhjólin og ýtt þéttingsfast að þeim.

- 1.2.3. Báðir ásar skulu festir niður á liðskiptum dráttarvélum. Ás þess hluta dráttarvélarinnar sem veltigrindin er fest á telst vera framás á mynd 6 í IV. viðauka. Liðtengingin verður að vera með stoð til stuðnings sem er a.m.k. 100 mm × 100 mm og fest vandlega með stálvírurum við teinana sem eru á jörðinni.

- 1.2.4. Draga skal kólfinn aftur á bak þannig að hæð þungamiðju hans fyrir ofan höggpunkt sé fengin með eftirfarandi formúlu:

$$H = 125 + 0,020 W.$$

- 1.3. Högg frá hlið

- 1.3.1. Dráttarvélinni skal komið fyrir miðað við kólfinn á þann hátt að hann hæfi veltigrindina þegar högggjafi kólfsins og keðjur eða stálvírar eru lóðrétt nema veltigrindin sé ekki lóðrétt við snertipunktinn meðan á sveigjunni stendur. Í slíku tilviki verður að stilla högggjafa kólfsins með viðbótarfestingum svo hann sé samsíða veltigrindinni við höggpunktinn við hámarkssveigju á meðan keðjur og stálvírar eru áfram lóðrétt. Hæð kólfsins verður að stilla þannig að þungamiðja hans fari í gegnum snertipunktinn.

Höggpunkturinn skal vera sá hluti veltigrindarinnar sem líklegt er að komi fyrst við jörðu við hliðarveltu, oftast efri brúnnin. Nema öruggt sé að annar hluti þessarar brúnar snerti jörðu fyrst skal höggpunkturinn vera í plani sem er hornrétt á miðjuplaninu dráttarvélarinnar og liggur í gegnum miðju sætis við miðjustillingu. Gera verður ráðstafanir til að varna því að kólfinn snúist um höggpunktinn. Þegar um er að ræða dráttarvél með vendisæti ökumanns (þ.e. með sæti og stýrishjóli sem hægt er að snúa við) skal höggpunkturinn fundinn út frá skurðpunkti miðjuplans dráttarvélarinnar og plans sem er hornrétt á það, með beinni línu sem liggur í gegnum punkt sem er jafn langt frá tveimur viðmiðunarpunktum sætisins.

- 1.3.2. Ás á óliðskiptum dráttarvélum sem er ósveigjanlegur miðað við veltigrind skal festur á þeirri hlið sem högg fellur á. Á fram- eða afturhjóladrifinni dráttarvél er þetta yfirleitt afturásinn, þetta fyrirkomulag er sýnt á mynd 7 í IV. viðauka. Festingarnar tvær skulu liggja yfir ásinn frá punktum sem liggja beint undir honum, önnur liggur yfir festingarpunkt sem er u.þ.b. 1,5 m framan við ásinn og hin yfir punkt sem er u.þ.b. 1,5 m aftan við ásinn. Festingarnar verður að strekkja þannig að hjólabarðarnir verði fyrir þeirri sveigju sem gefin er í lið 3.1.5 í II. viðauka. Þegar festingar eru strekktar skal viðarstoð komið fyrir framan við hjólin á móti högginu og fest þannig við gólfíð að hún haldist þéttingsfast upp við felguna í högginu eins og sýnt er á mynd 7 í IV. viðauka. Lengd stoðarinnar skal valin þannig að þegar hún er lögð við hjólin sé hornið 30 ± 3 á lárétt plan. Lengdin skal vera 20 til 25 sinnum þykktin og breiddin tvisvar til þrisvar sinnum þykktin. Hindra skal, með stoð sem er fest við gólfíð móti hjólinum á þeirri hlið sem er gagnstæð höggliðinni, að ásnarnir skriði til hliðanna.

- 1.3.3. Festa verður þann hluta liðskiptrar dráttarvélar sem veltigrind er fest á kyrfilega við jörðu eins og gert er við dráttarvélar sem eru ekki liðskiptar.

Báðir ásar liðskiptra dráttarvéla skulu festir við jörðu. Ás og hjól á þeim hluta dráttarvélar sem veltigrindin er fest á skulu fest og studd eins og sýnt er á mynd 7 í IV. viðauka. Liötengingin verður að vera með stoð til stuðnings sem er a.m.k. 100 mm × 100 mm og vandlega fest við teinana sem eru á jörðinni. Koma skal stoð fyrir við liötenginguna og festa hana kyrfilega við gólfíð þannig að hún hafi sömu áhrif og stoð sem sett er við afturhjólin og veiti svipaðan stuðning og á óliðskiptri dráttarvél.

- 1.3.4. Draga skal kólfinn aftur á bak þannig að hæð þungamiðju hans fyrir ofan höggpunkt sé fengin með eftirfarandi formúlu:

$$H = 125 + 0,150 W.$$

- 1.4. Álag að aftan

Dráttarvélin skal staðsett í búnaðinum eins og lýst er í lið 2.6 í II. viðauka og sýnt á myndum 8 og 10 í IV. viðauka, þannig að brún stoðarinnar að aftan sé yfir aftasta hluta veltigrindar að ofan sem verður fyrir álagi og lengdarmiðjuþlan dráttarvélarinnar sé miðja vegu milli álagspunkta á stoðina.

Ásstoðir skulu settir undir ásana þannig að enginn álagskraftur verði á hjólbarðana. Krafturinn sem er beitt skal samsvara tvisvar sinnum massa dráttarvélarinnar sem er skilgreindur í lið 1.3 í II. viðauka. Það getur verið nauðsynlegt að festa fremri hluta dráttarvélarinnar.

- 1.5. Álag að framan

- 1.5.1. Þessi prófun skal vera eins og álagsprófun að aftan, þó skal fremri brún stoðarinnar vera yfir fremsta hluta veltigrindar að ofan.

- 1.5.2. Ef fremri hluti á þaki veltigrindar stenst ekki mesta álagskraftur skal beita krafti á þakið þar til það sveigist til hliðar þannig að það fari saman við plan er tengir efri hluta veltigrindar við þann hluta dráttarvélar að framan sem getur borið massa dráttarvélarinnar við veltu. Því næst skal aflétta kraftinum og dráttarvélin færð þannig að stoðin sé yfir þeim punkti veltigrindarinnar sem afturhluti dráttarvélarinnar myndi hvíla á ef hún ylti alveg, eins og sýnt er á mynd 10 í IV. viðauka og síðan er fullum krafti beitt aftur.

2. AUDA SVÆÐIÐ

- 2.1. Auða svæðið er sýnt á mynd 3 í IV. viðauka og er skilgreint með hliðsjón af lóðréttu viðmiðunarplani sem liggur venjulega eftir endilangri dráttarvélinni og gegnum viðmiðunarpunkt sætis sem er lýst í lið 2.3. og miðju stýrishjóls. Gera skal ráð fyrir að þetta viðmiðunarplan færist lárétt með sætinu og stýrishjólinu í högginu en haldist hornrétt á gólf dráttarvélarinnar eða veltigrindina ef á þeim er fjöðrunarbúnaður.

Ef unnt er að stilla stýrishjólið skal það vera stillt miðað við eðlilegan akstur þar sem ökumaður situr í sætinu.

- 2.2. Mörk svæðisins eru mæld sem:

- 2.2.1. lóðrétt plön 250 mm sitt hvoru megin viðmiðunarplansins sem nær 300 mm upp á við frá viðmiðunarpunkti sætis,

- 2.2.2. samsíða plön sem ná frá efri brúnnum plana í lið 2.2.1 900 mm að hámarki yfir viðmiðunarpunkt sætis og hallast þannig að efri brún plans næst högginu er að minnsta kosti 100 mm frá viðmiðunarplaninu,

- 2.2.3. lárétt plan sem er 900 mm yfir viðmiðunarpunkti sætis,
- 2.2.4. hallandi plan sem er hornrétt á viðmiðunarplan og í punkt 900 mm beint yfir viðmiðunarpunkti sætis og aftasti punktur á sætisgrindinni ásamt fjöðrunarbúnaði,
- 2.2.5. lóðrétt plan, hornrétt á viðmiðunarplanið og sem nær niður á við frá aftasta punkti sætis,
- 2.2.6. bogið yfirborð, hornrétt á viðmiðunarplanið, með 120 mm rásradius sem snertir plön í liðum 2.2.3 og 2.2.4.,
- 2.2.7. bogið yfirborð hornrétt á viðmiðunarplanið, með 900 mm rásradius sem nær 400 mm fram á við frá plani í lið 2.2.3 og snertir það á punkti sem er 150 mm framan við viðmiðunarpunkt sætis,
- 2.2.8. hallandi plan, hornrétt á viðmiðunarplanið, og tengist yfirborði í lið 2.2.7. á fremri brún þess og er 40 mm frá stýrishjóli. Ef stýrishjólið er í eðlilegri stillingu skal snertiplan við yfirborð í lið 2.2.7. koma í stað þessa plans,
- 2.2.9. lóðrétt plan, hornrétt á viðmiðunarplan, 40 mm framan við stýrishjól,
- 2.2.10. lárétt plan gegnum viðmiðunarpunkt sætis,
- 2.2.11. Þegar um er að ræða dráttarvél með vendisæti ökumanns (þ.e. með sæti og stýrishjóli sem hægt er að snúa við) skal auða svæðið vera samansett úr þeim tveimur svæðum sem ákvarðast af tveimur staðsetningum stýrisins og sætisins,
- 2.2.12. Þegar um er að ræða dráttarvél, þar sem hægt er að koma fyrir mismunandi sætum, skulu prófanirnar miðast við sameinaða auða svæðið umhverfis viðmiðunarpunkta allra sæta sem hægt er að velja um. Veltigrindin skal ekki fara inn á sameinaða auða svæðið umhverfis hina mismunandi viðmiðunarpunkta sætisins.
- 2.2.13. Ef fram koma tillögur um ný sæti eftir að prófunum lýkur skal athuga með útreikningum hvort auða svæðið umhverfis viðmiðunarpunkt nýja sætisins falli algerlega innan þess sameinaða svæðis sem áður hefur verið ákvarðað. Að öðrum kosti er ný prófun nauðsynleg.
- 2.3. Staðsetning sætis og viðmiðunarpunktur sætis
- 2.3.1. Til þess að skilgreina auða svæðið í lið 2.1. skal sætið vera í öftustu stillingu miðað við lárétt stillingarsvæði. Það skal vera við miðpunkt lóðrétts stillingarsvæðis ef það er óháð lárétrri stillingu.
- Ákvarða skal viðmiðunarpunkt með því að nota það tæki sem lýst er á myndum 1 og 2 í IV. viðauka þannig að líkt sé eftir því að ökumaður sitji í sætinu. Tækið skal gert úr sætisplötu og bakplötu. Neðri bakplatan skal vera með samskeytum í mjaðmarhæð (A) og í lendarhæð (B) og er hæð samskeyta (B) stillanleg.
- 2.3.2. Viðmiðunarpunktur er skilgreindur sem punktur í lengdarmiðjuplani sætis þar sem snertiplan neðri bakplötu og lárétt plan skerast. Láréttu planið sker neðra borð sætisplötu 150 mm fyrir framan framangreint snertiplan.
- 2.3.3. Ef í sæti er fjöðrunarbúnaður sem hægt er að stilla eftir þyngd ökumanns skal stilla sætið í miðstillingu.
- Tækið skal vera á sætinu. Síðan er settur á það 550 N kraftur á stað sem er 50 mm fyrir framan samskeyti (A), þar næst er þrýst létt á bakplöturnar tvær í snertistefnu að bakstoðinni,

2.3.4. Ef ekki reynist mögulegt að ákvarða nákvæma snertilínu við bakstoðina (ofan og neðan við mjóhrygg) á eftirfarandi við:

2.3.4.1. liggja engin snertilína að neðra svæðinu er neðri hluta bakplötu þrýst lóðrétt á bakstoðina,

2.3.4.2. liggja engin snertilína að efra svæðinu eru samskeytin (B) fest í hæð sem er 230 mm yfir viðmiðunarpunkti sætis, ef neðri hluti bakplötu er lóðréttur. Því næst er báðum hlutum bakplötu þrýst létt að sætisbakinu.

3. NAUÐSYNLEGAR MÆLINGAR

3.1. Brot og sprungur

Eftir hverja prófun skal skoða allar burðareiningar, samskeyti og knegti á sjónrænan hátt og athuga hvort í heim séu brot eða sprungur, en líta má fram hjá smávægilegum sprungum í hlutum sem ekki teljast mikilvægir.

3.2. Auða svæðið

3.2.1. Veltigrind skal skoðuð á meðan á hverri prófun stendur til að sjá hvort einhver hluti veltigrindarinnar hafi farið inn á auða svæðið í kringum ökumannssætið samkvæmt skilgreiningu liða 2.1 og 2.2.

3.2.2. Að auki skal skoða veltigrindina til að ákvarða hvort einhver hluti auða svæðisins er óvarinn af veltigrindinni. Að því er þetta varðar telst það óvarið af veltigrind ef einhver hluti þess hefði snerti jörðu ef dráttarvélín hefði oltið á þá hlið sem höggið kom á. Að því er þetta varðar skulu hjólbærðar vera eins smáir og sporstilling eins lítill og unnt er samkvæmt forskrift framleiðanda.


3.3. Hámarkssveigja í skamman tíma

Við höggprófun frá hlið skal skrá mismun milli hámarkssveigju í skamman tíma og varanlegrar sveigju 900 mm yfir sæti með álagi og 150 mm framan við viðmiðunarpunkt sætis. Annar endi stangarinnar sem lýst er í lið 2.7.1 í II. viðauka skal festur við efri hluta veltigrindar og hinn endinn settur gegnum gat á lóðréttan standinum. Staðsetning núningulegu á stönginni eftir höggprófun sýnir hámarkssveigju í skamman tíma.

3.4. Varanleg sveigja


Að álagsprófunum loknum skal varanleg sveigja veltigrindar skráð. Að því er þetta varðar skal skrá stöðu helstu hluta veltigrindar miðað við viðmiðunarpunkt sætis áður en prófun hefst.

IV. VIÐAUKI
MYNDIR




Mynd 1

Búnaður til að ákvarða viðmiðunarpunkt sætis




Mynd 2


Aðferð við að ákvarða viðmiðunarpunkt sætis



Viðmiðunarpunktur sætis




Mynd 3
Auða svæðið



Mynd 4
Skýringarmynd af kólfi

Sjá um loftþrýsting í hjólbörðum og sveigju í lið 3.1.5 í II. viðauka




Mynd 5.

Högg að aftan

Athugasemd:

Lögun veltigrindarinnar á myndinni er eingöngu ætluð sem lýsing og til viðmiðunar á málum. Hún felur ekki í sér kröfur um hönnun.




Mynd 6

Högg að framan

Athugasemd:

Lögun veltigrindarinnar á myndinni er eingöngu ætluð sem lýsing og til viðmiðunar á málum. Hún felur ekki í sér kröfur um hönnun.

Sjá um lofþrýsting í hjólbörðum
og sveigju í lið 3.1.5 í II. viðauka




Mynd 7

Högg frá hlið

Athugasemd:

Lögun veltigrindarinnar á myndinni er eingöngu ætluð sem lýsing og til viðmiðunar á málum. Hún felur ekki í sér kröfur um hönnun.




Mynd 8

Álagsprófun

Athugasemd:

Lögun veltigrindarinnar á myndinni er eingöngu ætluð sem lýsing og til viðmiðunar á málum. Hún felur ekki í sér kröfur um hönnun.



Mynd 9

Teikning af plönnum veltigrindar og kólfs er sýnir staðsetningu sveifluplans við höggprófanir að aftan og framan

Athugasemd:

Kólfur sýndur vinstra megin við miðjuplan. Þær hliðar sem notaðar eru til höggprófunar að framan og aftan eru fyrir hverja prófun ákvarðaðar í samræmi við lið 3.1.4. í II. viðauka.




Fig. 10

Position of beam in crushing tests

Note:

The configuration of the roll-over protection structure shown is solely for the purpose of illustration and for dimensional reference. It does not purport to denote design requirements.

Mynd 10

Staðsetning stoðar við álagsprófanir

Athugasemd:

Lögun veltigrindarinnar á myndinni er eingöngu ætluð sem lýsing og til viðmiðunar á málum. Hún felur ekki í sér kröfur um hönnun.

V. VIÐAUKI
FYRIRMYND

**SKÝRSLA UM PRÓFUN VEGNA EB-GERÐARVIÐURKENNINGAR ÍHLUTAR Á STYRKLEIKA
VELTIGRINDAR (ÖRYGGISRAMMA EÐA -HÚSI) OG FESTINGA HENNA R VÍÐ DRÁTTARVÉLINA**

Veltigrind	
Tegund	
Gerð	
Tegund dráttarvélar	
Gerð dráttarvélar	
Prófunaraðferð	I/II ⁽¹⁾

Prófunarstöð

EB-gerðarviðurkenningarnúmer i hlutar

1. Vörumerki eða viðskiptaheiti veltigrindar

.....

2. Nafn og heimilisfang framleiðanda dráttarvélar eða veltigrindar

.....

3. Ef við á, nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa framleiðanda dráttarvélar eða veltigrindar

.....

4. Forskriftir dráttarvéla sem prófaðar eru

4.1. Vörumerki eða viðskiptaheiti

4.2. Gerð og verslunarheiti

4.3. Raðnúmer

4.4. Massi dráttarvélar án fargs með áfastri veltigrind, án öku manns

kg

4.5. Hjólhaf/hverfitregða ⁽¹⁾

mm/kg/m² ⁽¹⁾

4.6. Hjólbarðastærð að framan

að aftan

5. Rýmkun EB-gerðarviðurkenningar i hlutar til annarra gerða dráttarvéla

5.1. Vörumerki eða viðskiptaheiti

⁽¹⁾ Strikið yfir það sem ekki á við.

- 5.2. Gerð og verslunarheiti
- 5.3. Massi dráttarvélar án fargs með áfastri veltigrind, án ökumanns kg
- 5.4. Hjólhaf/hverfitregða ⁽¹⁾ mm/kg/m² ⁽¹⁾
- 5.5. Hjólbarðastærð að framan
- að aftan
- 6. Forskriftir veltigrinda**
- 6.1. Almenn yfirlitsteikning af veltigrind og festingum hennar við dráttarvélin
- 6.2. Ljósmyndir frá hlið og aftan frá er sýna festingaratriði í smáatriðum
- 6.3. Stutt lýsing á veltigrind og gerð yfirbyggingar, lýsing í smáatriðum á festingum á dráttarvélinni og klæðningu, aðgengi og undankomuleið, bólstrun að innanverðu og búnaði til að koma í veg fyrir að dráttarvélin rúlli áfram við veltu og á hitunarbúnaði og loftræstibúnaði
- 6.4. Mál
- 6.4.1. Hæð þakhluta yfir viðmiðunarpunkti sætis⁽²⁾ mm
- 6.4.2. Hæð þakhluta yfir fótabretti dráttarvélar mm
- 6.4.3. Breidd veltigrindar að innan 950 mm yfir sæti með álagi/900 mm yfir viðmiðunarpunkti sætis ⁽²⁾ mm
- 6.4.4. Breidd veltigrindar að innan miðuð við punkt yfir sæti sem er stillt miðað við miðju stýrishjóls mm
- 6.4.5. Fjarlægð frá miðju stýrishjóls til þess hluta veltigrindar sem er á hægri hönd mm
- 6.4.6. Fjarlægð frá miðju stýrishjóls til þess hluta veltigrindar sem er á vinstri hönd mm
- 6.4.7. Lágmarksfjarlægð frá hjólhring stýris að veltigrind mm
- 6.4.8. Breidd dyra
- að ofan mm
- um miðju mm
- að neðan mm
- 6.4.9. Hæð dyra:
- yfir fótabretti mm

⁽¹⁾ Strikið yfir það sem ekki á við.

⁽²⁾ Samkvæmt þeirri prófunaraðferð sem er notuð.

- yfir efsta stigþrepi mm
- yfir neðsta stigþrepi mm
- 6.4.10. Mesta hæð dráttarvélar með áfastri veltigrind mm
- 6.4.11. Mesta breidd veltigrindar mm
- 6.4.12. Lárétt fjarlægð til afturhluta veltigrindar frá baki sætis með álagi í 950 mm hæð/900 mm yfir viðmiðunarpunkti sætis ⁽¹⁾ mm
- mm
- 6.5. Nákvæmar upplýsingar um og gæði efnis sem er notað, staðlar sem farið er eftir
- Grind (efni og mál)
- Festingar (efni og mál)
- Klæðning (efni og mál)
- Þök (efni og mál)
- Bólstrun að innanverðu (efni og mál)
- Festingar og boltar (flokkur og mál)
7. **Niðurstaða prófunar**
- 7.1. Högg- og álagsprófanir
- Höggprófanir voru gerðar vinstra/hægra megin⁽²⁾ að aftan og hægra/vinstra megin ⁽²⁾ að framan og á hægri/vinstri hlið ⁽²⁾. Viðmiðunarmassi sem var notaður til að reikna höggorku og álagskraft var kg
- Kröfum vegna brota og sprungna, hámarkssveigju á hverjum tíma og um auða svæðið var fullnægt
- 7.2. Sveigja mældist eftir prófun:
- Varanleg sveigja:
- að aftan: til vinstri mm
- til hægri mm
- að framan: til vinstri mm
- til hægri mm
- frá hlið:
- að framan mm
- að aftan mm
- að ofan niður á við:
- að framan mm
- að aftan mm
- Mismunur á hámarkssveigju í skamman tíma og varanlegri sveigju sem fram kemur við höggprófun frá hlið mm
- mm
8. Númer skýrslu
9. Dagsetning skýrslu
10. Undirskrift

⁽¹⁾ Samkvæmt þeirri prófunaraðferð sem er notuð.

⁽²⁾ Strikið yfir það sem ekki á við.


*VI. VIÐAUKI***MERKI**

EB-gerðarviðurkenningamerki íhlutar skal vera réttþyrningur utan um lítið „e“ og skal auðkennisnúmer aðildarríkisins sem veitti gerðarviðurkenningu íhlutarins fylgja:

1. fyrir Þýskaland,
2. fyrir Frakkland,
3. fyrir Ítalíu,
4. fyrir Holland,
5. fyrir Svíþjóð,
6. fyrir Belgíu,
7. fyrir Ungverjaland,
8. fyrir Tékkland,
9. fyrir Spán,
11. fyrir Breska Konungsríkið,
12. fyrir Austurríki,
13. fyrir Lúxemborg,
17. fyrir Finnland,
18. fyrir Danmörku,
19. fyrir Rúmeníu,
20. fyrir Pólland,
21. fyrir Portúgal,
23. fyrir Grikkland,
24. fyrir Írland,
26. fyrir Slóveníu,
27. fyrir Slóvakíu,
29. fyrir Eistland,
32. fyrir Lettland,
34. fyrir Búlgaríu,
36. fyrir Litháen,
49. fyrir Kýpur,
50. fyrir Möltu.

Hjá réttþyrningnum skal einnig vera EB-gerðarviðurkenningarnúmer íhlutarins er samsvarar númeri EB-gerðarviðurkenningarvottorðs íhlutarins sem er gefið út með hliðsjón af styrkleika veltigrindar og festinga hennar við dráttarvélina.

Dæmi um EB-gerðarviðurkenningarmarki íhlutar



Skýringartexti: Veltigrind, með EB-gerðarviðurkenningarmarki íhlutar sem er sýnt að ofan, er grind sem hlaut EB-gerðarviðurkenningu í Þýskalandi (e 1) samkvæmt númeri 1471.

VII. VIÐAUKI

FYRIRMYND

AÐ EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐI ÍHLUTAR

Nafn lögbærs yfirvalds

Tilkynning varðandi veitingu, synjun, afturköllun eða rýmkun EB-gerðarviðurkenningar íhlutar með hliðsjón af styrkleika veltigrindar (öryggishúss eða -ramma) og festinga hennar við dráttarvélina

EB-gerðarviðurkenningarnúmer íhlutar.....
.....rýmkun ⁽¹⁾

1. Vörumerki eða viðskiptaheiti veltigrindar
2. Nafn og heimilisfang framleiðanda veltigrindar
3. Ef við á, nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa framleiðanda veltigrindar
4. Vörumerki eða viðskiptaheiti, gerð eða verslunarheiti á dráttarvél sem veltigrind á að fara á
5. Rýmkun EB-gerðarviðurkenningar íhlutar fyrir eftirtaldir gerðir dráttarvéla
- 5.1. Massi dráttarvélar án fargs eins og hann er skilgreindur í lið 1.3. í II. viðauka er 5% eða meira yfir/er ekki meira en 5% yfir⁽²⁾ viðmiðunarmassanum sem er notaður fyrir prófun.
- 5.2. Áfestingaradferðir og festingarpunktur eru/eru ekki ⁽²⁾ af sömu gerð.
- 5.3. Allir íhlutir sem eru líklegir til að styrkja veltigrindina eru/eru ekki ⁽²⁾ af sömu gerð.
6. Lagt fram til EB-gerðarviðurkenningar íhlutar þann
7. Prófunarstöð
8. Dagsetning og númer skýrslu prófunarstöðvar
9. Dagsetning veitingar, synjunar, afturköllunar EB-gerðarviðurkenningar íhlutar ⁽²⁾
10. Dagsetning veitingar, synjunar, afturköllunar á rýmkun EB-gerðarviðurkenningar íhlutar ⁽²⁾
11. Staður
12. Dagsetning
13. Eftirtalin skjöl með númeri gerðarviðurkenningar íhlutar, sem sýnt er að framan, fylgja þessu vottorði (t.d. skýrslu prófunarstöðvar)
14. Athugasemdir, ef einhverjar
15. Undirskrift

⁽¹⁾ Greinið frá, eftir atvikum, hvort um er að ræða fyrstu, aðra o.s.frv. rýmkun á upprunalegri EB-gerðarviðurkenningu íhlutar.

⁽²⁾ Strikið yfir það sem ekki á við.

*VIII. VIÐAUKI***Skilyrði fyrir EB-gerðarviðurkenningu**

1. Framleiðandi dráttarvélar eða viðurkenndur fulltrúi hans skal leggja fram umsókn um EB-gerðarviðurkenningu fyrir dráttarvél með hliðsjón af styrkleika veltigrindar og festinga hennar við dráttarvélina.
2. Tækniþjónustan sem annast gerðarviðurkenningarprófanir skal fá í hendur dráttarvél sem er dæmigerð fyrir þá gerð sem viðurkenna á og skal vera búð að setja viðurkennda veltigrind og festingar hennar á.
3. Tækniþjónustan sem annast gerðarviðurkenningarprófanir skal ganga úr skugga um hvort hin viðurkennda gerð veltigrindar verður fest á þá gerð dráttarvélar sem á að gerðarviðurkenna. Hún skal einkum ganga úr skugga um að festingar veltigrindarinnar samsvari þeim sem voru prófaðar þegar EB-gerðarviðurkenning íhlutarins var veitt.
4. Handhafi EB-gerðarviðurkenningar getur sótt um rýmkun svo hún nái einnig til annarra gerða veltigrinda.
5. Lögbær yfirvöld skulu heimila slíka rýmkun með eftirtöldum skilyrðum:
 - 5.1. hin nýja gerð veltigrindar og festingar hennar við dráttarvél verða að hafa öðlast EB-gerðarviðurkenningu íhlutar,
 - 5.2. hin nýja gerð veltigrindar skal hönnuð þannig að hún passi á þá gerð dráttarvélar sem sótt er um rýmkun EB-gerðarviðurkenningar fyrir,
 - 5.3. festingar veltigrindarinnar við dráttarvélina samsvara þeim festingum sem voru prófaðar þegar EB-gerðarviðurkenning íhlutar var veitt.
6. Vottorð, en fyrirmynd að því er að finna í IX. viðauka, skal fylgja EB-gerðarviðurkenningavottorði vegna hvernar gerðarviðurkenningar eða rýmkunar gerðarviðurkenningar sem hefur verið veitt eða synjað um.
7. Ef umsókn um EB-gerðarviðurkenningu vegna gerðar dráttarvélar er lögð fram á sama tíma og beiðni um EB-gerðarviðurkenningu íhlutar vegna gerðar veltigrindar sem á að festa á gerð dráttarvélar sem sótt er um EB-gerðarviðurkenningu fyrir á eftirlitið sem mælt er fyrir um í 2. og 3. lið ekki við.

IX. VIÐAUKI
FYRIRMYND

Nafn lögþærs yfirvalds

VIÐAUKI VIÐ EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ FYRIR GERÐ DRÁTTARVÉLAR MED HLIÐSJÓN AF STYRKLEIKA VELTIGRINDA (ÖRYGGISHÚSS EÐA -RAMMA) OG FESTINGA ÞEIRRA VIÐ DRÁTTARVÉLINA

(1. mgr. 4.gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB um gerðarviðurkenningu á dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt, eftirvögnum þeirra og útskiptanlegum, dregnum tækjum ásamt kerfum þeirra, ihlutum og aðskildum tæknieiningum og um niðurfellingu á tilskipun 74/150/EBE)

EB-gerðarviðurkenningarnúmer

.....rýmkun ⁽¹⁾

1. Viðskiptaheiti eða vörumerki dráttarvélar
2. Gerð dráttarvélar
3. Nafn og heimilisfang framleiðanda dráttarvélar
4. Ef við á, nafn og heimilisfang viðurkennds fulltrúa framleiðanda
5. Viðskiptaheiti eða vörumerki veltigrinda
6. Rýmkun á EB-gerðarviðurkenningu ihlutar fyrir eftirtaldar gerðir veltigrinda
7. Dráttarvél lögð fram vegna EB-gerðarviðurkenningar þann
8. Tækniþjónusta sem sér um eftirlit með samræmi EB-gerðarviðurkenninga
9. Dagsetning skýrslu sem þjónustan gefur út
10. Númer skýrslu sem þjónustan gefur út
11. EB-gerðarviðurkenning með hliðsjón af styrkleika veltigrinda og festinga þeirra við dráttarvélinu veitt/synjað um hana ⁽²⁾
12. Rýmkun EB-gerðarviðurkenningar með hliðsjón af styrkleika veltigrinda og festinga þeirra við dráttarvélinu veitt/synjað um hana ⁽²⁾
13. Staður
14. Dagsetning
15. Undirskrift

⁽¹⁾ Greinið frá, eftir atvikum, hvort um er að ræða fyrstu, aðra o.s.frv. rýmkun á upprunalegri EB-gerðarviðurkenningu ihlutar

⁽²⁾ Strikið yfir það sem ekki á við.

X. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun með skrá yfir síðari breytingar hennar

(sem um getur í 13. gr.)

Tilskipun ráðsins 77/536/EBE
Stjtið. EB L 220, 29.8.1977, bls. 1.

X. hluti I. viðauka við aðildarlögin frá 1979
Stjtið. EB L 291, 19.11.1979, bls. 108.

IX. hluti A við I. viðauka aðildarlaganna frá 1985
Stjtið. EB L 302, 15.11.1985, bls. 209.

Tilskipun ráðsins 87/354/EB
Stjtið. EB L 192, 11.7.1987, bls. 43.

Eingöngu tilvísanir í tilskipun 77/536/EB sem gerðar eru með a-lið 9. liðar viðaukans

Tilskipun ráðsins 89/680/EB
Stjtið. EB L 398, 30.12.1989, bls. 26.

Liður XI.C.II.2 í I. viðauka við aðildarlögin frá 1994
Stjtið. EB C 241, 29.8.1994, bls. 205.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/55/EB
Stjtið. EB L 146, 11.6.1999, bls. 28.

Liður I.A.21 í II. viðauka við aðildarlögin frá 2003
Stjtið. EB L 236, 23.9.2003, bls. 53.

Tilskipun ráðsins 2006/96/EB
Stjtið. EB L 363, 20.12.2006, bls. 81.

Eingöngu tilvísanir í tilskipun 77/536/EB sem gerðar eru með 1. grein og 20. lið A-hlutar viðaukans

B-HLUTI

Skrá yfir fresti til lögleiðingar og beitingar í aðildarríkjunum

(sem um getur í 13. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar	Gildistökudagur
77/536/EB	29. desember 1978	—
87/354/EB	31. desember 1987	—
89/680/EB	3. janúar 1990	—
1999/55/EB	30 júní 2000 ⁽¹⁾	—
2006/96/EB	1. janúar 2007	—

⁽¹⁾ Í samræmi við 2.gr. tilskipunar 1999/55/EB:

„1. Frá 1. júlí 2000 er aðildarríkjum óheimilt:

- að synja um EB-gerðarviðurkenningu, útgáfu skjalsins sem kveðið er á um í þriðja undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð dráttarvélar, eða
- að banna að dráttarvélar séu teknar í notkun, ef dráttarvélar, sem um ræðir, eru í samræmi við kröfurnar í tilskipun 77/536/EB, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

2. Frá 1. janúar 2001:

- skulu aðildarríkin ekki lengur gefa út skjalið, sem kveðið er á um í þriðja undirlið 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE, fyrir gerð dráttarvélar sem uppfyllir ekki kröfur í tilskipun 77/536/EB, eins og henni er breytt með þessari tilskipun,
- er aðildarríkjunum heimilt að synja um innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð dráttarvélar sem uppfyllir ekki kröfurnar í tilskipun 77/536/EB, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.“

XI. VIÐAUKI
SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun 77/536/EBE	Tilskipun 1999/55/EB	Þessi tilskipun
9. gr.		1. gr.
1. gr.		2. gr.
2. gr.		3. gr.
3. gr.		4. gr.
4. gr.		5. gr.
5. gr.		6. gr.
6. gr.		7. gr.
7. gr.		—
	2. gr.	8. gr.
8. gr.		9. gr.
10. og 11. gr.		10. og 11. gr.
1. mgr. 12. gr.		—
2. mgr. 12. gr.		12. gr.
—		13. gr.
—		14. gr.
13. gr.		15. gr.
I. til IX. viðauki		I. til IX. viðauki
—		X. viðauki
—		XI. viðauki

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/62/ESB

2012/EES/59/04

frá 8. september 2010

um breytingu á tilskipunum ráðsins 80/720/EBE og 86/297/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB, 2009/60/EB og 2009/144/EB varðandi gerðarviðurkenningu á dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt, í því skyni að aðlaga tæknileg ákvæði þeirra (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

sem falla undir tilskipun 2003/37/EB, felldar inn í tilskipun ráðsins 86/297/EBE frá 26. maí 1986 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aflúttak á landbúnaðardráttarvélum á hjólum og hlífar fyrir það ⁽⁵⁾.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB frá 26. maí 2003 um gerðarviðurkenningu á dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt, eftirvögnum þeirra og útskiptanlegum, dregnum tækjum ásamt kerfum þeirra, íhlutum og aðskildum tæknieiningum og um niðurfellingu á tilskipun 74/150/EBE ⁽¹⁾, einkum a- og b-lið 1. mgr. 19. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tækniframfarir gera heildargerðarviðurkenningu fyrir fullbúin ökutæki mögulega að því er varðar dráttarvélar í flokki T4.3 (dráttarvélar með lítilli fríhæð), eins og þær eru skilgreindar í tilskipun 2003/37/EB. Breyta ber tilskipun ráðsins 80/720/EBE frá 24. júní 1980 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi athafnarými, aðgang að öikumannssæti og dyr og glugga á landbúnaðardráttarvélum á hjólum ⁽²⁾, tilskipun 2003/37/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/60/EB frá 13. júlí 2009 um hámarkshönnunarhraða og hleðslupalla fyrir dráttarvélar á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt ⁽³⁾ og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/144/EB frá 30. nóvember 2009 um tiltekna íhluti og eiginleika dráttarvéla á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt ⁽⁴⁾ til að taka tillit til sérstöðu dráttarvéla með lítilli fríhæð.
- 2) Til þess að framþróun verði á tilkomu innri markaðarins og til að auka vinnuvernd, skulu kröfur um aflúttak að framan að því er varðar alla flokka dráttarvéla,

- 3) Breyta skal auða svæðinu sem krafist er og málum varnarhlífar aflúttaksins, sem kveðið er á um í tilskipun 86/297/EBE, til þess að ná fram samræmingu slíkra svæða og mála um heim allan til þess að greiða fyrir samkeppnishæfni framleiðenda í Sambandinu á alþjóðavísu.
- 4) Í ISO-staðli 500-1:2004 ásamt tæknilegri leiðréttingu 1:2005, ISO-staðall 500-2:2004 og ISO-staðall 8759-1:1998 er að finna alþjóðlega viðurkenndar kröfur um aflúttök allra dráttarvéla sem falla undir tilskipun 2003/37/EB. Því er rétt að vísa í þessa ISO-staðla í tilskipun 86/297/EBE.
- 5) Breyta ber tilskipun 2003/37/EB þannig að hún endurspegli beitingu tilskipunar 86/297/EBE að því er varðar dráttarvélar í flokki T5. Að sama skapi skal breyta tilskipun 2003/37/EB þannig að hún endurspegli beitingu tilskipunar 2009/60/EB og tilskipunar 80/720/EBE að því er varðar dráttarvélar í flokki T4.3.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 20. gr. tilskipunar 2003/37/EB,

SAMBÝKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Tilskipun 80/720/EBE er breytt sem hér segir:

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 238, 9.9.2010, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 43, 2.8.2012, bls. 24.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 171, 9.7.2003, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 194, 27.7.1980, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 198, 30.7.2009, bls. 15.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 33.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 186, 8.7.1986, bls. 19.

1. Í stað 1. gr. komi eftirfarandi:

„1. gr:

1. Í þessari tilskipun er „dráttarvél“ dráttarvél eins og hún er skilgreind í j-lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB (*),

Í þessari tilskipun gilda skilgreiningarnar á flokkum dráttarvéla í II. viðauka við tilskipun 2003/37/EB.

2. Þessi tilskipun gildir um dráttarvélar í flokkum T1, T3 og T4, eins og skilgreint er í II. viðauka við tilskipun 2003/37/EB.

Þessi tilskipun gildir ekki um dráttarvélar í flokknum T4.3 þar sem málpunktur öikumannssætis eins og hann er ákvarðaður í II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/144/EB (**), er meira en 100 mm frá lengdarmiðjuplanum dráttarvélarinnar.“

(*) Stjórn. ESB L 171, 9.7.2003, bls. 1.

(**) Stjórn. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 33.

2. Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa tilskipun.

2. gr:

Tilskipun 86/297/EBE er breytt sem hér segir:

1. Í stað titilsins komi eftirfarandi:

„Tilskipun ráðsins 86/297/EBE frá 26. maí 1986 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aflúttak á dráttarvélum og hlífur fyrir það“,

2. Í stað 1. gr. komi eftirfarandi:

„1. gr:

1. Í þessari tilskipun er „dráttarvél“, dráttarvél eins og hún er skilgreind í j-lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB (*).

2. Í þessari tilskipun gilda skilgreiningarnar á flokkum dráttarvéla í II. viðauka við tilskipun 2003/37/EB.“

(*) Stjórn. ESB L 171, 9.7.2003, bls. 1.,

3. Í stað I. og II. viðauka komi texti II. viðauka við þessa tilskipun.

3. gr:

Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 2003/37/EB er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa tilskipun.

4. gr:

Tilskipun 2009/60/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. gr. komi eftirfarandi:

„1. gr:

1. Í þessari tilskipun er „dráttarvél“, dráttarvél eins og hún er skilgreind í j-lið 2. gr. tilskipunar 2003/37/EB.

2. Í þessari tilskipun gilda skilgreiningarnar á flokkum dráttarvéla í II. viðauka við tilskipun 2003/37/EB.

3. Tilskipun þessi gildir eingöngu um dráttarvélar sem hafa loftfyllta hjólbarða og ekki hærri hámarks-hönnunarhraða en 40 km/klst.“,

2. Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við IV. viðauka við þessa tilskipun.

5. gr:

Tilskipun 2009/144/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað 1. gr. komi eftirfarandi:

„1. gr:

1. Í þessari tilskipun er „dráttarvél“, dráttarvél eins og hún er skilgreind í j-lið 2. gr. tilskipunar 2003/37/EB.

2. Í þessari tilskipun gilda skilgreiningarnar á flokkum dráttarvéla í II. viðauka við tilskipun 2003/37/EB.

3. Tilskipun þessi gildir um dráttarvélar í flokkunum T1, T2, T3 og T4.“,

2. Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við V. viðauka við þessa tilskipun.

6. gr.

1. Aðildarríkin skulu beita þeim ákvæðum sem um getur í 1. mgr. 7. gr. þessarar tilskipunar að því er varðar nýjar gerðir ökutækja frá 29. september 2011 og ný ökutæki frá 29. september 2012, vegna dráttarvéla í flokkunum T1, T2 og T3, eins og þeir eru skilgreindir í II. viðauka við tilskipun 2003/37/EB.

2. Aðildarríkin skulu beita þeim ákvæðum sem um getur í 1. mgr. 7. gr. þessarar tilskipunar að því er varðar nýjar gerðir ökutækja frá 29. september 2013 og ný ökutæki frá 29. september 2016, vegna dráttarvéla í flokknum T4.3, eins og hann er skilgreindur í II. viðauka við tilskipun 2003/37/EB.

3. Aðildarríkin skulu beita þeim ákvæðum sem um getur í 1. mgr. 7. gr. þessarar tilskipunar að því er varðar nýjar gerðir ökutækja og ný ökutæki frá þeim dagsetningum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 23. gr. tilskipunar 2003/37/EB, vegna ökutækjaflokkanna T4.1, T4.2, T5, C, R og S, eins og þeir eru skilgreindir í II. viðauka tilskipunar 2003/37/EB.

7. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnarsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 29. september 2011. Þau skulu þegar í stað

senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu yfir viðkomandi ákvæði og þessa tilskipun.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

8. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

9. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel, 8. september 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

Í stað liðar I.2 í I. viðauka við tilskipun 80/720/EBE komi eftirfarandi:

- „I.2. Breidd athafnarýmisins verður að vera a.m.k. 900 mm, í hæð frá 400 til 900 mm yfir viðmiðunarpunkti sætis og 450 mm á lengd fyrir framan þann punkt (sjá myndir 1 og 3) í öllum dráttarvélum, að undanskildum dráttarvélum með lítilli sporvidd, sporvidd ≤ 1150 mm, og þær sem falla undir flokk T4.3. Í dráttarvélum í flokki T4.3 þarf athafnarýmið, fyrir ofan svæðið sem nær 450 mm framan við viðmiðunarpunkt sætis, að vera í 400 mm hæð yfir viðmiðunarpunkti sætis, með heildarbreidd a.m.k. 700 mm og í 900 mm hæð yfir viðmiðunarpunkti sætis, heildarbreidd a.m.k. 600 mm.“

II. VIÐAUKI

I. VIÐAUKI

Almenn ákvæði og kröfur að því er varðar aflúttök

1. Skilgreiningar og gildissvið
 - 1.1. „Aflúttak“: opið drifskaftráttarvél sem knýr tengitæki með snúningsafl.
 - 1.2. Ákvæði þessarar tilskipunar gilda aðeins um aflúttök eins og þau eru skilgreind í lið 1.1. og er staðsett aftan eða framan á dráttarvélinni.
2. Umsókn um EB-gerðarviðurkenningu
 - 2.1. Framleiðandi dráttarvélar eða viðurkenndur fulltrúi hans leggur fram umsókn um gerðarviðurkenningu á dráttarvélargerð að því er varðar aflúttak og hlífar fyrir það, og verður að nota til þess upplýsingaskjalíð, en fyrirmynd þess er að finna í 1. hluta II. viðauka.
 - 2.2. Umsókninni skulu að fylgja teikningar, í þríriti, í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, af þeim hlutum dráttarvélarinnar sem falla undir kröfur þessarar tilskipunar.
 - 2.3. Dráttarvél sem er dæmigerð fyrir þá gerð er veita skal gerðarviðurkenningu eða þeir hlutar dráttarvélarinnar sem taldir eru nauðsynlegir fyrir framkvæmd prófananna sem krafist er í tilskipun þessari skulu afhentir þeirri tæknipjónustu sem annast gerðarviðurkenningarprófanir.
3. EB-gerðarviðurkenningartottorð

Vottorð sem samræmist fyrirmyndinni í 2. hluta II. viðauka skal fyllt út fyrir hverja viðurkenningu sem veitt er eða synjað.
4. Almenn ákvæði

Ef dráttarvélar eru búnar aflúttaki verður það að vera í samræmi við kröfur þessa viðauka.

Í þessari tilskipun gilda staðlarnir sem um getur í liðum 4.1 og 4.2.

 - 4.1. Ákvæði að því er varðar aflúttök að aftan

Forskriftirnar í ISO-staðli 500-1:2004, ásamt tæknilegri leiðréttingu 1:2005 og ISO-staðli 500-2:2004 gilda að því er varðar dráttarvélar með aflúttak að aftan samkvæmt töflu 1.

Tafla 1

Beiting staðla að því er varðar aflúttak að aftan í mismunandi flokkum dráttarvéla

Viðeigandi staðall	T1	T2	T3	T4.1	T4.2	T4.3	T5
	C1	C2	C3	C4.1	C4.2	C4.3	C5
ISO-staðall 500-1:2004 (*) (***)	X	--	X ₁₎	X ₁₎	X ₁₎	X	X ₁₎
ISO-staðall 500-2:2004 (**)	--	X	X ₂₎	X ₂₎	X ₂₎	--	X ₂₎

X Viðeigandi staðall

-- Staðall sem á ekki við

X1) Staðall sem á við dráttarvél með sporvidd sem er meiri en 1150 mm.

X2) Staðall sem á við dráttarvél með sporvidd sem er 1150 mm eða minni.

(*) Síðasta setningin í lið 6.2 á ekki við í ISO-staðli 500-1:2004.

(**) Í þessari tilskipun á þessi staðall einnig við um dráttarvélar með aflúttak þar sem aflíð er meira en 20 kW, mælt í samræmi ISO-staðal 789-1:1990.

(***) Að því er varðar aflúttök af gerð 3 og þar sem möguleiki er að minnka málið á opinu á varnarhlífinni til að laga að tengihlutunum sem nota skal, verða eftirfarandi atriði að koma fram í notendahandbókinni:

- viðvörðun varðandi afleiðingar og hættur sem það getur haft í för með sér að minnka mál varnarhlífarinnar,
- leiðbeiningar og sérstakar viðvaranir varðandi tengingu og losun aflúttaka,
- leiðbeiningar og sérstakar viðvaranir varðandi notkun tækja eða véla sem eru tengd við aflúttakið að aftan.

- 4.2. Ákvæði að því er varðar aflúttök að framan
Forskriftirnar í ISO-staðli 8759-1:1998 gilda að því er varðar dráttarvélar með aflúttak að framan samkvæmt töflu 2.

Tafla 2

Beiting staðla að því er varðar aflúttak að framan í mismunandi flokkum dráttarvéla

Viðeigandi staðall	T1 C1	T2 C2	T3 C3	T4.1 C4.1	T4.2 C4.2	T4.3 C4.3	T5 C5
ISO-staðall 8759-1:1998.	X	X	X ₃₎	X ₄₎	X	X ₄₎	X

X Viðeigandi staðall

X₃₎ Viðeigandi staðall ef dráttarvélin er búin aflúttaki eins og tilgreint er í þessum staðli.

X₄₎ Viðeigandi staðall, að undanskildu ákvæði 4.2.

II. VIÐAUKI**1. hluti**

UPPLÝSINGASKJAL nr. ...

samkvæmt I. viðauka við tilskipun 2003/37/EB um EB-gerðarviðurkenningu fyrir dráttarvél að því er varðar aflúttök dráttarvéla

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þrítítti og með efnisyfirliti ef við á.

Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

0. ALMENNT

0.1. Tegund(-ir) (vörumerki skráð af framleiðanda):

0.2. Gerð (tilgreina skal öll afbrigði og útfærslur):

0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu:

0.3.1. Auðkennisspjald framleiðanda (staðsetning og aðferð við að festa á):

0.4. Ökutækjaflokkur ⁽⁶⁾:

0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda:

0.8. Heiti og heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

4.12. Aflúttak(-tök) (snúningar (umferðir) á mínútu og hlutfall af snúningshraða hreyfils) (fjöldi, gerð og staðsetning)

4.12.1. Aðal aflúttak(-tök):

4.12.2. Annað/önnur:

4.12.3. Hlíf(-ar) fyrir aflúttak(-tök) (lýsing, stærð, teikningar, ljósmyndir):

⁽⁶⁾ Eins og skilgreint er í II. viðauka við tilskipun 2003/37/EB.

2. hluti

GERÐARVIÐURKENNINGARSKJÖL

FYRIRMYND

(hámarksstærð: A4 (210 × 297 mm))

EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ

Stimpill yfirvalds

Tilkynning um:

- gerðarviðurkenningu ⁽⁷⁾
- rýmkun gerðarviðurkenningar ⁽¹⁾
- synjun gerðarviðurkenningar ⁽¹⁾
- afturköllun gerðarviðurkenningar ⁽¹⁾

á gerð dráttarvélar að því er varðar tilskipun 86/297/EB.

Gerðarviðurkenningarnúmer:

Ástæða fyrir rýmkun:

I. þáttur

- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2. Gerð dráttarvélar:
- 0.3. Gerðarauðkenni dráttarvélar, ef slíkt er á dráttarvélinni⁽⁸⁾:
- 0.3.1. Staðsetning auðkennisins:
- 0.4. Ökutækjaflokkur⁽⁹⁾:
- 0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda:
- 0.8. Heiti og heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:

II. þáttur

1. Frekari upplýsingar (eftir atvikum): Sjá viðbót
2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar:
3. Dagsetning prófunarskýrslu:
4. Númer prófunarskýrslu:
5. Athugasemdir (ef einhverjar eru): Sjá viðbót
6. Staður:
7. Dagsetning:
8. Undirskrift:
9. Meðfylgjandi er atriðaskrá með upplýsingasafninu, sem viðurkenningaryfirvöld varðveita, en það má fá afhent sé þess óskað.

⁽⁷⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.

⁽⁸⁾ Ef í gerðarauðkenni dráttarvélar eru rittákn sem varða ekki lýsingu á gerð dráttarvélarinnar sem þetta gerðarviðurkenningarvottorð nær til skal setja spurningarmerki í stað rittáknanna (t.d. ABC?123).

⁽⁹⁾ Eins og skilgreint er í II. viðauka við tilskipun 2003/37/EB.

III. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 2003/37/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað táknsins „(X)“ í línu 18.1, dálki T5 í 1. hluta kafla B í skránni yfir sértilskipanir komi táknið „X“,
2. Ákvæðum II. hluta í 1. viðbæti í kafla B er breytt sem hér segir:
 - a) í stað táknsins „(X)“ í línu 2.2., dálki T4.3 komi táknið „X“,
 - b) í stað táknsins „(X)“ í línu 17.1., dálki T4.3 komi táknið „X“,

IV. VIÐAUKI

Eftirfarandi undirliður bætist við lið 2.2 í I. viðauka við tilskipun 2009/60/EB:

„Þegar um er að ræða dráttarvélar í flokki T4.3 skal pallurinn ekki vera lengri en 2,5 sinnum hámarkssporvidd dráttarvélarinnar, á fram- eða afturhjólum, hvort sem er stærra“

V. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 2009/144/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað liðar 2.3.2.11 komi eftirfarandi:

„2.3.2.11. Dráttarvélar með lítilli sporvidd og dráttarvélar í flokki T4.3.“
2. Í stað liðar 2.3.2.11.1 komi eftirfarandi:

„2.3.2.11.1. Þegar um er að ræða dráttarvélar með lítilli sporvidd, eins og þær eru skilgreindar í öðrum undirlið 1. gr. tilskipunar ráðsins 87/402/EBE ⁽¹⁰⁾ og dráttarvélar í flokki T4.3, eins og þær eru skilgreindar í I. hluta 1. viðbætis í kafla B í II. viðauka tilskipunar 2003/37/EB, gilda kröfurnar í lið 2.3.2.9 ekki um svæðið sem er staðsett neðan við plan með 45° afturhalla þvert á akstursstefnu í gegnum punkt staðsettan 230 mm fyrir aftan málpunkt sætisins (sjá mynd 7). Ef hættulegir staðir eru á þessu svæði er skylt að festa viðvaranir þar að lútandi á dráttarvélin.“

⁽¹⁰⁾ Stj. tíð. EB L 220, 8.8.1987, bls. 1.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1129/2011

2012/EES/59/05

frá 11. nóvember 2011

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 með því að koma á fót skrá Evrópusambandsins yfir aukefni í matvælum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ⁽¹⁾, einkum 10. gr. og 1. og 5. mgr. 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) nr. 1333/2008 er kveðið á um að taka saman skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt eru til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Matvælaaukefni, sem nú eru leyfð til notkunar í matvæli samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/35/EB frá 30. júní 1994 um sætuefni til notkunar í matvælum ⁽²⁾, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/36/EB frá 30. júní 1994 um litarefni til notkunar í matvælum ⁽³⁾ og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/2/EB frá 20. febrúar 1995 um aukefni í matvælum önnur en litarefni og sætuefni ⁽⁴⁾, skulu tekin inn í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 að lokinni endurskoðun á því hvort þau samræmist 6., 7. og 8. gr. í þeirri gerð. Ekki skal vinna nýtt áhættumat Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) í tengslum við endurskoðunina. Ekki skal skrá matvælaaukefni og notkun sem ekki er lengur þörf fyrir í II. viðauka við þá reglugerð.
- 3) Einungis má setja á markað matvælaaukefni sem er að finna á skrá Sambandsins í II. viðauka við reglugerð

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 295, 12.11.2011, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2012 frá 15. júní 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 56, 4.10.2012, bls. 5.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 237, 10.9.1994, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 237, 10.9.1994, bls. 13.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 61, 18.3.1995, bls. 1.

(EB) nr. 1333/2008 og nota þau í matvæli samkvæmt þeim notkunarskilyrðum sem þar eru tilgreind. Aukefnin skulu skráð á grundvelli þeirra flokka matvæla sem heimilt er að bæta þeim í. Til að auðvelda tilfærsluna og auka gagnsæi í málsmeðferðinni við leyfisveitinguna er rétt að þróa nýtt matvælaflokkunarkerfi sem mun verða undirstaðan að II. viðauka.

- 4) Gengið hefur verið út frá fastsetta matvælaflokkunarkerfinu í hinum almenna staðli fyrir matvælaaukefni í Alþjóðamatvælaáskránni ⁽⁵⁾ til að þróa kerfi Sambandsins. Aftur á móti þarf að breyta því kerfi til að taka tillit til sértækis fyrirliggjandi leyfa fyrir matvælaaukefnum innan Sambandsins. Tekið hefur verið tillit til nógildandi ákvæða Sambandsins um matvæli er gilda sérstaklega um matvælageirann. Flokkarnir eru búnir til í þeim eina tilgangi að skrá leyfð aukefni og notkunarskilyrði þeirra.
- 5) Til glöggvunar er nauðsynlegt að skrá matvælaaukefni í aukefnahópa vegna leyfisveitinga fyrir tiltekin matvæli. Leiðbeiningar skulu veittar til að lýsa hinum mismunandi flokkum til að tryggja samræmda túlkun. Þegar nauðsyn krefur er hægt að samþykka ákvarðanir um túlkun í samræmi við 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008 til glöggvunar á því hvort tiltekin matvæli tilheyri tilteknum matvælaflokki eða ekki.
- 6) Nítrít (E 249–250) eru nauðsynleg rotvarnarefni í kjötafurdum til að halda aftur af hugsanlegum vexti skaðlegra baktería, einkum *Clostridium botulinum*. Hins vegar getur notkun á nítrítum í kjöti leitt til myndunar á nítrósamínunum sem eru krabbameinsvaldandi efni. Nógildandi leyfi fyrir nítrítum sem matvælaaukefni heldur þessum tveimur áhrifum í jafnvægi, með tilliti til vísindalegs álits Matvælaöryggisstofnunarinnar og þarfarinnar fyrir að halda tilteknum hefðbundnum matvælum á markaðnum. Í III. viðauka við tilskipun 95/2/EB voru sett hámarksgildi leifa fyrir tilteknar kjötafurdur

⁽⁵⁾ GSFA, Codex STAN 192-1995.

sem framleiddar eru með hefðbundnum hætti. Þessi gildi skulu haldast fyrir viðunandi skilgreindar og auðkenndar afurðir en hins vegar skal tekið fram til glöggvunar að gildin eiga við um lok vinnsluferlisins. Þar að auki mun framkvæmdastjórnin hafa samráð við aðildarríkin, hagsmunaaðila og Matvælaöryggisstofnunina til að ræða möguleikann á að lækka nógildandi hámarksgildi fyrir allar kjötafurðir og einfalda enn frekar reglurnar um afurðir sem eru framleiddar á hefðbundinn hátt. Með hliðsjón af niðurstöðunum úr sliku samráði mun framkvæmdastjórnin íhuga hvort rétt sé að leggja til breytingu á hámarksgildum nítítra sem bæta má í tiltekna kjötafurðir.

- 7) Einu leyfðu aukefni í tilbúnu borðvatni sem fellur undir flokk 14.1.1 skulu vera fosfórsýra og fosföt. Með tilliti til þess að II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er ætlað að samræma enn frekar notkun á matvælaaukefnum innan Sambandsins og tryggja skilvirka starfsemi innri markaðarins skulu ólifræn sölt, sem bætt er í tilbúið vatn til stöðlunar, ekki teljast til aukefna og falla því ekki undir gildissvið þessarar reglugerðar.
- 8) Öll matvælaaukefni sem nú eru leyfð falla undir endurmat Matvælaöryggisstofnunarinnar í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 257/2010 ⁽⁶⁾ þar sem komið er á áætlun um endurmat á samþykktum matvælaaukefnum. Endurmat á matvælaaukefnum er unnið í samræmi við þá forgangsröðun sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð.
- 9) Í janúar 2008 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin álit um lýkópen ⁽⁷⁾ þar sem dregin var ályktun um að ásættanleg, dagleg inntaka á lýkópeni (E 160d) væri 0,5 mg/kg líkamsþyngdar á dag úr öllum uppsprettum og að hugsanleg inntaka gæti farið yfir ásættanlega, daglega inntöku, einkum hjá börnum. Því skal takmarka notkun á lýkópeni sem litarefni í matvælum.
- 10) Í september 2009 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin vísindaleg álit um sólsetursgult FCF (E 110) ⁽⁸⁾, kínólíngult (E 104) ⁽⁹⁾ ogponseau 4R (E 124) ⁽¹⁰⁾. Á grunni mats í vísindalegu álitunum á áhrifum frá fæðu ályktaði Matvælaöryggisstofnunin, að því er varðar kínólíngult ogponseau 4R við hámarksgildi inntöku, að metin inntaka við meðaltal og við há hundraðsmörk sé almennt yfir ásættanlegri, daglegri inntöku. Einnig kann að vera að snerting við sólsetursgult sé of mikil, einkum hjá 1 til 10 ára börnum. Matið á innteknu magni er reiknað út á grunni þess magns, sem er notað, sem matvælaíðnaðurinn lagði fram 2009. Framkvæmdastjórnin vinnur að breytingum á nógildandi leyfðri notkun og á því magni, sem er

notað, til að sannprófa að neytendum stafi ekki hætta af snertingu við þessi efni og ætla að útbúa nýja tillögu með breyttum gildum fyrir júlí 2011.

- 11) Í ályktun Matvælaöryggisstofnunarinnar um öryggi áls tekið er inn með fæðu, sem samþykkt var 22. maí 2008, ályktaði hún að verið geti að umtalsverður hluti íbúa Evrópu verði fyrir of miklum váhrifum. Matvælaöryggisstofnunin gat ekki ályktað um tiltekna uppsprettur álinnihalds í tilteknum matvælum, s.s. hvaða magn er óaðskiljanlegur hluti þeirra, hvað kemur úr matvælaaukefnum og hvað losnar út í matvælin við vinnslu og geymslu úr málmþynnum sem innihalda ál, úr ílátum eða áhöldum. Til að draga úr váhrifum af völdum áls skal takmarka notkun á tilteknum matvælaaukefnum sem innihalda ál. Framkvæmdastjórnin undirbýr ráðstafanir til að takmarka váhrif frá matvælaaukefnum sem innihalda ál og hyggst útbúa tillögu með endurskoðuðum gildum fyrir september 2011.
- 12) Hagsmunaaðilarnir voru beðnir um að leggja fram upplýsingar um notkun og um þörfina fyrir að nota matvælaalitarefni sem skráð eru í V. viðauka við tilskipun 94/36/EB. Sum þessara matvælaalitarefna eru sem stendur ekki notuð í sumum þeim matvælaflokkum sem skráðir eru í þann viðauka. Hins vegar skal halda sumum þessara leyfðu litarefna í skránni þar sem þörf kann að vera fyrir þau til að koma í staðinn fyrir, að öllu leyti eða hluta til, litarefni sem gætu valdið áhyggjum hjá Matvælaöryggisstofnuninni þegar endurmat fer fram. Á þessu stigi er heimilt að fækka leyfðum matvælaalitarefnum í eftirfarandi matvælaflokkum: bragðbættum bræddum osti, niðursoðnum rauðum aldinum, fiskmauki og krabbadýramauki, forsoðnum krabbadýrum og reyktum fiski.
- 13) Framleiðandinn býður ekki lengur upp á matvælaalitarefnið β-apó-8'-karótenóíðsýru (C 30) (E 160f) og rekstraraðilar styðja ekki lengur endurmat Matvælaöryggisstofnunarinnar á þessu efni. Því skal þetta aukefni ekki haft með í skrá Sambandsins.
- 14) Notkun á matvælaalitarefninu kantaxantíni (E 161g) er eingöngu leyfð í Strassborgarpylsum (fr. *Saucisses de Strasbourg*). Framkvæmdastjórninni var tilkynnt að þetta matvælaalitarefni sé ekki lengur notað. Því skal leyfi fyrir notkun á þessu aukefni í Strassborgarpylsum ekki haft með á skrá Sambandsins. Hins vegar er, í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/35/EB frá 23. apríl 2009 um litunarefni sem leyfilegt er að bæta í lyf ⁽¹¹⁾, mælt fyrir um að aðildarríkin skuli ekki leyfa notkun á neinum litunarefnum öðrum en þeim sem falla undir I. viðauka við tilskipun 94/36/EB, til að lita manna- og dýralyf. Kantaxantín er sem stendur notað í sum lyf. Því skal aukefnið áfram vera í skránni yfir leyfð aukefni.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 80, 26.3.2010, bls. 19.

⁽⁷⁾ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2008) 674, bls. 1.

⁽⁸⁾ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2009) 7(11), bls. 1330.

⁽⁹⁾ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2009) 7(11), bls. 1329.

⁽¹⁰⁾ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2009) 7(11), bls. 1328.

⁽¹¹⁾ Stjtið. ESB L 109, 30.4.2009, bls. 10.

- 15) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 884/2007 frá 26. júlí 2007 um neyðarráðstafanir til að stöðva notkun á rauðu 2G (E 128) sem matvælalitar-efni ⁽¹²⁾ var notkun á litarefninu stöðvuð ásamt setningu matvæla, sem innihalda þetta litarefni, á markað. Því skal rautt 2G (E 128) ekki haft með á skrá Sambandsins.
- 16) Á meðan á endurmati Matvælaöryggisstofnunarinnar stóð kom í ljós að matvælalitarefnið brúnt FK (E 154), sem einungis er leyft í þurrkuðum, söltuðum fiski, er ekki lengur notað. Í endurmatinu gat Matvælaöryggisstofnunin ekki ályktað um hversu öruggt efnið væri vegna ágalla í fánlegum gögnum um eituhrif ⁽¹³⁾. Því skal þetta aukefni ekki haft með í skrá Sambandsins.
- 17) Samkvæmt tilskipun 95/2/EB er kekkjavarnarefnið kísildíoxíð (E 551) sem stendur leyft til ýmissa nota. Vísindanefndin um matvæli úthlutaði þessu matvælaaukefni ásættanlegu, daglegu inntökuna „ekki tilgreind“ í álitinu frá 18. maí 1990 ⁽¹⁴⁾. Tæknileg þörf er fyrir að rýmka notkun enn frekar en nú er leyft til notkunar í saltlíki. Slík notkun mundi verða neytendum til hagsbóta með því að hægt yrði að bjóða kekkjavarin saltlíki til sölu í heitum og rökum Evrópulöndum, þar eð sem stendur veldur kekkjun því að óþægilegt er og oft ómögulegt að nota saltlíki þar. Því er rétt að leyfa hækkun á hámarksgildinu fyrir saltlíki.
- 18) Matvælaöryggisstofnunin mat upplýsingarnar um öryggi þess að nota basíska metakrýlatsamfjölliðu sem húðunarefni/yfirborðsmeðferðarefni í fæðubótarefnum í föstu formi. Í álitinu frá 10. febrúar 2010 ályktaði Matvælaöryggisstofnunin að þessi notkun sé ekki öryggisvandí þar eð basísk metakrýlatsamfjölliða sogast nánast ekkert upp í meltingarveginum eftir inntöku um munn. Búist er við að aukefnið muni hafa tæknilegu hlutverki að gegna sem rakavörn og til að fela bragð ýmissa næringarefna ásamt því að næringarefnið losni hratt út í maganum. Því þykir rétt að leyfa notkun basískrar metakrýlatsamfjölliðu sem húðunarefni/yfirborðsmeðferðarefni í fæðubótarefnum í föstu formi eins og skilgreint er í 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB ⁽¹⁵⁾ við mörkin 100 000 mg/kg. Þessu nýja matvælaaukefni skal úthlutað E-númerinu E 1205.
- 19) Nauðsynlegt er að setja reglur um notkun á aukefnum í borðsætuefnum eins og skilgreint er í g-lið 2. mgr. 3. gr. í reglugerð (EB) nr. 1333/2008. Þessar efnablöndur innihalda leyfð sætuefni og eru ætlaðar til sölu til lokaneytenda sem staðgöngudefni fyrir sykur. Þörfin fyrir aukefni kann að vera mismunandi eftir því í hvaða formi þau eru: í fljótandi formi, duftformi eða töfluformi.
- 20) Tilfærslunni á matvælaaukefnum yfir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 skal teljast lokið í samræmi við 34. gr. þeirrar reglugerðar frá gildistökudegi breytinganna sem innleiddar eru með þessari reglugerð. Þangað til gilda ákvæði 2. gr. (1., 2. og 4. mgr.) í tilskipun 94/35/EB, 2. gr. (1. til 6. mgr. og 8. til 10. mgr.) í tilskipun 94/36/EB og 2. og 4. gr. í tilskipun 95/2/EB og viðaukanna við þessar tilskipanir.
- 21) Tilfærslan yfir í skrá Sambandsins skal ekki hafa áhrif á núverandi notkun á aukefnum sem falla undir 6., 7. og 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008. Hins vegar ber að veita rekstraraðilum umbreytingartímabil til að gera þeim kleift að fara að ákvæðum þessarar reglugerðar.
- 22) Nauðsynlegt er að skýra undanþáguna frá meginreglunni um yfirfærslu í samsettum matvælum, öðrum en þeim sem um getur í II. viðauka, sem mælt er fyrir um í a-lið 1. mgr. 18. gr. í reglugerð (EB) nr. 1333/2008. Í 3. gr. tilskipunar 95/2/EB og 3. gr. tilskipunar 94/36/EB átti þessi undanþága við um matvæli sem nú eru skráð annars vegar í töflu 1 og hins vegar í töflu 2. Meginreglan um yfirfærslu skal áfram gilda um önnur samsett matvæli sem tilheyra flokkunum sem skráðir eru í E-hluta (s.s. súpur, sósur, salöt, o.s.frv.).
- 23) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 1333/2008

Í stað II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 komi texti viðaukans við þessa reglugerð.

2. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Ákvæði II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, eins og henni var breytt með þessari reglugerð, gilda frá 1. júní 2013.

⁽¹²⁾ Stjtið. ESB L 195, 27.7.2007, bls. 8.

⁽¹³⁾ Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2010) 8(4), bls. 1535.

⁽¹⁴⁾ Álit vísindanefndarinnar um matvæli um fyrstu röð matvælaaukefna til ýmissa tæknilegra nota, Skýrslur vísindanefndar um matvæli (25. ritröð, 1991).

⁽¹⁵⁾ Stjtið. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. gilda eftirfarandi færslur í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, eins og þeim var breytt með þessari reglugerð, frá gildistökudegi þessarar reglugerðar:

- a) Í 3. lið B-hluta: færslan um basíska metakrýlatsamfjölliðu (E 1205),
- b) Í lið 12.1.2 í E-hluta: færslan um notkun á kísildíoxíði (E 551) í saltlíki.
- c) Í lið 17.1 í E-hluta: færslan um notkun á basískri metakrýlatsamfjölliðu (E 1205) í fæðubótarefnum í föstu formi.

3. Ákvæði 2. gr. (1., 2. og 4. mgr.) í tilskipun 94/35/EB, 2. gr. (1. til 6. mgr. og 8., 9. og 10. mgr.) í tilskipun 94/36/EB og 2. og 4. gr. í tilskipun 95/2/EB og viðaukarnir við þær tilskipanir falla úr gildi frá og með 1. júní 2013.

4. Þrátt fyrir 3. mgr. skal færslan í IV. viðauka við tilskipun 95/2/EB um notkun á kísildíoxíði (E 551) í saltlíki falla úr gildi frá og með gildistökudegi þessarar reglugerðar.

5. Matvæli, sem sett eru á markað á lögmætan hátt fyrir 1. júní 2013 en uppfylla ekki ákvæði þessarar reglugerðar, má setja áfram á markað til síðasta dags lágmarksgeymsluþols þeirra eða til síðasta notkunardags.

3. gr.

Reglugerð (EB) nr. 884/2007 er felld úr gildi frá og með 1. júní 2013.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. nóvember 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

„II. VIÐAUKI

Skrá Sambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt eru til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra

A-HLUTI

1. Inngangur

Í þessari skrá Sambandsins er að finna:

- heiti matvælaaukefnisins og E-númer þess,
- þau matvæli sem heimilt er að bæta matvælaaukefninu við í,
- með hvaða skilyrðum heimilt er að nota matvælaaukefnið,
- takmarkanir á sölu matvælaaukefnisins til lokaneytenda.

2. Almenn ákvæði um skráð matvælaaukefni og notkunarskilyrði

1. Einungis er heimilt að nota efnin, sem eru skráð í B-hluta, sem aukefni í matvælum.
2. Aukefni má einungis nota í þau matvæli og samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru fram í E-hluta í þessum viðauka.
3. Í E-hluta í þessum viðauka eru matvæli skráð á grundvelli matvælaflokka, sem settir eru fram í D-hluta í þessum viðauka, og aukefni eru flokkuð í hópa á grundvelli skilgreininga sem settar eru fram í C-hluta í þessum viðauka.
4. Álsetlitarefni sem eru tilreidd úr skráðum litum eru leyfð.
5. Ekki má selja litarefni E 123, E 127, E 160b, E 173 og E 180 beint til neytenda.
6. Heimilt er að staðla efni, sem gefin eru upp undir númerunum E 407, E 407a og E 440, með sykrum ef slikt er tekið fram auk númersins og heitisins.
7. Ef nítrít er merkt „til notkunar í matvæli“ má einungis selja það ef það er blandað salti eða saltlíki.
8. Meginreglan um yfirfærslu, sem sett er fram í a-lið 1. mgr. 18. gr. í reglugerð (EB) nr. 1333/2008, skal ekki gilda um matvæli sem skráð eru í töflu 1, að því er varðar matvælaaukefni almennt, og í töflu 2 að því er varðar matvælaalitarefni.

*Tafla 1***Matvæli sem ekki má leyfa aukefni í samkvæmt meginreglunni um yfirfærslu sem sett er fram í a-lið 1. mgr. 18. gr. í reglugerð (EB) nr. 1333/2008**

1	Óunnin matvæli eins og þau eru skilgreind í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008
2	Hunang eins og það er skilgreint í tilskipun ráðsins 2001/110/EB ⁽¹⁾
3	Óyrðar olíur og feiti úr dýra- eða jurtaríkinu
4	Smjör
5	Óbragðbætt, gerilsneydd og dauðhreinsuð (þ.m.t. leifturhítuð) mjólk og óbragðbættur, gerilsneyddur rjómi (að undanskildum fituskertum rjóma)
6	Óbragðbættar, gerjaðar mjólkurafurðir sem ekki eru hitameðhöndlaðar eftir gerjun
7	Óbragðbættar áfir (að undanskildum gerilsneyddum áfum)
8	Ókelduvatn eins og það er skilgreint í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/54/EB ⁽²⁾ og allt annað vatn sem er tappað á flöskur eða sett í umbúðir
9	Kaffi (að undanskildu bragðbættu skyndikaffi) og kaffikjarni
10	Óbragðbætt telaufr

11	Sykrur eins og þær eru skilgreindar í tilskipun ráðsins 2001/111/EC ⁽³⁾
12	Þurrkað pasta, að undanskildu glútenlausu pasta og/eða pasta sem ætlað er fyrir prótínsnautt sérfæði í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB ⁽⁴⁾

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 10, 12.1.2002, bls. 47.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 164, 26.6.2009, bls. 45.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 10, 12.1.2002, bls. 53.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 124, 20.5.2009, bls. 21.

Tafla 2

Matvæli sem ekki má leyfa matvælalitarefni í samkvæmt meginreglunni um yfirfærslu sem sett er fram í a-lið 1. mgr. 18. gr. í reglugerð (EB) nr. 1333/2008

1	Óunnin matvæli eins og þau eru skilgreind í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1333/2008
2	Allt vatn sem er tappað á flöskur eða sett í umbúðir
3	Mjólk, nýmjólk, léttmjólk og undanrenna, gerilsneydd eða dauðhreinsuð (þar með talin leifturhituð (UHT)) (óbragðbætt)
4	Súkkulaðimjólk
5	Gerjuð mjólk (óbragðbætt)
6	Rotvarin mjólk eins og kemur fram í tilskipun ráðsins 2001/114/EB ⁽¹⁾ (óbragðbætt)
7	Áfir (óbragðbættar)
8	Rjómi og rjómaduft (óbragðbætt)
9	Olíur og feiti úr dýra- eða jurtaríkinu
10	Þroskaður og óþroskaður ostur (óbragðbættur)
11	Smjör, unnið úr sauða- og geitamjólk
12	Egg og eggjaafurðir eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 853/2004
13	Mjöl og aðrar malaðar afurðir og sterkja
14	Brauð og svipaðar afurðir
15	Pasta og deigbollur (ít. <i>gnocchi</i>)
16	Sykrur, þar með taldar allar ein- og tvísykrur
17	Tómatamauk og tómatar, niðursoðnir í dósir og krukkur
18	Sósur, að stofni til úr tómötum
19	Aldinsafi og aldinnektar, sem um getur í tilskipun ráðsins 2001/112/EC ⁽²⁾ svo og grænmetisafi og grænmetisnektar
20	Aldin, grænmeti (þ.m.t. kartöflur) og ætisveppir – niðursoðin í dósir eða krukkur eða þurrkuð; unnin aldin og unnið grænmeti (þ.m.t. kartöflur) og unnir sveppir
21	Sultur í sérflokki, hlaup í sérflokki og kastaníuhnetumauk sem um getur í tilskipun 2001/113/EB ⁽³⁾ ; crème de pruneaux
22	Fiskur, lindýr og krabbadýr, kjöt, alifuglar og villibráð og matvæli framreidd úr slíku, þó ekki tilbúnir réttir sem hafa að geyma þessi innihaldsefni
23	Kakóafurðir og súkkulaðiþættir í súkkulaðiafurðum sem um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/36/EB ⁽⁴⁾

24	Brennt kaffí, te, jurta- og aldinseyði, kaffífill; kjarni úr tei og jurta- og aldinseyði og kaffífflum; te, jurta- og aldinseyði og unnar kornvörur sem ætlaðar eru í seyði, sem og blöndur og skyndiblöndur þessara afurða
25	Salt, saltlíki, krydd og kryddblöndur
26	Vín og aðrar afurðir sem falla undir reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 ⁽⁵⁾ , sem skráð eru í XII. hluta I. viðauka við hana
27	Brenndir drykkir sem skilgreindir eru í 1.–14. lið í II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 110/2008 ⁽⁶⁾ , brenndir drykkir (með heiti aldinsins á undan) sem fengnir eru með lögn í bleyti og eimingu og cf London gin cf (16. og 22. liður í II. viðauka, í þeirri röð), Sambuca cf, cf Maraschino cf, cf Marrasquino cf eða cf Maraskino cf og cf Mistrà cf eins og skilgreint er í 38., 39. og 43. lið, í þeirri röð, í reglugerð (EB) nr. 110/2008.
28	<i>Sangria, Clarea og Zurra</i> sem um getur í reglugerð (EBE) nr. 1601/91 ⁽⁷⁾
29	Vinedik sem fellur undir reglugerð (EB) nr. 1234/2007 sem skráð eru í XII. hluta I. viðauka við hana
30	Matur fyrir ungbörn og smábörn, eins og um getur í tilskipun 2009/39/EB, þ.m.t. matvæli sem eru notuð í sérstökum, læknisfræðilegum tilgangi fyrir ungbörn og smábörn
31	Hunang eins og það er skilgreint í tilskipun 2001/110/EB
32	Malt og maltafurðir

(1) Stjtið. EB L 15, 17.1.2002, bls. 19.

(2) Stjtið. EB L 10, 12.1.2002, bls. 58.

(3) Stjtið. EB L 10, 12.1.2002, bls. 67.

(4) Stjtið. EB L 197, 3.8.2000, bls. 19.

(5) Stjtið. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1.

(6) Stjtið. ESB L 39, 13.2.2008, bls. 16.

(7) Stjtið. EB L 149, 14.6.1991, bls. 1.

B-HLUTI

SKÁ YFIR ÖLL AUKEFNI

1. Litarefni

E-númer	Heiti
E 100	Kúrkúmín
E 101	Ríbóflavín
E 102	Tartrasín
E 104	Kínólíngult
E 110	Sólsetursgult FCF/appelsínugult S
E 120	Kókinil, karmínsýra, karmin
E 122	Asórúbín, karmósín
E 123	Amarant
E 124	Ponseau 4R, kókinílrault A
E 127	Erýtrósín
E 129	Allúrarault AC
E 131	Patentblátt V
E 132	Indígótín, indígókarmín
E 133	Skærblátt FCF
E 140	Klórófýll og klórófýllín

E-númer	Heiti
E 141	Klórófýll- og klórófýllinkoparflókar
E 142	Grænt S
E 150a	Karamellubrúnt ⁽¹⁾
E 150b	Basískt, súlfítað karamellubrúnt
E 150c	Karamellubrúnt, ammóníað
E 150d	Ammóníað, súlfítað karamellubrúnt
E 151	Gljáandisvart BN, Svart PN
E 153	Viðarkolsvart
E 155	Brúnt HT
E 160a	Karótín
E 160b	Annattó, bixín, norbixín
E 160c	Paprikukjarni, kapsantín, kapsórúbín
E 160d	Lýkópen
E 160e	β -apó-8'-karótenal (C30)
E 161b	Lútín
E 161g	Kantaxantín (*)
E 162	Rauðrófulitur, betanín
E 163	Antósýanín
E 170	Kalsíumkarbónat
E 171	Títandíoxíð
E 172	Járnoxíð og -hýdroxíð
E 173	Ál
E 174	Silfur
E 175	Gull
E 180	Lítólrúbín BK

(¹) Orðið karamellubrúnt vísar hér til afurða sem eru að meira eða minna leyti í sterkum brúnum litum og ætlaðar til litunar. Það vísar ekki til sykurenndrar, bragðbætandi afurðar sem fengin er með hitun sykurs og notuð er sem bragðefni í mat (t.d. sælgæti, sætabrauð og áfenga drykki).

(*) Kantaxantín er ekki leyft í matvælaflökkunum sem skráðir eru í D- og E-hluta. Efnið er í skrá B1 því það er notað í lyfjum í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/35/EB (Stjtið. ESB L 109, 30.4.2009, bls. 10).

2. Sætuefni

E-númer	Heiti
E 420	Sorbitól
E 421	Mannítól
E 950	Asesúlfam-K
E 951	Aspartam
E 952	Sýklamat

E-númer	Heiti
E 953	Ísómalt
E 954	Sakkarín
E 955	Súkralósi
E 957	Támatín
E 959	Neóhesperidín DC
E 961	Neótam
E 962	Aspartam- og asesúlfámsalt
E 965	Maltítól
E 966	Laktítól
E 967	Xýlitol
E 968	Erýtrítól

3. **Matvælaaukefni önnur en litarefni og sætuefni**

E-númer	Heiti
E 170	Kalsíumkarbónat
E 200	Sorbínsýra
E 202	Kalíumsorbat
E 203	Kalsíumsorbat
E 210	Bensósýra ⁽¹⁾
E 211	Natríumbensóat ⁽¹⁾
E 212	Kalíumbensóat ⁽¹⁾
E 213	Kalsíumbensóat ⁽¹⁾
E 214	Etýl-p-hýdroxýbensóat
E 215	Natríumetýl-p-hýdroxýbensóat
E 218	Metýl-p-hýdroxýbensóat
E 219	Natríummetýl-p-hýdroxýbensóat
E 220	Brennisteinsdíoxíð
E 221	Natríumsúlfít
E 222	Natríumvetnissúlfít
E 223	Natríummetabísúlfít
E 224	Kalíummetabísúlfít
E 226	Kalsíumsúlfít
E 227	Kalsíumvetnissúlfít
E 228	Kalíumvetnissúlfít

E-númer	Heiti
E 234	Nísín
E 235	Natamýsín
E 239	Hexametýlentetramín
E 242	Dimetýldikarbónat
E 249	Kalíumnítrít
E 250	Natríumnítrít
E 251	Natríumnítrat
E 252	Kalíumnítrat
E 260	Ediksýra
E 261	Kalíumasetat
E 262	Natríumasetöt
E 263	Kalsíumasetat
E 270	Mjólkursýra
E 280	Própiónsýra
E 281	Natríumprópiónat
E 282	Kalsíumprópiónat
E 283	Kalíumprópiónat
E 284	Bórsýra
E 285	Natríumtetrabórat (bórax)
E 290	Koltvísýringur
E 296	Eplasýra
E 297	Fúmarsýra
E 300	Askorbínsýra
E 301	Natríumaskorbat
E 302	Kalsíumaskorbat
E 304	Fitusýruesterar askorbínsýru
E 306	Tókóferólaúðugur kjarni
E 307	α -tókóferól
E 308	γ -tókóferól
E 309	δ -tókóferól
E 310	Própýlgallat
E 311	Oktýlgallat
E 312	Dódekýlgallat
E 315	Ísóaskorbínsýra

E-númer	Heiti
E 316	Natríumísóaskorbat
E 319	Þrígrent butýlhýdrókínón (TBHQ)
E 320	Bútýlhýdroxýanisól (BHA)
E 321	Bútýlhýdroxýtólúen (BHT)
E 322	Lesítín
E 325	Natríumlaktat
E 326	Kalíumlaktat
E 327	Kalsíumlaktat
E 330	Sítrónusýra
E 331	Natríumsítröt
E 332	Kalíumsítröt
E 333	Kalsíumsítrat
E 334	Vínsýra (L(+)-)
E 335	Natríumtartrat
E 336	Kalíumtartrat
E 337	Natríumkalíumtartrat
E 338	Fosförsýra
E 339	Natríumfosföt
E 340	Kalíumfosföt
E 341	Kalsíumfosföt
E 343	Magnesíumfosföt
E 350	Natríummalöt
E 351	Kalíummalat
E 352	Kalsíummalöt
E 353	Metavínsýra
E 354	Kalsíumtartrat
E 355	Adípínsýra
E 356	Natríumadípat
E 357	Kalíumadípat
E 363	Rafsýra
E 380	Triammóníumsítrat
E 385	Kalsíumtvínatríumetylendíamintetraasetat (kalsíumtvínatríum EDTA)
E 392	Rósmarínkjarni
E 400	Algínsýra

E-númer	Heiti
E 401	Natríumalgínat
E 402	Kalíumalgínat
E 403	Ammóníumalgínat
E 404	Kalsíumalgínat
E 405	Própan-1,2-díólgínat
E 406	Agar
E 407a	Unnið euchema-þang og þari
E 407	Karragenan
E 410	Karóbgúmmí
E 412	Gúargúmmí
E 413	Tragakant
E 414	Arabískt gúmmí
E 415	Xantangúmmí
E 416	Karajagúmmí
E 417	Taragúmmí
E 418	Gellangúmmí
E 422	Glýseról
E 425	Konjak
E 426	Sojabaunahálfbeðmi
E 427	Kassíugúmmí
E 431	Pólýoxýetýlen(40)sterat
E 432	Pólýoxýetýlensorbítanmónólárat (pólýsorbat 20)
E 433	Pólýoxýetýlensorbítanmónóóleat (pólýsorbat 80)
E 434	Pólýoxýetýlensorbítanmónópalmítat (pólýsorbat 40)
E 435	Pólýoxýetýlensorbítanmónósterat (pólýsorbat 60)
E 436	Pólýoxýetýlensorbítantrísterat (pólýsorbat 65)
E 440	Pektín
E 442	Ammóníumfosfatíð
E 444	Súkrósaasetatísóbútýrat
E 445	Glýserólesterar af trjárósíni
E 450	Dífosföt
E 451	Trífosföt
E 452	Fjölfosföt
E 459	Beta-sýklódextrín

E-númer	Heiti
E 460	Sellulósi
E 461	Metýlsellulósi
E 462	Etýlsellulósi
E 463	Hýdroxýprópýlsellulósi
E 464	Hýdroxýprópýlmetýlsellulósi
E 465	Etýlmetýlsellulósi
E 466	Karboxýmetýlsellulósi, natriumkarboxýmetýlsellulósi, sellulósagúmmí
E 468	Víxlengdur natriumkarboxýmetýlsellulósi, víxlengt sellulósagúmmí
E 469	Karboxýmetýlsellulósi sem er vatnsrofinn með ensími, sellulósagúmmí sem er vatnsrofið með ensími
E 470a	Natrium-, kalíum- og kalsíumsölt af fitusýrum
E 470b	Magnesiumsölt af fitusýrum
E 471	Ein- og tvíglýseríð af fitusýrum
E 472a	Edíksýruesterar ein- og tvíglýseríða af fitusýrum
E 472b	Mjólkursýruesterar ein- og tvíglýseríða af fitusýrum
E 472c	Sítrónusýruesterar ein- og tvíglýseríða af fitusýrum
E 472d	Vínsýruesterar ein- og tvíglýseríða af fitusýrum
E 472e	Ein- og díasetýlvínsýruesterar ein- og tvíglýseríða af fitusýrum
E 472f	Blandaðir edík- og vinsýruesterar ein- og tvíglýseríða af fitusýrum
E 473	Súkrósaesterar af fitusýrum
E 474	Súkróglýseríð
E 475	Pólýglýserólesterar af fitusýrum
E 476	Pólýglýserólpólýrísínóleat
E 477	Própan-1,2-díólesterar af fitusýrum
E 479b	Hítaoxuð sojaolía með mónó- og díglýseríðum af fitusýrum
E 481	Natriumsteróýl-2-laktýlat
E 482	Kalsíumsteróýl-2-laktýlat
E 483	Sterýltartrat
E 491	Sorbítanmónósterat
E 492	Sorbítantrísterat
E 493	Sorbítanmónólárat
E 494	Sorbítanmónóóleat
E 495	Sorbítanmónópalmítat
E 500	Natriumkarbónöt
E 501	Kalíumkarbónöt

E-númer	Heiti
E 503	Ammóníumkarbónöt
E 504	Magnesíumkarbónöt
E 507	Saltsýra
E 508	Kalíumklóríð
E 509	Kalsíumklóríð
E 511	Magnesíumklóríð
E 512	Tinklóríð
E 513	Brennisteinssýra
E 514	Natríumsúlföt
E 515	Kalíumsúlföt
E 516	Kalsíumsúlfat
E 517	Ammóníumsúlfat
E 520	Álsúlfat
E 521	Natríumálsúlfat
E 522	Kalíuálsúlfat
Díklóflúaníð	(b)	(c)	(a)	Aths. (i) (h) Gildandi skilgreining á leifum nær einungis yfir móðurefnið. Vakta skal umbrotsefnið DMSA (N,N-dímetýl-N-fenýlsúlfamíð) og greina frá því, svo fremi sem aðferðin er fullgilt.
Díklórvos	(b)	(c)	(a)	
Díklóran	(b)	(c)	(a)	
Díkófól	(b)	(c)	(a)	Skal ekki greina í kornvörum.
Díkrótófos	(b)	(c)	(a)	Gildandi skilgreining á leifum nær einungis yfir móðurefnið. Árið 2012 skal greina efnið í eggaldinum og blómkáli og árið 2014 í baunum. Greining er valfrjáls að því er varðar aðrar vörur.
Díetófenkarb	(b)	(c)	(a)	Aths. (g)
Dífenókónasól	(b)	(c)	(a)	
Díflúbensúrón	(b)	(c)	(a)	Aths. (g)
Dímetóat	(b)	(c)	(a)	Skilgreining á leifum: summa dímetóats og ómetóats, gefin upp sem dímetóat. Greina skal frá dímetóati og ómetóati, hverju fyrir sig, og summunn eini og samþykkt er í lýsingu á staðalsýnum.
Dímetómorf	(b)	(c)	(a)	Skal ekki greina í kornvörum
Díníkónasól	(b)	(c)	(a)	Aths. (g)
Dífenýlamín	(b)	(c)	(a)	
Díþíanón	(b)	(c)	(a)	Aths. (g)
Díþíókarbamöt	(b)	(c)	(a)	Skilgreining á leifum: díþíókarbamöt, gefin upp sem CS ₂ , þ.m.t. maneb, mankóseb, metíram, própíneb, þíram og síram. Skal greina í öllum vörum á skrá nema appelsínusafa og ólífúolíu.
Dódín	(b)	(c)	(a)	Aths. (g)
Endósúlfan	(b)	(c)	(a)	
EPN	(b)	(c)	(a)	
Epoxíkónasól	(b)	(c)	(a)	
Etefón	(b)	(c)	(a)	Skal greina árið 2012 í appelsínusafa, papríku, hveiti og vínberjum til matar, árið 2013 í eplum, rúgi/höfrum, tómötum og vínþrúgum og árið 2014 í appelsínum/mandarínnum, hrísgrjónum og hveiti. Greining er valfrjáls að því er varðar aðrar vörur.

	2012	2013	2014	Athugasemdir
Eþjón	(b)	(c)	(a)	
Etírimól	(b)	(c)	(a)	Aths. ^(g) Skal ekki greina í kornvörum.
Etófenprox	(b)	(c)	(a)	
Etóprófos	(b)	(c)	(a)	
Famoxadón	(b)	(c)	(a)	Aths. ^(g)
Fenamífos	(b)	(c)	(a)	
Fenamídón	(b)	(c)	(a)	
Fenarímól	(b)	(c)	(a)	Skal ekki greina í kornvörum.
Fenasakín	(b)	(c)	(a)	Skal ekki greina í kornvörum.
Fenbúkónasól	(b)	(c)	(a)	
Fenbútatínoxíð	(b)	(c)	(a)	Aths. ^(h) Skal greina árið 2012 í eggaldinum, paprikum og vínberjum til matar, árið 2013 í eplum og tómötum og árið 2014 í appelsínum/mandarínunum og perum. Greining er valfrjáls að því er varðar aðrar vörur.
Fenhexamíð	(b)	(c)	(a)	
Fenítróþjón	(b)	(c)	(a)	
Fenoxýkarb	(b)	(c)	(a)	
Fenprópatrín	(b)	(c)	(a)	
Fenprópímorf	(b)	(c)	(a)	
Fenpýroxímat	(b)	(c)	(a)	Aths. ^(g)
Fenþjón	(b)	(c)	(a)	Aths. ⁽ⁱ⁾
Fenvalerat/Esfenvalerat (summa)	(b)	(c)	(a)	
Fípróníl	(b)	(c)	(a)	Aths. ^(h) Skilgreining á leifum: summa fípróníls og umbrotsefnisins súlfóns (MB46136), gefin upp sem fípróníl.
Flúasífóp	(b)	(c)	(a)	Aths. ^(h) Skilgreining á leifum: Flúasífóp-P-bútýl (flúasífópsýra (óbundin og tilsvarendi afleiða)). Árið 2012 skal greina flúasífóp sem óbundna sýru og bútýlester í blómkáli, ertum og paprikum, árið 2013 í höfuðkáli og jarðarberjum og árið 2014 í baunum, gulrótum og kartöflum og spínati. Greining er valfrjáls að því er varðar aðrar vörur.
Flúdíoxóníl	(b)	(c)	(a)	
Flúfenoxúrón	(b)	(c)	(a)	

	2012	2013	2014	Athugasemdir
Flúópýram		(c)	(a)	Aths. ^(g)
Flúkínkónasól	(b)	(c)	(a)	Aths. ⁽ⁱ⁾
Flúsílasól	(b)	(c)	(a)	
Flútríafól	(b)	(c)	(a)	
Fólpet	(b)	(c)	(a)	Sértæk skilgreining á leifum fyrir summu kaptans og fólpets gildir fyrir kjamaávexti, jarðarber, hindber, rífsber og sólber, tómata og baunir, að því er varðar aðrar vörur nær skilgreining á leifum einungis yfir fólpet. Greina skal frá fólpeti og kaptani, hverju fyrir sig, og summuni eins og samþykkt er í lýsingu á staðalsýnum.
Formetanat	(b)	(c)	(a)	Aths. ⁽ⁱ⁾ Skilgreining á leifum: summa formetanats og salta þess, gefin upp sem formetanathýdróklóríð.
Formóþíón	(b)	(c)	(a)	Aths. ^(g)
Fosþíasat	(b)	(c)	(a)	Aths. ⁽ⁱ⁾
Glýfosat	(b)	(c)	(a)	Skal greina árið 2012 í hveiti, árið 2013 í rúgi/höfnum og árið 2014 í hveiti. Greining er valfrjálst að því er varðar aðrar vörur.
Haloxýfóp, þ.m.t. haloxýfóp-R	(b)	(c)	(a)	Aths. ^(h) Skilgreining á leifum: haloxýfóp-R-metýlester, haloxýfóp-R og tilsvarendi afleiður haloxýfóp-R, gefið upp sem haloxýfóp-R. Árið 2012 skal greina haloxýfóp sem óbundna síru í blómkáli og ertum, árið 2013 í höfuðkáli og jarðarberjum og árið 2014 í baunum (með fræbelg), gulrótum og kartöflum og spinati. Greining er valfrjálst að því er varðar aðrar vörur.
Hexakónasól	(b)	(c)	(a)	
Hexýþíasox	(b)	(c)	(a)	Skal ekki greina í kornvörum.
Ímasalíl	(b)	(c)	(a)	
Ímíðaklóríð	(b)	(c)	(a)	
Índoxakarb	(b)	(c)	(a)	
Ípródíón	(b)	(c)	(a)	
Ípróvalíkarb	(b)	(c)	(a)	
Ísókarbófos	(b)	(c)	(a)	Aths. ^(g) Gildandi skilgreining á leifum nær einungis yfir móðurefnið.
Ísófenfosmetýl	(b)	(c)	(a)	Aths. ^(g)
Ísóprókarb	(b)	(c)	(a)	Aths. ^(g)
Kresoxím-metýl	(b)	(c)	(a)	
Lambda-sýhalótrín	(b)	(c)	(a)	

	2012	2013	2014	Athugasemdir
Línúrón	(b)	(c)	(a)	Aths. ⁽ⁱ⁾
Lúfenúrón	(b)	(c)	(a)	
Malapíón	(b)	(c)	(a)	
Mandíprópamið	(b)	(c)	(a)	Aths. ^(g)
Mepanípýrím	(b)	(c)	(a)	Aths. ^(h) Skilgreining á leifum: Mepanípýrím og umbrotsefni þess 2-anilínó-4-(2-hýdroxýprópýl)-6-metýlpýrímídín, gefin upp sem mepanípýrím.
Mepíkvat	(b)	(c)	(a)	Skal greina árið 2012 í hveiti, árið 2013 í rúgi/höfrum og tómötum og árið 2014 í perum, hrísgrjónum og hveiti. Greining er valfrjáls að því er varðar aðrar vörur.
Meptýldínókap	(b)	(c)	(a)	Aths. ^(g) Skilgreining á leifum: summa 2,4 DNOPC og 2,4 DNOP, gefin upp sem meptýldínókap.
Metalaxýl	(b)	(c)	(a)	
Metkónasól	(b)	(c)	(a)	
Metamidófos	(b)	(c)	(a)	
Metíðapíón	(b)	(c)	(a)	
Metíókarb	(b)	(c)	(a)	
Metómýl	(b)	(c)	(a)	Greina skal frá metómýli og þíódíkarbi, hverju fyrir sig, og summunn ein og samþykkt er í lýsingu á staðalsýnum.
Metoxýklór	(b)	(c)	(a)	Aths. ⁽ⁱ⁾
Metoxýfenósíð	(b)	(c)	(a)	
Metóbrómúrón	(b)	(c)	(a)	Aths. ^(g) Gildandi skilgreining á leifum nær einungis yfir móðurefnið.
Mónókrótófos	(b)	(c)	(a)	
Mýklóbútáníl	(b)	(c)	(a)	
Nítenpýram	(b)	(c)	(a)	Skal greina árið 2012 í paprikum, árið 2013 í ferskjum og árið 2014 í gúrkum og baunum (með fræbelg). Greining er valfrjáls að því er varðar aðrar vörur. Gildandi skilgreining á leifum nær einungis yfir móðurefnið.
Oxadíxýl	(b)	(c)	(a)	
Oxamýl	(b)	(c)	(a)	
Oxýdemetónmetýl	(b)	(c)	(a)	
Paklóbútrasól	(b)	(c)	(a)	
Paraþíón	(b)	(c)	(a)	

	2012	2013	2014	Athugasemdir
Paraþíónmetýl	(b)	(c)	(a)	Aths. ⁽ⁱ⁾
Penkónasól	(b)	(c)	(a)	
Pensýkúrón	(b)	(c)	(a)	
Pendímetalín	(b)	(c)	(a)	
Fenþóat	(b)	(c)	(a)	
Fosalón	(b)	(c)	(a)	
Fosmet	(b)	(c)	(a)	
Foxím	(b)	(c)	(a)	Aths. ⁽ⁱ⁾
Pírímíkarb	(b)	(c)	(a)	
Pírímífosmetýl	(b)	(c)	(a)	
Próklóras	(b)	(c)	(a)	Skilgreining á leifum: summa próklóras og umbrotsefna þess sem innihalda 2,4,6-tríklórfeólhluta, gefin upp sem próklóras.
Prósýmídón	(b)	(c)	(a)	
Prófenófos	(b)	(c)	(a)	
Próþamókarb	(b)	(c)	(a)	Skal greina árið 2012 í eggaldinum, blómkáli og papríku, árið 2013 í eplum, höfuðkáli, salati, vínberjum til matar og tómötum og árið 2014 í baunum, gulrótum, gúrkum, appelsínunum/klementínunum, kartöflum og jarðarberjum. Greining er valfrjálts að því er varðar aðrar vörur.
Próþargít	(b)	(c)	(a)	
Próþíkónasól	(b)	(c)	(a)	
Próþoxúr	(b)	(c)	(a)	Aths. ^(g)
Próþýsamíð	(b)	(c)	(a)	
Próþíókónasól	(b)	(c)	(a)	Aths. ⁽ⁱ⁾ Skilgreining á leifum: próþíókónasólþesþíó.
Próþíófos	(b)	(c)	(a)	Aths. ^(g) Gildandi skilgreining á leifum nær einungis yfir móðurefnið.
Þýmetrósin	(b)	(c)	(a)	Aths. ^(g) Greining þess árið 2012 er valfrjálts (með áherslu á eggaldin og papríku) Skal greina árið 2013 í höfuðkáli, salati, jarðarberjum og tómötum og árið 2014 í gúrkum. Greining er valfrjálts að því er varðar aðrar vörur.
Þýraklóstróbín	(b)	(c)	(a)	
Þýretrín	(b)	(c)	(a)	Aths. ^(h)
Þýridaben	(b)	(c)	(a)	

	2012	2013	2014	Athugasemdir
Pýrimetaníl	(b)	(c)	(a)	
Pýríproxýfen	(b)	(c)	(a)	
Kínoxýfen	(b)	(c)	(a)	
Rótenón	(b)	(c)	(a)	Aths. ^(g)
Spínósað	(b)	(c)	(a)	
Spíródiklófen	(b)	(c)	(a)	Aths. ^(g)
Spírómesífen	(b)	(c)	(a)	Aths. ^(g)
Spíroxamín	(b)	(c)	(a)	
Táflúvalínat	(b)	(c)	(a)	
Tebúkónasól	(b)	(c)	(a)	
Tebúfenósíð	(b)	(c)	(a)	
Tebúfenpýrað	(b)	(c)	(a)	Skal ekki greina í kornvörum.
Teflúbensúrón	(b)	(c)	(a)	
Teflútrín	(b)	(c)	(a)	
Terbútýlasín	(b)	(c)	(a)	Aths. ^(g)
Tetrakónasól	(b)	(c)	(a)	
Tetradífón	(b)	(c)	(a)	Skal ekki greina í kornvörum.
Tetrametrín	(b)	(c)	(a)	Aths. ^(g) Gildandi skilgreining á leifum nær einungis yfir móðurefnið.
Þiabendasól	(b)	(c)	(a)	
Þiaklópríð	(b)	(c)	(a)	
Þiametoxam	(b)	(c)	(a)	Skilgreining á leifum: summa þiametoxams og klóþianidíns, gefin upp sem þiametoxam. Greina skal frá þiametoxami og klóþianidíni, hverju fyrir sig, og summunnni eins og samþykkt er í lýsingu á staðalsýnum.
Þíófanatmetýl	(b)	(c)	(a)	
Tólklófosmetýl	(b)	(c)	(a)	
Tólýlflúaníð	(b)	(c)	(a)	Skal ekki greina í kornvörum.
Tríadímeþón og tríadímenól	(b)	(c)	(a)	Skilgreining á leifum: summa tríadímeþóns og tríadímenóls. Greina skal frá hvoru fyrir sig og summunnni eins og samþykkt er í lýsingu á staðalsýnum.
Tríasófos	(b)	(c)	(a)	

	2012	2013	2014	Athugasemdir
Tríklórfón	(b)	(c)	(a)	Aths. ^(g)
Trífloxýstróbín	(b)	(c)	(a)	
Tríflúmúrón	(b)	(c)	(a)	
Tríflúralín	(b)	(c)	(a)	
Trítíkónasól	(b)	(c)	(a)	
Vínklósólín	(b)	(c)	(a)	Aths. ^(h) Skal ekki greina í kornvörum. Skilgreining á leifum: summa vínklósólíns og allra umbrotsefna þess sem innihalda 3,5-díklóránílnhluta, gefin upp sem vínklósólín.
Soxamið	(b)	(c)	(a)	

B-hluti: Samsetningar af varnaefnaleifum og vörum sem ber að vakta í eða á vörum úr dýraríkinu

	2012	2013	2014	Athugasemdir
Aldrín og díeldrín	(d)	(e)	(f)	Skilgreining á leifum: Aldrín og díeldrín í samsetningu, gefin upp sem díeldrín.
Asínfosetýl	(d)	(e)	(f)	
Bífentrín	(d)	(e)	(f)	
Bixafen	(d)	(e)	(f)	Aths. ^(g) Greining er valfrjáls árið 2012 að því er varðar egg, árið 2013 að því er varðar mjólk og svínakjöt.
Boskalið	(d)	(e)	(f)	Aths. ^(g) Skilgreining á leifum: Summa boskaliðs og M 510F01 að meðtöldum tilsvarendi afleiðum þess, gefin upp sem boskalið. Greining móðurefnis boskaliðs er valfrjáls árið 2012 að því er varðar smjör, árið 2013 að því er varðar mjólk.
Karbendasím og þíóf-anatmetýl, gefin upp sem karbendasím		(e)	(f)	Skilgreining á leifum: Karbendasím og þíófanatmetýl, gefin upp sem karbendasím. Greining karbendasíms er valfrjáls frá árinu 2013.
Klórdan	(d)	(e)	(f)	Skilgreining á leifum: summa cis- og transhverfna og oxýklórdans, gefin upp sem klórdan.
Klórmeqvat		(e)	(f)	Greining er valfrjáls frá árinu 2013 að því er varðar kúamjólk.
Klórbensílat	(d)	(e)	(f)	Aths. ^(g)
Klórprófam	(d)	(e)	(f)	Aths. ^(g) Skilgreining á leifum: Klórprófam og 4'-hýdroxýklórprófam-O-súlfónsýra (4-HSA), gefin upp sem klórprófam. Greining er valfrjáls árið 2012 að því er varðar smjör, árið 2013 að því er varðar mjólk.
Klórþrífos	(d)	(e)	(f)	
Klórþrífosmetýl	(d)	(e)	(f)	

	2012	2013	2014	Athugasemdir
Klópýralíð			(f)	Á ekki við um vörur 2012/2013.
Sýflútrín	(d)	(e)	(f)	Skilgreining á leifum: Sýflútrín ásamt öðrum blöndum af efnisþáttum hverfna (summa hverfnanna) (F).
Sýpermetrín	(d)	(e)	(f)	Skilgreining á leifum: sýpermetrín ásamt öðrum blöndum af efnisþáttum hverfna (summa hverfnanna)
Sýprókónasól			(f)	Á ekki við um vörur 2012/2013. Greining er valfrjáls árið 2014.
DDT	(d)	(e)	(f)	Skilgreining á leifum: summa p,p'-DDT, o,p'-DDT, p-p'-DDE og p,p'-DDD(TDE), gefin upp sem DDT (F).
Deltametrín	(d)	(e)	(f)	Skilgreining á leifum: cis-deltametrín.
Díasínón	(d)	(e)	(f)	
Dikamba			(f)	Á ekki við um vörur 2012/2013. Greining er valfrjáls árið 2014.
Díklóríð (ásamt díklórpróp-P)			(f)	Á ekki við um vörur 2012/2013. Greining er valfrjáls árið 2014.
Endósúlfan	(d)	(e)	(f)	Skilgreining á leifum: summa af alfa- og betahverfum og endósúlfansúlfati, gefin upp sem endósúlfan.
Endrín	(d)	(e)	(f)	
Epoxíkónasól			(f)	Á ekki við um vörur 2012/2013. Greining er valfrjáls árið 2014.
Etófenprox	(d)	(e)	(f)	Aths.(g) Greining er valfrjáls árið 2012 að því er varðar smjör og árið 2013 að því er varðar mjólk.
Famoxadón	(d)	(e)	(f)	Aths.(g) Greining er valfrjáls árið 2012 að því er varðar smjör og árið 2013 að því er varðar mjólk.
Fenprópídín			(f)	Á ekki við um vörur 2012/2013. Skilgreining á leifum: summa fenprópídíns og CGA289267, gefin upp sem fenprópídín. Greining er valfrjáls árið 2014.
Fenprópímorf		(e)	(f)	Skilgreining á leifum: fenprópímorfkarboxýlsýra (BF 421-2), gefin upp sem fenprópímorf. Greining er valfrjáls árið 2013 að því er varðar svínakjöt.
Fenþíón	(d)	(e)	(f)	Skilgreining á leifum: summa fenþíóns og súrefnishliðstæðu þess, súlfoxíða þeirra og súlfóns, gefin upp sem móðurefni (F).
Fenvalerat/esfenvalerat	(d)	(e)	(f)	
Flúasífóp		(e)	(f)	Skilgreining á leifum: flúasífóp-P-bútýl (flúasífópsýra (óbundin og tilsvarandi afleiða)). Greining er valfrjáls árið 2013 að því er varðar mjólk.

	2012	2013	2014	Athugasemdir
Flúkínkónasól	(d)	(e)	(f)	Aths. ^(g) Greining er valfrjáls árið 2012 að því er varðar smjör.
Flúópýram		(e)	(f)	Aths. ^(g)
Flúroxýpýr			(f)	
Flúsílasól		(e)	(f)	Á ekki við vörur árið 2012. Skilgreining á leifum: summa flúsílasóls og umbrotsefnis þess IN-F7321 ([bis-(4-flúrfenýl)metýl]sílánól) gefin upp sem flúsílasól (F). Greining er valfrjáls árið 2013 að því er varðar svínakjöt.
Glúfosínatammóníum			(f)	Á ekki við um vörur 2012/2013. Skilgreining á leifum: summa glúfosínats, salta þess, MPP og NAG, gefin upp sem jafngildi glúfosínats. Greining er valfrjáls árið 2014.
Glýfosat			(f)	Á ekki við um vörur 2012/2013. Greining er valfrjáls árið 2014.
Haloxýföp	(d)	(e)	(f)	Aths. ^(g) Skilgreining á leifum: haloxýföp-R og tilsvarandi afleiður haloxýföps-R, gefin upp sem haloxýföp-R (F). Greining er valfrjáls árið 2012 að því er varðar smjör og árið 2013 að því er varðar mjólk.
Heptaklór	(d)	(e)	(f)	Skilgreining á leifum: summa heptaklórs og heptaklórepoxíðs, gefin upp sem heptaklór.
Hexaklórbensen	(d)	(e)	(f)	
Hexaklórsýklóhexan (HCH), alfa-hverfa	(d)	(e)	(f)	
Hexaklórsýklóhexan (HCH), beta-hverfa	(d)	(e)	(f)	
Hexaklórsýklóhexan (HCH), gamma-hverfa (lindan) (F)	(d)	(e)	(f)	
Indoxakarb	(d)	(e)	(f)	Aths. ^(g) Skilgreining á leifum: indoxakarb sem summa hverfnanna S og R. Greining er valfrjáls árið 2012 að því er varðar smjör og árið 2013 að því er varðar mjólk.
Joxýníl		(e)	(f)	Skilgreining á leifum: summa joxýnís, salta þess og estera, gefin upp sem joxýníl (F). Greining er valfrjáls árið 2013 að því er varðar svínakjöt.
Malínhýdrasið	(d)	(e)	(f)	Aths. ^(g) Skilgreining á leifum fyrir mjólk og mjólkurafurðir er: malínhýdrasið og tilsvarandi afleiður þess, gefið upp sem malínhýdrasið. Greining er valfrjáls árið 2013 að því er varðar kúamjólk. Greining er valfrjáls árið 2012 að því er varðar egg.

	2012	2013	2014	Athugasemdir
Mepíkvat			(f)	Á ekki við um vörur 2012/2013. Greining er valfrjáls árið 2014.
Metaflúmísón	(d)	(e)	(f)	Aths. ^(g) Skilgreining á leifum: summa E- og Z-hverfna. Greining er valfrjáls árið 2012 að því er varðar egg.
Metasaklór			(f)	Á ekki við um vörur 2012/2013. Skilgreining á leifum: metasaklór, þ.m.t. niðurbrots- og myndefni, sem getur verið 2,6-dímetylanilín, reiknað í heild sem metasaklór.
Metíðapíón	(d)	(e)	(f)	
Metoxýklór	(d)	(e)	(f)	
Paraþíón	(d)	(e)	(f)	
Paraþíónmetýl	(d)	(e)	(f)	Skilgreining á leifum: summa paraþíónmetýls og paraoxónmetýls, gefin upp sem paraþíónmetýl.
Permetrín	(d)	(e)	(f)	Skilgreining á leifum: summa cis- og transpermetríns.
Pírímífosmetýl	(d)	(e)	(f)	
Próklóras		(e)	(f)	Skilgreining á leifum: summa próklólass og umbrotsefna þess sem innihalda 2,4,6- triklórphenóllhuta, gefin upp sem próklóras. Greining er valfrjáls árið 2013 að því er varðar svínakjöt.
Prófenófos	(d)	(e)	(f)	
Próþíókónasól			(f)	Á ekki við um vörur 2012/2013. Skilgreining á leifum: Próþíókónasóldeþíó.
Pýrasófos	(d)	(e)	(f)	
Pýridat			(f)	Á ekki við um vörur 2012/2013. Skilgreining á leifum: summa pýridats, vatnsrofinnar afurðar þess CL-9673 (6-klór-4-hýdroxý-3-fenýlpýridasíns), og vatnsrjúfanlegra tilsvarendi afleiðna CL 9673, gefin upp sem pýridat.
Resmetrín	(d)	(e)	(f)	Skilgreining á leifum: summa hverfna (F)
Spínósað			(f)	Á ekki við um vörur 2012/2013. Skilgreining á leifum: summa spínósýns A og spínósýns D, gefin upp sem spínósað (F).
Spíroxamín		(e)	(f)	Skilgreining á leifum: spíroxamín-karboxýlsýra, gefin upp sem spíroxamín. Greining er valfrjáls árið 2013 að því er varðar mjólk.
Táflúvalínat	(d)	(e)	(f)	Greining er valfrjáls árið 2012 að því er varðar smjör og árið 2013 að því er varðar mjólk.
Tebúkónasól			(f)	Á ekki við um vörur 2012/2013. Greining er valfrjáls árið 2014.

	2012	2013	2014	Athugasemdir
Tetrakónasól	(d)	(e)	(f)	Greining er valfrjáls árið 2012 að því er varðar smjör og árið 2013 að því er varðar mjólk.
Þiaklóprið			(f)	Á ekki við um vörur 2012/2013. Greining er valfrjáls árið 2014.
Tópramesón			(f)	Aths. ^(g) Á ekki við um vörur 2012/2013. Skilgreining á leifum: BAS 670H.
Tríasófós	(d)	(e)	(f)	

- (a) Baunir með fræbelg (ferskar eða frosnar), gulrætur, gúrkur, appelsínur eða mandarínur, perur, kartöflur, hrisgrjón, spinat (ferskt eða frosið) og hveiti.
- (b) Eggaldín, bananar, blómkál eða spergilkál, vínber til matar, appelsínusafi, ertur án fræbelgs (ferskar eða frosnar), paprikur, hveiti og jómfrúarólífuolia (olíuvinnslustuðull = 5, að teknu tilliti til meðalólífuolíuframleiðslu sem nemur 20% af ólífuuppskerunni).
- (c) Epli, höfuðkál, blaðlaukur, salat, tómatar, ferskjur, þ.m.t. nektarínur og áþekkir blendingar, rúgur eða hafrar, jarðarber og vínþrúgur (rauðar eða grænar).
- (d) Smjör, kjúklingur, egg.
- (e) Kúamjólk, svínakjöt.
- (f) Alifuglakjöt, lifur (nautgripir og önnur jörturdýr, svin og alifuglar).
- (g) Greining er valfrjáls árið 2012.
- (h) Efni með flókna skilgreiningu á leifum. Opinberu rannsóknarstofurnar skulu greina þau til að fá heildstæða skilgreiningu á leifum í samræmi við getu og afköst og greina frá niðurstöðum eins og samþykkt er með lýsingu á staðalsýnum (SSD).
- (i) Efni sem ekki greindust í miklu magni samkvæmt opinberu varnaráætluninni frá 2009. Greining skal fara fram hjá þeim opinberum rannsóknarstofum sem búa þegar yfir fullgilti aðferð sem krafist er. Rannsóknarstofum, sem búa ekki yfir fullgiltum aðferðum, er ekki skylt að fullgilda aðferð árið 2012 og árið 2013.

II. VIÐAUKI

Fjöldi sýna sem um getur í 1. gr.

- 1) Fjöldi sýna sem hvert aðildarríki skal taka og greina er settur fram í töflunni í 5. lið.
- 2) Til viðbótar við þau sýni sem krafist er í samræmi við töfluna í 5. lið skal hvert aðildarríki taka og greina tíu sýni úr unnum ungbarnamatvælum með korn sem uppistöðu árið 2012.
Til viðbótar við þau sýni sem krafist er í samræmi við þá töflu skal hvert aðildarríki taka og greina samtals tíu sýni úr matvælum fyrir ungbörn og smábörn árið 2013.
Til viðbótar við þau sýni sem krafist er í samræmi við þá töflu skal hvert aðildarríki taka og greina samtals tíu sýni úr ungbarnablöndum og stoðblöndum árið 2014.
- 3) Eitt sýni af hverri vöru sem skal taka og greina í samræmi við töfluna í 5. lið skal, eftir því sem við á, vera úr vörum sem eru upprunnar úr lífrænum búskap.
- 4) Aðildarríki sem nota aðferðir til að finna margs konar efnaleifar mega nota eigindlegar aðferðir til skimunar á allt að 15% af sýnum sem eru tekin og greind í samræmi við töfluna í 5. lið. Ef aðildarríki notar eigindlegar aðferðir til skimunar skal það greina öll önnur sýni með aðferð til að finna margs konar efnaleifar.
Ef niðurstöður úr eigindlegum aðferðum til skimunar eru jákvæðar skulu aðildarríkin nota venjulega markaðferð (*e. target method*) til að magngreina niðurstöðurnar.
- 5) Fjöldi sýna á hvert aðildarríki

Aðildarríki	Sýni
BE	12 ^(*) 15 ^(**)
BG	12 ^(*) 15 ^(**)
CZ	12 ^(*) 15 ^(**)
DK	12 ^(*) 15 ^(**)
DE	93
EE	12 ^(*) 15 ^(**)
EL	12 ^(*) 15 ^(**)
ES	45
FR	66
IE	12 ^(*) 15 ^(**)
IT	65
CY	12 ^(*) 15 ^(**)
LV	12 ^(*) 15 ^(**)
LT	12 ^(*) 15 ^(**)

Aðildarríki	Sýni
LU	12 ^(*) 15 ^(**)
HU	12 ^(*) 15 ^(**)
MT	12 ^(*) 15 ^(**)
NL	17
AT	12 ^(*) 15 ^(**)
PL	45
PT	12 ^(*) 15 ^(**)
RO	17
SI	12 ^(*) 15 ^(**)
SK	12 ^(*) 15 ^(**)
FI	12 ^(*) 15 ^(**)
SE	12 ^(*) 15 ^(**)
UK	66

HEILDARLÁGMARKSFJÖLDI SÝNA: 642

(*) Lágmarksfjöldi sýna fyrir hverja aðferð sem notuð er til að greina hverja efnaleif fyrir sig.

(**) Lágmarksfjöldi sýna fyrir hverja aðferð sem notuð er til að finna margs konar efnaleifar.

III. VIÐAUKI

- 1) Lýsing á staðalsýnum (SSD) fyrir matvæli og fôður er sniðið sem skal nota til að greina frá niðurstöðum úr greiningu varnarefnaleifa.
- 2) Lýsing á staðalsýnum (SSD) inniheldur skrá yfir stöðluð gagnastök (þættir, sem lýsa einkennum sýna eða greiningarniðurstöðum, s.s. upprunaland, afurð, greiningaraðferð, greiningarmörk, niðurstöður o.s.frv.), stýrða hugtakanotkun og fullgildingarreglur til að bæta gæði gagna.

Tafla 1

Skrá yfir gagnastök í lýsingu á staðalsýnum

Kóði staks	Heiti staks	Merki staks	Gagnategund (1)	Stýrð hugtakanotkun	Lýsing
S.01	labSampCode	Sýnakóði rannsóknarstofu	xs:strengur (20)		Alstafakóði sýnis sem er greint.
S.03	lang	Tungumál	xs:strengur (2)	LANG	Tungumál sem er notað til að fylla inn í textareitina fyrir óbundna textann (ISO-639-1).
S.04	sampCountry	Land þar sem sýnataka fer fram	xs:strengur (2)	COUNTRY	Land þar sem sýnið var tekið. (ISO 3166-1-alpha-2).
S.06	origCountry	Upprunaland vöru	xs:strengur (2)	COUNTRY	Upprunaland vöru (ISO 3166-1-alpha-2 landskóði).
S.13	prodCode	Kóði vöru	xs:strengur (20)	MATRIX	Matvæli sem eru greind, lýst í samræmi við MATRIX-skrána.
S.14	prodText	Ítarleg lýsing á vöru	xs:strengur (250)		Óbundinn texti til að lýsa vörunni, sem sýni er tekið úr, í smáatriðum. Þetta stak verður skyldubundið ef „kóði vöru“ er „XXXXXXA“ (ekki í skránni).
S.15	prodProdMeth	Framleiðslu-aðferð	xs:strengur (5)	PRODMD	Kóði sem veitir viðbótarupplýsingar um tegund framleiðslu á matvælunum sem verið er að greina.
S.17	prodTreat	Meðhöndlun vöru	xs:strengur (5)	PRODTR	Notað til að lýsa meðhöndlun eða vinnslu matvællanna.
S.21	prodCom	Athugasemdir við vöru	xs:strengur (250)		Viðbótarupplýsingar um vöru, einkum upplýsingar um heimagerð liggja þær fyrir.

Kóði staks	Heiti staks	Merki staks	Gagnategund (*)	Stýrð hugtakanotkun	Lýsing
S.28	sampY	Sýnatökuár	xs:tugastafur (4,0)		Sýnatökuár.
S.29	sampM	Sýnatöku-mánuður	xs:tugastafur (2,0)		Sýnatökumánuður. Ef ráðstöfunin er tilkomin vegna sýnatöku á tilteknu tímabili skal tilgreina mánuðinn, þegar fyrsta sýnið var tekið, í þessum reit.
S.30	sampD	Sýnatökudagur	xs:tugastafur (2,0)		Sýnatökudagur. Ef ráðstöfunin er tilkomin vegna sýnatöku á tilteknu tímabili skal tilgreina daginn, þegar fyrsta sýnið var tekið, í þessum reit.
S.31	progCode	Númer áætlunar	xs:strengur (20)		Einkvæmur auðkenniskóði sendanda fyrir áætlunina eða verkefnið sem sýnið, sem greint var, er tekið sem hluti af.
S.32	progLegalRef	Lagastoð áætlunarinnar	xs:strengur (100)		Tilvísun til löggjafar fyrir áætlunina sem er sanngreind með númeri áætlunar.
S.33	progSamp-Strategy	Sýnatökuáætlun	xs:strengur (5)	SAMPSTR	Sýnatökuáætlun (tilvísun: EUROSTAT - Typology of sampling strategy, útgáfa frá júlí 2009), sem notuð er í áætluninni eða verkefninu, sanngreind með kóða áætlunar.
S.34	progType	Tegund sýnatöku-áætlunar	xs:strengur (5)	SRCTYP	Tilgreina skal tegund áætlunar sem sýnin voru tekin fyrir.
S.35	sampMethod	Sýnatökuaðferð	xs:strengur (5)	SAMPMD	Kóði sem lýsir sýnatökuaðferðinni
S.39	sampPoint	Sýnatökustaður	xs:strengur (10)	SAMPNT	Staður í matvælaferlinu þar sem sýnið var tekið. (Skjal: ESTAT/F5/ES/155 „Data dictionary of activities of the establishments“).
L.01	labCode	Rannsóknarstofa	xs:strengur (100)		Kóði rannsóknarstofu (kóði landsbundinnar rannsóknarstofu, liggi hann fyrir). Þessi kóði skal vera einkvæmur og með samræmdum hætti í öllum sendingum.

Kóði staks	Heiti staks	Merki staks	Gagnategund (*)	Stýrð hugtakanotkun	Lýsing
L.02	labAccred	Faggilding rannsóknarstofu	xs:strengur (5)	LABACC	Faggilding rannsóknarstofu í samræmi við ISO/IEC 17025.
R.01	resultCode	Kóði niðurstöðu	xs:strengur (40)		Einkvæmt auðkennisnúmer fyrir niðurstöður greiningar (lína í gagnatöflunni) í skránni sem er send. Kóða niðurstöðu verður að halda óbreyttum á öllum stigum skipulags og hann verður notaður við frekari uppfærslu/eyðingu frá sendendum.
R.02	analysisY	Greiningarár	xs:tugastafur (4,0)		Árið sem greiningu var lokið.
R.06	paramCode	Kóði mælipáttar	xs:strengur (20)	PARAM	Mælipáttur/greini efni í greiningunni sem er lýst í samræmi við kóða efnis í PARAM-skránni.
R.07	paramText	Texti mælipáttar	xs:strengur (250)		Óbundinn texti til að lýsa mælipættinum. Þetta stak verður skyldubundið ef „kóði mælipáttar“ er „RF-XXXX-XXX-XXX“ (ekki í skránni).
R.08	paramType	Tegund mælipáttar	xs:strengur (5)	PARTYP	Skilgreina skal hvort mælipátturinn sem greint er frá er einstök leif/greini efni, samanlögð skilgreining leifa eða hluti af summu.
R.12	accredProc	Málsmeðferð við faggildingu fyrir greiningaraðferðina	xs:strengur (5)	MDSTAT	Málsmeðferð við faggildingu fyrir greiningaraðferðina sem er notuð.
R.13	resUnit	Niðurstöðu-eining	xs:strengur (5)	UNIT	Greina skal frá öllum niðurstöðum í mg/kg.
R.14	resLOD	Greiningarmörk, niðurstaða	xs:tvöföld		Greiningarmörk sem greint er frá í einingunni, tilgreind með breytunni „niðurstöðueining“.
R.15	resLOQ	Magn-greiningarmörk, niðurstaða	xs:tvöföld		Magngreiningarmörk sem greint er frá í einingunni, tilgreind með breytunni „niðurstöðueining“.
R.18	resVal	Gildi niðurstöðu	xs:tvöföld		Niðurstaða greiningaraðferðarinnar sem greint er frá í mg/kg ef resType = „VAL“.
R.19	resValRec	Endurheimt á gildi niðurstöðu	xs:tvöföld		Endurheimt gildi sem tengist mælingum á styrk, gefið upp í prósentum (%), þ.e. greina skal frá 100 fyrir 100%.

Kóði staks	Heiti staks	Merki staks	Gagnategund ⁽¹⁾	Stýrð hugtakanotkun	Lýsing
R.20	resValRecCorr	Niðurstöðugildi, leiðrétt með tilliti til endurheimtar	xs:strengur (1)	YESNO	Skal skilgreint ef niðurstöðugildið hefur verið leiðrétt með útreikningi á endurheimt.
R.21	resValUncertSD	Niðurstöðugildi - óvissa - staðalfrávik	xs:tvöföld		Staðalfrávik fyrir óvissumælinguna.
R.22	resValUncert	Niðurstöðugildi - óvissa	xs:tvöföld		Tilgreina skal útvíkkað óvissugildi (<i>e. expanded uncertainty value</i>) (ofast með 95% öryggisbili) sem tengist mælingunni, gefið upp í einingunni sem greint er frá í reitnum „niðurstöðueining“.
R.23	moistPerc	Hlutfall raka í upprunalega sýninu	xs:tvöföld		Hlutfall raka í upprunalega sýninu.
R.24	fatPerc	Hlutfall fitu í upprunalega sýninu	xs:tvöföld		Hlutfall fitu í upprunalega sýninu.
R.25	exprRes	Framsetning niðurstaðna	xs:strengur (5)	EXRES	Kóði til að lýsa því hvernig niðurstaðan er gefin upp: Heildarþyngd, þyngd fitu, þurrvigt o.s.frv. ...
R.27	resType	Tegund niðurstöðu	xs:strengur (3)	VALTYP	Tilgreina skal tegund niðurstöðu, hvort unnt var að magnbinda/ákvarða hana eða ekki.
R.28	resLegalLimit	Lögleg mörk fyrir niðurstöðuna	xs:tvöföld		Greina skal frá löglegum mörkum fyrir greiniefnið í vörunni sem sýnið er tekið úr
R.29	resLegalLimit-Type	Tegund löglegra marka	xs:strengur (5)	LMTTYP	Tegund löglegra marka sem er beitt við mat á niðurstöðunni. ML, MRPL, MRL, aðgerðamörk o.s.frv.
R.30	resEvaluation	Mat á niðurstöðum	xs:strengur (5)	RESEVAL	Tilgreina skal ef niðurstaðan fer yfir lögleg mörk.
R.31	actTakenCode	Aðgerð sem er gripið til	xs:strengur (5)	ACTION	Lýsa skal hvers kyns framhaldsaðgerðum sem gripið hefur verið til vegna þess að farið var yfir lögleg mörk.
R.32	resComm	Athugasemd varðandi niðurstöðuna	xs:strengur (250)		Viðbótarathugasemdir varðandi þessa greiningarniðurstöðu.

⁽¹⁾ Tvöfalda gagnategundin svarar til IEEE tvöfaldrar stafanákvæmni 64-bita hlaupakommutags (*e. double-precision 64-bit floating point type*), tugastafurinn svarar til ótiltekinnar nákvæmni í fjölda stafa á undan og eftir tugakommu (*e. arbitrary precision decimal numbers*), strenggagnategundin (*e. string data type*) svarar til stafastrengs í XML. Gagnategundin xs: fyrir tvöfaldrar gagnategundir og aðrar tegundir tölulegra gagna sem gera það kleift að aðskilja tugastafi skal tugastafsskiltáknið (*e. decimal separator*) vera „.“ en tugastafsskiltáknið „“ er ekki leyfilegt.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1210/2011

2012/EES/59/10

frá 23. nóvember 2011

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1031/2010, einkum í því skyni að ákvarða fjölda heimilda til losunar gróðurhúsalofttegunda sem verða boðnar upp fyrir 2013 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 3. gr. d og 4. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1031/2010 frá 12. nóvember 2010 um tímasetningu, stjórnun og aðra þætti í tengslum við uppboð á heimildum til losunar gróðurhúsalofttegunda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins ⁽²⁾ er kveðið á um ákvörðun þess fjölda losunarheimilda sem bjóða skal upp 2011 og 2012 svo fljótt sem það er raunhæft eftir samþykkt þeirrar reglugerðar. Sá fjöldi, sem þannig er ákvarðaður, skal skráður í viðauka við þá reglugerð. Helsta markmiðið með því að tilgreina fjöldann er að tryggja snurdulaus umskipti frá öðru í þriðja viðskiptatímabili í kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda, sem rennir stoðum undir eðlilega starfsemi eftirmarkaðarins.
- 2) Við ákvörðun þess fjölda, sem bjóða skal upp 2011 og 2012, skal taka tilhlýðilegt tillit til þeirra þátta sem ákvarða eftirspurn eftir og framboð á losunarheimildum, einkum til þess að baktrygginga er þörf, sérstaklega frá orkugeiranum, svo farið sé að ákvæðum á fyrstu árum þriðja viðskiptatímabilsins. Einnig skal taka tillit til þess fjölda losunarheimilda sem er í gildi á öðru viðskiptatímabilinu og er ekki krafist til að uppfylla kröfur á téðu viðskiptatímabili og er aðallega í vörslu iðnaðargeira, til þess hluta þessara losunarheimilda sem hefur verið og verður að öllum líkindum seldur á markaði á öðru viðskiptatímabilinu og til þess fjölda eininga

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 308, 24.11.2011, bls. 2. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2012 frá 26. júlí 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 302, 18.11.2010, bls. 1.

vottaðrar losunarskerðingar og losunarskerðingareininga úr losunarskerðingarverkefnum, sem falla undir kerfi hreinleikaþróunar eða ákvæði sameiginlegrar framkvæmdar, sem eru fyrir hendi sem baktrygging eða fyrir innskil frá rekstraraðilum sem falla undir losunarviðskiptakerfi Sambandsins. Jafnframt skal taka tillit til þess að losunarheimildir úr varasjóði fyrir nýja aðila á þriðja viðskiptatímabilinu eru metnar til fjár til stuðnings sýniverkefnum á sviði kolefnisföngunar og -bindingar og nýskapandi tækni á sviði endurnýjanlegrar orku (NER300) samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/670/ESB frá 3. nóvember 2010 um viðmiðanir og ráðstafanir vegna fjármögnunar sýniverkefna í viðskiptaskyni, sem miða að umhverfissvænni föngun og geymslu CO₂ í jörðu, og sýniverkefna er varða nýskapandi tækni á sviði endurnýjanlegrar orku innan kerfisins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins sem komið var á með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ⁽³⁾. Þó að mismikil óvissa ríki um þessa þætti er mikilvægt að ákvarða tímanlega þann fjölda sem á að bjóða upp árið 2012.

- 3) Í mati, sem byggist á þessum þáttum, er komist að þeirri niðurstöðu að ekki skuli bjóða upp neinar losunarheimildir, sem eru í gildi á þriðja viðskiptatímabilinu, árið 2011.
- 4) Uppboðsalmanökin fyrir uppboð á losunarheimildum 2012 skulu fastsett með það í huga að takmarka áhrif þeirra á starfsemi eftirmarkaðarins en jafnframt þurfa uppboðin að vera svo stór að þátttaka í þeim verði næg. Umskipti frá uppboði á uppboðsvettvangi á umbreytingartímabili til uppboðs á seinni uppboðsvettvangi skulu ganga snurdulaust fyrir sig. Þar að auki er í öðrum tilvikum, sem eru tilgreind nákvæmlega, réttlæt看legt að breyta birtu uppboðsalmanaki.
- 5) Þar eð þess er vænst að afhending losunarheimilda, sem bjóða á upp, geti farið fram tímanlega er ekki þörf á umbreytingartímabili með uppboði á framvirkum samningum og framtíðarsamningum. Þó er æskilegt að bjóða út samning um uppboðsvettvang á umbreytingartímabili til að minnka áhættuna sem fylgir því að bjóða út samning um uppboðsvettvanginn sem reglugerðin mun gilda um að fullu. Með hliðsjón að

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 290, 6.11.2010, bls. 39.

Því hversu mikilvægt er að beita reglugerðinni til fulls skulu uppboðsvettvangar á umbreytingartímabili ekki halda uppboð lengur en nauðsyn krefur. Auðvelda ber tilnefningu uppboðsvettvangs á umbreytingartímabili með því að setja færri skilyrði fyrir uppboðshaldi, eins og fyrirhugað var fyrir uppboð á framvirkum samningum og framtíðarsamningum. Á þann hátt getur sú þjónusta sem á að kaupa verið í meira samræmi við núverandi þjónustu á markaðinum. Þar að auki er beiting landsráðstafana til lögleiðingar á III. bálki tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB ⁽⁴⁾ að því er varðar uppboðin, sem uppboðsvettvangur heldur á umbreytingartímabili, ekki ófrávikjanleg. Á svipaðan hátt væri óhófleg krafa að láta uppfæra leyfi fyrir uppboðsvettvang á umbreytingartímabili í samræmi við kröfur uppboðsreglugerðarinnar. Til að tryggja skilvirkt markaðsefirlit skulu ákvæðin í núgildandi reglugerð, sem varða bann við markaðssvikum, þó gilda um uppboð sem eru haldin á uppboðsvettvangi á umbreytingartímabili, frá þeim tímapunkti þegar hlutaðeigandi aðildarríki hefur innleitt viðkomandi ákvæði í landslög. Þetta stuðlar að jöfnum samkeppnisskilyrðum fyrir uppboðsvettvanga, sem sækja um, án þess að gera upphaf þessara uppboða háð slíkri innleiðingu. Þetta gildir um uppboðsvettvang á umbreytingartímabili, sem á að bjóða út samning um gegnum sameiginlegt innkaupaferli, og einnig um uppboðsvettvanga á umbreytingartímabili sem aðildarríki ætla að tilnefna þar sem þau taka ekki þátt í sameiginlegu aðgerðinni og tilnefna sinn eigin uppboðsvettvang.

- 6) Ekki er nauðsynlegt að jafna kostnaði uppboðsvaktarans, sem má rekja til þjónustu sem framkvæmdastjórnin útvegar, niður á uppboðsvettvangana.
- 7) Í því skyni að sameiginlega innkaupaferlið fyrir tilnefningu sameiginlegs uppboðsvettvangs fái skilvirkan og viðeigandi undirbúning og framkvæmd er æskilegt að glöggva sig tímanlega á þátttöku aðildarríkja í þeirri sameiginlegu aðgerð. Þess vegna ætti að vera mögulegt í tilteknum aðstæðum að aðildarríki, sem hefur notkun sameiginlegs uppboðsvettvangs á seinni stigum, beri kostnaðinn sem rekja má til þjónustu uppboðsvettvangs sem aðildarríkin, sem taka frá upphafi þátt í sameiginlegu aðgerðinni, bera ekki.
- 8) Tilnefning uppboðshaldaranna og uppboðsvaktaranna skiptir sköpum til að uppboðin fari rétt fram og almennt væri ekki unnt að halda uppboð án niðurstöðu um og gildistöku fyrirkomulags milli uppboðshaldaranna og uppboðsvaktaranna annars vegar og uppboðsvettvanganna hins vegar. Þetta fyrirkomulag skal fara fram á tilhlýðilegan hátt en þegar því er ekki hrint í framkvæmd eða ágreiningur ríkir um framkvæmdina skal það ekki í öllum tilvikum leiða til þess að losunarheimildum sé haldið frá uppboðunum.
- 9) Uppboðsvaktarinn skal tilnefndur í kjölfar sameiginlegs innkaupaferlis milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjunnar. Þó að gert sé ráð fyrir að öll aðildarríkin

taki þátt í sameiginlegu aðgerðinni frá upphafi þykir rétt að sjá til þess að fyrir liggi reglur fyrir tilvik þegar aðildarríki tekur aðeins þátt á seinni stigum. Þar að auki skal gera aðildarríkjum, sem hafa ákveðið að tilnefna eigin uppboðsvettvang, kleift að taka þátt í sameiginlegu aðgerðinni í þeim tilgangi einum að nýta sameiginlegan uppboðsvettvang þar eð skráning eigin uppboðsvettvangs hefur ekki farið fram, án þess að það hafi áhrif á stöðu þess sem áheyrnarfulltrúi í þeirri sameiginlegri aðgerð.

- 10) Draga ber úr áhættu á innherjaviðskiptum í formi afturköllunar á tilboði. Í þeim tilvikum, sem tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB ⁽⁵⁾ nær ekki yfir slíka hegðun, gilda viðkomandi ákvæði í uppboðsreglugerðinni.
- 11) Kveða skal á um takmarkaðan fjölda tæknilegra skýringa og leiðréttinga á uppboðsreglugerðinni í þessari breytingu.
- 12) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 1031/2010 til samræmis við það.
- 13) Til að tryggja að uppboðin séu fyrirsjáanleg og verði á réttum tíma er brýnt að þessi reglugerð öðlist gildi sem fyrst.
- 14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

SAMBÝKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 1031/2010

Reglugerð (ESB) nr. 1031/2010 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað f-liðar 43. mgr. 3. gr. komi eftirfarandi:

„f) að því er varðar 28. gr. (4. og 5. mgr.), 35. gr. (4., 5. og 6. mgr.) og 42. gr. (1. mgr.) þessarar reglugerðar: það sama og í b-lið 20. liðar 1. mgr. 4. gr. í tilskipun 2004/39/EB.“
- 2) Eftirfarandi breyting er gerð á 4. gr.:
 - a) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Hvert aðildarríki skal bjóða upp losunarheimildir sem eru annaðhvort í formi staðgreiðslusamninga með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamninga til fimm daga.“
 - b) Ákvæði 3. mgr. falli brott.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 96, 12.4.2003, bls. 16.

- 3) Í stað annarrar og þriðju undirgreinar 1. mgr. 6. gr. komi eftirfarandi:
- „Einn uppboðsliður, sem er boðinn upp af uppboðsvettvangi sem er tilnefndur skv. 1. mgr. 26. gr. eða 1. mgr. 30. gr., skal vera 500 losunarheimildir.
- Einn uppboðsliður, sem er boðinn upp af uppboðsvettvangi sem er tilnefndur skv. 2. mgr. 26. gr. eða 2. mgr. 30. gr., skal vera 500 eða 1000 losunarheimildir.“
- 4) Í stað fyrstu undirgreinar 4. mgr. 8. gr. komi eftirfarandi:
- „4. Frá og með sjötta uppboðinu eða fyrr skal uppboðsvettvangurinn, sem tilnefndur er skv. 1. eða 2. mgr. 26. gr., halda a.m.k. vikuleg uppboð á losunarheimildum sem falla undir III. kafla tilskipunar 2003/87/EB og halda skal uppboð a.m.k. með tveggja mánaða millibili á losunarheimildum sem falla undir II. kafla tilskipunar 2003/87/EB, að því undanteknu að 2012 skulu umræddir uppboðsvettvangar halda uppboð á losunarheimildum sem falla undir III. kafla þeirrar tilskipunar a.m.k. mánaðarlega.“
- 5) Í stað 1. mgr. 10. gr. komi eftirfarandi:
- „1. Fyrir hvert aðildarríki er settur fram í I. viðauka við þessa reglugerð sá fjöldi losunarheimilda sem fellur undir III. kafla tilskipunar 2003/87/EB og er boðinn upp á árinu 2012.“
- 6) Í stað fyrstu undirgreinar 3. mgr. 10. gr. komi eftirfarandi:
- „3. Sá fjöldi losunarheimilda, sem fellur undir III. kafla tilskipunar 2003/87/EB og á að bjóða upp á hverju almanaksári frá og með 2013, skal grundvallast á I. viðauka og á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar og birtingu á áætluðum fjölda losunarheimilda, sem bjóða á upp skv. 1. mgr. 10. gr. sömu tilskipunar, eða á nýjustu breytingum á upprunalegu mati framkvæmdastjórnarinnar sem var birt eigi síðar en 31. janúar á árinu á undan, með tilliti til, eins og unnt er, úthlutana án endurgjalds á aðlögunartímabili sem dregnar eru frá eða á að draga frá fjölda losunarheimilda sem viðkomandi aðildarríki myndi annars bjóða upp skv. 2. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 10. gr. c í þeirri tilskipun.“
- 7) Í stað 2. mgr. 11. gr. komi eftirfarandi:
- „2. Uppboðsvettvangarnir, sem tilnefndir eru skv. 1. eða 2. mgr. 26. gr. þessarar reglugerðar, skulu byggja ákvarðanir sínar og birtingar, eins og kveðið er á um í 1. mgr. þessarar greinar, á I. viðauka og á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar og birtingu hennar á áætluðum fjölda losunarheimilda sem bjóða á upp eða á nýjustu breytingum á upprunalegu mati framkvæmdastjórnarinnar, þ.m.t. allar breytingar, sem um getur í 3. mgr. 10. gr.“
- 8) Eftirfarandi undirliðir bætist við 1. mgr. 14. gr.:
- „j) þess að losunarheimildum er haldið eftir af uppboðum skv. 5. mgr. 22. gr. eða annarri undirgrein 1. mgr. 24. gr.,
- k) nauðsynjar þess að uppboðsvettvangur forðist að halda uppboð sem brýtur gegn ákvæðum þessarar reglugerðar eða tilskipunar 2003/87/EB.“
- 9) Í stað 2. og 3. mgr. 16. gr. komi eftirfarandi:
- „2. Uppboðsvettvangur, sem tilnefndur er skv. 1. mgr. 26. gr. eða 1. mgr. 30. gr., skal tryggja að hægt sé að taka þátt í uppboðum sínum í gegnum rafrænt viðmót sem aðgengilegt er á öruggan og áreiðanlegan hátt um Netið.
- Auk þess skal uppboðsvettvangur, sem tilnefndur er skv. 1. mgr. 26. gr. eða 1. mgr. 30. gr., bjóða bjóðendum upp á þann kost að fá aðgang að uppboðunum gegnum sértengingar við rafræna viðmótið.
3. Uppboðsvettvangur, sem tilnefndur er skv. 1. mgr. 26. gr. eða 1. mgr. 30. gr., getur boðið upp á eina eða fleiri aðrar aðgangssleiðir að uppboðum sínum ef aðalaðgangssleiðin verður óaðgengileg af einhverjum orsökum, að því tilskildu að slíkar varaaðgangssleiðir séu öruggar og áreiðanlegar og að notkun þeirra orsaki ekki mismunun á milli bjóðenda.“
- 10) Í stað 17. gr. komi eftirfarandi:
- „17. gr.
- Þjálfun og aðstoð**
- Uppboðsvettvangur, sem er tilnefndur skv. 1. mgr. 26. gr. eða 1. mgr. 30. gr., skal bjóða upp á hagnýta námseiningu á Vefnum sem fjallar um uppboðsferlið sem hann heldur, þ.m.t. leiðsögn um hvernig fylla á út og leggja fram hvers kyns eyðublöð og hermilikan sem sýnir hvernig á að gera tilboð á uppboði. Hann skal einnig bjóða upp á aðstoð sem er aðgengileg um síma, símbréf og tölvupóst, a.m.k. á hefðbundnum vinnutíma á hverjum viðskiptadegi.“
- 11) Í stað 3. mgr. 18. gr. komi eftirfarandi:
- „3. Aðilar, sem um getur í b- eða c-lið 1. mgr., teljast hæfir til að sækja um leyfi til að gera tilboð beint á uppboðunum fyrir hönd viðskiptavina sinna þegar þeir bjóða í uppboðsvörur sem eru ekki fjármálagerningar, að

því tilskildu að aðildarríki, þar sem þeir hafa staðfestu, hafi samþykkt löggjöf sem gerir viðeigandi, lögbæru landsyfirvaldi í því aðildarríki kleift að leyfa þeim að gera tilboð fyrir hönd viðskiptavina þeirra.“

12) Í stað 1. og 2. mgr. 19. gr. komi eftirfarandi:

„1. Ef uppboðsvettvangur skipuleggur eftirmarkað skal veita meðlimum eða þátttakendum á eftirmarkaðinum, sem er skipulagður af uppboðsvettvangi sem tilnefndur er skv. 1. mgr. 26. gr. eða 1. mgr. 30. gr., leyfi, séu þeir aðilar sem teljast hæfir skv. 1. eða 2. mgr. 18. gr., til að gera tilboð beint á uppboðum sem sá uppboðsvettvangur heldur, án nokkurra frekari krafna um aðgang, að því tilskildu að öllum eftirfarandi skilyrðum sé fullnægð:

- a) að kröfurnar fyrir leyfi meðlims eða þátttakanda til að eiga viðskipti með losunarheimildir á eftirmarkaði, sem skipulagður er af uppboðsvettvangi sem tilnefndur er skv. 1. mgr. 26. gr. eða 1. mgr. 30. gr., séu ekki vægari en þær sem tilgreindar eru í 2. mgr. þessarar greinar,
- b) að uppboðsvettvangurinn, sem tilnefndur er skv. 1. mgr. 26. gr. eða 1. mgr. 30. gr., taki við þeim viðbótarupplýsingum sem nauðsynlegar eru til að sannprófa að þær kröfur, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar og hafa ekki þegar verið sannprófaðar, hafi verið uppfylltar.

2. Veita skal aðilum, sem ekki eru meðlimir eða þátttakendur á eftirmarkaðinum sem er skipulagður af uppboðsvettvangi sem tilnefndur er skv. 1. mgr. 26. gr. eða 1. mgr. 30. gr. og eru aðilar sem teljast hæfir skv. 1. eða 2. mgr. 18. gr., leyfi til að gera tilboð beint á uppboðum sem haldin eru á þeim uppboðsvettvangi, að því tilskildu að þeir:

- a) hafi staðfestu í Sambandinu, séu rekstraraðili eða umráðandi loftfars,
- b) séu með sérstakan vörslureikning,
- c) séu með sérstakan bankareikning,
- d) tilnefni a.m.k. einn fulltrúa bjóðenda eins og skilgreint er í þriðju undirgrein 3. mgr. 6. gr.,
- e) veiti, í samræmi við viðeigandi kröfur um könnun á áreiðanleika viðskiptamanna, viðkomandi uppboðsvettvangi fullnægjandi upplýsingar um auðkenni sín, auðkenni raunverulegra eigenda, um trúverðugleika sinn og um viðskipti sín og viðskiptasambönd, með tilliti til þess hvort þeir geti komið á venslum við bjóðandann, eftir því um hvaða tegund bjóðanda er að ræða og hvert eðli uppboðsvörunnar er, eftir umfangi væntanlegra tilboða, greiðslumáta og afhendingu,
- f) veiti viðkomandi uppboðsvettvangi fullnægjandi upplýsingar um fjárhagsstöðu sína, einkum um að

þeir geti staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar og greitt skammtímaskuldir á gjalddaga,

- g) hafi komið sér upp eða geti komið sér upp, sé þess óskað, þeim innri ferlum og verklagsreglum og hafi eða geti gert það samningsbundna samkomulag sem nauðsynlegt er til að koma í framkvæmd hámarksstærð tilboða sem sett er skv. 57. gr.,
- h) uppfylli kröfurnar í 1. mgr. 49. gr.

Ef uppboðsvettvangur, sem tilnefndur er skv. 1. mgr. 26. gr. eða 1. mgr. 30. gr., skipuleggur ekki eftirmarkað skal veita aðilum, sem teljast hæfir skv. 1. eða 2. mgr. 18. gr., leyfi til að gera tilboð beint á uppboðum sem sá uppboðsvettvangur heldur, að því tilskildu að þeir uppfylli skilyrðin sem sett eru fram í a- til h-lið þessarar málsgreinar.“

13) Í stað 1., 5., 6., 7., 9. og 10. mgr. 20. gr. komi eftirfarandi:

„1. Áður en aðilar leggja fyrsta tilboð sitt beint fram á uppboðsvettvangi, sem tilnefndur er skv. 1. mgr. 26. gr. eða 1. mgr. 30. gr., skulu þeir sem hæfir eru til þess skv. 1. eða 2. mgr. 18. gr. sækja um leyfi til að leggja fram tilboð hjá viðkomandi uppboðsvettvangi.

Ef uppboðsvettvangur skipuleggur eftirmarkað skulu meðlimir eftirmarkaðarins, sem viðkomandi uppboðsvettvangur skipuleggur, eða þátttakendur í honum, sem uppfylla skilyrðin í 1. mgr. 19. gr., fá leyfi til að leggja fram tilboð án þess að sækja um slíkt samkvæmt fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar.“

„5. Uppboðsvettvangur, sem tilnefndur er skv. 1. mgr. 26. gr. eða 1. mgr. 30. gr., getur neitað umsækjanda um leyfi til að leggja fram tilboð á uppboðum sínum ef hann hafnar því að:

- a) fara að beiðnum uppboðsvettvangsins um viðbótarupplýsingar eða skýringar eða staðfestingu á veittum upplýsingum,
- b) verða við beiðni uppboðsvettvangsins um samtal við einhvern yfirmanna hans sem er á athafnasvæði hans eða annars staðar,
- c) heimila rannsóknir eða sannprófanir, sem uppboðsvettvangurinn óskar eftir, þ.m.t. heimsóknir á staðinn eða skyndikannanir á athafnasvæði sínu,
- d) verða við beiðni uppboðsvettvangsins um upplýsingar sem krafist er frá umsækjanda, viðskiptavinum umsækjanda eða viðskiptavinum viðskiptavina hans, eins og kveðið er á um í 4. mgr. 18. gr., til að kanna hvort farið sé að kröfunum í 3. mgr. 19. gr.,

e) verða við beiðni uppboðsvettvangsins um hvers kyns upplýsingar sem krafist er til að kanna megi hvort farið er að kröfunum í 2. mgr. 19. gr.

6. Uppboðsvettvangur, sem tilnefndur er skv. 1. mgr. 26. gr. eða 1. mgr. 30. gr., skal beita þeim ráðstöfunum sem kveðið er á um í 4. mgr. 13. gr. í tilskipun 2005/60/EB að því er varðar viðskiptafærslur sínar eða viðskiptatengsl við einstaklinga í pólitískum áhættuhópi í því landi þar sem hann hefur aðsetur.

7. Uppboðsvettvangur, sem tilnefndur er skv. 1. mgr. 26. gr. eða 1. mgr. 30. gr., skal fara fram á að umsækjandi um leyfi til að leggja fram tilboð á uppboðum hans tryggi að viðskiptavinir umsækjandans verði við öllum óskum sem settar eru fram skv. 5. mgr. og að viðskiptavinir viðskiptavina umsækjandans, eins og kveðið er á um í 4. mgr. 18. gr., geri slíkt hið sama.“

„9. Umsækjandi skal ekki veita uppboðsvettvangi, sem tilnefndur er skv. 1. mgr. 26. gr. eða 1. mgr. 30. gr., rangar eða villandi upplýsingar. Umsækjandi skal tilkynna viðkomandi uppboðsvettvangi tafarlaust, nákvæmlega og heiðarlega um allar breytingar á aðstæðum sínum sem geta haft áhrif á umsókn hans um leyfi til að leggja fram tilboð á uppboðunum sem sá uppboðsvettvangur heldur eða á leyfi til að gera tilboð sem honum hefur þegar verið veitt.

10. Uppboðsvettvangur, sem tilnefndur er skv. 1. mgr. 26. gr. eða 1. mgr. 30. gr., skal taka ákvörðun um umsókn sem lögð er fyrir hann og tilkynna umsækjandanum um ákvörðun sína.

Viðkomandi uppboðsvettvangur getur:

a) veitt skilyrðislausan aðgang að uppboðum fyrir tímabil sem er ekki lengra en tilnefningartímabil hans, þ.m.t. framlenging eða endurnýjun tilnefningarinnar,

b) veitt skilyrtan aðgang að uppboðunum fyrir tímabil sem er ekki lengra en tilnefningartímabil hans, með fyrirvara um að tilgreind skilyrði séu uppfyllt fyrir tiltekna dagsetningu, sem viðkomandi uppboðsvettvangur skal staðfesta á viðeigandi hátt,

c) synjað um aðgang.“

14) Í stað 1., 2. og 3. mgr. 21. gr. komi eftirfarandi:

„1. Uppboðsvettvangur, sem tilnefndur er skv. 1. mgr. 26. gr. eða 1. mgr. 30. gr., skal synja um leyfi til að leggja fram tilboð á uppboðum sínum eða afturkalla eða synja tímabundið um slíkt leyfi, sem þegar er búið að veita, aðila sem:

a) er ekki hæfur til að sækja um leyfi til að leggja fram tilboð á uppboðum skv. 1. eða 2. mgr. 18. gr. eða er ekki lengur hæfur til þess,

b) uppfyllir ekki kröfurnar í 18., 19. og 20. gr. eða uppfyllir þær ekki lengur,

c) hefur vísitandi eða hvað eftir annað brotið gegn ákvæðum þessarar reglugerðar, skilmálum og skilyrðum fyrir leyfi sínu til að leggja fram tilboð á uppboðunum, sem viðkomandi uppboðsvettvangur heldur, eða tengdum fyrirmælum eða samningum.

2. Uppboðsvettvangur, sem tilnefndur er skv. 1. mgr. 26. gr. eða 1. mgr. 30. gr., skal synja um leyfi til að leggja fram tilboð á uppboðum sínum eða afturkalla eða synja tímabundið um slíkt leyfi, sem þegar hefur verið veitt, ef grunur vaknar um peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka, glæpastarfsemi eða markaðssvik í tengslum við umsækjanda, að því tilskildu að slíkt synjun, afturköllun eða tímabundin synjun sé ekki líkleg til að hindra viðleitni viðkomandi lögbærra landsyfirvalda til að lögsækja eða handtaka þá sem fremja slík afbrot.

Í slíkum tilfellum skal viðkomandi uppboðsvettvangur senda skýrslu um málið til peningaþvættisskrifstofunnar, sem um getur í 21. gr. tilskipunar 2005/60/EB, í samræmi við 2. mgr. 55. gr. þessarar reglugerðar.

3. Uppboðsvettvangur, sem tilnefndur er skv. 1. mgr. 26. gr. eða 1. mgr. 30. gr., getur synjað um leyfi til að leggja fram tilboð á uppboðum sínum eða afturkallað eða synjað tímabundið um slíkt leyfi, sem þegar er búið að veita, aðila sem:

a) hefur í gáleysi brotið gegn ákvæðum þessarar reglugerðar, skilmálum og skilyrðum fyrir leyfi sínu til að leggja fram tilboð á uppboðunum, sem viðkomandi uppboðsvettvangur heldur, eða tengdum fyrirmælum eða samningum,

b) hefur á annan hátt komið þannig fram að það skaðar skipulegt eða skilvirkt uppboðshald,

c) um er getið í b- eða c-lið 1. mgr. 18. gr. eða 2. mgr. 18. gr. og hefur ekki lagt fram tilboð á neinu uppboði undanfarandi 220 viðskiptadaga.“

15) Eftirfarandi breyting er gerð á 22. gr.:

a) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Að því er varðar aðildarríki sem ekki taka þátt í sameiginlegu aðgerðinni sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 26. gr. skulu tilnefningaraðildarríkin tilnefna uppboðshaldarann í tæka tíð fyrir upphaf uppboðanna hjá uppboðsvettvöngum sem tilnefndir eru skv. 1. og 2. mgr. 26. gr. til að unnt sé að ganga frá og koma í framkvæmd nauðsynlegum samþykktum við þessa uppboðsvettvanga, þ.m.t. greiðslumiðlunarkerfi og uppgjörskerfi sem þeim tengjast, til að gera uppboðshaldaranum kleift að bjóða upp losunarheimildir fyrir hönd tilnefningaraðildarríkisins á slíkum uppboðsvettvöngum samkvæmt sameiginlegum skilmálum og skilyrðum, í samræmi við 7. mgr. 30. gr. og fyrstu undirgrein 8. mgr. 30. gr.“

b) Í stað 5. mgr. komi eftirfarandi:

„5. Halda skal frá uppboðunum losunarheimildum, sem bjóða á upp fyrir hönd aðildarríkis, ef aðildarríkið hefur ekki tilnefnd uppboðshaldara á viðeigandi hátt eða ef samningunum sem um getur í 2. mgr. er ekki lokið eða þeir ekki í gildi.“

16) Eftirfarandi breyting er gerð á 24. gr.:

a) Við fyrstu málsgrein bætist við önnur og þriðja undirgrein:

„Með fyrirvara um þriðju undirgrein skal halda frá uppboðunum losunarheimildum, sem bjóða á upp fyrir hönd aðildarríkis, ef aðildarríkið hefur ekki tilnefnt uppboðsvaktara á viðeigandi hátt eða ef sammingsbundnu fyrirkomulagi með uppboðsvaktara er ekki lokið eða er ekki í gildi.“

Ef uppboðsvaktarinn getur vegna óviðráðanlegra aðstæðna ekki sinnt verkefnum sínum, að fullu eða að hluta til, að því er varðar tiltekið uppboð getur viðkomandi uppboðsvettvangur ákveðið að halda uppboðið, að því tilskildu að hann geri viðeigandi ráðstafanir til að tryggja viðeigandi vöktun uppboðsins sjálfs. Framangreint ákvæði gildir einnig þegar tilnefningu uppboðsvaktarans hefur verið frestað, eigi síðar en til 1. janúar 2013 eða eigi síðar en til 1. júlí 2013, þegar fyrsta innkaupaferlið leiðir ekki til tilnefningar uppboðsvaktarans og annars innkaupaferlis er þörf.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„5. Aðildarríki, sem gerist aðili að sameiginlegu aðgerðunum sem um getur í 2. mgr. eftir gildistöku sammingsins milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar um sameiginlegu innkaupin, skulu samþykkja þau skilyrði og skilmála sem aðildarríkin og framkvæmdastjórnin samþykktu í sameiginlega innkaupasamningnum, sem og allar ákvarðanir sem þegar hafa verið samþykktar samkvæmt þeim samningi.“

Eftir gildistöku sameiginlega innkaupasamningsins og þangað til aðildarríki tekur þátt í sameiginlegu aðgerðinni sem um getur í 2. mgr. getur það fengið stöðu áheyrnarfulltrúa samkvæmt skilyrðum og skilmálum sem samþykkt voru í sameiginlega innkaupasamningnum milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar, með fyrirvara um gildandi reglur um opinber innkaup.“

17) Í stað fyrstu undirgreinar 4. mgr. 25. gr. komi eftirfarandi:

„4. Aðildarríki, sem ekki tekur þátt í sameiginlegu aðgerðinni sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 26. gr. þessarar reglugerðar en kýs að tilnefna sinn eigin uppboðsvettvang skv. 1. og 2. mgr. 30. gr. þessarar reglugerðar, getur krafist þess að uppboðsvaktarinn leggi fyrir aðildarríkin, framkvæmdastjórnina og viðkomandi uppboðsvettvang tækniskýrslu um getu uppboðsvettvangsins, sem það tilnefnir eða hyggst tilnefna, til að framkvæma uppboðsferlið í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð og í samræmi við markmiðin sem sett eru fram í 4. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB.“

18) Eftirfarandi breyting er gerð á 26. gr.:

a) Í stað 1. og 2. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Með fyrirvara um 30. gr. skulu aðildarríki tilnefna uppboðsvettvang til að bjóða upp losunarheimildir skv. 27. gr. eftir sameiginlegt innkaupaferli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna sem taka þátt í sameiginlegu aðgerðinni samkvæmt þessari grein.“

2. Með fyrirvara um 30. gr. skulu aðildarríki tilnefna uppboðsvettvang til að bjóða upp losunarheimildir skv. 28. gr. eftir sameiginlegt innkaupaferli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna sem taka þátt í sameiginlegu aðgerðinni samkvæmt þessari grein.“

Uppboðsvettvangur sem tilnefndur er samkvæmt fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skal bjóða upp losunarheimildir skv. 28. gr. þangað til uppboðin hefjast á uppboðsvettvangi sem tilnefndur er skv. 1. mgr.“

b) Í stað 6. mgr. komi eftirfarandi:

„6. Aðildarríki, sem gerist aðili að sameiginlegu aðgerðunum eins og kveðið er á um í 1. og 2. mgr. eftir gildistöku sammingsins um sameiginlegu innkaupin milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna, sem taka þátt í aðgerðinni, skulu samþykkja þau skilyrði og skilmála sem framkvæmdastjórnin og aðildarríkin, sem gerðust aðilar að sameiginlegu aðgerðunum áður en að samningurinn tók gildi, sem og allar ákvarðanir sem þegar hafa verið samþykktar samkvæmt þeim samningi.“

Aðildarríki, sem ákveður skv. 4. mgr. 30. gr. að taka ekki þátt í sameiginlegu aðgerðinni eins og kveðið er á um í 1. og 2. mgr., en tilnefnir sinn eigin uppboðsvettvang getur fengið stöðu áheyrnarfulltrúa samkvæmt skilyrðum og skilmálum sem samþykkt voru í sameiginlega innkaupasamningnum milli aðildarríkjanna sem taka þátt í sameiginlegu aðgerðinni, eins og kveðið er á um í 1. og 2. mgr., og framkvæmdastjórnarinnar, með fyrirvara um gildandi reglur um opinber innkaup.“

19) Eftirfarandi breyting er gerð á 1. mgr. 27. gr.:

- a) Orðasambandið „með samningum við undirverktaka“ í e-lið falli brott.
- b) Í stað orðasambandsins „hafa eftirlit með“ í g-lið komi orðið „skoða“ og í stað tilvísunar í „44. gr.“ komi tilvísun í „54. gr.“

20) Eftirfarandi breyting er gerð á 28. gr.:

- a) Í stað tilvísunar í e-lið fyrstu málsgreinar „en þó gilda ákvæði 40. gr. alltaf“ komi „með fyrirvara um 44. til 50. gr.“
- b) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Með fyrirvara um 4. og 5. mgr. skulu 16. gr. (2. og 3. mgr.), 17. gr. og 19. til 21. gr., 36. til 43. gr., 54. til 56. gr., 60. gr. (3. mgr.) og 63. gr. (4. mgr.) og 64. gr. ekki gilda að því er varðar uppboð sem haldin eru á uppboðsvettvangi sem tilnefndur er skv. 26. gr. (2. mgr.) eða 30. gr. (2. mgr.).

4. Ákvæði 3. mgr. skulu ekki útiloka að 36. gr. (1. mgr.) gildi um uppboð á losunarheimildum í formi staðgreiðslusamninga með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamninga til fimm daga, sem eru, í skilningi 1. gr. (3. mgr.) tilskipunar 2003/6/EB, fjármálagerningur uppboðsvettvangs, sem tilnefndur er skv. 26. gr. (2. mgr.) eða 30. gr. (2. mgr.), þar sem aðildarríkið þar sem uppboðsvettvangurinn hefur staðfestu hefur innleitt 36. gr. (1. mgr.) þessarar reglugerðar eða þar sem slík innleiðing er ekki nauðsynleg fyrir beitingu 36. gr. (1. mgr.) þessarar reglugerðar.

5. Ákvæði 3. mgr. skulu ekki útiloka að 36. gr. (2. mgr.) og 37. til 43. gr. gildi um uppboð losunarheimilda í formi staðgreiðslusamninga með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamninga til fimm daga, sem ekki eru, í skilningi 1. gr. (3. mgr.) tilskipunar 2003/6/EB, fjármálagerningur uppboðsvettvangs, sem tilnefndur er skv. 26. gr. (2. mgr.) eða 30. gr. (2. mgr.), þar sem aðildarríkið þar sem uppboðsvettvangurinn hefur staðfestu, hefur innleitt 43. gr. þessarar reglugerðar eða þar sem slík innleiðing er ekki nauðsynleg fyrir beitingu 43. gr. þessarar reglugerðar.“

21) Ákvæði e-liðar 29. gr. falli brott.

22) Eftirfarandi breyting er gerð á 30. gr.:

a) Í stað 1. til 5. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríki sem ekki taka þátt í sameiginlegu aðgerðinni, sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 26. gr., geta tilnefnt sinn eigin uppboðsvettvang til að bjóða upp sinn hlut í þeim fjölda losunarheimilda sem fellur undir II. og III. kafla tilskipunar 2003/87/EB og bjóða á upp eins og kveðið er á um í 1. mgr. 31. gr. þessarar reglugerðar.

2. Aðildarríki sem ekki taka þátt í sameiginlegu aðgerðinni, sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 26. gr., geta tilnefnt sinn eigin uppboðsvettvang til að bjóða upp sinn hlut í þeim fjölda losunarheimilda sem fellur undir II. og III. kafla tilskipunar 2003/87/EB og bjóða á upp eins og kveðið er á um í 2. mgr. 31. gr. þessarar reglugerðar.

3. Aðildarríki sem ekki taka þátt í sameiginlegu aðgerðinni, sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 26. gr., geta tilnefnt sama uppboðsvettvanginn eða sérstaka uppboðsvettvanga fyrir uppboð, skv. 1. og 2. mgr. 31. gr.

4. Aðildarríki sem ekki tekur þátt í sameiginlegu aðgerðinni, sem kveðið er á um í 26. gr. (1. og 2. mgr.), skal, innan þriggja mánaða frá gildistöku þessarar reglugerðar, tilkynna framkvæmdastjórninni um ákvörðun sína um að taka ekki þátt í sameiginlegu aðgerðinni, sem kveðið er á um í 26. gr. (1. og 2. mgr.), en tilnefna sinn eigin uppboðsvettvang skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

5. Aðildarríki sem ekki tekur þátt í sameiginlegu aðgerðinni, sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 26. gr., skal velja sinn eigin uppboðsvettvang sem tilnefndur er skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar á grundvelli valaðferðar sem er í samræmi við lög Sambandsins og landslög um innkaup ef krafa er gerð um opinbert innkaupafæri, annaðhvort í lögum Sambandsins eða í landslögum, í sömu röð. Valaðferðin fellur undir öll viðeigandi úrræði og málsmeðferðir um framkvæmd í lögum Sambandsins og landslögum.

Tilnefningartímabil uppboðsvettvangsins, sem um getur í 1. og 2. mgr., skal að hámarki vera þrjú ár og ekki má framlengja það nema til tveggja ára til viðbótar. Þó skal tilnefningartímabil viðkomandi uppboðsvettvangs sem um getur í 2. mgr. ljúka annaðhvort þremur mánuðum eftir skráningu uppboðsvettvangsins, sem um getur í 1. mgr., skv. 7. mgr., fjórum mánuðum eftir synjun viðkomandi skráningar, eða sex mánuðum eftir að uppboð hefjast á uppboðsvettvanginum, sem tilnefndur er skv. 26. gr. (1. mgr.), ef aðildarríkið hefur ekki, skv. 30. gr. (6. mgr.), tilkynnt um uppboðsvettvang sem um getur í 30. gr. (1. mgr.) á þeim degi sem uppboð hefjast á uppboðsvettvanginum sem tilnefndur er skv. 26. gr. (1. mgr.), eftir því hvort er á undan.

Tilnefning uppboðsvettvanganna, sem um getur í 1. og 2. mgr., er með fyrirvara um að viðkomandi uppboðsvettvangur sé á skrá í III. viðauka skv. 7. mgr. Hún kemur ekki til framkvæmdar fyrr en eftir gildistöku skráningar viðkomandi uppboðsvettvangs í III. viðauka eins og kveðið er á um í 7. mgr.“

b) Í stað fyrstu undirgreinar 6. mgr. komi eftirfarandi:

„6. Hvert aðildarríki, sem ekki tekur þátt í sameiginlegu aðgerðinni sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 26. gr. en kýs að tilnefna sinn eigin uppboðsvettvang skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar, skal afhenda framkvæmdastjórninni fullfrágengna tilkynningu þar sem öll eftirfarandi atriði koma fram:

- a) auðkenni uppboðsvettvangsins sem það hyggst tilnefna,
- b) nákvæmar reglur um starfsemina sem munu gilda um uppboðsferli uppboðsvettvangsins eða -vettvanganna sem lagt er til að verði tilnefndir, þ.m.t. samningsákvæði er varða tilnefningu viðkomandi uppboðsvettvangs ásamt greiðslumiðlunarkerfi eða -kerfum og uppgjörskerfi eða -kerfum sem tengjast tillagða uppboðsvettvanginum, þar sem mælt er fyrir um skilyrði og skilmála sem gilda um tegund og fjárhæð gjalda og umsjón með tryggingum, greiðslur og afhendingu,
- c) tillögur um tilboðsglugga, fjöldi losunarheimilda í hverju tilviki, dagsetningar uppboða, þar sem fram kemur hvaða lögboðnu frídagar skipta máli, sem og uppboðsvaran, greiðslu- og afhendingardagsetningar losunarheimildanna sem bjóða á upp á einstökum uppboðum á tilteknu almanaksári og hvers kyns aðrar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að framkvæmdastjórnin geti metið hvort tillagða uppboðsalmanakið samrýmist uppboðsalmanaki annarra uppboðsvettvanga, sem hafa verið tilnefndir skv. 1. og 2. mgr. 26. gr., svo og öðrum tillögðum uppboðsalmanökum annarra aðildarríkja, sem ekki taka þátt í sameiginlegu aðgerðinni sem kveðið er á um í 26. gr. en kjósa að tilnefna sína eigin uppboðsvettvanga,
- d) ítarlegar reglur og skilyrði vegna skoðana og eftirlits með uppboðunum sem tillagður uppboðsvettvangur þarf að sæta skv. 4., 5. og 6. mgr. 35. gr., ásamt ítarlegum reglum um vernd gegn peningabætti, fjármögnun hryðjuverka, glæpastarfsemi eða markaðssvikum, þ.m.t. ráðstafanir til úrbóta eða viðurlög,
- e) ítarlegar ráðstafanir sem gerðar eru til að farið sé að 4. mgr. 22. gr. og 34. gr. að því er varðar tilnefningu uppboðshaldarans.“

c) Í stað annarrar undirgreinar 7. mgr. komi eftirfarandi:

“Ef ekki er fyrir hendi nein skráning af því tagi sem kveðið er á um í fyrstu undirgreininni skal aðildarríki sem ekki tekur þátt í sameiginlegu aðgerðinni, sem kveðið er á um í 26. gr. (1. og 2. mgr.), en kýs að tilnefna sinn eigin uppboðsvettvang skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar nota uppboðsvettvangana sem eru tilnefndir skv. 26. gr. (1. eða 2. mgr.) til að bjóða upp sinn hluta í losunarheimildunum sem annars hefðu verið boðnar upp á uppboðsvettvanginum sem tilnefna á skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar fram að lokum þriggja mánaða tímabils eftir gildistöku skráningarinnar sem um getur í fyrstu undirgrein.

Með fyrirvara um 8. mgr. getur aðildarríki, sem ekki tekur þátt í sameiginlegu aðgerðinni sem kveðið er á um í 26. gr. (1. og 2. mgr.) en kýs að tilnefna sinn eigin uppboðsvettvang skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar, þó gengið inn í sameiginlegu aðgerðina í þeim tilgangi einum að geta nýtt uppboðsvettvangana sem tilnefndir eru skv. 26. gr. (1. og 2. mgr.), eins og kveðið er á um í annarri undirgrein. Slík þátttaka skal vera í samræmi við ákvæði í annarri undirgrein 6. mgr. 26. gr. og með fyrirvara um skilmála og skilyrði samningsins um sameiginleg innkaup.“

d) Í stað fyrstu undirgreinar 8. mgr. komi eftirfarandi:

„8. Aðildarríki sem ekki tekur þátt í sameiginlegu (aðgerðinni, sem kveðið er á um í 26. gr. 1. og 2. mgr.), en kýs að tilnefna sinn eigin uppboðsvettvang skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar getur gengið inn í sameiginlegu aðgerðina sem kveðið er á um í 26. gr., skv. 26. gr. (6. mgr.).“

23) Eftirfarandi breyting er gerð á 32. gr.:

a) Í stað fyrstu málsgreinar komi eftirfarandi:

„1. Sá fjöldi losunarheimilda, sem fellur undir III. kafla tilskipunar 2003/87/EB og boðinn er upp á einstökum uppboðum sem haldin eru af uppboðsvettvangi sem tilnefndur er skv. 1. eða 2. mgr. 30. gr. þessarar reglugerðar, skal ekki vera meiri en 20 milljón heimildir og ekki minni en 3,5 milljón heimildir, nema ef heildarfjöldi losunarheimilda, sem fellur undir III. kafla tilskipunar 2003/87/EB og tilnefningaraðildarríkið á að bjóða upp, er undir 3,5 milljónum á tilteknu almanaksári, en þá skal bjóða allar losunarheimildirnar upp á einu uppboði á hverju almanaksári. Þó skal sá fjöldi losunarheimilda, sem fellur undir III. kafla tilskipunar 2003/87/EB og er boðinn upp á einstökum uppboði sem er haldið á þeim uppboðsvettvöngum á árinu 2012, ekki vera meiri en 6,5 milljón losunarheimildir og ekki minni en 1 milljón losunarheimildir.“

- b) Eftirfarandi málsliðir bætist við í lok þriðju málsgreinar:

„Þessar kröfur skulu teljast uppfylltar þegar sérhver uppboðsvettvangur, sem tilnefndur er skv. 1. eða 2. mgr. 30. gr., uppfyllir þessar kröfur. Að því er varðar almanaksárið 2012 skulu framangreind ákvæði gilda frá og með einum mánuði eftir að uppboðin, sem þessir uppboðsvettvangar halda, hefjast.“

- c) Í stað fyrstu undirgreinar 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Uppboðsvettvangarnir, sem tilnefndir eru skv. 1. eða 2. mgr. 30. gr. þessarar reglugerðar, skulu ákvarða og birta upplýsingar um tilboðsglugga, fjölda í hverju tilviki og uppboðsdagsetningar, sem og um uppboðsvöruna, greiðslur og afhendingardaga fyrir losunarheimildirnar, sem falla undir II. og III. kafla tilskipunar 2003/87/EB og bjóða á upp á einstökum uppboðum á hverju ári, eigi síðar en 31. mars árið á undan eða eins fljótt og unnt er eftir þá dagsetningu. Viðkomandi uppboðsvettvangar skulu ganga frá sinni ákvörðun og birtingu einungis eftir að uppboðsvettvangar, sem tilnefndir eru skv. 26. gr. (1. eða 2. mgr.) þessarar reglugerðar, hafa gengið frá sinni ákvörðun og birtingu skv. 11. gr. (1. mgr.) og 13. gr. (1. mgr.) þessarar reglugerðar, nema slíkur uppboðsvettvangur hafi ekki enn verið tilnefndur. Viðkomandi uppboðsvettvangar skulu ganga frá ákvörðun og birtingu einungis að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina og að fengnu álit hennar þar að lútandi. Viðkomandi uppboðsvettvangar skulu taka ýtrasta tillit til álits framkvæmdastjórnarinnar.“

- d) Eftirfarandi þriðja undirgrein bætist við fjórðu grein:

„Uppboðsvettvangarnir, sem tilnefndir eru skv. 30. gr. (1. eða 2. mgr.), skulu ákvarða og birta viðkomandi upplýsingar, eins og kveðið er á um í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, í samræmi við þann fjölda sem var úthlutað til þess aðildarríkis sem tilnefnir viðkomandi uppboðsvettvang, eins og sett er fram í I. viðauka, og síðustu ákvörðun og birtingu framkvæmdastjórnarinnar á áætluðum fjölda losunarheimilda sem bjóða á upp, sem um getur í 10. gr. (1. mgr.) tilskipunar 2003/87/EB, með tilliti til, eftir því sem það skiptir máli, allra úthlutana án endurgjalds á umbreytingartímabili sem dregnar eru frá eða á að draga frá fjölda losunarheimilda sem viðkomandi aðildarríki myndi annars bjóða upp skv. 10. gr. (2. mgr.) tilskipunar 2003/87/EB, eins og kveðið er á um í 10. gr. c (2. mgr.) í þeirri tilskipun.“

- 24) Eftirfarandi breyting er gerð á 35. gr.:

- a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Einungis skal halda uppboð á uppboðsvettvangi sem er viðurkenndur sem skipulegur markaður.“

- b) Í stað fyrstu og annarrar undirgreinar 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Uppboðsvettvangur skal einungis tilnefndur skv. 1. mgr. 26. gr. eða 1. mgr. 30. gr. eftir að aðildarríkið, þar sem skipulegi markaðurinn, sem sækir um, og markaðsaðili hans hafa staðfestu, hefur tryggt að landsráðstafanir til lögleiðingar á ákvæðum III. bóls tilskipunar 2004/39/EB gildi, eftir því sem það skiptir máli, um uppboð á staðgreiðslusamningum með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamningum til fimm daga.

Uppboðsvettvangur skal einungis tilnefndur skv. 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 30. gr. eftir að aðildarríkið, þar sem skipulegi markaðurinn, sem sækir um, og markaðsaðili hans hafa staðfestu, hefur tryggt að lögbær yfirvöld þess aðildarríkis geti leyft þá og haft eftirlit með þeim í samræmi við landsráðstafanir til lögleiðingar á ákvæðum IV. bóls tilskipunar 2004/39/EB, eftir því sem það skiptir máli.“

- c) Í stað 5. mgr. komi eftirfarandi:

„5. Lögbær landsyfirvöld aðildarríkis, sem um getur í annarri undirgrein 4. mgr. þessarar greinar og tilnefnt er skv. 48. gr. (1. mgr.) tilskipunar 2004/39/EB, skulu taka ákvörðun um skipulegan markað, sem er tilnefndur eða á að tilnefna skv. 26. gr. (1. mgr.) eða 30. gr. (1. mgr.) þessarar reglugerðar, að því tilskildu að skipulegi markaðurinn og markaðsaðili hans samrýmist ákvæðum III. bóls tilskipunar 2004/39/EB eins og hann er innleiddur í landslög aðildarríkisins þar sem þeir hafa staðfestu skv. 4. mgr. þessarar greinar. Ákvörðun um leyfi skal tekin í samræmi við IV. bólk tilskipunar 2004/39/EB eins og hann er lögleiddur í landslögum aðildarríkisins þar sem þau hafa staðfestu skv. 4. mgr. þessarar greinar.“

- 25) Eftirfarandi málsliður bætist við 1. mgr. 36. gr.:

„Framangreind ákvæði eru með fyrirvara um beitingu 38. til 40. gr. þessarar reglugerðar vegna notkunar innherjaupplýsinga til að afturkalla tilboð.“

- 26) Ákvæði 1. og 2. mgr. 46. gr. falli brott og í stað þeirra komi eftirfarandi:

„Skrá Sambandsins skal millifæra losunarheimildir, sem boðnar eru upp á öllum uppboðsvettvöngum, fyrir opnun tilboðsgluggans inn á tilnefndan vörslureikning þannig að greiðslumiðlunarkerfið eða uppgjörskerfið geti haft þær í sinni vörslu sem fjárvörslufyrirtæki

þar til losunarheimildirnar eru afhentar hlutskörpustu bjóðendum eða síðari handhöfum réttinda þeirra, allt eftir útkomunni úr uppboðinu, eins og kveðið er á um í viðeigandi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar sem samþykkt var skv. 3. mgr. 19. gr. tilskipunar 2003/87/EB.“

27) Ákvæði 2. mgr. 50 gr. falli brott og í stað tilvísunar í „1. eða 2. mgr.“ í 3. málsgrein komi tilvísun í „1. mgr.“.

28) Eftirfarandi breyting er gerð á 52. gr.:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Með fyrirvara um 2. mgr. skal greiða kostnað vegna þjónustu sem kveðið er á um í 27. gr. (1. mgr.), 28. gr. (1. mgr.) og 31. gr. með gjöldum sem bjóðendur greiða, að því undanteknu að allur kostnaður vegna samkomulags milli uppboðshaldarans og uppboðsvettvangsins, sem um getur í 22. gr. (2. og 3. mgr.) og sem heimilar uppboðshaldaranum að bjóða upp losunarheimildir fyrir hönd tilnefningaraðildarríkisins, skal greiddur af aðildarríkinu sem stendur að uppboðinu, að undanteknum kostnaði vegna greiðslumiðlunarkerfis eða uppgjörskerfis sem tengist uppboðsvettvanginum.

Kostnaðurinn, sem um getur í fyrstu undirgrein, skal dreginn frá uppboðstekjunum sem greiðast til uppboðshaldarans skv. 2. og 3. mgr. 44. gr.“

b) Í stað fyrstu, annarrar og þriðju undirgreinar 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Með fyrirvara um þriðju undirgrein má í skilyrðum og skilmálum sameiginlega innkaupssamningsins, sem um getur í 26. gr. (fyrstu undirgrein 6. mgr.), eða samningsins um tilnefningu uppboðsvettvangs, skv. 26. gr. (1. eða 2. mgr.), vika frá 1. málsgrein þessarar greinar með því að krefjast þess af þeim aðildarríkjum, sem hafa tilkynnt framkvæmdastjórninni skv. 30. gr. (4. mgr.) að þau hafi ákveðið að taka ekki þátt í sameiginlegu aðgerðinni sem kveðið er á um í 26. gr. (1. og 2. mgr.) en nýta uppboðsvettvanginn sem tilnefndur er skv. 26. gr. (1. eða 2. mgr.), að greiða viðkomandi uppboðsvettvangi, þ.m.t. greiðsluþjónunarkerfi eða uppgjörskerfi sem tengjast því, kostnaðinn vegna þjónustu, sem kveðið er á um í 27. gr. (1. mgr.) og 28. gr. (1. mgr.), í tengslum við þann hluta losunarheimilda sem viðkomandi aðildarríki býður upp frá þeim degi sem aðildarríkið byrjar að bjóða upp á uppboðsvettvanginum sem tilnefndur er skv. 26. gr. (1. eða 2. mgr.) eða þangað til tilnefningartímabili þess uppboðsvettvangs lýkur eða það fellur úr gildi.

Framangreind ákvæði gilda einnig um aðildarríki sem hafa ekki tekið þátt í sameiginlegu aðgerðinni, sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 26. gr., innan við 6 mánuðum frá gildistöku sameiginlega innkaupssamningsins sem um getur í fyrstu undirgrein 6. mgr. 26. gr.

Fyrsta undirgrein gildir ekki þegar aðildarríki verður þátttakandi í sameiginlegu aðgerðinni, eins og kveðið er á um í 26. gr. (1. eða 2. mgr.), eftir lok tilnefningartímabilsins sem um getur í 30. gr. (annarri undirgrein 5. mgr.) eða þegar það nýtir uppboðsvettvanginn, sem tilnefndur er skv. 26. gr. (1. eða 2. mgr.), til að bjóða upp sinn hluta losunarheimilda ef farist hefur fyrir að skrá uppboðsvettvang, skv. 30. gr. (7. mgr.), sem tilkynnt hefur verið um skv. 30. gr. (6. mgr.).“

c) Í stað fyrstu undirgreinar 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Þeim kostnaði uppboðsvaktarans sem er breytilegur eftir fjölda uppboða og er tilgreindur í samningnum um tilnefningu vaktarans skal miðlað jafnt á uppboðin í hlutfalli við fjölda þeirra. Öllum öðrum kostnaði uppboðsvaktarans, sem er tilgreindur í samningnum um tilnefningu hans, nema kostnaði vegna þjónustu sem er útveguð af framkvæmdastjórninni og kostnaði vegna skýrslu sem lögð er fram skv. 4. mgr. 25. gr., skal miðla jafnt á uppboðsvettvangana, nema annað sé tekið fram í samningnum um tilnefningu uppboðsvaktarans.“

29) Í stað 54. gr. komi eftirfarandi:

„54. gr.

Vöktun á tengslum við bjóðendur

„1. Uppboðsvettvangur, sem tilnefndur er skv. 1. mgr. 26. gr. eða 1. mgr. 30. gr., skal vakta tengslin við bjóðendur sem fengið hafa leyfi til að leggja fram tilboð á uppboðum hans, með því að gera eftirfarandi:

a) athuga gaumgæfilega öll tilboð sem gerð eru meðan þau tengsl vara til að tryggja að tilboðshegðun bjóðenda samræmist vitneskju uppboðsvettvangsins um viðskiptavininn, viðskipti hans og áhættulýsingu, þ.m.t. hvaðan fjármagnið kemur, ef nauðsyn krefur,

b) viðhalda skilvirku fyrirkomulagi og málsmeðferðum vegna reglulegrar vöktunar á því að aðilar, sem fengið hafa leyfi til að leggja fram tilboð skv. 1., 2. og 3. mgr. 19. gr., fari að reglunum um hegðun á markaðinum,

c) vakta viðskipti aðila sem fengið hafa leyfi til að leggja fram tilboð skv. 1., 2. og 3. mgr. 19. gr. og 6. mgr. 20. gr. og nota kerfi sín til að greina brot gegn reglunum sem um getur í b-lið þessarar undirgreinar, ósanngjarnar eða ólöglegar uppboðsaðstæður eða hegðun sem gæti leitt til markaðssvika.

Þegar tilboð eru grannskoðuð í samræmi við a-lið fyrstu undirgreinar skal viðkomandi uppboðsvettvangur beina sérstakri athygli að hvers kyns starfsemi sem hann telur sérstaklega líklega, vegna eðlis síns, til að tengjast peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða glæpastarfsemi.

2. Uppboðsvettvangur, sem tilnefndur er skv. 1. mgr. 26. gr. eða 1. mgr. 30. gr., skal tryggja að skjöl, gögn eða upplýsingar, sem hann býr yfir um bjóðanda, séu ávallt uppfærð. Í þessum tilgangi getur slíkur uppboðsvettvangur:

a) óskað eftir upplýsingum frá bjóðandanum skv. 19. gr. (2. og 3. mgr.) og 20. gr. (5., 6. og 7. mgr.) í þeim tilgangi að vakta tengslin við þann bjóðanda eftir að hann hefur fengið leyfi til að leggja fram tilboð, svo lengi sem tengslin vara og í fimm ár eftir að þau rofna,

b) gert kröfu þess efnis að aðilar, sem fá leyfi til að leggja fram tilboð, leggi reglulega inn nýja umsókn um slíkt leyfi,

c) gert kröfu þess efnis að aðilar, sem fá leyfi til að leggja fram tilboð, tilkynni viðkomandi uppboðsvettvangi tafarlaust um allar breytingar á upplýsingunum sem lagðar voru fram hjá honum skv. 19. gr. (2. og 3. mgr.) og 20. gr. (5., 6. og 7. mgr.).

3. Uppboðsvettvangur, sem tilnefndur er skv. 1. mgr. 26. gr. eða 1. mgr. 30. gr., skal halda skrár yfir:

a) umsóknir umsækjenda um leyfi til að leggja fram tilboð skv. 2. og 3. mgr. 19. gr., þ.m.t. breytingar á þeim,

b) skoðanir sem hafa verið gerðar meðan:

i. verið var að vinna úr framlagðri umsókn um leyfi til að leggja fram tilboð skv. 19., 20. og 21. gr.,

ii. verið var að athuga gaumgæfilega og vakta tengslin, skv. a- og c-lið 1. mgr., eftir að umsækjandi fékk leyfi til að leggja fram tilboð,

c) allar upplýsingar sem tengjast tilteknu tilboði tiltekins bjóðanda á uppboði, þ.m.t. afturkallanir eða

breytingar á slíkum tilboðum, samkvæmt annarri undirgrein 3. mgr. 6. gr. og 4. mgr. 6. gr.,

d) allar upplýsingar sem tengjast framkvæmd hvers uppboðs þar sem bjóðandi hefur lagt fram tilboð.

4. Uppboðsvettvangur, sem tilnefndur er skv. 1. mgr. 26. gr. eða 1. mgr. 30. gr., skal halda skrárnar sem um getur í 3. mgr. meðan bjóðandi hefur leyfi til að leggja fram tilboð á uppboðum hans og í fimm ár eftir að tengsl hans við bjóðandann rofna.“

30) Í stað 1., 2. og 4. mgr. 55. gr. komi eftirfarandi:

„1. Lögbæru landsyfírvöldin, sem um getur í 37. gr. (1. mgr.) tilskipunar 2005/60/EB, skulu vakta og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að uppboðsvettvangur, sem tilnefndur er skv. 26. gr. (1. mgr.) eða 30. gr. (1. mgr.), fari að kröfunum um könnun á áreiðanleika viðskiptamanna í 19. gr. og 20. gr. (6. mgr.) þessarar reglugerðar, kröfunum um vöktun og skráahald í 54. gr. þessarar reglugerðar og kröfunum um tilkynningarskyldu í 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

Lögbæru landsyfírvöldin, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu hafa þær valdheimildir sem kveðið er á um í landsbundnu ráðstöfunum til að lögleiða 2. og 3. mgr. 37. gr. tilskipunar 2005/60/EB.

Uppboðsvettvangur, sem er tilnefndur skv. 26. gr. (1. mgr.) eða 30. gr. (1. mgr.), kann að bera ábyrgð á brotum gegn 19. gr., 20. gr. (6. og 7. mgr.), 21. gr. (1. og 2. mgr.) og 54. gr. þessarar reglugerðar og 2. og 3. mgr. þessarar greinar. Landsráðstafanir til að lögleiða 39. gr. tilskipunar 2005/60/EB gilda að þessu leyti.

2. Uppboðsvettvangur, sem er tilnefndur skv. 26. gr. (1. mgr.) eða 30. gr. (1. mgr.), og stjórnendur hans og starfsmenn skulu eiga náð samstarf við peningaþvættisskrifstofuna (FIU) sem um getur í 21. gr. tilskipunar 2005/60/EB með því að gera eftirfarandi tafarlaust:

a) tilkynna peningaþvættisskrifstofunni, að eigin frumkvæði, þegar vitneskja er um peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða að glæpastarfsemi sé stunduð eða hafi verið framin eða gerð tilraun til að fremja hana á uppboðunum eða ef grunur leikur á slíku eða gildar ástæður eru fyrir slíkum grun,

b) með því að láta peningaþvættisskrifstofunni þegar í té, að beiðni hennar, allar nauðsynlegar upplýsingar í samræmi við málsmeðferðina í gildandi löggjöf.“

„4. Aðildarríkið þar sem uppboðsvettvangur, sem er tilnefndur skv. 26. gr. (1. mgr.) eða 30. gr. (1. mgr.), er að finna skal tryggja að landsráðstafanir til að lögleiða 26. til 29. gr., 32. gr., 34. gr. (1. mgr.) og 35. gr. tilskipunar 2005/60/EB gildi um viðkomandi uppboðsvettvang.“

31) Í stað 1. mgr. 56. gr. komi eftirfarandi:

„1. Uppboðsvettvangur, sem er tilnefndur skv. 26. gr. (1. mgr.) eða 30. gr. (1. mgr.), skal tilkynna lögbærum landsyfirvöldum, sem tilnefnd eru skv. 43. gr. (2. mgr.) tilskipunar 2004/39/EB og bera ábyrgð á eftirliti með viðkomandi uppboðsvettvangi eða á rannsókn á og lögsókn vegna markaðssvika sem fram fara á viðkomandi uppboðsvettvangi eða í gegnum kerfi hans, um grun um markaðssvik aðila sem fengið hefur leyfi til að leggja fram tilboð á uppboðunum eða aðila, sem tilboð er gert fyrir af hálfu aðila sem fengið hefur leyfi til að leggja fram tilboð á uppboðunum.“

Landsráðstafanir til að lögleiða 2. mgr. 25. gr. tilskipunar 2005/60/EB gilda.“

32) Í stað 58. gr. komi eftirfarandi:

„58. gr.“

Reglur um hegðun á markaði eða annað samningsbundið fyrirkomulag

Ákvæði 53. til 57. gr. hafa ekki áhrif á neinar aðrar aðgerðir sem uppboðsvettvangur, sem er tilnefndur skv. 26. gr. (1. mgr.) eða 30. gr. (1. mgr.), hefur rétt til að grípa til samkvæmt reglum sínum um hegðun á markaði eða öðru samningsbundnu fyrirkomulagi sem er fyrir hendi, beint eða óbeint, gagnvart bjóðendum sem fengið hafa leyfi til að leggja fram tilboð á uppboðunum, að því tilskildu að slíkar aðgerðir stangist ekki á við ákvæði 53. til 57. gr. eða grafí undan þeim.“

33) Í stað 3. mgr. 60. gr. komi eftirfarandi:

„3. Skráyfirheiti, heimilisföng, síma- og simbréfanúmer, tölvupóstföng og vefsetur allra aðila, sem fengið hafa

leyfi til að leggja fram tilboð fyrir hönd annarra á uppboðum sem viðkomandi uppboðsvettvangur, sem er tilnefndur skv. 1. mgr. 26. gr. eða 1. mgr. 30. gr., heldur skal birt á vefsetri viðkomandi uppboðsvettvangs.“

34) Í stað orðasambandsins „eru gerðar opinberar“ í e-lið 3. mgr. 62. gr. komi „eru birtar eða gerðar opinberar“.

35) Í stað 64. gr. komi eftirfarandi:

„64. gr.“

Áfrýjunarréttur

„1. Uppboðsvettvangur, sem tilnefndur er skv. 1. mgr. 26. gr. eða 1. mgr. 30. gr., skal sjá til þess að hann hafi yfir að ráða kerfi til að fjalla utan dómstóla um kvartanir frá umsækjendum um leyfi til að leggja fram tilboð, bjóðendum sem hafa fengið leyfi til að leggja fram tilboð og bjóðendum sem neitað hefur verið um leyfi til að leggja fram tilboð eða aðgangur þeirra hefur verið afturkallaður eða felldur tímabundið úr gildi.“

2. Aðildarríki þar sem er skipulegur markaður, sem hefur verið tilnefndur sem uppboðsvettvangur skv. 26. gr. (1. mgr.) eða 30. gr. (1. mgr.), eða þar sem eftirlit er haft með markaðsrekanda skulu tryggja að ákvarðanir, sem teknar eru utan dómstóla vegna kvartana sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, séu rökstuddar á tilhlýðilegan hátt og séu með fyrirvara um rétt til að leita til dómstóla sem um getur í 52. gr. (1. mgr.) tilskipunar 2004/39/EB. Sá réttur hefur ekki áhrif á réttinn til að skjóta máli beint til dómstóla eða lögbærra stjórnvalda sem kveðið er á um í landsráðstöfunum til að lögleiða 2. mgr. 52. gr. tilskipunar 2004/39/EB.“

36) Í stað I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1031/2010 komi textinn eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. nóvember 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Í stað I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1031/2010 komi eftirfarandi:

„I. VIÐAUKI

Losunarheimildir sem boðnar eru upp árið 2012 skv. 1. mgr. 10. gr.

Aðildarríki	Fjöldi
Belgía	2 979 000
Búlgaría	3 277 000
Tékkland	5 503 000
Danmörk	1 472 000
Þýskaland	23 531 000
Eistland	1 068 000
Írland	1 100 000
Grikkland	4 077 000
Spánn	10 145 000
Frakkland	6 434 000
Ítalía	11 324 000
Kýpur	307 000
Lettland	315 000
Litháen	637 000
Lúxemborg	141 000
Ungverjaland	1 761 000
Malta	120 000
Holland	3 938 000
Austurríki	1 636 000
Pólland	14 698 000
Portúgal	2 065 000
Rúmenía	5 878 000
Slóvenía	520 000
Slóvakía	1 805 000
Finnland	1 965 000
Svíþjóð	1 046 000
Breska konungsríkið	12 258 000
Samtals	120 000 000“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 273/2012

2012/EES/59/11

frá 27. mars 2012

um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 297/95 að því er varðar leiðréttingu á gjöldum til Lyfjastofnunar Evrópu með tilliti til verðbólgu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 297/95 frá 10. febrúar 1995 um gjöld sem greiða ber til Lyfjamálastofnunar Evrópu ⁽¹⁾, einkum 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 3. mgr. 67. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 frá 31. mars 2004 um málsmeðferð Bandalagsins við veitingu leyfa fyrir manna- og dýralyfjum og eftirlit með þeim lyfjum og um stofnun Lyfjastofnunar Evrópu ⁽²⁾ samanstanda tekjur Lyfjastofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Lyfjastofnunin) af framlögum frá Sambandinu og gjöldum sem fyrirtæki greiða til Lyfjastofnunarinnar. Í reglugerð (EB) nr. 297/95 er mælt fyrir um flokka og fjárhæðir slíkra gjalda.
- 2) Þessi gjöld ber að uppfæra með tilliti til upplýsinga um verðbólgu fyrir 2011. Verðbólguþiggið í Sambandinu, eins og Hagstofa Evrópusambandsins birti það, var 3,1% árið 2011.
- 3) Til einföldunar skulu aðlagðar fjárhæðir gjalda náundaðar að næstu 100 evrum.
- 4) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 297/95 til samræmis við það.
- 5) Vegna réttarvissu á þessi reglugerð ekki við um gildar umsóknir sem biða umfjöllunar 1. apríl 2012.
- 6) Samkvæmt 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 297/95 skal uppfærslan framkvæmd þannig að hún gildi frá og með 1. apríl 2012. Því er rétt og brýnt að þessi reglugerð öðlist gildi sem fyrst og gildi frá þeim degi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

Reglugerð (EB) nr. 297/95 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 90, 28.3.2012, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 160/2012 frá 28. september 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 35, 15.2.1995, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 136, 30.4.2004, bls. 1.

- i. Ákvæðum a-liðar er breytt sem hér segir:

— Í fyrstu undirgrein komi „267 400 evrum“ í stað „259 400 evrum“.

— Í annarri undirgrein komi „26 800 evrur“ í stað „26 000 evrur“.

— Í þriðju undirgrein komi „6 700 evrur“ í stað „6 500 evrur“.

- ii. Ákvæðum b-liðar er breytt sem hér segir:

— Í fyrstu undirgrein komi „103 800 evrum“ í stað „100 700 evrum“.

— Í annarri undirgrein komi „172 800 evrum“ í stað „167 600 evrum“.

— Í þriðju undirgrein komi „10 300 evrur“ í stað „10 000 evrur“.

— Í fjórðu undirgrein komi „6 700 evrur“ í stað „6 500 evrur“.

- iii. Ákvæðum c-liðar er breytt sem hér segir:

— Í fyrstu undirgrein komi „80 300 evrum“ í stað „77 900 evrum“.

— Í annarri undirgrein komi „20 100 til 60 200 evrur“ í stað „19 500 til 58 400 evrur“.

— Í þriðju undirgrein komi „6 700 evrur“ í stað „6 500 evrur“.

- b) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

- i. Fyrstu undirgrein a-liðar er breytt sem hér segir:

— Í stað „2 800 evrur“ komi „2 900 evrur“.

— Í stað „6 500 evrur“ komi „6 700 evrur“.

- ii. Ákvæðum b-liðar er breytt sem hér segir:

— Í fyrstu undirgrein komi „80 300 evrum“ í stað „77 900 evrum“.

— Í annarri undirgrein komi „20 100 til 60 200 evrur“ í stað „19 500 til 58 400 evrur“.

- c) Í 3. mgr. komi „13 300 evrur“ í stað „12 900 evrur“.
- d) Í 4. mgr. komi „20 100 evrum“ í stað „19 500 evrum“.
- e) Í 5. mgr. komi „6 700 evrur“ í stað „6 500 evrur“.
- f) Ákvæðum 6. mgr. er breytt sem hér segir:
- i. Í fyrstu undirgrein komi „95 900 evrum“ í stað „93 000 evrum“.
 - ii. Í annarri undirgrein komi „23 900 til 71 900 evrur“ í stað „23 200 til 69 700 evrur“.
- 2) Í 4. gr. komi „66 700 evrum“ í stað „64 700 evrum“.
- 3) Ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:
 - i. Ákvæðum a-liðar er breytt sem hér segir:
 - Í fyrstu undirgrein komi „133 800 evrum“ í stað „129 800 evrum“.
 - Í annarri undirgrein komi „13 300 evrur“ í stað „12 900 evrur“.
 - Í þriðju undirgrein komi „6 700 evrur“ í stað „6 500 evrur“.
 - Ákvæðum fjórðu undirgreinar er breytt sem hér segir:
 - Í stað „64 700 evrur“ komi „66 700 evrur“.
 - Í stað „6 500 evrur“ komi „6 700 evrur“.
 - ii. Ákvæðum b-liðar er breytt sem hér segir:
 - Í fyrstu undirgrein komi „66 700 evrum“ í stað „64 700 evrum“.
 - Í annarri undirgrein komi „113 100 evrum“ í stað „109 700 evrum“.
 - Í þriðju undirgrein komi „13 300 evrur“ í stað „12 900 evrur“.
 - Í fjórðu undirgrein komi „6 700 evrur“ í stað „6 500 evrur“.
 - Fimmtu undirgrein er breytt sem hér segir:
 - Í stað „32 400 evrur“ komi „33 400 evrur“.
 - Í stað „6 500 evrur“ komi „6 700 evrur“.
 - iii. Ákvæðum c-liðar er breytt sem hér segir:
 - Í fyrstu undirgrein komi „33 400 evrum“ í stað „32 400 evrum“.
 - b) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:
 - i. Ákvæðum a-liðar er breytt sem hér segir:
 - Í stað „2 800 evrur“ komi „2 900 evrur“.
 - Í stað „6 500 evrur“ komi „6 700 evrur“.
 - ii. Ákvæðum b-liðar er breytt sem hér segir:
 - Í fyrstu undirgrein komi „40 100 evrum“ í stað „38 900 evrum“.
 - Í annarri undirgrein komi „10 000 til 30 100 evrur“ í stað „9 700 til 29 200 evrur“.
 - Í þriðju undirgrein komi „6 700 evrur“ í stað „6 500 evrur“.
- c) Í 3. mgr. komi „6 700 evrur“ í stað „6 500 evrur“.
- d) Í 4. mgr. komi „20 100 evrum“ í stað „19 500 evrum“.
- e) Í 5. mgr. komi „6 700 evrur“ í stað „6 500 evrur“.
- f) Ákvæðum 6. mgr. er breytt sem hér segir:
- i. Í fyrstu undirgrein komi „32 000 evrum“ í stað „31 000 evrum“.
 - ii. Í annarri undirgrein komi „8 000 til 23 900 evrur“ í stað „7 800 til 23 200 evrur“.
- 4) Í 6. gr. komi „40 100 evrum“ í stað „38 900 evrum“.
- 5) Ákvæðum 7. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Í fyrstu mgr. komi „66 700 evrum“ í stað „64 700 evrum“.
 - b) Í annarri mgr. komi „20 100 evrum“ í stað „19 500 evrum“.
- 6) Ákvæðum 8. gr. er breytt sem hér segir:
- a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:
 - i. Í annarri undirgrein komi „80 300 evrur“ í stað „77 900 evrur“.
 - ii. Í þriðju undirgrein komi „40 100 evrur“ í stað „38 900 evrur“.

- iii. Í fjórðu undirgrein komi „20 100 til 60 200 evrur“ í stað „19 500 til 58 400 evrur“.
- iv. Í fimmtu undirgrein komi „10 000 til 30 100 evrur“ í stað „9 700 til 29 200 evrur“.
- b) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:
- i. Í annari undirgrein komi „267 400 evrur“ í stað „259 400 evrur“.
- ii. Í þriðju undirgrein komi „133 800 evrur“ í stað „129 800 evrur“.
- iii. Í fimmtu undirgrein komi „2 900 til 230 500 evrur“ í stað „2 800 til 223 600 evrur“.
- iv. Í sjöttu undirgrein komi „2 900 til 115 400 evrur“ í stað „2 800 til 111 900 evrur“.
- c) Í 3. mgr. komi „6 700 evrum“ í stað „6 500 evrum“.
2. gr.
- Reglugerðin á ekki við um gildar umsóknir sem biða umfjöllunar 1. apríl 2012.
3. gr.
- Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
- Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. apríl 2012.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. mars 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2007/16/EB

2012/EES/59/12

frá 19. mars 2007

um framkvæmd tilskipunar ráðsins 85/611/EBE um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS) að því er varðar útskýringu á tilteknum skilgreiningum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 85/611/EBE frá 20. desember 1985 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS) ⁽¹⁾, einkum a-lið 53. gr. a.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 85/611/EBE er að finna ýmsar skilgreiningar, stundum samtengdar, sem eru í tengslum við eignirnar sem eru hæfar sem fjárfesting fyrirtækja um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum (UCITS), hér á eftir nefnd „verðbréfasjóðir“, s.s. skilgreining á „framseljanlegum verðbréfum“ og skilgreining á „peningamarkaðsgerningum“.
- 2) Frá samþykkt tilskipunar 85/611/EBE hefur fjölbreytni fjármálagerninga, sem verslaðer með á fjármálamörkuðum, aukist talsvert sem leiðir til óvissu við ákvörðun um það hvort þessar skilgreiningar nái yfir tiltekna flokka fjármálagerninga. Óvissa við beitingu skilgreininga veldur ágreiningi um túlkun tilskipunarinnar.
- 3) Í því skyni að tryggja samræmda beitingu tilskipunar 85/611/EBE er nauðsynlegt, til að aðstoða aðildarríkin við að þróa sameiginlegan skilning á því hvort tiltekinn eignaflokkur sé hæfur fyrir verðbréfasjóð og til að tryggja að skilningur á skilgreiningum sé í samræmi við þær meginreglur sem liggja til grundvallar tilskipun

85/611/EBE, s.s. meginreglur um áhættudreifingu og takmörkun áhættu, getu verðbréfasjóðsins til að innleysa hlutdeildarskírteini sín að ósk eigenda þessara skírteina og til að reikna hreint virði eigna hvenær sem hlutdeildarskírteini eru gefin út eða innleyst, að veita lögbærum yfirvöldum og markaðsaðilum meiri vissu í þessu tilliti. Meiri víska auðveldar einnig tilkynningarferli varðandi flutning verðbréfasjóða yfir landamæri.

- 4) Skýringarnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, hafa ekki í för með sér nýjar atferlis- eða rekstrarlegar skuldbindingar fyrir lögbær yfirvöld eða markaðsaðila. Markmiðið með þeim er ekki að setja upp tæmandi skrár yfir fjármálagerninga og viðskipti heldur varpa ljósi á grunnviðmiðanir sem unnt er að nota við mat á því hvort tiltekinn flokkur fjármálagerninga fellur undir skilgreiningarnar eða ekki.
- 5) Ekki skal einungis meta hvort eign sé hæf fyrir verðbréfasjóð, með tilliti til þess hvort hún falli undir skilgreininguna, eins og hún er útskýrð í þessum texta, heldur einnig með tilliti til annarra krafna í tilskipun 85/611/EBE. Lögbær innlend yfirvöld gætu unnið saman innan samstarfsnefndar evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði (CESR) að því að þróa sameiginlegar aðferðir við hagnýta, daglega beitingu þessara skýringa með tilliti til eftirlitsskyldu þeirra, nánar tiltekið í tengslum við aðrar kröfur í tilskipun 85/611/EBE, s.s. stjórnun eða áhættustjórnunaraðferðir og til að tryggja snurðulausa framkvæmd vöruegabréfsins.
- 6) Í tilskipun 85/611/EBE eru framseljanleg verðbréf eingöngu skilgreind út frá formlegum/lagalegum sjónarhóli. Í samræmi við það gildir skilgreiningin á framseljanlegum verðbréfum um breitt svið fjármálaafurða sem hafa ólík einkenni og seljanleiki þeirra er mismunandi. Tryggja skal samræmi milli skilgreiningarinnar á framseljanlegum verðbréfum og annarra ákvæða í tilskipuninni fyrir hverja fjármálaafurð.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 79, 20.3.2007, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2007 frá 28. september 2007 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 9, 21.2.2008, bls. 28.

(¹) Stjtið. EB L 375, 31.12.1985, bls. 3. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópubandsins og ráðsins 2005/1/EB (Stjtið. ESB L 79, 24.3.2005, bls. 9).

- 7) Lokaðir sjóðir (closed end funds) mynda eignaflokk sem er ekki skýrt tilgreindur sem hæf eign fyrir verðbréfasjóð í tilskipun 85/611/EBE. Oft er þó farið með hlutdeildarskirteini í lokuðum verðbréfasjóðum sem framseljanleg verðbréf og skráning þeirra á skipulegan markað gefur oft tilefni til slíkrar meðferðar. Því er nauðsynlegt að veita markaðsaðilum og lögbærum yfirvöldum vissu fyrir því hvort hlutdeildarskirteini í lokuðum verðbréfasjóðum falli undir skilgreininguna á framseljanlegum verðbréfum. Lögbær innlend yfirvöld gætu unnið saman innan samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlitsyfirvalda að því að þróa sameiginlegar aðferðir við hagnýta, daglega beitingu viðmiðana um lokaða verðbréfasjóði, nánar tiltekið að því er varðar lágmarksgrunnstaða í tengslum við aðferðir í stjórnarháttum fyrirtækja.
- 8) Aukið réttaröryggi er einnig nauðsynlegt með tilliti til flokkunar á fjármálagerningum sem framseljanlegum verðbréfum þegar fjármálagerningarnir eru tengdir frammistöðu annarra eigna, þ.m.t. eignir sem ekki er getið um í tilskipun 85/611/EBE sjálfri eða þegar fjármálagerningarnir eru tryggðir með slíkum eignum. Taka skal skýrt fram að ef tengslin við þáttinn, sem liggur til grundvallar, eða við annan þátt gerningsins jafngilda þætti, sem verður að teljast innbyggð afleiða, telst fjármálagerningurinn til undirflokks framseljanlegra verðbréfa með innbyggðum afleiðuþætti. Af því leiðir að nota ber viðmiðanir um afleiður samkvæmt tilskipun 85/611/EBE að því er varðar þann þátt.
- 9) Til þess að fjármálagerningur falli að skilgreiningunni á peningamarkaðsgerningum í tilskipun 85/611/EBE skal hann falla að tilteknum viðmiðunum, nánar tiltekið verður hann að fá eðlilega meðferð á peningamarkaði, hann verður að vera seljanlegur og unnt að ákvarða nákvæmlega verðmæti hans hvenær sem er. Nauðsynlegt er að tryggja að notkun þessara viðmiðana sé samræmd að teknu tilliti til ákveðinna markaðsvenja. Einnig er nauðsynlegt að skýra að viðmiðanir verða að vera í samræmi við aðrar meginreglur í tilskipun 85/611/EBE. Skilgreiningin á peningamarkaðsgerningum skal ná til fjármálagerninga sem hvorki eru skráðir né verslað með á skipulegum markaði og settar eru fram viðmiðanir um í tilskipun 85/611/EBE til viðbótar almennum viðmiðunum fyrir peningamarkaðsgerninga. Því var jafn nauðsynlegt að skýra þessar viðmiðanir í ljósi krafna um vernd fjárfesta, að teknu tilliti til meginreglna í tilskipuninni, s.s. seljanleika eignasafns eins og leiðir af 37. gr. hennar.
- 10) Afleiðdir fjármálagerningar skulu teljast lausafjäreignir samkvæmt tilskipun 85/611/EBE ef þeir uppfylla viðmiðanir sem settar eru fram í þeirri tilskipun. Nauðsynlegt er að tryggja að farið sé eftir þessum viðmiðunum á samræmdan hátt og einnig er nauðsynlegt að gera það ljóst að skilningur á viðmiðunum verður að samrýmast öðrum ákvæðum tilskipunarinnar. Einnig ætti að gera það ljóst að fylgi útlánaáætluafleiður þessum viðmiðunum teljast þær afleiðdir fjármálagerningar í skilningi tilskipunar 85/611/EBE og þess vegna eru þær hæfar til sömu meðferðar og farið er með lausafjäreignir.
- 11) Mikilvægi skýringa er sérstaklega áriðandi að því er varðar afleiður sem byggjast á fjármálavísitölum. Um þessar mundir eru margs konar fjármálavísitölur sem hafa það hlutverk að vera grundvöllur fyrir afleiðugerninga. Þessar vísitölur geta verið breytilegar að því er varðar samsetningu eða vægi þátta í þeim. Í öllum tilvikum þarf að tryggja að verðbréfasjóðurinn geti uppfyllt skuldbindingar sínar að því er varðar seljanleika eignasafnsins, skv. 37. gr. í tilskipun 85/611/EBE, og útreikning á bókfærðu verðgildi eignar og að eiginleikar þáttanna sem liggja til grundvallar afleiðunum hafi ekki neikvæð áhrif á þær skuldbindingar. Liggja skal ljóst fyrir að í afleiðum, sem byggjast á fjármálavísitölum, sem eru þannig samsettar að þær séu með fullnægjandi dreifingu, endurspeglast viðkomandi markaður, sem þær miðast við, með fullnægjandi hætti og að við þær eigi einnig þær upplýsingar sem máli skipta um samsetningu og útreikning vísitölunnar og falla undir flokk afleiðna sem lausafjäreignir. Lögbær innlend yfirvöld gætu unnið sameiginlega innan samstarfsnefndar evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði að því að þróa sameiginlegar aðferðir við hagnýta, daglega notkun þessara viðmiðana, að því er varðar vísitölur sem byggjast á eignum sem eru ekki skilgreindar í tilskipuninni sem hæfar eignir.
- 12) Í tilskipun 85/611/EBE eru þau framseljanlegu verðbréf og peningamarkaðsgerningar sem fela í sér afleiðu talin sem undirflokkur framseljanlegra verðbréfa og peningamarkaðsgerninga. Með því að setja afleiðuþátt inn í framseljanlegt verðbréf eða peningamarkaðsgerning breytist fjármálagerningurinn í heild ekki í afleiddan fjármálagerning sem félli utan skilgreiningarinnar á framseljanlegu verðbréfi eða peningamarkaðsgerningi. Því er nauðsynlegt að skýrt komi fram hvort afleiddur fjármálagerningur geti talist innbyggður í öðrum gerningi. Auk þess felur það þá hættu í sér, að setja afleiðu inn í framseljanlegt verðbréf eða peningamarkaðsgerning, að sneitt sé hjá reglum um afleiður sem settar voru með tilskipun 85/611/EBE. Af þeirri ástæðu er þess krafist í tilskipuninni að innbyggður afleiðuþáttur sé skilgreindur og að farið sé að þessum reglum. Þegar höfð er hliðsjón af umfangi nýjunga á fjármálasviðinu er skilgreiningin á innbyggðum afleiðuþætti ekki alltaf augljós. Í því skyni að auka áreiðanleika í þessu tilliti skal mæla fyrir um viðmiðanir til greiningar á slíkum þáttum.
- 13) Samkvæmt tilskipun 85/611/EBE falla aðferðir og gerningar, sem varða framseljanleg verðbréf eða peningamarkaðsgerninga, og hafa þann tilgang að auka skilvirkni í stýringu eignasafns, ekki undir skilgreininguna á framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgerningum. Til þess að skýra mörk þessara skilgreininga er nauðsynlegt að setja fram viðmiðanir til að skilgreina viðskiptin sem myndu falla undir þessar aðferðir og gerninga. Einnig er nauðsynlegt að minna á að skilja verður þessar aðferðir og gerninga

með hliðsjón af öðrum skyldum verðbréfasjóðs, einkum að því er varðar áhættulýsingu hans. Þær verða að vera í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 85/611/EBE um áhættustjórnun og um áhættudreifingu, ásamt takmörkunum, sem settar eru í tilskipuninni, á skortsölu og lánnum.

- 14) Í tilskipun 85/611/EBE eru settar fram viðmiðanir til að skilgreina verðbréfasjóði sem endurskapa vísitölur skuldabréfa eða hlutabréfa. Verðbréfasjóðir, sem fara eftir þessum viðmiðunum, fá sveigjanlegri meðferð að því er varðar hámark fjárfestinga útgefenda. Því er nauðsynlegt að þróa skýran skilning á þessum viðmiðunum og tryggja að þeim sé beitt á samræmdan hátt í öllum aðildarríkjunum. Það felur í sér að frekari skýring sé veitt á því hvort hægt sé að telja verðbréfasjóð sem verðbréfasjóð endurskapaðrar vísitölu og skapa þar með meiri vissu um skilyrði sem réttlæta friðindameðferð verðbréfasjóða endurskapaðrar vísitölu.
- 15) Leitað hefur verið til samstarfsnefndar evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði um ráðgjöf.
- 16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Inntak

Í þessari tilskipun eru settar reglur til skýringar á eftirfarandi hugtökum, að því er varðar samræmda beitingu þeirra:

1. framseljanleg verðbréf samkvæmt skilgreiningu í 8. mgr. 1. gr. í tilskipun 85/611/EBE,
2. peningamarkaðsgerningar samkvæmt skilgreiningu 9. mgr. 1. gr. í tilskipun 85/611/EBE,
3. lausaffjäreignir, sem um getur í skilgreiningum á verðbréfasjóðnum, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 1. gr. í tilskipun 85/611/EBE, með tilliti til afleiðufjármálagerninga,
4. framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningar innbyggðra afleiðna, sem um getur í 4. undirgrein 3. mgr. 21. gr. í tilskipun 85/611/EBE,
5. aðferðir og gerningar til að auka skilvirkni í stjórnun eignasafns sem um getur í 2. mgr. 21. gr. í tilskipun 85/611/EBE,

6. verðbréfasjóður, sem endurskapar vísitölu, sem um getur í 1. mgr. 22. gr. a í tilskipun 85/611/EBE.

2. gr.

Ákvæði 8. mgr. 1. gr. í tilskipun 85/611/EBE

Framseljanleg verðbréf

1. Litið skal svo á að þegar vísað er til framseljanlegra verðbréfa í 8. mgr. 1. gr. í tilskipun 85/611/EBE sé átt við fjármálagerninga sem uppfylla eftirtaldir viðmiðanir:

- a) hugsanlegt tap, sem verðbréfasjóður kann að verða fyrir að því er varðar eign á þessum gerningum, takmarkast við þá fjárhæð sem hann hefur greitt fyrir þá,
- b) seljanleiki þeirra stofnar ekki getu verðbréfasjóðsins til að fara að 37. gr. í tilskipun 85/611/EBE í hættu,
- c) áreiðanlegt mat á þeim liggur fyrir sem hér segir:

- i. þegar um er ræða verðbréf sem hafa verið skráð eða verslað er með á skipulegum markaði, eins og um getur í a– d-lið 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE, í formi nákvæms, áreiðanlegs og reglubundins verðs sem er annaðhvort markaðsverð eða verð sem er aðgengilegt með matskerfum sem eru óháð útgefendum,

- ii. þegar um er að ræða önnur verðbréf, sem um getur í 2. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE, í formi reglubundins mats sem byggt er á upplýsingum frá útgefanda verðbréfananna eða samkeppnishæfum fjárfestingarannsóknunum,

- d) til eru viðeigandi upplýsingar um þau sem hér segir:

- i. þegar um er að ræða verðbréf sem hafa verið skráð eða verslað er með á skipulegum markaði, sem um getur í a– d-lið 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE, í formi reglubundinna, nákvæmra og alhliða upplýsinga til markaðarins um verðbréfin eða, þar sem við á, um verðbréfasafnið,

- ii. þegar um er að ræða önnur verðbréf, sem um getur í 2. mgr. 19. gr. tilskipunar 85/611/EBE, í formi reglubundinna og nákvæmra upplýsinga til verðbréfasjóðsins um verðbréf eða, þar sem við á, um verðbréfasafnið,

- e) þau eru framseljanleg,
- f) kaup þeirra samrýmast fjárfestingarmarkmiðum eða -stefnu verðbréfasjóðsins, eða hvoru tveggja, samkvæmt tilskipun 85/611/EBE.
- g) gerðar eru viðeigandi ráðstafanir með áhættustjórnunarferli verðbréfasjóðsins vegna áhættu af þeim.
- c) fjármálagerninga sem uppfylla eftirtaldar viðmiðanir:
- i. þeir uppfylla viðmiðanirnar sem eru settar fram í 1. mgr.,
- ii. þeir eru tryggðir eða tengjast hagnaði af öðrum eignum sem kunna að vera aðrar en um getur í 1. mgr. 19. gr. tilskipunar 85/611/EBE.

Að því er varðar b- og e-lið fyrstu undirgreinar skal litið svo á að fjármálagerningar, sem eru skráðir eða verslað er með á skipulegum markaði í samræmi við a-, b- eða c-lið 1. mgr. 19. gr. tilskipunar 85/611/EBE, nema verðbréfasjóðurinn hafi tiltækar upplýsingar sem myndu leiða til annarrar ákvörðunar, að getu verðbréfasjóðsins á að fara að 37. gr. tilskipunar 85/611/EBE sé ekki stefnt í hættu og einnig skal litið svo á að þeir séu framseljanlegir.

3. Ef fjármálagerningur, sem fellur undir c-lið 2. mgr., sem um getur í 10. gr. þessarar tilskipunar, inniheldur innbyggðan afleiðuþátt, skulu kröfurnar í 21. gr. tilskipunar 85/611/EBE eiga við um þann þátt.

3. gr.

2. Litið skal svo á að framseljanleg verðbréf, sem um getur í 8. mgr. 1. gr. tilskipunar 85/611/EBE, taki til eftirfarandi:

Ákvæði 9. mgr. 1. gr. í tilskipun 85/611/EBE

a) hlutdeildarskírteina í lokuðum verðbréfasjóðum sem stofnaðir eru sem fjárfestingarfélög eða fjárhaldssjóðir og uppfylla eftirtaldar viðmiðanir:

Gerningar sem venjulega er verslað með á peningamarkaði

1. Litið skal svo á að með peningamarkaðsgerningum í 9. mgr. 1. gr. í tilskipun 85/611/EBE sé átt við eftirfarandi gerninga:

- i. þeir uppfylla viðmiðanirnar sem eru settar fram í 1. mgr.,
- ii. þeir eru háðir reglum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gilda um félög,
- iii. ef önnur eining sér um eignastýringu fyrir hönd lokaðs sjóðs heyrir sú eining undir innlendar reglur í þeim tilgangi að vernda fjárfesta,

a) fjármálagerninga sem eru skráðir eða verslað er með á skipulegum markaði í samræmi við a-, b- og c-lið 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE,

b) fjármálagerninga sem ekki eru skráðir á skipulegum markaði.

b) hlutdeildarskírteina í lokuðum sjóðum, sem stofnaðir eru samkvæmt samningalögum og uppfylla eftirtaldar viðmiðanir:

2. Litið skal svo á að þegar vísað er í peningamarkaðsgerninga í 9. mgr. 1. gr. tilskipunar 85/611/EBE sem gerninga, sem venjulega er verslað með á peningamarkaði, sé átt við fjármálagerninga sem uppfylla eitt eftirtalinnu viðmiðana:

- i. þeir uppfylla viðmiðanirnar sem eru settar fram í 1. mgr.,
- ii. þeir eru háðir reglum um stjórnarhætti fyrirtækja sem jafngilda þeim er gilda um félög, sem um getur í ii-lið a-liðar,
- iii. þeim stjórnar eining sem heyrir undir innlendar reglur sem miða að því að vernda fjárfesta,

a) binditími þeirra við útgáfu er 397 dagar eða skemmri,

b) binditími þeirra sem eftir er er 397 dagar eða skemmri,

c) þeir gangast undir reglubundna arðsemisaðlögun í samræmi við aðstæður á peningamarkaði á a.m.k. 397 daga fresti,

d) áhættulýsing þeirra, þ.m.t. láns- og vaxtaáhætta, samsvarar þeim fjármálagerningum sem hafa binditíma, sem um getur í a- og b-lið eða eru háð arðsemisaðlögun sem um getur í c-lið.

4. gr.

Ákvæði 9. mgr. 1. gr. í tilskipun 85/611/EBE

Lausafjargerningar sem unnt er að verðmeta nákvæmlega hvenær sem er

1. Litið skal svo á að þegar vísað er í peningamarkaðsgerninga í 9. mgr. 1. gr. tilskipunar 85/611/EBE sem lausafjargerninga sé átt við fjármálagerninga sem unnt er að selja með litlum tilkostnaði á tiltölulega skömmum tíma, með tilliti til skyldu verðbréfasjóðsins að endurkaupa eða innleysa hlutdeildarskírteini sín að ósk eigenda þessara skírteina.

2. Litið skal svo á að þegar vísað er í peningamarkaðsgerninga í 9. mgr. 1. gr. í tilskipun 85/611/EBE sem gerninga sem unnt er að verðmeta nákvæmlega hvenær sem er, sé átt við fjármálagerninga sem unnt er að meta með tiltækum, nákvæmum og áreiðanlegum verðmatskerfum sem uppfylla eftirtaldar viðmiðanir:

a) þeir gera verðbréfasjóðnum kleift að reikna hreint virði eigna í samræmi við það verð, sem fengist fyrir fjármálagerning, sem er í eignasafninu, í viðskiptum milli ótengdra aðila sem eru upplýstir og fúsir til viðskiptanna,

b) þeir byggjast annaðhvort á markaðsgögnum eða á virðislíkönum, þ.m.t. kerfi sem byggjast á afskrifuðu kostnaðarverði.

3. Litið skal svo á að viðmiðanirnar, sem vísað er til í 1. og 2. mgr., séu uppfylltar þegar um er að ræða fjármálagerninga sem venjulega er verslað með á peningamarkaði, í skilningi 9. mgr. 1. gr. í tilskipun 85/611/EBE, og skráðir eru eða verslað er með á skipulegum markaði í samræmi við a-, b- og c-lið 1. mgr. 19. gr., nema verðbréfasjóðurinn hafi tiltækar upplýsingar sem myndu leiða til annarrar ákvörðunar.

5. gr.

Ákvæði h-liðar 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE

Gerningar þar sem útgáfa eða útgefandi sætir lögbundnu eftirliti í því skyni að vernda fjárfesta og sparifé

1. Litið skal svo á að þegar vísað er í h-lið 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE til annarra peningamarkaðsgerninga en þeirra sem er verslað með á skipulegum markaði, þar sem útgáfa eða útgefandi sætir sjálfur lögbundnu eftirliti sem hefur þann tilgang að vernda fjárfesta og sparifé, sé átt við fjármálagerninga sem uppfylla eftirtaldar viðmiðanir:

a) þeir uppfylla eitt af viðmiðunum sem fram koma í 2. mgr. 3. gr. og allar viðmiðanirnar sem fram koma í 1. og 2. mgr. 4. gr.,

b) tiltækar eru viðeigandi upplýsingar um þá, þ.m.t. upplýsingar sem gera kleift að meta á viðeigandi hátt lánsáhættu í tengslum við fjárfestinguna í slíkum gerningum, með tilliti til 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar,

c) þeir eru framseljanlegir án takmarkana.

2. Þegar um er að ræða peningamarkaðsgerninga, sem annar og fjórði undirliður h-liðar 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE taka til, eða peningamarkaðsgerninga, sem gefnir eru út af staðar- eða svæðisyfirvöldum aðildarríkis eða opinberri, alþjóðlegri stofnun en eru ekki með ábyrgð aðildarríkis, eða, ef um sambandsríki sem er aðildarríki er að ræða, aðildarríki sambandsríkisins, skulu viðeigandi upplýsingar, sem um getur í b-lið 1. mgr. þessarar greinar, vera eftirfarandi:

a) upplýsingar um bæði útgefanda eða útgáfuáætlun og um lagalega og fjárhagslega stöðu útgefanda fyrir útgáfu peningamarkaðsgerningsins,

b) regluleg uppfærsla á upplýsingum sem um getur í a-lið og ætíð þegar mikilvægir atburðir eiga sér stað,

c) upplýsingarnar, sem vísað er til í a-lið, sannprófaðar af viðurkenndum þriðja aðila sem tekur ekki við fyrir mælum frá útgefanda,

d) fyrirliggjandi og áreiðanlegar tölulegar upplýsingar um útgáfuna eða útgáfuáætlunina.

3. Þegar um er að ræða peningamarkaðsgerninga, sem falla undir þriðju undirgrein h-liðar 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE, skulu viðeigandi upplýsingar, sem um getur í b-lið 1. mgr. þessarar greinar, vera eftirfarandi:

a) upplýsingar um útgáfu eða útgáfukerfi eða um lagalega- og fjárhagslega stöðu útgefanda fyrir útgáfu peningamarkaðsgerningsins,

b) regluleg uppfærsla á upplýsingum sem um getur í a-lið og ætíð þegar mikilvægir atburðir eiga sér stað,

c) fyrirliggjandi og áreiðanlegar tölulegar upplýsingar um útgáfuna eða útgáfuáætlunina eða önnur gögn er gera viðeigandi mat á lánsáhættu í tengslum við fjárfestinguna í slíkum gerningum kleift.

4. Þegar um er að ræða viðeigandi upplýsingar, sem um getur í b-lið 1. mgr. þessarar greinar, skulu þær taka til upplýsinga um útgáfuna eða útgáfuáætlun eða um lagalega og fjárhagslega stöðu útgefanda fyrir útgáfu peningamarkaðsgerningsins, um alla peningamarkaðsgerninga sem fyrsti undirliður h-liðar 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE tekur til, nema þá sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar og þeirra sem gefnir eru út af Seðlabanka Evrópu eða seðlabanka í aðildarríki.

6. gr.

Ákvæði h-liðar 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE

Stofnun sem heyrir undir og fylgir varfærnisreglum sem lögbær yfirvöld telja a.m.k. jafnstrangar og þær sem mælt er fyrir um í lögum Bandalagsins

Litið skal svo á að þegar vísað er í stofnun sem heyrir undir og fylgir varfærnisreglum í þriðju undirgrein h-liðar 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE, sem lögbær yfirvöld telja a.m.k. jafnstrangar og þær sem mælt er fyrir um í lögum Bandalagsins, sé átt við útgefanda sem heyrir undir og fylgir varfærnisreglum og uppfyllir eitthvert eftirtalinnu viðmiðana:

1. hann er staðsettur á Evrópska efnahagssvæðinu,
2. hann er staðsettur í OECD-löndum sem tilheyra iðnríkjunum tíu,
3. hann hefur a.m.k. lánshæfismat,
4. unnt er að sýna fram á með ítarlegri greiningu á útgefanda, að varfærnisreglur, sem eiga við þann útgefanda, séu a.m.k. jafnstrangar og þær sem mælt er fyrir um í lögum Bandalagsins.

7. gr.

Ákvæði h-liðar 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE

Verðbréfun með stoð í lánasamningi við fjármálastofnun

1. Litið skal svo á að þegar vísað er til verðbréfunar í fjórðu undirgrein h-liðar 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE sé átt við stofnanir, hvort sem um er að ræða fyrirtæki, sjóði eða saminga, sem komið er á fót í þeim tilgangi að reka starfsemi um verðbréfun.
2. Litið skal svo á að þegar vísað er til lánasamninga við fjármálastofnun í fjórðu undirgrein h-liðar 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE sé átt við bankastarfsstöð sem starfar á ábyrgð fjármálastofnunar sem sjálf er rekin í samræmi við þriðju undirgrein h-liðar 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE.

8. gr.

Ákvæði 2. mgr. 1. gr. og g-liðar 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE

Lausafjäreignir með tilliti til afleiðufjármálagerninga

1. Litið skal svo á að þegar vísað er til lausafjäreigna, sem um getur í 2. mgr. 1. gr. í tilskipun 85/611/EBE, að því er varðar afleiðufjármálagerninga, sé átt við afleiðufjármálagerninga sem uppfylla eftirtaldir viðmiðanir:
 - a) skjöl þeirra sem liggja til grundvallar eru sett saman úr einu eða fleiri eftirtalinnu atriðum:
 - i. eignum, eins og fram kemur í 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE, þ.m.t. fjármálagerningar sem hafa eitt eða fleiri einkenni þessara eigna,
 - ii. vöxtum,
 - iii. gengi erlendra gjaldmiðla eða gjaldmiðlum,
 - iv. fjármálavísitölum,
 - b) þegar um er að ræða afleiður utan skipulegs verðbréfamarkaðar, að þær uppfylli skilyrðin sem eru sett fram í annarri og þriðju undirgrein g-liðar 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE.
2. Afleiðufjármálagerningar, sem um getur í g-lið 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE, skulu taka til gerninga sem uppfylla eftirtaldir viðmiðanir:
 - a) með þeim er heimiluð yfirfærsla lánsfjáráhættu eignar, sem um getur í a-lið 1. mgr. þessarar greinar, óháð annarri áhættu sem fylgir þeirri eign,
 - b) þeir hafa ekki í för með sér afhendingu eða tilfærslu eigna, þ.m.t. í reiðufé, að öðru leyti en því sem um getur í 1. og 2. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE,
 - c) þeir eru í samræmi við viðmiðanirnar fyrir afleiður utan skipulegra verðbréfamarkaða sem mælt er fyrir um í annarri og þriðju undirgrein g-liðar, 1 mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE og í 3. og 4. mgr. þessarar greinar,
 - d) varið er gegn áhættu vegna þeirra á viðeigandi hátt með áhættustjórnunarferli verðbréfasjóðsins og með innri eftirlitskerfum, ef um er að ræða áhættu vegna ósamhverfra upplýsinga frá verðbréfasjóðnum og mótaðila lánsfjárafleidu sem stafar af hugsanlegum aðgangi mótaðilans að óopinberum upplýsingum um fyrirtæki þar sem eignir þess eru notaðar til grundvallar lánaafleiðum.

3. Að því er varðar þriðju undirgrein g-liðar 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE skal litið á tilvísunina í gangvirði sem vísun í þá fjárhæð sem unnt er að selja eign fyrir eða gera upp skuld með í viðskiptum ótengdra aðila sem eru upplýstir og fúsir til viðskiptanna.

4. Að því er varðar þriðju undirgrein g-liðar 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE skal litið svo á að með áreiðanlegu og sannreynanlegu mati sé átt við mat, unnið af verðbréfasjóðnum, sem samsvarar gangvirði, sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar, sem byggist ekki einungis á markaðsskráningu mótaðila og uppfyllir eftirtaldir viðmiðanir:

a) grundvöllur matsins er annaðhvort áreiðanlegt, uppfært markaðsvirði gerningsins eða, ef slíkt virði er ekki fyrir hendi, verðlagningarlíkan þar sem beitt er fullnægjandi og viðurkenndum aðferðum,

b) sannprófunin á matinu er framkvæmd af einum af eftirfarandi aðilum:

- i. viðeigandi þriðja aðila, sem er óháður mótaðila afleiðu utan skipulegs verðbréfamarkaðar, með hæfilegu millibili og á þann hátt að verðbréfasjóðurinn geti haft eftirlit með því,
- ii. einingu innan verðbréfasjóðsins sem er óháð deildinni sem hefur umsjón með stýringu eignanna og er nægilega vel í stakk búin til að annast það.

5. Litið skal svo á að lausafjáreignir, sem um getur í 2. mgr. 1. gr. og í g-lið 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE, taki ekki til afleiddra vöruskuldaskjala.

9. gr.

Ákvæði g-liðar 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE

Fjármálavísitölur

1. Litið skal svo á að þegar vísað er til fjármálavísitalna, sem um getur í g-lið 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE sé átt við vísitölur sem uppfylla eftirtaldir viðmiðanir:

a) í þeim er fullnægjandi dreifing að því leyti að eftirtaldir viðmiðanir séu uppfylltar:

i. vísitalan er þannig samsett að breytingar á verðlagi eða viðskiptum að því er varðar einn þátt hafa ekki óhófleg áhrif á vísitöluna í heild,

ii. ef vísitalan er sett saman úr eignum sem um getur í 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE er samsetning hennar a.m.k. fjölbreytileg í samræmi við 22. gr. a í þeirri tilskipun,

iii. ef vísitalan er sett saman úr öðrum eignum en þeim sem um getur í 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE er dreifing hennar þannig að jafngildir því sem kveðið er á um í 22. gr. a í þeirri tilskipun,

b) í þeim endurspeglast viðkomandi markaður með fullnægjandi hætti að því leyti að eftirtaldir viðmiðanir séu uppfylltar:

i. vísitalan mælir á viðeigandi hátt sem skiptir máli árangur dæmigerðra undirliggjandi eigna,

ii. vísitalan er endurskoðuð eða þættir í henni endurvegnir reglulega til að tryggja að hún endurspegli áfram markaðina sem hún endurspeglar með því að fara eftir viðmiðunum sem eru opinberar og aðgengilegar,

iii. undirliggjandi eignir eru nægjanlega seljanlegar sem gerir notendum kleift að endurskapa vísitöluna sé það nauðsynlegt,

c) þær eru birtar opinberlega og með viðeigandi hætti þannig að eftirtaldir viðmiðanir eru uppfylltar:

i. útgáfuferli þeirra byggir á traustum aðferðum við samantekt á verði og til útreikninga og síðan birtingar vísitölnnar, þ.m.t. aðferðir við verðlagningu fyrir þætti ef markaðsverð liggur ekki fyrir,

ii. mikilvægar upplýsingar, s.s. um útreikning vísitölu, aðferðir við að endurvega þætti vísitalna, breytingar á vísitölu eða hvers konar vandkvæði við framkvæmd á veitingu tímanlegra eða nákvæmra upplýsinga eru veittar á breiðum og tímanlegum grundvelli.

2. Ef samsetning eigna, sem liggja til grundvallar afleiðusamningum í samræmi við 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 85/611/EBE, uppfyllir ekki viðmiðanirnar, sem settar eru fram í 1. mgr. þessarar greinar, skal, ef þessir afleiðusamningar uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í 1. mgr. 8. gr. í þessari tilskipun, litið á þá sem afleiðusamninga sem eru settir saman úr eignunum er um getur í i-, ii- og iii-lið a-liðar 1. mgr. 8. gr.

10. gr.

Ákvæði fjórðu undirgreinar 3. mgr. 21. gr. í tilskipun 85/611/EBE

Framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerningar innbyggðra afleiðna

1. Litið skal svo á að þegar vísað er til framseljanlegra verðbréfa með innbyggðri afleiðu í fjórðu undirgrein 3. mgr. 21. gr. í tilskipun 85/611/EBE sé átt við fjármálagerninga sem uppfylla viðmiðanirnar sem settar eru fram í 1. mgr. 2. gr. í þessari tilskipun og fela í sér þátt sem uppfyllir eftirtaldir viðmiðanir:

a) samkvæmt þeim þætti er hægt að breyta að hluta til eða öllu leyti því sjóðstreymi, sem annars væri gerð krafa um í framseljanlega verðbréfinu sem hefur hlutverk hýsilsamnings, í samræmi við tilgreinda vexti, verð fjármálagernings, gengi erlendra gjaldmiðla, vísitölu neysluverðs eða vaxta, lánsþæfismat eða lánsþjónuþingvísitölu eða aðrar breytur og breytist þar af leiðandi á svipaðan hátt og sjálfstæðar afleiður,

b) efnahagsleg einkenni og áhætta eru ekki nátengd efnahagslegum einkennum og áhættu vegna hýsilsamningsins,

c) hann hefur umtalsverð áhrif á áhættulýsingu og verðlagningu framseljanlegra verðbréfa.

2. Litið skal á peningamarkaðsgerninga, sem uppfylla eitt af viðmiðunum, sem settar eru fram í 2. mgr. 3. gr. og allar viðmiðanirnar sem settar eru fram í 1. og 2. mgr. 4. gr. og fela í sér þátt sem uppfyllir viðmiðanirnar sem settar eru fram í 1 mgr. þessarar greinar, sem peningamarkaðsgerninga með innbyggðri afleiðu.

3. Ekki skal litið svo á að framseljanlegt verðbréf eða peningamarkaðsgerningur sé með innbyggða afleiðu ef það felur í sér þátt sem samkvæmt samningi er framseljanlegur óháð framseljanlegu verðbréfinu eða peningamarkaðsgerningnum. Slíkur þáttur skal teljast sérstakur fjármálagerningur.

11. gr.

Ákvæði 2. mgr. 21. gr. í tilskipun 85/611/EBE

Aðferðir og gerningar til að auka skilvirkni í stýringu eignasafns

1. Litið skal svo á að þegar vísað er til aðferða og gerninga er varða framseljanleg verðbréf, og notuð eru í þeim tilgangi að auka skilvirkni í stýringu eignasafns í 2. mgr. 21. gr. í tilskipun 85/611/EBE, sé átt við aðferðir og gerninga sem uppfylla eftirtaldir viðmiðanir:

a) þau eiga við fjárhagslega að því leyti að þau eru innleysanleg á arðsaman hátt,

b) þau eru gerð vegna eins eða fleiri eftirtalinna sérmarkmiða:

i. að draga úr áhættu,

ii. að lækka kostnað,

iii. að mynda viðbótarfjármagn eða –tekjur fyrir verðbréfasjóðinn með áhættustigi sem er í samræmi við áhættulýsingu verðbréfasjóðsins og reglur um áhættudreifingu sem mælt er fyrir um í 22. gr. í tilskipun 85/611/EBE,

c) með áhættustjórnunarferli verðbréfasjóðsins er áhættu vegna þeirra stjórnað á viðeigandi hátt.

2. Litið skal svo á að með aðferðum og gerningum, sem samrýmast viðmiðunum, sem settar eru fram í 1. mgr. og tengjast peningamarkaðsgerningum, sé átt við aðferðir og gerninga sem tengjast peningamarkaðsgerningum til að auka skilvirkni í stýringu eignasafns sem um getur í 2. mgr. 21. gr. í tilskipun 85/611/EBE.

12. gr.

Ákvæði 1. mgr. 22. gr. a í tilskipun 85/611/EBE

Verðbréfasjóðir endurskapaðrar vísitölu

1. Litið skal svo á að þegar vísað er til endursköpunar á samsetningu tiltekinna hlutabréfa- eða skuldabréfavísitölu, sem um getur í 1. mgr. 22. gr. a í tilskipun 85/611/EBE, sé átt við endursköpun á samsetningu eigna sem liggja til grundvallar vísitölunni, þ.m.t. notkun afleiðdra gerninga og annarra aðferða og gerninga sem um getur í 2. mgr. 21. gr. í tilskipun 85/611/EBE og í 11. gr. þessarar tilskipunar.

2. Litið skal svo á að þegar vísað er til vísitölu sem hefur fullnægjandi dreifingu í fyrstu undirgrein 1. mgr. 22. gr. a í tilskipun 85/611/EBE, sé átt við vísitölu sem uppfyllir reglur um áhættudreifingu í 22. gr. a í þeirri tilskipun.

3. Litið skal svo á að þegar vísað er til vísitölu sem felur í sér fullnægjandi viðmiðun, sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 22. gr. a í tilskipun 85/611/EBE, sé átt við vísitölu sem er fengin með viðurkenndri aðferðafræði sem felur almennt ekki í sér útilokun stórtæks útgefanda á markaðnum sem hún á við um.

4. Litið skal svo á að þegar vísað er til vísitölu, sem er birt opinberlega með viðeigandi hætti, sem um getur í þriðju undirgrein 1. mgr. 22. gr. a í tilskipun 85/611/EBE, sé átt við vísitölu sem uppfyllir eftirtaldir viðmiðanir:

a) almenningur hefur aðgang að henni,

b) vísitölumiðlarinn er óháður verðbréfasjóði endurskapaðrar vísitölu.

Ákvæði b-liðar koma ekki í veg fyrir að vísitölumiðlarar og verðbréfasjóðurinn séu innan sömu samstæðu, að því tilskildu að skilvirkt fyrirkomulag á stjórnun hagsmunaaðrekstra sé fyrir hendi.

13. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta, í síðasta lagi 23. mars 2008, nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni þessi ákvæði og samsvörunartöflu yfir viðkomandi ákvæði og þessa tilskipun.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 23. júlí 2008.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

14. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

15. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. mars 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Charlie McCreevy

framkvæmdastjóri.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2012/EES/59/13

frá 12. maí 2010

um breytingu á ákvörðun 2009/821/EB að því er varðar skrárnar yfir skoðunarstöðvar á landamærum og um dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu (*)

(tilkynnt með númeri C(2010) 3040)

(2010/277/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/425/EBE frá 26. júní 1990 um eftirlit með dýraheilbrigði og dýrarækt í viðskiptum innan Bandalagsins með tiltekin dýr á fæti og afurðir til að stuðla að því að hinum innri markaði verði komið á ⁽¹⁾, einkum 1. og 3. mgr. 20. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/496/EBE frá 15. júlí 1991 um setningu meginreglna um fyrirkomulag heilbrigðiseftirlits með dýrum sem eru flutt til Bandalagsins frá þriðju löndum og breytingu á tilskipunum 89/662/EBE, 90/425/EBE og 90/675/EBE ⁽²⁾, einkum síðustu setningu í annarri undirgrein 4. mgr. 6. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins frá þriðju löndum ⁽³⁾, einkum 2. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB frá 28. september 2009 um að taka saman skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum, um að mæla fyrir um tilteknar reglur um skoðanir, sem framkvæmdar eru af heilbrigðissérfræðingum Bandalagsins á sviði dýra og dýraafurða og um að mæla fyrir um dýralæknaeiningar í Traces-tölvukerfinu ⁽⁴⁾ er mælt fyrir um skrá yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem eru samþykktar í samræmi við tilskipanir 91/496/EBE og 97/78/EB. Umrædd skrá er sett fram í I. viðauka við þá ákvörðun.
- 2) Skoðunarþjónusta framkvæmdastjórnarinnar, Matvæla- og dýraheilbrigðisskrifstofan, annaðist skoðun á skoðunarstöðinni á landamærum við höfnina í Antwerpen í Belgíu. Niðurstöður úr þeirri skoðun voru fullnægjandi. Því skal bæta skoðunarmiðstöð við þessa skoðunarstöð á landamærum í skránni sem sett er fram í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB. Að auki skal breyta flokkum núverandi skoðunarmiðstöðva við þessa skoðunarstöð á landamærum.

- 3) Skoðunarþjónusta framkvæmdastjórnarinnar, Matvæla- og dýraheilbrigðisskrifstofan, annaðist skoðun á skoðunarstöðinni á landamærum við höfnina í Gdańsk í Póllandi. Niðurstöður úr þeirri skoðun voru fullnægjandi. Því skal bæta skoðunarmiðstöð við þessa skoðunarstöð á landamærum í skránni sem sett er fram í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB.
- 4) Í kjölfar orðsendinga frá Danmörku og Póllandi skal fella tilteknar skoðunarmiðstöðvar við skoðunarstöðvar á landamærum þessara aðildarríkja brott úr skránni yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem sett er fram í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB.
- 5) Í kjölfar orðsendinga frá Frakklandi skal fella skoðunarstöðina á landamærum á flugvöllinum í Brest brott úr skránni yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem sett er fram í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB. Að auki skal breyta tilteknum flokkum, að því er varðar skoðunarstöðvar á landamærum á flugvöllinum Lyon-Saint Exupéry og flugvöllunum í Marseille og Nice, í skránni yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem sett er fram í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB.
- 6) Í kjölfar orðsendinga frá Ítalíu skal fella tiltekna flokka, að því er varðar skoðunarstöðvar á landamærum á flugvöllunum Milano-Linate og Milano-Malpensa og flugvöllunum í Palermo, Reggio Calabria og Rimini, tímabundið úr gildi í skránni sem sett er fram í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB. Að auki skal breyta tilteknum flokkum, að því er varðar skoðunarstöðina á landamærum við höfnina í Napolí, í skránni yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem sett er fram í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB.
- 7) Í kjölfar orðsendinga frá Lettlandi skal fella skoðunarstöðina á landamærum við höfnina í Ríga (Baltmarine Terminal) brott úr skránni yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem sett er fram í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB. Að auki skal leiðrétta skráningu flokka fyrir tvær skoðunarmiðstöðvarnar við samþykktu skoðunarstöðina á landamærum við höfnina í Ríga í skránni yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem sett er fram í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 121, 18.5.2010, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 61/2011 frá 1. júlí 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 54, 6.10.2011, bls. 13.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 29.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 268, 24.9.1991, bls. 56.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 296, 12.11.2009, bls. 1.

- 8) Í kjölfar orðsendingar frá Spáni skal breyta skránni yfir skoðunarstöðvar á landamærum fyrir aðildarríkið til að taka tillit til tímabundinnar sviptingar leyfis fyrir tvær skoðunarstöðvar á landamærum þess, til afléttingar á niðurfellingu á tilteknum flokkum afurða úr dýraríkinu, sem unnt er að skoða í einni af skoðunarstöðvum aðildarríkisins á landamærum, og til takmörkunar á samþykkisflokkum afurða úr dýraríkinu í annari skoðunarstöð þess á landamærum sem hefur þegar verið samþykkt í samræmi við ákvörðun 2009/821/EB.
- 9) Í kjölfar orðsendingar frá Hollandi skal breyta heiti einnar skoðunarmiðstöðvar við höfnina í Rotterdam í skránni yfir skoðunarstöðvar á landamærum sem sett er fram í I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB.
- 10) Mælt er fyrir um skrána yfir miðlægar einingar, svæðisbundnar einingar og staðareiningar í Traces-tölvukerfinu í II. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB.
- 11) Í kjölfar orðsendinga frá Danmörku, Þýskalandi, Írlandi, Ítalíu, Lettlandi og Finnlandi skulu tiltekna breytingar á miðlægu einingunum, svæðisbundnu einingunum og staðareiningunum í Traces-tölvukerfinu koma fram í II. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB að því er varðar þessi aðildarríki.
- 12) Því ber að breyta ákvörðun 2009/821/EB til samræmis við það.
- 13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

1. Ákvæðum I. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa ákvörðun.
2. Ákvæðum II. viðauka við ákvörðun 2009/821/EB er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 12. maí 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

John DALLI

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

1. Í þeim hluta sem varðar Belgíu komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir höfnina í Antwerpen:

„Antwerpen Anvers	BE ANR 1	P	GIP LO	HC(2), NHC	
			Kaai 650	HC(2)	
			Afrulog	HC(2), NHC“	

2. Í þeim hluta sem varðar Danmörku falli færslan fyrir skoðunarmiðstöðina Centre 1, SAS 1 (North) fyrir flugvöllinn í Kaupmannahöfn brott.

3. Þeim hluta sem varðar Spán er breytt sem hér segir:

- a) Í stað færslunnar fyrir flugvöllinn í Almería komi eftirfarandi:

„Almería (*)	ES LEI 4	A		HC(2) (*), NHC(2) (*)	O (*)“
--------------	----------	---	--	-----------------------	--------

- b) Í stað færslunnar fyrir flugvöllinn í Astúríu komi eftirfarandi:

„Asturias (*)	ES AST 4	A		HC(2) (*)“	
---------------	----------	---	--	------------	--

- c) Í stað færslunnar fyrir flugvöllinn í Palma de Mallorca komi eftirfarandi:

„Palma de Mallorca	ES PMI 4	A		HC(2), NHC(2)	O“
--------------------	----------	---	--	---------------	----

- d) Í stað færslunnar fyrir flugvöllinn í Vitoria komi eftirfarandi:

„Vitoria	ES VIT 4	A	Productos	HC(2), NHC-NT(2), NHC-T(CH)(2)	
			Animales		U, E, O“

4. Þeim hluta sem varðar Frakkland er breytt sem hér segir:

- a) Færslan fyrir skoðunarstöð á landamærum við flugvöllinn í Brest falli brott.

- b) Í stað færslunnar fyrir flugvöllinn Lyon-Saint Exupéry komi eftirfarandi:

„Lyon-Saint Exupéry	FR LIO 4	A		HC-T(1), HC-NT, NHC“1	
---------------------	----------	---	--	--------------------------	--

- c) Í stað færslunnar fyrir flugvöllinn í Marseille komi eftirfarandi:

„Marseille Aéroport	FR MRS 4	A		HC-T(1), HC-NT“	
---------------------	----------	---	--	-----------------	--

- d) Í stað færslunnar fyrir flugvöllinn í Nice komi eftirfarandi:

„Nice	FR NCE 4	A		HC-T(CH) (1) (2)	O (14)“
-------	----------	---	--	------------------	---------

5. Þeim hluta sem varðar Ítalíu er breytt sem hér segir:

- a) Í stað færslunnar fyrir flugvöllinn Milano-Linate komi eftirfarandi:

„Milano-Linate	IT LIN 4	A		HC(2), NHC(2)	O (*)“
----------------	----------	---	--	---------------	--------

b) Í stað færslunnar fyrir flugvöllinn Milano-Malpensa komi eftirfarandi:

„Milano-Malpensa	IT MXP 4	A	Magazzini aeroportuali ALHA	HC(2), NHC(2)	
			SEA		U, E
			Cargo City MLE	HC, NHC (*)	O“

c) Í stað færslunnar fyrir höfnina í Napólí komi eftirfarandi:

„Napoli	IT NAP 1	P	Molo Bausan	HC, NHC-NT“	
---------	----------	---	-------------	-------------	--

d) Í stað færslunnar fyrir flugvöllinn í Palermo komi eftirfarandi:

„Palermo (*)	IT PMO 4	A		HC-T (*)“	
--------------	----------	---	--	-----------	--

e) Í stað færslunnar fyrir flugvöllinn í Reggio Calabria komi eftirfarandi:

„Reggio Calabria (*)	IT REG 4	A		HC (*), NHC (*)“	
----------------------	----------	---	--	------------------	--

f) Í stað færslunnar fyrir flugvöllinn í Rimini komi eftirfarandi:

„Rimini (*)	IT RMI 4	A		HC(2) (*), NHC(2) (*)“	
-------------	----------	---	--	------------------------	--

6. Þeim hluta sem varðar Lettland er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslunnar fyrir höfnina í Ríga komi eftirfarandi:

„Riga (Riga port)	LV RIX 1a	P		HC(2), NHC(2)	
			Kravu termināls	HC-T(FR)(2), HC-NT(2)“	

b) Færslan fyrir skoðunarstöðina á landamærum við höfnina í Ríga (Baltmarine Terminal) falli brott.

7. Í þeim hluta sem varðar Holland komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir höfnina í Rotterdam:

„Rotterdam	NL RTM 1	P	Eurofrigo Karimatastraat	HC, NHC-T(FR), NHC-NT	
			Eurofrigo, Abel Tasmanstraat	HC	
			Frigocare Rotterdam B.V.	HC-T(FR)(2)	
			Wibaco	HC-T(FR)(2), HC-NT(2)“	

8. Þeim hluta sem varðar Pólland er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslunnar fyrir höfnina í Gdańsk komi eftirfarandi:

„Gdańsk	PL GDN 1	P	IC 1	HC(2), NHC	
			IC 2	HC(2), NHC(2)“	

b) Í stað færslunnar fyrir höfnina í Gdynia komi eftirfarandi:

„Gdynia	PL GDY 1	P	IC 1	HC, NHC	U, E, O“
---------	----------	---	------	---------	----------

II. VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

1. Í þeim hluta sem varðar Danmörku komi eftirfarandi í stað færslanna fyrir núverandi svæðisbundnu einingarnar þrjár
NORD, SYD, ØST og staðareiningarnar:

„DK00001 REGION VEST

DK00800 HADERSLEV

DK00900 ESBJERG

DK01000 VEJLE

DK01100 HERNING

DK01200 ÁRHUS

DK01300 VIBORG

DK01400 AALBORG

DK00002 REGION ØST

DK00100 RØDOVRE

DK00400 RINGSTED

DK00700 ODENSE“

2. Í þeim hluta sem varðar Þýskaland er færslunni fyrir „NIEDERSACHSEN“ breytt sem hér segir:

- a) Í stað ZWECKVERBAND JADE-WESER komi eftirfarandi:

„DE14103 ZWECKVERBAND VETERINÄRAMT JADEWESER“

- b) Í stað BRAKE, ZWECKVERBAND JADE-WESER komi eftirfarandi:

„DE46103 BRAKE, ZWECKVERBAND VETERINÄRAMT JADEWESER“

- c) Í stað WITTMUND, ZWECKVERBAND JADE-WESER komi eftirfarandi:

„DE46903 WITTMUND, ZWECKVERBAND VETERINÄRAMT JADEWESER“

3. Í þeim hluta sem varðar Írland falli eftirfarandi færslur fyrir staðareiningar brott:

„IE00100 CARLOW

IE00300 CLARE

IE01000 KILKENNY

- IE01400 LONGFORD
- IE01500 LOUTH
- IE02100 TIPPERARY NORTH
- IE01200 SLIGO“
4. Í þeim hluta sem varðar Ítalíu á svæðinu „LOMBARDIA“ komi eftirfarandi í stað færslunnar fyrir staðareininguna MILANO 3:
- „IT02903 MONZA e BRIANZA“
5. Þeim hluta sem varðar Lettland er breytt sem hér segir:
- a) Í stað færslunnar fyrir staðareininguna RIGA (BFT) komi eftirfarandi:
- „LV00028 RIGA-MN“
- b) Færslan fyrir eftirfarandi staðareiningu falli brott:
- „LV00030 BALTMARINE TERMINAL“
6. Þeim hluta sem varðar Finnland er breytt sem hér segir:
- a) Í stað færslunnar fyrir miðlægu eininguna komi eftirfarandi:
- „FI00000 ELINTARVIKETURVALLISUUSVIRASTO EVIRA“
- b) Í stað færslanna fyrir staðareiningarnar komi eftirfarandi:
- „FI00100 ETELÄ-SUOMEN ALUEHALLINTOVIRASTO, HELSINKI
- FI00200 LOUNAI-SUOMEN ALUEHALLINTOVIRASTO
- FI00300 AHVENANMAAN VALTIONVIRASTO
- FI00400 ETELÄ-SUOMEN ALUEHALLINTOVIRASTO, HÄMEENLINNA
- FI00402 LÄNSI- JA SISÄ-SUOMEN ALUEHALLINTOVIRASTO, TAMPERE
- FI00500 ETELÄ-SUOMEN ALUEHALLINTOVIRASTO, KOUVOLA
- FI00600 ITÄ-SUOMEN ALUEHALLINTOVIRASTO, MIKKELI
- FI00700 ITÄ-SUOMEN ALUEHALLINTOVIRASTO, JOENSUU
- FI00800 ITÄ-SUOMEN ALUEHALLINTOVIRASTO, KUOPIO
- FI00900 LÄNSI- JA SISÄ-SUOMEN ALUEHALLINTOVIRASTO, JYVÄSKYLÄ
- FI01000 LÄNSI- JA SISÄ-SUOMEN ALUEHALLINTOVIRASTO, VAASA
- FI01100 POHJOIS-SUOMEN ALUEHALLINTOVIRASTO
- FI01200 LAPIN ALUEHALLINTOVIRASTO“
-

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2012/EES/59/14

frá 19. apríl 2010

um Evrópskan gagnabanka um lækningatæki (Eudamed) (*)

(tilkynnt með númeri C(2010) 2363)

(2010/227/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/385/EBE frá 20. júní 1990 um samræmingu laga aðildarríkjanna um virk, ígræðanleg lækningatæki ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr. b,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 93/42/EBE frá 14. júní 1993 um lækningatæki ⁽²⁾, einkum 3. mgr. 14. gr. a,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB frá 27. október 1998 um lækningabúnað til sjúkdómsgreiningar í glasi ⁽³⁾, einkum 3. mgr. 12. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipanir 90/385/EBE, 93/42/EBE og 98/79/EB innihalda ákvæði um Evrópskan gagnabanka um lækningatæki þar sem þess er krafist að slíkur gagnabanki verði stofnaður.
- 2) Markmiðið með Evrópska gagnabankanum um lækningatæki er að styrkja markaðseftirlit með því að veita lögbærum yfirvöldum skjótan aðgang að upplýsingum um framleiðendur og viðurkennda fulltrúa þeirra, að

tækjum og vottorðum sem og að gögnum um gátarferlið, að deila upplýsingum um gögn um klínískar rannsóknir ásamt því að stuðla að samræmdri beitingu þessara tilskipana, einkum í tengslum við kröfur um skráningu.

- 3) Gagnabankinn skal því innihalda þau gögn sem krafist er samkvæmt tilskipunum 90/385/EBE, 93/42/EBE og 98/79/EB, einkum að því er varðar skráningu framleiðenda og tækja, gögn varðandi vottorð sem eru gefin út eða endurnýjuð, breytt, rýmkuð, felld úr gildi tímabundið, afturkölluð eða sem er synjað, gögn sem aflað hefur verið í samræmi við gátarferlið og gögn um klínískar rannsóknir.
- 4) Slíkur gagnabanki hefur verið þróaður af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins í samstarfi við aðildarríkin undir nafninu „Evrópskur gagnabanki um lækningatæki (Eudamed)“ og er notaður af mörgum aðildarríkjanna að þeirra eigin frumkvæði.
- 5) Gögnin skulu færð inn í gagnabankann með þeim aðferðum sem mælt er fyrir um við gagnaflutninga.
- 6) Rétt þykir að nota alþjóðlega viðurkennt nafnakerfi fyrir lækningatæki við færslu gagna inn í Evrópska gagnabankann um lækningatæki til þess að unnt sé að gera samræmda lýsingu á viðkomandi tækjum og til að notkun gagnabankans verði skilvirk. Þar sem færa má inn gögn á öllum opinberum tungumálum Bandalagsins skal nota tölulega kóða til að auðvelda leit að tækjum.
- 7) Alþjóðlegt nafnakerfi fyrir lækningatæki (e. Global Medical Device Nomenclature) hefur verið þróað í samræmi við staðal EN ISO 15225:2000 nafnakerfi en forskrift nafnakerfis fyrir lækningatæki, vegna skyldubundinna upplýsingaskipta, er dæmi um slíkt alþjóðlega viðurkennt nafnakerfi. Í niðurstöðum ráðsins frá 2. desember 2003 um lækningatæki ⁽⁴⁾ var minnt á nauðsyn þess að stofna og viðhalda Evrópskum gagnabanka um lækningatæki og, sem grundvöll fyrir gagnabankann, að hrinda í framkvæmd alþjóðlegu nafnakerfi fyrir lækningatæki.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 102, 23.4.2010, bls. 45. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 131/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á II. við-auka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 15, 15.3.2012, bls. 18.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 189, 20.7.1990, bls. 17.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 169, 12.7.1993, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 331, 7.12.1998, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB C 20, 24.1.2004, bls. 1.

- 8) Viðeigandi umbreytingartímabil er nauðsynlegt til að gera aðildarríkjum kleift að undirbúa lögboðna notkun Evrópska gagnabankans um lækningatæki og að taka tillit til þeirra breytinga sem innleiddar voru með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/47/EB frá 5. september 2007 um breytingu á tilskipun ráðsins 90/385/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um virk, ígræðanleg lækningatæki, tilskipun ráðsins 93/42/EBE um lækningatæki og tilskipun 98/8/EB um markaðssetningu sáfiefna ⁽⁵⁾.
- 9) Aðildarríkjunum skal eingöngu gert skylt að færa inn gögn sem voru fyrirbyggjandi fyrir 1. maí 2011 að því marki sem nauðsynlegt er vegna framtíðarstarfsemi Evrópska gagnabankans um lækningatæki. Nauðsynlegt er, með tilliti til heildstæðni Evrópska gagnabankans um lækningatæki, að færa inn gögn, sem voru fyrirbyggjandi fyrir 1. maí 2011, um framleiðandann, viðurkenndan fulltrúa hans og um skráningu tækja, sem krafist er samkvæmt tilskipunum 93/42/EBE og 98/79/EB, á því formi sem slík gögn liggja fyrir á landsvísu.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um lækningatæki.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Með ákvörðun þessari er komið á fót Evrópska gagnabankanum um lækningatæki sem gagnabanki í samræmi við 10. gr. b (3. mgr.) tilskipunar 90/385/EBE, 14. gr. a (3. mgr.) tilskipunar 93/42/EBE og 12. gr. (3. mgr.) tilskipunar 98/79/EB.

2. gr.

Aðildarríki skulu tryggja að gögnin, sem vísað er til í 10. gr. b (a- og b-lið 1. mgr.) tilskipunar 90/385/EBE, 14. gr. a (a-, b- og c-lið 1. mgr.) tilskipunar 93/42/EBE og 12. gr. (a-, b- og c-lið 1. mgr.) tilskipunar 98/79/EB, séu færð inn í Evrópska gagnabankann um lækningatæki í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

Að því er varðar klínískar rannsóknir skulu aðildarríkin tryggja að útdráttur úr þeim tilkynningum sem vísað er til í 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 90/385/EBE og 1. mgr. 15. gr. tilskipunar 93/42/EBE og þær upplýsingar sem um getur í 3. og 4. mgr. 10. gr. tilskipunar 90/385/EBE og í 6. og 7. mgr.

15. gr. tilskipunar 93/42/EBE sé færður inn í Evrópska gagnabankann um lækningatæki í samræmi við viðaukann við þessa ákvörðun.

3. gr.

Evrópski gagnabankinn um lækningatæki skal nota HTTPS-samskiptareglur og stækkanlegt ívafsmál (XML).

4. gr.

Við færslu gagna í Evrópska gagnabankann um lækningatæki geta aðildarríkin valið á milli beinlínutengdrar gagnaskráningar og að hala upp XML-skjölum.

Aðildarríkin skulu tryggja að þegar gögn eru skráð í Evrópska gagnabankann um lækningatæki, sé lækningatækjum lýst með því að nota kóða frá alþjóðlega viðurkenndu nafnakerfi um lækningatæki.

5. gr.

Að því er varðar gögn, sem voru fyrirbyggjandi fyrir þá dagsetningu sem um getur í 6. gr., skulu aðildarríkin tryggja að gögn um skráningu framleiðenda, viðurkenndra fulltrúa og tækja séu skráð í Evrópska gagnabankann um lækningatæki í samræmi við a-lið 1. mgr. 14 gr. a tilskipunar 93/42/EBE og a-lið 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 98/79/EB.

Þessi gögn skulu skráð eigi síðar en 30. apríl 2012.

6. gr.

Aðildarríkin skulu beita þessari ákvörðun frá og með 1. maí 2011.

7. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. apríl 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

John Dalli

forseti.

⁽⁵⁾ Stjótið. ESB L 247, 21.9.2007, bls. 21.

VIÐAUKI

Tafla sem sýnir lögboðna upplýsingareiti í viðeigandi forritseiningu Evrópska gagnabankans um lækningatæki í samræmi við skuldbindingarnar sem leiða af tilskipunum 93/42/EBE, 90/385/EBE og 98/79/EB

Tilskipun 93/42/EBE	Lágmarksgögn sem krafist er við gagnaskráningu í Evrópska gagnabankann um lækningatæki
a-liður 1. mgr. 14. gr. a og 1. og 2. mgr. 14. gr.	<p>1. Aðili (framleiðandi/viðurkenndur fulltrúi):</p> <ul style="list-style-type: none"> a) nafn, b) gata, c) staður, d) póstnúmer, e) land, f) símanúmer eða netfang, g) hlutverk. <p>2. Tæki:</p> <ul style="list-style-type: none"> a) alþjóðlega viðurkenndur kóði í nafnakerfi (fyrir gögn sem er aflað eftir 1. maí 2011), b) heiti/tegund tækis eða, ef það er ekki tiltækt, almennt heiti.
b-liður 1. mgr. 14. gr. a	<p>3. Vottorð:</p> <ul style="list-style-type: none"> a) nr. vottorðs, b) tegund vottorðs, c) útgáfudagur, d) fyrningardagsetning, e) framleiðandi og, ef við á, viðurkenndur fulltrúi (sjá reitina í 1. lið „Aðili“), f) tilkynntur aðili (valinn úr kerfinu), g) almenn notkunarlýsing og, ef við á, upplýsingar um tækið (sjá reitina í 2. lið „Tæki“), h) staða og, ef við á, ástæður fyrir ákvörðun tilkynnts aðila.
c-liður 1. mgr. 14. gr. a og 3. mgr. 10. gr.	<p>4. Atvik (skýrsla lögbærs yfirvalds í hverju aðildarríki):</p> <ul style="list-style-type: none"> a) tilvísun lögbærs yfirvalds, b) framleiðandi, og ef við á, viðurkenndur fulltrúi (sjá reitina í 1. lið „Aðili“), c) tengiliður framleiðanda, d) tilvísun framleiðanda/númer öryggistengdra ráðstafana til úrbóta (FSCA-nr.) (e. <i>Field Safety Corrective Action</i>), e) tæki (sjá reitina í 2. lið „Tæki“) og, ef við á, lotunúmer, raðnúmer, útgáfa hugbúnaðar, f) tilkynntur aðili (valinn úr kerfinu), g) tæki sem vitað er til að sé á markaði í, h) trúnaðarkvöð, i) heildarrannsókn, j) bakgrunnsupplýsingar (lýsing), k) niðurstaða, l) tilmæli, m) aðgerð og lýsing á aðgerðinni.

d-liður 1. mgr. 14. gr. a og 1., 6. og 7. mgr. 15. gr.	<p>5. Klínísk rannsókn:</p> <p>a) framleiðandi, og ef við á, viðurkenndur fulltrúi (sjá reitina í 1. lið „Aðili“),</p> <p>b) tæki (sjá reitina í 2. lið „Tæki“),</p> <p>c) titill rannsóknar,</p> <p>d) númer aðferðarlýsingar,</p> <p>e) meginmarkmið,</p> <p>f) tengiliður lögbærs yfirvalds við þessa klínísku rannsókn,</p> <p>g) ákvarðanir lögbærs yfirvalds skv. 6. mgr. 15. gr., dagsetning ákvörðunarinnar og forsendur fyrir henni,</p> <p>h) snemmbúin lok af öryggisástæðum skv. 7. mgr. 15. gr., dagsetning ákvörðunar og forsendur fyrir henni.</p>
Tilskipun 90/385/EBE	Lágmarksgögn sem krafist er við gagnafærslu í Evrópska gagnabankann um lækningatæki
a-liður 1. mgr. 10. gr. b	6. Vottorð (sjá reitina í 3. lið „Vottorð“)
b-liður 1. mgr. 10. gr. b og 3. mgr. 8. gr.	7. Atvik (sjá reitina í 4. lið „Atvik“)
c-liður 1. mgr. 10. gr. b og 1., 3. og 4. mgr. 10. gr.	<p>8. Klínísk rannsókn (sjá reitina í a- til f-lið í 5. lið „Klínísk rannsókn“):</p> <p>a) ákvarðanir lögbærs yfirvalds skv. 3. mgr. 10. gr., dagsetning ákvörðunarinnar og forsendur fyrir henni,</p> <p>b) snemmbúin lok af öryggisástæðum skv. 4. mgr. 10. gr., dagsetning ákvörðunar og forsendur fyrir henni.</p>
Tilskipun 98/79/EB	Lágmarksgögn sem krafist er við gagnafærslu í Evrópska gagnabankann um lækningatæki
a-liður 1. mgr. 12. gr. og 1., 3., og 4. mgr. 10. gr. ásamt 4. lið VIII. viðauka	<p>9. Aðili (fyrir öll lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi): Heimilisfang framleiðanda eða viðurkenns fulltrúa hans (sjá reitina í 1. lið „Aðili“).</p> <p>10. Tæki: um öll lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi,</p> <p>a) tæki (sjá reitina í 2. lið „Tæki“),</p> <p>b) upplýsingar um hvort tækið er „nýtt“,</p> <p>c) setning á markað stöðvuð, þar að auki, að því er varðar II. viðauka og sjálfsprófanir,</p> <p>d) niðurstöður úr mati á nothæfi, ef við á,</p> <p>e) vottorð (sjá reitina í 3. lið „Vottorð“),</p> <p>f) samræmi við sameiginlegar tækniforskriftir, ef við á,</p> <p>g) kennsl borin á tæki.</p>
b-liður 1. mgr. 12. gr.	11. Vottorð (sjá reitina í 3. lið „Vottorð“)
c-liður 1. mgr. 12. gr. og 3. mgr. 11. gr.	12. Atvik (sjá reitina í 4. lið „Atvik“)

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2012/EES/59/15

frá 4. maí 2011

um að koma á fót evrópskum ráðgjafahópi um skynvædd flutningakerfi (*)

(2011/C 135/03)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/40/ESB frá 7. júlí 2010 um ramma um útbreiðslu skynvæddra flutningakerfa á sviði flutninga á vegum og um tenginga þeirra við aðra flutningsmáta ⁽¹⁾, einkum 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 16. gr. tilskipunar 2010/40/ESB er þess krafist að framkvæmdastjórnin komi á fót evrópskum ráðgjafahópi um skynvædd flutningakerfi til ráðgjafar um viðskiptalega og tæknilega þætti útbreiðslu og notkunar skynvæddra flutningakerfa í Sambandinu.
- 2) Því er nauðsynlegt að koma á fót sérfræðingahópi á sviði skynvæddra flutningakerfa og skilgreina verkefni og skipan hans.
- 3) Hinn evrópski ráðgjafahópur um skynvædd flutningakerfi skal veita framkvæmdastjórninni ráð um viðskiptalega og tæknilega þætti útbreiðslu og notkunar skynvæddra flutningakerfa í Sambandinu.
- 4) Hinn evrópski ráðgjafahópur um skynvædd flutningakerfi skal skipaður hátt settum fulltrúum viðkomandi veitenda skynvæddrar flutningakerfisþjónustu, samtaka notenda, rekstraraðilum flutningaþjónustu og aðstöðu, framleiðsluiðnaði, aðilum vinnumarkaðarins, fagfélögum, staðaryfirvöldum og af öðrum viðeigandi vettvangi.
- 5) Mæla skal fyrir um reglur um hvernig aðilar evrópska ráðgjafahópsins um skynvædd flutningakerfi veita upplýsingar.
- 6) Vinnsla persónuupplýsinga skal vera í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2001 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ⁽²⁾.
- 7) Rétt þykir að setja tímamörk vegna beitingar þessarar ákvörðunar. Framkvæmdastjórnin mun innan hæfilegs tíma taka réttmæti framlengingar til athugunar.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Efni

Sérfræðingahópurinn um skynvædd flutningakerfi, hér á eftir nefndur „evrópski ráðgjafahópurinn um skynvædd flutningakerfi“, er hér með komið á fót.

2. gr.

Verkefni

Verkefni evrópska ráðgjafahópsins um skynvædd flutningakerfi skal vera:

- a) að aðstoða framkvæmdastjórnina við undirbúning forskrifta, sem samþykkja á sem afleiddar gerðir samkvæmt tilskipuninni um skynvædd flutningakerfi, einkum með því að gefa álit um tæknilega og viðskiptalega þætti þeim tengd,
- b) að fylgjast með stefnumótun á sviði skynvæddra flutningakerfa og veita framkvæmdastjórninni ráðgjöf og leiðbeiningar um öll önnur málefni (sem tengjast forskriftunum óbeint) sem tengjast útbreiðslu og notkun skynvæddra flutningakerfa í Sambandinu,
- c) að stuðla að miðlun á reynslu og góðum starfsvenjum í tengslum við útbreiðslu og rekstur skynvæddra flutningakerfa.

3. gr.

Samráð

Framkvæmdastjórnin getur haft samráð við evrópska ráðgjafahópinn um skynvædd flutningakerfi um hvaða mál sem er sem tengist útbreiðslu og notkun skynvæddra flutningakerfa í Sambandinu samhliða því að hvetja aðila til að stinga upp á fleiri málum sem taka á til umræðu.

4. gr.

Aðild — tilnefning

1. Í evrópska ráðgjafahópnum um skynvædd flutningakerfi skulu vera 25 aðilar.
 2. Aðilar skulu vera:
 - einstaklingar sem eru skipaðir fulltrúar hagsmunaaðila með sameiginleg hagsmunamál í sérstökum málaflokkum og eru ekki fulltrúar einstaks hagsmunaaðila,
- eða
- stofnanir, í víðasta skilningi orðsins, þ.m.t. fyrirtæki, samtök, frjáls félagasamtök, stéttarfélög, háskólar, rannsóknarstofnanir, stofnanir Sambandsins, aðila Sambandsins og alþjóðastofnanir.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 135, 5.5.2011, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 140/2011 frá 2. desember 2011 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 15, 15.3.2012, bls. 29.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 207, 6.8.2010, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.

3. Aðilar skulu tilnefndir af framkvæmdastjóra stjórnarsviðs hreyfanleika og flutningamála úr röðum sérfræðinga eða stofnana, sem eru fulltrúar hagsmunaaðila sem taldir eru upp í 16. gr. tilskipunar 2010/40/ESB, sem hafa hæfni á þeim sviðum sem um getur í 2. og 3. gr. og hafa svarað auglýsingum um umsóknir.

4. Aðilar skulu skipaðir til þriggja ára. Þeir skulu gegna starfi sínu þar til skipunartíma þeirra lýkur. Heimilt er að endurnýja skipunartíma þeirra.

5. Framkvæmdastjórnin, eða þjónustudeildir hennar, skal taka saman varalista yfir hæfa umsækjendur sem hægt er að nota til að skipa hæfa staðgengla. Framkvæmdastjórnin, eða þjónustudeildir hennar, skal biðja um samþykki umsækjenda áður en nöfn þeirra eru sett á listann.

6. Heimilt er að velja staðgengla til loka skipunartímans fyrir þá aðila sem ekki eru lengur færir um að taka virkan þátt í umræðum evrópska ráðgjafahópsins um skynvædd flutningakerfi, sem segja af sér störfum eða fara ekki að skilyrðum sem sett eru fram í 3. mgr. þessarar greinar, eða 339. gr. sáttmálsins um starfshætti Evrópusambandsins.

7. Nöfn aðila skulu birt í skránni yfir sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar og aðrar svipaðar einingar („skráin“) ⁽¹⁾.

8. Söfnun, vinnsla og birting á persónuupplýsingum fer fram í samræmi við reglugerð (EB) nr. 45/2001.

5. gr.

Starfsemi

1. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar fer með formennsku í evrópska ráðgjafahópnum um skynvædd flutningakerfi.

2. Í samráði við skrifstofu framkvæmdastjórnarinnar getur evrópski ráðgjafahópurinn um skynvædd flutningakerfi komið á undirhópum til að skoða sérstök álitæfni í samræmi við þær starfsskyldur sem ráðgjafahópurinn skilgreinir. Slíkir undirhópar skulu leystir upp um leið og þeir ljúka þeim verkefnum sem umboð þeirra tekur til.

3. Í sérstökum tilvikum getur fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar boðið utanaðkomandi sérfræðingum með sérþekkingu á því máli sem er á dagskrá til að taka þátt í starfi evrópska ráðgjafahópsins um skynvædd flutningakerfi eða undirhópsins. Þar að auki getur fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar veitt einstaklingum eða stofnunum stöðu áheyrnarfulltrúa.

4. Aðilar í sérfræðingahópum, og fulltrúar þeirra, sem og sérfræðingar og áheyrnarfulltrúar sem hefur verið boðin

þátttaka, skulu virða þagnarskyldu sem mælt er fyrir um í sáttmálunum og framkvæmdarreglum þeirra, sem og reglur framkvæmdastjórnarinnar um öryggi hvað varðar verndun trúnaðarupplýsinga ESB, sem mælt er fyrir um í viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/844/EB, KSE, KBE ⁽²⁾. Virði þeir ekki þessar skuldbindingar getur framkvæmdastjórnin gripið til allra viðeigandi ráðstafana.

5. Fundir sérfræðingahópa og undirhópa skulu haldnir í húsnaði framkvæmdastjórnarinnar. Framkvæmdastjórnin skal sjá fyrir skrifstofuþjónustu. Aðrir embættismenn framkvæmdastjórnarinnar, sem hafa áhuga á málsmeðferðinni, geta setið fundi evrópska ráðgjafahópsins um skynvædd flutningakerfi og undirhópa hans.

6. Evrópski ráðgjafahópurinn um skynvædd flutningakerfi setur sér starfsreglur á grundvelli staðlaðra starfsreglna sem gilda fyrir sérfræðingahópa.

7. Framkvæmdastjórnin birtir viðeigandi upplýsingar um starfsemi evrópska ráðgjafahópsins um skynvædd flutningakerfi annaðhvort í skránni eða í gegnum hlekk sem er í skránni inn á sérstakt vefsetur.

6. gr.

Kostnaður vegna fundarhalda

1. Aðilar sem taka þátt í starfsemi evrópska ráðgjafahópsins um skynvædd flutningakerfi skulu ekki þiggja laun fyrir þau störf sem þeir leysa af hendi.

2. Ferða- og dvalarkostnað vegna útgjalda aðila sem taka þátt í starfsemi evrópska ráðgjafahópsins um skynvædd flutningakerfi, skal framkvæmdastjórnin endurgreiða í samræmi við gildandi ákvæði framkvæmdastjórnarinnar.

3. Þessi kostnaður skal endurgreiddur innan marka tiltækra fjárveitinga, sem úthlutaðar eru samkvæmt árlegri málsmeðferð við úthlutun fjármagns.

7. gr.

Gildissvið

Ákvörðun þessi gildir til 27. ágúst 2017.

Gjört í Brussel 4. maí 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

⁽¹⁾ Aðilar sem óska þess ekki að nöfn þeirra séu birt geta sótt um undanþágu frá þessari reglu. Beiðnin um að birta ekki nafn aðila í sérfræðingahópi skal vera talin réttmæt þegar birting getur talist stofna öryggi eða ráðvendi hans/hennar í hættu eða hafi veruleg áhrif á friðhelgi einkalífs hans/hennar.

⁽²⁾ Ákvörðun ráðsins 2001/844/EB, KSE, KBE frá 29. nóvember 2001 um breytingu á innri starfsreglum (Stjtið. EB L 317, 3.12.2001, bls. 1).

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2010/76/ESB

2012/EES/59/16

frá 24. nóvember 2010

um breytingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB að því er varðar eiginfjárkröfur vegna veltubókar og endurverðbréfa og eftirlit með starfskjarastefnu (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAGA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum l. mgr. 53. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

með hliðsjón af álit Seðlabanka Evrópu⁽¹⁾,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndar Evrópu-bandalaganna⁽²⁾,

í samræmi við almenna löggjafar meðferð⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Mikil og óhyggileg áhættusækni í bankageiranum leiddi til falls einstakra fjármálastofnana og kerfislægra vandamála í aðildarríkjum og á alþjóðavettvangi. Ástæður slíkrar áhættusækni eru margar og flóknar, en eftirlitsyfírvöld og eftirlitsstofnanir, þ.m.t. G-20 og evrópska bankaeftirlitsnefndin (CEBS), eru sammála um að óheppilegt fyrirkomulag starfskjara sumra fjármálastofnana hafi verið áhrifaþáttur. Starfskjarastefna sem hvetur til áhættutöku, sem er umfram almennt áhættuþol stofnunar, getur grafið undan traustri og skilvirkri áhættustýringu og aukið á óhóflega áhættusækni. Þess vegna eru alþjóðlega samþykktu og staðfestu meginreglur ráðgjafanefndarinnar um fjármála-stöðugleika (FSB) um góðar þóknunarvenjur (meginreglur ráðgjafanefndarinnar um fjármála-stöðugleika) sérstaklega mikilvægar.
- 2) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 um stofnun og rekstur lánastofnana⁽⁴⁾ er

þess krafist að lánastofnanir hafi fyrirkomulag, áætlanir, ferli og kerfi til þess að stýra áhættu sem þær eru óvarðar fyrir. Samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/49/EB frá 14. júní 2006 um eiginfjárkröfur fjárfestingarfyrirtækja og lánastofnana⁽⁵⁾ gilda kröfurnar um fjárfestingarfyrirtæki í skilningi tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga⁽⁶⁾. Í tilskipun 2006/48/EB er þess krafist að lögbær yfírvöld endurskoði viðkomandi fyrirkomulag, áætlanir, ferli og kerfi og ákvarði hvort eigið fé hlutaðeigandi lánastofnunar eða fjárfestingarfyrirtækis tryggi trausta stýringu og vörn þeirrar áhættu sem stofnunin eða fyrirtækið er eða kann að vera óvarið fyrir. Slíkt eftirlit fer fram á samstæðugrundvelli í tengslum við bankasamstæður og nær til eignarhaldsfélaga á fjármálasviði og hlutdeildarfélag fjármálastofnana í öllum lögsögum.

- 3) Til að takast á við möguleg skaðleg áhrif af illa útfærðri uppbyggingu starfskjara á trausta stýringu á áhættu og eftirlit með áhættusækni einstaklinga, skal bæta við kröfurnar í tilskipun 2006/48/EB skýlausri skyldu lánastofnana og fjárfestingarfyrirtækja til að koma á og viðhalda starfskjarastefnu og -venjum, sem eru í samræmi við skilvirka áhættustýringu, að því er varðar flokka starfsfólks sem vinnur störf sem hafa marktæk áhrif á áhættusnið þess. Þessir hópar starfsfólks skulu a.m.k. vera yfirstjórn, þeir sem taka áhættu, starfsfólk við eftirlitsstörf og aðrir starfsmenn ef starfskjör þeirra, þ.m.t. valkvæð lífeyrisréttindi, skipa þeim í sama flokk og yfirstjórn og þeim sem taka áhættu.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 329, 14.12.2010, bls. 3. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 34, 21.6.2012, bls. 30.

(1) Stjtið. ESB C 291, 1.12.2009, bls. 1.

(2) Álit frá 20. janúar 2010 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

(3) Afstaða Evrópuþingsins frá 7. júlí 2010 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 11. október 2010.

(4) Stjtið. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 1.

(5) Stjtið. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 201.

(6) Stjtið. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1.

starfskjarastefnu og -venjur, komi til framkvæmda á samræmdan hátt og nái yfir alla þætti starfskjara, þ.m.t. laun, valkvæðan lífeyri og sambærilegan ávinning. Í því samhengi er valkvæður lífeyrir greiðsla lánastofnunar eða fjárfestingarfyrirtækis að eigin ákvörðun til starfsmanns á einstaklingsgrundvelli sem miðast við greiðslu við starfslok eða þegar þeirra er vænst og unnt er að laga að breytilegum starfskjörum. Því er rétt að tilgreina skýrar meginreglur um traust starfskjör til þess að tryggja að uppbygging starfskjara hvetji ekki til óhóflegrar áhættusækni einstaklinga, eða leiði til freistnivanda, og sé í samræmi við áhættuvilja, gildi og langtímahagsmuni lánastofnunar eða fjárfestingarfyrirtækis. Starfskjör skulu vera í samræmi við hlutverk fjármálagæirans sem gangverks sem stuðlar að skilvirkri ráðstöfun fjármagns í hagkerfinu. Í meginreglunum skal einkum kveðið á um að skipulag starfskjarastefnu tryggji að hvatar séu í samræmi við langtímahagsmuni lánastofnunar eða fjárfestingarfyrirtækis og að greiðsluáðferðir styrki eiginfjárgrunn þess. Árangurstengdir þættir starfskjara skulu einnig vera til þess að auka sanngirni í uppbyggingu starfskjara lánastofnunar eða fjárfestingarfyrirtækis. Í meginreglunum skal þess gætt að lánastofnanir og fjárfestingarfyrirtæki geti beitt ákvæðunum með mismunandi hætti eftir stærð, innra skipulagi og því hvers eðlis starfsemi þeirra er, umfangi hennar og hversu flókin hún er og einkum að það kunni að vera óhóflegt að fjárfestingarfyrirtæki, sem um getur í 2. og 3. mgr. 20. gr. tilskipunar 2006/49//EB, fari að öllum meginreglunum. Til þess að tryggja að skipulag starfskjarastefnu sé samþætt við áhættustýringu lánastofnunar eða fjárfestingarfyrirtækis skal framkvæmdastjórn hverrar lánastofnunar eða fjárfestingarfyrirtækis, í eftirlitshlutverki sínu, samþykkja og endurskoða reglulega þær meginreglur sem á að beita. Í því samhengi á að vera mögulegt, eftir atvikum og í samræmi við félagarétt hvers ríkis, að líta á framkvæmdastjórnina í eftirlitshlutverki sínu sem eftirlitsstjórn.

- 5) Þess skal krafist að lánastofnanir og fjárfestingarfyrirtæki, sem eru mikilvæg með tilliti til stærðar, innra skipulags og þess hvers eðlis starfsemi þeirra er, umfangi hennar og hversu flókin hún er, komi á fót starfskjaranefnd sem er óaðskiljanlegur hluti af eftirlits- og stjórnunarkerfi þeirra og skipulagi.
- 6) Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 1. apríl 2013, endurskoða meginreglurnar um starfskjarastefnu, sérstaklega að því er varðar skilvirkni, framkvæmd og framfylgd þeirra, með tilliti til þróunar á alþjóðavettvangi þ.m.t. frekari tillögur ráðgjafanefndarinnar um fjármálastöðugleika og framkvæmd á meginreglum nefndarinnar í öðrum lögsögum, þ.m.t. tengslin á milli skipulags mismunandi starfskjara og óhóflegrar áhættusækni.
- 7) Starfskjarastefna skal miða að því að samræma persónuleg markmið starfsfólks við langtímahagsmuni viðkomandi lánastofnunar eða fjárfestingarfyrirtækis. Mat á árangurstengdum þáttum starfskjara skal byggt á árangri til lengri tíma lítið og taka tillit til útistandandi áhættu sem árangurinn er bundinn. Árangursmatið skal ná yfir nokkurra ára tímabil, sem er að lágmarki þrjú til fimm ár, til að tryggja að það sé byggt á árangri til lengri tíma lítið og að útgreiðslur á árangurstengdum þáttum starfskjara sé dreift yfir viðskiptasveiflu lánastofnunar eða fjárfestingarfyrirtækis. Til þess að samræma hvata enn frekar skal verulegur hluti breytilegra starfskjara alls starfsfólks, sem fellur undir þessar kröfur, felast í hlutabréfum, hlutabréfatengdum gerningum lánastofnunar eða fjárfestingarfyrirtækis, með fyrirvara um rekstrarform hlutaðeigandi lánastofnunar eða fjárfestingarfyrirtækis að lögum, eða, ef um er að ræða lánastofnun eða fjárfestingarfyrirtæki sem ekki er skráð á markað, öðrum jafngildum gerningum sem ekki eru ígildi reiðufjár og, eftir því sem við á, öðrum fjármálagerningum til langs tíma sem endurspeglar lánshæfsgæði lánastofnunar eða fjárfestingarfyrirtækis nægilega vel. Það skal vera mögulegt að slíkir gurningar feli í sér fjármálagerning sem unnt er að breyta í hlutafé, eða niðurfæra með öðrum hætti, ef stofnunin stendur frammi fyrir alvarlegum fjárhagserfiðleikum. Í þeim tilvikum sem hlutaðeigandi lánastofnun gefur ekki út fjármálagerninga til langs tíma skal hún hafa heimild til að gefa út verulegan hluta af breytilegum starfskjörum í formi hlutabréfa og hlutabréfatengdra gerninga og öðrum jafngildum gerningum sem ekki eru ígildi reiðufjár. Aðildarríkin eða lögbær yfirvöld þeirra skulu geta sett takmarkanir á gerð og skipulag þessara gerninga eða bannað tiltekna gerninga, eftir því sem við á.
- 8) Til að lágmarka hvata til óhóflegrar áhættusækni skulu breytileg starfskjör vera hæfilegur hluti af heildarstarfskjörum. Það er nauðsynlegt að föst laun starfsmanns séu nægilega hátt hlutfall af heildarstarfskjörum hans til þess að hægt sé að reka sveigjanlega starfskjarastefnu varðandi breytilega þætti starfskjara, þ.m.t. möguleika á að greiða enga breytilega þætti. Til að tryggja samræmdar starfskjarastefnur innan geirans þykir rétt að tilgreina tilteknar skýrar kröfur. Tryggð breytileg starfskjör eru ekki í samræmi við trausta áhættustýringu eða meginregluna um árangurstengd laun og skulu, að jafnaði, vera bönnuð.
- 9) Verulegum hluta af breytilegum þætti starfskjara, svo sem 40 til 60%, skal frestað um viðeigandi tíma. Þann hluta skal auka marktækt í samræmi við stöðu og ábyrgð þess aðila sem nýtur starfskjaranna. Auk þess skal verulegur hluti af breytilegum þætti starfskjara felast í hlutabréfum, hlutabréfatengdum gerningum lánastofnunar eða fjárfestingarfyrirtækis, með fyrirvara um rekstrarform hlutaðeigandi lánastofnunar eða fjár

festingarfyrtækis að lögum, eða, ef um er að ræða lánastofnun eða fjárfestingarfyrtæki sem ekki er skráð á markað, öðrum jafngildum gerningum sem ekki eru ígildi reiðufjár og, eftir því sem við á, öðrum fjármálagerningum til langs tíma sem endurspegla láns-hæfsgæði lánastofnunar eða fjárfestingarfyrtækis nægilega vel. Í því samhengi er meðalhófsreglan mjög mikilvæg þar sem ekki er víst að alltaf sé viðeigandi að beita þessum kröfum í tengslum við litlar lánastofnanir og fjárfestingarfyrtæki. Að teknu tilliti til takmarkana, sem setja skorður á fjárhæð breytilegra starfskjara sem má greiða í reiðufé og fyrirfram, skal takmarka þá fjárhæð breytilegra starfskjara sem heimilt er að greiða í reiðufé eða ígildi handbærs fjár og ekki er háð frestun, til þess að samræma enn frekar persónuleg markmið starfsfólks og langtímahagsmuni lánastofnunar eða fjárfestingarfyrtækis.

- 10) Lánastofnanir og fjárfestingarfyrtæki skulu tryggja að breytileg starfskjör í heild sinni takmarki ekki getu þeirra til að styrkja eiginfjárgrunn sinn. Nauðsynleg aukning eigin fjár skal vera í samræmi við núverandi eiginfjárstöðu lánastofnunar eða fjárfestingarfyrtækis. Í því samhengi skulu lögbær yfirvöld aðildarríkis hafa vald til að takmarka breytileg starfskjör, m.a. við hlutfall af hreinum heildartekjum, þegar starfskjörin samræmast ekki því að viðhalda traustum eiginfjárgrunni.
- 11) Lánastofnanir og fjárfestingarfyrtæki skulu krefjast þess að starfsfólk þeirra skuldbindi sig til að beita ekki persónulegum áhættuvarnaráætlunum eða tryggingum til að grafa undan áhættusamræmingu sem felst í starfskjarafyrirkomulagi þeirra.
- 12) Það skal vera forgangsatriði að styrkja eiginfjárgrunn þeirra eininga sem njóta góðs af sérstöku inngripi ríkisstjórnar og kveða á um endurheimtur á aðstoð skattgreiðanda. Öll breytileg starfskjör skulu endurspegla þessi forgangsatriði.
- 13) Meginreglurnar um trausta starfskjarastefnu sem settar eru fram í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar frá 30. apríl 2009 um starfskjarastefnu á sviði fjármálaþjónustu⁽¹⁾ eru í samræmi við og bæta við meginreglurnar sem eru settar fram í þessari tilskipun.
- 14) Ákvæði varðandi starfskjör hafa ekki áhrif á fulla nýtingu grundvallarréttinda sem tryggð eru með sáttmálunum, einkum 5. mgr. 153. gr. sáttmálans um starfs-hætti Evrópusambandsins (TFEU), almennar meginreglur landsbundinnar samnings- og vinnulöggjafar, löggjöf varðandi réttindi og þátttöku hluthafa og almennar skyldur stjórnar og eftirlitsstjórnar hlut

aðeigandi stofnunar, auk réttinda, eftir atvikum, aðila vinnumarkaðarins til að framfylgja kjarasamningum, í samræmi við landslög og venjur.

- 15) Til að tryggja skjóta og skilvirka framkvæmd skulu lögbær yfirvöld einnig hafa vald til að leggja á eða beita fjárhagslegum viðurlögum eða viðurlögum sem ekki eru fjárhagsleg eða öðrum ráðstöfunum ef um er að ræða brot á skilyrðum tilskipunar 2006/48/EB, þ.m.t. kröfu um að hafa starfskjarastefnu sem er í samræmi við trausta og skilvirka áhættustýringu. Þessar ráðstafanir og viðurlög skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif. Til að tryggja samræmi og jöfn samkeppnisskilyrði skal framkvæmdastjórnin endurskoða samþykkt og beitingu aðildarríkjanna á slíkum ráðstöfunum og viðurlögum í samanteknu formi með tilliti til samræmis þeirra innan Evrópusambandsins.
- 16) Til að tryggja skilvirkt eftirlit með áhættu vegna óæskilegs fyrirkomulags starfskjara, skal starfskjarastefna og -venjur sem lánastofnanir og fjárfestingarfyrtæki taka upp falla undir eftirlit samkvæmt tilskipun 2006/48/EB. Við eftirlitið skulu eftirlitsaðilar leggja mat á það hvort líklegt sé að stefna og venjur hvetji til óhóflegrar áhættusækni þess starfsfólks sem um er að ræða. Þar að auki skal Evrópska bankaeftirlitsnefndin (CEBS) sjá til þess að til séu viðmiðunarreglur um mat á hæfi þeirra aðila sem í reynd stjórna starfsemi lánastofnunar.
- 17) Í grænbók framkvæmdastjórnarinnar frá 2. júní 2010 um stjórnarhætti í fjármálastofnunum og starfskjarastefnu eru tilgreind mistök varðandi stjórnarhætti í lánastofnunum og fjárfestingarfyrtækjum sem ber að taka á. Meðal þeirra lausna sem lagðar eru til vísar framkvæmdastjórnin til þess að nauðsynlegt sé að herða verulega kröfur til þeirra einstaklinga sem í reynd stjórna starfsemi lánastofnunar og skulu þeir hafa öflekkað mannorð og búa yfir viðeigandi reynslu auk þess að vera metnir hæfir til að sinna starfsemi í grein sinni. Í grænbókinni er einnig lögð áhersla á nauðsyn þess að auka þátttöku hluthafa við samþykki á starfskjarastefnu. Til að fylgja þessu eftir vekja Evrópuþingið og ráðið athygli á fyrirætlun framkvæmdastjórnarinnar um að leggja fram tillögur að nýrri löggjöf um þessi mál, eftir því sem við á.
- 18) Til að auka gagnsæi enn frekar að því er varðar starfskjaravenjur lánastofnana og fjárfestingarfyrtækja, skulu lögbær yfirvöld aðildarríkja safna saman upplýsingum um starfskjör til þess að fylgja þróun starfskjara í samræmi við þá flokka tölulegra upplýsinga sem lánastofnunum og fjárfestingarfyrtækjum ber að birta samkvæmt þessari tilskipun. Lögbær yfirvöld skulu afhenda evrópsku bankaftirlitsnefndinni þessar upplýsingar til að gera henni kleift að framkvæma svipað mat á vettvangi Evrópusambandsins.

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 120, 15.5.2009, bls. 22.

- 19) Til að stuðla að samleitni eftirlits við mat á starfskjarastefnu og -venjum og til að auðvelda upplýsingasöfnun og samræmda framkvæmd meginreglnanna um starfskjör í bankageiranum, skal evrópska bankaeftirlitsnefndin útfæra viðmiðunarreglur um trausta starfskjarastefnu í bankageiranum. Samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila skal aðstoða við mótun slíkra viðmiðunarreglna að því marki sem þær gilda einnig um starfskjarastefnu vegna einstaklinga sem taka þátt í að veita fjárfestingarþjónustu og annast fjárfestingastarfsemi lánastofnana og fjárfestingarfyrirtækja í skilningi tilskipunar 2004/39/EB. Evrópska bankaeftirlitsnefndin skal hafa opið samráð við almenning að því er varðar tæknistaðlana og greina mögulegan kostnað og ávinning í þessu samhengi. Framkvæmdastjórnin skal geta lagt fram tillögur að nýrri löggjöf sem felur evrópsku eftirlitsstofnuninni sem sér um bankamál og, að því marki sem það á við, evrópsku eftirlitsstofnuninni sem sér um málefni markaða og verðbréfa, sem komið var á fót samkvæmt de Larosière-ferlinu um fjármálaeftirlit, að útfæra drög að tæknilegum eftirlits- og framkvæmdastöðlum til að auðvelda söfnun upplýsinga og samræmda framkvæmd meginreglnanna um starfskjör í bankageiranum, sem framkvæmdastjórnin skal taka upp.
- 20) Þar sem illa útfærð starfskjarastefna og hvatakerfi getur í óviðunandi mæli aukið áhættu sem lánastofnanir og fjárfestingarfyrirtæki eru óvarðar fyrir, skal grípa til skjótra aðgerða til úrbóta og, ef nauðsyn krefur, gera viðeigandi ráðstafanir til úrbóta. Af þessum sökum er við hæfi að tryggja að lögbær yfirvöld hafi vald til að gera meginlegar eða eigindlegar ráðstafanir, varðandi viðeigandi aðila, sem er ætlað að taka á vandamálum í tengslum við starfskjarastefnu og eftirlit samkvæmt stoð 2 hefur leitt í ljós. Þær eigindlegu ráðstafanir sem lögbær yfirvöld geta beitt eru m.a. að geta krafist lánastofnanir og fjárfestingarfyrirtæki um að draga úr áhættu sem er innbyggð í starfsemi þeirra, afurðir eða kerfi, þ.m.t. að gera breytingar á uppbyggingu starfskjara eða frysta ýmsa þætti starfskjara að því marki sem þeir eru ekki í samræmi við skilvirka áhættustýringu. Meginlegar ráðstafanir eru m.a. kröfur um að eiga viðbótar eigið fé.
- 21) Gott eftirlits- og stjórnunarkerfi, gagnsæi og birting upplýsinga er nauðsynleg fyrir trausta starfskjarastefnu. Til að tryggja fullnægjandi gagnsæi starfskjarastefnu sinnar og tengdrar áhættu gagnvart markaðnum, skulu lánastofnanir og fjárfestingarfyrirtæki birta nákvæmar upplýsingar um starfskjarastefnu og -venjur sínar og, vegna trúnaðarkvaðar, heildarfjárhæðir vegna þess starfsfólks sem við störf sín hefur marktæk áhrif á áhættusnið lánastofnunar eða fjárfestingarfyrirtækis. Allir hagsmunaaðilar (hluthafar, starfsmenn og almennur) skulu hafa aðgang að þeim upplýsingum. Þessi skylda er þó með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ⁽¹⁾.
- 22) Til að tryggja fulla skilvirkni ákvæða þessarar tilskipunar um starfskjör og forðast að beiting þeirra ýti undir mismunun, skal beita þeim á starfskjör sem koma til á grundvelli samninga sem gerðir eru áður en ákvæðin koma til framkvæmda í hverju aðildarríki fyrir sig og eru veitt eða greidd eftir þann dag. Til að standa vörð um markmiðin sem sett eru með þessari tilskipun, einkum skilvirka áhættustýringu á tímum sem enn einkennast af miklum fjárhagslegum óstöðugleika, og til að koma í veg fyrir að ákvæðin um starfskjör, sem sett eru fram í þessari tilskipun, séu sniðgengin áður en þau koma til framkvæmda, er einnig nauðsynlegt að beita þessum ákvæðum á starfskjör sem hafa verið veitt, en ekki enn greidd út, áður en þau koma til framkvæmda í hverju aðildarríki fyrir sig, að því er varðar þjónustu sem veitt er á árinu 2010.
- 23) Mat á áhættu sem lánastofnun kann að vera óvarin fyrir skal leiða til skilvirkra eftirlitsráðstafana. Því er nauðsynlegt að ná fram frekari samleitni í því skyni að styðja við sameiginlegar ákvarðanir eftirlitsaðila og tryggja jöfn samkeppnisskilyrði innan Evrópusambandsins.
- 24) Lánastofnanir sem fjárfesta í endurverðbréfunum skulu samkvæmt tilskipun 2006/48/EB framkvæma áreiðanleikakönnun, einnig að því er varðar undirliggjandi verðbréfanir og áhættuskuldbindingar sem ekki eru verðbréfaðar og liggja til grundvallar hinum fyrnefndu. Lánastofnanir skulu meta hvort áhættuskuldbindingar í tengslum við eignatryggðar skammtímaskuldabréfaútgáfur feli í sér endurverðbréfaðar áhættuskuldbindingar, þ.m.t. skuldbindingar í tengslum við útgáfur sem fá efri lög (e. tranches) aðgreindra safna heilla útlána ef ekkert þessara útlána er verðbréfuð eða endurverðbréfuð áhættuskuldbinding, og þar sem seljandi útlánanna veitir síðasta kröfuhafa í kröfuröðinni vörn vegna hvernar fjárfestingar. Í síðarnefnda tilvikinu telst lausafjárþingreiðsla tiltekins safns almennt ekki vera endurverðbréfuð áhættuskuldbinding vegna þess að hún telst vera hluti safns með einni eign (þ.e. viðkomandi safns heilla útlána) sem ekki felur í sér verðbréfaðar áhættuskuldbindingar. Hins vegar teljast endurbætur á lánshæfi útgáfu, sem ná aðeins yfir hluta af tapi af kröfum aftar í kröfuröðinni en þær kröfur sem vörn seljanda nær yfir í mismunandi söfnum, almennt vera lagskipting (e. tranching) á áhættu safns margra eigna sem í er a.m.k. ein verðbréfuð áhættuskuldbinding og

(¹) Stjórnartíðindi EBL 281, 23.11.1995, bls. 31.

- telst því endurverðbréfuð áhættuskuldbinding. Ef slík útgáfa fjármagnar sig sjálf með einum flokki viðskiptabréfa og ef endurbætur á láns hæfi útgáfu er ekki endurverðbréfun eða ef umsýslulánastofnun ábyrgist að fullu viðskiptabréfaflokkinn þannig að sá sem fjárfestir í viðskiptabréfunum ber í raun áhættu gagnvart vanskila-áhættu umsýsluaðila í stað undirliggjandi safns eða eigna, þá teljast viðskiptabréfin samt sem áður almennt ekki vera endurverðbréfuð áhættuskuldbinding.
- 25) Ákvæðin um varfærið mat í tilskipun 2006/49/EB gilda um alla gerninga sem metnir eru á gangvirði, hvort sem þeir eru í veltubók eða utan veltubókar hjá stofnunum. Rétt er að gera skýra grein fyrir því að ef beiting varfæris mats hefur í för með sér lægra bókfært virði en í raun er fært í reikningana skal draga tölugildi mismunarins frá eigin fé.
- 26) Stofnanir skulu hafa val um að beita eiginfjárkröfu á eða draga frá eigin fé þær verðbréfuðu stöður sem fá úthlutað 1250% áhættuvægi samkvæmt þessari tilskipun, án tillits til þess hvort stöðurnar eru í veltubók eða utan veltubókar.
- 27) Eiginfjárkröfur vegna uppgjörshættu gilda einnig um stöður utan veltubókar.
- 28) Útgáfu- eða umsýslustofnanir skulu ekki geta sniðgengið bann við innbyggðum stuðningi með því að beita veltubók sinni til að veita slíkan stuðning.
- 29) Án þess að hafa áhrif á birtingu upplýsinga sem sérstaklega er krafist í þessari tilskipun er markmiðið með birtingarkröfunum að veita markaðsaðilum nákvæmar og víðtækar upplýsingar um áhættusnið einstakra stofnana. Þess vegna skal þess krafist að stofnanir birti viðbótarupplýsingar sem ekki eru sérstaklega nefndar í þessari tilskipun ef slík birting er nauðsynleg til að uppfylla það markmið.
- 30) Til að tryggja samræmda framkvæmd tilskipunar 2006/48/EB alls staðar innan Evrópusambandsins komu framkvæmdastjórnin og evrópska bankaeftirlitsnefndin á fót vinnuhópi (Hópur vegna lögleiðingar tilskipunar um eiginfjárkröfur — CRDTG) árið 2006 sem falið var það verkefni að fjalla um og leysa álitæfni í tengslum við framkvæmd tilskipunarinnar. Samkvæmt vinnuhópnum þarf að tilgreina enn frekar tiltekin tæknileg ákvæði tilskipana 2006/48/EB og 2006/49/EB. Af þeim sökum er rétt að tilgreina þessi ákvæði.
- 31) Ef utanaðkomandi láns hæfismat á verðbréfaðri stöðu tekur til áhrifa af útlánavörn sem stofnunin sem fjárfestir veitir sjálf, skal stofnunin ekki hafa hag af lægra áhættuvægi sem vörnin leiðir af sér. Ef til eru aðrar leiðir til að ákvarða áhættuvægi í samræmi við raunverulega áhættu stöðunnar, án þess að taka tillit til slíkrar útlánavarnar, skal þetta ekki valda því að verðbréfunin sé dregin frá eigin fé.
- 32) Það ber að herða verulega kröfur til stofnana um birtingu upplýsinga að því er varðar verðbréfanir. Þær skulu sérstaklega taka tillit til áhættu af verðbréfuðum stöðum í veltubók. Til að tryggja fullnægjandi gagnsæi að því er varðar eðli verðbréfunarstarfsemi stofnunar skal upplýsingagiöfin endurspeglar umfang umsýslu stofnunarinnar með rekstrareiningum um sérverkefni á sviði verðbréfunar og þátttöku tiltekinna hlutdeildarféлага, þar eð nátengdir aðilar geta valdið viðvarandi áhættu gagnvart hlutaðeigandi stofnun.
- 33) Eiginfjárkröfur vegna sérstakrar áhættu fyrir verðbréfaðar stöður skulu vera í samræmi við eiginfjárkröfur í fjárfestingarbók (e. banking book) þar eð þær tilgreina aðgreindari og áhættunæmari meðferð verðbréfaðra staðna.
- 34) Vegna lélegs árangurs við beitingu innri líkana sem reikna út eiginfjárkröfur með tilliti til markaðshættu ber að efla gæði þeirra. Einkum skal bæta getu líkana til að greina áhættu að því er varðar útlánaáhættu í veltubókinni. Auk þess skulu eiginfjárkröfur fela í sér þátt sem tekur tillit til erfiðra skilyrða til að herða eiginfjárkröfur með tilliti til versnandi markaðsaðstæðna og til að minnka líkurnar á hugsanlegri sveifluaukningu. Stofnanir skulu einnig framkvæma öflug álagsspróf til að kanna hvaða sviðsmyndir gætu ógnað tilvist stofnunarinnar, nema þær geti sýnt fram á að slíkt próf sé óþarft. Vegna erfiðleika að undanförunni við að beita innri líkönunum við að reikna áhættu vegna verðbréfaðra staðna, skal takmarka möguleika stofnana á að reikna áhættu vegna verðbréfananna í veltubók og í staðinn krefjast staðlaðrar eiginfjárkröfu vegna verðbréfaðra staðna í veltubókinni.
- 35) Í þessari tilskipun er kveðið á um takmarkaðar undanþágur vegna tiltekinna fylgniviðskipta og getur stofnun samkvæmt þeim hlotið heimild frá eftirlitsyfirvaldi sínu til að reikna út heildareiginfjárkröfu, með fyrirvara um strangar lágmarkskröfur. Í slíkum tilvikum skal þess krafist að stofnunin geri eiginfjárkröfur vegna þeirrar starfsemi, sem jafngilda hærri eiginfjárkröfunni af þeirri sem er í samræmi við aðferðina sem er þróuð innan húss og 8% eiginfjárkröfu vegna sérstakrar áhættu í samræmi við stöðluðu matsaðferðina. Þess skal ekki krafist að gerðar séu eiginfjárkröfur að því er varðar þessar

eiginfjárkröfur að því er varðar þessar áhættuskuldbindingar vegna aukinnar áhættu, en taka skal tillit til þeirra bæði við mælingu vágildis og mælingu vágildis við erfðar aðstæður.

- 36) Samkvæmt ákvæðum 152. gr. tilskipunar 2006/48/EB er þess krafist að tilteknar lánastofnanir leggi fram eigið fé sem er að lágmarki jafnt tilteknum lágmarksfjárhæðum vegna þriggja tólf mánaða tímabila milli 31. desember 2006 og 31. desember 2009. Í ljósi núverandi aðstæðna í bankageiranum og framlengingu á umbreytingarfyrirkomulagi að því er varðar lágmarkskröfur um eigið fé, sem Basel-nefndin um bankaeftirlit samþykkti, er viðeigandi að framlengja kröfurnar í takmarkaðan tíma til 31. desember 2011.
- 37) Til að koma ekki í veg fyrir að lánastofnanir fari að beita innramatsaðferðinni eða þróðu mæliaðferðinni við útreikning á eiginfjárkröfum á umbreytingartímabilinu vegna ósanngjarns eða óhóflegs framkvæmdakostnaðar, skal vera mögulegt að heimila lánastofnunum, sem hafa tekið upp innramatsaðferðina eða þróðu mæliaðferðina eftir 1. janúar 2010 og reiknuðu áður út eiginfjárkröfur sínar með einfaldari aðferðum, að beita einfaldari aðferðum til grundvallar útreikningum á lágmarkskröfum á umbreytingartímabilinu, með fyrirvara um samþykki eftirlitsaðila. Lögbær yfirvöld skulu hafa náð eftirlit með mörkuðum sínum og tryggja jöfn samkeppniskeyrði á öllum mörkuðum sínum og afmörkuðum markaðssviðum og koma í veg fyrir röskun á innri markaðnum.
- 38) Í samræmi við 34. lið samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu ⁽¹⁾ eru aðildarríkin hvött til að taka saman, fyrir sig og í þágu Bandalagsins, eigin töflur sem sýna, eftir því sem við verður komið, samsvörun milli þessarar tilskipunar og ráðstafananna til að lögleiða hana og jafnframt að birta þær.
- 39) Í ákvæðum þessarar tilskipunar er kveðið á um áfanga við endurbótastarf vegna fjármálakreppunnar. Í samræmi við ályktanir G-20, ráðgjafanefndarinnar um fjármálastöðugleika og Basel-nefndarinnar um banka-efirlit getur verið þörf á frekari umbótum, þ.m.t. þörf á að mynda sveiflujöfnunarsjóði (e. counter-cyclical buffers), „kvika afskriftareikninga“ (e. dynamic provisioning), grunnforsendur útreikninga á eiginfjárkröfum í tilskipun 2006/48/EB og viðbótar
- ráðstafanir við áhættutengdar kröfur um að lána- stofnanir aðstoði við að halda vogun (e. leverage) innan bankakerfisins í skefjum. Til að tryggja viðeigandi lýðræðislegt eftirlit með ferlinu skulu Evrópuþingið og ráðið taka þátt í því tímanlega og með skilvirkum hætti.
- 40) Framkvæmdastjórnin skal endurskoða beitingu tilskipana 2006/48/EB og 2006/49/EB til að tryggja að ákvæðum þeirra sé beitt á sanngjarnan hátt sem leiðir ekki til mismununar á lánastofnunum á grundvelli rekstrarforms þeirra að lögum eða fyrirkomulags á eignarhaldi.
- 41) Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til þess að samþykkja afleiddar gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar tæknilegar breytingar á tilskipun 2006/48/EB til að skýra skilgreiningar til að tryggja sams konar beitingu þeirrar tilskipunar eða til að taka tillit til þróunar á fjármálamörkuðum; til að samræma hugtakanotkun og afmarka skilgreiningar í samræmi við viðeigandi síðari gerðir; að rýmka inntak eða aðlaga hugtakanotkun í skrá yfir starfsemi sem er háð gagnkvæmri viðurkenningu samkvæmt þeirri tilskipun til að taka tillit til þróunar á fjármálamörkuðum; að aðlaga þau svið sem krafa um upplýsingaskipti lögbærra yfirvalda gildir um; að aðlaga ákvæði í þeirri tilskipun um eigið fé að teknu tilliti til þróunar reiknings- skilastaðla eða löggjafar Evrópusambandsins, eða að því er varðar samleitni eftirlitsaðferða; til að útvíkka skrár yfir flokka áhættuskuldbindinga vegna staðalað- ferðarinnar eða innramatsaðferðarinnar til að taka tillit til þróunar á fjármálamörkuðum; að leiðrétta tilteknar fjárhæðir í tengslum við þessa flokka áhættuskuldbindinga til að taka tillit til áhrifa verðbólgu; að leiðrétta skrá og flokkun liða utan efnahagsreiknings; og til að aðlaga sértæk ákvæði og tæknileg viðmið um meðferð á mótaðilaáhættu, skipulag og meðferð áhættu, staðalaðferðina og innramatsaðferðina, mildun útlánaáhættu, verðbréfun, rekstraráhættu, endurskoðun og mat lögbærra yfirvalda og birtingu upplýsinga til að taka tillit til þróunar á fjármálamörkuðum eða þróunar reiknings- skilastaðla eða löggjafar Evrópusambandsins, eða með tilliti til samleitni eftirlitsaðferða. Framkvæmdastjórnin skal einnig hafa umboð til þess að samþykkja afleiddar gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar ráðstafanir til að tilgreina umfang skyndilegra og óvæntra breytinga á vaxtakjörum sem skal beita við eftirlit og mat lögbærra yfirvalda samkvæmt tilskipun 2006/48/EB á vaxta- áhættu sem verður til við viðskipti önnur en veltuvið- skipti; að mæla fyrir um tímabundna lækkun á lág- marksfjárhæð eigin fjár eða áhættuvægi sem tilgreint er í þeirri tilskipun til þess að taka tillit til sérstakra aðstæðna; að skýra undanþágu frá beitingu ákvæða þeirrar tilskipunar um stórar áhættuskuldbindingar á tilteknar áhættuskuldbindingar; og að aðlaga viðmið um mat eftirlitsyfirvalda, samkvæmt þeirri tilskipun, á hæfi fyrirhugaðs yfirtökuaðila lánastofnunar og fjárhagslegu heilbrigði fyrirhugaðrar yfirtöku.

⁽¹⁾ Stjóð. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.

42) Framkvæmdastjórnin skal einnig hafa umboð til þess að samþykkja afleiddar gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar tæknilegar breytingar á tilskipun 2006/49/EB til að skýra skilgreiningar til að tryggja sams konar beitingu þeirrar tilskipunar eða til að taka tillit til þróunar á fjármálamörkuðum; til að breyta fjárhæðum stofnfjár sem kveðið er á um í tilteknum ákvæðum þeirrar tilskipunar og tilgreindum fjárhæðum sem eiga við útreikning á eiginfjárkröfum vegna veltubókar til að taka tillit til hagþróunar og þróunar á sviði peningamála; að aðlaga flokka fjárfestingarfyrirtækja sem geta nýtt tilteknar undanþágur frá kröfum um lágmark eigin fjár til að taka tillit til þróunar á fjármálamörkuðum; að skýra kröfur um að eigið fé fjárfestingarfyrirtækja jafngildi fjórðungi óbeins kostnaðar fyrra árs til að tryggja samræmda beitingu þeirrar tilskipunar; að aðlaga hugtakanotkun og skilgreiningar að viðeigandi síðari gerðum; að aðlaga tæknileg ákvæði þeirrar tilskipunar um útreikning á eiginfjárkröfum vegna mismunandi flokka áhættu og stórra áhættuskuldbindinga, um notkun innri líkana til að reikna út eiginfjárkröfur og um viðskipti til þess að taka tillit til þróunar á fjármálamörkuðum eða í áhættumati eða reikningsskilastöðlum, eða í löggjöf Evrópusambandsins, eða sem snerta samleitni eftirlitsaðferða; og til að taka tillit til niðurstöðu endurskoðunar ýmissa málefna sem tilskipun 2004/39/EB gildir um.

43) Evrópuþingið og ráðið hafa þrjá mánuði frá tilkynningardegi til að andmæla afleiddri gerð. Það skal vera mögulegt að framlengja þetta tímabil um þrjá mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins og ráðsins. Mögulegt skal vera fyrir Evrópuþingið og ráðið að upplýsa aðrar stofnanir um fyrirætlanir sínar um að hreyfa ekki andmælum. Skjót samþykkt á afleiddum gerðum á sérstaklega við þegar um frest er að ræða, t.d. ef tímaáætlun varðandi samþykki framkvæmdastjórnarinnar á afleiddum gerðum er í grundvallargerðinni.

44) Í yfirlýsingu 39 um 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, sem fylgir með í viðauka við lokagerð ríkjaráðstefnunnar sem samþykkti Lissabon-sáttmálann og var undirrituð 13. desember 2007, hafði ráðstefnan hliðsjón af fyrirætlun framkvæmdastjórnarinnar að halda áfram að hafa samráð við sérfræðinga sem tilnefndir eru af aðildarríkjunum við undirbúning að drögum að afleiddum gerðum á sviði fjármálaþjónustu, í samræmi við viðteknar venjur.

45) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að krefjast þess að lána-stofnanir og fjárfestingarfyrirtæki komi á starfskjarastefnu sem er í samræmi við skilvirka áhættustýringu og breyti tilteknum eiginfjárkröfum, og þeim verður betur náð á vettvangi Evrópusambandsins vegna umfangs og áhrifa fyrirhugaðra aðgerða, er Evrópusambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifráðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við

meðalhöfsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.

46) Því ber að breyta tilskipunum 2006/48/ESB og 2006/49/ESB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 2006/48/ESB

Tilskipun 2006/48/ESB er hér með breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi greinar bætast við:

„40a) „endurverðbréfun“: verðbréfun þar sem áhætta tengd undirliggjandi safni áhættukrafna er lag-skipt í hluta og að lágmarki ein undirliggjandi áhættukrafa er verðbréfuð staða,

40b) „endurverðbréfuð staða“: áhætta vegna endur-verðbréfunar,“

b) eftirfarandi liður bætist við:

„49) „valkvæður lífeyrir“: aukinn lífeyrir sem lána-stofnun veitir starfsmanni að eigin ákvörðun og er hluti af breytilegum þætti starfskjara viðkomandi starfsmanns, en tekur ekki til öflunar lífeyris sem veittur er starfsmönnum samkvæmt skilmálum sem gilda um lífeyriskerfi félagsins.“

2. Eftirfarandi undirgrein bætist við 1. mgr. 11. gr.:

„Evrópska bankaeftirlitsnefndin (CEBS) skal sjá til þess að til séu viðmiðunarreglur um mat á hæfi þeirra aðila sem í reynd stjórna starfsemi lánastofnunarinnar.“

3. Ákvæðum 22. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu krefjast þess að sérhver lánastofnun hafi traust stjórn-skipulag sem felur í sér vel skilgreinda, gagnsæja og samræmda skiptingu ábyrgðar, skilvirk vinnsluferli við að sannreyna, stjórna, fylgjast með og tilkynna um áhættu sem hún er eða kann að vera óvarin fyrir og fullnægjandi innra eftirlitskerfi, þ.m.t. traust stjórn-unar- og bókhaldsfyrirkomulag og starfskjarastefnu og -venjur sem eru í samræmi við og stuðla að traustri og skilvirkri áhættustýringu.“

b) Eftirfarandi málsgreinar bætast við:

„3. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríkinu skulu nota upplýsingarnar sem safnað er í samræmi við viðmiðin um upplýsingagjöf sem komið er á í f-lið 15. liðar annars hluta XII. viðauka til þess að fylgja þróun starfskjara og -venja. Lögbær yfirvöld skulu veita evrópsku bankaefirlitsnefndinni viðkomandi upplýsingar.

4. Evrópska bankaefirlitsnefndin skal sjá til þess að til séu viðmiðunarreglur um trausta starfskjarastefnu sem er í samræmi við meginreglurnar sem settar eru fram í 23. og 24. lið V. viðauka. Viðmiðunarreglurnar skulu taka tillit til meginreglnanna um trausta starfskjarastefnu sem settar eru fram í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar frá 30. apríl 2009 um starfskjarastefnu á sviði fjármálaþjónustu (*).

Evrópska bankaefirlitsnefndin skal m.a. tryggja að til séu viðmiðunarreglur um:

a) að setja tiltekin viðmið við ákvörðun á viðeigandi hlutföllum milli fasts og breytilegs þáttar heildarstarfskjara í skilningi I-liðar 23. liðar V. viðauka,

b) að tilgreina gerninga sem geta verið tækir gerningar í skilningi II-liðar o-liðar 23. liðar V. viðauka og endurspegla á viðunandi hátt lánshæfsgæði lánastofnunar í skilningi o-liðar 23. liðar þess viðauka.

Samstarfsnefnd evrópskra verðbréfaefirlitsaðila skal hafa náð samstarf við evrópsku bankaefirlitsnefndina til að tryggja að til séu viðmiðunarreglur um starfskjarastefnu vegna þeirra flokka starfsfólks sem taka þátt í að veita fjárfestingarþjónustu og fjárfestingarstarfsemi í skilningi 2. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB.

Evrópska bankaefirlitsnefndin skal nota upplýsingar sem hún fær frá lögbærum yfirvöldum í samræmi við 3. mgr. til að fylgja þróun starfskjara og -venja á vettvangi Evrópusambandsins.

5. Lögbær yfirvöld í heimaaðildarríki skulu safna saman upplýsingum um fjölda einstaklinga í hverri lánastofnun sem eru í launaflokki með a.m.k. 1 milljón evra, þ.m.t. um viðkomandi rekstrarsvið og helstu þætti launa, kaupauka, ávinning til langs tíma og lífeyrisiðgjald. Þær upplýsingar skal senda til evrópsku bankaefirlitsnefndarinnar sem birtir þær, samanteknar eftir heimaaðildarríki, á sameiginlegu

skýrslusniði. Evrópska bankaefirlitsnefndin getur útfært viðmiðunarreglur til að auðvelda framkvæmd þessarar málsgreinar og tryggja samræmi þeirra upplýsinga sem safnað er.

(*) Stjóð. ESB L 120, 15.5.2009, bls. 22.“

4. Í 54. gr. bætist eftirfarandi málsgrein við:

„Aðildarríki skulu sjá til þess, að því er varðar fyrstu málsgrein, að viðkomandi lögbær yfirvöld hafi vald til að leggja á eða beita fjárhagslegum viðurlögum eða viðurlögum sem ekki eru fjárhagsleg eða grípa til annarra ráðstafana. Þessi viðurlög eða ráðstafanir skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.“

5. Í fyrstu málsgrein 57. gr. komi eftirfarandi í stað r-liðar:

„r) fjárhæð áhættuskuldbindingar verðbréfaðra staðna sem fá áhættuvægi 1250% samkvæmt þessari tilskipun og fjárhæð áhættuskuldbindingar verðbréfaðra staðna í veltubókinni sem fengju áhættuvægi 1250% ef þær væru utan veltubókar hjá sömu lánastofnun.“

6. Í 64. gr. bætist eftirfarandi málsgrein við:

„5. Við útreikning á eigin fé skulu lánastofnanir beita kröfunum í B-hluta VII. viðauka við tilskipun 2006/49/EB á allar eignir sínar sem metnar eru á gangvirði og skulu draga fjárhæð nauðsynlegra viðbótartvívísleiddréttinga frá heildarsummu a- til ac-liðar að frádregnum liðum i- til k í 57. gr. Evrópska bankaefirlitsnefndin skal koma á viðmiðunarreglum sem fjalla nánar um beitingu þessara ákvæða.“

7. Í stað 2. mgr. 66. gr. komi eftirfarandi:

„2. Helmingur heildarfjárhæðar liða sem um getur í I-til r-lið 57. gr. skal dreginn frá heildarfjárhæð liða í a-til ca-lið, að frádregnum liðunum i- til k-lið í þeirri grein og helmingur frá heildarfjárhæð liða í d-til h-lið í þeirri grein, eftir beitingu takmarkana sem mælt er fyrir um í 1. mgr. þessarar greinar. Ef helmingur heildarfjárhæðar liðanna í I-til r-lið er hærri en heildarfjárhæð liðanna í d-til h-lið 57. gr. skal draga umframfjárhæðina frá heildarfjárhæð liðanna í a-til ca-lið, að frádregnum liðunum í i-til k-lið þeirrar greinar.

Ekki skal draga liði í r-lið 57. gr. frá ef þeir eru með í útreikningi á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga að því er varðar 75. gr. eins og tilgreint er í þessari tilskipun eða í útreikningi á eiginfjárkröfum eins og tilgreint er í I. eða V. viðauka við tilskipun 2006/49/EB.“

8. Eftirfarandi komi í stað b- og c-liðar 75. gr.:

„b) eiginfjárfrafna sem eru ákvarðaðar í samræmi við 18. gr. og 28. til 32. gr. í tilskipun 2006/49/EB, að því er varðar starfsemi veltubókar, vegna stöðuáhættu og mótaðilaáhættu og, að því marki sem heimilt er að fara yfir mörkin sem mælt er fyrir um í 111. til 117. gr., vegna stórra áhættuskuldbindinga sem fara yfir slík mörk,

c) eiginfjárfrafna sem skilgreindar eru í samræmi við 18. gr. í tilskipun 2006/49/EB, að því er varðar alla starfsemi þeirra, vegna gengisáhættu, uppgjörssáhættu og hrávörúáhættu.“

9. Í stað 1. mgr. 101. gr. komi eftirfarandi:

„1. Umsýslulánastofnun, eða útgáfulánastofnun sem hefur beitt 95. gr. við útreikning á fjárhæðum áhættuveginna áhættuskuldbindinga að því er varðar verðbréfun eða hefur selt gerninga úr veltubók sinni til rekstrareiningar um sérverkefni á sviði verðbréfunar þannig að hún er ekki skuldbundin til að hafa eigið fé til að mæta áhættu vegna þessara gerninga, skal ekki, með það fyrir augum að draga úr mögulegu eða raunverulegu tapi fjárfesta, ábyrgjast verðbréfunina umfram sammingsbundna skyldu sína.“

10. Ákvæðum 136. gr. er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi liðir bætast við annan undirlið 1. mgr.:

„f) að krefjast þess að lánastofnanir takmarki breytileg starfskjör við hlutfall af hreinum heildartekjum ef þau samræmast ekki því að viðhalda traustum eiginfjárgrunni,

g) að krefjast þess að lánastofnanir noti hreinan hagnað til að styrkja eiginfjárgrunninn.“

b) eftirfarandi undirgrein bætist við 2. mgr.:

„Í þeim tilgangi að ákvarða viðeigandi fjárhæð eigin fjár á grundvelli endurskoðunar og mats sem er framkvæmt í samræmi við 124. gr., skulu lögbær yfírvöld meta hvort álagning tiltekinna krafna um eigið fé umfram lágmarksfjárhæð sé nauðsynleg til að ná yfir áhættu sem lánastofnun er eða kann að verða óvarin fyrir, með tilliti til eftirfarandi:

a) megindlegra og eigindlegra þátta í matsferli lánastofnunar sem um getur í 123. gr.,

b) fyrirkomulags, ferla og aðferða lánastofnunar sem um getur í 22. gr.,

c) niðurstöðu endurskoðunar og mats sem er framkvæmt í samræmi við 124. gr.“

11. Í stað 3. mgr. 145. gr. komi eftirfarandi:

„3. Lánastofnanir skulu samþykkja formlega stefnu til að fara að kröfunum um upplýsingagjöf sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. og hafa markað stefnu um mat á því hvort upplýsingagjöfin, að meðtalinni sannpröfun og tíðni birtinga, sé viðeigandi. Lánastofnanir skulu einnig marka stefnu um mat á því hvort upplýsingagjöfin gefi markaðsaðilum ítarlega mynd af áhættusniði þeirra.

a) samtala eiginfjárfrafa vegna sérstakrar áættu sem myndi aðeins gilda um hreinar gnóttstöður í fylgniviðskiptasafni,

b) samtala eiginfjárfrafa vegna sérstakrar áættu sem myndi aðeins gilda um hreinar skortstöður í fylgniviðskiptasafni.

14b. Fylgniviðskiptasafn samanstendur af verðbréfuðum stöðum og lánaafleiðum sem byggjast á n-ta vanskilaaðila, sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) stöðurnar eru hvorki endurverðbréfaðar stöður né valréttir á lagskiptan hluta verðbréfunar, né annars konar verðbréfaðar áhættuskuldbindingar sem ekki veita hlutfallslegan ágóða af ávinningi af lagskiptum hluta verðbréfunar, og
- b) allir viðmiðunargerningar eru annaðhvort gerningar gagnvart einum aðila, þ.m.t. lánaafleiður, gagnvart einum aðila, sem bæði eiga sér stað kaup- og söluviðskipti með á virkum markaði, eða vísitölur sem átt eru viðskipti með og sem byggja á viðkomandi tilgreindum aðilum. Lítið er svo á að markaður fyrir kaup og sölu sé fyrir hendi ef fyrir liggja óháð kaup- og sölutilboð, sem lögð eru fram í góðri trú, svo að unnt sé að ákvarða sanngjarnt verð miðað við síðasta söluverð, eða gildandi, samkeppnishæfa verðskrá, innan eins dags og gera upp á verði, sem þannig er myndað, innan tiltölulega skamms tíma í samræmi við viðskiptavenjur.

14c. Stöður sem miða við annað hvort af eftirfarandi skulu ekki vera hluti af fylgniviðskiptasafni:

- a) undirliggjandi gerninga sem mögulegt er að setja í flokk áhættuskuldbindinga sem um getur í h- og i-lið 1. mgr. 79. gr. tilskipunar 2006/48/EB utan veltubókar stofnunar, eða
- b) kröfur á rekstrareiningu um sérverkefni.

Stofnun getur talið með í fylgniviðskiptasafni stöður sem hvorki eru verðbréfaðar stöður né lánaafleiður sem byggjast á n-ta vanskilaaðila heldur stöður sem verja aðrar stöður í safninu, að því tilskildu að virkur kaup- og sölumarkaður eins og lýst er í b-lið 14. liðar b sé til staðar fyrir gerninginn eða undirliggjandi gerninga.“,

d) eftirfarandi liður bætist við:

„16a. Að því er varðar gerninga í veltubókinni, sem eru verðbréfaðar stöður, skal stofnunin veita hreinar stöður sínar, eins og þær eru reiknaðar út í samræmi við 1. lið, með eftirfarandi:

- a) að því er varðar verðbréfaðar stöður sem myndu falla undir staðalaðferðina við mat á útlánaáhættu utan veltubókar sömu stofnunar, 8% af áhættuvog samkvæmt staðalaðferðinni eins og hún er sett fram í 4. hluta IX. viðauka við tilskipun 2006/48/EB,
- b) að því er varðar verðbréfaðar stöður sem myndu falla undir innramatsaðferðina við mat á útlánaáhættu utan veltubókar sömu stofnunar, 8% af áhættuvog samkvæmt innramatsaðferðinni eins og hún er sett fram í 4. hluta IX. viðauka við tilskipun 2006/48/EB.

Að því er varðar a- og b-lið mega aðrar stofnanir en útgefandi stofnun sem geta beitt eftirlitsaðferðinni á sömu verðbréfaðar stöður utan veltubókar, aðeins beita henni með samþykki eftirlitsaðila. Þar sem við á, skal mat á líkum á vanefndum og tapi að gefnum vanefndum, sem notað er í eftirlitsaðferðinni, ákvarðað í samræmi við 84. til 89. gr. tilskipunar 2006/48/EB eða, með fyrirvara um sérstakt samþykki eftirlitsaðila, á grundvelli mats sem leiðir af aðferð sem sett er fram í 5. lið a í V. viðauka og er í samræmi við megindelega staðla innramatsaðferðarinnar. Evrópska bankaefirlitsnefndin skal mæla fyrir um viðmiðunarreglur til að tryggja samleitna beitingu mats á líkum á vanefndum og tapi að gefnum vanefndum sem ilags ef slíkt mat byggir á aðferðinni sem sett er fram í 5. lið a í V. viðauka.

Þrátt fyrir a- og b-lið skal, að því er varðar verðbréfaðar stöður sem myndu falla undir áhættuvog í samræmi við 122. gr. a í tilskipun 2006/48/EB, ef þær væru utan veltubókar hjá sömu stofnun, beita 8% af áhættuvog í samræmi við þá grein.

Stofnunin skal leggja saman vegnar stöður sínar, sem leiða af beitingu þessa liðar, (óháð því hvort þær eru gnótt- eða skortstöður) til þess að reikna eiginfjákröfu sína vegna sérstakrar áhættu.

Þrátt fyrir fjórðu málsgrein, skal stofnunin leggja saman hreinar vegnar gnóttstöður annars vegar og hreinar vegnar skortstöður hins vegar, fyrir umbreytingartímabil sem lýkur 31. desember 2013. Sú sem hærri er af þessum fjárhæðum segir til um eiginfjákröfu vegna sérstakrar áhættu. Stofnunin skal þó skýra lögbærum yfirvöldum heimaaðildarríkis frá heildarsummu hreinna veginna gnótt- og skortstaðna, flokkaðri eftir tegundum undirliggjandi eigna.“,

e) í stað 34. liðar komi eftirfarandi:

„34. Stofnunin skal leggja saman allar hreinar gnóttstöður sínar og allar hreinar skortstöður sínar í samræmi við 1. lið. Hún skal margfalda verga heildarstöðu sína með 8% til að reikna út eiginfjárkröfu vegna sérstakrar áhættu.

f) 35. liður falli brott.

2) Í stað annarrar málsgreinar 7. liðar í II. viðauka komi eftirfarandi:

„Þegar er um að ræða skuldatryggingu skal hins vegar stofnun sem ber áhættu sem stafar af skiptasamningnum og myndar gnóttstöðu í undirliggjandi gerningi vera heimilt að nota töluna 0% að því er varðar hugsanlega framtíðarlánaáhættu, nema skuldatryggingin sé með fyrirvara um uppgjör við ógjaldfærni þess aðila sem ber áhættu sem stafar af skiptasamningnum og myndar skortstöðu í undirliggjandi gerningi, jafnvel þótt undirliggjandi gerningur sé ekki í vanskilum, en í því tilviki skal takmarka hugsanlega framtíðarlánaáhættu stofnunarinnar við fjárhæð gjalda sem aðilinn hefur enn ekki greitt stofnuninni.“

3) Ákvæðum V. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. liðar komi eftirfarandi:

„1. Lögbær yfirvöld skulu, að uppfylltum skilyrðunum sem mælt er fyrir um í þessum viðauka, leyfa stofnunum að reikna eiginfjárkröfur sínar vegna stöðuáhættu, gengisáhættu og/eða hrávörúáhættu samkvæmt eigin, innri áhættustýringarlíkönunum í stað aðferðanna, sem lýst er í I., III. og IV. viðauka, eða ásamt þeim. Í hverju tilviki skal krafist ótvíræðrar viðurkenningar af hálfu lögbærra yfirvalda á notkun líkana til eftirlits með eiginfjárstöðu.“

b) í stað annarrar málsgreinar 4. liðar komi eftirfarandi:

„Lögbær yfirvöld skulu athuga getu stofnunar til að framkvæma afturvirktt eftirlit bæði á raunverulegum og hugsanlegum breytingum á verðgildi verðbréfasafnsins. Afturvirktt eftirlit með hugsanlegum breytingum á verðgildi verðbréfasafnsins byggir á samanburði á verðgildi verðbréfasafnsins í dagslok og verðgildi þess í lok næsta dags, miðað við óbreyttar stöður. Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að stofnanirnar geri viðeigandi ráðstafanir til að bæta áætlun sína um afturvirktt eftirlit ef hún þykir ófullnægjandi. Lögbær yfirvöld skulu a.m.k. krefjast þess að stofnanir framkvæmi afturvirktt eftirlit á hugsanlegar (með notkun breytinga á virði eignasafns sem myndu eiga sér stað ef stöður í lok dags væru óbreyttar) niðurstöður.“

c) í stað 5. liðar komi eftirfarandi:

„5. Að því er varðar útreikning á eiginfjárkröfum vegna sérstakrar áhættu sem tengist stöðum í skuldabréfum og hlutabréfum, sem verslað er með, skulu lögbær yfirvöld viðurkenna notkun stofnunar á innra líkani sínu ef það fullnægir skilyrðunum sem um getur síðar í þessum viðauka og uppfyllir auk þess eftirfarandi skilyrði:

- a) það skýrir sögulegar verðbreytingar í verðbréfasafninu,
- b) það greinir samþjöppun að því er varðar umfang og breytingar á samsetningu verðbréfasafnsins,
- c) það getur tekið á óhagstæðu umhverfi,
- d) það er fullgilt með afturvirknu eftirliti sem miðar að því að meta hvort sérstök áhætta greinist nægilega vel. Ef lögbær yfirvöld heimila að slíkt afturvirktt eftirlit fari fram á grundvelli viðeigandi undirsafna verðbréfa skulu þau valin með samræmdum hætti,
- e) það greinir grunnáhættu í tengslum við aðila, þ.e. að stofnanir skuli sýna fram á að innra líkanið sé næmt fyrir verulegum, sérkennandi mun á stöðum sem eru sambærilegar en ekki alveg eins, og
- f) það greinir áhættu vegna ófyrirsjáanlegra atburða.

Innra líkan stofnunarinnar skal meta á varfærinn hátt áhættuna sem verður til af stöðum sem eru ekki mjög seljanlegar og stöðum með takmarkað verðgagnsæi samkvæmt raunhæfum markaðssviðsmyndum. Að auki skal innra líkanið uppfylla lágmarks gagnastaðla. Hæfilegrar varfærni skal gætt í áætlun gilda og aðeins má nota þau ef tiltæk gögn eru ófullnægjandi eða ef þau endurspeгла ekki raunverulegan óstöðugleika stöðu eða verðbréfasafns.

Stofnun getur við útreikning á eiginfjárkröfum vegna sérstakrar áhættu með notkun innra líkans valið að undanskilja stöður í verðbréfunum eða lánaafleiðum sem byggjast á n-ta vanskilaaðila, ef hún uppfyllir eiginfjárkröfur vegna stöðuáhættu í samræmi við I. viðauka vegna þeirra, að undanskildum þeim stöðum sem falla undir aðferðina sem sett er fram í 5. lið I.

Stofnanir skulu hagnýta framfarir í tækni og bestu starfsvenjum eftir því sem þær þróast.

Þess skal ekki krafist að stofnun greini vanskila- og tilfærsluáhættu (e. migration risk) skuldageringa, sem verslað er með, í innra líkani sínu ef hún greinir þá áhættu samkvæmt kröfunum sem settar eru fram í 5. lið a til 5. liðar k.“

d) Eftirfarandi liðir bætast við:

„5a. Stofnanir, sem falla undir 5. lið að því er varðar skuldageringa sem verslað er með, skulu búa yfir aðferð, við útreikning á eiginfjárkröfum, til að greina vanskila- og tilfærsluáhættu staðna í veltubók, sem skal bæta við áhættu sem greinist með mælingu vágildis, eins og tilgreint er í 5. lið. Stofnunin skal sýna fram á að aðferð hennar uppfylli kröfur um fjarhagslegt heilbrigði sem samrýmast aðferðinni sem er sett fram í 84. til 89. gr. tilskipunar 2006/48/EB, að því gefnu að áhættustigið sé stöðugt, og sé leiðrétt, eftir því sem við á, til að endurspeгла áhrif greiðsluhæfis, samþjöppunar, áhættuvarna og verðs valréttar.

Gildissvið

5b. Aðferðin við að greina aukna vanskila- og tilfærsluáhættu skal ná yfir allar stöður sem falla undir eiginfjárkröfur vegna sérstakrar vaxtaáhættu en skal ekki ná yfir verðbréfaðar stöður og lánaafleiður sem byggjast á n-ta vanskilaaðila. Með fyrirvara um samþykki eftirlitsaðila getur stofnunin kosið að láta aðferðina ná með samræmdum hætti yfir allar stöður í skráðum hlutabréfum og afleiðum sem byggja á skráðum hlutabréfum ef það er í samræmi við innri aðferð stofnunar við að mæla og stýra áhættu. Aðferðin skal endurspeгла áhrif fylgni milli vanskila- og tilfærsluatburða. Ekki skal endurspeгла áhrif af blöndun milli vanskila- og tilfærsluatburða annars vegar og annarra markaðsáhættubátta hins vegar.

Breytur

5c. Aðferðin við að greina viðbótaráhættu (e. incremental risk) skal mæla tap vegna vanskila og tilfærslu innra eða ytra mats við 99,9% öryggisbil á eins árs tímabili.

Fylgniforsendur skulu studdar greiningu á hlutlægum gögnum innan hugtakslega trausts ramma. Aðferðin við að greina viðbótaráhættu skal endurspeгла samþjöppun útgefenda með viðeigandi hætti. Endurspeгла skal einnig samþjöppun sem getur orðið innan og þvert á afurðaflokka við erfiðar aðstæður. Aðferðin skal byggja á þeirri forsendu að áhættustig á viðkomandi eins árs tímabili haldist stöðugt, en það felur í sér að einstakar stöður eða hópar staðna í veltubókinni, sem hafa lent í vanskilum eða breytingu á lánshæfismati innan seljanleikatímabils síns, séu endurstiltir í lok seljanleikatímabilsins til þess að ná aftur upphaflega áhættustiginu. Stofnun getur hins vegar valið að nota með samræmdum hætti forsendu um stöðuga áhættu til eins árs.

5d. Ákvarða skal seljanleikatímabilið í samræmi við þann tíma sem þarf til að selja stöðuna eða áhættuverja alla verulega viðeigandi verðáhættu við erfiðar markaðsaðstæður, sérstaklega að teknu tilliti til stærðar stöðunnar. Seljanleikatímabilið skal endurspeгла raunverulega starfsvenju og reynslu bæði á tímum kerfisbundinna og sérstakra erfiðleika. Meta skal seljanleikatímabilið samkvæmt varfærnum forsendum og það skal vera nægilega langt til þess að sala eða áhættuvörn hafi í sjálfu sér ekki veruleg áhrif á verðið sem salan eða vörnin færir fram á.

Við ákvörðun viðeigandi seljanleikatímabils vegna stöðu eða samstæðu staðna skal lágmarkstímabilið vera þrjú mánuðir.

Við ákvörðun viðeigandi seljanleikatímabils fyrir stöðu eða samstæðu staðna skal taka tillit til innri stefnu stofnunar í tengslum við virðisleiðréttingar og meðferð staðnaðra staðna. Ef stofnun ákvarðar seljanleikatímabil fyrir samstæður staðna frekar en einstakar stöður, skal skilgreina viðmiðanir fyrir skilgreiningu á samstæður staðna með þeim hætti að þær endurspegli á markvissan hátt mismunandi seljanleika. Seljanleikatímabil skulu vera lengri fyrir stöður sem eru samþjappaðar, til samræmis við að lengri tíma tekur að losa slíkar stöður. Seljanleikatímabil fyrir vöruhús verðbréfana (e. securitisation warehouse) skal endurspeгла tímamann sem það tekur að byggja upp, selja og verðbréfa eignirnar, eða tímamann sem tekur að áhættuverja verulega áhættuþætti, við erfiðar markaðsaðstæður.

- 5e. Fella má áhættuvörn inn í aðferð stofnunar við að greina aukna vanskila- og tilfærsluáættu. Heimilt er að skuldajafna stöður ef gnótt- og skortstöður vísa til sama fjármálagernings. Áhrif áhættuvarnar eða áhættudreifingar í tengslum við gnótt- og skortstöður í mismunandi gerningum eða mismunandi verðbréfum sama loforðsgjafa, auk gnótt- og skortstaðna í mismunandi útgefendum, má aðeins færa með því að gera ítarlega grein fyrir vergum gnótt- og skortstöðum í mismunandi gerningum. Stofnanir skulu endurspegla áhrif verulegrar áhættu sem gæti komið til á tímabilinu milli gildisstíma áhættuvarnarinnar og seljanleikatímabilsins auk mögulegrar mikilvægrar grunnáættu áhættuvarnaráætlana eftir afurð, forgangsröð í fjármagnsuppbyggingu, innra eða ytra mati, gildistíma, útgáfualdri (e. vintage) og öðrum mismun á gerningunum. Stofnun skal aðeins endurspegla áhættuvörn að því marki sem unnt er að viðhalda henni jafnvel þótt loforðsgjafi nálgist láns hæfisatburð eða annan atburð.

Að því er varðar stöður í veltubók sem eru áhættuvarðar með öflugri áhættuvarnaráætlun, má skrá endurstillingu áhættuvarnar innan seljanleikatímabils vörðu stöðunnar að því tilskildu að stofnunin:

- i. kjósi að setja endurstillingu áhættuvarnarinnar fram með samræmdum hætti að því er varðar viðkomandi samstæðu staðna í veltubókinni,
 - ii. sýni fram á að endurstillingin leiði til betra áhættumats, og iii. sýni fram á að markaðir fyrir gerningana sem notaðir eru til áhættuvarnar séu nægilega virkir til þess að hægt sé að framkvæma slíka endurstillingu, jafnvel á erfiðum tímum. Eiginfjárfarkörfurnar skulu endurspegla aðra eftirstæða áhættu vegna öflugra áhættuvarnaráætlana.
- 5f. Aðferðin við að greina aukna vanskila- og tilfærsluáættu skal endurspegla ólínuleg áhrif valrétta, samsettra lánaafleiða og annarra staðna sem hegða sér marktækt með ólínulegum hætti með tilliti til verðbreytinga. Stofnunin skal einnig taka tilhlyðilegt tillit til umfangs líkanaáættu sem er innbyggð í verðmat og mat á verðlagsáættu í tengslum við slíkar afurðir.
- 5g. Aðferðin við að greina aukna vanskila- og tilfærsluáættu skal byggjast á gögnum sem eru hlutlæg og dagrétt.

Fullgilding

- 5h. Við óháða endurskoðun á áhættumatskerfi sínu og fullgildingu innri líkana sinna, eins og krafist er í þessum viðauka, skulu stofnanir, með tilliti til aðferðarinnar við að greina aukna vanskila- og tilfærsluáættu, einkum:
- i. staðfesta að aðferð við líkanasmíðna að því er varðar fylgni og verðbreytingar sé viðeigandi með tilliti til eignasafns stofnunarinnar, þ.m.t. val á vægi kerfisbundinna áhættuþátta,
 - ii. framkvæma fjölbreytt álagspróf, þ.m.t. næmisgreiningu og sviðsmyndagreiningu, til þess að meta eigindlegt og megindlegt réttmæti aðferðarinnar, einkum með tilliti til þess hvernig samþjöppun er meðhöndluð. Slík próf skulu ekki takmarkast við atburði sem hafa átt sér stað,
 - iii. beita viðeigandi megindlegri fullgildingu, þ.m.t. viðeigandi innri viðmiðunum líkana.

Aðferðin við að greina aukna áættu skal vera í samræmi við áhættustýringaraðferðir stofnunar við að greina, mæla og stýra viðskiptaáættu.

Skjalfesting

- 5i. Stofnun skal skjalfesta aðferð sína við að greina aukna vanskila- og tilfærsluáættu þannig að fylgniforsendur og aðrar forsendur líkansins séu gagnsæjar lögbærum yfirvöldum.

Innri aðferðir sem byggja á öðrum breytum

- 5j. Ef stofnunin notar aðferð til að fanga aukna vanskila- og tilfærsluáættu sem ekki uppfyllir allar kröfurnar í þessum lið en er í samræmi við innri aðferðafræði stofnunarinnar við að greina, mæla og stýra áættu, skal hún geta sýnt fram á að aðferð hennar leiði til eiginfjárfarkröfu sem er að lágmarki jafn há og ef hún byggði á aðferð sem uppfyllir allar kröfurnar í þessum lið. Lögbær yfirvöld skulu, að lágmarki árlega, hafa eftirlit með því hvort farið sé að undanfarandi málslið. Evrópska bankaeftirlitsnefndin skal fylgjast með mismunandi starfsvenjum á þessu sviði og semja viðmiðunarreglur til þess að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði.

Tíðni útreikninga

- 5k. Stofnun skal framkvæma þá útreikninga, sem krafist er samkvæmt þeirri aðferð sem hún beitir til að greina aukna áhættu, a.m.k. vikulega.
- 5l. Lögbær yfirvöld skulu viðurkenna notkun innri aðferðar við útreikning á viðbótareiginfjárkröfu í stað eiginfjárkröfu vegna fylgniviðskiptasafns í samræmi við 14. lið a í I. viðauka að því tilskildu að öll skilyrði í þessum lið séu uppfyllt.

Slik innri aðferð skal greina með viðunandi hætti alla verðáhættu miðað við 99,9% öryggisbil fyrir eins árs tímabil, að gefnum forsendum um stöðugt áhættustig, og leiðrétt eftir því sem við á til að endurspegla áhrif seljanleika, samþjöppunar, áhættuvarna og verð valréttar. Þegar aðferðinni er beitt getur stofnunin talið með allar þær stöður sem um getur í þessum lið og er stýrt ásamt stöðum í fylgniviðskiptasafni og getur síðan undanskilið þær stöður frá beitingu aðferðarinnar sem krafist er í 5. lið a.

Fjárhæð eiginfjárkröfu vegna allrar verðáhættu skal ekki vera lægri en 8% af eiginfjárkröfu sem yrði reiknuð út í samræmi við 14. lið a í I. viðauka fyrir allar stöður sem teknar eru með við útreikning á kröfu vegna allrar verðáhættu.

Einkum skal greina eftirfarandi áhættu með fullnægjandi hætti:

- a) uppsafnaða áhættu vegna vanskila, þ.m.t. röðun vanskila í lagskiptum afurðum,
- b) áhættu vegna áhættuálags, þ.m.t. gamma og kross-gamma áhrif,
- c) flókt áætlaðrar fylgni, þ.m.t. vixlverkun milli álags og fylgni,
- d) grunnáhættu, þ.m.t. bæði:
 - i. mismuninn á álagi á vísitölu og álagi á einstaka aðila í vísitölu, og
 - ii. mismuninn á álagi á milli áætlaðrar fylgni vísitölu og sérsniðinna verðbréfasafna,
- e) flókt endurheimtarhlutfalls, þar sem endurheimtarhlutfallið hefur tilhneigingu til að hafa áhrif á verð lagskiptra hluta verðbréfa, og
- f) að því marki sem heildaráhættumat tekur til ávinnings af öflugri áhættuvörn, hættu á að áhættuvörn sígi og mögulegs kostnaðar við að endurstilla slíka áhættuvörn,

Að því er varðar þennan lið skal stofnun hafa yfir að ráða fullnægjandi markaðsgögnum til að tryggja að hún greini megináhættur þessara áhættuskuldbindinga í innri aðferðum sínum í samræmi við staðlana sem settir eru fram í þessum lið, að hún við afturvirkir eftirlit eða með öðrum viðeigandi aðferðum sýni fram á að áhættumat þess geti skýrt sögulegar verðbreytingar þessara afurða og geti aðskilið þær stöður, sem hún hefur samþykki fyrir að telja með í eiginfjárkröfum í samræmi við þennan lið, frá stöðum sem hún hefur ekki slíkt samþykki fyrir.

Að því er varðar eignasöfn sem falla undir þennan lið skal stofnunin reglulega beita fyrirfram ákveðinni hermun álagsaðstæðna á þau. Við slíka hermun álagsaðstæðna skal athuga áhrif álags á vanskilahlutfall, endurheimtarhlutfall, áhættuálag og fylgni hagnaðar og taps á fylgniviðskiptaborði. Stofnunin skal beita slíkri hermun álagsaðstæðna að lágmarki vikulega og gefa lögbærum yfirvöldum skýrslu um niðurstöðurnar eigi sjaldnar en ársfjórðungslega, þ.m.t. samanburð við eiginfjárkröfur stofnunar í samræmi við þennan lið. Ef álagspróf gefur til kynna að verulega skorti upp á þessar eiginfjárkröfur skal tilkynna það tímanlega þar til bærum yfirvöldum. Á grundvelli niðurstaðna álagsprófunar skulu lögbær yfirvöld taka til athugunar viðbótareiginfjárkröfur vegna fylgniviðskiptasafns eins og sett er fram í 2. mgr. 136. gr. tilskipunar 2006/48/EB.

Stofnun skal reikna út eiginfjárkröfur í því skyni að greina alla verðáhættu að lágmarki vikulega.“,

e) í stað 6. liðar komi eftirfarandi:

„6. Stofnanir sem nota innri líkön, sem eru ekki viðurkennd skv. 5. lið., skulu fullnægja sérstökum eiginfjárkröfum vegna sérstakrar áhættu sem er reiknuð skv. I. viðauka.“,

f) í stað 7. liðar komi eftirfarandi:

„7. Að því er varðar a- og b-lið 10. liðar b skulu niðurstöður útreikninga stofnunarinnar margfaldaðar með margföldunarstuðlunum (mc) og (ms). Þessir stuðlar skulu ekki vera lægri en 3.“,

g) í stað fyrstu málsgreinar í 8. lið komi eftirfarandi:

„Að því er varðar a- og b-lið 10. liðar b, skal hækka margföldunarstuðlana (mc) og (ms) um upphækkunarstuðul sem er á bilinu 0 til 1 í samræmi við töflu 1, miðað við fjölda yfirskota á næstliðnum 250 viðskiptadögum samkvæmt afturvirkri eftirliti stofnunarinnar með mati á vágildi sem sett er fram í 10. lið. Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að stofnanir reikni yfirskot út með samræmdum hætti á grundvelli afturvirks eftirlits með tilliti til raunverulegra eða hugsanlegra breytinga á verðgildi verðbréfasafnsins. Yfirskot er eins dags breyting á verðgildi verðbréfasafnsins sem fer fram úr viðkomandi mati á vágildi fyrir einn dag samkvæmt líkani stofnunarinnar. Í þeim tilgangi að ákvarða upphækkunarstuðul skal mæla fjölda yfirskota að lágmarki ársfjórðungslega og skal fjöldinn jafngilda hærra gildinu af yfirskotum samkvæmt hugsanlegum eða raunverulegum breytingum á verðgildi verðbréfasafnsins.“,

h) ákvæði 9. liðar falli brott,

i) eftirfarandi breytingar eru gerðar á 10. lið:

i. í stað c-liðar komi eftirfarandi:

„c) eignartímabil sem samsvarar tíu dögum (stofnanir geta notað vágildistölur sem reiknaðar eru út samkvæmt skemmra eignartímabili og kvarðaðar upp í tíu daga, t.d. með kvaðratrót af tíma. Stofnun sem notar þá aðferð skal reglulega rökstyðja réttmæti aðferðarinnar á fullnægjandi hátt að dómi lögbærra yfirvalda),“,

ii. í stað e-liðar komi eftirfarandi:

„e) gögn séu uppfærð á eins mánaðar fresti.“,

j) eftirfarandi liðir bættast við:

„10a. Auk þess skal hver stofnun reikna út „vágildi við erfiðar aðstæður“ á grundvelli vágildis núverandi verðbréfasafns miðað við tíu daga eignartímabil og einhliða 99% öryggisbil, þar sem ílög í vágildislíkan eru kvörðuð við söguleg gögn frá samfelldu tólf mánaða tímabili verulegra fjárhagserfiðleika sem á við verðbréfasafn stofnunarinnar. Val á slíkum sögulegum gögnum skal vera með fyrirvara um samþykki lögbærra yfirvalda og árlega endurskoðun stofnunarinnar. Evrópska bankaefirlitsnefndin skal hafa eftirlit með mismunandi starfsvenjum á þessu sviði og semja viðmiðunarreglur til þess að tryggja samleitni. Stofnanir skulu reikna út vágildi við erfiðar aðstæður a.m.k. vikulega.

10b. Hver stofnun skal uppfylla daglega þá eiginfjárkröfu sem sett er fram sem summa a- og b-liðar og stofnun sem notar innra líkan við útreikning á eiginfjárkröfu vegna tiltekinnar stöðuáhættu skal uppfylla eiginfjárkröfu sem sett er fram sem summa c- og d-liðar, sem hér segir:

- a) þá sem hærri er af:
- i. vágildistölu frá fyrri degi, reiknaða út í samræmi við 10. lið (VaRt-1), og
 - ii. meðaltal daglegs mats á vágildi í samræmi við 10. lið á hverjum undanfarinna sextíu viðskiptadaga (VaRavg), margfaldað með margfeldisstuðlinum (mc),
- b) þá sem hærri er af:
- i. síðustu tiltæku vágildistölu við erfiðar aðstæður í samræmi við 10. lið a (sVaRt-1), og
 - ii. meðaltali vágildistalna við erfiðar aðstæður sem reiknaðar eru út með þeim hætti og eins oft og tilgreint er í 10. lið a á næstliðnum sextíu viðskiptadögum (sVaRavg), margfaldað með margfeldisstuðlinum (ms),
- c) eiginfjárkröfu sem reiknuð er út í samræmi við I. viðauka vegna stöðuáhettu verðbréfaðra staðna og lánaafleiða sem byggjast á n-ta vanskilaaðila í veltubók að undanskildum þeim sem falla undir eiginfjárkröfur í samræmi við 5. lið l,
- d) því herra af nýjasta og tólf vikna meðaltali aukinnar vanskila- og tilfærsluáhettu stofnunar í samræmi við 5. lið a og, eftir atvikum, því herra af nýjasta og tólf vikna meðaltali allrar verðáhettu stofnunar í samræmi við 5. lið l.

10c. Stofnanir skulu einnig framkvæma öflug álagspróf.“,

- k) í stað fyrstu málsgreinar í 12. lið komi eftirfarandi:

„12. Áhættumatslíkanið skal greina nógu marga áhættuþætti, eftir umsvifum stofnunarinnar á viðkomandi mörkuðum. Ef áhættuþáttur er tekinn með í verðmatslíkani stofnunar en ekki í áhættumatslíkanið skal stofnunin geta réttlætt, á fullnægjandi hátt að mati lögbærs yfirvalds, að sá þáttur sé undanskilinn. Auk þess skal áhættumatslíkanið greina ólínuleg einkenni valrétta og annarra afurða auk fylgniáhettu og grunnáhettu. Ef notaðir eru áætlaðir áhættuþættir skal sýnt fram á góðan fyrri árangur staðna sem haldið er í raun. Auk þess gildir eftirfarandi fyrir einstakar tegundir áhettu:“.

- 4) Ákvæðum B-hluta VII. viðauka er breytt sem hér segir:

- a) í stað a-liðar í 2. lið komi eftirfarandi:

„a) skjalfesta stefnu og verklagsreglur fyrir matsferlið, þ.m.t. skýrt skilgreind ábyrgð mismunandi sviða sem koma að ákvörðun matsins, markaðsupplýsingabrunnar og mat á því hvort þeir séu viðeigandi, viðmiðunarreglur um notkun ósannreynanlegs ílags sem endurspeglar forsendur stofnunar varðandi hvað markaðsaðilar myndu nota við verðlagningu á stöðu, tíðni óháðs mats, tímasetningu lokaverðs, verklagsreglur um leiðréttingu á mati, um sannprófun við mánaðarlok og verklagsreglur við sérstakar aðstæður,“.

- b) í stað 3. liðar komi eftirfarandi:

„3. Stofnanir skulu færa stöður sínar á markaðsvirði þegar því verður við komið. Færsla á markaðsvirði er minnst daglegt mat á stöðum á lokaverði sem auðvelt er að nálgast hjá óháðum aðilum. Dæmi um þetta er m.a. verð á verðbréfamörkuðum, skjáverð eða markaðsverð frá nokkrum óháðum og virtum miðlurum.“.

- c) í stað 5. liðar komi eftirfarandi:

„5. Ef ekki er unnt að færa stöður á markaðsvirði verða stofnanir að færa stöður sínar/verðbréfasafn á útreiknuðu virði áður en þær reikna eiginfjárkröfur með aðferðum sem gilda um veltubók. Útreiknað virði er skilgreint sem hvert það mat sem þarf að setja sem viðmiðun, framreikna eða á annan hátt reikna út frá markaðsgögnum.“.

d) í stað a-liðar í 6. lið komi eftirfarandi:

„a) yfirstjórn skal hafa vitneskju um þá þætti veltubókarinnar, eða annarra staðna á gangvirði, sem eru háðir útreiknuðu virði og hún verður að gera sér ljóst mikilvægi þeirrar óvissu sem þetta skapar í reikningssskilum að því er varðar áhættu/rekstrarárangur fyrirtækisins.“

e) eftirfarandi komi í stað 8. og 9. liðar:

„Virðisleiðréttingar

8. Stofnanir skulu koma á og viðhalda verklagsreglum um hvernig beri að taka tillit til virðisleiðréttinga.

Almennir staðlar

9. Lögbær yfirvöld skulu krefjast þess að formlega verði tekið tillit til eftirfarandi virðisleiðréttinga: óinnleysts áhættuálags, uppgjörskostnaðar, rekstraráhættu, slita fyrir lok samningstíma, fjárfestingar- og fjármögnunarkostnaðar, væntanlegs stjórnunarkostnaðar og, ef við á, líkansáhættu.“

f) í stað 11. til 15. liðar komi eftirfarandi:

„11. Stofnanir skulu koma á og viðhalda verklagsreglum við að reikna út leiðréttingu á gildandi verðmati á stöðum sem eru ekki mjög seljanlegar. Slik leiðrétting skal, ef nauðsyn krefur, vera til viðbótar við breytingar á virði stöðu sem krafist er vegna reikningssskila og skulu gerðar til að endurspegla illseljanleika stöðunnar. Samkvæmt þessum verklagsreglum skulu stofnanir taka til athugunar nokkra þætti þegar þær ákvarða hvort virðisleiðrétting sé nauðsynleg vegna staðna sem eru ekki mjög seljanlegar. Þeir þættir eru m.a. sá tími sem það tæki að áhættuverja stöðu eða gegn áhættu innan stöðunnar, flókt og meðaltal mismunar á kaup-/sölutilboðum, hvort markaðsverð liggur fyrir (fjöldi og auðkenni viðskiptavaka) og flókt og meðaltal veltu skráðra verðbréfa, þ.m.t. veltu við erfiðar markaðsaðstæður, markaðssamþjöppun, aldursgreining staðna, að hve miklu leyti verðmat byggist á útreiknuðu virði og áhrif annarrar líkansáhættu.

12. Þegar notast er við mat frá þriðja aðila eða útreiknað virði skulu stofnanir taka til athugunar hvort þær eigi að beita virðisleiðréttingu. Að auki skulu stofnanir taka til athugunar hvort þörf sé á að gera leiðréttingar vegna staðna sem eru ekki mjög seljanlegar og endurskoða á áframhaldandi grundvelli hvort þær séu hæfilegar.

13. Að því er varðar flóknar afurðir þ.m.t., en ekki einskorðað við, verðbréfaðar áhættuskuldbindingar og lána-afleiður sem byggjast á n-ta vanskilaaðila, skulu stofnanir meta þörf á virðisleiðréttingum til að endurspegla líkansáhættu í tengslum við beitingu matsaðferðar sem mögulega er röng og líkansáhættu í tengslum við ósamræmnanlegar (og mögulega rangar) kvörðunarbreytur í virðislikaninu.“

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2012/EES/59/17

frá 17. júní 2011

um breytingu á ákvörðun 2009/719/EB um að heimila tilteknum aðildarríkjum að endurskoða árlegar vöktunaráætlanir sínar vegna kúariðu (*)

(tilkynnt með númeri C(2011) 4194)

(2011/358/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinnar tegunda smitandi heilahrönnunar⁽¹⁾, einkum annarri undirgrein 1. mgr. b. í 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 eru settar reglur um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu smitandi heilahrönnunarsjúkdóma í dýrum. Þar er gerð krafa um að hvert aðildarríki starfi eftir árlegri áætlun um vöktun með smitandi heilahrönnunarsjúkdómum í samræmi við III. viðauka þeirrar reglugerðar.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 999/2001 er kveðið á um að árlega vöktunaráætlunin eigi að lágmarki að ná yfir tiltekinn undirhóp nautgripa sem um getur í 6. gr. Til þessara undirhópa skulu teljast allir nautgripir, sem eru eldri en 24 eða 30 mánaða, þar sem aldursmörk miðast við flokka sem mælt er fyrir um í liðum 2.1, 2.2 og 3.1 í I. hluta A-kafla III. viðauka við þá reglugerð.
- 3) Í viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/719/EB frá 28. september 2009, sem heimilar tilteknum aðildarríkjum að endurskoða árlegar vöktunaráætlanir sínar vegna kúariðu⁽²⁾, eru tilgreind 17 aðildarríki sem hafa heimild til að endurskoða árlega vöktunaráætlun sína í samræmi við reglugerð (EB) nr. 999/2001. Skráin nær yfir öll þau aðildarríki sem voru aðilar Evrópusambandsins fyrir 1. maí 2004, auk Slóveníu og Kýpur.
- 4) Hinn 9. desember 2010 samþykkti vísindanefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um líffræðilega hættu (Biohaz) vísindalegt álit á annarri uppfærslu á áhættumati á heilbrigði manna og dýra í tengslum við endurskoðun á fyrirkomulagi vöktunar vegna kúariðu í sumum aðildarríkjum.⁽³⁾ (Álitsgerð Matvælaöryggisstofnunar Evrópu frá 9. desember 2010). Í tengslum við álit Matvælaöryggisstofnunar Evrópu frá 9. desember 2010 var vísindanefndin um líffræðilega hættu beðin um að

greina fyrirleggjandi upplýsingar fyrir aðildarríkin 17, sem tilgreind eru í ákvörðun 2009/719/EB, og fyrir átta önnur aðildarríki. Vísindanefndin um líffræðilega hættu dró þá ályktun að öll aðildarríkin 25 hefðu í a.m.k. sex ár framfylgt eftirlitskerfi og varnaráðstöfunum vegna kúariðu eins og kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 999/2001. Í álitsgerð Matvælaöryggisstofnunar Evrópu frá 9. desember 2010 er staðfest að kúariðufaraldurinn sé á undanhaldi innan þeirra 17 aðildarríkja sem tilgreind eru í ákvörðun 2009/719/EB.

- 5) Í álit Matvælaöryggisstofnunar Evrópu frá 9. desember 2010 er einnig komist að þeirri niðurstöðu að yrði aldursmark fyrir prófanir vegna kúariðu í heilbrigðum nautgripum, sem slátrað er, hækkað upp í 72 mánuði mætti gera ráð fyrir að minna en eitt tilvik dæmigerðrar kúariðu slyppi framhjá greiningu á árinu 2011. Enn fremur er komist að þeirri niðurstöðu að ef prófunum vegna kúariðu á heilbrigðum nautgripum, sem slátrað er, yrði hætt frá og með 1. janúar 2013 myndi minna en eitt tilvik dæmigerðrar kúariðu sleppa framhjá greiningu á hverju almanaksári frá og með árinu 2013. Af þessum niðurstöðum má draga þá ályktun að áhættan fyrir heilbrigði manna og dýra yrði óveruleg ef prófanirnar, sem eru sem stendur notaðar vegna kúariðu, yrðu aðlagðar til samræmis við þær.
- 6) Með tilliti til niðurstaðna úr álit Matvælaöryggisstofnunar Evrópu frá 9. desember 2010 skal hækka aldursmörk fyrir flokka nautgripa að því er varðar dýr sem falla undir endurskoðaðar, árlegar vöktunaráætlanir þeirra aðildarríkja sem tilgreind eru í viðaukanum við ákvörðun 2009/719/EB. Af þeim sökum skal gefa þeim aðildarríkjum, sem hafa fengið heimild til að endurskoða árlega vöktunaráætlun sína, kost á því frá 1. janúar 2013 að nota aðrar en jafn skilvirkar sýnatökuáætlanir á meðan þau aðlagast faraldsfræðilegum aðstæðum.
- 7) Að því er varðar þau átta aðildarríki sem ekki eru tilgreind í ákvörðun 2009/719/EB er komist að þeirri niðurstöðu í álit Matvælaöryggisstofnunar Evrópu frá 9. desember að faraldsfræðilegar aðstæður dæmigerðrar kúariðu séu frábrugðnar í þeim fimm ríkja hópi sem telur Eistland, Lettland, Litháen, Ungverjaland og Möltu, auk annars hóps sem telur þrjú aðildarríki, nánar tiltekið Tékkland, Pólland og Slóvakíu.
- 8) Í fimm aðildarríkja hópunum hafa engin tilvik kúariðu verið greind síðan eftirlitskerfi Sambandsins var komið í fulla framkvæmd 1. maí 2004 og ættu faraldsfræðilegar aðstæður vegna dæmigerðrar kúariðu að teljast „a.m.k. jafngildar“ aðstæðum í aðildarríkjunum 17 sem tilgreind

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 161, 21.6.2011, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 35/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 43, 2.8.2012, bls. 3.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 256, 29.9.2009, bls. 35.

⁽³⁾ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2010 8(12), 1946.

- eru í ákvörðun 2009/719/EB. Því ber að nota svipað prófunarfyrirkomulag hjá þessum hópi 22 aðildarríkja þar eð faraldsfræðilegar aðstæður eru sambærilegar innan þeirra allra.
- 9) Enn fremur er komist að þeirri niðurstöðu í álit Matvælaöryggisstofnunar Evrópu frá 9. desember 2010 að þróun á faraldri dæmigerðrar kúariðu í Tékklandi, Póllandi og Slóvakíu sýni tvær bylgjur í nýgengi dæmigerðrar kúariðu hjá hverjum fæðingaraldurshópi og í meðalaldri þeirra sem greinast með dæmigerða kúariðu. Mynstur síðari bylgjunnar teflir í tvísýnu því sem staðfest hefur verið um augljós líkindi milli þróunar á faraldri dæmigerðrar kúariðu innan þeirra 17 aðildarríkja, sem þegar hafa verið tilgreind í ákvörðun 2009/719/EB, og þessum hópi þriggja aðildarríkja. Að því er varðar þessi þrjú aðildarríki hefur Matvælaöryggisstofnunin komist að þeirri niðurstöðu að sem stendur myndi það ekki teljast upplýsandi að áætla fjölda þeirra tilvika þar sem dæmigerð kúariða hefur ekki fundist, yrði prófunaraldri breytt í þessum hópi.
 - 10) Hinn 26. mars 2010 lagði Lettland umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um endurskoðun á árlegri vöktunaráætlun vegna kúariðu.
 - 11) Hinn 16. júní 2010 lagði Eistland umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um endurskoðun á árlegri vöktunaráætlun vegna kúariðu.
 - 12) Hinn 7. október 2010 lagði Litháen umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um endurskoðun á árlegri vöktunaráætlun vegna kúariðu.
 - 13) Hinn 21. október 2010 lagði Lúxemborg umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um endurskoðun á árlegri vöktunaráætlun vegna kúariðu.
 - 14) Hinn 27. október 2010 lagði Þýskaland umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um endurskoðun á árlegri vöktunaráætlun vegna kúariðu.
 - 15) Hinn 24. nóvember 2010 lagði Grikkland umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um endurskoðun á árlegri vöktunaráætlun vegna kúariðu.
 - 16) Hinn 26. nóvember 2010 lagði Slóvenía umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um endurskoðun á árlegri vöktunaráætlun vegna kúariðu.
 - 17) Hinn 30. nóvember 2010 lagði Svíþjóð umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um endurskoðun á árlegri vöktunaráætlun vegna kúariðu.
 - 18) Hinn 13. desember 2010 lagði Spánn umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um endurskoðun á árlegri vöktunaráætlun vegna kúariðu.
 - 19) Hinn 13. desember 2010 lagði Belgía umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um endurskoðun á árlegri vöktunaráætlun vegna kúariðu.
 - 20) Hinn 13. desember 2010 lagði Finnland umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um endurskoðun á árlegri vöktunaráætlun vegna kúariðu.
 - 21) Hinn 14. desember 2010 lagði Danmörk umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um endurskoðun á árlegri vöktunaráætlun vegna kúariðu.
 - 22) Hinn 15. desember 2010 lagði Bretland umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um endurskoðun á árlegri vöktunaráætlun vegna kúariðu.
 - 23) Hinn 15. desember 2010 lagði Austurríki umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um endurskoðun á árlegri vöktunaráætlun vegna kúariðu.
 - 24) Hinn 20. desember 2010 lagði Írland umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um endurskoðun á árlegri vöktunaráætlun vegna kúariðu.
 - 25) Hinn 23. desember 2010 lagði Portúgal umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um endurskoðun á árlegri vöktunaráætlun vegna kúariðu.
 - 26) Hinn 5. janúar 2011 lagði Kýpur umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um endurskoðun á árlegri vöktunaráætlun vegna kúariðu.
 - 27) Hinn 13. janúar 2011 lagði Ítalía umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um endurskoðun á árlegri vöktunaráætlun vegna kúariðu.
 - 28) Hinn 18. janúar 2011 lagði Holland umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um endurskoðun á árlegri vöktunaráætlun vegna kúariðu.
 - 29) Hinn 19. janúar 2011 lagði Frakkland umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um endurskoðun á árlegri vöktunaráætlun vegna kúariðu.
 - 30) Hinn 11. febrúar 2011 lagði Ungverjaland umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um endurskoðun á árlegri vöktunaráætlun vegna kúariðu.
 - 31) Hinn 14. febrúar 2011 lagði Malta umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um endurskoðun á árlegri vöktunaráætlun vegna kúariðu.
 - 32) Umsóknirnar, sem þessi 22 aðildarríki lögðu fram, reyndust uppfylla allar þær kröfur er vörðuðu endurskoðun árlegu vöktunaráætlanna sem mælt er fyrir um í 1. mgr. b. í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001 og settar fram í 7. lið í I. hluta A-kafla III. viðauka. Af þeim sökum skal heimila þeim að endurskoða árlega vöktunaráætlun sína vegna kúariðu.

- 33) Í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 706/73 frá 12. mars 1973 um Bandalagsákvæði sem gilda um Ermarsundseyjar og Mön og varða viðskipti með landbúnaðarvörur ⁽¹⁾, er kveðið á um að heilbrigðislöggjöf Sambandsins um dýr, dýraafurðir og matvæli skuli gilda um Ermarsundseyjar og Mön með sömu skilyrðum og í Breska konungsríkinu að því er varðar landbúnaðarvörur sem eru fluttar inn til eyjanna eða fluttar út frá þeim til Sambandsins. Hins vegar gildir ákvörðun 2009/719/EB ekki sem stendur um eyjarnar þar eð Bretland lagði ekki fram viðeigandi gögn þegar ákvörðunin var samþykkt.
- 34) Bretland hefur nú lagt fram viðeigandi gögn er varða faraldsfræðilegar aðstæður og framkvæmd löggjafar Sambandsins varðandi kúariðu á Ermarsundseyjum og Mön. Þessi gögn sýna að faraldsfræðilegar aðstæður kúariðu á þessum eyjum eru sambærilegar við Bretland og að allar viðeigandi kröfur, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. b. í 6. gr. og settar fram í 7. lið I. hluta A-kafla III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001, eru uppfylltar. Ákvörðun 2009/719/EB skal því gilda um þessar eyjar.
- 35) Hinn 15. febrúar 2011 lagði fastanefndin um matvælaferlið og heilbrigði dýra því næst fram jákvætt álit á drögum að ákvörðun um breytingu á ákvörðun 2009/719/EB sem heimilar tilteknum aðildarríkjum að endurskoða árlegar vöktunaráætlanir sínar vegna kúariðu. Þessi drög að ákvörðun, sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur þó ekki samþykkt, heimila aðildarríkjunum 22 að nota endurskoðað og samhæft prófunarfyrirkomulag vegna kúariðu frá og með 1. júlí 2011.
- 36) Matvælaöryggisstofnun Evrópu samþykkti 13. apríl 2011 vísindalegt álit á endurskoðun áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra í tengslum við endurskoðun á fyrirkomulagi vöktunar vegna kúariðu í þremur aðildarríkjum ESB ⁽²⁾. Í þessu álit er komist að þeirri niðurstöðu að líkanið, sem lagt er til grundvallar ásamt viðbótargögnum um niðurstöður vöktunar frá einu ári í viðbót, nánar tiltekið gögnum frá árinu 2010, sýni fram á að tiltrú á spánni um fjölda tilfella frá árinu 2000, innan aldurshópsins í Tékklandi, Póllandi og Slóvakíu, hafi aukist verulega. Af þessum sökum og á grundvelli niðurstaðna greininga sem gerðar hafa verið komst Matvælaöryggisstofnun Evrópu að þeirri niðurstöðu að kúariðufaraldurinn sé nú á hröðu undanhaldi í þessum þremur aðildarríkjum.
- 37) Í álit Matvælaöryggisstofnunar Evrópu frá 13. apríl 2011 er einnig komist að þeirri niðurstöðu að yrði aldursmark fyrir prófanir vegna kúariðu í heilbrigðum nautgripum, sem slátrað er, hækkað upp í 72 mánuði mætti gera ráð fyrir að minna en eitt tilvik dæmigerðrar kúariðu slyppi framhjá greiningu á árinu 2012. Af þessum niðurstöðum má draga þá ályktun að áhættan fyrir heilbrigði manna og dýra yrði óveruleg ef prófanirnar, sem eru sem stendur notaðar vegna kúariðu, yrðu aðlagðar til samræmis við þær.
- 38) Hinn 10. febrúar 2011 lagði Tékkland umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um endurskoðun á árlegri vöktunaráætlun vegna kúariðu.
- 39) Hinn 15. febrúar 2011 lagði Slóvakía umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um endurskoðun á árlegri vöktunaráætlun vegna kúariðu.
- 40) Hinn 26. apríl 2011 lagði Pólland umsókn fyrir framkvæmdastjórnina um endurskoðun á árlegri vöktunaráætlun vegna kúariðu.
- 41) Umsóknirnar, sem þessi þrjú aðildarríki lögðu fram, reyndust uppfylla allar þær kröfur er vörðuðu endurskoðun árlegu vöktunaráætlanna sem mælt er fyrir um í 1. mgr. b. í 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001 og settar fram í 7. lið í I. hluta A-kafla III. viðauka. Af þeim sökum skal þeim heimilt að endurskoða árlegar vöktunaráætlanir sínar vegna kúariðu og prófunarfyrirkomulag vegna kúariðu innan þessara þriggja aðildarríkja skal samræmt því fyrirkomulagi sem fékk jákvætt álit hjá fastanefndinni um matvælaferlið og heilbrigði dýra 15. febrúar 2011.
- 42) Að teknu tilliti til nýrra aðstæðna sem upp hafa komið síðan atkvæði voru greidd skal ekki samþykkja þau drög að ákvörðun, sem fastanefndin um matvælaferlið og heilbrigði dýra gaf jákvætt álit á 15. febrúar 2011, og leggja skal fram ný drög að ákvörðun, til álita fyrir fastanefndina um matvælaferlið og heilbrigði dýra, um að rýmka þau ákvæði sem þegar hafa verið samþykkt með atkvæðagreiðslu fyrir Tékkland, Pólland og Slóvakíu.
- 43) Því ber að breyta ákvörðun 2009/719/EB til samræmis við það.
- 44) Þessi ákvörðun skal gilda frá og með 1. júlí 2011 til að gefa aðildarríkjunum nægilegan tíma til að aðlaga aðferðir sínar við vöktun vegna kúariðu að breytingunum sem gerðar eru á ákvörðun 2009/719/EB með þessari ákvörðun.
- 45) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra,

HEFUR SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

Ákvörðun 2009/719/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað 2. gr. komi eftirfarandi:

„2. gr.

1. Endurskoðaðar, árlegar vöktunaráætlanir skulu einungis gilda um nautgripa sem eru fæddir í þeim aðildarríkjum sem tilgreind eru í viðaukanum og skulu a.m.k. ná yfir eftirfarandi hópa:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 68, 15.3.1973, bls. 1.

⁽²⁾ *Tiðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(4), 2142.

- a) alla nautgripi, eldri en 72 mánaða, sem slátrað er á hefðbundinn hátt til manneldis eða sem er slátrað í tengslum við herferð til að útrýma sjúkdómi en sýna engin klínísk einkenni sjúkdóms, eins og um getur í lið 2.2 í I. hluta A-kafla III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001,
- b) alla nautgripi, sem eru eldri en 48 mánaða, sem fara í neyðarslátrun eða fá athugasemdir við skoðun fyrir slátrun, eins og um getur í lið 2.1 í I. hluta A-kafla III. viðauka reglugerðar (EB) nr. 999/2001,
- c) alla nautgripi, sem eru eldri en 48 mánaða, eins og um getur í lið 3.1 í I. hluta A-kafla III. viðauka við þá reglugerð, sem hafa drepist eða verið aflífaðir en ekki:
- i. aflífaðir til eyðingar samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 716/96 (*),
 - ii. aflífaðir í tengslum við farsótt, t.d. gin- og klaufaveiki,
 - iii. slátrað til manneldis.
2. Þegar nautgripir, sem tilheyra þeim dýraflokkum sem um getur í 1. mgr. og eru fæddir í einu þeirra aðildarríkja sem tilgreint er í viðaukanum, eru prófaðir vegna kúariðu í öðru

aðildarríki, gilda þau aldursmörk sem eru í gildi í því aðildarríki þar sem prófanirnar eru framkvæmdar.

3. Þrátt fyrir a-lið 1. mgr. geta aðildarríkin, sem tilgreind eru í viðaukanum, ákveðið frá og með 1. janúar 2013 að prófa einungis lágmarksfjölda sýna árlega úr undirhópunum sem um getur í þeim lið.

(*) Stjtið. EB L 99, 20.4.1996, bls. 14.“

2) Viðaukinn við þessa ákvörðun kemur í stað viðaukans.

2. gr.

Ákvörðun þessi kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2011.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. júní 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

John Dalli

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

„*VIÐAUKI*“

Skrá yfir þau aðildarríki og yfirráðasvæði sem hafa heimild til að endurskoða árlegar vöktunaráætlanir sínar vegna kúariðu

- Belgía
 - Tékkland
 - Danmörk
 - Þýskaland
 - Eistland
 - Írland
 - Grikkland
 - Spánn
 - Frakkland
 - Ítalía
 - Kýpur
 - Lettland
 - Litháen
 - Lúxemborg
 - Ungverjaland
 - Malta
 - Holland
 - Austurríki
 - Pólland
 - Portúgal
 - Slóvakía
 - Slóvenía
 - Finnland
 - Svíþjóð
 - Bretland og Ermarsundseyjar og Mön“
-

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 661/2009

2012/EES/59/18

frá 13. júlí 2009

um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Innri markaðurinn myndar svæði án innri landamæra þar sem tryggðir eru frjálsir vöruflutningar, frjáls för fólks, frjáls þjónustustarfsemi og frjálsir fjármagnsflutningar. Í þeim tilgangi er til staðar heildargerðarviðurkenningarkerfi Bandalagsins fyrir vélknúin ökutæki, sem komið var á með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) ⁽³⁾.

2) Þessi reglugerð er sérreglugerð vegna gerðarviðurkenningaraðferðar Bandalagsins sem kveðið er á um í tilskipun 2007/46/EB. Því skal IV., VI., XI. og XV. viðauka við þá tilskipun breytt til samræmis við það.

3) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á gerðarviðurkenningaraðferð ökutækja í einum áfanga og blandaða gerðarviðurkenningaraðferð ökutækja sem settar eru fram í 6. gr. tilskipunar 2007/46/EB.

4) Tæknilegar kröfur vegna gerðarviðurkenningar vélknúinna ökutækja hvað varðar fjölmarga öryggis- og umhverfisþætti hafa verið samræmdar innan Bandalagsins til að koma í veg fyrir mismunandi kröfur frá einu aðildarríkis til annars og til að tryggja öflugt umferðaröryggi og öfluga umhverfisvernd í gervöllu Bandalaginu.

5) Þessi reglugerð miðar einnig að því að auka samkeppnishæfni bílaiðnaðar í Bandalaginu og gerir aðildarríkjum um leið kleift að stunda markaðsefirlit með því að farið sé að ákvæðum um nákvæmar gerðarviðurkenningarkröfur þessarar reglugerðar að því er varðar að setja þær vörur sem um ræðir á markað.

6) Rétt þykir að setja fram kröfur hvað varðar bæði almennt öryggi vélknúinna ökutækja og vistvænleika hjólbarða vegna þess að tiltæk eru vöktunarkerfi fyrir þrýsting í hjólbörðum sem einnig auka öryggi og vistvænleika hjólbarða.

7) Að beiðni Evrópuþingsins hefur nýrri aðferð, sem felur í sér reglusetningu, verið beitt að því er varðar ökutækjalöggjöf Bandalagsins. Með þessari reglugerð skal því aðeins mælt fyrir um grundvallarákvæði hvað varðar öryggi ökutækja og koltvísyringslosun og hávaðamengun vegna hjólbarða, en mælt skal fyrir um tæknilegar forskriftir með framkvæmdarráðstöfunum sem samþykktar voru í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽⁴⁾.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 200, 31.7.2009, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 40/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 43, 2.8.2012, bls. 17.

⁽¹⁾ Álit frá 14. janúar 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 10. mars 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 22. júní 2009.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

Ráðstafanir sem tengjast ákvæðum 10. gr. skulu samþykktar eigi síðar en 31. desember 2011.

3. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt eftirtaldar framvæmdarráðstafanir:

- a) ráðstafanir sem undanskilja tiltekin ökutæki eða undirflokk ökutækja í flokkum M₂, M₃, N₂ og N₃ frá þeirri skyldu að sett séu upp háþrúð ökutækjakerfi sem vísað er til í 10. gr., ef í kjölfar kostnaðar- og ábatagreiningar og að teknu tilliti til allra viðeigandi öryggisþátta, er sannað að notkun slíkra kerfa sé ekki viðeigandi fyrir ökutækið eða þann undirflokk ökutækis sem um er að ræða.

- b) eigi síðar en 31. desember 2010 og á grundvelli kostnaðar- og ábatagreiningar, ráðstafanir sem stytta tímabilið sem mælt er fyrir um í 11. mgr., 13. gr. sem kann að vera mismunandi eftir þeim undirflokki eða flokki hjólbarða sem um er að ræða.

4. Þær ráðstafanir sem um getur í þessari grein og er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, m.a. með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 15. gr.:

15. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar tækninefndarinnar um vélknúin ökutæki sem komið var á fót með 1. mgr. 40. gr. tilskipunar 2007/46/EB.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.–4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

V. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

16. gr.

Viðurlög við brotum á ákvæðum

1. Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum framleiðenda gegn ákvæðum þessarar reglugerðar og framkvæmdarráðstöfunum hennar og gera allar nauðsynlegar

ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi. Fyrir 20. febrúar 2011 eða, eftir því sem við á, 18 mánuðum eftir gildistöku viðeigandi framkvæmdarráðstafana, skulu aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði og skulu tilkynna án tafar um sérhverja síðari breytingu sem hefur áhrif á þau.

2. Brot þau, sem viðurlög gilda um, felast a.m.k. í eftirfarandi:

- a) lagðar eru fram rangar upplýsingar meðan á viðurningrarferli stendur eða í ferli sem leiðir til innköllunar,
- b) niðurstöður úr prófun vegna gerðarviðurkenningar eru falsaðar,
- c) gögn eða tækniforskriftir, sem gætu valdið innköllun eða afturköllun gerðarviðurkenningar, eru ekki látin af hendi.

17. gr.

Skýrslugjöf

Fyrir 1. desember 2012 og þriðja hvert ár eftir það skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið sem inniheldur, eftir því sem við á, tillögur um breytingar á þessari reglugerð eða annarri viðeigandi löggjöf Bandalagsins hvað varðar að fella inn í hana frekari nýjan öryggisbúnað.

18. gr.

Breytingar á tilskipun 2007/46/EB

Ákvæðum IV., VI., XI. og XV. viðauka við tilskipun 2007/46/EBE er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

19. gr.

Niðurfelling

1. Tilskipanir 70/221/EBE, 70/222/EBE, 70/311/EBE, 70/387/EBE, 70/388/EBE, 71/320/EBE, 72/245/EBE, 74/60/EBE, 74/61/EBE, 74/297/EBE, 74/408/EBE, 74/483/EBE, 75/443/EBE, 76/114/EBE, 76/115/EBE, 76/756/EBE, 76/757/EBE, 76/758/EBE, 76/759/EBE, 76/760/EBE, 76/761/EBE, 76/762/EBE, 77/389/EBE, 77/538/EBE, 77/539/EBE, 77/540/EBE, 77/541/EBE, 77/649/EBE, 78/316/EBE, 78/317/EBE, 78/318/EBE, 78/549/EBE, 78/932/EBE, 89/297/EBE, 91/226/EBE, 92/21/EBE, 92/22/EBE, 92/24/EBE, 92/114/EBE, 94/20/EB, 95/28/EB, 96/27/EB, 96/79/EB, 97/27/EB, 98/91/EB, 2000/40/EB, 2001/56/EB, 2001/85/EB, 2003/97/EB falli úr gildi frá og með 1. nóvember 2014.

2. Tilskipun 92/23/EBE falli úr gildi frá og með 1. nóvember 2017.

3. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipanirnar sem tilvísanir í þessa reglugerð.

20. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. nóvember 2011.

Ákvæði 15. mgr. 13. gr., 14. gr. og iii. liður a-liðar 1. liðar, iii. og iv. liður b-liðar 1. liðar, c-liður 2. liðar, iii. liður a-liðar 3. liðar, iii. liður b-liðar 3. liðar, iii. liður c-liðar 3. liðar, iii. liður d-liðar 3. liðar, iii. liður e-liðar 3. liðar og ii. liður f-liðar 3. liðar í III. viðauka koma til framkvæmda frá og með 20. ágúst 2009.

Ákvæði i. liðar a-liðar 1. liðar, i. liðar b-liðar 1. liðar, a-liðar 2. liðar, i. liðar a-liðar 3. liðar, i. liðar b-liðar 3. liðar, i. liðar c-liðar 3. liðar, i. liðar d-liðar 3. liðar, i. liðar e-liðar 3. liðar og i. liðar f-liðar 3. liðar í III. viðauka koma til framkvæmda frá og með 1. nóvember 2014.

Ákvæði ii. liðar a-liðar 1. liðar, ii. liðar b-liðar 1. liðar, b-liðar 2. liðar, ii. liðar a-liðar 3. liðar, ii. liðar b-liðar 3. liðar, ii. liðar c-liðar 3. liðar, ii. liðar d-liðar 3. liðar, ii. liðar e-liðar 3. liðar og 4. liðar í III. viðauka koma til framkvæmda frá og með 1. nóvember 2017.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. júlí 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

H.-G. Pöttering

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

E. Erlandsson

forseti.

Viðfangsefni	Gildissvið									
	M ₁	M ₂	M ₃	N ₁	N ₂	N ₃	O ₁	O ₂	O ₃	O ₄
Auðkenning stjórnækja, gaumbúnaðar og merkjabúnaðar	X	X	X	X	X	X				
Afising/móðuhreinsun	X	(¹)	(¹)	(¹)	(¹)	(¹)				
Sprautur/þurrkur	X	(²)	(²)	(²)	(²)	(²)				
Hitakerfi	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Hjólhlífar	X									
Höfuðpúðar	X									
Hliðarvörn					X	X			X	X
Hjól- og aurlífabúnaður					X	X			X	X
Rúður úr öryggisglери	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Hjólbarðar	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Hraðatakmarkunarbúnaður		X	X		X	X				
Massar og mál	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
Útstæðir hlutar á stýrishúsum				X	X	X				
Tengingar	X(³)	X(³)	X(³)	X(³)	X(³)	X(³)	X	X	X	X
Eldfimi			X							
Hópbifreiðar			X	X						
Högg að framan	X(⁴)									
Högg frá hlið	X(⁵)			X(⁵)						
Ökutæki ætluð til flutninga á hættulegum farmi				X(⁶)	X(⁶)	X(⁶)	X(⁶)	X(⁶)	X(⁶)	X(⁶)
Undirakstursvörn að framan					X	X				

(¹) Ökutæki í þessum flokki skulu búin fullnægjandi afisunar- og móðuhreinsunarbúnaði á framrúðum.

(²) Ökutæki í þessum flokki skulu búin fullnægjandi sprautu- og þurrkubúnaði á framrúðum.

(³) Aðeins ef ökutækið er búið tengjum.

(⁴) Með minna en 2,5 tonna tæknilega leyfilegan hámarks massa með hleðslu.

(⁵) Gildir aðeins um ökutæki þar sem „viðmiðunarpunktur sætis („R“-punktur)“ fyrir lægsta sætið er ekki meira en 700 mm frá jörðu. „R“-punktur er skilgreindur reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 95.

(⁶) Aðeins þegar framleiðandi sækir um gerðarviðurkenningu ökutækis sem ætlað er til flutninga á hættulegum varningi.

II. VIÐAUKI

Kröfur fyrir hjólbarða að því er varðar veggrip á blautum vegum, snúningsmótstöðu og hávaða frá hjólbörðum í snúningi.

A-HLUTI — KRÖFUR UM VEGGRIP Á BLAUTUM VEGUM

Hjólbarðar í flokki C1 skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

Notkunarflokkur:	Stuðull fyrir veggrip á blautum vegum (G)
snjóhjólarði með hraðatákn („Q“ eða undir, að undanskildu „H“) sem gefur til kynna leyfilegan hámarkshraða sem er ekki meiri en 160 km/klst.	≥ 0,9
snjóhjólarði með hraðatákn („R“ og yfir, þ.m.t. „H“) sem gefur til kynna leyfilegan hámarkshraða sem er meiri en 160 km/klst.	≥ 1,0
venjulegur hjólarði (til notkunar á vegum)	≥ 1,1

B-HLUTI — KRÖFUR UM SNÚNINGSMÓTSTÖÐU

Hámarksgildi fyrir snúningsmótstöðustuðul fyrir hverja gerð hjólarða, mælt í samræmi við ISO-staðal 28580, skulu ekki fara yfir eftirfarandi:

Tafla 1

Hjólarðaflokkur	Hámarksgildi (kg/tonn) 1. áfangi
C1	12,0
C2	10,5
C3	8,0

Tafla 2

Hjólarðaflokkur	Hámarksgildi (kg/tonn) 2. áfangi
C1	10,5
C2	9,0
C3	6,5

Fyrir snjóhjólarða skulu mörkin í töflum 1 og 2 aukin um 1 kg/tonn.

C-HLUTI — KRÖFUR VEGNA HÁVAÐA FRÁ HJÓLBÖRÐUM Í SNÚNINGI

1. Hávaðastig, ákvarðað í samræmi við aðferðina sem er tilgreind í framkvæmdarráðstöfunum þessarar reglugerðar, skal ekki fara yfir þau mörk sem tilgreind eru í liðum 1.1 eða 1.2. Töflurnar í liðum 1.1 og 1.2 sýna mæld gildi sem leiðrétt eru með tilliti til hitastigs, nema í tilfalli hjólbarða í flokki C3, og vikmörk tækja, og eru námunduð niður að næsta heila gildi.

1.1. Hjólbarðar í flokki C1, með tilvísun í nafnbreidd þversniðs hjólbarðans sem prófaður hefur verið:

Hjólbarðaflokkur	Nafnbreidd þversniðs (mm)	Viðmiðunarmörk í dB(A)
C1A	≤ 185	70
C1B	> 185 ≤ 215	71
C1C	> 215 ≤ 245	71
C1D	> 245 ≤ 275	72
C1E	> 275	74

Fyrir snjóhjólarða, hjólarða með aukna burðargetu eða styrkta hjólarða eða hverja samsetningu þessara flokkana skal auka framangreind viðmiðunarmörk um 1 dB(A).

1.2. Hjólbarðar í flokkum C2 og C3 með tilvísun til notkunarflokks hjólarða:

Hjólbarðaflokkur	Notkunarflokkur:	Viðmiðunarmörk í dB(A)
C2	Venjulegir hjólarðar	72
	Hjólarðar með sérstöku veggripi	73
C3	Venjulegir hjólarðar	73
	Hjólarðar með sérstöku veggripi	75

Fyrir hjólarða til sérstakra nota skal hækka framangreind viðmiðunarmörk um 2 dB(A). Gera skal ráð fyrir 2 dB(A) til viðbótar fyrir snjóhjólarða í flokki C2 fyrir hjólarða með sérstöku veggripi. Fyrir alla aðra flokka hjólarða í flokki C2 og C3 skal gera ráð fyrir 1 dB(A) til viðbótar fyrir snjóhjólarða.

III. VIÐAUKI

Breytingar á tilskipun 2007/46/EB

Tilskipun 2007/46/EB er hér með breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum I hluta í IV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Töflunni er breytt sem hér segir:

i. Liðir 3 til 10, 12 til 38, 42 til 45 og 47 til 57 falli brott,

ii. Liður 46 falli brott

iii. Eftirfarandi lína bætist við:

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Tilvísun í Stjórnartíðindin	Gildissvið										
				M ₁	M ₂	M ₃	N ₁	N ₂	N ₃	O ₁	O ₂	O ₃	O ₄	
„63	Almennt öryggi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009	Stjtið. ESB L 200, 31.7. 2009, bls. 1.	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X

b) Viðbætinum er breytt sem hér segir:

i. Liðir 3 til 10, 12 til 37, 44, 45 og 50 til 54 í töflunni falli brott,

ii. Liður 46 í töflunni falli brott,

iii. Eftirfarandi lína bætist við töfluna:

	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Tilvísun í Stjórnartíðindin	M ₁
„63	Almennt öryggi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009	Stjtið. ESB L 200, 31.7. 2009, bls. 1.	P/A“

iv. Eftirfarandi texti bætist við í „Lykill“:

„P/A: Þessi reglugerð gildir að hluta til. Nákvæmt gildissvið er ákvarðað með framkvæmdarráðstöfunum þessarar reglugerðar.“

2. Í viðbætinum við VI. viðauka er töflunni breytt sem hér segir:

a) Liðir 3 til 10, 12 til 38, 42 til 45 og 47 til 57 falli brott,

b) Liður 46 falli brott

c) Eftirfarandi lína bætist við:

	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli (¹)	Eins og henni var breytt með:	Gildir um útgáfur
„63	Almennt öryggi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009“		

- e) Töflunni í 5. viðbæti er breytt sem hér segir:
- i. Liðir 3 til 10, 12 til 36, 42 til 45 og 47 til 57 falli brott,
 - ii. Liður 46 falli brott
 - iii. Eftirfarandi lína bætist við:

Liður	Viðfangsefni	Tilvísun í stjórnvaldsfyrirmæli	Færanlegir kragnar í flokki N ₃
„63	Almennt öryggi	Reglugerð (EB) nr. 661/2009	P/A“

- f) „Merking bókstafa“ er breytt sem hér segir:

- i. Liðir C, U, W₅ og W₆ falli brott,
- ii. Eftirfarandi texti bætist við:

„P/A: Þessi stjórnsýslufyrirmæli gilda að hluta til. Nákvæmt gildissvið er ákveðið með framkvæmdarráðstöfunum þessarar reglugerðar.“

4. Ákvæði 46. liðar í töflunni í XV. viðauka falli brott.

IV. VIÐAUKI

Skrá yfir reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu sem skylt er að beita

—

V. VIÐAUKI

Framkvæmdardagsetningar krafna um rafræn stöðugleikakerfi ökutækja í flokkum M₂, M₃, N₂, N₃, O₃ og O₄

Tafla 1 — Framkvæmdardagsetningar fyrir nýjar gerðir ökutækja

Ökutækjaflokkur	Framkvæmdardagsetning
M ₂	11. júlí 2013
M ₃ (undirflokkur III)	1. nóvember 2011
M ₃ < 16 tonn (loftknúin yfirfærsla)	1. nóvember 2011
M ₃ (undirflokkur II og undirflokkur B) (vökvaknúin yfirfærsla)	11. júlí 2013
M ₃ (undirflokkur III) (vökvaknúin yfirfærsla)	11. júlí 2013
M ₃ (undirflokkur III) (loftknúin stýring yfirfærslu og vökvaknúin aflyfirfærsla)	11. júlí 2014
M ₃ (undirflokkur II) (loftknúin stýring yfirfærslu og vökvaknúin aflyfirfærsla)	11. júlí 2014
M ₃ (annað en framangreint)	1. nóvember 2011
N ₂ (vökvaknúin yfirfærsla)	11. júlí 2013
N ₂ (loftknúin stýring yfirfærslu og vökvaknúin aflyfirfærsla)	11. júlí 2014
N ₂ (annað en framangreint)	11. júlí 2012
N ₃ (2-ása dráttarþreifreiðar fyrir festivagn)	1. nóvember 2011
N ₃ (2-ása dráttarþreifreiðar fyrir festivagn með loftknúinni stýringu yfirfærslu (ABS))	1. nóvember 2011
N ₃ (3 ásar með rafrænni stýringu yfirfærslu (EBS))	1. nóvember 2011
N ₃ (2 og 3 ásar með loftknúinni stýringu aflyfirfærslu (ABS))	11. júlí 2012
N ₃ (annað en framangreint)	1. nóvember 2011
O ₃ (samanlagður áspungi á bilinu 3,5 til 7,5 tonn)	11. júlí 2012
O ₃ (annað en framangreint)	1. nóvember 2011
O ₄	1. nóvember 2011

Tafla 2 — Framkvæmdardagsetningar fyrir ný ökutæki

Ökutækjaflokkur	Framkvæmdardagsetning
M ₂	11. júlí 2015
M ₃ (undirflokkur III)	1. nóvember 2014
M ₃ < 16 tonn (loftknúin yfirfærsla)	1. nóvember 2014
M ₃ (undirflokkur II og undirflokkur B) (vökvaknúin yfirfærsla)	11. júlí 2015
M ₃ (undirflokkur III) (vökvaknúin yfirfærsla)	11. júlí 2015
M ₃ (undirflokkur III) (loftknúin stýring yfirfærslu og vökvaknúin aflyfirfærsla)	11. júlí 2016
M ₃ (undirflokkur II) (loftknúin stýring yfirfærslu og vökvaknúin aflyfirfærsla)	11. júlí 2016
M ₃ (annað en framangreint)	1. nóvember 2014
N ₂ (vökvaknúin yfirfærsla)	11. júlí 2015
N ₂ (loftknúin stýring yfirfærslu og vökvaknúin aflyfirfærsla)	11. júlí 2016
N ₂ (annað en framangreint)	1. nóvember 2014
N ₃ (2-áa dráttarþreifreiðar fyrir festivagn)	1. nóvember 2014
N ₃ (2-áa dráttarþreifreiðar fyrir festivagn með loftknúinni stýringu yfirfærslu (ABS))	1. nóvember 2014
N ₃ (3 ásar með rafrænni stýringu yfirfærslu (EBS))	1. nóvember 2014
N ₃ (2 og 3 ásar með loftknúinni stýringu aflyfirfærslu (ABS))	1. nóvember 2014
N ₃ (annað en framangreint)	1. nóvember 2014
O ₃ (samanlagður áspungi á bilinu 3,5 til 7,5 tonn)	1. nóvember 2014
O ₃ (annað en framangreint)	1. nóvember 2014
O ₄	1. nóvember 2014

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1008/2010

2012/EES/59/19

frá 9. nóvember 2010

um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar framrúðupurrku og -sprautubúnað tiltekinna vélknúinna ökutækja og um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og kerfi, ihluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

Því er nauðsynlegt að setja fram sérstakar verklagsreglur, prófanir og kröfur fyrir slíka gerðarviðurkenningu.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit tækninefndarinnar um vélknúin ökutæki.

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 frá 13. júlí 2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og kerfi, ihluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis ⁽¹⁾, einkum a-lið 1. mgr. 14. gr.,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Þessi reglugerð gildir um vélknúin ökutæki í flokki M1 eins og þau eru skilgreind í II. viðauka tilskipunar 2007/46/EB, sem hafa framrúðu, og einnig um framrúðusprautubúnað sem er ætlaður til ísetningar í vélknúin ökutæki í flokki M1.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglugerð (EB) nr. 661/2009 er sérreglugerð um gerðarviðurkenningaraðferðina sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, ihlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) ⁽²⁾.
- 2) Reglugerð (EB) nr. 661/2009 fellir úr gildi tilskipun ráðsins 78/318/EBE frá 21. desember 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi þurrku- og sprautubúnað vélknúinna ökutækja ⁽³⁾. Þær kröfur sem settar eru fram í þeirri tilskipun skulu færast yfir í þessa reglugerð og þeim breytt, ef nauðsyn krefur, í því skyni að laga þær að framförum á sviði vísinda og tækni.
- 3) Gildissvið þessarar reglugerðar skal vera í samræmi við gildissvið tilskipunar 78/318/EBE og takmarkast því við ökutæki í flokki M1.
- 4) Í reglugerð (EB) nr. 661/2009 er mælt fyrir um grundvallarákvæði um kröfur fyrir gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar framrúðupurrku- og sprautubúnað þeirra og gerðarviðurkenningu framrúðupurrku- og sprautubúnaðar sem aðskilinnar tæknieiningar.

- 1) „gerð ökutækis að því er varðar framrúðupurrku- og sprautubúnað“: ökutæki sem ekki eru frábrugðin hvert öðru hvað eftirtalin grundvallaratriði varðar: eiginleika þurrku- og sprautubúnaðar eða lögum, stærð og eiginleika framrúðu og festing hennar,
- 2) „gerð framrúðusprautubúnaðar“: flokkur framrúðusprautubúnaðar sem er ekki frábrugðin með tilliti til grundvallaratriða er varða afköst dælnunnar, efnisnotkunar, geymslurými, fjölda stúta, stærðir, efnisþykkt eða lögum sprautubúnaðarins,
- 3) „hreyfill“: brunahreyfill sem gengur annað hvort fyrir fljótandi eða loftkenndu eldsneyti,
- 4) „framrúðupurrkubúnaður“: kerfi sem samanstendur af tæki til að þurrka ytra yfirborð framrúðunnar ásamt aukahlutum og nauðsynlegum stjórntækjum til að gangsetja og stöðva búnaðinn,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 292, 10.11.2010, bls. 2. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 40/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 43, 2.8.2012, bls. 17.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 200, 31.7.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 81, 28.3.1978, bls. 49.

- 5) „þurrkusvæði“: svæði á framrúðu sem þurrkublaðið/blöðin þurrka þegar þurrkubúnaðurinn er notaður við eðli-leg skilyrði,
- 6) „þurrkubúnaður sem starfar með reglubundnum hléum“: sjálfvirkur, ósamfelldur vinnuhumur þurrkubúnaðarins, þar sem þurrkurnar eru kyrrstæðar í ákveðinn tíma í tilgreindri biðstöðu eftir hverja heila lotu,
- 7) „framrúðusprautubúnaður“: kerfi sem samanstendur af búnaði til að geyma, flytja og beina vökva á ytra yfirborð framrúðunnar ásamt nauðsynlegum stjórnækjum til að gangsetja og stöðva búnaðinn,
- 8) „stjórnækki sprautubúnaðar“: búnaður til að gangsetja og stöðva sprautubúnað handvirkt,
- 9) „sprautudæla“: búnaður til að færa vökva úr geymi sprautubúnaðarins á ytra yfirborð framrúðunnar,
- 10) „stútur“: búnaður sem beinir vökva á framrúðuna,
- 11) „alveg fylltur búnaður“: búnaður sem hefur verið knúinn í einhvern tíma og vökvi hefur verið fluttur í gegnum dæluna, leiðslurnar og út um stúttinn/stútana,
- 12) „hreinsað svæði“: svæði sem var óhreint þar sem ekki eru slóðir eftir dropa eða leifar af óhreindum þegar það er að fullu þornað,
- 13) „sjónsvæði A“: prófunarsvæði A, eins og það er skilgreint í lið 2.2. í 18. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SP fyrir Evrópu nr. 43 ⁽¹⁾,
- 14) „sjónsvæði B“: prófunarsvæði B, sem dregið hefur verið úr, eins og það er skilgreint í lið 2.4. í 18. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SP fyrir Evrópu nr. 43, án útilokunar svæðisins sem skilgreint er þar í lið 2.4.1.,
- 15) „hönnunarhalli sætisbaks“: halli sem mældur er á milli lóðrétrar línu í gegnum R-punkt eða viðmiðunarpunkt sætis og bollínu í stöðu sem samsvarar hönnunarstöðu sætisbaks eins og hún er uppgefin af framleiðanda ökutækis,
- 16) „R-punktur“ eða „viðmiðunarpunktur sætis“: punktur sem framleiðandi ökutækisins tilgreinir fyrir hverja stöðu sætis að því er varðar þrívítt viðmiðunarkerfi,
- 17) „þrívítt viðmiðunarkerfi“: viðmiðunarhnitakerfi sem samanstendur af lóðréttu lengdarplani X-Z, láréttu plani X-Y og lóðréttu þverplani Y-Z í samræmi við ákvæði 2. viðbætis við III. viðauka við þessa reglugerð,

18) „aðalviðmiðunarkerfi“: göt, yfirborð, merki eða önnur auðkenni á yfirbyggingu ökutækis eða grind þar sem X, Y og Z hnitin innan þrívíða viðmiðunarhnitakerfisins eru tilgreind af framleiðanda ökutækis,

19) „aðalrofi ökutækis“: búnaður sem færir rafkerfi um borð í ökutæki yfir í venjulegan notkunarham eftir að slökkt hefur verið á því, eins og þegar ökutæki hefur verið lagt og það er án ökumanns.

3. gr.

EB-gerðarviðurkenning ökutækis að því er varðar framrúðupurrku og -sprautubúnað

1. Framleiðandinn eða fulltrúi hans skal leggja fram umsókn til gerðarviðurkenningaryfirvalds um EB-gerðarviðurkenningu ökutækis að því er varðar framrúðupurrku og -sprautubúnað.

2. Umsóknin skal samin í samræmi við fyrirmyndina að upplýsingaskjalinu sem er að finna í 1. hluta I. viðauka.

3. Ef viðeigandi kröfur, sem settar eru fram í III. viðauka við þessa reglugerð, eru uppfylltar skal viðurkenningaryfirvaldið veita EB-gerðarviðurkenningu og gerðarviðurkenningarnúmer í samræmi við númerakerfið sem sett er fram í VII. viðauka við tilskipun 2007/46/EB.

Aðildarríki er óheimilt að úthluta annarri gerð ökutækis sama númeri.

4. Að því er varðar 3. mgr. skal gerðarviðurkenningaryfirvaldið afhenda EB-gerðarviðurkenningavottorð sem er í samræmi við fyrirmyndina sem er að finna í 2. hluta I. viðauka.

4. gr.

EB-gerðarviðurkenning framrúðusprautubúnaðar sem aðskilinnar tæknieiningar

1. Framleiðandinn eða fulltrúi hans skal leggja fram umsókn til gerðarviðurkenningaryfirvalds um EB-gerðarviðurkenningu aðskilinnar tæknieiningar fyrir gerð framrúðusprautubúnaðar.

Umsóknin skal samin í samræmi við fyrirmyndina að upplýsingaskjalinu sem er að finna í 1. hluta II. viðauka.

2. Ef viðeigandi kröfur, sem settar eru fram í III. viðauka við þessa reglugerð, eru uppfylltar skal viðurkenningaryfirvaldið veita EB-gerðarviðurkenningu aðskilinnar tæknieiningar og gerðarviðurkenningarnúmer í samræmi við númerakerfið sem sett er fram í VII. viðauka við tilskipun 2007/46/EB.

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 230, 31.8.2010, bls. 119.

Aðildarríki er óheimilt að úthluta annarri gerð aðskilinnar tæknieiningar sama númeri.

3. Að því er varðar 2. mgr. skal gerðarviðurkenningar-yfirvaldið afhenda EB-gerðarviðurkenningarvottorð sem er í samræmi við fyrirmyndina sem er að finna í 2. hluta II. viðauka.

5. gr.

EB-gerðarviðurkenningarmerki aðskilinnar tæknieiningar

Allar aðskildar tæknieiningar sem eru í samræmi við gerð sem hefur fengið gerðarviðurkenningu aðskilinnar tæknieiningar samkvæmt þessari reglugerð skulu bera EB-gerðarviðurkenningarmerki aðskilinnar tæknieiningar eins og sett er fram í 3. hluta II. viðauka.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. nóvember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

6. gr.

Gildistími og rýmkun viðurkenninga sem veittar eru samkvæmt tilskipun 78/318/EBE

Landsyfírvöld skulu heimila að ökutæki og aðskildar tæknieiningar, sem hlutu gerðarviðurkenningu fyrir dagsetninguna sem um getur í 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 661/2009, séu seld og tekin í notkun og skulu halda áfram að veita rýmkun viðurkenningar fyrir þau ökutæki og aðskildar tæknieiningar samkvæmt skilmálum tilskipunar 78/318/EBE.

7. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

I. VIÐAUKI

Stjórnsýsluskjöl fyrir EB-gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja að því er varðar framrúðupurrku og -sprautubúnað

1. HLUTI

Upplýsingaskjal

FYRIRMYND

Upplýsingaskjal nr. ... að því er varðar EB-gerðarviðurkenningu vélknúns ökutækis með tilliti til framrúðuburrku og -sprautubúnaðar.

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þrítí og með efnisyfirliti. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar sem um getur í þessu upplýsingaskjali eru búnar rafeindastýringu skulu fylgja upplýsingar um hvernig hún vinnur.

0. ALMENNT
- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2. Gerð:
- 0.2.1. Verslunarheiti (ef til er):
- 0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu ^(b)
- 0.3.1. Staðsetning auðkennisins:
- 0.4. Ökutækjaflokkur ^(c):
- 0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda:
- 0.8. Heiti og heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:
- 0.9. Heiti og heimilisfang fulltrúa framleiðandans (ef einhver):
1. ALMENNIR SMÍÐAEIGINLEIKAR ÖKUTÆKISINS
- 1.1. Ljósmyndir og/eða teikningar af dæmigerðu ökutæki:
3. HREYFILL ^(k)
- 3.2. Brunahreyfill
- 3.2.1.8. Hámarksnettóafli ^(l): kW við mín⁻¹ (uppgengið gildi framleiðanda)
- 3.2.5. Rafkerfi
- 3.2.5.1. Málspenna: V, jákvæð/neikvæð jarðtenging ⁽¹⁾
- 3.2.5.2. Raffall
- 3.2.5.2.1. Gerð:
- 3.2.5.2.2. Nafnafköst: VA
- 3.3. Rafmagnshreyfill
- 3.3.1.1. Hámarksafköst á klukkustund: kW
- 3.3.1.2. Vinnsluspenna: V
- 3.3.2. Rafgeymir
- 3.3.2.3. Rýmd: Ah (amperstundir)
- 3.4. Hreyfill eða hreyfilsamsetningar
- 3.4.1. Fjölknúid rafökutækis: já/nei ⁽¹⁾
- 3.4.2. Flokkur fjölknúns rafökutækis: hleðsla utan ökutækis/hleðsla ekki utan ökutækis ⁽¹⁾
- 3.4.4. Lýsing á orkugeymslubúnaði: (rafgeymir, þéttir, sveifluhjól/rafall)

- 3.4.4.5. Orka:
(fyrir rafgeymi: spenna og rýmd í amperstundum í 2 klst., fyrir þétti: J,)
- 3.4.4.6. Hleðslutæki: í ökutækinu/utan ökutækis/án ⁽¹⁾
4. GÍRSKIPTING ^(P)
- 4.7. Hámarkshönnunarhraði ökutækis (í km/klst.) ⁽⁴⁾:
9. YFIRBYGGING
- 9.2. Efni sem eru notuð og smíðaaðferðir:
- 9.4. Sjónsvið
- 9.4.1. Upplýsingar um aðalviðmiðunarmerki sem skulu vera nægilega ítarlegar til að unnt sé að þekkja þau auðveldlega og sannprófa stöðu þeirra innbyrðis og miðað við R-punktinn:
- 9.5. Framrúða og aðrar rúður
- 9.5.1. Framrúða
- 9.5.1.1. Efni sem eru notuð:
- 9.5.1.2. Uppsetningaraðferð:
- 9.5.1.3. Hallahorn:
- 9.5.1.4. Gerðarviðurkenningarnúmer:
- 9.5.1.5. Fylgihlutir framrúðu og staðir sem þeir eru festir á ásamt stuttri lýsingu á rafmagns-/rafeindahlutum:
- 9.6. Framrúðuburrkubúnaður
- 9.6.1. Nákvæm tæknilysing (ásamt ljósmyndum eða teikningum):
- 9.7. Framrúðusprautubúnaður
- 9.7.1. Nákvæm tæknilysing (ásamt ljósmyndum eða teikningum), eða gerðarviðurkenningarnúmer ef búnaðurinn hefur verið viðurkenndur sem aðskilin tæknieining:
- 9.8. Afising og móðuhreinsun
- 9.8.2. Hámarksnotkun á rafmagni: kW
- 9.10. Innréttingar
- 9.10.3. Sæti
- 9.10.3.5. Hnit eða teikning R-punktsins
- 9.10.3.5.1. Ökumannssæti:
- 9.10.3.6. Hönnunarhalli sætisbaks
- 9.10.3.6.1. Ökumannssæti:

Skýringar

⁽¹⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.

^(b) Ef í gerðarauðkenni eru rittákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis, ihlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem þetta gerðarviðurkenningarvottorð nær til skal setja spurningarmerki í stað rittáknanna (t.d. ABC??123??).

^(c) Flokkað samkvæmt skilgreiningum sem settar eru fram í A-hluta II. viðauka tilskipunar 2007/46/EB.

^(k) Ef um er að ræða ökutæki sem getur annaðhvort gengið fyrir bensíni eða dísilolíu, o.s.frv., eða ásamt öðru eldsneyti skal endurtaka liðina. Framleiðandi skal gefa jafngildar upplýsingar og um getur hér fyrir óvenjulega hreyfla og kerfi.

⁽ⁿ⁾ Ákvarðað í samræmi við kröfur tilskipunar ráðsins 80/1269/EEB (Stjtið. EB L 375, 31.12.1980, bls. 46).

^(P) Tilgreindar upplýsingar skulu veittar um öll afbrigði.

⁽⁴⁾ Að því er varðar eftirvagna, hámarkshraði sem framleiðandi heimilar.

2. HLUTI

EB-gerðarviðurkenningarvottorð

FYRIRMYND

Snið A4 (210 × 297 mm)

EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ

STIMPILL GERÐARVIÐURKENNINGARYFIRVALDS

Tilkynning um:

- EB-gerðarviðurkenningu ⁽¹⁾
 - rýmkun EB-gerðarviðurkenningar ⁽¹⁾
 - synjun EB-gerðarviðurkenningar ⁽¹⁾
 - afturköllun EB-gerðarviðurkenningar ⁽¹⁾
- } gerðar ökutækis að því er varðar framrúðupurrku og -sprautubúnað

að því er varðar reglugerð (ESB) nr. 1008/2010, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (ESB) nr. .../... ⁽¹⁾

EB-gerðarviðurkenningarnúmer:

Ástæða fyrir rýmkun:

I. ÞÁTTUR

- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2. Gerð:
- 0.2.1. Verslunarheiti (ef til er):
- 0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu ⁽²⁾
- 0.3.1. Staðsetning auðkennisins:
- 0.4. Ökutækjaflokkur ⁽³⁾:
- 0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda:
- 0.8. Heiti og heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:
- 0.9. Heiti og heimilisfang fulltrúa framleiðandans (ef einhver):

II. ÞÁTTUR

1. Viðbótarupplýsingar: Sjá viðbót
2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar:
3. Dagsetning prófunarskýrslu:
4. Númer prófunarskýrslu:
5. Athugasemdir (ef einhverjar eru): sjá viðbót.
6. Staður:
7. Dagsetning:
8. Undirskrift:

Fylgiskjöl: Upplýsingasafn

Prófunarskýrsla

⁽¹⁾ Stríkið yfir það sem á ekki við.⁽²⁾ Ef í gerðarauðkenni eru rittákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem þetta gerðarviðurkenningarvottorð nær til skal setja spurningarmerki í stað rittáknanna (t.d. ABC??123??).⁽³⁾ Í samræmi við skilgreininguna í A-hluta II. viðauka tilskipunar 2007/46/EB.

*Viðbót***við vottorð um EB-gerðarviðurkenningu nr. ...**

1. Frekari upplýsingar:
 - 1.1. Stutt lýsing á ökutækisgerðinni með tilliti til burðarvirkis hennar, mála, lögunar og smíðaeftna:
 - 1.2. Lýsing á virkni þurrku- og sprautubúnaðar:
 - 1.3. Nákvæm lýsing á þurrkubúnaðinum (þ.e. fjöldi þurrkublaða, lengd þurrkublaða, stærð þurrkuarma o.s.frv.):
 - 1.4. Nákvæm lýsing á sprautubúnaðinum (þ.e. fjöldi stúta, fjöldi opa á stút, sprautudæla, vökvageymir, slöngur og festingu þeirra við dælu og stúta o.s.frv.)
 - 1.5. Rúmtak vökvageymis (lítrar):
 - 1.6. Hámarkshönnunarhraði ökutækis (km/klst.):
2. Stýri: vinstra eða hægra megin ⁽¹⁾
3. Kerfi fyrir stýri vinstra megin og speglað kerfi fyrir stýri hægra megin: já/nei ⁽¹⁾
4. Vindskeið fest á þurrkuarminn/þurrkublaðið ⁽¹⁾ bílstjóramegin/í miðju/farþegamegin/.....⁽¹⁾
5. Athugasemdir:

⁽¹⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.

II. VIÐAUKI

Stjórnsýsluskjöl fyrir EB-gerðarviðurkenningu framrúðupurrku- og sprautubúnaðar sem aðskilinnar tæknieiningar

1. HLUTI

Upplýsingaskjal

FYRIRMYND

Upplýsingaskjal nr. ... að því er varðar EB-gerðarviðurkenningu framrúðupurrku og -sprautubúnaðar sem aðskilinnar tæknieiningar.

Eftirfarandi upplýsingar skal gefa í þrírítu og með efnisyfirliti. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

Ef kerfi, íhlutir eða aðskildar tæknieiningar sem um getur í þessu upplýsingaskjali eru búnar rafeindastýringu skulu fylgja upplýsingar um hvernig hún vinnur.

0. ALMENNT

- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2. Gerð:
- 0.3. Gerðarauðkenni, ef slíkt er á aðskildu tæknieiningunni ^(b):.....
- 0.3.1. Staðsetning auðkennisins:
- 0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda:
- 0.7. Staðsetning og aðferð við að festa EB-gerðarviðurkenningarmerkið á, ef um er að ræða aðskildar tæknieiningar:
- 0.8. Heiti og heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:
- 0.9. Heiti og heimilisfang fulltrúa framleiðandans (ef einhver):
- 9.7. Framrúðusprauta
- 9.7.1. Nákvæm tæknilýsing (ásamt ljósmyndum eða teikningum):

Skýringar

^(b) Ef í gerðarauðkenni eru rittákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem þetta gerðarviðurkenningarvottorð nær til skal setja spurningarmerki í stað rittáknanna (t.d. ABC??123??).

2. HLUTI

EB-gerðarviðurkenningarvottorð

FYRIRMYND

Snið A4 (210 × 297 mm)

EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ

STIMPILL GERÐARVIÐURKENNINGARYFIRVALDS

Tilkynning um:

- EB-gerðarviðurkenningu ⁽¹⁾
- rýmkun EB-gerðarviðurkenningar ⁽¹⁾
- synjun EB-gerðarviðurkenningar ⁽¹⁾
- afturköllun EB-gerðarviðurkenningar ⁽¹⁾



á gerð framrúðusprautubúnaðar sem aðskilinnar tæknieiningar

að því er varðar reglugerð (ESB) nr. 1008/2010, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (ESB) nr. .../... ⁽¹⁾

EB-gerðarviðurkenningarnúmer:

Ástæða fyrir rýmkun:

I. ÞÁTTUR

- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2. Gerð:
- 0.3. Gerðarauðkenni, ef það kemur fram á aðskildu tæknieiningunni ⁽²⁾:
- 0.3.1. Staðsetning auðkennisins:
- 0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda:
- 0.7. Staðsetning og aðferð við að festa EB-viðurkenningarmerkið á:
- 0.8. Heiti og heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:
- 0.9. Heiti og heimilisfang fulltrúa framleiðandans (ef einhver):

II. ÞÁTTUR

1. Viðbótarupplýsingar: Sjá viðbót
2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar:
3. Dagsetning prófunarskýrslu:
4. Númer prófunarskýrslu:
5. Athugasemdir (ef einhverjar eru): sjá viðbót.
6. Staður:
7. Dagsetning:
8. Undirskrift:

Fylgiskjöl: Upplýsingasafn

Prófunarskýrsla

⁽¹⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.⁽²⁾ Ef í gerðarauðkenni eru rittákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem þetta gerðarviðurkenningarvottorð nær til skal setja spurningarmerki á stað rittáknanna (t.d. ABC??123??).

*Viðbót***við vottorð um EB-gerðarviðurkenningu nr. ...**

1. Frekari upplýsingar:
 - 1.1. Stutt lýsing á gerð aðskilinnar tæknieiningar
 - 1.2. Nákvæm lýsing á sprautubúnaðinum:
 - 1.2.1. Fjöldi stúta:
 - 1.2.2. Fjöldi opa á stút:
 - 1.2.3. Lýsing á slöngum og festingu þeirra við dælu og stúta:
 - 1.2.4. Lýsing á sprautudælu:
 - 1.2.5. Rúmtak vökvageymis (lítrar):
2. Hentar fyrir stýri hægra megin/vinstra megin ⁽¹⁾
3. Setja má hluta búnaðarins í vélarrýmið: já/nei ⁽¹⁾
4. Aðskilin tæknieining: almenn/fyrir tiltekna gerð ökutækis ⁽¹⁾
5. Athugasemdir:
6. Skrá yfir gerðir ökutækja sem aðskilda einingin hefur verið viðurkennd fyrir (ef við á):

⁽¹⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.


3. HLUTI

EB-gerðarviðurkenningarkerki aðskilinnar tæknieiningar

1. EB-gerðarviðurkenningarkerki aðskilinnar tæknieiningar skal samanstanda af:
 - 1.1. Réttthyrningi utan um lágstafinn „e“ en á eftir honum komi auðkennisnúmer aðildarríkisins sem veitti EB-gerðarviðurkenningu aðskilinnar tæknieiningar:

1 fyrir Þýskaland,	11 fyrir Bretland	24 fyrir Írland,
2 fyrir Frakkland,	12 fyrir Austurríki,	26 fyrir Slóveníu,
3 fyrir Ítalíu,	13 fyrir Lúxemborg,	27 fyrir Slóvakíu,
4 fyrir Holland,	17 fyrir Finnland,	29 fyrir Eistland,
5 fyrir Svíþjóð,	18 fyrir Danmörku,	32 fyrir Lettland,
6 fyrir Belgíu,	19 fyrir Rúmeníu,	34 fyrir Búlgaríu,
7 fyrir Ungverjaland,	20 fyrir Pólland,	36 fyrir Litháen,
8 fyrir Tékkland,	21 fyrir Portúgal,	49 fyrir Kýpur,
9 fyrir Spán,	23 fyrir Grikkland,	50 fyrir Möltu.
 - 1.2. Nálægt réttthyrningnum er sett „grunnviðurkenningarnúmer“ sem er í 4. hluta gerðarviðurkenningarnúmersins og þar fyrir framan tölustafirnir tveir sem gefa til kynna raðnúmer þessarar reglugerðar eða síðustu meiriháttar tæknibreytingar á henni. Eins og sakir standa er raðnúmerið „00“.
 2. EB-gerðarviðurkenningarkerki aðskilinnar tæknieiningar skal fest á vökvageymi framrúðsprautunnar með þeim hætti að það sé óafmáanlegt og auðlæsilegt, jafnvel þótt tækið hafi verið fest á ökutæki.
 3. Dæmi um EB-gerðarviðurkenningarkerki aðskilinnar tæknieiningar er sýnt á mynd 1.

Mynd 1

Dæmi um gerðarviðurkenningarkerki aðskilinnar tæknieiningar

00 0046 

Til skýringar

Skýring EB-gerðarviðurkenning aðskilinnar tæknieingar var gefin út af Hollandi með númeri 0046. Fyrstu tveir tölustafirnir (00) gefa til kynna að þessi aðskilda tæknieining var viðurkennd samkvæmt þessari reglugerð.

III. VIÐAUKI

Kröfur að því er varðar framrúðupurrku og sprautubúnað

1. SÉRSTAKAR KRÖFUR
- 1.1. Framrúðupurrkubúnaður.
 - 1.1.1. Öll ökutæki skulu vera með framrúðupurrkubúnað sem getur starfað þegar aðalrofi ökutækisins hefur verið virkjaður, án annarrar íhlutunar ökumannsins en að kveikja á stjórnubúnaði þurrkubúnaðarins, við gangsetningu og stöðvun rúðupurrknanna.
 - 1.1.1.1. Framrúðupurrkubúnaðurinn skal samanstanda af einum eða fleiri þurrkuörmum sem eru með þurrkublöð sem auðvelt er að skipta um.
 - 1.1.2. Þurrkusvæði framrúðupurrkunnar skal ná yfir minnst 98% af sjónsvæði A eins og skilgreint er í samræmi við 3. viðbæti við III. viðauka.
 - 1.1.3. Þurrkusvæði framrúðupurrkunnar skal ná yfir minnst 80% af sjónsvæði B eins og skilgreint er í samræmi við 3. viðbæti við III. viðauka.
 - 1.1.4. Þurrkusvæði framrúðupurrkunnar skal uppfylla kröfurnar í liðum 1.1.2 og 1.1.3 þegar kerfið starfar á þurrkutíðni í samræmi við lið 1.1.5.1 og skal það prófað við skilyrðin sem sett eru fram í liðum 2.1.10 til 2.1.10.3 í þessum viðauka.
 - 1.1.5. Framrúðupurrkubúnaðurinn skal vera með a.m.k. tvær stillingar á þurrkutíðni:
 - 1.1.5.1. Önnur tíðnin skal að lágmarki vera 10 og að hámarki 55 lotur á mínútu.
 - 1.1.5.2. Hin tíðnin skal að lágmarki vera 45 heilar lotur á mínútu.
 - 1.1.5.3. Mismunurinn á hæstu og lægri stillingu þurrkutíðni skal vera að lágmarki 15 lotur á mínútu.
 - 1.1.5.4. Nota má framrúðupurrkubúnaðinn með reglubundnum hléum til að uppfylla kröfurnar í liðum 1.1.5.1 til 1.1.5.3 í þessum viðauka.
 - 1.1.6. Tíðnirnar sem um getur í liðum 1.1.5 til 1.1.5.3 skulu prófaðar við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í liðum 2.1.1 til 2.1.6 og lið 2.1.8 í þessum viðauka.
 - 1.1.7. Þegar framrúðupurrkubúnaðurinn er stöðvaður með því að slökkva á honum með stjórnþekkinu skal þurrkuarmur/-armar og þurrkublað/-blöð fara í upphafsstöðu.
 - 1.1.8. Rúðupurrkubúnaðurinn verður að þola stöðvun í a.m.k. 15 sekúndur. Heimilt er að nota öryggi að því tilskildu að aðeins þurfi að hreyfa við stjórnubúnaði framrúðupurrku til að endurstilla búnaðinn.
 - 1.1.9. Geta rúðupurrkubúnaðarins til að þola stöðvun eins og um getur í lið 1.1.8. skal prófuð við skilyrðin sem sett eru fram í lið 2.1.7. í þessum viðauka.
 - 1.1.10. Ef upphafsstaða þurrkuarms/-arma eða þurrkublaðs/-blaða er ekki utan við sjónsvæði B, eins og ákvarðað er í samræmi við 3. viðbæti III. viðauka, skal vera hægt að færa þurrkuarm handvirkt á þann hátt að þurrkublaði/-blöðum sé lyft úr stöðu sinni á framrúðunni, til að hægt sé að hreinsa framrúðuna handvirkt.
 - 1.1.11. Framrúðupurrkubúnaðurinn skal geta starfað í tvær mínútur á þurri framrúðu við umhverfishita sem nemur – 18 °C án þess að það dragi úr afköstum.
 - 1.1.12. Afköst framrúðupurrkubúnaðarins við – 18 °C skulu prófuð við skilyrðin sem sett eru fram í lið 2.1.11. í þessum viðauka.
 - 1.1.13. Framrúðupurrkubúnaðurinn skal áfram uppfylla kröfurnar í lið 1.1.2 í þessum viðauka án þess að dregið sé úr afköstum þegar hann starfar á hæstu tíðni og afstæður lofthraði ökutækisins er 80% af hámarkshönnunarhraða ökutækisins eða 160 km/klst, hvort heldur er lægra. Undirbúa skal sjónsvæði A á framrúðunni í samræmi við liði 2.1.8 og 2.1.9 í þessum viðauka. Athuga skal loftfræðileg áhrif sem tengjast stærð og lögun framrúðunnar, þurrkuarms/-arma og þurrkublaðs/-blaða við þessi skilyrði og að teknu tilliti til liðar 2.1.9.1. Meðan prófunin stendur yfir skal þurrkublaðið/-blöðin vera í snertingu við framrúðuna og mega ekki lyftast alveg af rúðunni. Þurrkublaðið/-blöðin skulu halda fullri snertingu við framrúðuna á því svæði sem tilgreint er í lið 1.1.2. í hverri heilli lotu og má ekki lyftast að hluta í stroku niður á við né heldur upp á við.

- 1.2. Framrúðusprautubúnaður.
- 1.2.1. Öll ökutæki skulu vera með framrúðusprautubúnað sem getur starfað þegar aðalrofi ökutækisins hefur verið virkjaður og sem getur þolað álag og þrýsting sem myndast þegar stútarnir eru stíflaðir og búnaðinum er beitt í samræmi við vinnuaðferðina sem lýst er í liðum 2.2.1.1. og 2.2.1.1.2. í þessum viðauka.
- 1.2.2. Afköst framrúðusprautubúnaðarins skulu ekki minnka vegna áhrifa af hitasveiflum í samræmi við liði 2.2.1. til 2.2.5. í þessum viðauka.
- 1.2.3. Framrúðusprautubúnaðurinn skal geta sprautað vökva á tiltekið svæði framrúðunnar án þess að vart verði við leka, slöngur aftengist eða stútar bili, við eðlileg skilyrði þegar umhverfshiti er á milli – 18 °C og 80 °C. Að auki má ekki verða vart við leka né slöngur aftengjast þegar lokað er fyrir stútana.
- 1.2.4. Framrúðusprautubúnaðurinn skal geta gefið nægilegt magn vökva til að hreinsa a.m.k. 60% sjónsvæðis A, eins og skilgreint er í samræmi við 3. viðbæti við III. viðauka, við skilyrðin sem sett eru fram í liðum 6.2.6 til 2.2.6.4 í þessum viðauka.
- 1.2.5. Hægt skal vera að gangsetja framrúðusprautubúnaðinn handvirkt með stjórnþæki sprautubúnaðarins. Að auki má gangsetning og stöðvun vera samræmd og sameinuð öðrum kerfum ökutækisins.
- 1.2.6. Rúmtak vökvageymisins skal ekki vera minna en 1,0 lítri.
2. PRÓFUNARADFERÐ
- 2.1. Prófunarskilyrði fyrir framrúðuburrkubúnað.
- 2.1.1. Prófanirnar sem lýst er hér á eftir skal framkvæma við skilyrðin sem lýst er í liðum 2.1.2 til 2.1.5 nema annað sé tekið fram.
- 2.1.2. Umhverfshiti skal vera milli 5 °C og 40 °C.
- 2.1.3. Framrúðan skal haldast blaut.
- 2.1.4. Ef um rafknúinn framrúðuburrkubúnað ræðir skal auk þessa uppfylla eftirfarandi skilyrði:
 - 2.1.4.1. Allir rafgeymar skulu hafa fulla hleðslu við upphaf prófunar.
 - 2.1.4.2. Hreyfillinn, sé hann til staðar, skal ganga á snúningshraða sem ekki fer yfir 30% þess snúningshraða sem svarar til hámarksafkasta hans. Reynist þetta hins vegar óframkvæmanlegt vegna sérstaks skipulags á stjórnun hreyfilsins, t.d. þegar um er að ræða fjölknúin rafökutæki, skal ákvarða raunhæfar aðstæður sem taka tillit til snúningshraða og hvort hreyfillinn sé aðeins í gangi tímabundið eða alls ekki, við venjuleg akstursskilyrði. Ef framrúðusprautubúnaðurinn getur uppfyllt kröfurnar án þess að hreyfillinn sé í gangi þarf hreyfillinn ekki að vera vera í gangi.
 - 2.1.4.3. Kveikt skal vera á lágljósum aðalljóskerjanna.
 - 2.1.4.4. Hitun, loftræsting, afsingar- og móðuhreinsunarkerfi (óháð staðsetningu þeirra í ökutækinu) skulu vera starfandi með hámarksnotkun á rafmagni.
- 2.1.5. Þrýstilofts- eða sogknúinn framrúðuburrkubúnaður skal geta starfað samfelld með þeirri þurrkutíðni sem mælt er fyrir um óháð snúningshraða og álags hreyfilsins eða lágmarks- eða hámarkshleðslu rafgeymis sem framleiðandinn gefur upp fyrir venjulega notkun.
- 2.1.6. Þurrkutíðni framrúðuburrkubúnaðarins skal vera í samræmi við kröfurnar í liðum 1.1.5 til 1.1.5.3 í þessum viðauka eftir að hafa verið í gangi í 20 mínútur á blautri framrúðu.
- 2.1.7. Kröfurnar í lið 1.1.8 eru uppfylltar þegar þurrkuörmunum er haldið föstum í stöðu sem samsvarar hálfri lotu í 15 sekúndur, með stjórnubúnað framrúðuburrku stilltan á hæstu þurrkutíðnina.
- 2.1.8. Ytra yfirborð framrúðunnar skal rækilega fituhreinsað með brennsluspritti eða sambærilegu fituhreinsiefni. Eftir þurrkun skal ammoniaklausn sem ekki er minna en 3% og ekki meira en 10% borin á. Yfirborðinu skal leyft að þorna aftur og skal svo strjúka yfir það með þurrum baðmullarklút.
- 2.1.9. Á ytra yfirborð framrúðunnar skal bera jafnt lag af prófunarblöndunni, í samræmi við forskriftina sem mælt er fyrir um í 4. viðbæti við III. viðauka, og látið þorna.

- 2.1.9.1. Heimilt er að nota framrúðsprautubúnaðinn í öllum prófunum hafi ytri flötur framrúðunnar verið undirbúinn eins og lýst er í liðum 2.1.8 og 2.1.9.
- 2.1.10. Þurrkusvæði framrúðþurrkubúnaðar, eins og mælt er fyrir um í lið 1.1.4 í þessum viðauka, skal ákvarðað á eftirfarandi hátt:
- 2.1.10.1. Ytra yfirborð framrúðunnar skal meðhöndla í samræmi við í liði 2.1.8 og 2.1.9.
- 2.1.10.2. Til að sannprófa að kröfurnar í liðum 1.1.2 og 1.1.3 í þessum viðauka séu uppfylltar skal setja framrúðþurrkubúnaðinn í gang, með hliðsjón af lið 2.1.9.1, og skal draga upp þurrkusvæðið og bera saman við uppdrátt af sjónsvæðum A og B, eins og þau eru ákvörðuð í samræmi við 3. viðbæti III. viðauka.
- 2.1.10.3. Tækniþjónustan getur samþykkt aðrar prófunaraðferðir (t.d. sýndarprófun) til að sannreyna að kröfurnar í liðum 1.1.2 og 1.1.3 í þessum viðauka hafi verið uppfylltar.
- 2.1.11. Uppfylla skal kröfurnar í lið 1.1.11 eftir að ökutækið hefur verið við umhverfishitann $-18\text{ C} \pm 3\text{ }^{\circ}\text{C}$ í minnst fjórar klukkustundir. Ökutækið skal undirbúið fyrir notkun við skilyrðin sem sett eru fram í liðum 2.1.4. til 2.1.5. Meðan prófunin stendur yfir skal þurrkubúnaðurinn starfa eðlilega en með hæstu þurrkutíðni. Ekki þarf að fylgjast með þurrkusvæðinu.
- 2.2. Prófunarskilyrði fyrir framrúðsprautubúnað.
- 2.2.1. Prófun nr. 1. Vatn er sett í framrúðsprautubúnaðinn og skal búnaðurinn alveg fylltur og hafður við umhverfishitann $20 \pm 2\text{ }^{\circ}\text{C}$ í minnst fjórar klukkustundir. Þessu hitastigi vatnsins skal haldið stöðugu.
- 2.2.1.1. Allir stútar skulu vera stíflaðir og stjórnbúnaður framrúðsprautunnar settur í gang sex sinnum á einni mínútu, minnst þrjár sekúndur í senn.
- 2.2.1.1.1. Ef framrúðsprautubúnaðurinn er knúinn af vöðvaafli ökumannsins skal krafturinn sem beitt er vera 11,0 til 13,5 daN ef um er að ræða handknúna dælu. Krafturinn sem beitt er skal vera 40,0 til 44,5 daN ef um er að ræða fótknúna dælu.
- 2.2.1.1.2. Ef um er að ræða rafdælu skal prófunarspennan ekki vera lægri en málspennan og ekki hærri en málspennan en sem nemur 2 voltum.
- 2.2.1.2. Afköst framrúðsprautubúnaðarins skulu við lok prófunarinnar vera í samræmi við lið 1.2.3. í þessum viðauka.
- 2.2.2. Prófun nr. 2. Vatn er sett í framrúðsprautubúnaðinn og skal búnaðurinn alveg fylltur og hafður við umhverfishitann $-18 \pm 3\text{ }^{\circ}\text{C}$ í minnst fjórar klukkustundir. Þessu hitastigi vatnsins þarf ekki að halda stöðugu.
- 2.2.2.1. Stjórnbúnaður framrúðsprautunnar skal settur í gang sex sinnum á einni mínútu, minnst þrjár sekúndur í senn í samræmi við liði 2.2.1.1.1. og 2.2.1.1.2. Búnaðinn skal síðan setja í umhverfishitann $20 \pm 2\text{ }^{\circ}\text{C}$ þar til isinn er fullbráðinn. Þessu hitastigi vatnsins þarf ekki að halda stöðugu. Afköst framrúðsprautubúnaðarins skal síðan sannreyna með því að setja hann í gang í samræmi við liði 2.2.1.1. til 2.2.1.2.
- 2.2.3. Prófun nr. 3. Hitasveifluþrófun við lágt hitastig.
- 2.2.3.1. Vatn er sett í framrúðsprautubúnaðinn og skal búnaðurinn alveg fylltur og hafður við umhverfishitann $-18 \pm 3\text{ }^{\circ}\text{C}$ í minnst fjórar klukkustundir þannig að heildarmassi vatnsins í sprautubúnaðinum sé frosinn. Búnaðinn skal síðan setja í umhverfishitann $20 \pm 2\text{ }^{\circ}\text{C}$ þar til isinn er fullbráðinn, en þó aldrei lengur en fjórar klukkustundir. Þessa frysti/bræðslulotu skal endurtaka sex sinnum. Að lokum, þegar framrúðsprautubúnaðurinn er settur í umhverfishitann $20 \pm 2\text{ }^{\circ}\text{C}$ og isinn er fullbráðinn, þótt ekki þurfi að halda þessu hitastigi vökvans stöðugu, skal sannreyna afköst framrúðsprautubúnaðarins með því að setja hann í gang í samræmi við liði 2.2.1.1. til 2.2.1.2.
- 2.2.3.2. Framrúðsprautubúnaðurinn skal alveg fylltur með rúðhreinsivökva fyrir lágt hitastig sem er 50% metanól-eða isóprópýlalkóhólaláusn í vatni með hörku sem er ekki meiri en 205 mg/l (Ca). Búnaðurinn skal hafður við umhverfishitann $-18 \pm 3\text{ }^{\circ}\text{C}$ í minnst fjórar klukkustundir. Þessu hitastigi vökvans þarf ekki að halda stöðugu. Afköst framrúðsprautubúnaðarins skal síðan sannreyna með því að setja hann í gang í samræmi við liði 2.2.1.1. til 2.2.1.2.
- 2.2.4. Prófun nr. 4. Hitasveifluþrófun við hátt hitastig.
- 2.2.4.1. Ef einhver hluti framrúðsprautubúnaðarins er í vélarrýminu skal setja vatn í búnaðinn og skal búnaðurinn alveg fylltur og hafður við umhverfishitann $80 \pm 3\text{ }^{\circ}\text{C}$ í minnst átta klukkustundir. Þessu hitastigi vatnsins þarf ekki að halda stöðugu. Afköst framrúðsprautubúnaðarins skal síðan sannreyna með því að setja hann í gang í samræmi við liði 2.2.1.1. til 2.2.1.2.

- 2.2.4.2. Ef enginn hluti framrúðusprautubúnaðarins er í vélarrýminu skal setja vatn í búnaðinn og skal búnaðurinn alveg fylltur og hafður við umhverfíshitann 80 ± 3 °C í minnst átta klukkustundir. Þessu hitastigi vatnsins þarf ekki að halda stöðugu. Þessu næst er búnaðurinn settur í umhverfíshitann 20 ± 2 °C. Þegar hitastigi vatnsins er orðið stöðugt skal sannreyna afköst framrúðusprautubúnaðarins með því að setja hann í gang í samræmi við liði 2.2.1.1. til 2.2.1.2. Eftir þetta skal setja vatn í framrúðusprautubúnaðinn og skal búnaðurinn alveg fylltur og hafður við umhverfíshitann 60 ± 3 °C í minnst átta klukkustundir. Þessu hitastigi vatnsins þarf ekki að halda stöðugu. Afköst framrúðusprautubúnaðarins skal síðan sannreyna með því að setja hann í gang í samræmi við liði 2.2.1.1. til 2.2.1.2. Ef hann óskar þess getur framleiðandinn óskað eftir að framrúðusprautubúnaðurinn sé prófaður við skilyrðin sem sett eru fram í lið 2.2.4.1.
- 2.2.5. Prófanirnar á framrúðusprautunni sem settar eru fram í liðum 2.2.1. til 2.2.4.2. skulu gerðar í röð á sama framrúðusprautubúnaðinum. Heimilt er að prófa búnaðinn annað hvort uppsettan í ökutækjagerðinni sem sótt er um EB-gerðarviðurkenningu fyrir eða sérstaklega. Ef sótt er um EB-gerðarviðurkenningu fyrir aðskilda tæknieiningu skal búnaðurinn prófaður sérstaklega.
- 2.2.6. Prófun nr. 5. Prófun á getu framrúðusprautubúnaðar
- 2.2.6.1. Vatn er sett á framrúðusprautubúnaðinn og skal búnaðurinn alveg fylltur. Á meðan ökutækið er kyrrstætt og engin marktæk áhrif eru af vindi skal, ef það er hægt, stilla stútinn/stútana þannig að þeir beinist að hinu tiltekna svæði á ytra fleti framrúðunnar.
- 2.2.6.2. Ytra yfirborð framrúðunnar skal meðhöndla eins og mælt er fyrir um í liðum 2.1.8 og 2.1.9 í þessum viðauka.
- 2.2.6.3. Framrúðusprautubúnaðurinn skal settur í gang samkvæmt leiðbeiningum framleiðandans, með hliðsjón af liðum 2.2.1.1.1 og 2.2.1.1.2 í þessum viðauka. Heildarlengd prófunarinnar skal ekki vera meiri en 10 heilar sjálfvirkar lotur með framrúðupurrkubúnaðinn starfandi á hæstu purrkútiðni.
- 2.2.6.4. Til að sannprófa að kröfurnar í lið 1.2.4 í þessum viðauka séu uppfylltar skal draga upp hreinsaða svæðið og bera saman við uppdrátt af sjónsvæði A, eins og ákvarðað er í samræmi við 3. viðbæti III. viðauka. Ef það blasir augljóslega við skoðunarfulltrúanum að kröfurnar séu uppfylltar þarf ekki að gera uppdrátt.
- 2.2.7. Prófanirnar sem settar eru fram í liðum 2.2.6 til 2.2.6.4 skal ávallt gera á ökutækjagerðinni sem sótt er um EB-gerðarviðurkenningu fyrir, jafnvel í þeim tilvikum þar sem viðurkennd aðskilin tæknieining er sett upp í ökutækinu.

1. viðbætur

Aðferð við sannprófun á R-punkti eða viðmiðunarpunkti sætis

R-punktur eða viðmiðunarpunktur sætis er fundinn í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í 3. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SP fyrir Evrópu nr. 17⁽¹⁾.

⁽¹⁾ Stjórn. ESB L 373, 27.12.2006, bls. 1.

*2. viðbætur***Aðferð við ákvörðun á aðalviðmiðunarkerkjum í þrívíða viðmiðunarkerfinu**

Hlutföllin á milli aðalviðmiðunarkerja á teikningum og stöðu þeirra á sjálfu ökutækinu eru ákvörðuð í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í 4. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SP fyrir Evrópu nr. 125 ⁽¹⁾.

⁽¹⁾ Stjórn. ESB L 200, 31.7.2010, bls. 38.

*3. viðbætur***Aðferð við ákvörðun á sjónsvæði á framrúðum ökutækja**

Sjónsvæði A og B eru fundin í samræmi við ákvæði sem mælt er fyrir um í 18. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SP fyrir Evrópu nr. 43.

*4. viðbætur***Forskrift að prófunarblöndu fyrir prófanir á framrúðuþurrku og -sprautubúnaði**

1. Prófunarblandan sem vísað er til í lið 6.1.9 í III. viðauka skal innihalda eftirfarandi:
 - 1.1. vatn, með hörku sem er minni en 205 mg/l (Ca): 92,5% miðað við rúmmál.
 - 1.2. mettuð saltlausn í vatni (natríumklóríð): 5,0 % miðað við rúmmál.
 - 1.3. Ryk, í samræmi við forskriftirnar í eftirfarandi liðum 1.3.1 til 1.3.2.6: 2,5 % miðað við rúmmál.
 - 1.3.1. Forskrift fyrir greiningu á prófunaryki
 - 1.3.1.1. $68 \pm 1\%$ SiO₂ miðað við massa
 - 1.3.1.2. $4 \pm 1\%$ Fe₂O₃ miðað við massa
 - 1.3.1.3. $16 \pm 1\%$ Al₂O₃ miðað við massa
 - 1.3.1.4. $3 \pm 1\%$ CaO miðað við massa
 - 1.3.1.5. $1,0 \pm 0,5\%$ MgO miðað við massa
 - 1.3.1.6. $4 \pm 1\%$ basar miðað við massa
 - 1.3.1.7. $2,5 \pm 0,5\%$ öskuefni miðað við massa
 - 1.3.2. Forskrift fyrir dreifingu kornastærðar í grófu ryki
 - 1.3.2.1. $12 \pm 2\%$ af kornastærð 0 til 5 µm
 - 1.3.2.2. $12 \pm 3\%$ af kornastærð 5 til 10 µm
 - 1.3.2.3. $14 \pm 3\%$ af kornastærð 10 til 20 µm
 - 1.3.2.4. $23 \pm 3\%$ af kornastærð 20 til 40 µm
 - 1.3.2.5. $30 \pm 3\%$ af kornastærð 40 til 80 µm
 - 1.3.2.6. $9 \pm 3\%$ af kornastærð 80 til 200 µm

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 19/2011

2012/EES/59/20

frá 11. janúar 2011

um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar lögboðna merkiplötu framleiðanda og verksmiðju-númer ökutækis á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

sem settar eru fram í þeirri tilskipun skulu færast yfir í þessa reglugerð og þeim breytt, ef nauðsyn krefur, í því skyni að laga þær að framförum á sviði vísindapekkingar.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 frá 13. júlí 2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis ⁽¹⁾, einkum a-lið 1. mgr. 14. gr.,

- 3) Í reglugerð (EB) nr. 661/2009 er mælt fyrir um grundvallarákvæði um kröfur fyrir gerðarviðurkenningu ökutækja að því er varðar aðferðir til að auðkenna ökutæki. Því er nauðsynlegt að setja einnig fram sérstakar verklagsreglur, prófanir og kröfur fyrir slíka gerðarviðurkenningu.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Reglugerð (EB) nr. 661/2009 er sérreglugerð um gerðarviðurkenningu sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) ⁽²⁾.

- 2) Reglugerð (EB) nr. 661/2009 fellir úr gildi tilskipun ráðsins 76/114/EBE frá 18. desember 1975 um samræmingu laga aðildarríkjanna um lögboðnar merkiplötur og áletranir á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra, staðsetningu þeirra og uppsetningu ⁽³⁾. Þær kröfur

- 4) Þegar ekki er til staðar samræmd löggjöf um leyfilegan hámarkshleðslumassa eða leyfilegan hámarksmassa fyrir ása eða áshóp þungra ökutækja, kveður tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/27/EB frá 22. júlí 1997 um massa og mál tiltekinna flokka vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra og breytingu á tilskipun 70/156/EBE ⁽⁴⁾ á um að leyfilegur hámarksmassi við skráningu/upphaf notkunar skuli ákvarðaður vegna skráningar, við upphaf notkunar eða vegna notkunar þungra ökutækja á yfirráðasvæði aðildarríkis. Því þykir rétt að bæta leyfilegum hámarksmassa við skráningu/-upphaf notkunar inn í fyrirmynd að lögboðinni merkiplötu framleiðanda. Af ástæðum er varða umferðaröryggi þykir einnig rétt að bæta við leyfilegum hámarksmassa á áshóp.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 8, 12.1.2011, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 40/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 43, 2.8.2012, bls. 17.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 200, 31.7.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 24, 30.1.1976, bls. 1.

- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit tækninefndarinnar um vélknúin ökutæki.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 233, 25.8.1997, bls. 1.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

Reglugerð þessi gildir um fullbúin og ófullbúin ökutæki í flokkum M, N og O.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „lögboðin merkiplata framleiðanda“: plata eða merkimiði sem framleiðandinn festir á ökutæki og inniheldur upplýsingar um helstu tæknilega eiginleika sem skipta máli vegna auðkenningar ökutækisins og veitir lögbærum yfirvöldum viðeigandi upplýsingar um leyfilegan hámarkshleðslumassa,
- 2) „verksmiðjunúmer ökutækis“: alstafakóði sem framleiðandi úthlutar ökutæki til þess að tryggja rétta auðkenningu sérhvers ökutækis,
- 3) „gerð ökutækis“: hópur ökutækja eins og skilgreint er í B-hluta II. viðauka við tilskipun 2007/46/EB.

3. gr.

Ákvæði vegna EB-gerðarviðurkenningar fyrir gerð ökutækis að því er varðar lögboðna merkiplötu framleiðanda og verksmiðjunúmer ökutækis

1. Framleiðandi eða fulltrúi hans skal leggja fram umsókn til gerðarviðurkenningaryfirvalds um EB-gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis, að því er varðar útlit og staðsetningu lögboðinnar merkiplötu framleiðanda og samsetningu og staðsetningu verksmiðjunúmers ökutækisins.

2. Umsóknin skal samin í samræmi við fyrirmyndina að upplýsingaskjalinu sem er að finna í A-hluta III. viðauka.

3. Framleiðandinn skal láta í té til skoðunar ökutæki, sem er dæmigert fyrir þá gerð sem sótt er um viðurkenningu fyrir, ef viðurkenningaryfirvaldið eða tæknipjónustan telur það nauðsynlegt.

4. Ef viðeigandi kröfur, sem settar eru fram í I. og II. viðauka við þessa reglugerð, eru uppfylltar skal viðurkenningaryfirvaldið veita gerðarviðurkenningu í samræmi við númerakerfið sem sett er fram í VII. viðauka við tilskipun 2007/46/EB.

Aðildarríki er óheimilt að úthluta annarri gerð ökutækis sama númeri.

5. Að því er varðar 4. mgr. skal gerðarviðurkenningaryfirvaldið afhenda EB-gerðarviðurkenningavottorð sem er í samræmi við fyrirmyndina sem er að finna í B-hluta III. viðauka.

4. gr.

Gildistími og rýmkun EB-gerðarviðurkenninga sem veittar eru samkvæmt tilskipun 76/114/EBE

Landsyfirvöld skulu heimila að ökutæki, sem hlutu gerðarviðurkenningu fyrir dagsetninguna sem um getur í 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 661/2009, séu seld og tekin í notkun og skulu halda áfram að veita rýmkun fyrir viðurkenningar sem veittar eru samkvæmt skilmálum tilskipunar 76/114/EBE.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. febrúar 2011.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. janúar 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

I. VIÐAUKI

TÆKNILEGAR KRÖFUR

A-HLUTI

Lögboðin merkiplata framleiðanda**1. Almenn ákvæði**

- 1.1. Sérhvert ökutæki skal búið lögboðinni merkiplötu framleiðanda eins og lýst er í þessum hluta.
- 1.2. Lögboðin merkiplata framleiðanda skal áfest af framleiðanda ökutækisins eða fulltrúa hans.
- 1.3. Lögboðin merkiplata framleiðanda skal samanstanda af annað hvort:
 - a) réttmyndri málmplötu,
 - b) réttmyndum sjálflímandi merkimiða.
- 1.4. Málmplötur skulu festar með hnoðnögglum.
- 1.5. Merkimiðar skulu þannig gerðir að þeir sýni hvort átt hefur verið við þá, vera varðir gegn svikum og eyðileggjast ef tilraun er gerð til að fjarlægja merkimiðann.

2. Upplýsingar sem þurfa að koma fram á lögboðinni merkiplötu framleiðanda

- 2.1. Eftirfarandi upplýsingar skulu prentaðar óafmáanlega á lögboðna merkiplötu framleiðanda í eftirfarandi röð:
 - a) heiti fyrirtækis framleiðanda,
 - b) gerðarviðurkenningarnúmer hins fullbúna ökutækis,
 - c) verksmiðjunúmer ökutækis,
 - d) tæknilega leyfilegur hámarkshleðslumassi,
 - e) tæknilega leyfilegur hámarksmassi vagnalestarinnar,
 - f) tæknilega leyfilegur hámarksmassi á hvern ás, byrjað er að tilgreina fremsta ásin.

- 2.2. Rittáknin skulu ekki vera minna en 4 mm á hæð.

3. Sértek ákvæði**3.1. Eftirvagnar**

- 3.1.1. Ef um er að ræða eftirvagn þarf tæknilega leyfilegur, lóðréttur hámarksstöðumassi á tengipunkti að koma fram.
- 3.1.2. Tengipunkturinn skal teljast vera fyrsti ás og tölusettur númer „0“.
- 3.1.3. Fyrsti ásinn skal vera tölusettur númer „1“, annar „2“ og svo framvegis og bandstrik fylgja í kjölfarið.
- 3.1.4. Massa vagnalestarinnar sem um getur í e-lið í lið 2.1. skal sleppa.

3.2. Öll þung ökutæki

- 3.2.1. Tæknilega leyfilegur hámarksmassi á áshóp skal einnig koma fram, að því er varðar ökutæki í flokki N3, O3 og O4. Færslan sem tilheyrir „áshóp“ skal auðkennd með bókstafnum „T“.
- 3.2.2. Framleiðandinn getur tekið fram áætlaðan leyfilegan hámarkshleðslumassa við skráningu/upphaf notkunar á lögboðinni merkiplötu framleiðanda, að því er varðar ökutæki í flokki M3, N3, O3 og O4.
 - 3.2.2.1. Í slíku tilviki skal þeim hluta lögboðinnar merkiplötu framleiðanda þar sem massi kemur fram vera skipt niður í tvo dálka: áætlaður leyfilegur hámarksmassi við skráningu/upphaf notkunar skal koma fram í vinstri dálkinum og tæknilega leyfilegur hámarksmassi með hleðslu í hægri dálkinum.
 - 3.2.2.2. Kóði þess lands þar sem ætlunin er að skrá ökutækið skal koma fram sem fyrirsögn vinstri dálksins.

Kóðinn skal vera í samræmi við ISO-staðal 3166-1:2006.
- 3.2.3. Kröfur liðar 3.2.1 gilda ekki ef:

- a) tæknilega leyfilegur hámarksmassi á áshóp er summa tæknilegs leyfilegs hámarksmassa á ásunum sem eru hluti þess áshóps og
- b) bókstafnum „T“ er bætt við sem viðskeyti við hámarksmassann á hverjum ási sem er hluti þess áshóps,

- c) að þegar kröfunum í lið 3.2.2 er beitt er leyfilegur hámarksmassi ásaðsins við skráningu/upphaf notkunar summa leyfilegs hámarksmassa við skráningu/upphaf notkunar þeirra ása sem eru hluti þess ásaðs.

4. **Viðbótarupplýsingar**

- 4.1. Framleiðanda er heimilt að setja viðbótarupplýsingar fyrir neðan eða til hliðar við þær upplýsingar sem mælt er fyrir um utan við skýrt afmarkaðan rétthyrning þar sem eru eingöngu upplýsingarnar sem mælt er fyrir um í liðum 2 og 3.

5. **Fyrirmyndir að lögboðinni merkiplötu framleiðanda**

- 5.1. Dæmi um mismunandi mögulegar fyrirmyndir að lögboðinni merkiplötu framleiðanda er að finna í viðbæti við þennan viðauka.
- 5.2. Þær upplýsingar sem fram koma á fyrirmyndunum eru ekki raunverulegar.

B-HLUTI

Verksmiðjunúmer ökutækis

1. Almenn ákvæði

- 1.1. Verksmiðjunúmer ökutækis skal merkt á sérhvert ökutæki.
- 1.2. Verksmiðjunúmer ökutækis skal vera einstakt og hægt að rekja ótvírátt til tiltekins ökutækis.
- 1.3. Verksmiðjunúmer ökutækis skal merkt á undirvagninn eða ökutækið þegar ökutækið yfirgefur framleiðslulínuna.
- 1.4. Framleiðandinn skal tryggja rekjanleika ökutækisins með verksmiðjunúmeri ökutækis á 30 ára tímabili.
- 1.5. Þegar gerðarviðurkenning fer fram þarf ekki að kanna hvort ráðstafanir framleiðanda til að tryggja þann rekjanleika ökutækisins sem um getur í lið 1.4 séu til staðar.

2. Samsetning verksmiðjunúmers ökutækis

- 2.1. Verksmiðjunúmer ökutækis skal samanstanda af þremur hlutum:
 - a) auðkenni framleiðanda á heimsvísu (world manufacturer identifier - WMI)
 - b) lýsing ökutækis (vehicle descriptor section - VDS)
 - c) tilgreining ökutækis (vehicle indicator section - VIS)
- 2.2. Auðkenni framleiðanda á heimsvísu (WMI) skal samstanda af kóða sem framleiðanda ökutækisins er úthlutað og tryggir auðkenningu hans.
 - 2.2.1. Kóðinn skal samstanda af þremur bók-/tölustöfum, rómverskum hástöfum eða arabískum tölustöfum, sem lögbært yfirvald úthlutar, í því landi þar sem framleiðandinn er með aðalstarfsstöð sína.
 - 2.2.2. Lögbært yfirvald skal hafa samráð við alþjóðastofnunina sem um getur í ISO-staðlinum 3780: 2009 „Road vehicles — World manufacturer identifier (WMI) code“.
 - 2.2.3. Þegar framleiðsla framleiðanda á heimsvísu er færri en 500 ökutæki á ári skal þriðja rittáknið alltaf vera „9“. Til þess að auðkenna slíka framleiðendur skal lögbæra yfirvaldið, sem um getur í lið 2.2.1, úthluta þriðja, fjórða og fimmta rittákni verksmiðjunúmers ökutækis.
- 2.3. Lýsing ökutækis (VDS) skal samstanda af sex bók-/tölustöfum, rómverskum hástöfum eða arabískum tölustöfum, sem þjóna þeim tilgangi að gefa til kynna almenna eiginleika ökutækisins. Þegar framleiðandinn notar ekki eitt eða fleiri þessara sex rittákna skal plássíð sem er ónotað fyllt með bók-/tölustöfum sem framleiðandinn ákveður til þess að heildartala þeirra rittákna sem krafist er sé 6.
- 2.4. Tilgreining ökutækis (VIS) skal samstanda af átta bók-/tölustöfum, rómverskum hástöfum eða arabískum tölustöfum þar sem síðustu fjórir stafirnir skulu aðeins vera tölur.

Það skal ásamt auðkenni framleiðanda á heimsvísu (WMI) og lýsingu ökutækis (VDS) veita skýra auðkenningu á tilteknu ökutæki. Ónotuð stafbil skal fylla með tölustafnum „0“ til þess að heildartala þeirra rittákna sem krafist er verði 8.
- 2.5. Hæð rittáknanna í verksmiðjunúmeri ökutækis sem stimplað er á undirvagninn skal ekki vera minni enn 7 mm.
- 2.6. Ekki skal vera bil milli rittákna.
- 2.7. Notkun bókstafanna „I“, „O“ eða „Q“ er ekki leyfð.
- 2.8. Upphaf og endir verksmiðjunúmers ökutækis skal takmarkað við eitt tákni sem framleiðandinn velur og skal hvorugt táknið vera rómverskur hástafur eða arabískur tölustafur.
 - 2.8.1. Þetta ákvæði má fella niður þegar verksmiðjunúmer ökutækis er í einni línu.
 - 2.8.2. Þegar verksmiðjunúmer ökutækis er í tveimur línunum gildir þetta ákvæði um hvora línu.

Viðbætur

Fyrirmynd að lögboðinni merkiplötu framleiðanda

1. Fyrirmynd A fyrir ökutæki í flokkum M1 og N1

STELLA AUTO S.P.A
e3*2007/46*0004
ZFS159000AZ000055
1850 kg
3290 kg
1 – 1100 kg
2 – 880 kg

Fyrirmynd að lögboðinni merkiplötu framleiðanda fyrir ökutæki í flokki M1 sem er gerðarviðurkennt á Ítalíu

2. Fyrirmynd B fyrir ökutæki í flokkum M eða N, öðrum en M1 eða N1

MAYER NUTZFAHRZEUGE GmbH	
e1*2007/46*0345	
WMN22500A00980520	
(DE)	
17990 kg	17990 kg
40000 kg	44000 kg
1 – 7100 kg	1 – 7100 kg
2 – 11500 kg	2 – 11500 kg
T. – kg	T. – kg

Fyrirmynd að lögboðinni merkiplötu framleiðanda fyrir ökutæki í flokki N3 sem er gerðarviðurkennt í Þýskalandi
Athugasemd: vinstri dálkurinn er valkvæður

3. Fyrirmynd C fyrir ökutæki í flokkum O1 og O2

JEAN HORSE TRAILERS Ltd
e11*2007/46*0085
SARHT000BC0000023
1500 kg

0 – 100 kg
1 – 850 kg
2 – 850 kg

Fyrirmynd að lögboðinni merkiplötu framleiðanda fyrir ökutæki í flokki O2 sem er gerðarviðurkennt í Bretlandi

4. Fyrirmynd D fyrir ökutæki í flokki O, öðrum en O1 og O2

REMORQUES HENSCHLER SA	
e6*2007/46*0098	
YA9EBS37009000005	
(BE)	
34000 kg	37000 kg
0 – 8000 kg	0 – 8000 kg
1 – 9000 kg	1 – 10000 kg
2 – 9000 kg	2 – 10000 kg
3 – 9000 kg	3 – 10000 kg
T. 27000 kg	T. 30000 kg

Fyrirmynd að lögboðinni merkiplötu framleiðanda fyrir festivagn í flokki O4 sem er gerðarviðurkenndur í Belgíu
Athugasemd: vinstri dálkurinn er valkvæður

—

*II. VIÐAUKI***KRÖFUR VEGNA STAÐSETNINGAR Á ÖKUTÆKI****A-HLUTI****Lögboðin merkiplata framleiðanda**

1. Lögboðin merkiplata framleiðanda skal tryggilega fest á áberandi og aðgengilegum stað.
2. Staðsetningin skal valin þannig að ekki sé líklegt að skipt verði um þann hluta sem hún er fest á meðan ökutækið er í notkun.

B-HLUTI**Verksmiðjunúmer ökutækis**

1. Verksmiðjunúmer ökutækis skal merkt í eina línu.
- 1.1. Ef ekki er hægt að merkja verksmiðjunúmer ökutækis í eina línu af tæknilegum orsökum, eins og t.d. vegna skorts á rými, getur landsyfirvald, að ósk framleiðanda, heimilað að verksmiðjunúmer ökutækis sé merkt í tvær línur.
Í slíkum tilvikum má ekki verða rof í þeim hlutum sem skilgreindir eru í lið 2.1 í B-hluta I. viðauka.
2. Verksmiðjunúmer ökutækis skal merkt með stimplun eða vélrænni hömrún á undirvagninn, grindina eða samsvarandi burðarvirki.
3. Nota má aðferðir, sem sýnt hefur verið fram á að bjóði upp á sama stig verndar gegn sviksamlegum breytingum eða fölsun og vélræn hömrún, í stað þeirrar aðferðar.
4. Verksmiðjunúmer ökutækis skal staðsett á auðsýnilegum og aðgengilegum stað. Staðsetningin skal valin þannig að það eyðist ekki og ekki sé hægt að afmá það.
5. Verksmiðjunúmer ökutækis skal staðsett á hægri hlið ökutækisins.

III. VIÐAUKI

A-HLUTI

Upplýsingaskjal

FYRIRMYND SEM NOTA SKAL

Upplýsingaskjal nr. ... um EB-gerðarviðurkenningu vélknúins ökutækis og eftirvagna þess, að því er varðar lögboðna merkiplötu framleiðanda og verksmiðjunúmers ökutækis.

Eftirfarandi upplýsingar skul gæfa í þríríti og með efnisyfirliti. Teikningar, ef einhverjar eru, skulu vera í hæfilegum hlutföllum og nægilega nákvæmar, í stærðinni A4 eða brotnar saman í þá stærð. Ljósmyndir, ef einhverjar eru, skulu einnig vera nægilega nákvæmar.

0. ALMENNNT
- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2. Gerð:
- 0.2.1. Verslunarheiti (ef til er):
- 0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu ^(*)
- 0.3.1. Staðsetning auðkennisins:
- 0.4. Ökutækjaflokkur ^(b):
- 0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda:
- 0.6. Staðsetning og áfestingaraðferð lögboðinnar merkiplötu framleiðanda:
- 0.6.1. Á undirvagninum ⁽¹⁾:
- 0.6.2. Á yfirbyggingunni ⁽¹⁾:
- 0.7. Staðsetning verksmiðjunúmers ökutækis:
- 0.7.1. Á undirvagninum ⁽¹⁾:
- 0.7.2. Á yfirbyggingunni ⁽¹⁾:
- 0.8. Heiti og heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:
- 0.9. Nafn og heimilisfang fulltrúa framleiðandans (ef einhver):
1. ALMENNIR SMÍÐAEIGINLEIKAR ÖKUTÆKISINS
- 1.1. Ljósmyndir og/eða teikningar af dæmigerðu ökutæki:
9. YFIRBYGGING
- 9.17. Lögboðin merkiplata framleiðanda og verksmiðjunúmer ökutækis
- 9.17.1. Ljósmyndir og/eða teikningar af staðsetningum lögboðinna merkiplatna framleiðanda og áletrana og af verksmiðjunúmeri ökutækis:
- 9.17.2. Ljósmyndir og/eða teikningar af lögboðinni merkiplötu framleiðanda og áletrunum (fullgert sýnishorn ásamt stærðum):
- 9.17.3. Ljósmyndir og/eða teikningar af verksmiðjunúmeri ökutækis (fullgert sýnishorn ásamt stærðum):
- 9.17.4. Yfirlýsing framleiðanda um að farið hafi verið að kröfunum sem settar eru fram í lið 2.2 í B-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 19/2011.
- 9.17.5. Nákvæm lýsing á samsetningu verksmiðjunúmers ökutækis:

Skýringar:

⁽¹⁾ Stríkið yfir það sem á ekki við.

⁽²⁾ Ef í gerðarauðkenni eru rittákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem þetta upplýsingaskjal nær til skal setja spurningarmerki í stað rittáknanna (t.d. ABC??123??).

⁽³⁾ Samkvæmt skilgreiningu í A-hluta II. viðauka

B-HLUTI

EB-gerðarviðurkenningarvottorð

FYRIRMYND

Snið A4 (210 × 297 mm)

EB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ

Stimpill gerðarviðurkenningaryfirvalds

Tilkynning um:

EB-gerðarviðurkenningu ⁽¹⁾,rýmkun EB-gerðarviðurkenningar ⁽¹⁾,synjun EB-gerðarviðurkenningar ⁽¹⁾afturköllun EB-gerðarviðurkenningar ⁽¹⁾,

} á gerð ökutækis að því er varðar lögboðna merkiplötu framleiðanda og verksmiðjunúmer ökutækis

að því er varðar reglugerð (EB) nr. .../... eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. .../... ⁽¹⁾

EB-gerðarviðurkenningarnúmer:

Ástæða fyrir rýmkun:

I. ÞÁTTUR

- 0.1. Tegund (viðskiptaheiti framleiðanda):
- 0.2. Gerð:
- 0.2.1. Verslunarheiti (ef til er):
- 0.3. Gerðarauðkenni ef slíkt er á ökutækinu ⁽²⁾
- 0.3.1. Staðsetning auðkennisins:
- 0.4. Ökutækjaflokkur ⁽³⁾:
- 0.5. Heiti og heimilisfang framleiðanda:
- 0.8. Heiti og heimilisfang samsetningarverksmiðju eða -verksmiðja:
- 0.9. Nafn og heimilisfang fulltrúa framleiðandans (ef einhver):

⁽¹⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.⁽²⁾ Ef í gerðarauðkenni eru rittákn sem varða ekki lýsingu á gerð ökutækis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem þetta upplýsingaskjal nær til skal setja spurningarmerki í stað rittáknanna (t.d. ABC??123??).⁽³⁾ Samkvæmt skilgreiningu í A-hluta II. viðauka

II. ÞÁTTUR

1. Frekari upplýsingar (ef við á): sjá viðbót.
 2. Tækniþjónusta sem annast prófanirnar:
 3. Dagsetning prófunarskýrslu:
 4. Númer prófunarskýrslu:
 5. Athugasemdir (ef einhverjar eru):
 6. Staður:
 7. Dagsetning:
 8. Undirskrift:
- Fylgiskjöl: Upplýsingasafn.
 Prófunarskýrsla.

*Viðbót***við vottorð um EB-gerðarviðurkenningu nr. ...**

Á ekki við.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/60/EB

2012/EES/59/21

frá 13. júlí 2009

um hámarkshönnunarhraða og hleðslupalla fyrir dráttarvélar á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt (*)

(Kerfisbundin útgáfa)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAGA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum
95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópu-
bandalaganna ⁽¹⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr.
sáttmálans ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun ráðsins 74/152/EBE frá 4. mars 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi hámarks-
hraða ákveðinn með hönnun og burðarpalla landbúnaðar-
dráttarvéla á hjólum ⁽³⁾ hefur nokkrum sinnum verið
breytt í veigamiklum atviki ⁽⁴⁾. Til glöggvunar og
hagræðingar ber því að kerfisbinda tilskipunina.
- 2) Í tilskipun 74/152/EBE sem er ein sértilskipananna sem
fjalla um EB-gerðarviðurkenningarkerfið sem kveðið er
á um í tilskipun ráðsins 74/150/EBE frá 4. mars 1974 um
samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviður-
kenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum, en henni
var skipt út með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins
2003/37/EB frá 26. maí 2003 um gerðarviðurkenningu á
dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt, eftirvögnum
þeirra og útskiptanlegum, dregnum tækjum ásamt kerfum
þeirra, íhlutum og aðskildum tæknieiningum ⁽⁵⁾, er mælt
fyrir um tækniforskriftir varðandi hönnun og smíði
dráttarvéla á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt að því
er varðar hámarkshönnunarhraða og hleðslupalla. Þessar
tækniforskriftir varða samræmingu laga aðildarríkjanna
til að greiða fyrir að EB-gerðarviðurkenningaraðferðin,
sem kveðið er á um í tilskipun 2003/37/EB, gildi um
allar gerðir dráttarvéla. Af þessum sökum gilda ákvæðin,
sem mælt er fyrir um í tilskipun 2003/37/EB að því er
varðar dráttarvélar fyrir landbúnað eða skógrækt, eftir-

vagna þeirra og útskiptanleg, dregin tæki ásamt kerfum
þeirra, íhlutum og aðskildum tæknieiningum, um þessa
tilskipun.

- 3) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildar-
ríkjanna að því er varðar fresti þeirra til að lögleiða
tilskipanir, sem tilgreindar eru í B-hluta II. viðauka, í
landslög og beita þeim.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. „Dráttarvél“ (fyrir landbúnað eða skógrækt): vélknúð
ökutæki á hjólum eða beltum sem hefur a.m.k. tvo ása og
er notagildi þess aðallega fólgið í dráttarflinu þar sem það
er sérstaklega hannað til þess að draga, ýta, flytja eða knýja
tiltekin verkfæri, vélar eða eftirvagna til notkunar í landbúnaði
eða skógrækt. Heimilt er að útbúa það fyrir farm- og fólks-
flutninga.

2. Tilskipun þessi gildir eingöngu um dráttarvélar sem skil-
greindar eru í 1. mgr. og hafa loftfyllta hjólbarða og hámarks-
hönnunarhraða á bilinu 6 til 40 km/klst.

2. gr.

1. Aðildarríkjum er óheimilt að synja um EB-gerðarviður-
kenningu, útgáfu skjalsins sem um getur í u-lið 2. gr. tilskipunar
2003/37/EB eða landsbundna gerðarviðurkenningu fyrir gerð
dráttarvélar af ástæðum sem varða hámarkshönnunarhraða eða
hleðslupalla þeirra ef kröfurnar sem settar eru fram í I. viðauka
eru uppfylltar.

2. Aðildarríkjum er ekki heimilt að gefa út skjalið sem
kveðið er á um í u-lið 2. gr. tilskipunar 2003/37/EB fyrir gerð
dráttarvélar sem uppfyllir ekki kröfur þessarar tilskipunar.

Aðildarríkjum er heimilt að synja um landsbundna gerðarviður-
kenningu að því er varðar gerð dráttarvélar ef hún uppfyllir
ekki kröfur þessarar tilskipunar.

3. gr.

Aðildarríkjum er óheimilt að synja um að dráttarvél sé skráð
eða að banna sölu hennar, að hún sé tekin í notkun eða notuð
af ástæðum sem tengjast hámarkshönnunarhraða eða hleðslu-
pöllum, ef þeim kröfum sem settar eru fram í I. viðauka er
fullnægt.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 198, 30.7.2009, bls. 15. Hentar var
getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2012 frá 30. mars
2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir
og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi
Evrópusambandsins nr. 43, 2.8.2012, bls. 24.

(1) Stjtið. ESB L 161, 13.7.2007, bls. 37.

(2) Álit Evrópuþingsins frá 19. júní 2007 (Stjtið. ESB C 146 E, 12.6.2008, bls.
74) og ákvörðun ráðsins frá 22. júní 2009.

(3) Stjtið. EB L 84, 28.3.1974, bls. 33.

(4) Sjá A-hluta II. viðauka.

(5) Stjtið. ESB L 171, 9.7.2003, bls. 1.

4. gr.

1. Aðildarríkjum er óheimilt að banna að dráttarvélar séu útbúnar hleðslupalli eða krefjast þess að þær séu útbúnar einum eða fleirum slíkum pöllum.

2. Aðildarríkjum er óheimilt að banna vöruflutninga, sem leyfðir eru á eftirvögnum sem notaðir eru í landbúnaði eða skógrækt, á hleðslupöllum. Leyfileg hámarkshleðsla er a.m.k. 80% af þyngd dráttarvélarinnar sem er tilbúin til aksturs, en þó innan þeirra marka sem framleiðandinn setur.

5. gr.

Samþykkinga skal nauðsynlegar breytingar til að laga kröfurnar í I. viðauka að tækniframförum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 20. gr. tilskipunar 2003/37/EB.

6. gr.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni texta helstu ákvæða í landslögum sem þau samþykka um málefni sem tilskipun þessi nær til.

7. gr.

Tilskipun 74/152/EBE, eins og henni var breytt með tilskipuninum sem skráðar eru í A-hluta II. viðauka, er felld

úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti þeirra til að lögleiða tilskipanirnar sem eru tilgreindar í B-hluta III. viðauka í landslög og beita þeim.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í III. viðauka.

8. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2010.

9. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel, 13. júlí 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

H.-G. Pöttering

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

E. Erlandsson

forseti.

*I. VIÐAUKI***1. Hámarkshönnunarhraði**

- 1.1. Við gerðarviðurkenningarprófun skal meðalhraði mældur á beinni braut sem dráttarvélinni er ekið eftir í báðar áttir með fljúgandi starti. Brautin skal vera á bundnum jarðvegi; hún skal vera flöt og a.m.k. 100 metrar á lengd; halli má vera á brautinni, þó ekki meiri en 1,5%.
- 1.2. Við prófunina skal dráttarvélina vera óhlaðin og tilbúin til aksturs, án þyngdarklossa eða sérstaks búnaðar, og þrýstingur í hjólbörðum skal vera eins og hann er tilgreindur fyrir akstur á vegum.
- 1.3. Við prófunina skal dráttarvélina vera með nýja loftfyllta hjólarða sem hafa mesta snúningsradiusinn sem framleiðandinn áætlaði fyrir dráttarvélina.
- 1.4. Í prófuninni skal nota það girhlutfall sem gerir kleift að ná hámarkshraða ökutækisins við fulla eldsneytisgjöf.
- 1.5. Með tilliti til þess að ýmsar óhjákvæmilegar skekkjur geta orðið, einkum vegna mæliaðferða og aukningar á snúningshraða hreyfils vegna hlutaálags, skal mældur hraði sem fer 3 km/klst. yfir hámarkshönnunarhraða vera leyfður við gerðarviðurkenningarprófunina.
- 1.6. Til þess að yfirvöld sem hafa umsjón með gerðarviðurkenningu á dráttarvélum geti reiknað út fræðilegan hámarkshraða þeirra skal framleiðandi tilgreina til viðmiðunar girhlutfall, raunverulega hreyfingu drifhjóla fram á við er samsvarar einum heilum snúningi, og snúningshraði hreyfils við mesta snúningsvægi miðað við hámarksafköst, við fulla eldsneytisgjöf og með gangráðinn, ef hann er til staðar, stilltan samkvæmt fyrirmælum framleiðanda.

2. Hleðslupallar

- 2.1. Þungamiðja pallsins skal liggja á milli ásanna.
- 2.2. Mál pallsins skulu vera þannig að:
 - lengdin sé ekki meiri en 1,4 sinnum lengd stærri sporviddar dráttarvélarinnar, hvort sem það er á fram eða afturhjólum,
 - breiddin sé ekki meiri en hámarksbreidd dráttarvélarinnar án alls búnaðar,
- 2.3. Pallinum skal komið fyrir þannig að hann sé samhverfur lengdarmiðjuhlani dráttarvélarinnar.
- 2.4. Hæð hleðslupallsins skal ekki vera meiri en 150 cm frá jörðu.
- 2.5. Gerð pallsins og hvernig honum er komið fyrir skal vera þannig að með venjulegan farm sé sjónsvið ökumanns áfram fullnægjandi og ýmiss lögboðinn ljósa- og ljósmerkjabúnaður gegni hlutverki sínu sem skyldi.
- 2.6. Hleðslupallinn skal vera hægt að losa og taka af, hann skal tengdur við dráttarvélina þannig að hann geti ekki losnað fyrir slysi.

II. VIÐAUKI

A-hluti

Niðurfelld tilskipun með síðari breytingum

(sem um getur í 7. gr.)

Tilskipun ráðsins 74/152/EBE
(Stjtið. EB L 84, 28.3.1974, bls. 33)

Tilskipun ráðsins 82/890/EBE (Stjtið. EB L 378,
31.12.1982, bls. 45)

Einungis að því er varðar tilvísanir í tilskipun
74/152/EBE í 1. mgr. 1. gr.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 88/412/EBE
(Stjtið. EB L 200, 26.7.1988, bls. 31).

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/54/EB
(Stjtið. EB L 277, 10.10.1997, bls. 24).

Einungis að því er varðar tilvísanir í tilskipun
74/152/EBE í fyrsta undirliði 1. gr.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/89/EB
(Stjtið. EB L 322, 1.12.1998, bls. 40).

B-hluti

Skrá yfir fresti til lögleiðingar í landslög og beitingar

(sem um getur í 7. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar	Gildistöku dagur
74/152/EBE	8. september 1975	—
82/890/EBE	22. júní 1984	—
88/412/EBE	30. september 1988 ⁽¹⁾	—
97/54/EB	22. september 1998	23. september 1998
98/89/EB	31. desember 1999 ⁽²⁾	—

⁽¹⁾ Í samræmi við 2. gr. tilskipunar 88/412/EBE:

„1. Frá 1. október 1988 er aðildarríkjunum óheimilt að:

— neita að veita gerðum dráttarvéla EBE-gerðarviðurkenningu eða neita að gefa út skjalið sem um getur í síðasta undirliði 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE, eða að veita innlenda gerðarviðurkenningu, eða

— banna að dráttarvélar séu teknar í notkun;

ef hámarkshraði sem er ákveðinn með hönnun og burðarpallar þessarar gerðar dráttarvélar eða dráttarvéla eru í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.

2. Frá 1. október 1989 er aðildarríkjunum:

— óheimilt að gefa út skjalið sem um getur í síðasta undirliði 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE vegna gerðar dráttarvélar, ef hámarkshraði sem er ákveðinn með hönnun og burðarpallar hennar eru ekki í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar;

— heimilt að neita að veita gerð dráttarvélar innlenda gerðarviðurkenningu ef hámarkshraði sem er ákveðinn með hönnun og burðarpallar hennar eru ekki í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar.“

⁽²⁾ Í samræmi við 2. gr. tilskipunar 98/89/EB:

„1. „Frá 1. janúar 2000 er aðildarríkjunum óheimilt:

— að synja um EB-gerðarviðurkenningu, útgáfu skjalsins sem um getur í síðasta undirliði 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð dráttarvélar, eða

— banna að dráttarvélar séu teknar í notkun,

ef þær uppfylla kröfur tilskipunar 74/152/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

2. Frá 1. október 2004 mega aðildarríkin:

— ekki lengur gefa út skjalið sem um getur í síðasta undirliði 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 74/150/EBE fyrir gerð dráttarvélar sem uppfyllir ekki kröfur tilskipunar 74/152/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun,

— synja um innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð dráttarvélar ef hún uppfyllir ekki kröfur tilskipunar 74/152/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.“

III. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun 74/152/EBE	Tilskipun 98/89/EB	Þessi tilskipun
1. gr.	1. gr.	
2. gr.	2. gr.	
3.–5. gr.	3.–5. gr.	
1. mgr. 6. gr.	—	
2. mgr. 6. gr.	6. gr.	
—		7. gr.
—		8. gr.
7. gr.		9. gr.
Viðauki		I. viðauki
—		II. viðauki
—		III. viðauki

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/68/EB frá 13. júlí 2009

2012/EES/59/22

um gerðarviðurkenningu íhlutar fyrir ljósa- og ljósmerkjabúnað á dráttarvélum á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt (*)

(Kerfisbundin útgáfa)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAFNA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna (1),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans (2),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun ráðsins 79/532/EBE frá 17. maí 1979 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu íhluta fyrir ljósa- og ljósmerkjabúnað landbúnaðardráttarvéla á hjólum (3) hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum (4). Til glöggvunar og hagræðingar ber því að kerfisbinda tilskipunina.
- 2) Í tilskipun 79/532/EBE, sem er ein sértilskipana sem fjalla um EB-gerðarviðurkenningarkerfið sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 74/150/EBE frá 4. mars 1974 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi gerðarviðurkenningu á landbúnaðardráttarvélum á hjólum, en henni var skipt út með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB frá 26. maí 2003 um gerðarviðurkenningu á dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt, eftirvögnum þeirra og útskiptanlegum, dregnum tækjum ásamt kerfum þeirra, íhlutum og aðskildum tæknieiningum (5), er mælt fyrir um tækniforskriftir varðandi hönnun og smíði dráttarvéla á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt að því er varðar ljósa- og ljósmerkjabúnað. Þessar tækniforskriftir varða

samræmingu laga aðildarríkjanna til að gera kleift að EB-gerðarviðurkenningaraðferðin, sem kveðið er á um í tilskipun 2003/37/EB, eigi við um allar gerðir dráttarvéla. Af þessum sökum gilda ákvæðin, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2003/37/EB að því er varðar dráttarvélar fyrir landbúnað eða skógrækt, eftirvagna þeirra og útskiptanleg, dregin tæki ásamt kerfum þeirra, íhlutum og aðskildum tæknieiningum, um þessa tilskipun.

- 3) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/61/EB frá 13. júlí 2009 að því er varðar uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á dráttarvélum á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt (6) er mælt fyrir um sameiginlegar kröfur varðandi uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á dráttarvélum á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt. Slíkur ljósa- og ljósmerkjabúnaður býr yfir sömu eiginleikum og sá sem er á vélknúnum ökutækjum. Þess vegna má einnig nota búnað, sem hlotið hefur EB-gerðarviðurkenningarmerki íhlutar í samræmi við þær tilskipanir sem þegar hafa verið samþykktar varðandi þetta viðfangsefni í tengslum við EB-gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra, á dráttarvélum.
- 4) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti þeirra til að lögleiða tilskipanirnar, sem tilgreindar eru í B-hluta II. viðauka, í landslög og beita þeim.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr:

1. Í þessari tilskipun er „dráttarvél“ (fyrir landbúnað eða skógrækt) vélknúin ökutæki, á hjólum eða beltum, sem hefur a.m.k. tvo ása og er notagildi þess aðallega fólgið í dráttaraflinu þar sem það er sérstaklega hannað til þess að draga, ýta, flytja eða knýja tiltekin verkfæri, vélar eða eftirvagna til notkunar í landbúnaði eða skógrækt. Heimilt er að útbúa það fyrir farm- og fólksflutninga.

2. Tilskipun þessi gildir eingöngu um dráttarvélar sem skilgreindar eru í 1. mgr. og hafa loftfyllta hjólbarða og hámarks-hönnunarhraða á bilinu 6 til 40 km/klst.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 203, 5.8.2009, bls. 52. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 43, 2.8.2012, bls. 24.

(1) Stjtið. ESB L 162, 25.6.2008, bls. 40.

(2) Álit Evrópuþingsins frá 17. júní 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum) og ákvörðun ráðsins frá 22. júní 2009.

(3) Stjtið. EB L 145, 13.6.1979, bls. 16.

(4) Sjá A-hluta II. viðauka.

(5) Stjtið. ESB L 171, 9.7.2003, bls. 1.

(6) Stjtið. ESB L 203, 5.8.2009, bls. 19.

2. gr.

Aðildarríkjum er óheimilt að synja um EB-gerðarviðurkenningu eða landsbundna gerðarviðurkenningu fyrir dráttarvél af ástæðum sem varða eftirfarandi ljósker eða glítaugu, ef þau eru með EB-gerðarviðurkenningamerki íhlutar eins og kveðið er á um í I. viðauka og eru sett upp í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 2009/61/EB:

- a) aðalljósker sem virka sem háljósker og/eða lágljósker eða glóðarþráðarperur fyrir slík aðalljósker,
- b) breiddarljósker,
- c) stöðuhliðarljósker að framan,
- d) stöðuhliðarljósker að aftan,
- e) hemlaljósker,
- f) stefnuljósker,
- g) glítaugu,
- h) ljósker við skráningamerki að aftan,
- i) þokuljósker að framan og glóðarþráðarperur fyrir slík ljósker,
- j) þokuljósker að aftan,
- k) bakkljósker,
- l) stöðuljósker.

3. gr.

Aðildarríkjum er óheimilt að synja um að dráttarvél sé skráð eða að banna sölu hennar, að hún sé tekin í notkun eða notuð af ástæðum sem varða eftirfarandi ljósker eða glítaugu, ef þau eru með EB-gerðarviðurkenningamerki íhlutar eins og kveðið er á um í I. viðauka og eru sett upp í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 2009/61/EB:

- a) aðalljósker sem virka sem háljósker og/eða lágljósker eða glóðarþráðarperur fyrir slík aðalljósker,
- b) breiddarljósker,
- c) stöðuhliðarljósker að framan,
- d) stöðuhliðarljósker að aftan,
- e) hemlaljósker,
- f) stefnuljósker,
- g) glítaugu,
- h) ljósker við skráningamerki að aftan,

- i) þokuljósker að framan og glóðarþráðarperur fyrir slík ljósker,
- j) þokuljósker að aftan,
- k) bakkljósker,
- l) stöðuljósker.

4. gr.

Samþykkja skal nauðsynlegar breytingar til að laga kröfurnar í I. viðauka að tækniframförum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 20. gr. tilskipunar 2003/37/EB.

5. gr.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði landslaga sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

6. gr.

Tilskipun 79/532/EBE, eins og henni var breytt með tilskipuninum sem eru tilgreindar í A-hluta II. viðauka, er felld úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi fresti til lögleiðingar og beitingar tilskipananna sem eru tilgreindar í B-hluta II. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í III. viðauka.

7. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2010.

8. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel, 13. júlí 2009.

*Fyrir hönd
Evrópuþingsins,*

H.-G. Pöttering

forseti.

*Fyrir hönd
framkvæmdastjórnarinnar,*

E. Erlandsson

forseti.

I. VIÐAUKI

1. Aðalljósker sem virka sem háljósker og/eða lágljósker og glóðarþráðarperur fyrir slík aðalljósker:

Mælt er fyrir um EB-gerðarviðurkenningarmarki íhlutar í tilskipun ráðsins 76/761/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi aðalljósker vélknúinna ökutækja sem virka sem háljós og/eða lágljós og varðandi ljósgjafa (glóþráðarperur og aðra ljósgjafa) til nota í viðurkenndar ljóskerseiningar vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra ⁽¹⁾.

Ákvæði tilskipunar 76/761/EBE gilda einnig um gerðarviðurkenningu íhlutar fyrir sérstök aðalljósker á dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt sem eru hönnuð bæði sem háljósker og lágljósker með minna en 160 mm, þvermál D, með eftirfarandi breytingum:

- a) lágmarksljósgeildi sem eru ákvörðuð í lið 2.1. í II. til VI., VIII. og IX. viðauka tilskipunar 76/761/EBE er lækkað í samræmi við hlutfallið

$$((D - 45)/(160 - 45))^2$$

sem takmarkast af eftirtöldum altækum neðri mörkum:

— 3 lúx, annaðhvort við punkt 75 R eða punkt 75 L,

— 5 lúx, annaðhvort við punkt 50 R eða punkt 50 L,

— 1,5 lúx, á svæði IV.

Athugasemd: Ef sýnilegt yfirborð endurskinsflatar er ekki hringlanga skal þvermál vera þvermál hrings á sama svæði og hinn sýnilegi, nýtanlegi hluti endurskinsflatarins.

- b) táknið M innan á þríhyrningi með mjórri endann niður sem er festur á aðalljósker í stað táknsins CR sem kveðið er á um í lið 5.2.3.5. í I. viðauka við tilskipun 76/761/EBE.

2. Breiddarljósker, stöðuhliðarljósker að framan, stöðuhliðarljósker að aftan og hemlaljósker:

Mælt er fyrir um EB-gerðarviðurkenningarmarki íhlutar í tilskipun ráðsins 76/758/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi breiddarljósker, stöðuhliðarljósker að aftan og framan, hemlaljósker, ljósker fyrir dagljósabúnað og hliðarljósker á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ⁽²⁾.

3. Stefnuljósker:

Mælt er fyrir um EB-gerðarviðurkenningarmarki íhlutar í tilskipun ráðsins 76/759/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi stefnuljósabúnað vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra ⁽³⁾.

4. Glitaugu:

Mælt er fyrir um EB-gerðarviðurkenningarmarki íhlutar í tilskipun ráðsins 76/757/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi endurskin frá glitmerkjum á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra ⁽⁴⁾.

5. Ljósker við skráningarmerki að aftan:

Mælt er fyrir um EB-gerðarviðurkenningarmarki íhlutar í tilskipun ráðsins 76/760/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi númersljós vélknúinna ökutækja og eftirvagna þeirra ⁽⁵⁾.

⁽¹⁾: Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 96.

⁽²⁾: Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 54.

⁽³⁾: Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 71.

⁽⁴⁾: Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 32.

⁽⁵⁾: Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 85.

6. Þokuljóssker að framan:

Mælt er fyrir um EB-gerðarviðurkenningarmerki íhlutar í tilskipun ráðsins 76/762/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi þokuljóssker að framan á vélknúnum ökutækjum.⁽⁶⁾

7. Þokuljóssker að aftan:

Mælt er fyrir um EB-gerðarviðurkenningarmerki íhlutar í tilskipun ráðsins 77/538/EBE frá 28. júní 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi þokuljós að aftan á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra⁽⁷⁾.

8. Bakkljóssker:

Mælt er fyrir um EB-gerðarviðurkenningarmerki íhlutar í tilskipun ráðsins 77/539/EBE frá 28. júní 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi bakkljós á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra⁽⁸⁾.

9. Stöðuljóssker:

Mælt er fyrir um EB-gerðarviðurkenningarmerki íhlutar í tilskipun ráðsins 77/540/EBE frá 28. júní 1977 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi stöðuljós á vélknúnum ökutækjum⁽⁹⁾.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 122.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 220, 29.8.1977, bls. 60.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 220, 29.8.1977, bls. 72.

⁽⁹⁾ Stjtið. EB L 220, 29.8.1977, bls. 83.

II. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun með skrá yfir síðari breytingar hennar

(sem um getur í 6. gr.)

Tilskipun ráðsins 79/532/EBE
(Stjtið. EB L 145, 13.6.1979, bls. 16)

Tilskipun ráðsins 82/890/EBE
(Stjtið. EB L 378, 31.12.1982, bls. 45)

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/54/EB
(Stjtið. EB L 277, 10.10.1997, bls. 24).

einungis að því er varðar tilvísunina í tilskipun 79/532/EBE í 1. mgr. 1. gr.

einungis að því er varðar tilvísunina í tilskipun 79/532/EBE í 1. undirlið 1. gr.

B-HLUTI

Skrá yfir fresti til lögleiðingar í landslög og beitingar

(sem um getur í 6. gr.)

Tilskipun	Frestur til lögleiðingar	Gildistöku dagur
79/532/EBE	21. nóvember 1980	—
82/890/EBE	21. júní 1984	—
97/54/EB	22. september 1998	23. september 1998

III. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun 79/532/EBE	Þessi tilskipun
1. gr.	1. gr.
Inngangsorð og lokaorð 2. gr.	Inngangsorð 2. gr.
Undirliðir 2. gr.	a- til l-liður 2. gr.
Inngangsorð og lokaorð 3. gr.	Inngangsorð 3. gr.
Undirliðir 3. gr.	a- til l-liður 3. gr.
4. gr.	4. gr.
1. mgr. 5. gr.	—
2. mgr. 5. gr.	5. gr.
—	6. gr.
—	7. gr.
6. gr.	8. gr.
Viðauki	I. viðauki
—	II. viðauki
—	III. viðauki

TILMÆLI EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS

2012/EES/59/23

frá 20. desember 2006

um verndun ólöggráða barna og mannegrar reisnar og um rétt til andsvara með tilliti til samkeppnishæfni evrópskrar hljóð- og myndmiðlunar og beinlínutengdrar upplýsingaþjónustu (*)

(2006/952/EB)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAGA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 157. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 251 gr. sáttmálans ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 1. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallar-réttindi ⁽³⁾ („sáttmálanum“) er friðhelgi mannegrar reisnar lýst yfir og kveðið á um að hún skuli virt og varin. Í 24. gr. sáttmálans er kveðið á um að börn eigi rétt á þeirri vernd og umönnun sem nauðsynleg er fyrir velferð þeirra og að í öllum aðgerðum, sem snerta börn, hvort sem opinber yfirvöld eða einkareknar stofnanir ráðast í þær, skal fyrst og fremst hafa það að leiðarljósi sem er barninu fyrir bestu.
- 2) Evrópusambandið skal miða pólitískar aðgerðir sínar að því að koma í veg fyrir hvers konar brot á meginreglunni um virðingu fyrir mannegrri reisn.

- 3) Nauðsynlegt er að samþykkja lögjafarráðstafanir á vettvangi Evrópusambandsins um verndun líkamlegs, andlegs og siðferðilegs þroska ólöggráða barna í tengslum við efni allrar hljóð- og myndmiðlunar-þjónustu og upplýsingaþjónustu og um verndun ólöggráða barna fyrir aðgangi að óviðeigandi dagskrárliðum eða þjónustu fyrir fullorðna.
- 4) Vegna stöðugrar þróunar á nýrri upplýsinga- og fjar-skiptatækni er nauðsynlegt að Bandalagið tryggji fulla og hentuga vernd hagsmuna borgara á þessu sviði, annars vegar með því að tryggja frjálsa dreifingu og frjálsa veitingu upplýsingaþjónustu og hins vegar með því að tryggja að innihaldið sé löglegt, virði meginregluna um mannegra reisn og skerði ekki þroska ólöggráða barna í heild.

- 5) Bandalagið hefur þegar gripið til aðgerða á sviði hljóð- og myndmiðlunar og upplýsingaþjónustu í því skyni að skapa nauðsynleg skilyrði til að tryggja frjálsar sjónvarpsútsendingar og frjálsa veitingu upplýsingaþjónustu, í samræmi við meginreglurnar um frjálsa samkeppni og tjáningar- og upplýsingafrelsi, en Bandalagið þarf að sýna meiri ákveðni á þessu sviði með það að markmiði að samþykkja ráðstafanir til að vernda neytendur gegn hvatningu til mismununar á grundvelli kynferðis, kynþáttar eða þjóðernis, trúarbragða eða skoðana, fötlunar, aldurs eða kynhneigðar og að berjast gegn allri slíkri mismunun. Slíkar aðgerðir ættu að koma á jafnvægi milli verndunar réttinda einstaklinga annars vegar og tjáningarfrelsis hins vegar, einkum að því er varðar ábyrgð aðildarríkja á því að skilgreina hugtakið um hvatningu til haturs eða mismununar í samræmi við landslöggiöf sína og siðferðileg gildi.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 378, 27.12.2006, bls. 72. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á XI. viðauka (Rafraen fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 43, 2.8.2012, bls. 42.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 221, 8.9.2005, bls. 87.

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 7. september 2005 (Stjtið. ESB C 193 E, 17.8.2008, bls. 217), sameiginleg afstaða ráðsins frá 21. september 2006 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og afstaða Evrópuþingsins frá 12. desember 2006 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

⁽³⁾ Stjtið. EB C 364, 18.12.2000, bls. 1.

- 6) Tilmæli ráðsins 98/560/EB frá 24. september 1998 um að bæta samkeppnishæfni evrópskrar hljóð- og myndmiðlunar og upplýsingaþjónustu með því að stuðla að því að settur verði innlendur rammi sem miðar að því að koma á sambærilegri og virkri verndun ólöggráða barna og mannlegrar reisnar⁽¹⁾ er fyrsti lagagerningurinn á vettvangi Bandalagsins þar sem í 5. forsendu er fjallað um málefni er varða verndun ólöggráða barna og mannlegrar reisnar í tengslum við hljóð- og myndmiðlun og upplýsingaþjónustu, sem almennig hefur aðgang að, burtséð frá því með hvaða hætti miðlunin fer fram. Í 22. gr. tilskipunar ráðsins 89/552/EBE frá 3. október 1989 um samræmingu tiltekinnna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur⁽²⁾ („tilskipun um sjónvarp án landamæra“) hefur þegar verið fjallað sérstaklega um verndun ólöggráða barna og mannlegrar reisnar í tengslum við sjónvarpsrekstur.
- 7) Mælt er með því að ráðið og framkvæmdastjórnin veiti framkvæmd þessara tilmæla sérstaka athygli í tengslum við endurskoðun, samningaviðræður eða við gerð nýrra samstarfssamninga eða nýrra samstarfsáætlana við þriðju lönd, með hnattrænt eðli framleiðenda, dreifingaradila eða veitenda hljóð- og myndefnis og netþjónustu í huga.
- 8) Með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 276/1999/EB⁽³⁾ samþykktu Evrópuþingið og ráðið að leggja fram aðgerðaáætlun til margra ára til að stuðla að öruggari notkun Netsins með því að berjast gegn ólöglegu og skaðlegu efni í hnattrænum netkerfum („aðgerðaáætlun um öruggari notkun Netsins“).
- 9) Með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1151/2003/EB⁽⁴⁾ var aðgerðaáætlunin um öruggari notkun Netsins lengd um tvö ár og gildissviði hennar breytt til að ná yfir ráðstafanir sem stuðla að upplýsingaskiptum og samvinnu milli viðkomandi aðila á landsvísi auk sérákvæða fyrir inngöngulöndin.
- 10) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum⁽⁵⁾ eru tiltekin lögfræðileg hugtök útskýrð og tilteknir þættir samhæðir í því skyni að gera þjónustu í upplýsingasamfélaginu kleift að njóta fulls ávinnings af meginreglunum um innri markaðinn. Nokkur ákvæði tilskipunar 2000/31/EB eiga einnig við um verndun ólöggráða barna og mannlegrar reisnar, einkum e-liður 1. mgr. 16. gr., en samkvæmt honum eiga aðildarríkin og framkvæmdastjórnin að hvetja til þess að samdar verði siðareglur um verndun ólöggráða barna og mannlegrar reisnar.
- 11) Breytingar á fjölmiðlaumhverfi vegna nýrrar tækni og nýjunga á sviði fjölmiðla gera það að verkum að nauðsynlegt er að kenna börnum og foreldrum, kennurum og leiðbeinendum að nota hljóð- og myndmiðlun og beinlínutengda upplýsingaþjónustu á skilvirkan hátt.
- 12) Á heildina litið hefur sjálfsefirlit innan hljóð- og myndmiðlunargeirans reynst árangursrík viðbótarráðstöfun en hún er ekki nægileg til að vernda ólöggráða börn fyrir skilaboðum með skaðlegt innihald. Þróun evrópsks hljóð- og myndmiðlunarsvæðis, sem byggt er á tjáningarfrelsi og virðingu fyrir réttindum borgaranna, skal byggjast á stöðugum skoðanaskiptum milli landsbundinna og evrópskra löggjafara, eftirlitsyfyrvalda, aðila vinnurmarkaðarins, samtaka, borgara og borgaralegs samfélags.
- 13) Við opinbera samráðið varðandi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/36/EB frá 30. júní 1997 um breytingu á tilskipun ráðsins 89/552/EBE um samræmingu tiltekinnna ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum um sjónvarpsrekstur⁽⁶⁾ var lagt til að þörfin á því að samþykkja ráðstafanir í tengslum við fjölmiðlalæsi verði tekin með í viðfangsefnum sem falla undir tilmæli 98/560/EB.
- 14) Framkvæmdastjórnin hvetur til samvinnu og miðlun reynslu og bestu starfsvenja milli núverandi aðila sem annast sjálfsefirlit og sameiginlegt eftirlit, sem meta og flokka hljóð- og myndmiðlunarefni óháð því hvornig það er afhent, með það í huga að gera öllum notendum, en þó einkum foreldrum, kennurum og leiðbeinendum, kleift að tilkynna ólöglegt innihald og meta hljóð- og myndmiðlunarefni og innihald beinlínutengdu upplýsingaþjónustunnar, ásamt öllu löglegu efni sem gæti skaðað líkamlegan, andlegan eða siðferðilegan þroska ólöggráða barna.
- 15) Eins og lagt var til í opinbera samráðinu varðandi tilskipun 97/36/EB þykir rétt að réttur til andsvara eða sambærileg úrræði gildi um Netmiðla og að tekið sé tillit til sérkenna miðilsins og þjónustunnar sem um er að ræða.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 270, 7.10.1998, bls. 48.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 298, 17.10.1989, bls. 23. Tilskipunin eins og henni var breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/36/EB (Stjtið. EB L 202, 30.7.1997, bls. 60).

⁽³⁾ Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 276/1999/EB frá 25. janúar 1999 um að leggja fram EB-aðgerðaáætlun til margra ára til að stuðla að öruggari notkun Netsins með því að berjast gegn ólöglegu og skaðlegu efni í hnattrænum netkerfum (Stjtið. EB L 33, 6.2.1999, bls. 1). Ákvörðunin eins og henni var síðast breytt með ákvörðun nr. 787/2004/EB (Stjtið. ESB L 138, 30.4.2004, bls. 12).

⁽⁴⁾ Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1151/2003/EB frá 16. júní 2003 um breytingu á ákvörðun nr. 276/1999/EB um að leggja fram EB-aðgerðaáætlun til margra ára til að stuðla að öruggari notkun Netsins með því að berjast gegn ólöglegu og skaðlegu efni í hnattrænum netkerfum (Stjtið. ESB L 162, 1.7.2003, bls. 1).

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 178, 17.7.2000, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 202, 30.7.1997, bls. 60.

- 16) Í ályktun ráðsins frá 5. október 1995 um þá mynd sem er dregin upp af konum og körlum í auglýsingum og fjölmiðlum⁽¹⁾ eru aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hvött til þess að gera fullnægjandi ráðstafanir til að setja fram fjölbreytta og raunhæfa mynd af hæfileikum og möguleikum kvenna og karla í samfélaginu.
- 17) Þegar framkvæmdastjórnin lagði fram tillögu sína að tilskipun ráðsins um beitingu meginreglunnar um jafna meðferð kvenna og karla að því er varðar aðgang að og afhendingu á vörum og þjónustu benti hún á að ímynd kynjanna í fjölmiðlum og auglýsingum vekji upp mikilvægar spurningar um verndun á virðingu karla og kvenna en komst að þeirri niðurstöðu að í ljósi annarra grundvallarréttinda, þ.m.t. frelsi og fjölhyggja fjölmiðla, væri ekki rétt að fjalla um þessar spurningar í þeirri tillögu en að hún ætti að fara yfir þessar spurningar.
- 18) Hvetja skal hljóð- og myndmiðlunariðnaðinn og beinlínutengda upplýsingaþjónustugeirann í aðildarríkjunum til að forðast og berjast gegn hvers konar mismunun á grundvelli kynferðis, kynþáttar eða þjóðernis, trúarbragða eða skoðana, fötlunar, aldurs eða kynhneigðar í slíkum miðlum og öllum auglýsingum, þ.m.t. með nýrri auglýsingatækni, án þess að brjóta gegn tjáningar- eða prentfrelsi.
- 19) Þessi tilmæli taka til nýrrar tækniþróunar og eru til viðbótar við tilmæli 98/560/EB. Vegna tæknilegra framfara tekur gildissvið þeirra til hljóð- og myndmiðlunar og beinlínutengdrar upplýsingaþjónustu, sem gerðar eru tiltækar almenningi um fóst eða færanleg rafræn net.
- 20) Ekkert í þessum tilmælum kemur í veg fyrir að aðildarríkin beiti eigin stjórnarskrárákvæðum og annarri löggjöf eða eigin réttarvenjum í tengslum við tjáningarfrelsi,

LAGT TIL:

- I. að aðildarríkin geri nauðsynlegar ráðstafanir í því skyni að stuðla að þróun hljóð- og myndmiðlunariðnaðarins og beinlínutengda upplýsingaþjónustugeirans til að tryggja verndun ólöggráða barna og mannglegrar reisnar í allri hljóð- og myndmiðlunarþjónustu og allri beinlínutengdri upplýsingaþjónustu með því:
- að íhuga að innleiða í landslög eða venjur ráðstafanir varðandi rétt til andsvara, eða sambærileg úrræði, að því er varðar Netmiðla, að teknu tilhlýðilegu tilliti til innlendra lagaákvæða eða ákvæða stjórnskipunarлага án þess að það hafi áhrif á möguleikann á því að aðlaga með hvaða hætti þessum lögum er beitt þannig að tekið sé tillit til sérkenna hvers miðils,
 - að stuðla að, með það í huga að koma tækninýjungum í framkvæmd, til viðbótar við og í samræmi við gildandi lög og aðrar ráðstafanir varðandi útvarps- og sjónvarpsútsendingar og í náinni samvinnu við hlutaðeigandi aðila:
 - aðgerðum sem gera ólöggráða börnum kleift að nota hljóð- og myndmiðlunarþjónustu og beinlínutengda upplýsingaþjónustu á ábyrgan hátt, sér í lagi með því að gera foreldra, kennara og leiðbeinenda betur meðvitaða um möguleika þessarar nýju þjónustu og með hvaða hætti hægt er að gera hana örugga fyrir ólöggráða börn, einkum með fjölmiðlalæsi eða fræðslu um fjölmiðla og t.d. með símenntun innan skólamenntunar,
 - eftir því sem við á og nauðsynlegt þykir, aðgerðum sem auðvelda að bera kennsl á og fá aðgang að gæðaeftirlit og -þjónustu fyrir ólöggráða börn, þ.m.t. með því að útvega aðgangsmöguleika í skólaflokkunum og á opinberum stöðum,
 - aðgerðum sem upplýsa borgarana betur um þá möguleika sem Netíð býður upp á;
- dæmi um hugsanlegar aðgerðir varðandi fjölmiðlalæsi eru tilgreind í II. viðauka,
- að gera fagmenn, milliliði og notendur nýrra samskiptamiðla, eins og Netsins, meðvitaða um ábyrgð sína með því:
 - að hvetja hljóð- og myndmiðlunariðnaðinn og beinlínutengda upplýsingaþjónustugeirann, án þess að brjóta gegn tjáningar- eða prentfrelsi, til að forðast mismunun á grundvelli kynferðis, kynþáttar eða þjóðernis, trúarbragða eða skoðunar, fötlunar, aldurs eða kynhneigðar í öllum hljóð- og myndmiðlum og allri beinlínutengdri upplýsingaþjónustu og að berjast gegn allri slíki mismunun,
 - að hvetja til árvekni og að tilkynna síður sem teljast ólöglegar, með fyrirvara um tilskipun 2000/31/EB,
 - að semja síðareglur í samvinnu við fagmenn og eftirlitsyfirvöld í hverju landi fyrir sig og í Bandalaginu,
 - að stuðla að ráðstöfunum til að berjast gegn öllu ólöglegu athæfi á Netinu sem er skaðlegt ólöggráða börnum og gera Netíð að öruggari miðli, m.a. má huga að eftirfarandi ráðstöfunum:
 - samþykkt gæðamerkingar fyrir þjónustuveitendur þannig að notendur geti hæglega kynnt sér hvort ákveðinn veitandi gengst undir síðareglur eður ei,
 - koma á viðeigandi aðferðum til að tilkynna ólöglegt eða grunsamlegt athæfi á Netinu.

⁽¹⁾ Stjóð. EB C 296, 10.11.1995, bls. 15.

II. að hljóð- og myndmiðlunariðnaðurinn og beinlínutengdi upplýsingaþjónustugeirinn sem og aðrir hlutaðeigandi aðilar:

1. þrói uppbyggilegar ráðstafanir til hagsbóta fyrir ólöggráða börn, þar á meðal framtaksverkefni til að auðvelda aðgengi þeirra að hljóð- og myndmiðlum og beinlínutengdri upplýsingaþjónustu samhliða því sem sneitt er hjá hugsanlega skaðlegu efni, t.d. með síunarkerfum. Slíkar ráðstafanir geta falið í sér samræmingu með samvinnu á milli aðila sem annast eftirlit, sjálfseftirlit og sameiginlegt eftirlit í aðildarríkjunum og með miðlun bestu starfsvenja varðandi málefni eins og kerfi með sameiginlegum lýsandi táknum eða viðvörunarboðum sem gefa aldursflokk til kynna og/eda þá þætti efnisins sem eru tilefni þess að aldurstakmörk eru sett, sem myndi auðvelda notendum að meta hljóð- og myndmiðlunarefni og innihald beinlínutengdrar upplýsingaþjónustu. Þetta væri t.d. hægt að gera með aðgerðunum sem tilgreindar eru í III. viðauka,
2. kanni möguleikann á því að búa til síur sem myndu hindra að upplýsingar, sem stríða gegn mannlegri reisn, sé dreift um Netið,
3. þrói ráðstafanir til að auka notkun á innihaldsmerkingum fyrir efni sem dreift er á Netinu,
4. ihugi skilvirkar leiðir til að forðast og berjast gegn mismunun á grundvelli kynferðis, kynþáttar eða þjóðernis, trúarbragða eða skoðana, fötlunar, aldurs eða kynhneigðar í hljóð- og myndmiðlum og beinlínutengdri upplýsingaþjónustu og stuðla að fjölbreyttri og raunhæfri mynd af hæfileikum og möguleikum karla og kvenna í samfélaginu.

TEKIÐ MIÐ AF ÞVÍ AÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNIN:

1. hyggst, í tengslum við áætlun Bandalagsins til margra ára til að stuðla að öruggari notkun Netsins og nýrrar nettækni (2005-2008), standa að upplýsingaherferðum sem beint er að borgurum í allri Evrópu, þar sem allir samskiptamiðlar eru nýttir, til að upplýsa almenning um kosti og hugsanlegar áhættur sem tengjast Netinu, hvernig eigi að nota það á ábyrgan og öruggan hátt, hvernig eigi að leggja fram kvartanir og hvernig eigi að virkja foreldraeftirlit;

sérstökum herferðum mætti beina að markhópum, eins og skólum, foreldrafélögum og notendum,

2. hyggst kanna möguleikann á því að taka upp evrópskt frínúmer eða útvíkka fyrirleggjandi þjónustu til að aðstoða netnotendur með því að beina þeim til tiltækrar kvörtunarþjónustu og upplýsingatilfanga og veita foreldrum upplýsingar um skilvirkni síunarhugbúnaðar,
3. hyggst kanna möguleika á því að styðja innleiðingu á almennu heiti undirléns sem yrði frátekið fyrir vöktuð vefsetur sem skuldbinda sig til að virða ólöggráða börn og réttindi þeirra, t.d. .KID.eu,
4. heldur áfram að viðhalda uppbyggilegum og stöðugum skoðanaskiptum við samtök efnisveitenda, neytendasamtök og alla hlutaðeigandi aðila,
5. hyggst greiða fyrir og styðja við að sjálfseftirlitsstofnanir myndi saman net og að þær miðli reynslu sín á milli til að meta skilvirkni síðareglna og aðferða, sem byggjast á sjálfseftirliti, til að tryggja að hæstu kröfum um vernd ólöggráða barna sé fylgt,
6. hyggst leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið, á grundvelli upplýsinga frá aðildarríkjunum, skýrslu um framkvæmd og skilvirkni ráðstafananna sem tilgreindar eru í þessum tilmælum og endurskoða þessi tilmæli þegar og ef þörf verður á.

Gjört í Brussel 20. desember 2006

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. Borrell Fontelles

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

J. Korkeoja

forseti.

*I. VIÐAUKI***LEIÐBEINANDI VIÐMIÐUNARREGLUR UM FRAMKVÆMD, Á LANDSVÍSU, RÁÐSTAFANA Í LANDSLÖGUM EÐA VENJUM TIL AÐ TRYGGJA RÉTTINN TIL ANDSVARA EÐA SAMBÆRILEG ÚRRÆÐI AÐ ÞVI ER VARÐAR NETMIÐLA**

Markmið: að taka upp ráðstafanir í landslög eða venjur aðildarríkja til þess að tryggja réttinn til andsvara eða sambærilegra úrræða í tengslum við Netmiðla, að teknu tilhlýðilegu tilliti til innlendra ákvæða og stjórnarskrárákvæða án þess að það hafi áhrif á möguleikann á að laga nýtingu þessa réttar að sérkennum hvers miðils.

Hugtakið „miðill“ vísar hér til allra samskiptamiðla sem notaðir eru til að veita almenningi ritstýrðar upplýsingar í gegnum Netið, t.d. dagblöð, tímarit, útvarp, sjónvarp og fréttapjónusta sem notuð er gegnum Netið.

Hver einstaklingur eða lögaðili skal hafa rétt til andsvara eða sambærilegra úrræða, án tillits til þjóðernis, hafi lögmætir hagsmunir hans, einkum, en ekki eingöngu, orðspor og mannorð beðið hnekki vegna staðhæfingar í útgefnu efni eða útsendingu, með fyrirvara um önnur ákvæði sem samþykkt hafa verið af aðildarríkjunum samkvæmt einkamála-, stjórnsýslu- eða refsirétti. Aðildarríkin skulu sjá til þess að ekki sé hindrað með ósanngjörnum reglum eða skilyrðum að aðilar neyti í raun réttarins til andsvara eða sambærilegra úrræða.

Réttur til andsvara eða sambærileg úrræði skulu vera til staðar að því er varðar Netmiðla sem lögsaga aðildarríkis nær til.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir til að koma á rétti til andsvara eða sambærilegum úrræðum og skulu ákveða málsmeðferð sem fylgja skal við nýtingu þess. Einkum skulu þau tryggja að gefinn sé nægilegur frestur og að málsmeðferðin sé slík að réttinum eða hinum sambærilegu úrræðum megi beita á viðeigandi hátt af hálfu einstaklinga eða lögaðila sem búsettir eru eða hafa staðfestu í öðrum aðildarríkjum.

Ekki er aðeins hægt að tryggja réttinn til andsvara með löggjöf heldur einnig með sameiginlegu eftirliti eða sjálfseftirliti.

Rétturinn til andsvara er sérstaklega viðeigandi úrræði að því er varðar Netumhverfið þar sem hann gerir kleift að bregðast án tafar við upplýsingum sem ágreiningur ríkir um og það er tæknilega auðvelt að tengja andsvörin við þá einstaklinga sem málið varðar. Andsvörin skulu þó send út innan hæfilegs tíma frá því að rök eru færð fyrir beiðninni og á þeim tíma og með þeim hætti sem hæfir þeirri birtingu eða útsendingu sem beiðnin tekur til.

Kveða skal á um málsmeðferð þar sem deilur um nýtingu réttar til andsvara eða sambærilegra úrræða geta verið háðar endurskoðun dómstólsins eða sambærilegra aðila.

Tilmæli um að fá að nýta réttinn til andsvara eða sambærileg úrræði má hafna ef umsækjandinn hefur ekki lögmæta hagsmuni af birtingu slíks andsvars eða ef andsvarið hefði í för með sér refsivert athæfi, ef það gerði efnisveitanda ábyrgan eða hefði í för með sér málssókn að einkamálarétti á hendur honum eða bryti í bága við viðurkennt almennt siðgæði.

Rétturinn til andsvara er með fyrirvara um önnur úrræði sem tiltæk eru þeim einstaklingum sem fjölmiðlar hafa brotið gegn að því er varðar rétt til reisnar, heiðurs, orðstírs eða einkalífs.

II. VIÐAUKI

Dæmi um hugsanlegar aðgerðir varðandi fjölmiðlalæsi:

- a) símenntun kennara og leiðbeinenda, í samráði við barnaverndarsamtök, um notkun Netsins í samhengi við skólamenntun til að viðhalda vitund um hugsanlegar áhættur sem tengjast Netinu, einkum í tengslum við spjallrásir og umræðuvettvang,
- b) sérstök þjálfun í Netnotkun fyrir börn frá unga aldri, þ.m.t. kennsla opin foreldrum,
- c) samþætt kennsluáðferð sem myndar hluta af námsskrám skóla og áætlunum um fjölmiðlalæsi til að veita upplýsingar um ábyrga Netnotkun,
- d) landsbundnar herferðir sem beint er að borgurunum, þar sem allir samskiptamiðlar eru nýttir, til að veita upplýsingar um ábyrga Netnotkun,
- e) dreifing upplýsingapakka um hugsanlegar áhættur sem tengjast Netinu („vafrað á öruggan hátt um Netið“, „síun á óumbeðnum skilaboðum“) og koma á ábendingalínunum þar sem hægt er taka á tilkynningum eða kvörtunum varðandi skaðlegt eða ólöglegt efni,
- f) fullnægjandi ráðstafanir til að koma á ábendingalínunum eða bæta árangur þeirra þannig að auðveldara sé að leggja fram kvartanir og gera kleift að tilkynna skaðlegt eða ólöglegt efni.

III. VIÐAUKI

Dæmi um hugsanlegar aðgerðir sem iðnaðurinn og hlutaðeigandi aðilar geta gripið til í þágu ólögráða barna:

- a) útvegað notendum kerfisbundið skilvirkt, uppfæranlegt og auðnotað síunarkerfi þegar þeir gerast áskrifendur að aðgangsvéitu,
 - b) boðið aðgang að þjónustu, sem sérstaklega er ætluð börnum, sem er búin sjálfvirkum síunarkerfum sem er starfrækt af aðgangsvéitu og rekstraraðilum farsímakerfa,
 - c) innleitt hvata um að uppfæra reglulega lýsinguna á vefsetrunum sem eru í boði sem auðveldar flokkun vefsetra og mat á efni þeirra,
 - d) sett auglýsingaborða á leitarvélar sem draga athyglina bæði að tiltækum upplýsingum um ábyrga Netnotkun og um ábendingalínur.
-

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 1099/2009

2012/EES/59/24

frá 24. september 2009

um vernd dýra við aflifun (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 37. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar.

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽²⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með tilskipun ráðsins 93/119/EB frá 22. desember 1993 um vernd dýra við slátrun eða dráp ⁽³⁾ voru settar sameiginlegar lágmarksreglur um vernd dýra við slátrun eða aflifun í Bandalaginu. Þeirri tilskipun hefur ekki verið breytt í veigamiklum atriðum síðan hún var samþykkt.
- 2) Aflifun dýra getur valdið þeim sársauka, nauð, ótta eða annars konar þjáningu, jafnvel við bestu tæknileg skilyrði sem völ er á. Tilteknar aðgerðir tengdar aflifun geta valdið dýrunum andlegu álagi og allar deyfingaraðferðir hafa í för með sér ákveðna ókosti. Rekstraraðilar eða sérhver aðili sem kemur að aflifun dýra skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir sársauka og lágmarka nauð og þjáningu dýra við slátrunar- eða aflifunarferlið,

að teknu tilliti til bestu starfsvenja á þessu sviði og aðferða sem heimilaðar eru samkvæmt þessari reglugerð. Því skal líta svo á að unnt sé að koma í veg fyrir sársauka, nauð eða þjáningu ef rekstraraðilar eða aðrir aðilar, sem koma að aflifun dýra, brjóta gegn einhverri af kröfunum í þessari reglugerð eða beita heimiludum aðferðum án þess að taka til athugunar hvort þær endurspegli nýjustu vísindapekkingu og valda dýrunum þar með, af gáleysi eða ásetningi, sársauka, nauð eða þjáningu.

- 3) Frá árinu 1974 hefur vernd dýra við slátrun eða aflifun fallið undir lög Bandalagsins og var styrkt umtalsvert með tilskipun 93/119/EB. Þó hefur orðið vart við verulegt misræmi milli aðildarríkjanna við framkvæmd þeirrar tilskipunar og bent hefur verið á alvarleg athugunarefni varðandi velferð dýra og mismun sem getur haft áhrif á samkeppnishæfni meðal rekstraraðila.

- 4) Velferð dýra er gildi Bandalagsins sem er bundið í bókun (nr. 33) um vernd og velferð dýra sem fylgir með í viðauka við stofnsáttmála Evrópubandalagsins (hér á eftir nefnd „bókun (nr. 33)“). Vernd dýra við slátrun eða aflifun varðar allan almenning og hefur áhrif á viðhorf neytenda gagnvart landbúnaðarafurðum. Þar að auki stuðlar bætt vernd dýra við slátrun að meiri kjötgæðum og hefur óbeint jákvæð áhrif á vinnuvernd í sláturhúsum.
- 5) Landslög, sem varða vernd dýra við slátrun eða aflifun, hafa áhrif á samkeppni og þar með einnig á virkni innri markaðar með afurðir úr dýraríkinu sem er að finna í I. viðauka við stofnsáttmála Evrópubandalagsins. Nauðsynlegt er að setja sameiginlegar reglur til að tryggja skynsamlega þróun innri markaðar fyrir þessar afurðir.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 303, 18.11.2009, bls. 1. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/2012 frá 30. apríl 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 50, 13.9.2012, bls. 4.

⁽¹⁾ Álit frá 6. maí 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

⁽²⁾ Álit frá 25. febrúar 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

⁽³⁾ Stjtið. EB L 340, 31.12.1993, bls. 21.

- 6) Matvælaöryggisstofnun Evrópu, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla⁽¹⁾ hefur samþykkt tvö álit um velferðarþætti algengustu aðferða við deyfingu og aflifun tiltekinna dýrategunda, þ.e.a.s. um velferðarþætti algengustu aðferða sem beitt er við deyfingu og aflifun helstu nytjategunda dýra árið 2004 (on the welfare aspects of the main systems of stunning and killing the main commercial species of animals, in 2004) og um velferðarþætti algengustu aðferða sem beitt er við deyfingu og aflifun hjartardýra, geita, kanína, strúta, anda, gæsa og kornhæna, sem haldin eru í atvinnuskyni, árið 2006 (on the welfare aspects of the main systems of stunning and killing applied to commercially farmed deer, goats, rabbits, ostriches, ducks, geese and quail, in 2006). Lög Bandalagsins á þessu sviði skulu uppfærð til að taka tillit til þessara vísindalegu álita. Tilmæli um að hverfa í áföngum frá notkun koltvísýrings við aflifun svína og notkun vatnsbaða við deyfingu alifugla eru ekki í þessari reglugerð þar eð áhrifamatið leiddi í ljós að slík tilmæli væru ekki fjárhagslega hagkvæm í Evrópusambandinu á þessu stigi. Það er þó mikilvægt að þessari umræðu verði haldið áfram í framtíðinni. Í því skyni skal framkvæmdastjórnin gera skýrslu um hinar ýmsu aðferðir við deyfingu alifugla, einkum að því er varðar deyfingu þeirra í hópum í vatnsböðum, og leggja hana fyrir Evrópuþingið og ráðið. Önnur tilmæli skulu ennfremur falla utan þessarar reglugerðar þar eð þau varða tæknilega mæliþætti sem skulu vera hluti af framkvæmdarráðstöfunum eða viðmiðunarreglum Bandalagsins. Tilmæli varðandi eldisfisk eru ekki í þessari reglugerð því þörf er á frekara vísindalegu álitum og efnahagslegu mati á þessu sviði.
- 7) Árið 2007 samþykkti Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin heilbrigðisreglur um landdýr, sem fela í sér leiðbeiningar um slátrun dýra og um aflifun dýra vegna sjúkdómsvarna. Í þessum alþjóðlegu viðmiðunarreglum er að finna tilmæli varðandi meðhöndlun, skorðun, deyfingu og blóðtæmingu dýra í slátruhúsum og aflifun dýra þegar smitsjúkdómar koma upp. Því skal einnig taka tillit til þessara alþjóðlegra krafna í þessari reglugerð.
- 8) Frá því að tilskipun 93/119/EB var samþykkt hefur löggjöf Bandalagsins um öryggi matvæla, sem gildir fyrir slátruhús, verið breytt á veigamikinn hátt með samþykkt reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli⁽²⁾ og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu⁽³⁾. Í þessum reglugerðum er lögð áhersla á ábyrgð stjórnenda matvælafyrirtækja til að tryggja öryggi matvæla. Slátruhús falla einnig undir málsmeðferð um fyrirframsamþykki þar sem lögbæra yfirvaldið skoðar byggingu, skipulag og búnað til að tryggja að þau séu í samræmi við samsvarandi tæknireglur um öryggi matvæla. Athugunarefni er varða velferð dýra skulu samþætt betur í slátruhúsum, byggingu þeirra og skipulagi svo og í þeim búnaði sem þar er notaður.
- 9) Opinbert eftirlit með fæðukeðjunni hefur einnig verið endurskipulagt með samþykkt reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um föður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt⁽⁴⁾ og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til mannelis⁽⁵⁾.
- 10) Þau skilyrði sem eru til staðar við aflifun dýra sem notuð eru í landbúnaði hafa bein eða óbein áhrif á markaðinn fyrir matvæli, föður eða aðrar afurðir og á samkeppnishæfni viðkomandi rekstraraðila. Af þeim sökum skulu slíkar aflifunaraðgerðir falla undir lög Bandalagsins. Húsdýr á borð við hesta, asna, nautgrip, sauðfé, geitur eða svín, sem haldin eru á hefðbundinn hátt, er þó einnig hægt að halda í öðrum tilgangi, t.d. sem gæludýr, sýningadýr, vinnudýr eða til íþróttaiðkunar. Þegar aflifun dýra af slíkum tegundum leiðir af sér framleiðslu á matvælum eða öðrum afurðum skulu þessar aðgerðir falla undir gildissvið þessarar reglugerðar. Aflifun villtra dýra eða flækingsdýra í þeim tilgangi að fækka í stofninum skal því ekki falla undir gildissvið þessarar reglugerðar.
- 11) Lífeðlisfræðileg einkenni fiska og landdýra eru afar ólík og slátrun og aflifun eldisfisks fer fram við allt öðruvísi aðstæður, einkum að því er varðar skoðunarferlið. Rannsóknir á deyfingu fisks eru ennfremur mun skemur á veg komnar en að því er varðar aðrar aldar dýrategundir. Koma skal á aðskildum kröfum varðandi vernd fiska við aflifun. Ákvæði sem gilda um fiska skulu því, eins og sakir standa, takmarkast við mikilvægar meginreglur. Frekari aðgerðir Bandalagsins skulu byggðar á vísindalegu áhættumati Matvælaöryggisstofnunar Evrópu á slátrun og aflifun fisks, þar sem tekið er tillit til félagslegra, efnahagslegra og stjórnsýslulegra áhrifa.

(1) Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.

(2) Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1.

(3) Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.

(4) Stjtið. ESB L 191, 28.5.2004, bls. 1.

(5) Stjtið. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 83.

- 12) Það er siðferðileg skylda að aflífa dýr í framleiðslu, sem eru sárkvalin, ef engin fjárhagslega hagkvæm aðferð er fyrir hendi til að lina slíkar kvalir. Í flestum tilvikum er hægt að aflífa dýr við viðeigandi velferðarskilyrði. Við sérstakar aðstæður, t.d. þegar slys verða á afskekktum stöðum þar sem hæft starfsfólk og viðeigandi búnaður kemst ekki til dýranna, gæti þó fylgni við bestu velferðarreglur framlengt þjáningu þeirra. Með velferð dýranna í huga er því rétt að tiltekin ákvæði þessarar reglugerðar skuli ekki gilda um neyðaraflifun (*emergency killing*).
- 13) Dýr geta stundum verið hættuleg mönnum og mögulega stofnað mannlífum í hættu, valdið alvarlegum meiðslum eða borið með sér lífshættulega sjúkdóma. Alla jafna er komið í veg fyrir þessa áhættu með því að skorða dýrin á réttan hátt en einnig kann að vera nauðsynlegt að aflífa hættuleg dýr til að binda enda á slíka áhættu við tilteknar aðstæður. Við slíkar aðstæður er ekki alltaf hægt að framkvæma aflifun við bestu mögulegu velferðarskilyrði vegna neyðarástandsins. Því er nauðsynlegt að veita undanþágu frá þeirri skyldu að deyfja dýr eða aflífa þau tafarlaust í slíkum tilvikum.
- 14) Dýraveiðar eða frístundafiskveiðar fara fram við kringumstæður þar sem skilyrði til aflifunar eru afar ólík þeim sem beitt er þegar um er að ræða alidýr og sérstök löggjöf gildir um dýraveiðar. Því er rétt að aflifun, sem fer fram við dýraveiðar eða frístundafiskveiðar, falli ekki undir gildissvið þessarar reglugerðar.
- 15) Í bókun nr. (33) er lögð áhersla á nauðsyn þess að virða lög eða stjórnsýsluákvæðanir og siðvenjur aðildarríkjanna, einkum í tengslum við trúarlega siði, menningarhefðir og menningararfleifð svæða, við mótun og framkvæmd stefnu Bandalagsins, m.a. að því er varðar landbúnað og innri markað. Því er rétt að menningarviðburðir, þar sem fylgni við kröfur um velferð dýra myndi hafa neikvæð áhrif á viðkomandi viðburð sem slíkan, falli ekki undir gildissvið þessarar reglugerðar.
- 16) Auk þess vísa menningarhefðir til rótgróins eða venjubundins hugsanamynsturs, aðgerðar eða hegðunar sem gengið hefur í arf og felur í raun í sér hugmyndina um eitthvað sem sótt hefur verið til forvera eða forveri hefur látið í té. Þær stuðla að því að styrkja forn félagsleg tengsl milli kynslóða. Að því tilskildu að slíkar aðgerðir hafi ekki áhrif á markaðinn fyrir afurðir úr dýraríkinu og að tilgangur þeirra sé ekki að framleiða afurðir er rétt að aflifun dýra, sem fer fram við slíka viðburði, falli ekki undir gildissvið þessarar reglugerðar.
- 17) Slátrun alifugla, kanína og héra til einkaneyslu fer ekki fram á mælikvarða sem líklegt er að muni hafa áhrif á samkeppnishæfni slátruhúsa sem rekin eru í atvinnuskyni. Þær aðgerðir, sem væru nauðsynlegar af hálfu opinberra yfirvalda til að finna og hafa eftirlit með slíkri starfsemi, yrðu ekki hóflegar með tilliti til þess vanda sem mögulega þyrfti að leysa. Því er rétt að slík starfsemi falli ekki undir gildissvið þessarar reglugerðar.
- 18) Undanþága frá deyfingu þegar um er að ræða slátrun samkvæmt trúarlegum helgisiðum, sem fer fram í slátruhúsi, var veitt með tilskipun 93/119/EB. Þar eð ákvæði Bandalagsins, sem gilda um slátrun samkvæmt trúarlegum helgisiðum, hafa verið lögleidd á ólíkan hátt eftir landsbundnu sambengi og með hliðsjón af því að í landsbundnum reglum er tekið tillit til þátta sem ganga lengra en tilgangur þessarar reglugerðar er mikilvægt að undanþágan frá deyfingu dýra, áður en þeim er slátrað, gildi áfram en þó skal hverju aðildarríki eftirlátið ákveðið dreiffræði. Í þessari reglugerð er því trúfrelsi og réttur fólks til að rækja trú sína eða sannfæringu með guðsþjónustu, boðun, breytni og helgihaldi virtur eins og bundið er í 10. gr. sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.
- 19) Nægileg vísindabekking liggur fyrir til að sýna fram á að hryggdýr séu skyni gæddar verur og skuli því falla undir gildissvið þessarar reglugerðar. Hins vegar er ekki algengt að ala skriðdýr og froskdýr í Bandalaginu og því er hvorki viðeigandi né hóflegt að þau falli undir gildissvið hennar.
- 20) Margar aflifunaraðferðir valda dýrum sársauka. Því er nauðsynlegt að deyfja dýrin þannig að þau missi meðvitund og finni ekki til, áður en eða um leið og aflifun fer fram. Það er flókið að mæla meðvitundarleysi og sársaukaskyn hjá dýri og slíkt þarf að fara fram samkvæmt vísindalega samþykktri aðferðafræði. Vöktun með álestrartæki skal þó fara fram til að meta skilvirkni aðferðarinnar við raunhæfar aðstæður.
- 21) Vöktun á skilvirkni deyfingar byggir aðallega á mati á meðvitund og sársaukaskyni dýranna. Meðvitund dýrs er fyrst og fremst geta þess til að finna til og stjórna hreyfingum sínum. Þó svo að vissar undantekningar séu til staðar, t.d. lömum með rafmagni eða á annan hátt, má gera ráð fyrir að dýr sé meðvitundarlaust þegar það getur ekki staðið upprétt á eðlilegan hátt, er ekki vakandi og sýnir ekki merki um jákvæðar eða neikvæðar tilfinningar s.s. ótta eða streitu. Sársaukaskyn dýrs er fyrst og fremst geta þess til að finna sársauka. Almennt séð má gera ráð fyrir að dýr finni ekki sársauka þegar það sýnir enga svörun eða viðbrögð við áreiti á borð við hljóð, lykt, ljós eða líkamlega snertingu.

- 22) Nýjar deyfingaraðferðir eru þróaðar reglulega og lagðar fram á markaðinum til að bregðast við nýjum viðfangsefnum í landbúnaði og kjötiðnaði. Því er mikilvægt að heimila framkvæmdastjórninni að samþykka nýjar deyfingaraðferðir og viðhalda um leið samræmdu og öflugum verndarstigi fyrir dýr.
- 23) Viðmiðunarreglur Bandalagsins eru gagnlegar til að veita rekstraraðilum og lögbærum yfirvöldum nákvæmar upplýsingar um þá mæliþætti sem nota skal til að tryggja öflugt verndarstig fyrir dýr og viðhalda um leið jöfnum samkeppnisskilyrðum fyrir rekstraraðila. Því er nauðsynlegt að heimila framkvæmdastjórninni að taka saman slíkar viðmiðunarreglur.
- 24) Sumar deyfingaraðferðir geta leitt til dauða á sársaukalausán hátt og valda dýrunum sem minnsti nauð eða þjáningu, háð því hvernig þeim er beitt við slátrunar- eða aflífunarferlið. Aðrar deyfingaraðferðir leiða ekki endilega til dauða og dýrin kunna að komast aftur til meðvitundar eða finna sársauka við sársaukafullar aðgerðir sem síðar fara fram. Því skulu aðrar aðferðir, sem valda öruggum dauða áður en dýrin komast aftur til meðvitundar, koma til fyllingar slíkum aðferðum. Því er nauðsynlegt að tilgreina hvaða deyfingaraðferðum þurfi að fylgja eftir með aflífunaraðferð.
- 25) Þau skilyrði sem dýr eru deyfð við og árangur slíkrar deyfingar eru í raun breytileg af margvíslegum ástæðum. Því skal framkvæma reglulegt mat á árangri deyfingar. Í því skyni skulu rekstraraðilar koma á dæmigerðu úrtaki til að hafa eftirlit með skilvirkni deyfingaraðferða sinna með tilliti til þess hversu einsleitur dýrahópurinn er og annarra mikilvægra þátta, s.s. búnaðarins sem er notaður og starfsfólksins sem á í hlut.
- 26) Sumar deyfingaraðferðir kunna að reynast nægilega áreiðanlegar til að aflífa dýrin varanlega við allar kringumstæður ef tilteknum lykilmæliþáttum er beitt. Í slíkum tilvikum væri hvorki nauðsynlegt né hóflegt að hafa eftirlit með deyfingunni. Því er rétt að kveða á um möguleikann á því að veita undanþágur frá þeirri skyldu að hafa eftirlit með deyfingu þegar nægileg vísindagögn liggja fyrir til stuðnings því að tiltekin deyfingaraðferð hafi í för með sér endanlegan dauða allra dýra við tiltekna, viðskiptalegar kringumstæður.
- 27) Velferð dýra ræðst að miklu leyti af daglegum rekstri og áreiðanlegar niðurstöður fást aðeins ef rekstraraðilar þróa vöktunartæki til að leggja mat á árangurinn af rekstrinum. Því skal þróa staðlaðar verklagsreglur á öllum stigum framleiðsluferlisins og skulu þær vera áhættutengdar. Þær skulu fela í sér skýr markmið, ábyrgðaraðila, aðferðir og mælanleg viðmið auk vöktunar- og skráningarferla. Lykilmæliþættir, sem settir eru fram fyrir hverja deyfingaraðferð, skulu tilgreindir þannig að öll dýr sem gangast undir ferlið séu deyfð á viðeigandi hátt.
- 28) Vel þjálfað og hæft starfsfólk bætir þau skilyrði sem dýr eru meðhöndluð við. Hæfni, að því er varðar velferð dýra, bendir til þekkingar á helstu atferlismynstrum og þörfum viðkomandi dýrategundar og einnig á atriðum sem eru til marks um meðvitund og sársaukaskyn. Slík hæfni felur einnig í sér tæknilega sérþekkingu á deyfingarbúnaðinum sem er notaður. Starfsfólki, sem framkvæmir tiltekna slátrunaraðgerðir, og fólki, sem hefur umsjón með árstíðabundinni aflífun loðdýra, skal því skylt að hafa hæfisskírteini sem gildir um þær aðgerðir sem þau framkvæma. Hins vegar væri óhóflegt, með tilliti til þeirra markmiða sem stefnt er að, að gera kröfu um að annað starfsfólk sem aflífar dýr skuli hafa hæfisskírteini.
- 29) Ætla má að starfsfólk, sem býr yfir nokkurra ára reynslu, búi einnig yfir tiltekinni sérþekkingu. Því skal kveða á um umbreytingarákvæði í þessari reglugerð að því er varðar kröfur um hæfisskírteini þegar slíkt starfsfólk á í hlut.
- 30) Deyfingarbúnaður er þróaður og hannaður þannig að hann sé skilvirkur í tilteknu samhengi. Framleiðendur skulu því láta notendum í té ítarleg fyrirmæli um þau skilyrði sem gilda um notkun og viðhald búnaðarins til að tryggja velferð dýranna eins og best verður á kosið.
- 31) Deyfingar- og skorðunarbúnaði skal viðhalda á tilhlýðilegan hátt til að tryggja skilvirkni. Það kann að reynast nauðsynlegt að skipta um tiltekna hluta búnaðar, sem er mikið notaður, og skilvirkni búnaðar, sem er aðeins notaður af og til, getur jafnvel versnað vegna tæringar eða annarra umhverfislegra þátta. Að sama skapi þarf einnig að kvarða ýmsan búnað á nákvæman hátt. Rekstraraðilar eða aðrir aðilar sem koma að aflífun dýra skulu því koma á verklagsreglum um viðhald á slíkum búnaði.
- 32) Nauðsynlegt er, vegna öryggis starfsfólks og réttar beitingar sumra deyfingaraðferða, að skorða dýr. Skorðun er þó líkleg til að valda dýrinu nauð og því skal henni beitt í eins stuttan tíma og mögulegt er.

- 33) Ef deyfingarferli bregðast getur það valdið dýrunum þjáningu. Í þessari reglugerð skal því kveða á um viðeigandi varadeyfingarbúnað sem skal vera til staðar til að lágmarka sársauka, nauð eða þjáningu dýranna.
- 34) Umfang slátrunar á alifuglum, kaninum og hérnum, sem fer fram til beinnar afhendingar á litlu magni af kjöti til lokaneytanda eða smásöluþyrirtækis á staðnum sem afhendir slíkt kjöt beint til lokaneytanda sem nýtt kjöt, er mismunandi milli aðildarríkja vegna landsreglna sem gilda um slíka starfsemi í samræmi við d-lið 3. mgr. 1. gr. og 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004. Hins vegar er mikilvægt að tryggja að tiltekna lágmarkskröfur um velferð dýra gildi einnig um slíka starfsemi.
- 35) Að því er varðar slátrun dýra úr tilteknum flokkum dýra til einkaneytandi, öðrum en alifuglum, kaninum og hérnum, skulu tiltekna lágmarkskröfur Bandalagsins gilda, t.d. varðandi deyfingu fyrir aflifun, auk landsreglna sem þegar eru í gildi. Því þykir rétt að tryggja að einnig séu settar lágmarksreglur um velferð dýra í þessari reglugerð.
- 36) Í reglugerð (EB) nr. 854/2004 er kveðið á um skrá yfir starfsstöðvar þaðan sem innflutningur til Bandalagsins á tilgreindum afurðum úr dýraríkinu er leyfður. Að því er varðar þessa skrá skal taka tillit til almennra krafna og viðbótarkrafna sem gilda um slátruhús og mælt er fyrir um í þessari reglugerð.
- 37) Bandalagið leitast við að koma á ströngum velferðar-kröfum um búfjárstofna um allan heim, einkum í tengslum við viðskipti. Bandalagið styður sérstakar kröfur og tilmæli Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar er varða velferð dýra, þ.m.t. um slátrun dýra. Taka skal tillit til slíkra krafna og tilmæla þegar tryggja þarf jafngildi við kröfur Bandalagsins samkvæmt þessari reglugerð að því er varðar innfluttar vörur.
- 38) Leiðbeiningar um góðar starfsvenjur, sem samtök rekstraraðila taka saman, eru verðmæt tæki til að hjálpa rekstraraðilum að fara að tilteknum kröfum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, t.d. að því er varðar þróun og framkvæmd staðlaðra verklagsreglna.
- 39) Hönnun slátruhúsa og búnaðarins sem þar er notaður miðast við tiltekna flokka og tiltekinn fjölda dýra. Ef farið er yfir þann fjölda eða búnaðurinn er notaður í tilgangi sem hann er ekki hannaður fyrir hefur það neikvæð áhrif á velferð dýranna. Upplýsingum um þessa þætti skal því miðla til lögbærra yfirvalda og skulu vera hluti af málsmeðferð við samþykki fyrir slátruhús.
- 40) Færanleg slátruhús draga úr þörfinni á því að flytja dýr langar leiðir og geta því stuðlað að því að tryggja velferð dýra. Tæknilegar hömlur færanlegra slátruhúsa eru þó ólíkar þeim sem eiga við um föst slátruhús og af þessum sökum kann að vera nauðsynlegt að aðlaga tæknireglur. Því skal í þessari reglugerð veita möguleika á því að fastsetja undanþágur sem undanþiggja færanleg slátruhús kröfum um byggingu, skipulag og búnað slátruhúsa. Meðan þess er beðið að slíkar undanþágur séu samþykktar er rétt að heimila aðildarríkjum að koma á eða viðhalda landsreglum um færanleg slátruhús.
- 41) Framfarir í vísindum og tækni eiga sér stað reglulega að því er varðar byggingu, skipulag og búnað slátruhúsa. Því er mikilvægt að heimila framkvæmdastjórninni að aðlaga kröfurnar sem gilda um byggingu, skipulag og búnað slátruhúsa og viðhalda um leið samræmdu og öflugum verndarstigi fyrir dýr.
- 42) Viðmiðunarreglur Bandalagsins eru gagnlegar til að veita rekstraraðilum og lögbærum yfirvöldum nákvæmar upplýsingar um byggingu, skipulag og búnað slátruhúsa til að tryggja öflugt verndarstig fyrir dýr og viðhalda um leið jöfnum samkeppnisskilyrðum fyrir rekstraraðila. Því er nauðsynlegt að heimila framkvæmdastjórninni að samþykkja slíkar viðmiðunarreglur.
- 43) Þegar slátrað er án deyfingar verður að skera dýr á háls á nákvæman hátt með beittum hníf til að lágmarka þjáningu þeirra. Þar að auki er líklegt að blóðtæming dýra, sem ekki eru skorðuð með vélrænum hætti eftir að þau eru skorin, taki lengri tíma og framlengi þar með þjáningu þeirra að óþörfu. Nautgripir, sauðfé og geitur eru algengustu tegundirnar sem slátrað er með þessari aðferð. Því skulu jörturdýr, sem slátrað er án deyfingar, skorðuð hvert fyrir sig og með vélrænum hætti.
- 44) Framfarir í vísindum og tækni eiga sér stað reglulega að því er varðar meðhöndlun og skorðun dýra í slátruhúsum. Því er mikilvægt að heimila framkvæmdastjórninni að aðlaga kröfurnar sem gilda um meðhöndlun og skorðun dýra fyrir slátrun og viðhalda um leið samræmdu og öflugum verndarstigi fyrir dýr.

- 45) Viðmiðunarreglur Bandalagsins eru gagnlegar til að veita rekstraraðilum og lögbærum yfirvöldum nákvæmar upplýsingar um meðhöndlun og skorðun dýra fyrir slátrun til að tryggja öflugt verndarstig fyrir dýrin og viðhalda um leið jöfnum samkeppniskeyrðum fyrir rekstraraðila. Því er nauðsynlegt að heimila framkvæmdastjórninni að samþykkja slíkar viðmiðunarreglur.
- 46) Reynsla sem fengist hefur í sumum aðildarríkjum sýnir að ef sérstaklega hæfur einstaklingur er útnefndur velferðarfulltrúi dýra og falið að samræma og fylgja eftir framkvæmd verkátta er varða velferð dýra í sláturhúsum hafi það í för með sér jákvæð áhrif á velferð dýra. Því skal beita þessari ráðstöfun í gervöllu Bandalaginu. Velferðarfulltrúi dýra skal hafa nægilegt vald og tæknilega færni til að láta starfsfólki sem vinnur við sláturlínuna í té viðeigandi leiðbeiningar.
- 47) Lítil sláturhús sem mestmegnis fást við beina sölu matvæla til lokaneytenda þurfa ekki á flóknu stjórnkerfi að halda til að framkvæma almennar meginreglur þessarar reglugerðar. Í slíkum tilvikum væri krafan um velferðarfulltrúa dýra því óhófleg með tilliti til markmiðanna sem stefnt er að og því skal í þessari reglugerð kveða á um undanþágu frá þeirri kröfu þegar slík sláturhús eiga í hlut.
- 48) Niðurskurður hefur oft í för með sér hættustjórnun með samhliða forgangsatriðum, t.d. heilbrigði dýra, lýðheilsu, umhverfið eða velferð dýra. Þó mikilvægt sé að fara að reglum um velferð dýra á öllum stigum niðurskurðarferlisins getur sú staða komið upp við sérstakar aðstæður að fylgni við þær reglur geti stofnað heilbrigði manna í hættu eða hægt verulega á útrýmingarferli sjúkdóms og þar með haft í för með sér að fleiri dýr veikist og deyi.
- 49) Því skal lögbærum yfirvöldum heimilað að víkja frá tilteknum ákvæðum þessarar reglugerðar í hverju tilviki fyrir sig ef heilbrigðisástand dýra krefst þess að dýr séu aflífuð í neyðartilfellum og/eða ef engir hentugir valkostir eru fyrir hendi til að tryggja þeim bestu mögulegu velferð. Slíkar undanþágur skulu þó ekki koma í stað viðeigandi skipulagningar. Í þessu skyni skal bæta skipulagninguna og velferð dýra skal tekin inn í viðbragðsáætlanir við smitsjúkdómum á viðeigandi hátt.
- 50) Að því er varðar málsmeðferð við tilkynningu um dýrasjúkdóma þá er tilkynnt um uppkomu sjúkdóma í samræmi við tilskipun ráðsins 82/894/EBE frá 21. desember 1982 um tilkynningu dýrasjúkdóma innan Bandalagsins ⁽¹⁾ gegnum tilkynningarkerfið fyrir dýrasjúkdóma. Sem stendur lætur tilkynningakerfið fyrir dýrasjúkdóma ekki í té nákvæmar upplýsingar um velferð dýra, en kann að verða breytt á þá leið í framtíðinni. Því skal gera ráð fyrir undanþágu frá kvöðinni um skýrslugjöf að því er varðar velferð dýra þegar um niðurskurð er að ræða, með frekari þróun tilkynningakerfisins fyrir dýrasjúkdóma í huga.
- 51) Nútíma deyfingar- og skorðunarbúnaður verður sífellt flóknari og háþróaðri og krefst sérstakrar sérþekkingar og greiningar. Aðildarríki skulu því tryggja að lögbær yfirvöld hafi aðgang að nægilegum vísindalegum stuðningi, sem embættismenn geti snúið sér til þegar meta þarf búnað eða aðferðir til að deyfa dýr.
- 52) Skilvirkni hvernar deyfingaraðferðar grundvallast á eftirliti með lykilmælþáttum og reglulegu mati á aðferðinni. Mikilvægt er að þróa leiðbeiningar um góðar starfsvenjur og verklagsreglur um vöktun í tengslum við aflifun dýra til að láta rekstraraðilum í té viðeigandi leiðbeiningar um velferð dýra. Við gerð slíkra leiðbeininga er þörf á vísindalegri hagnýtri reynslu og málamiðlunarsamkomulagi milli hagsmunaaðila. Því skulu tilvísunarmiðstöðvar eða -netkerfi í hverju aðildarríki framkvæma þetta verkefni í samstarfi við viðkomandi hagsmunaaðila.
- 53) Afhending hæfisskírteina skal fara fram á samræmdan hátt. Stofnanir eða aðilar, sem gefa út hæfisskírteini, skulu því viðurkenndir samkvæmt samræmdum kröfum sem meta skal á vísindalegan hátt. Því skal aðili, sem lætur í té vísindalegan stuðning í samræmi við 20. gr., gefa álit sitt, ef nauðsyn krefur, á getu og hæfi stofnana eða aðila sem gefa út hæfisskírteini.
- 54) Í reglugerð (EB) nr. 882/2004 er kveðið á um tilteknar aðgerðir sem lögbæra yfirvaldið skal grípa til ef ekki er farið að tilskildum ákvæðum, einkum að því er varðar reglur um velferð. Til samræmis við það er einungis nauðsynlegt að kveða á um viðbótaraðgerðir, sem grípa skal til, sem miðast sérstaklega við þessa reglugerð.
- 55) Í reglugerð (EB) nr. 178/2002 er kveðið á um að Matvælaöryggisstofnun Evrópu skuli stuðla að tengslamyndun milli samtaka sem starfa á þeim sviðum sem falla undir markmið Matvælaöryggisstofnunarinnar í því skyni að greiða fyrir vísindasamstarfi, upplýsingaskiptum, þróun og framkvæmd sameiginlegra verkefna, sem og skiptum á sérfræðiþekkingu og bestu starfsvenjum á sviði laga um matvæli.

(¹) Stjóð. EB L 378, 31.12.1982, bls. 58.

56) Afhending hæfisskirteina og hjálfunarnámskeið skulu fara fram á samræmdan hátt. Í þessari reglugerð skal því mæla fyrir um skyldur aðildarríkjanna að því er þetta varðar og það fyrirkomulag sem gilda skal um veitingu, tímabundna niðurfellingu eða afturköllun hæfisskirteina.

57) Evrópskir borgarar gera ráð fyrir að farið sé að lágmarksreglum um velferð dýra við slátrun þeirra. Á tilteknum svæðum ráðast viðhorf gagnvart dýrum einnig af viðhorfum á landsvísu og í sumum aðildarríkjum er uppi krafa um að viðhalda skuli eða samþykkja ítarlegri reglur um velferð dýra en þær sem samþykktar eru á vettvangi Bandalagsins. Til að tryggja hag dýra og að því tilskildu að það hafi ekki áhrif á starfsemi innri markaðarins þykir rétt að veita aðildarríkjum ákveðið svigrúm til að viðhalda eða, þegar um er að ræða tiltekin sérsvið, samþykkja ítarlegri landsreglur.

Mikilvægt er að tryggja að aðildarríki beiti ekki slíkum landsreglum þannig að það hafi áhrif á rétta starfsemi innri markaðarins.

58) Á einhverjum sviðum, sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar, þarf ráðið á frekari vísindalegum, félagslegum og hagfræðilegum upplýsingum að halda áður en ítarlegar reglur eru fastsettar, einkum að því er varðar eldisfisk og það þegar nautgripir eru skorðaðir með því að snúa þeim á bakið. Því er nauðsynlegt að framkvæmdastjórnin veiti ráðinu þessar upplýsingar áður en hún leggur til einhverjar breytingar á þessum sviðum reglugerðarinnar.

59) Skipulag, uppbygging og búnaður sláturhúsa krefst skipulags og fjárfestingar til lengri tíma. Til samræmis við það skal kveða á um viðeigandi umbreytingartímabil í þessari reglugerð til að taka tillit til þess tíma sem nauðsynlegur er til að gera iðnaðinum kleift að aðlagast samsvarandi kröfum sem settar eru fram í þessar reglugerð. Á þeim tíma skulu kröfurnar í tilskipun 93/119/EB, er varða skipulag, byggingu og búnað sláturhúsa, gilda áfram.

60) Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum á ákvæðum þessarar reglugerðar og sjá til þess að þeim sé framfylgt. Þessi viðurlög skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

61) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að tryggja samhæfða nálgun að því er varðar velferðarkröfur fyrir dýr við aflifun, og þeim verður þar af leiðandi betur náð á vettvangi

Bandalagsins vegna umfangs og áhrifa þessarar reglugerðar, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna sem sett er fram í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við dreifræðisregluna, eins og sett er fram í þeirri grein, er nauðsynlegt og viðeigandi til að ná því markmiði að mæla fyrir um sértækar reglur um aflifun dýra til framleiðslu á matvælum, ull, húð, loðfeldi eða öðrum afurðum og um tengdar aðgerðir. Í þessari reglugerð er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur til að ná því markmiði.

62) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽¹⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

I. KAFLI

EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um aflifun dýra sem eru ræktuð eða haldin til framleiðslu á matvælum, ull, húð, loðfeldi eða öðrum afurðum og einnig um aflifun dýra vegna niðurskurðar og tengdar aðgerðir.

Þegar um er að ræða fisk gilda þó einungis kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 3. gr.

2. Ákvæði II. kafla, að undanskildum ákvæðum 1. og 2. mgr. 3. gr., sem og ákvæði III. og IV. kafla, að undanskildum ákvæðum 19. gr., skulu ekki gilda um neyðaraflifun, sem fer fram utan sláturhúss, eða þar sem bráð og alvarleg hætta myndi stöðja að heilbrigði og öryggi manna ef þessum ákvæðum væri hlítt.

3. Þessi reglugerð gildir ekki:

a) ef dýr eru aflifuð:

i. í tengslum við vísindalegar tilraunir sem fara fram undir eftirliti lögbærs yfirvalds,

⁽¹⁾ Stjóð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

- ii. í tengslum við dýraveiðar eða frístundafiskveiðar, sem ekkert kjöt eða aðrar dýraafurðir eru framleiddar eða þar sem slík framleiðsla er óverulegur hluti af viðburðinum sem slíkum og ekki efnahagslega marktæk,
- iii. í tengslum við menningar- eða íþróttaviðburði,
- b) um alifugla, kanínur og héra, sem eigandi þeirra slátrar utan sláturhúss, til einkaneytlu.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „aflifun“: hvers konar ferli sem af ásetningu leiðir til dauða dýrs,
- b) „tengdar aðgerðir“: aðgerðir á borð við meðhöndlun, biðvörslu (*e. lairaging*), skorðun, deyfingu og blóðtæmingu dýra, sem fara fram í tengslum við aflifun þeirra og á þeim stað sem þau eru aflifuð,
- c) „dýr“: hvers konar hryggdýr, að undanskildum skriðdýrum og froskdýrum,
- d) „neyðaraflifun“: aflifun dýra sem eru með áverka eða sjúkdóm sem hefur í för með sér mikinn sársauka eða þjáningu og ef engin önnur hagkvæm leið er til að lina sársaukann eða þjáninguna,
- e) „biðvarsla“: það að hafa dýr á básum, í stíum, í skýlum eða á opnum svæðum sem tengjast starfsemi sláturhúsa eða eru hluti af slíkri starfsemi,
- f) „deyfing“: hvers konar ferli sem af ásetningu og á sársaukalausán hátt leiðir til meðvitundarleysis og þess að sársaukaskyn hverfur, þ.m.t. öll ferli sem leiða tafarlaust til dauða,
- g) „trúarlegur siður“: röð aðgerða í tengslum við slátrun dýra og samkvæmt boðum trúarbragða,
- h) „menningar- eða íþróttaviðburðir“: viðburðir sem í meginatriðum tengjast rótgrónum menningarhefðum eða íþróttaiðkun, þ.m.t. kappreiðar eða annars konar keppnir, þar sem ekkert kjöt eða aðrar dýraafurðir eru framleiddar eða þar sem slík framleiðsla er óverulegur hluti af viðburðinum sem slíkum og ekki efnahagslega marktæk,
- i) „staðlaðar verklagsreglur“: skrifleg fyrirmæli sem ætlað er að ná fram einsleitni í framkvæmd tiltekins verkefnis eða krafna,
- j) „slátrun“: aflifun dýra sem ætluð eru til manneldis,
- k) „sláturhús“: hvers konar starfsstöð sem notuð er til slátrunar landdýra sem falla innan gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 853/2004,
- l) „rekstraraðili“: einstaklingur eða lögaðili sem ræður yfir fyrirtæki þar sem fram fer aflifun dýra eða hvers konar tengdar aðgerðir sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar,
- m) „loðdýr“: spendýr sem fyrst og fremst eru alin til framleiðslu á loðfeldum, t.d. minkar, þefvíslur, refir, þvottabírmir, bjórrottur og loðkanínur,
- n) „niðurskurður“: ferli við aflifun dýra, til að stuðla að lýðheilsu, heilbrigði og velferð dýra eða af umhverfislegum ástæðum, undir eftirliti lögbærs yfirvalds,
- o) „alifuglar“: aldir fuglar, þ.m.t. fuglar sem eru ekki taldir til húsdýra en eru aldir sem húsdýr, að strútfuglum undanskildum,
- p) „skorðun“: aðferð sem beitt er og miðar að því að takmarka hreyfingar dýrs til að auðvelda skilvirka deyfingu og aflifun og koma um leið í veg fyrir að dýrið upplifi óþarfa sársauka, ótta eða geðshræringu,
- q) „lögbært yfirvald“: stjórnvald aðildarríkis, sem er til þess bært að tryggja að farið sé að kröfum þessarar reglugerðar, eða hvert annað það yfirvald sem stjórnvaldið hefur falið það verkefni,
- r) „mænustunga“: sundurtæting vefs miðtaugakerfisins og mænunnar með ilöngu, stafлага verkfæri sem stungið er inn í kúpuholið.

II. KAFLI

ALMENNAR KRÖFUR

3. gr.

Almennar kröfur um aflifun og tengdar aðgerðir

1. Dýrum skal hlíft við hvers kyns sársauka, nauð eða þjáningu, sem hægt er að komast hjá, við aflifun þeirra og tengdar aðgerðir.
2. Að því er varðar 1. mgr. þá skulu rekstraraðilar einkum sjá til þess að nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar til að tryggja að:
 - a) dýrum sé séð fyrir góðum líkamlegum aðbúnaði og vernd, einkum að þeim sé haldið hreinum við fullnægjandi hita-skilyrði og að komið sé í veg fyrir að þau detti eða renni til,
 - b) dýr séu vernduð gegn meiðslum,
 - c) við meðhöndlun og hýsingu dýra sé tekið tillit til eðlilegs atferlis þeirra,
 - d) dýr sýni ekki merki um óþarfa sársauka eða ótta eða óeðlilegt atferli,
 - e) dýr þjáist ekki vegna langvarandi skorts á fôðri eða vatni,
 - f) dýrum sé forðað frá óþarfa samskiptum við önnur dýr sem gætu skaðað velferð þeirra.
3. Aðstaða, sem notuð er til aflifunar og tengdra aðgerða, skal hönnuð, byggð, henni viðhaldið og hún notuð þannig að tryggt sé að farið sé að kröfunum sem settar eru fram í 1. og 2. mgr. við þau skilyrði sem búast má við í starfsemi aðstöðunnar allt árið.

4. gr.

Deyfingaraðferðir

1. Dýr skulu aðeins aflífuð eftir að þau hafa verið deyfð í samræmi við aðferðirnar sem settar eru fram í I. viðauka og sértæku kröfunar sem gilda um beitingu þeirra aðferða. Dýrinu skal haldið meðvitundarlausu og sársaukalausum þar til það er dauft.

Aðferðunum, sem um getur í I. viðauka og leiða ekki tafarlaust til dauða (hér á eftir nefnd „einföld deyfing“) skal

eins fljótt og auðið er fylgt eftir með ferli sem hefur dauða í för með sér, t.d. með blóðtæmingu, mænustungu, raflosti eða langvarandi váhrifum vegna súrefnisskorts.

2. Gera má breytingar á I. viðauka til að taka tillit til vísinda- og tækniframfara á grundvelli álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr.

Allar slíkar breytingar skulu tryggja að velferð dýra verði a.m.k. á jafnháu stigi og tryggt er með þeim aðferðum sem þegar eru til staðar.

3. Viðmiðunarreglur Bandalagsins er varða aðferðirnar sem settar eru fram í I. viðauka má samþykkja í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr.

4. Ef um er að ræða dýr sem slátrað er á tiltekinn hátt samkvæmt trúarlegum siðum skulu kröfur 1. mgr. ekki gilda, að því tilskildu að slátrunin fari fram í sláturhúsi.

5. gr.

Eftirlit með deyfingu

1. Rekstraraðilar skulu tryggja að aðilar sem ábyrgir eru fyrir deyfingu eða annað starfsfólk sem tilnefnt er til slíkra starfa framkvæmi reglulegt eftirlit til að tryggja að dýrin sýni engin merki um meðvitund eða sársaukaskyn á þeim tíma sem líður frá því að deyfing hefur farið fram og þar til þau eru dauð.

Slíkt eftirlit skal fara fram á nægilega dæmigerðu úrtaki dýra og tíðni eftirlits skal ákvarðað með tilliti til niðurstaðna fyrra eftirlits og allra þátta sem kunna að hafa áhrif á skilvirkni deyfingarferlisins.

Þegar niðurstöður eftirlits gefa til kynna að dýr sé ekki nægilega vel deyft skal aðilinn, sem er ábyrgur fyrir deyfingunni, tafarlaust gera viðeigandi ráðstafanir eins og tilgreint er í stöðluðu verklagsreglunum sem teknar eru saman í samræmi við 2. mgr. 6. gr.

2. Þegar dýrum er slátrað án deyfingar eins og um getur í 4. mgr. 4. gr. skulu aðilarnir, sem bera ábyrgð á slátruninni, framkvæma kerfisbundið eftirlit til að tryggja að dýrin sýni engin merki um meðvitund eða sársaukaskyn áður en þau eru losuð úr festingum og að þau séu ekki með lífsmarki áður en snyrting eða kalónun fer fram.

3. Að því er varðar 1. og 2. mgr. geta rekstraraðilar beitt eftirlitsaðferðunum sem lýst er í leiðbeiningunum um góðar starfsvenjur sem um getur í 13. gr.

4. Til að taka megi tillit til þess að tilteknar deyfingaraðferðir eru afar áreiðanlegar og á grundvelli álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu má, þegar við á, samþykkja undanþágur frá kröfunum, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr.

6. gr.

Staðlaðar verklagsreglur

1. Rekstraraðilar skulu skipuleggja aflifun dýra og tengdar aðgerðir fyrirfram og framkvæma þær í samræmi við staðlaðar verklagsreglur.

2. Rekstraraðilar skulu taka saman slíkar staðlaðar verklagsreglur og framkvæma þær til að tryggja að aflifun og tengdar aðgerðir fari fram í samræmi við 1. mgr. 3. gr.

Að því er varðar deyfingu þá skal í stöðluðu verklagsreglunum:

- a) taka tillit til ráðlegginga framleiðenda,
- b) á grundvelli fyrirliggjandi vísindapækkingar og fyrir hverja deyfingaraðferð sem beitt er skilgreina lykilmæliþættina sem settir eru fram í I. kafla I. viðauka til að tryggja skilvirkni þeirra til að deyfa dýrin,
- c) tilgreina þær ráðstafanir sem grípa skal til þegar eftirlitið, sem um getur í 5. gr., gefur til kynna að dýr sé ekki tilhlýðilega deytt eða, þegar um er að ræða dýr sem slátrað er í samræmi við 4. mgr. 4. gr., að dýrið sé enn með lífsmarki.

3. Að því er varðar 2. mgr. þessarar greinar getur rekstraraðili beitt stöðluðu verklagsreglunum sem lýst er í leiðbeiningunum um góðar starfsvenjur sem um getur í 13. gr.

4. Rekstraraðilar skulu greina lögbæra yfirvaldinu frá stöðluðum verklagsreglum sínum að beiðni þess.

7. gr.

Hæfisstig og hæfisskírteini

1. Aflifun og tengdar aðgerðir skulu aðeins framkvæmdar af aðilum sem eru nægilega hæfir til þess án þess að valda dýrunum óþarfa sársauka, nauð eða þjáningu.

2. Rekstraraðilar skulu tryggja að eingöngu einstaklingar, sem eru handhafar hæfisskírteinis, eins og kveðið er á um í 21. gr., þar sem sýnt er fram á hæfni þeirra til að framkvæma slíkar aðgerðir í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, annast eftirfarandi aðgerðir við slátrun:

- a) meðhöndlun og umönnun dýra áður en þau eru skorðuð,
- b) skorðun dýra í þeim tilgangi að deyfa eða aflífa þau,
- c) deyfingu dýra,
- d) mat á skilvirkni deyfingar,
- e) að setja dýr í upphengjur eða hífa upp lifandi dýr,
- f) blóðtæmingu lifandi dýra,
- g) slátrun í samræmi við 4. mgr. 4. gr.

3. Með fyrirvara um þá skuldbindingu sem sett er fram í 1. mgr. þessarar greinar skal aflifun loðdýra fara fram í viðurvist og undir beinu eftirliti aðila sem er handhafi hæfisskírteinis eins og um getur í 21. gr. og er gefið út fyrir allar aðgerðir sem fara fram undir eftirliti hans. Rekstraraðilar loðdýrabúa skulu tilkynna lögbæra yfirvaldinu um það fyrirfram hvenær aflífa á dýr.

8. gr.

Fyrirmæli um notkun skorðunar- og deyfingarbúnaðar

Vörur, sem settar eru á markað eða auglýstar sem skorðunar- eða deyfingarbúnaður, skulu aðeins seldar með viðeigandi fyrirmælum um það hvernig notkun þeirra skuli fara fram þannig að kjörskilyrði séu tryggð að því er varðar velferð dýra. Framleiðendur skulu einnig gera þessi fyrirmæli aðgengileg öllum á Netinu.

Í þessum fyrirmælum skal einkum tilgreina:

- a) tegund, flokka, fjölda og/eða þyngd dýranna sem búnaðurinn er ætlaður fyrir,

b) ráðlagða mæliþætti sem samsvara ólíkum aðstæðum við notkun, þ.m.t. lykilmæliþættirnir sem settir eru fram í I. kafla I. viðauka,

11. gr.

c) þegar um er að ræða deyfingarbúnað, aðferð til að vakta skilvirkni búnaðarins að því er varðar fylgni við reglurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð,

d) ráðleggingar varðandi viðhald og, ef nauðsyn krefur, kvörðun deyfingarbúnaðarins.

9. gr.

Notkun skorðunar- og deyfingarbúnaðar

1. Rekstraraðilar skulu tryggja að aðilar sem hafa hlotið til þess sérstaka þjálfun annist viðhald á öllum búnaði sem notaður er til að skorða eða deyfa dýr og eftirlit með honum, í samræmi við fyrirmæli framleiðenda.

Rekstraraðilar skulu taka saman viðhaldsskrá. Þeir skulu varðveita slíkar skrár í a.m.k. eitt ár og gera þær aðgengilegar lögbæra yfirvaldinu að beiðni þess.

2. Rekstraraðilar skulu tryggja að viðeigandi varabúnaður sé tafarlaust til staðar á staðnum meðan á deyfingaraðgerðum stendur og sé notaður ef bilun kemur upp í deyfingarbúnaðinum sem er notaður í upphafi. Varaaðferðin getur verið ólík þeirri sem fyrst er notuð.

3. Rekstraraðilar skulu tryggja að dýr séu ekki sett í festibúnað, þ.m.t. búnaður til að skorða haus, þar til aðilinn sem ber ábyrgð á deyfingu eða blóðtæmingu er reiðubúinn til að deyfa eða blóðtæma þau svo fljótt sem auðið er.

10. gr.

Einkaneysla

Eingöngu kröfur 3. gr. (1. mgr.), 4. gr. (1. mgr.) og 7. gr. (1. mgr.) skulu gilda um slátrun annarra dýra en alifugla, kanína og héra og tengdar aðgerðir sem fara fram utan sláturhúss, sem eigandi dýranna framkvæmir eða annar aðili á ábyrgð eigandans og undir eftirliti hans, til einkaneyslu.

Þó skulu kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 15. gr. (3. mgr.) og í liðum 1.8 til 1.11, lið 3.1 og, að því er varðar einfalda deyfingu, lið 3.2 í III. viðauka, einnig gilda um slátrun dýra annarra en alifugla, kanína, héra, svína, sauðfjár og geita utan sláturhúss, sem eigandi dýranna framkvæmir eða annar aðili á ábyrgð eigandans og undir eftirliti hans, til einkaneyslu.

Bein afhending á litlu magni alifugla, kanína og héra

1. Eingöngu kröfur 3. gr. (1. mgr.), 4. gr. (1. mgr.) og 7. gr. (1. mgr.) skulu gilda um slátrun alifugla, kanína og héra á býlinu í þeim tilgangi að afhenda lítið magn af kjöti beint frá framleiðanda til lokaneytanda eða til smásölufyrirtækis á staðnum sem afhendir slíkt kjöt beint til lokaneytanda sem ferskt kjöt, að því tilskildu að fjöldi dýranna sem slátrað er á býlinu sé ekki umfram hámarksfjölda dýra, sem kveðið skal á um í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr.

2. Kröfurnar, sem mælt er fyrir um í II. og III. kafla þessarar reglugerðar, skulu gilda um slátrun slíkra dýra þegar fjöldi þeirra er umfram hámarksfjöldann sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

12. gr.

Innflutningur frá þriðju löndum

Kröfurnar, sem mælt er fyrir um í II. og III. kafla þessarar reglugerðar, skulu gilda að því er varðar a-lið 2. mgr. 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 854/2004.

Með heilbrigðisvottorðinu, sem fylgir kjöti sem flutt er inn frá þriðju löndum, skal einnig vera vottorð þar sem vottað er að farið hafi verið að kröfum sem eru a.m.k. jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í II. og III. kafla þessarar reglugerðar.

13. gr.

Þróun og dreifing leiðbeininga um góðar starfsvenjur,

1. Aðildarríkin skulu hvetja til þróunar og dreifingar á leiðbeiningum um góðar starfsvenjur, til að auðvelda framkvæmd þessarar reglugerðar.

2. Þegar slíkar leiðbeiningar um góðar starfsvenjur eru teknar saman skulu þær þróaðar og þeim dreift á vegum samtaka rekstraraðila:

a) í samráði við fulltrúa fjálsra félagasamtaka, lögbærra yfirvalda og annarra hagsmunaaðila,

b) með tilliti til vísindalegra álita, eins og um getur í c-lið 1. - mgr. 20. gr.

3. Lögbæra yfirvaldið skal leggja mat á leiðbeiningar um góðar starfsvenjur til að tryggja að þær hafi verið þróaðar í samræmi við 2. mgr. og að þær samræmist gildandi viðmiðunarreglum Bandalagsins.

4. Ef samtök rekstraraðila leggja ekki fram leiðbeiningar um góðar starfsvenjur getur lögbæra yfirvaldið þróað og birt eigin leiðbeiningar um góðar starfsvenjur.

5. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni allar leiðbeiningar um góðar starfsvenjur sem lögbæra yfirvaldið hefur fullgilt. Framkvæmdastjórnin skal koma á fót skráningarkerfi fyrir leiðbeiningar af þessu tagi, reka það og veita aðildarríkjunum aðgang að því.

III. KAFLI

VIÐBÓTARKRÖFUR SEM GILDA UM SLÁTURHÚS

14. gr.

Skipulag, bygging og búnaður sláturhúsa

1. Rekstraraðilar skulu tryggja að skipulag og bygging sláturhúsa og búnaðurinn sem þar er notaður séu í samræmi við reglurnar sem settar eru fram í II. viðauka.

2. Að því er varðar framkvæmd þessarar reglugerðar þá skulu rekstraraðilar afhenda lögbæra yfirvaldinu, sem um getur í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004, a.m.k. eftirfarandi upplýsingar, þegar farið er fram á það, fyrir hvert sláturhús:

- a) hámarksfjöldi dýra á klukkustund í hverri sláturlínu,
- b) flokkar og þyngd dýra, sem hægt er að nota tiltækan skorðunar- eða deyfingarbúnað á,
- c) hámarksfjöldi á hverju svæði fyrir biðvörslu.

Þegar lögbæra yfirvaldið samþykkir sláturhúsið skal það meta upplýsingarnar sem rekstraraðilinn leggur fram í samræmi við fyrstu undirgrein.

3. Eftirfarandi má samþykkja í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr.:

- a) undanþágur frá reglunum, sem settar eru fram í II. viðauka, fyrir færanleg sláturhús,

- b) breytingar sem nauðsynlegar eru til aðlögunar II. viðauka til að taka tillit til vísinda- og tækniframfara.

Meðan þess er beðið að undanþágurnar, sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar, séu samþykktar geta aðildarríkin fastsett eða viðhaldið landsreglum sem gilda um færanleg sláturhús.

4. Viðmiðunarreglur Bandalagsins er varða framkvæmd 2. mgr. þessarar greinar og II. viðauka má samþykkja í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr.

15. gr.

Meðhöndlun og skorðunaraðgerðir í sláturhúsum

1. Rekstraraðilar skulu tryggja að farið sé að starfsreglum fyrir sláturhús sem settar er fram í III. viðauka.

2. Rekstraraðilar skulu tryggja að öll dýr sem aflífuð eru í samræmi við 4. mgr. 4. gr. án undanfarandi deyfingar séu skorðuð hvert fyrir sig; jörturdýr skulu skorðuð með vélrænum hætti.

Kerfi sem skorða nautgripi með því að snúa þeim á bakið eða í aðra óeðlilega stöðu skal ekki nota nema þegar um er að ræða dýr sem slátrað er í samræmi við 4. mgr. 4. gr. og að því tilskildu að slík kerfi séu búin tæki sem hamlar höfuðhreyfingum dýrsins, bæði til hliðanna og upp og niður, og sem hægt er að stilla til að aðlaga það stærð dýrsins.

3. Óheimilt er að beita eftirfarandi skorðunaraðferðum:

- a) dýr með meðvitund eru hengd upp eða hífð upp,
- b) fætur eða fótleggir dýra eru bundnir eða klemmdir fastir með vélrænum hætti,
- c) mænan er rofin, t.d. með stuttum rýtingi (puntilla) eða rýtingi,
- d) rafstraumar eru notaðir til að rígfesta dýr án þess að deyfa eða drepa þau við stýrðar aðstæður, einkum öll notkun rafstraums sem ekki fer í gegnum heilann.

Þó skulu a- og b-liðir ekki gilda um upphengjur sem eru notaðar fyrir alifugla.

4. Breyta má III. viðauka í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr. til að taka tillit til vísinda- og tækni framfara, þ.m.t. álit Matvælaöryggisstofnunar Evrópu.

5. Viðmiðunarreglur Bandalagsins er varða framkvæmd reglnanna sem settar eru fram í III. viðauka má samþykkja í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr.

16. gr.

Verklagsreglur um vöktun í sláturhúsum

1. Að því er varðar 5. gr. skulu rekstraraðilar innleiða og hrinda í framkvæmd viðeigandi verklagsreglum um vöktun í sláturhúsum.

2. Í verklagsreglum um vöktun, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal lýsa því hvernig framkvæma skuli eftirlitið sem um getur í 5. grein og þær skulu a.m.k. ná yfir eftirfarandi:

- a) nafn aðilanna sem bera ábyrgð á verklagsreglum um vöktun,
- b) álestrartæki sem eru hönnuð til að greina merki um meðvitundarleysi og meðvitund eða sársaukaskyn hjá dýrunum; álestrartæki sem eru hönnuð til að sýna fram á að dýr, sem á að slátra í samræmi við 4. mgr. 4. gr., séu ekki með lífsmarki,
- c) viðmiðanir til að ákvarða hvort niðurstöðurnar, sem sýnt er fram á með álestrartækjunum sem um getur í b-lið, séu fullnægjandi,
- d) aðstæður og/eða tímasetning þegar vöktun skal fara fram,
- e) fjöldi dýra í hverju úrtaki sem eftirlit skal haft með við vöktunina,
- f) viðeigandi ferli til að tryggja að ef viðmiðin, sem um getur í c-lið, eru ekki uppfyllt séu deyfingar- eða aflífunaraðferðirnar endurskoðaðar til að greina orsakir ágalla sem kunna að vera til staðar og þær breytingar sem nauðsynlegt er að gera á þessum aðgerðum.

3. Rekstraraðilar skulu innleiða sértækar verklagsreglur um vöktun fyrir hverja sláturlínu.

4. Við ákvörðun á tíðni eftirlits skal taka tillit til helstu áhættuþátta, t.d. breytinga varðandi tegund eða stærð dýranna sem slátrað er eða vinnumynsturs starfsfólks, þannig að niðurstöðurnar verði mjög áreiðanlegar.

5. Að því er varðar 1.–4. mgr. þessarar greinar geta rekstraraðilar beitt verklagsreglum um vöktun sem lýst er í leiðbeiningunum um góðar starfsvenjur sem um getur í 13. gr.

6. Heimilt er að samþykkja viðmiðunarreglur Bandalagsins er varða verklagsreglur um vöktun í sláturhúsum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr.

17. gr.

Velferðarfulltrúi dýra

1. Rekstraraðilar skulu tilnefna velferðarfulltrúa dýra fyrir hvert sláturhús sem skal aðstoða þá við að tryggja að farið sé að reglunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

2. Velferðarfulltrúi dýra skal heyra beint undir rekstraraðilann og gefa honum skýrslu milliliðalaust um málefni sem varða velferð dýranna. Velferðarfulltrúinn skal eiga þess kost að fara fram á að starfsfólk sláturhússins framkvæmi aðgerðir til úrbóta sem nauðsynlegar eru til að tryggja að farið sé að reglunum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

3. Skyldur velferðarfulltrúa dýra skulu settar fram í stöðluðum verklagsreglum sláturhússins og athygli viðkomandi starfsfólks skal vakin á þeim á skilvirkan hátt.

4. Velferðarfulltrúi dýra skal vera handhafi hæfisskirteinis eins og um getur í 21. gr. og skal það gefið út fyrir allar aðgerðir sem fara fram í sláturhúsunum sem hann ber ábyrgð á.

5. Velferðarfulltrúinn skal halda skrá yfir aðgerðir sem ráðist er í til að bæta velferð dýra í sláturhúsinu þar sem hann sinnir starfi sínu. Skyllt er að varðveita þessa skrá í a.m.k. eitt ár og gera hana aðgengilega lögbæra yfirvaldinu að beiðni þess.

6. Ákvæði 1.–5. mgr. skulu ekki gilda um sláturhús þar sem slátrað er færri en 1000 búfjareiningum spendýra eða 150 000 fuglum eða kanínum á ári.

Að því er varðar fyrstu undirgreinina er „búfjáreining“ stöðluð mælieining sem gerir það mögulegt að hópa saman ólíka flokka búfænaðar til að hægt sé að bera þá saman.

Við beitingu fyrstu undirgreinar skulu aðildarríkin nota eftirfarandi umreikningsstuðla:

- a) fullvaxnir nautgripir í skilningi reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1234/2007 frá 22. október 2007 um sameiginlegt markaðskerfi í landbúnaði og um sértæk ákvæði varðandi tiltekna landbúnaðarvörur (reglugerðin um eitt sameiginlegt markaðskerfi) ⁽¹⁾ og dýr af hestaætt: 1 búfjáreining,
- b) aðrir nautgripir: 0,50 búfjáreining,
- c) svín með meiri lífþyngd en 100 kg: 0,20 búfjáreining,
- d) önnur svín: 0,15 búfjáreining,
- e) sauðfé og geitur: 0,10 búfjáreining,
- f) lömb, kiðlingar og smágrísir með minni lífþyngd en 15 kg: 0,05 búfjáreining.

IV. KAFLI

NIÐURSKURÐUR OG NEYÐARAFLÍFUN

18. gr.

Niðurskurður

1. Lögbært yfirvald, sem ber ábyrgð á niðurskurðaraðgerð, skal gera aðgerðaáætlun til að tryggja að farið sé að reglunum, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, áður en aðgerðin hefst.

Einkum skulu fyrirhugaðar deyfingar- og aflifunaraðferðir og samsvarandi staðlaðar verklagsreglur til að tryggja að farið sé að reglunum, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, vera hluti af viðbragðsáætlunum sem krafist er samkvæmt lögum Bandalagsins um heilbrigði dýra, á grundvelli tilgátunnar sem sett er fram í viðbragðsáætluninni varðandi umfang og staðsetningu sjúkdóma sem grunur leikur á að komi upp.

2. Lögbæra yfirvaldið skal:

a) tryggja að slíkar aðgerðir fari fram í samræmi við aðgerðaáætlunina sem um getur í 1. mgr.,

b) gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja velferð dýranna við bestu fánlegu skilyrði.

3. Að því er varðar þessa grein og við sérstakar aðstæður getur lögbæra yfirvaldið veitt undanþágur frá einu eða fleiri ákvæðum þessarar reglugerðar ef það telur að sé þeim hlitt sé það líklegt til að hafa áhrif á heilbrigði manna eða hægja verulega á ferlinu við að útrýma sjúkdómi.

4. Lögbæra yfirvaldið, sem um getur í 1. mgr., skal eigi síðar en 30. júní ár hvert senda framkvæmdastjórninni skýrslu um niðurskurðaraðgerðir, sem fóru fram á næstliðnu ári, og gera hana aðgengilega öllum á Netinu.

Í þeirri skýrslu skulu einkum koma fram eftirfarandi upplýsingar um hverja niðurskurðaraðgerð:

a) ástæðan að baki niðurskurðinum,

b) fjöldi og tegund dýranna sem voru aflífuð,

c) deyfingar- og aflifunaraðferðir sem beitt var,

d) lýsing á vandkvæðum sem komu upp og, eftir því sem við á, lausnir sem fundust til að létta eða lágmarka þjáningu viðkomandi dýra,

e) undanþágur sem voru veittar í samræmi við 3. mgr.

5. Heimilt er að samþykkja viðmiðunarreglur Bandalagsins er varða samantekt og framkvæmd aðgerðaáætlana um niðurskurð í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr.

6. Eftir því sem við á og í því skyni að taka tillit til upplýsinga sem aflað er með tilkynningarkerfinu fyrir dýrasjúkdóma er heimilt, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr., að samþykkja undanþágu frá kvöðinni um skýrslugjöf sem mælt er fyrir um í 4. gr. þessarar greinar.

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1.

19. gr.

Neyðaraflifun

Þegar neyðaraflifun fer fram skal umsjónarmaður dýranna sem um er að ræða gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að aflífa þau eins fljótt og auðið er.

V. KAFLI

LÖGBÆRT YFIRVALD

20. gr.

Vísindalegur stuðningur

1. Hvert aðildarríki skal tryggja að nægilegur, óháður vísindalegur stuðningur sé aðgengilegur lögbæru yfirvöldunum, að beiðni þeirra, með því að láta í té:

- a) sérfræðiþekkingu á sviði vísinda og tækni í tengslum við samþykki fyrir sláturhús eins og um getur í 2. mgr. 14. gr. og þróun nýrra deyfingaraðferða,
- b) vísindaleg álit á fyrirmælunum sem framleiðendur láta í té varðandi notkun og viðhald skorðunar- og deyfingar-búnaðar,
- c) vísindaleg álit á leiðbeiningum um góðar starfsvenjur, sem eru þróaðar á yfirráðasvæði þess, að því er varðar framkvæmd þessarar reglugerðar,
- d) ráðleggingar að því er varðar framkvæmd þessarar reglugerðar, einkum að því er varðar skoðanir og úttektir,
- e) álit á því hvort sjálfstæðar stofnanir og aðilar búi yfir tilskilinni getu og eiginleikum til að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 21. gr.

2. Vísindalegan stuðning má láta í té fyrir milligöngu netkerfis að því tilskildu að öll verkefni, sem talin eru upp í 1. mgr., séu framkvæmd með tilliti til allra viðkomandi aðgerða sem fara fram í þeim aðildarríkjum sem eiga í hlut.

Í því skyni skal hvert aðildarríki tilnefna einn tengilið og gera hann aðgengilegan öllum á Netinu. Slíkur tengiliður skal bera ábyrgð á því að deila tæknilegum og vísindalegum upplýsingum og bestu starfsvenjum, að því er varðar framkvæmd þessarar reglugerðar, með mótaðilum sínum og framkvæmdastjórninni.

21. gr.

Hæfisskírteini

1. Að því er varðar 7. gr. skulu aðildarríkin tilnefna lögbært yfirvald sem ber ábyrgð á:

- a) að tryggja að þjálfunarnámskeið séu í boði fyrir starfsfólk sem kemur að aflifun og tengdum aðgerðum,
- b) afhendingu hæfisskírteina þar sem vottað er að handhafi skírteinisins hafi staðist óháð lokapróf; viðfangsefni þessa prófs skulu tengjast þeim flokkum dýra sem um ræðir og samsvara þeim aðgerðum sem um getur í 2. og 3. mgr. 7. gr. og viðfangsefnunum sem sett eru fram í IV. viðauka,
- c) að samþykkja starfsmenntunaráætlanir námskeiðanna sem um getur í a-lið og innihald og fyrirkomulag prófsins sem um getur í b-lið.

2. Lögbæra yfirvaldið getur falið sjálfstæðri stofnun eða aðila að annast lokaprófið og gefa út hæfisskírteini og skal sú stofnun eða aðili:

- a) búa yfir þeirri þekkingu, starfsfólki og búnaði sem nauðsynleg eru í þeim tilgangi,
- b) vera óháð og laus við hagsmunaárekstra að því er varðar lokaprófið og útgáfu hæfisskírteinanna.

Lögbæra yfirvaldið getur einnig falið sjálfstæðri stofnun eða aðila, sem býr yfir nauðsynlegri sérfræðiþekkingu, starfsfólki og búnaði, að skipuleggja þjálfunarnámskeiðin.

Lögbæra yfirvaldið skal gera nánari upplýsingar um stofnanir og aðila, sem falið hefur verið að annast slík verkefni, aðgengilegar öllum á Netinu.

3. Á hæfisskírteinum skal tilgreina fyrir hvaða flokka dýra, tegund búnaðar og aðgerðir, sem taldar eru upp í 2. eða 3. mgr. 7. gr., skírteinið gildir.

4. Aðildarríki skulu viðurkenna hæfisskírteini sem eru gefin út í öðru aðildarríki.

5. Lögbæra yfirvaldið má gefa út tímabundin hæfisskírteini, að því tilskildu að:

- a) umsækjandinn sé skráður í eitt af þeim þjálfunarnámskeiðum sem um getur í a-lið 1. mgr.,

- b) umsækjandinn muni vinna í viðurvist og undir beinu eftirliti annars aðila sem er handhafi hæfisskírteinis sem gefið er út fyrir þá tilteknu aðgerð sem á að framkvæma,
- c) tímabundið skírteini gildi ekki lengur en í þrjú mánuði og
- d) umsækjandinn leggi fram skriflega yfirlýsingu um að hann hafi ekki fengið slíkt tímabundið hæfisskírteini með sama gildissvið áður eða sýni lögbæra yfirvaldinu á fullnægjandi hátt fram á að hann hafi ekki verið fær um að taka lokaprófið.

6. Með fyrirvara um ákvörðun dómsyfirvalds eða lögbærs yfirvalds um bann við meðhöndlun dýra skulu hæfisskírteini, þ.m.t. tímabundin hæfisskírteini, aðeins gefin út ef umsækjandinn leggur fram skriflega yfirlýsingu um að hann hafi ekki framið alvarleg brot á lögum Bandalagsins og/eða landslögum um vernd dýra næstliðin þrjú ár fyrir þann dag sem sótt er um slíkt skírteini.

7. Aðildarríkin geta viðurkennt réttindi, sem veitt eru í öðrum tilgangi, sem jafngild hæfisskírteinum eins og um getur í þessari reglugerð, að því tilskildu að þau hafi verið veitt við aðstæður sem eru jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í þessari grein. Lögbæra yfirvaldið skal gera skrá yfir réttindi og hæfi, sem eru viðurkennd sem jafngild hæfisskírteini, aðgengilega öllum á Netinu og halda skránni uppfærðri.

8. Viðmiðunarreglur Bandalagsins er varða framkvæmd 1. mgr. þessarar greinar má samþykka í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr.

VI. KAFLI

VIÐURLÖG OG FRAMKVÆMDARVALD ÞEGAR EKKI ER FARIÐ AÐ TILSKILDUM ÁKVÆÐUM

22. gr.

Ef ekki er farið að tilskildum ákvæðum

1. Að því er varðar 54. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004 getur lögbært yfirvald m.a.:

- a) gert þá kröfu að rekstraraðilar breyti stöðluðum verklagsreglum sínum og einkum að þeir hægi á eða stöðvi framleiðslu,
- b) gert þá kröfu að rekstraraðilar auki tíðni eftirlits eins og um getur í 5. gr. og breyti verklagsreglum um vöktun sem um getur í 16. gr.,

- c) fellt tímabundið úr gildi eða afturkallað hæfisskírteini, sem gefin eru út samkvæmt þessari reglugerð, ef handhafi þess sýnir ekki lengur fram á fullnægjandi hæfi, þekkingu eða vitund um verkefni sín til að framkvæma þær aðgerðir sem skírteinið var gefið út fyrir,
- d) fellt tímabundið úr gildi eða afturkallað framsal valds sem um getur í 2. mgr. 21. gr.,
- e) krafist breytinga á fyrirmælunum sem um getur í 8. gr., að teknu tilhlýðilegu tilliti til vísindalegra álita sem látin eru í té samkvæmt b-lið 1. mgr. 20. gr.

2. Þegar lögbært yfirvald fellur hæfisskírteini tímabundið úr gildi eða afturkallar það skal það tilkynna lögbæra yfirvaldinu, sem gaf skírteinið út, um ákvörðun sína.

23. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn þessari reglugerð og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði, eigi síðar en 1. janúar 2013, og skulu tilkynna henni án tafar um síðari breytingar sem hafa áhrif á þau.

24. gr.

Framkvæmdarreglur

Heimilt er að samþykka hvers kyns ítarlegri reglur til framkvæmdar þessari reglugerð í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr.

25. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra sem komið var á fót skv. 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB.

Fresturinn, sem um getur í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuði.

VII. KAFLI
LOKAÁKVÆÐI

26. gr.

Strangari landsreglur

1. Þessi reglugerð skal ekki koma í veg fyrir að aðildarríkin viðhaldi landsreglum sem miða að því að tryggja dýrum umfangsmeiri vernd við aflifun og sem eru í gildi þegar þessi reglugerð tekur gildi.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um slíkar landsreglur fyrir 1. janúar 2013. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna hinum aðildarríkjunum um þær.

2. Aðildarríkin geta samþykkt landsreglur sem miða að því að tryggja umfangsmeiri vernd dýra við aflifun þeirra en er að finna í þessari reglugerð að því er varðar eftirfarandi svið:

- a) aflifun dýra og tengdar aðgerðir utan sláturhúss,
- b) slátrun alinna veiðidýra og tengdar aðgerðir, eins og skilgreint er í lið 1.6 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, þ.m.t. hreindýr,
- c) slátrun dýra og tengdar aðgerðir í samræmi við 4. mgr. 4. gr.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um allar slíkar landsreglur. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna hinum aðildarríkjunum um þær.

3. Þegar aðildarríki telur nauðsynlegt, á grundvelli nýrrar vísindapekkingar, að gera ráðstafanir sem miða að því að tryggja umfangsmeiri vernd dýra við aflifun með tilliti til deyfingaradferðanna sem um getur í I. viðauka skal það tilkynna framkvæmdastjórninni um fyrirhuguðu ráðstafanirnar. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna hinum aðildarríkjunum um þær.

Framkvæmdastjórnin skal leggja málið fyrir nefndina, sem um getur í 1. mgr. 25. gr., innan eins mánaðar frá því að tilkynningin barst henni og skal, á grundvelli álots Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 25. gr., samþykkja eða hafna landsbundnu ráðstöfununum sem um ræðir.

Ef framkvæmdastjórnin telur það viðeigandi getur hún, á grundvelli samþykktu landsbundnu ráðstafananna, lagt til breytingar á I. viðauka í samræmi við 2. mgr. 4. gr.

4. Aðildarríki skal ekki banna eða hindra dreifingu á afurðum úr dýraríkinu, sem fengin eru úr dýrum sem hafa verið aflifuð í öðru aðildarríki, á yfirráðasvæðis sínu á þeim forsendum að viðkomandi dýr hafi ekki verið aflifuð í samræmi við landsreglur aðildarríkisins sem miða að umfangsmeiri vernd dýra við aflifun.

27. gr.

Skýrslugjöf

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 8. desember 2014, leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið skýrslu um möguleikann á því að innleiða tilteknar kröfur varðandi vernd fiska við aflifun, að teknu tilliti til þátta er varða velferð dýra auk félagsdagfræðilegra og umhverfisfræðilegra áhrifa. Ef við á skulu þessari skýrslu fylgja tillögur að nýrri löggjöf með það í huga að breyta þessari reglugerð með því að bæta við hana sértækum reglum um vernd fiska við aflifun.

Meðan þess er beðið að þessar ráðstafanir séu samþykktar geta aðildarríkin viðhaldið eða samþykkt landsreglur varðandi vernd fiska við slátrun eða aflifun og skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það.

2. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 8. desember 2012, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um kerfi sem skorða nautgripi með því að snúa þeim á bakið eða í einhverja aðra óeðlilega stöðu. Þessi skýrsla skal byggð á niðurstöðum vísindalegrar rannsóknar þar sem þessi kerfi eru borin saman við kerfi þar sem nautgripum er haldið í uppréttri stöðu og í henni skal taka tillit til þátta er varða velferð dýra auk félagsdagfræðilegra áhrifa, þ.m.t. hvort trúfélög samþykkja slík kerfi og öryggi stjórnendanna. Ef við á skulu þessari skýrslu fylgja tillögur að nýrri löggjöf með það í huga að breyta þessari reglugerð að því er varðar kerfi sem skorða nautgripi með því að snúa þeim á bakið eða í einhverja aðra óeðlilega stöðu.

3. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 8. desember 2013, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um hinar ýmsu aðferðir til deyfingar alifugla, einkum að því er varðar deyfingu margra fugla í einu í vatnsbaði, að teknu tilliti til þátta er varða velferð dýra auk félagsdagfræðilegra og umhverfisfræðilegra áhrifa.

28. gr.

Niðurfelling

1. Tilskipun 93/119/EBE er felld úr gildi.

Að því er varðar 1. mgr. 29. gr. þessarar reglugerðar gilda þó eftirfarandi ákvæði tilskipunar 93/119/EBE áfram:

a) Viðauki A:

i. 1. mgr. I. hluta,

ii. 1. mgr. og önnur setning 3. mgr. og 6., 7. og 8. mgr. og fyrsta setning 9. mgr. í II. hluta,

b) Viðauki C, liður 3.A.2, fyrsti undirliður í lið 3.B.1, liður 3.B.2 og 3.B.4 og liður 4.2 og 4.3 í II. hluta.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. september 2009.

2. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa reglugerð.

29. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Fram til 8. desember 2019 gildir 1. mgr. 14. gr. einungis um ný sláturhús eða hvers kyns nýtt fyrirkomulag, byggingu eða búnað, sem fellur undir reglurnar sem settar eru fram í II. viðauka, sem hefur ekki verið tekinn í notkun fyrir 1. janúar 2013.

2. Fram til 8. desember 2015 geta aðildarríkin kveðið á um að gefa megi út hæfisskírteini, eins og um getur í 21. gr., með einfaldaðri málsmeðferð til aðila sem geta sýnt fram á að þeir hafi a.m.k. þriggja ára viðeigandi, faglega reynslu á viðkomandi sviði.

30. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. janúar 2013.

Fyrir hönd ráðsins,

M. Olofsson

forseti.

I. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR DEYFINGARAÐFERÐIR OG NÁKVÆM SKILGREINING ÞAR AÐ LÚTANDI

(sem um getur í 4. gr.)

I. KAFLI

Aðferðir

Tafla 1 — vélrænar aðferðir

Nr.	Heiti	Lýsing	Skilyrði fyrir notkun	Lykilmæliþættir	Sértækar kröfur varðandi tilteknar aðferðir — II. kafli þessa viðauka
1	Tæki með pinna sem gengur inn í heilann	Alvarlegur og varanlegur skaði á heila af völdum höggs og innferðar pinna. Einföld deyfing.	Allar tegundir. Slátrun, niðurskurður og aðrar aðstæður.	Staðsetning skotsins og stefna. Viðeigandi hraði, innferðarlengd og þvermál pinnans miðað við stærð og tegund dýrsins. Hámarkstími milli deyfingar og blóðtæmingar (sek).	Á ekki við.
2	Tæki með pinna sem gengur ekki inn í heilann	Alvarlegur skaði á heila af völdum höggs frá pinna sem gengur ekki inn í heilann. Einföld deyfing.	Jórturdýr, alifuglar, kanínur og hérar. Eingöngu slátrun að því er varðar jórturdýr. Slátrun, niðurskurður og aðrar aðstæður að því er varðar alifugla, kanínur og héra.	Staðsetning skotsins og stefna. Viðeigandi hraði, þvermál og lögun pinnans miðað við stærð og tegund dýrsins. Styrkleiki skothylkisins sem er notað. Hámarkstími milli deyfingar og blóðtæmingar (sek).	Liður 1.
3	Skotvopn með lausu skoti	Alvarlegur og varanlegur skaði á heila af völdum höggs og innferðar eins eða fleiri skota.	Allar tegundir. Slátrun, niðurskurður og aðrar aðstæður.	Staðsetning skotsins. Afl og hlaupvídd skothylkisins. Tegund skots.	Á ekki við.
4	Mölnun	Allt dýrið er malað tafarlaust.	Kjúklingar allt að 72 klst. gamlir og óklaktir ungar í eggjum. Allar aðstæður aðrar en slátrun.	Hámarksstærð framleiðslulotu í einu. Fjarlægð milli hnifsblaða og snúningshraði. Ráðstafanir til að koma í veg fyrir yfirálag.	Liður 2.
5	Snúid úr hálslið (<i>e. cervical dislocation</i>)	Hálsinn er teygður og undinn með vélrænum hætti eða með handafli, þannig að blóðþurrð verður í heila.	Alifuglar með lífþyngd sem er allt að 5 kg. Slátrun, niðurskurður og aðrar aðstæður.	Á ekki við.	Liður 3.

Nr.	Heiti	Lýsing	Skilyrði fyrir notkun	Lykilmæliþættir	Sértækar kröfur varðandi tilteknar aðferðir — II. kafli þessa viðauka
6	Högg á hausinn	Fast og nákvæmt högg á hausinn sem veldur alvarlegum skaða á heila.	Smágrísir, lömb, kiðlingar, kanínur, hérar, loðdýr og alifuglar með lífþyngd sem er allt að 5 kg. Slátrun, niðurskurður og aðrar aðstæður.	Afl og staðsetning höggsins.	Liður 3.

Tafla 2 — rafrænar aðferðir

Nr.	Heiti	Lýsing	Skilyrði fyrir notkun	Lykilmæliþættir	Sértækar kröfur í II. kafli þessa viðauka
1	Deyfing með rafstraumi sem fer einungis í gegnum hausinn	Rafstraumur er látinn fara gegnum heilann og þannig kemur fram almenn flogaveikivirkni á heilariti. Einföld deyfing.	Allar tegundir. Slátrun, niðurskurður og aðrar aðstæður.	Lágmarksrafstraumur (A eða mA). Lágmarksspenna (V). Hámarkstiðni (Hz). Lágmarkstími sem straumur er látinn fara í gegnum dýr. Hámarkstími milli deyfingar og blóðtæmingar/aflifunar (sek). Tíðni kvörðunar á búnaðinum. Kjörnýting straumhlaupsins. Komið í veg fyrir raflost áður en deyfing fer fram. Staðsetning og snertiflötur rafskauta.	Liður 4.
2	Deyfing með rafstraumi sem er látinn fara gegnum dýrið frá haus til skrokk	Rafstraumur er látinn fara gegnum skrokkinn og þannig kemur fram almenn flogaveikivirkni á heilariti samtímis því að hjartað flóktir eða stöðvast. Einföld deyfing þegar um er að ræða slátrun.	Allar tegundir. Slátrun, niðurskurður og aðrar aðstæður.	Lágmarksrafstraumur (A eða mA). Lágmarksspenna (V). Hámarkstiðni (Hz). Lágmarkstími sem straumur er látinn fara í gegnum dýr. Tíðni kvörðunar á búnaðinum. Kjörnýting straumhlaupsins. Komið í veg fyrir raflost áður en deyfing fer fram. Staðsetning og snertiflötur rafskauta. Hámarkstími milli deyfingar og blóðtæmingar (sek), þegar um er að ræða einfalda deyfingu.	Liður 5.

Nr.	Heiti	Lýsing	Skilyrði fyrir notkun	Lykilmæliþættir	Sértækar kröfur í II. kafla þessa viðauka
3	Vatnsbað	Rafstraumur er látinn fara með vatnsbaði gegnum allan skrokkinn og þannig kemur fram almenn flogaveikivirkni á heilariti og hjartað kann að flökta eða stöðvast. Einföld deyfing nema þegar tíðnin jafngildir eða er minni en 50 Hz.	Alifuglar. Slátrun, niðurskurður og aðrar aðstæður.	Lágmarksrafstraumur (A eða mA). Lágmarksspenna (V). Hámarkstíðni (Hz). Tíðni kvörðunar á búnaðinum. Komið í veg fyrir raflost áður en deyfing fer fram. Dregið sem mest úr sársauka við setningu í upphengjur. Kjörnýting straumhlaupsins. Hámarkstími sem dýr eru í upphengjum áður en þeim er dýft í vatnsbaðið. Lágmarkstími sem straumur er látinn fara í gegnum hvert dýr. Fuglunum er dýft í vatnsbaðið upp að neðsta hluta vængs. Hámarkstími milli deyfingar og blóðtæmingar/aflifunar (sek), þegar tíðni er yfir 50 Hz.	Liður 6.

Tafla 3 — aðferðir þar sem gas er notað

Nr.	Heiti	Lýsing	Skilyrði fyrir notkun	Lykilmæliþættir	Sértækar kröfur í II. kafla þessa viðauka
1	Koltvísýringur í miklum styrk	Dýr, sem eru með meðvitund, eru beint eða smám saman látin verða fyrir váhrifum af gasblöndu sem inniheldur meira en 40% af koltvísýringi. Þessari aðferð má beita í gryfjum, göngum, gámum eða byggingum sem áður hafa verið gerðar loftþéttar. Einföld deyfing þegar um er að ræða slátrun svína.	Svín, dýr af marðarætt, loðkanínur, alifuglar að undanskildum öndum og gæsnum. Eingöngu slátrun að því er varðar svín. Aðrar aðstæður en slátrun að því er varðar alifugla, dýr af marðarætt, loðkanínur, svín.	Styrkur koltvísýrings. Tími sem váhrif standa yfir. Hámarkstími milli deyfingar og blóðtæmingar (sek), þegar um er að ræða einfalda deyfingu. Gæði gassins. Hitastig gassins.	Liður 7. Liður 8.
2	Koltvísýringur í tveimur áföngum	Dýr, sem eru með meðvitund, eru fyrst látin verða fyrir váhrifum af gasblöndu sem inniheldur allt að 40% af koltvísýringi og því næst, eftir að dýrin hafa misst meðvitund, af gasblöndu með meiri styrk koltvísýrings.	Alifuglar Slátrun, niðurskurður og aðrar aðstæður	Styrkur koltvísýrings. Tími sem váhrif standa yfir. Gæði gassins. Hitastig gassins.	Á ekki við.

Nr.	Heiti	Lýsing	Skilyrði fyrir notkun	Lykilmælipættir	Sértækar kröfur í II. kafla þessa viðauka
3	Koltvísýringur ásamt óhvarfgjörnum gastegundum	Dýr, sem eru með meðvitund, eru látin verða fyrir váhrifum af gasblöndu, sem inniheldur allt að 40% af koltvísýringi ásamt óhvarfgjörnum gastegundum, sem veldur súrefnisskort. Þessari aðferð má beita í gryfjum, sekkjum, göngum, gámum eða byggingum sem áður hafa verið gerðar loftþéttar. Einföld deyfing fyrir svín ef váhrifin af a.m.k. 30% koltvísýringi standa yfir í innan við 7 mínútur. Einföld deyfing fyrir alifugla ef heildarváhrifin af a.m.k. 30% koltvísýringi standa yfir í innan við 3 mínútur.	Svín og alifuglar. Slátrun, niðurskurður og aðrar aðstæður.	Styrkur koltvísýrings. Tími sem váhrif standa yfir. Hámarkstími milli deyfingar og blóðtæmingar/aflifunar (sek), þegar um er að ræða einfalda deyfingu. Gæði gassins. Hitastig gassins. Styrkur súrefnis.	Liður 8.
4	Óhvarfgjarnar gastegundir	Dýr, sem eru með meðvitund, eru beint eða smám saman látin verða fyrir váhrifum af blöndu óhvarfgjarnra gastegunda, t.d. argons eða köfnunarefnis, sem veldur súrefnisskort. Þessari aðferð má beita í gryfjum, sekkjum, göngum, gámum eða byggingum sem áður hafa verið gerðar loftþéttar. Einföld deyfing þegar um er að ræða slátrun svína. Einföld deyfing fyrir alifugla ef váhrifin af súrefnisskortu standa yfir í innan við 3 mínútur.	Svín og alifuglar. Slátrun, niðurskurður og aðrar aðstæður.	Styrkur súrefnis. Tími sem váhrif standa yfir. Gæði gassins. Hámarkstími milli deyfingar og blóðtæmingar/aflifunar (sek), þegar um er að ræða einfalda deyfingu. Hitastig gassins.	Liður 8.
5	Kolsýringur (hreinn kolsýringur)	Dýr, sem eru með meðvitund, eru látin verða fyrir váhrifum af gasblöndu sem inniheldur meira en 4% af kolsýringi.	Loðdýr, alifuglar og smágrísir. Aðrar aðstæður en slátrun.	Gæði gassins. Styrkur kolsýringsins. Tími sem váhrif standa yfir. Hitastig gassins.	Liður 9.1., 9.2. og 9.3.
6	Kolsýringur ásamt öðrum gastegundum	Dýr, sem eru með meðvitund, eru látin verða fyrir váhrifum af gasblöndu sem inniheldur meira en 1% af kolsýringi ásamt öðrum eitruðum gastegundum.	Loðdýr, alifuglar og smágrísir. Aðrar aðstæður en slátrun.	Styrkur kolsýringsins. Tími sem váhrif standa yfir. Hitastig gassins. Síun útblásturslofts úr vél.	Liður 9.

Tafla 4 — Aðrar aðferðir

Nr.	Heiti	Lýsing	Skilyrði fyrir notkun	Lykilmæliþættir	Sértækar kröfur í II. kafla þessa viðauka
1	Banvæn innsprautun	Missir meðvitundar og sársaukaskyns, fylgt eftir með endanlegum dauða sem valdið er með innsprautun dýralyfja.	Allar tegundir. Aðrar aðstæður en slátrun.	Tegund innsprautunar. Notkun viðurkenndra lyfja.	Á ekki við.

II. KAFLI

Sértækar kröfur er varða tilteknar aðferðir

1. *Tæki með pinna sem gengur ekki inn í heilann*

Þegar þessi aðferð er notuð skulu rekstraraðilar sjá til þess að hauskúpan brotni ekki.

Þessa aðferð skal einungis nota á jörturdýr með minni lífþyngd en 10 kg.

2. *Mölung*

Með þessari aðferð skal tryggja að dýrin séu möluð tafarlaust og deyi samstundis. Búnaðurinn skal innihalda vélknúin hnífslöð sem snúast hratt eða útstæða hluta úr pólýstýreni. Afköst tækisins skulu vera nógu mikil til að tryggja að öll dýr séu aflífud þegar í stað, jafnvel þótt um mörg dýr sé að ræða.

3. *Snúid úr hálslið og högg á hausinn*

Ekki skal nota þessar aðferðir sem venjubundnar aðferðir heldur einungis ef engar aðrar deyfingaraðferðir eru í boði.

Þessar aðferðir skal ekki nota í sláturhúsum nema sem varaaðferðir til deyfingar.

Hver einstaklingur má að hámarki aflífa sjötíu dýr á dag með handafli með því að snúa þau úr hálsliðnum eða með höggi á hausinn.

Ekki skal snúa dýr, sem eru með meiri lífþyngd en þrjú kílógrömm, úr hálsliðnum með handafli.

4. *Deyfing með rafstraumi sem fer einungis í gegnum hausinn*

4.1. Þegar deyfing fer fram með rafstraumi, sem fer einungis í gegnum hausinn, skulu rafskautin aðlöguð að stærð dýrsins og sett á báðar hliðar hauskúpunnar þannig að straumurinn fari í gegnum heilann.

4.2. Deyfing með rafstraumi, sem fer einungis í gegnum hausinn, skal fara fram í samræmi við lágmarksrafstrauminn sem settur er fram í töflu 1.

Tafla 1 — Lágmarksrafstraumur fyrir deyfingu með rafstraumi sem fer einungis í gegnum hausinn

Flokkur dýra	Nautgripir, 6 mánaða eða eldri	Nautgripir yngri en 6 mánaða	Sauðfé og geitur	Svín	Kjúklingar	Kalkúnar
Lágmarksrafstraumur	1,28 A	1,25 A	1,00 A	1,30 A	240 mA	400 mA

5. *Deyfing með rafstraumi sem er leiddur í gegnum dýrið frá haus til skrokks*

5.1. Sauðfé, geitur og svín.

Lágmarksrafstraumur fyrir deyfingu með rafstraumi, sem er leiddur í gegnum dýrið frá haus til skrokks, skal vera 1 amper fyrir sauðfé og 1,30 amper fyrir svín.

5.2. Refir

Rafskaut skulu sett í munn og endaparm, með straumstyrk sem nemur að lágmarki 0,3 amperum og spennu sem nemur að lágmarki 110 voltum, í a.m.k. þrjár sekúndur.

5.3. Loðkanínur

Rafskaut skulu sett á eyra og skott, með straumstyrk sem nemur að lágmarki 0,57 amperum, í a.m.k. 60 sekúndur.

6. *Deyfing alifugla með rafmagn í vatnsbaði*

6.1. Ekki skal setja dýr í upphengjur ef þau eru of smávaxin fyrir vatnsbaðið eða ef upphengjur eru líklegar til að valda sársauka eða auka sársauka sem fyrir er (t.d. hjá dýrum sem eru sýnilega særð). Í slíkum tilvikum skulu þau aflífuð með annarri aðferð.

6.2. Upphengjur skulu vera blautar áður en lifandi fuglar eru settir í þær og rafstraumur sendur í gegnum þá. Fuglar skulu hengdir upp á báðum fótleggjum.

6.3. Að því er varðar dýr sem um getur í töflu 2 skal deyfing í vatnsbaði fara fram í samræmi við þann lágmarksrafstraum sem þar er mælt fyrir um og rafstraumnum skal beitt á dýrin í a.m.k. fjórar sekúndur.

Tafla 2 — Kröfur varðandi rafmagn í bánaði til deyfingar í vatnsbaði
(meðaltalsgildi fyrir hvert dýr)

Tíðni (Hz)	Kjúklingar	Kalkúnar	Endur og gæsir	Kornhænur
< 200 Hz	100 mA	250 mA	130 mA	45 mA
200 til 400 Hz	150 mA	400 mA	Ekki heimilt	Ekki heimilt
400 til 1500 Hz	200 mA	400 mA	Ekki heimilt	Ekki heimilt

7. *Koltvísýringur í miklum styrk*

Þegar um er að ræða svín, dýr af marðarætt og loðkanínur skal nota koltvísýring í styrkleika sem nemur a.m.k. 80%.

8. *Koltvísýringur, notkun óhvarfgjarnra gastegunda eða samsetninga slíkra gasblandna*

Gasið má aldrei berast þannig inn í klefann eða á hvern þann stað þar sem á að deyfa dýrin og aflífa að það gæti valdið brunasárum eða streitu vegna frosts eða skorts á raka.

9. *Kolsýringur (hrein kolsýringur eða ásamt öðrum gastegundum)*

9.1. Dýrin skulu vera undir sjónrænu eftirliti öllum stundum.

9.2. Þau skulu sett inn eitt í einu og tryggja skal að áður en næsta dýr er sett inn sé dýrið á undan meðvitundarlaust eða dauðt.

9.3. Dýrin skulu höfð í klefanum þar til þau eru dauð.

9.4. Nota má gas, sem framleitt er í vél sem er sérstaklega aðlöguð til aflífunar dýra, að því tilskildu að aðilinn sem ber ábyrgð á aflífuninni hafi fyrst gengið úr skugga um að gasið sem notað er:

- a) sé nógu vel kælt,
- b) sé nógu vel síað,
- c) innihaldi enga ertandi efnisþætti eða ertandi gas.

Vélin skal prófuð árlega áður en aflífun dýra fer fram.

9.5. Dýrin skulu ekki sett í klefann fyrr en lágmarksstyrkleika kolsýrings hefur verið náð.

—

II. VIÐAUKI

SKIPULAG, BYGGING OG BÚNAÐUR SLÁTURHÚSA

(sem um getur í 14. gr.)

1. Öll aðstaða til biðvörslu

1.1. Loftræstikerfi skulu hönnuð, byggð og þeim viðhaldið þannig að velferð dýranna sé tryggð öllum stundum, að teknu tilliti til allra veðurskilyrða sem búast má við.

1.2. Ef notuð er vélknúin loftræsting skal vera til staðar viðvörunar- og varakerfi sem hægt er að grípa til ef bilun verður.

1.3. Hönnun og bygging aðstöðu til biðvörslu skal miða að því að lágmarka áhættu á því að dýrin skaðist og á skyndilegum hávaða.

1.4. Hönnun og bygging aðstöðu til biðvörslu skal miða að því að auðvelda skoðun á dýrunum. Láta skal í té nægilega fasta eða færanlega lýsingu til að hægt sé að skoða dýrin hvenær sem er.

2. Aðstaða til biðvörslu fyrir dýr sem eru ekki afhent í gámum

2.1. Stíur, gangar og rekstrargangar skulu hannaðir og byggðir þannig að:

a) dýrin geti hreyft sig óhindrað í þá átt sem þörf er á í samræmi við atferliseiginleika sína og án truflana,

b) svin eða sauðfé geti gengið hlið við hlið, nema þegar um er að ræða rekstrarganga sem liggja að skorðunarbúnaði.

2.2. Skábrautir og brýr skulu búnar hliðarvörn til að tryggja að dýr geti ekki fallið af þeim.

2.3. Brynningarkerfi í stíum skal þannig hannað, byggt og haldið við að öll dýr hafi ætíð aðgang að hreinu vatni án þess að það valdi þeim skaða eða hamli hreyfingum þeirra.

2.4. Þegar biðstía er notuð skal hún byggð með flötu gólfi og sterkum hliðum á milli geymslustíanna og rekstrargangsins, sem liggur þangað sem deyfing fer fram, og hönnuð þannig að dýrin geti ekki fest sig eða önnur dýr traðkað á þeim.

2.5. Gólf skulu lögð og þeim viðhaldið þannig að lágmarksáhætta sé á því að dýrin renni til, detti eða skaðist á fótum.

2.6. Ef sláturhús eru með aðstöðu til biðvörslu utan dyra, án skýlis eða skugga frá náttúrunnar hendi, skal útbúa skjól gegn slæmum veðurskilyrðum. Þegar slíkt skjól er ekki til staðar skal ekki nota slíka biðvörsluaðstöðu við slæm veðurskilyrði. Ef náttúruleg vatnslind er ekki til staðar skal útbúa brynningaraðstöðu.

3. Skorðunarbúnaður og -aðstaða

3.1. Hönnun, bygging og viðhald skorðunarbúnaðar og -aðstöðu skal miða að því að:

a) deyfingar- eða aflifunaraðferð verði sem best beitt,

b) koma í veg fyrir að dýr skaðist eða merjist,

c) dýrin betjist sem minnst um og gefi frá sér sem minnst hljóð þegar þau eru skorðuð,

d) lágmarka þann tíma sem þau eru skorðuð.

3.2. Þegar um er að ræða nautgripi skulu banabox, þegar notuð er loftknúin pinnabyssa, hafa sérstakan búnað sem hamlar höfuðhreyfingum dýrsins bæði til hliðanna og upp og niður.

4. Rafrænn deyfingarbúnaður (að undanskildum búnaði til deyfingar í vatnsbaði)

4.1. Rafrænn deyfingarbúnaður skal búinn tæki sem birtir og skráir upplýsingar um rafrænu lykilmæliþættina fyrir hvert dýr sem er deyft. Tækið skal staðsett þannig að það sé vel sýnilegt starfsfólkinu og gefi frá sér greinilegt ljós- og hljóðmerki til viðvörunar ef váhrifa gætur skemur en krafist er. Þessar skrár skulu varðveittar í a.m.k. eitt ár.

4.2. Sjálfvirkur, rafrænn deyfingarbúnaður, sem er notaður í tengslum við skorðunarbúnað, skal gefa stöðugan rafstraum.

5. *Búnaður til deyfingar í vatnsbaði*

5.1. Upphengjur skulu hannaðar og staðsettar þannig að fuglar sem hanga í þeim rekist ekki á neinar hindranir og verði fyrir sem minnstri röskun.

5.2. Upphengjur skulu hannaðar þannig að fuglar sem hengdir eru í þær hangi ekki uppi með meðvitund lengur en í eina mínútu. Þegar um er að ræða endur, gæsir og kalkúna skulu fuglarnir ekki hanga uppi með meðvitund lengur en í tvær mínútur.

5.3. Aðgangur skal vera greiður að öllu upphengjufæribandinu, alveg að staðnum þar sem fuglarnir eru settir í kalónunartankinn, svo hægt sé að fjarlægja dýr úr sláturlínunni ef nauðsyn krefur.

5.4. Stærð og lögun málmupphengjanna skal vera í samræmi við stærð fótleggjanna á alifuglunum sem á að slátra þannig að hægt sé að koma þeim í snertingu við rafmagn án þess að það valdi þeim sársauka.

5.5. Búnaðurinn til deyfingar í vatnsbaði skal búinn rafeinangraðri skábraut við inngönguleið og hannaður og viðhaldið þannig að komið sé í veg fyrir að vatn flæði upp úr við innganginn.

5.6. Vatnsbaðið skal hannað þannig að auðvelt sé að breyta því hversu djúpt fuglunum er dýft í það.

5.7. Rafskautin í búnaði til deyfingar í vatnsbaði skulu liggja eftir vatnsbaðinu endilöngu. Vatnsbaðið skal hannað og því viðhaldið þannig að þegar upphengjurnar færast yfir vatnið eru þeir samfleytt í snertingu við jarðtengda stöng.

5.8. Til þess að róa fuglana skal nota búnað, sem er í snertingu við bringu fuglanna, allt frá staðnum þar sem þeir eru hengdir upp og þangað til þeim er dýft í vatnsbaðið.

5.9. Búnaður til deyfingar í vatnsbaði skal vera aðgengilegur til að hægt sé að blóðtæma fugla sem hafa verið deyfðir en eru áfram í vatnsbaðinu vegna bilunar eða tafa á línunni.

5.10. Búnaður til deyfingar í vatnsbaði skal búinn tæki sem birtir og skráir upplýsingar um rafrænu lykilmæliphættina sem notaðir eru. Þessar skrár skulu varðveittar í a.m.k. eitt ár.

6. *Búnaður til deyfingar svína og alifugla með gasi*

6.1. Búnaður til deyfingar með gasi, þ.m.t. færribönd, skal hannaður og byggður með það í huga að:

- a) deyfingu með gasi verði sem best beitt,
- b) koma í veg fyrir að dýr skaðist eða merjist,
- c) dýrin berjist sem minnst um og gefi frá sér sem minnst hljóð þegar þau eru skorðuð.

6.2. Búnaður til deyfingar með gasi skal þannig búinn að hann mæli, birti og skrái stöðugt styrk gassins og tímalengd váhrifa og gefi frá sér auðséd og auðheyranlegt viðvörumerki ef styrkur gassins fer undir þau mörk sem krafist er. Tækið skal staðsett þannig að starfsfólk sjái það greinilega. Þessar skrár skulu varðveittar í a.m.k. eitt ár.

6.3. Búnaður til deyfingar með gasi skal hannaður þannig að dýrin geti lagst niður án þess að liggja ofan á hvert öðru, jafnvel þegar tækið er notað við mestu, leyfilegu afköst.

—

III. VIÐAUKI

STARFSREGLUR FYRIR SLÁTURHÚS

(sem um getur í 15. gr.)

1. *Koma, flutningur og meðhöndlun dýra*

1.1. Velferðarfulltrúi dýra eða aðili sem er ábyrgur milliliðalaust gagnvart honum skal leggja kerfisbundið mat á velferðarskilyrði hvernar sendingar af dýrum við komu þeirra til að greina forgangsatríði, einkum með því að ákvarða hvaða dýr hafi sértækar velferðarþarfir og samsvarandi ráðstafanir sem grípa skal til.

1.2. Dýr skulu affermd eins fljótt og auðið er eftir komu þeirra og síðan slátrað tafarlaust.

Spendýrum, að undanskildum kaninum og hérum, sem eru ekki flutt beint til slátrunarstaðarins við komu þeirra, skal komið fyrir í aðstöðu til biðvörslu.

Dýr, sem ekki er búið að slátra innan tólf klukkustunda eftir komu þeirra, skal fôðra og gefa þeim síðan takmarkað magn fôðurs með viðeigandi millibili. Í slíkum tilvikum skal dýrunum séð fyrir viðeigandi magni af undirburðarefni eða ígildi þess sem tryggir viðeigandi þægindi með tilliti til dýrategundarinnar og fjölda dýra sem um er að ræða. Þetta efni skal tryggja skilvirkt frárennsli eða viðeigandi ísog þvags og saurs.

1.3. Gámum, sem dýr eru flutt í, skal haldið í góðu ástandi og þeir meðhöndlaðir af varúð, einkum ef þeir eru með gataðan eða sveigjanlegan botn og:

- a) ekki skal kasta þeim, láta þá falla, eða velta þeim á hliðina,
- b) ef unnt er skal ferma þá og afferma lárétt og með vélrænum hætti.

Ef mögulegt er skal afferma dýr eitt í einu.

1.4. Þegar gámum er staflað ofan á hvern annan skal gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir:

- a) til að takmarka að þvag og saur leki á dýr sem eru staðsett þar fyrir neðan,
- b) til að tryggja stöðugleika gámanna,
- c) til að tryggja að ekkert hindri loftræstingu.

1.5. Að því er varðar slátrun þá skulu dýr sem ekki hafa verið vanin undan, mjólkandi mjólkurdýr, kvendýr sem hafa átt afkvæmi meðan á flutningi stóð eða dýr sem eru flutt í gámum hafa forgang umfram aðrar tegundir dýra. Ef slíkt er ekki mögulegt skal gera ráðstafanir til að létta af þeim þjáningum, einkum með því að:

- a) mjólka mjólkurdýr á a.m.k. 12 tíma fresti,
- b) sjá til þess að viðeigandi skilyrði séu til mjólkurgjafar og velferðar nýfædds dýrs ef um er að ræða kvendýr sem hefur átt afkvæmi,
- c) brynna dýrum sem eru afhent í gámum.

1.6. Spendýr, að undanskildum kaninum og hérum, sem eru ekki flutt beint til slátrunarstaðarins eftir affermingu, skulu hafa aðgang að drykkjarvatni öllum stundum úr viðeigandi aðstöðu.

1.7. Tryggja skal stöðugt streymi dýra til deyfingar og aflifunar til að koma í veg fyrir að starfsfólk sem meðhöndlar dýr þurfi að reka dýr í flýti úr geymslustiunum.

1.8. Lagt er bann við því:

- a) að berja dýrin eða sparka í þau,

- b) að beita þrýstingi á sérstaklega viðkvæm svæði skrokksins þannig að það valdi dýrinu óþarfa sársauka eða þjáningu,
- c) að lyfta dýrunum eða draga þau á hausnum, eyrunum, hornunum, fótleggjunum, halanum eða reyfinu eða meðhöndla þau þannig að það valdi þeim sársauka eða þjáningu.

Bannið við því að lyfta dýrum á fótleggjunum skal þó ekki gilda um alifugla, kanínur og héra,

- d) að nota broddstafi eða önnur áhöld með hvössum oddi,
- e) að snúa upp á, kremja eða brjóta hala dýranna eða grípa í augntóftir þeirra.

1.9. Forðast skal eins og kostur er notkun tækja sem eru notuð til að gefa rafstuð. Í öllum tilvikum skal einungis nota slík tæki á fullorðna nautgripi og fullorðin svín sem ekki vilja hreyfa sig og því aðeins að dýrin hafi rými framundan til að færa sig áfram. Rafstuðin skulu ekki vara lengur en í eina sekúndu, koma með nægilega löngu millibili og skulu einungis gefin á lend. Ekki skal gefa endurtekin högg ef dýrið bregst ekki við.

1.10. Dýr skal ekki tjóðra á hornunum eða nefhringjunum og ekki skal binda fótleggi þeirra saman. Þegar nauðsynlegt er að tjóðra dýr skulu reipi, tjóður eða önnur áhöld sem notuð eru:

- a) vera nógu sterk til að þau geti ekki slitnað,
- b) vera þannig að dýrin geti lagst niður og étið og drukkið ef nauðsyn krefur og
- c) hönnuð til að útiloka hættu á því að dýrin kyrkist eða slasist og þannig að auðvelt sé að losa þau.

1.11. Dýr sem geta ekki gengið skulu ekki dregin að slátrunarstaðnum heldur aflífuð þar sem þau liggja.

2. Viðbótarreglur um spendýr í biðvörslu (að undanskildum kaninum og hérum)

2.1. Hvert dýr skal hafa nægilegt rými til að standa upp, leggjast niður og, nema þegar um er að ræða nautgripi sem eru geymdir hver í sínu lagi, snúa sér við.

2.2. Dýr skulu haldin á öruggan hátt í biðvörsluáðstöðunni og gera skal ráðstafanir til að koma í veg fyrir að þau sleppi og vernda þau gegn rándýrum.

2.3. Við hverja stíu skal tilgreina komudag og -tíma greinilega á skilti og, nema þegar um er að ræða nautgripi sem eru geymdir hver í sínu lagi, hámarksfjölda dýra sem má hýsa þar.

2.4. Á hverjum degi sem sláturhúsið er starfrækt skal, áður en dýr koma þangað, undirbúa einangrunarstíur fyrir dýr sem þurfa sérstaka umönnun og þær hafðar til taks til tafarlausrar notkunar.

2.5. Velferðarfulltrúi dýra eða aðili sem býr yfir viðeigandi hæfni skal reglulega hafa eftirlit með almennu ástandi og heilbrigðisástandi dýra í biðvörslu.

3. Blóðtæming dýra

3.1. Ef sami starfsmaður sér um að deyfa, setja í upphengjur, hifa upp og blóðtæma dýr skal hann ljúka öllum þeim aðgerðum á sérhverju dýri áður en hann hefst handa við það næsta.

3.2. Þegar um er að ræða einfalda deyfingu eða slátrun í samræmi við 4. mgr. 4. gr., skal skera á hálsslagæðarnar tvær á kerfisbundinn hátt eða á æðarnar sem þær liggja frá. Raförvun skal einungis fara fram þegar gengið hefur verið úr skugga um að dýrið sé meðvitundarlaust. Frekari snyrting eða kalónun skal einungis fara fram þegar gengið hefur verið úr skugga um að dýrið sé ekki með lífsmarki.

3.3. Ekki skal slátra fuglum með sjálfvirkum hálsskurði nema hægt sé að ganga úr skugga um hvort búnaðurinn hafi skorið á báðar blóðæðar á skilvirkan hátt. Ef hálsskurðurinn hefur ekki verið skilvirkur skal fuglinum slátrað tafarlaust.

IV. VIÐAUKI

AÐGERÐIR VIÐ SLÁTRUN OG SAMSVARANDI KRÖFUR Í HÆFISPRÓFI

(sem um getur í 21. gr.)

Slátrunaðgerðir sem taldar eru upp í 2. mgr. 7. gr.	Viðfangsefni í hæfisprófi
Allar aðgerðir sem taldar eru upp í a- til g-lið 2. mgr. 7. gr.	Atferli dýra, þjáning dýra, meðvitund og sársaukaskyn, streita hjá dýrum.
Meðhöndlun og umönnun dýra áður en þau eru skorðuð,	Hagnýtir þættir varðandi meðhöndlun og skorðun dýra.
Skorðun dýra í þeim tilgangi að deyfa eða aflífa þau,	Þekking á fyrirmælum framleiðenda um tegund skorðunarbúnaðar sem notaður er við vélræna festingu.
Deyfing dýra.	Hagnýtir þættir varðandi deyfingaraðferðir og þekking á fyrirmælum framleiðenda um tegund deyfingarbúnaðar sem er notaður. Varaaðferðir til deyfingar og/eða aflífunar. Almennt viðhald og hreinsun deyfingar- og/eða aflífunarbúnaðar.
Mat á skilvirkni deyfingar.	Vöktun á skilvirkni deyfingar. Varaaðferðir til deyfingar og/eða aflífunar.
Að setja dýr í upphengjur eða hífa upp lifandi dýr,	Hagnýtir þættir varðandi meðhöndlun og skorðun dýra. Vöktun á skilvirkni deyfingar.
Blóðtæming lifandi dýra.	Vöktun á skilvirkni deyfingar og því að dýr séu ekki með lífsmarki. Varaaðferðir til deyfingar og/eða aflífunar. Viðeigandi notkun og viðhald hnífa til blóðtæmingar.
Slátrun í samræmi við 4. mgr. 4. gr.	Viðeigandi notkun og viðhald hnífa til blóðtæmingar. Vöktun á því að dýr séu ekki með lífsmarki.
Aflífunaraðgerðir sem taldar eru upp í 3. mgr. 7. gr.	Viðfangsefni í hæfisprófi
Aflífun loðdýra.	Hagnýtir þættir varðandi meðhöndlun og skorðun dýra. Hagnýtir þættir varðandi deyfingaraðferðir og þekking á fyrirmælum framleiðenda um deyfingarbúnað. Varaaðferðir til deyfingar og/eða aflífunar. Vöktun á skilvirkni deyfingar og staðfesting á dauða. Almennt viðhald og hreinsun deyfingar- og/eða aflífunarbúnaðar.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 150/2011

2012/EES/59/25

frá 18. febrúar 2011

um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 að því er varðar alin og villt veiðidýr og kjöt af öldum og villtum veiðidýrum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu. Þar er m.a. kveðið á um kröfur um framleiðslu kjöts af öldum og villtum veiðidýrum og setningu þess á markað. Stjórnendum matvælafyrirtækja er ætlað að tryggja að slíkt kjöt sé einvörðungu sett á markað ef það er framleitt í samræmi við III. og IV. þátt III. viðauka við þá reglugerð.
- 2) Í III. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er kveðið á um að stjórnendur matvælafyrirtækja megi slátra öldum strútfuglum og tilteknum öldum hóf- og klaufdýrum á upprunastað með leyfi lögbærs yfirvalds, að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Þessi skilyrði eru m.a. þau að þegar dýrin, sem er slátrað, koma til slátruhússins skal fylgja þeim yfirlýsing frá stjórnanda matvælafyrirtækisins, þar sem dýrin voru alin, ásamt vottorði sem opinber eða viðurkenndur dýralæknir hefur gefið út og undirritað.
- 3) Í vottorðinu, sem opinberi eða viðurkenndi dýralæknirinn hefur gefið út og undirritað, skal tilgreina slátrunardag og -stund, staðfesta að niðurstöður skoðunar fyrir slátrun hafi verið jákvæðar og að rétt hafi verið staðið að slátrun og blóðtæmingu.
- 4) Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1099/2009 frá 24. september 2009 um vernd dýra við aflifun ⁽²⁾ er mælt fyrir um reglur um aflifun dýra sem eru ræktuð eða haldin til framleiðslu á matvælum, ull, skinnum, loðfeldum eða öðrum framleiðsluvörum. Í þeirri reglugerð er kveðið á um að rekstraraðilar skuli tryggja að eingöngu einstaklingar,

sem eru handhafar hæfisskírteinis þar sem sýnt er fram á hæfni þeirra til að framkvæma slíkar aðgerðir í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð, annist tilteknar aðgerðir við slátrun.

- 5) Líta má svo á að ekki sé nauðsynlegt að opinberi dýralæknirinn eða viðurkenndi dýralæknirinn sé alltaf viðstaddur slátrun og blóðtæmingu, sem fer fram á bújörðinni, ef stjórnendur matvælafyrirtækjanna, þar sem slátrun fer fram, búa yfir tilskilinni hæfni og eru handhafar hæfisskírteinis, í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1099/2009, til að framkvæma slíkar aðgerðir. Í slíkum tilvikum skal stjórnendum matvælafyrirtækja heimilt að votta, í stað opinbera eða viðurkennda dýralæknisins, að rétt hafi verið staðið að slátrun og blóðtæmingu sem og um slátrunardag og -stund.
- 6) Auk þess er í II. kafla IV. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 kveðið á um að eins fljótt og auðið er eftir að stór, villt veiðidýr hafa verið felld skuli til þess þjálfaður einstaklingur athuga skrokkinn og öll innýfli, sem tekin eru úr honum, til að leita einkenna sem gætu bent til þess að heilbrigðisáætta stafi af kjötinu. Ef athuginin leiðir ekki í ljós óeðlileg einkenni sem geta bent til þess að heilbrigðisáætta stafi af kjötinu, ef ekki hefur orðið vart óeðlilegrar hegðunar hjá dýrinu áður en það var fellt og leiki ekki grunur á mengun úr umhverfinu skal þjálfaði einstaklingurinn festa tölusetta yfirlýsingu á skrokk dýrsins þar sem þetta er staðfest.
- 7) Reynslan af beitingu þessara reglna sýnir að það er réttmætt að kveða á um þann möguleika að yfirlýsingin sé ekki fest á skrokk dýrsins og einnig að þessi yfirlýsing taki til fleiri en eins dýraskrokks, að því tilskildu að sýnt sé fram á og ábyrgt að bein tengsl séu á milli dýraskrokkanna og yfirlýsingarinnar um þá.
- 8) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 frá 3. október 2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til mældis ⁽³⁾ er mælt fyrir um reglur um lýðheilsu og heilbrigði dýra að því er varðar söfnun, flutning, geymslu, meðhöndlun, vinnslu og notkun eða förgun aukaafurða úr dýrum, í því skyni að koma í veg fyrir að þessar afurðir skapi áhættu fyrir heilbrigði dýra eða lýðheilsu. Í VII. kafla VIII. viðauka við þá reglugerð eru settar fram kröfur um framleiðslu á veiðiminjagripum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 46, 19.2.2011, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/2012 frá 30. apríl 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 50, 13.9.2012, bls. 4.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 303, 18.11.2009, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 273, 10.10.2002, bls. 1.

- 9) Samkvæmt þeirri reglugerð skulu tæknilegar stöðvar enn fremur njóta viðurkenningar lögbærs yfirvalds, að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Þau skilyrði eru m.a. skuldbinding tæknilegu stöðvarinnar um að fara að þeim sértæku kröfum um framleiðslu sem settar eru fram í þeirri reglugerð.
- 10) Í II. kafla IV. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er kveðið á um að þegar um er að ræða stór, villt veiðidýr þurfi hausinn og innyflin ekki að fylgja skrokknum til starfsstöðvar sem meðhöndlar veiðidýr nema þegar um er að ræða dýrategundir sem eru nærmar fyrir tríkínuveiki en þá þarf hausinn (að undanskildum skögultönnum) og þindin að fylgja skrokknum.
- 11) Í sumum aðildarríkjum þar sem löng hefð er fyrir villidýraveiðum er venja að nota heila hausa af dýrum, þ.m.t. dýr sem eru næm fyrir tríkínu, sem veiðiminjagripi. Krafan í II. kafla IV. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 gerir veiðimönnum og tæknilegum stöðvum erfitt fyrir, að því er varðar framleiðslu á veiðiminjagripum, þegar um er að ræða tegundir sem eru nærmar fyrir tríkínu.
- 12) Því skal gefa lögbærum yfirvöldum kost á að leyfa að hausar af dýrum, sem eru næm fyrir tríkínu, séu sendir til viðurkenndrar tæknilegrar stöðvar til framleiðslu á veiðiminjagripum, jafnvel áður en niðurstaða fæst úr prófuninni fyrir tríkínu. Í öllum slíkum tilvikum skulu vera fyrir hendi nægjanlegar ábyrgðir fyrir rekjanleika.
- 13) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 853/2004 til samræmis við það.
- 14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. febrúar 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er breytt sem hér segir:

1) Í III. þætti bætist við eftirfarandi 3. liður a:

- „3a. Þrátt fyrir j-lið 3. liðar getur lögbært yfirvald leyft að vottun um að rétt hafi verið staðið að slátrun og blóðtæmingu og um slátrunardag og -stund komi einungis fram í yfirlýsingu stjórnanda matvælaframleiðisins, sem um getur í i-lið 3. liðar, að því tilskildu að:
- a) bújörðin sé staðsett í aðildarríki eða á svæði, eins og skilgreint er í p-lið 2. mgr. 2 gr. í tilskipun 64/432/EBE, þar sem ekki eru í gildi heilbrigðistakmarkanir í samræmi við lög Sambandsins eða landslöggjöf,
 - b) stjórnandi matvælaframleiðisins hafi sýnt fram á tilskilda hæfni til að slátra dýrum án þess að valda þeim óþarfa sársauka, nauð eða þjáningum í samræmi við 2. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1099/2009 og með fyrirvara um 12. gr. þeirrar reglugerðar.“

2) Í stað a-liðar 4. liðar í II. kafla IV. þáttar komi eftirfarandi:

- „4.a) Ef athugun, sem um getur í 2. lið, leiðir ekki í ljós nein óeðlileg einkenni, ef ekki hefur orðið vart óeðlilegrar hegðunar hjá dýrinu áður en það var felld og leiki ekki grunur á um mengun úr umhverfinu skal þjálfaði einstaklingurinn festa tölusetta yfirlýsingu á skrokk dýrsins þar sem þetta er staðfest. Í yfirlýsingunni skal einnig tilgreina veiðidag, -stund og -svæði.

Ekki þarf að festa yfirlýsinguna við skrokk dýrsins og hún má taka til fleiri en eins dýraskrokks að því tilskildu að hver dýraskrokkur sé auðkenndur á viðunandi hátt og að í yfirlýsingunni komi fram upplýsingar um auðkennisnúmer hvers dýrs sem hún tekur til ásamt samsvarandi veiðidegi, -stund og -stað. Dýraskrokka, sem falla undir eina og sömu yfirlýsinguna, má einungis senda til einnar tiltekinnar starfsstöðvar sem meðhöndlar veiðidýr.

Haus og innnyfli þurfa ekki að fylgja skrokknum til starfsstöðvarinnar, sem meðhöndlar veiðidýr, nema þegar um er að ræða dýrategundir sem næmar eru fyrir trikinuveiki (svín, hófdýr o.fl.) en þá þarf hausinn (að undanskildum skögultönnum) og þindin að fylgja skrokknum.

Lögbæra yfirvaldið getur þó leyft að hausar af dýrum, sem eru næm fyrir trikinu, séu sendir til tæknilegrar stöðvar, sem hefur verið viðurkennd í samræmi við 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 1774/2002, til framleiðslu á veiðiminjagripum. Þjálfaði einstaklingurinn skal tilgreina í yfirlýsingu sinni um hvaða tæknilegu stöð er að ræða. Senda skal eintak af yfirlýsingunni til tæknilegu stöðvarinnar. Ef niðurstöður úr rannsókn á skrokknum vegna trikinu eru jákvæðar skal lögbært yfirvald framkvæma opinbera skoðun til að staðfesta að hausinn hafi verið meðhöndlaður á viðeigandi hátt í tæknilegu stöðinni.

Veiðimenn verða þó að uppfylla öll viðbótarskilyrði sem sett eru í aðildarríkinu þar sem veiðin fer fram, einkum til að unnt sé að hafa eftirlit með tilteknum efnaleifum og efnum í samræmi við tilskipun 96/23/EB.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 151/2011

2012/EES/59/26

frá 18. febrúar 2011

um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 að því er varðar alin veiðidýr (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 854/2004 er mælt fyrir um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis.
- 2) Í VII. kafla IV. þáttar í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004 eru settar fram sértækar kröfur um opinbert eftirlit að því er varðar alin veiðidýr og kjöt af öldum veiðidýrum. Ein þessara krafna er sú að öldum veiðidýrum eða kjöti af öldum veiðidýrum, sem er skoðað, skuli fylgja vottorð sem samræmist einni af fyrirmyndunum sem settar eru fram í X. kafla þess þáttar.
- 3) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ⁽²⁾ er kveðið á um að stjórnendur matvælafyrirtækja megi slátra öldum strútfuglum og tilteknum öldum hóf- og klaufdýrum á upprunastað með leyfi lögbærs yfirvalds, að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Þessi skilyrði eru m.a. þau að þegar dýrin, sem er slátrað, koma til slátruhússins skal fylgja þeim yfirlýsing frá stjórnanda matvælafyrirtækisins, þar sem dýrin voru alin, ásamt vottorði sem opinber eða viðurkenndur dýralæknir hefur gefið út og og undirritað. Í vottorðinu, sem opinberi eða viðurkenndi dýralæknirinn hefur gefið út og undirritað, skal m.a. tilgreina slátrunardag og -stund og að rétt hafi verið staðið að slátrun og blóðtæmingu dýrsins.

- 4) Með reglugerð (EB) nr. 853/2004, eins og henni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 150/2011 ⁽³⁾ var leyft að í tilteknum tilvikum megi vottun um að rétt hafi verið staðið að slátrun og blóðtæmingu dýrsins og um slátrunardag og -stund koma fram í yfirlýsingu stjórnanda matvælafyrirtækisins.
- 5) Í slíkum tilvikum er rétt að kveðið sé á um að opinberi eða viðurkenndi dýralæknirinn annast reglubundið eftirlit með frammistöðu einstaklinganna sem annast slátrun og blóðtæmingu dýranna. Því ber að breyta VII. kafla IV. þáttar I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004 til samræmis við það.
- 6) Auk þess er í B. hluta X. kafla í IV. þætti I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004 sett fram fyrirmynd að heilbrigðisvottorði fyrir dýr sem slátrað er á bújörðinni. Á þeirri fyrirmynd að heilbrigðisvottorði eru einnig færslur til að votta að rétt hafi verið staðið að slátrun og blóðtæmingu. Leggja skal fram nýja fyrirmynd að heilbrigðisvottorði fyrir þau tilvik þegar stjórnandi matvælafyrirtækis vottar slíkt í yfirlýsingu sinni.
- 7) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 854/2004 til samræmis við það.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 46, 19.2.2011, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/2012 frá 30. apríl 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 50, 13.9.2012, bls. 4.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 139, 30.04.2004, bls. 206.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 139, 30.04.2004, bls. 55.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 46, 19.2.2011, bls. 14.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. febrúar 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum IV. þáttar I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum A-hluta VII. kafla er breytt sem hér segir:

a) Í stað 4. liðar komi eftirfarandi:

„4. Vottorð, sem er í samræmi við fyrirmyndina í A-hluta X. kafla, skal fylgja lífandi dýrum sem skoðuð eru á bújörðinni. Vottorð, sem er í samræmi við fyrirmyndina í B-hluta X. kafla, skal fylgja dýrum sem skoðuð eru og slátrað á bújörðinni. Vottorð, sem er í samræmi við fyrirmyndina í C-hluta X. kafla, skal fylgja dýrum sem skoðuð eru og slátrað á bújörðinni í samræmi við 3. lið a í III. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004.“

b) Eftirfarandi 5. liður bætist við:

„5. Ef lögbært yfirvald leyfir að stjórnandi matvælafyrirtækis megi votta að rétt hafi verið staðið að slátrun og blóðtæmingu dýra skal opinberi eða viðurkenndi dýralæknirinn annast reglubundið eftirlit með frammistöðu einstaklinganna sem annast slátrun og blóðtæmingu dýranna.“

2) Eftirfarandi C-hluti bætist við X. kafla:

„C. FYRIRMYND AÐ HEILBRIGÐISVOTTORÐI FYRIR ALIN VEIÐIDÝR SEM SLÁTRAÐ ER Á BÚJÖRÐINNI í samræmi við 3. lið a í III. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004.“

HEILBRIGÐISVOTTORÐ

fyrir alin veiðidýr sem slátrað er á bújörðinni í samræmi við 3. lið a í III. þætti III. viðauka við
reglugerð (EB) nr. 853/2004

Þar til bær þjónusta:

Nr.:

1. Upplýsingar til að sanngreina dýrin

Tegund:

Fjöldi dýra:

Auðkennismerking:

2. Uppruni dýranna

Heimilisfang upprunabújarðarinnar:

Auðkenni bújarðar (*):

3. Viðtökustaður dýranna

Dýrin verða flutt í eftirfarandi sláturhús:

með eftirfarandi flutningatæki:

4. Aðrar upplýsingar sem skipta máli

5. Yfirlýsing

Ég, undirrituð/undirritaður lýsi því yfir að:

– dýrin, sem um getur hér að framan, voru skoðuð fyrir slátrun á framangreindri bújörð kl.

(tími) þann (dagsetning) og komist að þeirri niðurstöðu að þau væru heilbrigð,

– skrár og gögn varðandi þessi dýr fullnægja lagalegum kröfum og koma því ekki í veg fyrir slátrun dýranna.

Gjört í:

(Staður)

þann:

(Dagsetning)

Stimpill

.....
(Undirskrift opinbers eða viðurkennds dýralæknis)

(*) Valfrjálst.“

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 1263/2011**

2012/EES/59/27

frá 5. desember 2011

um leyfi fyrir *Lactobacillus buchneri* (DSM 16774), *Lactobacillus buchneri* (DSM 12856), *Lactobacillus paracasei* (DSM 16245), *Lactobacillus paracasei* (DSM 16773), *Lactobacillus plantarum* (DSM 12836), *Lactobacillus plantarum* (DSM 12837), *Lactobacillus brevis* (DSM 12835), *Lactobacillus rhamnosus* (NCIMB 30121), *Lactococcus lactis* (DSM 11037), *Lactococcus lactis* (NCIMB 30160), *Pediococcus acidilactici* (DSM 16243) og *Pediococcus pentosaceus* (DSM 12834) sem fôðuraufeknum fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fôðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fôður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 voru lagðar fram umsóknir um leyfi fyrir *Lactobacillus buchneri* (DSM 16774), *Lactobacillus buchneri* (DSM 12856), *Lactobacillus paracasei* (DSM 16245), *Lactobacillus paracasei* (DSM 16773), *Lactobacillus plantarum* (DSM 12836), *Lactobacillus plantarum* (DSM 12837), *Lactobacillus brevis* (DSM 12835), *Lactobacillus rhamnosus* (NCIMB 30121), *Lactococcus lactis* (DSM 11037), *Lactococcus lactis* (NCIMB 30160), *Pediococcus acidilactici* (DSM 16243) og *Pediococcus pentosaceus* (DSM 12834). Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknirnar varða leyfi fyrir *Lactobacillus buchneri* (DSM 16774), *Lactobacillus buchneri* (DSM 12856), *Lactobacillus paracasei* (DSM 16245), *Lactobacillus paracasei* (DSM 16773), *Lactobacillus plantarum* (DSM 12836), *Lactobacillus plantarum* (DSM 12837), *Lactobacillus brevis* (DSM 12835), *Lactobacillus rhamnosus* (NCIMB 30121), *Lactococcus lactis* (DSM 11037), *Lactococcus lactis* (NCIMB 30160), *Pediococcus acidilactici* (DSM 16243) og *Pediococcus pentosaceus* (DSM 12834), í aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“, sem fôðuraufekni fyrir allar dýrategundir.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 322, 6.12.2011, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2012 frá 30. apríl 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 50, 13.9.2012, bls. 9.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu frá 6. september 2011 varðandi *Lactobacillus buchneri* (DSM 16774) ⁽²⁾, *Lactobacillus buchneri* (DSM 12856) ⁽³⁾ og *Lactobacillus brevis* (DSM 12835) ⁽⁴⁾ að þessar örverur hafi ekki skaðleg áhrif á heilbrigði manna eða dýra eða á umhverfið og geti mögulega bætt framleiðslu á votfôðri úr öllum fôðurjurtum með því að auka framleiðslu á ediksýru sem leiðir til aukins, loftháðs stöðugleika í votfôðrinu. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fôðuraufekni í fôðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.
- 5) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í álitinu frá 6. september 2011 varðandi *Lactobacillus paracasei* (DSM 16245) ⁽⁵⁾, *Lactobacillus paracasei* (DSM 16773) ⁽⁶⁾, *Lactobacillus plantarum* (DSM 12836) ⁽⁷⁾ *Lactobacillus plantarum* (DSM 12837) ⁽⁸⁾, *Lactobacillus rhamnosus* (NCIMB 30121) ⁽⁹⁾, *Lactococcus lactis* (NCIMB 30160) ⁽¹⁰⁾, *Pediococcus acidilactici* (DSM 16243) ⁽¹¹⁾ og *Pediococcus pentosaceus* (DSM 12834) ⁽¹²⁾ og í álitinu frá 8. september 2011 varðandi *Lactococcus lactis* (DSM 11037) ⁽¹³⁾ að þessar örverur hafi ekki skaðleg áhrif á heilbrigði manna eða dýra eða á umhverfið og geti mögulega bætt framleiðslu á votfôðri úr öllum fôðurjurtum með því að lækka sýrustig og auka geymsluþol þurrefna. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fôðuraufekni í fôðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.
- 6) Mat á *Lactobacillus buchneri* (DSM 16774), *Lactobacillus buchneri* (DSM 12856), *Lactobacillus paracasei* (DSM 16245), *Lactobacillus paracasei* (DSM

⁽²⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(9), 2359.

⁽³⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(9), 2361.

⁽⁴⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(9), 2368.

⁽⁵⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(9), 2363.

⁽⁶⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(9), 2370.

⁽⁷⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(9), 2367.

⁽⁸⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(9), 2362.

⁽⁹⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(9), 2365.

⁽¹⁰⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(9), 2366.

⁽¹¹⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(9), 2364.

⁽¹²⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(9), 2369.

⁽¹³⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(9), 2374.

16773), *Lactobacillus plantarum* (DSM 12836), *Lactobacillus plantarum* (DSM 12837), *Lactobacillus brevis* (DSM 12835), *Lactobacillus rhamnosus* (NCIMB 30121), *Lactococcus lactis* (DSM 11037), *Lactococcus lactis* (NCIMB 30160), *Pediococcus acidilactici* (DSM 16243) og *Pediococcus pentosaceus* (DSM 12834) sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessara örvera eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Örverurnar, sem tilheyra aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnun „þlöndunarefni til votföðursverkunar“ og eru tilgreindar í viðaukanum, eru leyfðar sem aukefni í fæði með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. desember 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingafjöldi (CFU)/kg fersks efnis			
Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: íblöndunarefni til votfóðursverkunar.									
1k2074	—	<i>Lactobacillus buchneri</i> (DSM 16774)	Samsetning aukefnis: Blanda með <i>Lactobacillus buchneri</i> (DSM 16774) sem inniheldur að lágmarki 5×10^{11} CFU/g aukefnis Lýsing á eiginleikum virka efnisins: <i>Lactobacillus buchneri</i> (DSM 16774) Greiningaraðferð ⁽¹⁾ Ákvörðun á heildarfjölda örvera með yfirborðsræktun á MRS-agar (EN 15787) Sanngreining: með rafdrætti á geli í púlssviði (PFGE)	Allar dýrategundir	—		—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita og geymsluþol. 2. Lágmarksskammtur aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum til votfóðursverkunar: 1×10^8 CFU/kg fersks efnis. 3. Varðandi öryggi: Mælt er með að nota öndunarvörn og hlífðarhanska við meðhöndlun.	26.12.2021.
1k2075	—	<i>Lactobacillus buchneri</i> (DSM 12856)	Samsetning aukefnis: Blanda með <i>Lactobacillus buchneri</i> (DSM 12856) sem inniheldur að lágmarki 5×10^{11} CFU/g aukefnis Lýsing á eiginleikum virka efnisins: <i>Lactobacillus buchneri</i> (DSM 12856) Greiningaraðferð ⁽¹⁾ Ákvörðun á heildarfjölda örvera með yfirborðsræktun á MRS-agar (EN 15787) Sanngreining: með rafdrætti á geli í púlssviði (PFGE)	Allar dýrategundir	—		—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita og geymsluþol. 2. Lágmarksskammtur aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum til votfóðursverkunar: 1×10^8 CFU/kg fersks efnis. 3. Varðandi öryggi: Mælt er með að nota öndunarvörn og hlífðarhanska við meðhöndlun.	26.12.2021.
1k2076	—	<i>Lactobacillus paracasei</i> (DSM 16245)	Samsetning aukefnis: Blanda með <i>Lactobacillus paracasei</i> (DSM 16245) sem inniheldur að lágmarki 5×10^{11} CFU/g aukefnis Lýsing á eiginleikum virka efnisins: <i>Lactobacillus paracasei</i> (DSM 16245) Greiningaraðferð ⁽¹⁾ Ákvörðun á heildarfjölda örvera með yfirborðsræktun á MRS-agar (EN 15787) Sanngreining: með rafdrætti á geli í púlssviði (PFGE)	Allar dýrategundir	—		—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita og geymsluþol. 2. Lágmarksskammtur aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum til votfóðursverkunar: 1×10^8 CFU/kg fersks efnis. 3. Varðandi öryggi: Mælt er með að nota öndunarvörn og hlífðarhanska við meðhöndlun.	26.12.2021.

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingafjöldi (CFU)/kg fersks efnis			
1k2077	—	<i>Lactobacillus paracasei</i> (DSM 16773)	Samsetning aukefnis: Blanda með <i>Lactobacillus paracasei</i> (DSM 16773) sem inniheldur að lágmarki 4×10^{11} CFU/g aukefnis Lýsing á eiginleikum virka efnisins: <i>Lactobacillus paracasei</i> (DSM 16773) Greiningaraðferð ⁽¹⁾ Ákvörðun á heildarfjölda örvera með yfirborðsræktun á MRS-agar (EN 15787) Sanngreining: með rafdrætti á geli í púlssviði (PFGE)	Allar dýrategundir	—		—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita og geymsluþol. 2. Lágmarksskammtur aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum til votföðursverkunar: 1×10^8 CFU/kg fersks efnis. 3. Varðandi öryggi: Mælt er með að nota öndunarvörn og hlífðarhanska við meðhöndlun.	26.12.2021.
1k2078	—	<i>Lactobacillus plantarum</i> (DSM 12836)	Samsetning aukefnis: Blanda með <i>Lactobacillus plantarum</i> (DSM 12836) sem inniheldur að lágmarki 5×10^{11} CFU/g aukefnis Lýsing á eiginleikum virka efnisins: <i>Lactobacillus plantarum</i> (DSM 12836) Greiningaraðferð ⁽¹⁾ Ákvörðun á heildarfjölda örvera með yfirborðsræktun á MRS-agar (EN 15787) Sanngreining: með rafdrætti á geli í púlssviði (PFGE)	Allar dýrategundir	—		—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita og geymsluþol. 2. Lágmarksskammtur aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum til votföðursverkunar: 1×10^8 CFU/kg fersks efnis. 3. Varðandi öryggi: Mælt er með að nota öndunarvörn og hlífðarhanska við meðhöndlun.	26.12.2021.
1k2079	—	<i>Lactobacillus plantarum</i> (DSM 12837)	Samsetning aukefnis: Blanda með <i>Lactobacillus plantarum</i> (DSM 12837) sem inniheldur að lágmarki 5×10^{11} CFU/g aukefnis Lýsing á eiginleikum virka efnisins: <i>Lactobacillus plantarum</i> (DSM 12837) Greiningaraðferð ⁽¹⁾ Ákvörðun á heildarfjölda örvera með yfirborðsræktun á MRS-agar (EN 15787) Sanngreining: með rafdrætti á geli í púlssviði (PFGE)	Allar dýrategundir	—		—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita og geymsluþol. 2. Lágmarksskammtur aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum til votföðursverkunar: 1×10^8 CFU/kg fersks efnis. 3. Varðandi öryggi: Mælt er með að nota öndunarvörn og hlífðarhanska við meðhöndlun.	26.12.2021.

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingafjöldi (CFU)/kg fersks efnis			
1k20710	—	<i>Lactobacillus brevis</i> (DSM 12835)	Samsetning aukefnis: Blanda með <i>Lactobacillus brevis</i> (DSM 12835) sem inniheldur að lágmarki 5×10^{11} CFU/g aukefnis Lýsing á eiginleikum virka efnisins: <i>Lactobacillus brevis</i> (DSM 12835) Greiningaraðferð ⁽¹⁾ Ákvörðun á heildarfjölda örvera með yfirborðsræktun á MRS-agar (EN 15787) Sanngreining: með rafdrætti á geli í púlssviði (PFGE)	Allar dýrategundir	—		—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita og geymsluþol. 2. Lágmarksskammtur aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum til votföðursverkunar: 1×10^8 CFU/kg fersks efnis. 3. Varðandi öryggi: Mælt er með að nota öndunarvörn og hlífðarhanska við meðhöndlun.	26.12.2021.
1k20711	—	<i>Lactobacillus rhamnosus</i> (NCIMB 30121)	Samsetning aukefnis: Blanda með <i>Lactobacillus rhamnosus</i> (NCIMB 30121) sem inniheldur að lágmarki 4×10^{11} CFU/g aukefnis Lýsing á eiginleikum virka efnisins: <i>Lactobacillus rhamnosus</i> (NCIMB 30121) Greiningaraðferð ⁽¹⁾ Ákvörðun á heildarfjölda örvera með yfirborðsræktun á MRS-agar (EN 15787) Sanngreining: með rafdrætti á geli í púlssviði (PFGE)	Allar dýrategundir	—		—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita og geymsluþol. 2. Lágmarksskammtur aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum til votföðursverkunar: 1×10^8 CFU/kg fersks efnis. 3. Varðandi öryggi: Mælt er með að nota öndunarvörn og hlífðarhanska við meðhöndlun.	26.12.2021.
1k2081	—	<i>Lactococcus lactis</i> (DSM 11037)	Samsetning aukefnis: Blanda með <i>Lactococcus lactis</i> (DSM 11037) sem inniheldur að lágmarki 5×10^{10} CFU/g aukefnis Lýsing á eiginleikum virka efnisins: <i>Lactococcus lactis</i> (DSM 11037) Greiningaraðferð ⁽¹⁾ Ákvörðun á heildarfjölda: áhellingaraðferð þar sem notaður er MRS-agar (ISO 15214) Sanngreining: með rafdrætti á geli í púlssviði (PFGE)	Allar dýrategundir	—		—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita og geymsluþol. 2. Lágmarksskammtur aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum til votföðursverkunar: 1×10^8 CFU/kg fersks efnis. 3. Varðandi öryggi: Mælt er með að nota öndunarvörn og hlífðarhanska við meðhöndlun.	26.12.2021.

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingafjöldi (CFU)/kg fersks efnis			
1k2082	—	<i>Lactococcus lactis</i> (NCIMB 30160)	Samsetning aukefnis: Blanda með <i>Lactococcus lactis</i> (NCIMB 30160) sem inniheldur að lágmarki 4×10^{11} CFU/g aukefnis Lýsing á eiginleikum virka efnisins: <i>Lactococcus lactis</i> (NCIMB 30160) Greiningaraðferð ⁽¹⁾ Ákvörðun á heildarfjölda: áhellingaraðferð þar sem notaður er MRS-agar (ISO 15214) Sanngreining: með rafdrætti á geli í púlssviði (PFGE)	Allar dýrategundir	—	—	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita og geymsluþol. 2. Lágmarksskammtur aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum til votföðursverkunar: 1×10^8 CFU/kg fersks efnis. 3. Varðandi öryggi: Mælt er með að nota öndunarvörn og hlífðarhanska við meðhöndlun.	26.12.2021.
1k2102	—	<i>Pediococcus acidilactici</i> (DSM 16243)	Samsetning aukefnis: Blanda með <i>Pediococcus acidilactici</i> (DSM 16243) sem inniheldur að lágmarki 5×10^{11} CFU/g aukefnis Lýsing á eiginleikum virka efnisins: <i>Pediococcus acidilactici</i> (DSM 16243) Greiningaraðferð ⁽¹⁾ Ákvörðun á heildarfjölda örvera með yfirborðsræktun á MRS-agar (EN 15786) Sanngreining: með rafdrætti á geli í púlssviði (PFGE)	Allar dýrategundir	—	—	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita og geymsluþol. 2. Lágmarksskammtur aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum til votföðursverkunar: 1×10^8 CFU/kg fersks efnis. 3. Varðandi öryggi: Mælt er með að nota öndunarvörn og hlífðarhanska við meðhöndlun.	26.12.2021.
1k2103	—	<i>Pediococcus pentosaceus</i> (DSM 12834)	Samsetning aukefnis: Blanda með <i>Pediococcus pentosaceus</i> (DSM 12834) sem inniheldur að lágmarki 4×10^{11} CFU/g aukefnis Lýsing á eiginleikum virka efnisins: <i>Pediococcus pentosaceus</i> (DSM 12834) Greiningaraðferð ⁽¹⁾ Ákvörðun á heildarfjölda örvera með yfirborðsræktun á MRS-agar (EN 15786) Sanngreining: með rafdrætti á geli í púlssviði (PFGE)	Allar dýrategundir	—	—	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita og geymsluþol. 2. Lágmarksskammtur aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum til votföðursverkunar: 1×10^8 CFU/kg fersks efnis. 3. Varðandi öryggi: Mælt er með að nota öndunarvörn og hlífðarhanska við meðhöndlun.	26.12.2021.

⁽¹⁾ Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 208/2011

2012/EES/59/28

frá 2. mars 2011

um breytingu á VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 180/2008 og (EB) nr. 737/2008 að því er varðar skrár yfir tilvísunarrannsóknarstofur ESB og heiti þeirra (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/426/EBE frá 26. júní 1990 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á flutninga og innflutning hófdýra frá þriðju löndum ⁽¹⁾, einkum iv. lið 19. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fôður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ⁽²⁾, einkum 5. mgr. 32. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum ⁽³⁾, einkum 1. mgr. 55. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 882/2004 er mælt fyrir um almenn verkefni, skyldur og kröfur sem varða tilvísunarrannsóknarstofur Bandalagsins fyrir matvæli og fôður og fyrir heilbrigði dýra og lifandi dýr. Tilvísunarrannsóknarstofur Bandalagsins fyrir matvæli og fôður eru tilgreindar í I. hluta og fyrir heilbrigði dýra og lifandi dýr í II. hluta VII. viðauka við þá reglugerð.
- 2) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 180/2008 frá 28. febrúar 2008 um tilvísunarrannsóknarstofu Bandalagsins fyrir sjúkdóma í dýrum af hestaætt, aðra en afrikuhrossapest, og um breytingu á VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 ⁽⁴⁾, var Agence Française de Sécurité Sanitaire des Aliments (AFSSA) ásamt rannsóknarstofum hennar á sviði meinafræði dýra og sjúkdóma sem berast milli manna og dýra, sem er staðsett í Frakklandi, tilnefnd sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins fyrir sjúkdóma í dýrum af hestaætt, aðra en afrikuhrossapest.
- 3) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 737/2008 frá 28. júlí 2008 um tilnefningu á tilvísunarrannsóknarstofum Bandalagsins fyrir sjúkdóma í krabbadýrum, hundaæði og berkla í nautgripum, um

frekari skyldur og verkefni tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins fyrir hundaæði og berkla í nautgripum og um breytingu á VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 ⁽⁵⁾ var Laboratoire d'études sur la rage et la pathologie des animaux sauvages undir Agence Française de Sécurité Sanitaire des Aliments (AFSSA), Nancy, Frakklandi, tilnefnd sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins fyrir hundaæði.

- 4) Frakkland og Danmörk hafa tilkynnt framkvæmdastjórninni opinberlega um breytingar sem varða heiti rannsóknarstofanna sem um getur í þeim reglugerðum. Enn fremur skulu rannsóknarstofurnar, sem eru skráðar í VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004 og voru áður nefndar „tilvísunarrannsóknarstofur Bandalagsins“, nú nefndar „tilvísunarrannsóknarstofur Evrópusambandsins“ eftir gildistöku Lissabonsáttmáls.
- 5) Það er mikilvægt að uppfæra reglulega skrána yfir tilvísunarrannsóknarstofur ESB sem sett er fram í reglugerðum (EB) nr. 882/2004, (EB) nr. 180/2008 og nr. 737/2008. Því ber að breyta þessum reglugerðum til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004 komi texti viðaukans við þessa reglugerð.

2. gr.

Í stað 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 180/2008 komi eftirfarandi:

„1. gr.

1. Agence nationale de sécurité sanitaire de l'alimentation, de l'environnement et du travail (ANSES) ásamt rannsóknarstofum hennar fyrir heilbrigði dýra og sjúkdóma í dýrum af hestaætt, Frakklandi, er hér með tilnefnd sem tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir sjúkdóma í dýrum af hestaætt, aðra en afrikuhrossapest, á tímabilinu frá 1. júlí 2008 til 30. júní 2013.

2. Hlutverk, verkefni og málsmeðferðarreglur, að því er varðar samstarf tilvísunarrannsóknarstofu ESB, sem um getur í 1. mgr., við þær rannsóknarstofur sem eru ábyrgar fyrir greiningu á smitsjúkdómum í dýrum af hestaætt í aðildarríkjunum eru sett fram í viðaukanum við þessa reglugerð.“

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 58, 3.3.2011, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2012 frá 30. apríl 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 50, 13.9.2012, bls. 11.

(1) Stjtið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 42.

(2) Stjtið. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.

(3) Stjtið. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14.

(4) Stjtið. ESB L 56, 29.2.2008, bls. 4.

(5) Stjtið. ESB L 201, 30.7.2008, bls. 29.

3. gr.

Í stað fyrstu málsgreinar 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 737/2008 komi eftirfarandi:

„Laboratoire de la rage et de la faune sauvage de Nancy undir Agence nationale de sécurité sanitaire de l'alimentation, de

l'environnement et du travail (ANSES), Frakklandi, er hér með tilnefnd sem tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir hundaæði á tímabilinu frá 1. júlí 2008 til 30. júní 2013.“

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. mars 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

VIÐAUKI

Í stað VII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 882/2004 komi eftirfarandi:

„VII. VIÐAUKI

TILVÍSUNARRANNSÓKNARSTOFUR EVRÓPUSAMBANDSINS (ESB)
(áður nefndar „TILVÍSUNARRANNSÓKNARSTOFUR BANDALAGSINS“)

I. TILVÍSUNARRANNSÓKNARSTOFUR ESB FYRIR FÓÐUR OG MATVÆLI

1. **Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir mjólk og mjólkurvörur**
ANSES — Laboratoire de sécurité des aliments
Maisons-Alfort
Frakkland
2. **Tilvísunarrannsóknarstofur ESB fyrir greiningu og prófun vegna sjúkdóma sem berast milli manna og dýra (salmonella)**
Rijksinstituut voor Volksgezondheid en Milieu (RIVM)
Bilthoven
Holland
3. **Tilvísunarrannsóknarstofa ESB sem annast vöktun á sjávarlífeitri**
Agencia Española de Seguridad Alimentaria (AESAs)
Vigo
Spánn
4. **Tilvísunarrannsóknarstofa ESB sem annast vöktun á veiru- og bakteríumengun í samlokum**
The laboratory of the Centre for Environment, Fisheries and Aquaculture Science (Cefas)
Weymouth
Bretland
5. **Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á *Listeria monocytogenes***
ANSES — Laboratoire de sécurité des aliments
Maisons-Alfort
Frakkland
6. **Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á kóagúlusa-jákvæðum klasakokkum, þ.m.t. *Staphylococcus aureus***
ANSES — Laboratoire de sécurité des aliments
Maisons-Alfort
Frakkland
7. **Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á *Escherichia coli*, þ.m.t. *E. Coli* (VTEC) sem mynda verðsýtótoxín**
Istituto Superiore di Sanità (ISS)
Roma
Ítalía
8. **Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á kampýlóbakter**
Statens Veterinärmedicinska Anstalt (SVA)
Uppsala
Svíþjóð
9. **Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á sníklum, (einkum trikinu (*Trichinella*), sullabandormi (*Echinococcus*) og hringormi (*Anisakis*))**
Istituto Superiore di Sanità (ISS)
Roma
Ítalía

10. **Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á þoli gegn sýkingalyfjum**
Fødevareinstituttet
Danmarks Tekniske Universitet
København
Danmörk
11. **Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á dýraprótni í fœðri**
Centre wallon de Recherches agronomiques (CRA-W)
Gembloux
Belgía
12. **Tilvísunarrannsóknarstofur ESB fyrir rannsóknir á leifum dýralyfja og aðskotaefna í matvælum úr dýraríkinu**
- a) Fyrir þær efnaleifar sem eru tilgreindar í 1., 2., 3. og 4. lið í A-flokki, d-lið 2. liðar í B-flokki og d-lið 3. liðar í B-flokki í I. viðauka við tilskipun 96/23/EB
Rijksinstituut voor Volksgezondheid en Milieu (RIVM)
Bilthoven
Holland
- b) Fyrir þær efnaleifar sem eru tilgreindar í 1. lið í B-flokki og e-lið 3. liðar í B-flokki í I. viðauka við tilskipun 96/23/EB og fyrir karbadox og ólakvinox
ANSES – Laboratoire de Fougères
Frakkland
- c) Fyrir þær efnaleifar sem eru tilgreindar í 5. lið í A-flokki og a-, b- og e-lið 2. liðar í B-flokki I. viðauka við tilskipun 96/23/EB
Bundesamt für Verbraucherschutz und Lebensmittelsicherheit (BVL)
Berlin
Þýskaland
- d) Fyrir þær efnaleifar sem eru tilgreindar í c-lið 3. liðar í B-flokki í I. viðauka við tilskipun 96/23/EB
Istituto Superiore di Sanità
Roma
Ítalía
13. **Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á smitandi heilahrörnun**
Rannsóknarstofan sem um getur í B-kafla X. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001
The Veterinary Laboratories Agency
Addlestone
Bretland
14. **Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á aukefnum til notkunar í fœður**
Rannsóknarstofan sem um getur í II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fœðri ⁽¹⁾
Sameiginleg rannsóknarmiðstöð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins
Geel
Belgía
15. **Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á erfðabreyttum lifverum**
Rannsóknarstofan sem um getur í viðaukanum við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1829/2003 frá 22. september 2003 um erfðabreytt matvæli og fœður ⁽²⁾
Sameiginleg rannsóknarmiðstöð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins
Ispra
Ítalía

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 1.

16. **Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á efnum sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli**
Sameiginleg rannsóknarmiðstöð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins
Ispra
Ítalía
17. **Tilvísunarrannsóknarstofur ESB fyrir varnarefnaleifar**
- a) Kornvörur og fóður
Fødevareinstituttet
Danmarks Tekniske Universitet
København
Danmörk
- b) Matvæli úr dýraríkinu og vörur sem innihalda mikla fitu
Chemisches und Veterinäruntersuchungsamt (CVUA) Freiburg
Freiburg
Þýskaland
- c) Ávextir og grænmeti, þ.m.t. vörur sem innihalda mikið vatn og mikla sýru
Laboratorio Agrario de la Generalitat Valenciana (LAGV)
Burjassot-Valencia
Spánn
Grupo de Residuos de Plaguicidas de la Universidad de Almería (PRRG)
Almería
Spánn
- d) Aðferðir til að greina hverja efnaleif fyrir sig
Chemisches und Veterinäruntersuchungsamt (CVUA) Stuttgart
Fellbach
Þýskaland
18. **Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á þungmálum í fóðri og matvælum**
Sameiginleg rannsóknarmiðstöð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins
Geel
Belgía
19. **Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á sveppaeitri**
Sameiginleg rannsóknarmiðstöð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins
Geel
Belgía
20. **Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á fjölhringa, arómatískum vetniskolefnum (PAH)**
Sameiginleg rannsóknarmiðstöð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins
Geel
Belgía
21. **Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á díoxíni og fjölkloruðum bifenílum (PCB) í fóðri og matvælum**
Chemisches und Veterinäruntersuchungsamt (CVUA) Freiburg
Freiburg
Þýskaland

II. TILVÍSUNARRANNSÓKNARSTOFUR ESB FYRIR RANNSÓKNIR Á HEILBRIGÐI DÝRA OG Á LIFANDI DÝRUM

1. Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á svínapest

Rannsóknarstofan sem um getur í tilskipun ráðsins 2001/89/EB frá 23. október 2001 um ráðstafanir Bandalagsins til að hafa eftirlit með svínapest⁽¹⁾.

2. Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á afríkuhrossapest

Rannsóknarstofan sem um getur í tilskipun ráðsins 92/35/EBE frá 29. apríl 1992 varðandi reglur um eftirlit með og ráðstafanir gegn Afríkuhrossapest⁽²⁾.

3. Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á fuglainflúensu

Rannsóknarstofan sem um getur í tilskipun ráðsins 2005/94/EB frá 20. desember 2005 um ráðstafanir Bandalagsins um varnir gegn fuglainflúensu og niðurfellingu tilskipunar 92/40/EBE⁽³⁾.

4. Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á Newcastle-veiki

Rannsóknarstofan sem um getur í tilskipun ráðsins 92/66/EBE frá 14. júlí 1992 um ráðstafanir Bandalagsins vegna eftirlits með Newcastle-veiki⁽⁴⁾.

5. Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á svínafári

Rannsóknarstofan sem um getur í tilskipun ráðsins 92/119/EBE frá 17. desember 1992 um almennar ráðstafanir Bandalagsins vegna eftirlits með tilteknum dýrasjúkdómum og sérstakar ráðstafanir í tengslum við blöðruveiki í svínunum⁽⁵⁾.

6. Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á fisksjúkdómum

Veterinærinstituttet

Afdeling for Fjerkræ, Fisk og Pelsdyr

Danmarks Tekniske Universitet

Aarhus

Danmörk

7. Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á lindýrasjúkdómum

Ifremer — Institut français de recherche pour l'exploitation de la mer

La Tremblade

Frakkland

8. Tilvísunarrannsóknarstofa ESB sem annast vöktun á skilvirkni bólusetningar við hundæði

Rannsóknarstofan sem um getur í ákvörðun ráðsins 2000/258/EB frá 20. mars 2000 um tilnefningu á sérstakri stofnun sem sér um að ákveða nauðsynlegar viðmiðanir við stöðlun sermiprófa til að fylgjast með árangri af notkun bóluefnis við hundæði⁽⁶⁾.

9. Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á blátungu

Rannsóknarstofan sem um getur í tilskipun ráðsins 2000/75/EB frá 20. nóvember 2000 um sérstök ákvæði um eftirlit með og útrýmingu blátungu⁽⁷⁾.

10. Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á afríkusvínapest

Rannsóknarstofan sem um getur í tilskipun ráðsins 2002/60/EB frá 27. júní 2002 um sérákvæði um eftirlit með Afríkusvínapest og um breytingu á tilskipun 92/119/EBE að því er varðar lömunarveiki í svínunum og Afríkusvínapest⁽⁸⁾.

11. Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á dýrarækt

Rannsóknarstofan sem um getur í ákvörðun ráðsins 96/463/EB frá 23. júlí 1996 um að tilnefna tilvísunaraðila sem sér um að unnið sé saman að því að samhæfa prófunaraðferðir og mat á niðurstöðum hvað varðar hreinræktuð kynbótadýr af nautgripakyni⁽⁹⁾.

⁽¹⁾ Stj.útd. EB L 316, 1.12.2001, bls. 5.

⁽²⁾ Stj.útd. EB L 157, 10.6.1992, bls. 19.

⁽³⁾ Stj.útd. ESB L 10, 14.1.2006, bls. 16.

⁽⁴⁾ Stj.útd. EB L 260, 5.9.1992, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stj.útd. EB L 62, 15.3.1993, bls. 69.

⁽⁶⁾ Stj.útd. EB L 79, 30.3.2000, bls. 40.

⁽⁷⁾ Stj.útd. EB L 327, 22.12.2000, bls. 74.

⁽⁸⁾ Stj.útd. EB L 192, 20.7.2002, bls. 27.

⁽⁹⁾ Stj.útd. EB L 192, 2.8.1996, bls. 19.

12. Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir rannsóknir á gin- og klaufaveiki

Rannsóknarstofan sem um getur í tilskipun ráðsins 2003/85/EB frá 29. september 2003 um ráðstafanir Bandalagsins vegna eftirlits með gin- og klaufaveiki, um niðurfellingu á tilskipun 85/511/EBE og ákvörðunum 89/531/EBE og 91/665/EBE og um breytingu á tilskipun 92/46/EBE⁽¹⁰⁾.

13. Tilvísunarrannsóknarstofur ESB fyrir rannsóknir á öldusótt

ANSES — Laboratoire de santé animale

Maisons-Alfort

Frakkland

14. Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir sjúkdóma í dýrum af hestaætt, aðra en afrikuhrossapest

ANSES — Laboratoire de santé animale/Laboratoire de pathologie équine

Maisons-Alfort

Frakkland

15. Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir sjúkdóma í krabbadýrum

Centre for Environment, Fisheries & Aquaculture Science (Cefas)

Weymouth

Bretland

16. Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir hundaeði

ANSES — Laboratoire de la rage et de la faune sauvage de Nancy

Malzeville

Frakkland

17. Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir berkla í nautgripum

VISAVET — Laboratorio de vigilancia veterinaria, Facultad de Veterinaria, Universidad Complutense de Madrid

Madrid

Spánn“

⁽¹⁰⁾ Stjótt. ESB L 306, 22.11.2003, bls. 1.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 844/2011**

2012/EES/59/29

frá 23. ágúst 2011

**um samþykki fyrir eftirliti Kanada fyrir útflutning hveitis og hveitimjöls til að kanna
hvort það inniheldur okratoxín A (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fôður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ⁽¹⁾, einkum 23. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1881/2006 frá 19. desember 2006 um hámarksgildi fyrir tiltekin aðskotaefni í matvælum ⁽²⁾ er mælt fyrir um leyfileg hámarksgildi fyrir okratoxín A í matvælum. Einungis má setja matvæli á markað í Sambandinu sem uppfylla kröfur um hámarksgildi.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 882/2004 er kveðið á um að aðildarríkjunum sé skylt að sjá til þess að opinberu eftirliti sé sinnt reglulega og út frá áhættu og fari nægilega oft fram til að markmiðum þessarar reglugerðar verði náð, en þau eru m.a. að afstýra eða eyða áhættu gagnvart fólki og dýrum eða minnka hana að viðunandi marki.
- 3) Í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004 er kveðið á um að samþykkja megi sérstakt eftirlit sem þriðja land annast með fôðri og matvælum rétt áður en þau eru flutt út til Evrópusambandsins í þeim tilgangi að sannprófa að útflutningsafurðirnar fullnægi kröfum Sambandsins.
- 4) Slíkt samþykki má aðeins veita þriðja landi eftir að úttekt Sambandsins hefur leitt í ljós að fôður eða matvæli, sem flutt eru út til Evrópusambandsins, uppfylla kröfur Sambandsins eða sambærilegar kröfur og að eftirlitið sem sinnt er í þriðja landinu fyrir sendingu teljist nægilega áhrifaríkt og skilvirkt til að koma í stað eða draga úr sannprófun skjala, auðkenna og eftirliti með ástandi sem mælt er fyrir um í lögum Sambandsins.
- 5) Hinn 8. október 2007 lagði Kanada fyrir framkvæmdastjórnina umsókn um að fá samþykki fyrir því eftirliti fyrir útflutning sem lögbær yfirvöld í Kanada sinna með

mengun af völdum okratoxíns A í hveiti (venjulegu hveiti og harðhveiti) og hveitimjöli sem ætflunin er að flytja út til Evrópusambandsins.

- 6) Framkvæmdastjórnin hefur metið í smáatriðum þær upplýsingar sem Kanadíska kornráðið (e. Canadian Grain Commission), sem er það lögbært yfirvald Kanada sem ber ábyrgð á eftirliti fyrir útflutning, lagði fram og telur að þær ábyrgðir sem veittar eru séu fullnægjandi og réttlæti samþykki fyrir eftirlitinu fyrir útflutning á hveiti og hveitimjöli að því er varðar tilvist okratoxíns A.
- 7) Því þykir rétt að veita samþykki fyrir því eftirliti sem Kanada sinnir fyrir útflutning á hveiti og hveitimjöli sem tryggir að farið sé að þeim ákvæðum um hámarksgildi okratoxíns A sem mælt er fyrir um í löggjöf Sambandsins.
- 8) Samkvæmt 2. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004 er aðildarríkjum skylt að laga tíðni eftirlits með ástandi innfluttra afurða að áhættu sem tengist mismunandi matvælaflokkum, m.a. með tilliti til ábyrgða sem lögbær yfirvöld í þriðja landi, sem er upprunaland matvæla sem um er að ræða, leggja fram. Kerfisbundið eftirlit fyrir útflutning, sem fer fram á vegum Kanadíska kornráðsins og samrýmist samþykki Sambandsins og er í samræmi við 23. gr. reglugerðar 882/2004, veitir viðunandi ábyrgðir að því er varðar mengun af völdum okratoxíns A í hveiti og hveitimjöli og gerir því aðildarríkjunum kleift að draga úr tíðni eftirlits með ástandi þessarar vöru.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra,

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Samþykki fyrir eftirliti fyrir útflutning

Eftirlit fyrir útflutning að því er varðar tilvist okratoxíns A, sem Kanadíska kornráðið sinnir rétt fyrir útflutning til Evrópusambandsins, er samþykkt fyrir eftirfarandi matvæli:

a) hveiti sem fellur undir ST/SAT-númerið 1001 og er framleitt á yfirráðasvæði Kanada og

b) hveiti sem fellur undir ST/SAT-númerið 110100 og er framleitt á yfirráðasvæði Kanada.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 218, 24.8.2011, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2012 frá 30. apríl 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 50, 13.9.2012, bls. 13.

(¹) Stjtið. ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1.

(²) Stjtið. ESB L 364, 20.12.2006, bls. 5.

2. gr.

Skilyrði varðandi samþykki fyrir eftirliti fyrir útflutning:

1. Hverri afurðasendingu, sem um getur í 1. gr., skal fylgja:
 - a) skýrsla með niðurstöðum úr sýnatöku og greiningu, sem er gerð í samræmi við ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 401/2006 frá 23. febrúar 2006 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með innihaldi sveppaeiturs í matvælum ⁽¹⁾ eða sambærilegar kröfur, á vegum rannsóknarstofu sem Kanadíska kornráðið hefur samþykkt í því skyni,
 - b) vottorð í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í viðaukanum, sem er útfyllt, staðfest og undirritað af fulltrúa Kanadíska kornráðsins og skal vottorðið gilda í fjóra mánuði frá útgáfudegi.
2. Leggja má skýrsluna og vottorðið, sem um getur í 1. mgr., fram á rafrænan hátt eftir að samkomulag hefur náðst um hagnýt atriði.
3. Hver vörusending af matvælum skal bera auðkenniskóða sem skal einnig koma fram í skýrslunni og í vottorðinu sem um getur í 1. mgr. Sérhver poki eða annars konar pakkning í vörusendingunni skal auðkennd með sama kóða.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. ágúst 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

3. gr.

Vörusendingum skipt upp

Ef vörusendingu er skipt upp skulu afrit af vottorðinu, sem kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 2. gr. og lögbært yfirvald í aðildarríkinu þar sem skiptingin fór fram hefur vottað, fylgja hverjum hluta skiptu vörusendingarinnar þar til hún er sett í frjálsa dreifingu.

4. gr.

Opinbert eftirlit

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 16. gr. og 2. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004 skulu aðildarríkin draga úr tíðni eftirlits með ástandi afurðasendinga, sem um getur í 1. gr., niður í að hámarki 1% af þeim sendingum sem er framvísað í samræmi við 2. gr.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. október 2011.

⁽¹⁾ Stjórnartíðindi ESB L 70, 9.3.2006, bls. 12.

VIÐAUKI

LAND:

Vottorð fyrir innflutningi til ESB

I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu	I.1. Sendandi Heiti Heimilisfang Símanr.		I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs	I.2.a.		
			I.3. Lögbært stjórnvald			
			I.4. Lögbært staðaryfirvald			
	I.5. Viðtakandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer Símanr.		I.6. Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir vörusendingunni í ESB Heiti Heimilisfang Póstnúmer Símanr.			
	I.7. Upprunaland	ISO-kóði	I.8.	I.9. Viðtökuland	ISO-kóði	I.10
	I.11 Upprunastaður Heiti Heimilisfang		Samþykkisnúmer	I.12. Place of destination		
I.13. Fermingarstaður		I.14. Brottfarardagur				
I.15. Flutningataeki Flugvél <input type="checkbox"/> Skip <input type="checkbox"/> Járnbrotarvagn <input type="checkbox"/> Ökutæki <input type="checkbox"/> Annað <input type="checkbox"/> Auðkenning: Tilvísun í skjöl:		I.16. Skoðunarstöð á landamærum við innflutning inn í ESB				
		I.17.				
I.18. Lýsing á vöru			I.19. Vörunúmer (ST-númer)			
			I.20. Magn			
I.21. Hitastig afurðar Við stofuhita <input type="checkbox"/> Kæld <input type="checkbox"/> Fryst <input type="checkbox"/>			I.22. Fjöldi pakkninga			
I.23. Nr. innsiglis/umbúða			I.24. Tegund umbúða			
I.25 Vörur sem eru vottaðar: Til manneldis <input type="checkbox"/> Til notkunar í fôður <input type="checkbox"/> Til frekari vinnslu <input type="checkbox"/>						
I.26.		I.27. Til innflutnings eða inntöku í ESB <input type="checkbox"/>				
I.28. Auðkenning vörunnar Tegund meðhöndlunar Númer framleiðslulotu						

LAND

HVEITI - EFTIRLIT FYRIR INNFLUTNING

II hluti: Vottorð	II.	Upplýsingar um heilbrigði	II.a.	Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.
	<p>Samkvæmt ákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2011 um samþykki fyrir eftirliti Kanada fyrir útflutning hveitis og hveitimjöls til að kanna hvort það inniheldur okratoxín A staðfesti ég undirritaður/undirrituð, viðurkenndur fulltrúi lögbæra yfirvaldsins sem um getur í 1. gr., að vörurnar sem lýst er í I. hluta vottorðsins hafa verið framleiddar, flokkaðar, meðhöndlaðar, unnar, pakkaðar og fluttar í samræmi við góðar hollustustarfsvenjur og hafa sætt eftirliti fyrir útflutning sem samþykkt var með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 844/2011 og ábyrgist að vörurnar sem falla undir þetta vottorð verða fluttar til Evrópusambandsins í gámi sem er í samræmi við góðar hollustustarfsvenjur.</p> <p>Sýni til greiningar á okratoxíni A voru tekin úr þessari vörusendingu (dags.), greind í rannsóknarstofu (dags.) á (heiti rannsóknarstofu) og upplýsingar varðandi sýnatöku, greiningaraðferðir sem notaðar voru og allar niðurstöður fylgja með.</p>				
<p>Athugasemdir</p> <p>Þetta vottorð gildir í 4 mánuði frá útgáfudegi.</p> <p>I. hluti</p> <ul style="list-style-type: none"> - Reitur I.11: Samþykkisnúmer: aðeins ef við á. - Reitur I.19: Nota skal viðeigandi ST-númer Alþjóðatollastofnunarinnar: 1001 eða 1101. - Reitur I.20: Tilgreinið heildarbrúttóþyngd og heildarnettóþyngd. - Reitur I.25: Frekari vinnsla merkir „sem flokka á eða meðhöndla með öðrum eðlisfræðilegum aðferðum áður en þær eru notaðar til manneldis“. 					
<p>Opinber skoðunarmaður</p> <p>Nafn (með hástöfum):</p> <p>Dagsetning:</p> <p>Stimpill:</p>					
<p>Menntun, hæfi og titill:</p> <p>Undirskrift:</p>					

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 931/2011**

2012/EES/59/30

frá 19. september 2011

**um kröfur um rekjanleika, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins
(EB) nr. 178/2002, að því er varðar matvæli úr dýraríkinu (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

afhendingaraðilum sínum og beinum viðskiptavinum,
nema þegar um er að ræða lokaneytendur.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 eru settar almennar meginreglur er varða rekjanleika matvæla. Þar er kveðið á um að á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar skuli vera fyrir hendi möguleiki á að rekja feril matvæla. Þar er einnig kveðið á um að stjórnendur matvælafyrirtækja skuli geta tilgreint alla einstaklinga og lögaðila sem hafa afhent þeim matvæli. Slíkir rekstraraðilar skulu einnig geta tilgreint fyrirtækin sem þeir hafa afhent vörur sínar. Þessar upplýsingar skulu gerðar aðgengilegar lögbærum yfirvöldum að beiðni þeirra.
- 2) Rekjanleiki er nauðsynlegur til að tryggja öryggi matvæla og áreiðanleika upplýsinga sem miðlað er til neytenda. Einkum er nauðsynlegt að gera matvæli, sem upprunnin eru úr dýraríkinu, rekjanleg til að stuðla að því að taka megri hættuleg matvæli af markaði og vernda þannig neytendur.
- 3) Til að ná fram þeim rekjanleika matvæla sem mælt er fyrir um í 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002 þarf nöfn og heimilisföng, bæði hjá stjórnanda matvælafyrirtækisins sem afhenti matvælin og stjórnanda matvælafyrirtækisins sem tók við matvælunum. Krafa byggist á aðferðinni „eitt skref aftur á bak, eitt skref áfram“ (e. *one-step back - one-step forward*) sem felur í sér að stjórnendur matvælafyrirtækja hafi komið sér upp kerfi sem geri þeim kleift að kunna deili á beinum

- 4) Undangengin áföll vegna matvæla hafa leitt í ljós að skjalfestar heimildir nægðu ekki alltaf til að gera grunsamleg matvæli að fullu rekjanleg. Á meðan á innleiðingu reglugerðar (EB) nr. 178/2002, reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli (), reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu () og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis () stóð leiddi reynslan í ljós að stjórnendur matvælafyrirtækja búa almennt ekki yfir þeim upplýsingum sem þarf til að tryggja að kerfi þeirra til auðkenningar á meðhöndlun eða geymslu matvæla séu viðunandi, einkum í geira matvæla úr dýraríkinu. Í umræddum geira hefur þetta leitt til ónaúð-synlega mikils efnahagslegs taps vegna þess að skort hefur á fljótvirkan og fullan rekjanleika matvæla.
- 5) Því þykir rétt að mæla fyrir um tilteknar reglur fyrir þennan sérstaka geira matvæla úr dýraríkinu til að tryggja að kröfunum, sem settar eru fram í 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002, sé beitt á réttan hátt. Þessar reglur ættu að veita (nokkurn) sveigjanleika varðandi það á hvaða formi viðkomandi upplýsingar eru gerðar aðgengilegar.
- 6) Einkum er við hæfi að veita viðbótarupplýsingar um rúmmál eða magn matvæla úr dýraríkinu, tilvísun sem auðkennir, eftir því sem við á, framleiðslueininguna, framleiðslulutuna eða sendinguna, nákvæma lýsingu á matvælunum og sendingardaginn.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 242, 20.9.2011, bls. 2. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2012 frá 30. apríl 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 50, 13.9.2012, bls. 13.

(1) Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.

(2) Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1.

(3) Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.

(4) Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 206.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ákvæði til framkvæmdar á kröfunum um rekjanleika, sem settar voru með reglugerð (EB) nr. 178/2002, fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja að því er varðar matvæli úr dýraríkinu.

2. gr.

Gildissvið

1. Reglugerð þessi skal gilda um matvæli sem eru skilgreind sem óunnar og unnar afurðir í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um matvæli sem innihalda bæði afurðir úr jurtaríkinu og unnar afurðir úr dýraríkinu.

3. gr.

Kröfur um rekjanleika

1. Stjórnendur matvælafyrirtækja skulu tryggja að eftirfarandi upplýsingar varðandi sendingar af matvælum úr dýraríkinu séu gerðar aðgengilegar fyrir stjórnanda matvælafyrirtækisins sem fær matvælin afhend og, sé þess óskað, lögbæra yfirvaldið:

- a) nákvæm lýsing á matvælunum,
- b) rúmmál eða magn matvællanna,
- c) nafn og heimilisfang stjórnanda matvælafyrirtækisins þaðan sem matvælin voru send,
- d) nafn og heimilisfang sendanda (eiganda) ef hann er annar en stjórnandi matvælafyrirtækisins þaðan sem matvælin voru send,

e) nafn og heimilisfang stjórnanda matvælafyrirtækisins þangað sem matvælin eru send,

f) nafn og heimilisfang sendanda (eiganda) ef hann er annar en stjórnandi matvælafyrirtækisins þangað sem matvælin eru send,

g) tilvísun sem auðkennir, eftir því sem við á, framleiðslueininguna, framleiðslulotuna eða sendinguna og

h) sendingardagurinn.

2. Upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., skulu gerðar aðgengilegar auk allra upplýsinga sem krafist er samkvæmt viðeigandi ákvæðum í löggjöf Sambandsins sem varða rekjanleika matvæla úr dýraríkinu.

3. Upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., skulu uppfærðar daglega og geymdar a.m.k. þar til telja má vist að matvællanna hafi verið neytt.

Óski lögbært yfirvald þess skal stjórnandi matvælafyrirtækisins leggja upplýsingarnar fram án ótilhlýðilegrar tafar. Það er háð vali afhendingaraðila matvællanna hvaða form þykir viðeigandi til að gera þessar upplýsingar tiltækar svo fremi sem upplýsingarnar, sem óskað er eftir í 1. mgr, verði á skýran og ótvíræðan hátt tiltækar og heimtanlegar fyrir rekstraraðilann sem tekur við matvælunum.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. júlí 2012.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. september 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 758/2010**2012/EES/59/31**

frá 24. ágúst 2010

um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu í tengslum við efnið valnemúlín (*)FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ⁽¹⁾, einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

með hliðsjón af álitum Lyfjastofnunar Evrópu sem dýralyfjanefndin setur fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Evrópusambandsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða í sæfiefni sem eru notuð í búfjárrækt, skulu ákvörðuð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 470/2009.
- 2) Lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra, að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu, eru sett fram í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu ⁽²⁾.

- 3) Valnemúlín er sem stendur tilgreint í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 sem leyft efni fyrir svin, sem gildir um vöðva, lifur og nýru.
- 4) Umsókn um rýmkun á gildandi færslu fyrir valnemúlín, þannig að færslan nái yfir kanínur, hefur verið lögð fyrir Lyfjastofnun Evrópu.
- 5) Dýralyfjanefndin hefur mælt með rýmkun á þeirri færslu, svo hún nái yfir kanínur, sem gildir um vöðva, lifur og nýru.
- 6) Því ber að breyta færslunni fyrir valnemúlín í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 þannig að færslan nái yfir kanínur.
- 7) Rétt þykir að veita viðkomandi hagsmunaaðilum hæfilegan frest til að gera ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að fylgja nýjum ákvæðum um hámarksgildi leifa.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:*1. gr.*

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 24. október 2010.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. ágúst 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 223, 25.8.2010, bls. 37. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2012 frá 30. apríl 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 50, 13.9.2012, bls. 25.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1.

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir valnemúlín í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 komi eftirfarandi:

Lyfjafræðilega virkt efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarksgildi leifa	Markvefir	Önnur ákvæði (skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009)	Meðferðarfræðileg flokkun
„Valnemúlín	Valnemúlín	Svín, kanínur	50 µg/kg 500 µg/kg 100 µg/kg	Vöðvi Lifur Nýru	ENGIN FÆRSLA	Sýkingalyf/sýklalyf ⁴

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 759/2010

2012/EES/59/32

frá 24. ágúst 2010

um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu í tengslum við efnið tildipírósín (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ⁽¹⁾, einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

með hliðsjón af álitum Lyfjastofnunar Evrópu sem dýralyfjanefndin setur fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Evrópusambandsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til mannelis eða í sæfiefni sem eru notuð í búfjárrækt, skulu ákvörðuð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 470/2009.
- 2) Lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra, að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu, eru sett fram í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu ⁽²⁾.
- 3) Umsókn um að ákvarða hámarksgildi leifa fyrir tildipírósín í nautgripum og svínunum hefur verið lögð fyrir Lyfjastofnun Evrópu.
- 4) Dýralyfjanefndin mælti með því að ákvarða bráðabirgðahámarksgildi leifa fyrir tildipírósín fyrir nautgripi, sem

gildir um vöðva, fitu, lifur og nýru, þó ekki úr dýrum sem gefa af sér mjólk til mannelis. Bráðabirgðahámarksgildi leifa, sem er sett fyrir vöðva, gildir ekki um inndælingarstaðinn en þar mega gildi leifa ekki vera meiri en 11 500 µg/kg.

- 5) Samkvæmt 5. grein reglugerðar (EB) nr. 470/2009 skal Lyfjastofnun Evrópu íhuga að nota hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í tilteknum matvælum, fyrir önnur matvæli, sem unnin eru úr sömu dýrategund, eða hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í einni eða fleiri dýrategundum, fyrir aðrar tegundir dýra. Dýralyfjanefndin mælti með því að yfirfæra bráðabirgðahámarksgildi leifa fyrir tildipírósín af nautgripum yfir á geitur.
- 6) Dýralyfjanefndin mælti með því að ákvarða bráðabirgðahámarksgildi leifa fyrir tildipírósín fyrir svín, sem gilda um vöðva, húð, fitu, lifur og nýru. Bráðabirgðahámarksgildi leifa, sem er sett fyrir vöðva, gildir ekki um inndælingarstaðinn en þar mega gildi leifa ekki vera meiri en 7500 µg/kg.
- 7) Því ber að breyta töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 svo hún nái yfir efnið tildipírósín fyrir nautgripi, geitur og svín. Bráðabirgðahámarksgildi leifa fyrir tildipírósín, sem eru sett fram í þeirri töflu fyrir nautgripi, geitur og svín, falla úr gildi 1. janúar 2012.
- 8) Rétt þykir að veita viðkomandi hagsmunaaðilum hæfilegan frest til að gera ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að fylgja nýjum ákvæðum um hámarksgildi leifa.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 223, 25.8.2010, bls. 39. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2012 frá 30. apríl 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 50, 13.9.2012, bls. 25.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 24. október 2010.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. ágúst 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

VIÐAUKI

Eftirfarandi efni bætist við í stafrófsröð í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010:

Lyfjafræðilega virkt efni	Leifamerki	Dýrategundir	Hámarksgildi leifa	Markvefir	Önnur ákvæði (skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009)	Meðferðarfræðileg flokkun
„Tildipírósín	Tildipírósín	Nautgripir, geitur	400 µg/kg 200 µg/kg 2000 µg/kg 3000 µg/kg	Vöðvi Fita Lifur Nýru	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér mjólk til mannelis. Hámarksgildi leifa fyrir vöðva gildir ekki um inndælingarstaðinn en þar mega gildi leifa ekki vera meiri en 11 500 µg/kg. Bráðabirgðahámarksgildi leifa fellur úr gildi 1. janúar 2012.	Makrólið ⁴
		Svin	1200 µg/kg 800 µg/kg 5 000 µg/kg 10 000 µg/kg	Vöðvi Húð og fita Lifur Nýru	Hámarksgildi leifa fyrir vöðva gildir ekki um inndælingarstaðinn en þar mega gildi leifa ekki vera meiri en 7 500 µg/kg. Bráðabirgðahámarksgildi leifa fellur úr gildi 1. janúar 2012	

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 761/2010

2012/EES/59/33

frá 25. ágúst 2010

um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu í tengslum við efnið metýlprednisólón (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

stjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu (²).

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

- 3) Metýlprednisólón er sem stendur tilgreint í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010, sem leyft efni fyrir nautgripi, sem gildir um vöðva, fitu, lifur og nýru, þó ekki úr dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis.

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 (¹), einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

- 4) Umsókn um rýmku á gildandi færslu fyrir metýlprednisólón, sem gildir fyrir kúamjólk, hefur verið lögð fyrir Lyfjastofnun Evrópu.

með hliðsjón af álitum Lyfjastofnunar Evrópu sem dýralyfjanefndin setur fram,

- 5) Dýralyfjanefndin hefur mælt með því að ákvarða bráðabirgðahámarksgildi leifa fyrir metýlprednisólón í kúamjólk og fella brott ákvæðið „ekki ætlað dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis.“

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Evrópusambandsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða í sæfiefni sem eru notuð í búfjárrækt, skulu ákvörðuð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 470/2009.
- 2) Lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra, að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu, eru sett fram í viðaukanum við reglugerð framkvæmda-

- 6) Því ber að breyta færslunni fyrir metýlprednisólón í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 svo hún nái yfir bráðabirgðahámarksgildi leifa fyrir kúamjólk og fella brott núgildandi ákvæðið „ekki ætlað dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis.“ Bráðabirgðahámarksgildi leifa fyrir metýlprednisólón, sem er sett fram í þeirri töflu, fellur úr gildi 1. júlí 2011.

- 7) Rétt þykir að veita viðkomandi hagsmunaaðilum hæfilegan frest til að gera ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að fylgja nýjum ákvæðum um hámarksgildi leifa.

- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 224, 26.8.2010, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2012 frá 30. apríl 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 50, 13.9.2012, bls. 25.

(¹) Stjtið. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

(²) Stjtið. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 25. október 2010.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. ágúst 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

VIÐAUKI

Í stað færslunnar fyrir metýlprednisólón í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 komi eftirfarandi:

Lyfjafræðilega virkt efni	Leifamerki	Dýrategundir	Hámarksgildi leifa	Markvefir	Önnur ákvæði (skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009)	Meðferðarfræðileg flokkun
„Metýlprednisólón	Metýlprednisólón	Nautgripir	10 µg/kg	Vöðvi		Barksterar/sykursterar“
			10 µg/kg	Fita		
			10 µg/kg	Lifur		
			10 µg/kg	Nýru		
			2 µg/kg	Mjólk		

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1205/2011

2012/EES/59/34

frá 22. nóvember 2011

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna, alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IFRS-staðal 7 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 ⁽²⁾ voru samþykktir alþjóðlegir staðlar og túlkanir sem voru fyrir hendi 15. október 2008.
- 2) Þann 7. október 2010 gaf Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) út breytingu á alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IAS-staðli 7: *fjármálagerningar: upplýsingagjöf – yfirfærsla fjáreigna*, hér á eftir nefnt „breytingarnar“. Breytingarnar miða að því að hjálpa notendum reikningsskila að leggja betur mat á áhættu að því er varðar yfirfærslu fjáreigna og áhrif þessarar áhættu á fjárhagsstöðu einingar. Markmið þeirra er að stuðla að gagnsæi við tilkynningu færsluviðskipta, einkum þeirra sem taka til verðbréfunar fjáreigna.
- 3) Með samráði við hóp tæknisérfræðinga (TEG) Evrópsku ráðgjafarnefndarinnar um reikningsskil (EFRAG) er það staðfest að breytingarnar uppfylla tæknileg skilyrði fyrir innleiðingu, sem eru sett fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002. Endurskoðunarhópurinn um ráðgjöf um reikningsskilastaðla lagði mat á álit Evrópsku

ráðgjafanefndarinnar um reikningsskil (EFRAG) um stuðning við staðlana, í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/505/EB frá 14. júlí 2006 um skipun endurskoðunarhóps um ráðgjöf um reikningsskilastaðla til að ráðleggja framkvæmdastjórninni um hlutlægni og hlutleysi álit EFRAG ⁽³⁾, og tilkynnti framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna að álitid væri skynsamlegt og hlutlægt.

- 4) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1126/2008 til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrjnefndarinnar um reikningsskil,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 er breytt sem hér segir:

- 1) Alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IFRS-staðli 7, *fjármálagerningar: upplýsingagjöf* er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,
- 2) IFRS-staðli 1, *innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla* er breytt í samræmi við breytingarnar á IFRS-staðli 7 eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Félög skulu beita breytingunum, sem um getur í 1. gr., frá og með upphafsdagsetningu fyrsta fjárhagsárs þeirra sem hefst eftir 30. júní 2011.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel, 22. nóvember 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 305, 23.11.2011, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 100/2012 frá 30. apríl 2012 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 50, 13.9.2012, bls. 44.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 199, 21.7.2006, bls. 33.

VIÐAUKI

ALÞJÓÐLEGIR REIKNINGSSKILASTAÐLAR

IFRS 7	Breytingar á IFRS-staðli 7, fjármálagerningar: upplýsingagjöf – yfirfærsla fjáreigna
--------	---

BREYTINGAR Á IFRS-STADLI 7**Fjármálagæringar: upplýsingagjöf**

YFIRFÆRSLA FJÁREIGNA

- 42A Birtingarkröfurnar í liðum 42B–42H, að því er varðar yfirfærslu fjáreigna, eru viðbót við aðrar birtingarkröfur þessa IFRS-staðals. Eining skal birta upplýsingarnar sem krafist er í liðum 42B–42H í stakri athugasemd í reikningsskilum sínum. Eining skal veita upplýsingarnar, sem gerð er krafa um fyrir allar yfirfærðar fjáreignir sem ekki eru afskráðar og fyrir áframhaldandi aðild í yfirfærðri eign, sem er fyrir hendi á reikningsskiladegi, án tillits til þess hvenær tengd yfirfærsla viðskiptanna átti sér stað. Við beitingu birtingarkraftanna í þessum liðum yfirfærir eining alla eða hluta fjáreignar (yfirfærða fjáreignin), ef og einungis ef hún annaðhvort:
- a) yfirfærir samningsbundinn rétt til sjóðstreymis frá fjáreigninni eða
 - b) heldur eftir samningsbundnum rétti til sjóðstreymis frá fjáreigninni en tekur á sig samningsbundna skyldu til að greiða sjóðstreymið til eins viðtakanda eða fleiri samkvæmt samkomulagi.
- 42B Eining skal birta upplýsingar sem gera notendum reikningsskila hennar kleift:
- a) að skilja tengslin á milli yfirfærðra fjáreigna sem eru ekki afskráðar að fullu og tengdra skuldbindinga og
 - b) að meta eðli, og tengda áhættu, áframhaldandi aðildar einingar í afskráðum fjáreignum.
- 42C Við beitingu birtingarkraftanna í liðum 42E–42H er eining áfram þátttakandi í yfirfærðri fjáreign, ef hún heldur samningsbundnum réttindum eða innbyggðum skuldbindingum í yfirfærðu fjáreigninni sem hluta af flutningnum, eða öðlist ný samningsbundin réttindi eða skuldbindingar tengdar yfirfærðu fjáreigninni. Við beitingu birtingarkraftanna í liðum 42E–42H tákna eftirfarandi ekki áframhaldandi aðild:
- a) hefðbundnir yfirlýsingar og ábyrgðir að því er varðar sviksamlega yfirfærslu og hugmyndirnar um réttmæti, góða trú og sanngjörn not sem geta ógilt yfirfærslu vegna málsóknar,
 - b) framvirkir samningar, valréttir og aðrir samningar til að endurkaupa yfirfærðu fjáreignina þar sem samningsfjárhæðin (eða nýtingarverðið) er gangvirði yfirfærðu fjáreignarinnar eða
 - c) samkomulag þar sem eining heldur eftir samningsbundnum rétti til sjóðstreymis frá fjáreign en tekur á sig samningsbundna skyldu til að greiða sjóðstreymi til einnar eða fleiri eininga og skilyrðin í a- til c-lið 19. liðar IAS-staðals 39 eru uppfyllt.

Yfirfærðar fjáreignir sem eru ekki afskráðar að fullu

- 42D Eining kann að hafa yfirfært fjáreignir á þann hátt að hluti yfirfærðu fjáreignanna eða þær allar uppfylla ekki skilyrði fyrir afskráningu. Til að uppfylla markmiðin sem sett eru fram í a-lið í lið 42B skal einingin á sérhverjum reikningsskiladegi birta fyrir hvern flokk yfirfærðu fjáreignanna sem hafa ekki verið afskráðar að fullu:
- a) eðli yfirfærðu eignanna,
 - b) eðli þeirrar áhættu og ávinnings af eignarhaldi sem einingin er óvarin fyrir,
 - c) lýsa eðli tengslanna á milli yfirfærðu eignanna og tengdra skuldbindinga, þ.m.t. takmarkanir sem verða til við yfirfærslu notkunar einingar sem reikningsskil taka til á yfirfærðu eignunum,

- d) áætlun sem setur fram gangvirði yfirfærðu eignanna, gangvirði tengdu skuldbindinganna og hreinu stöðuna (mismuninn á milli gangvirðis yfirfærðu eignanna og tengdu skuldbindinganna) þegar mótaðilinn (mótaðilar) tengdu skuldbindingarinnar hefur(hafa) einungis endurkröfurétt á yfirfærðu eignirnar,
- e) bókfærðu verði yfirfærðu eignanna og tengdu skuldanna þegar einingin heldur áfram að færa allar yfirfærðu eignirnar,
- f) bókfærðu heildarverði upphaflegu eignanna fyrir yfirfærslu, fjárhæð eignanna sem einingin heldur áfram að færa og bókfærðu verði tengdu skuldanna þegar einingin heldur áfram að færa eignirnar sem nemur umfangi áframhaldandi aðilar hennar (sjá ii-lið c-liðar 20. liðar og 30. lið IAS-staðals 39).

Yfirfærðar fjáreignir sem eru afskráðar að fullu

42E Til að uppfylla markmiðin sem sett eru fram í b-lið liðar 42B, þegar eining afskráir yfirfærðar fjáreignir að fullu (sjá 20. lið (a-lið og i-lið c-liðar) IAS-staðals 39) en hefur áframhaldandi aðild í þeim, skal einingin að lágmarki fyrir hverja tegund áframhaldandi aðildar á sérhverjum reikningsskiladegi greina frá:

- a) bókfærðu verði þeirra eigna og skuldbindinga sem eru færðar í efnahagsreikningi einingarinnar og standa fyrir áframhaldandi aðild einingarinnar í afskráðu fjáreignunum og þeirri sérlínu sem bókfært verð þessara eigna og skuldbindinga er fært í,
- b) gangvirði þeirra eigna og skuldbindinga sem standa fyrir áframhaldandi aðild einingarinnar í afskráðu fjáreignunum,
- c) fjárhæðinni sem gefur besta mynd af hámarksáhættu einingarinnar á tapi frá áframhaldandi aðild hennar í afskráðu fjáreignunum og upplýsingum sem sýna hvernig hámarksáhættan á tapi er ákvörðuð,
- d) óafvöxtuðu ústreymi handbærs fjár sem gæti verið krafist til að endurkaupa afskráðar fjáreignir (t.d. lausnarverðið í kaupréttarsamningi) eða öðrum fjárhæðum sem ber að greiða til framsalshafans að því er varðar yfirfærðu eignirnar. Sé ústreymi handbærs fjár breytilegt skal byggja fjárhæðina sem greint er frá á skilyrðunum sem eru fyrir hendi á sérhverjum reikningsskiladegi,
- e) lánstímagreiningu á óafvöxtuðu ústreymi handbærs fjár sem gæti verið krafist til að endurkaupa afskráðu fjáreignirnar eða aðrar fjárhæðir sem ber að greiða til framsalshafa að því er varðar yfirfærðu eignirnar, sem sýna eftirstæðan, sammingsbundinn binditíma áframhaldandi aðildar einingarinnar,
- f) eigindlegum upplýsingum sem skýra frá og styðja birtingu tölulegra upplýsinga sem krafist er í a- til e-liðum.

42F Eining getur safnað saman upplýsingunum sem krafist er í lið 42E að því er varðar tiltekna eign ef einingin hefur fleiri en eina tegund áframhaldandi aðildar í þeirri afskráðu fjáreign og gert grein fyrir henni samkvæmt einni tegund af áframhaldandi aðild.

42G Til viðbótar skal eining, fyrir hverja tegund áframhaldandi aðildar, greina frá:

- a) færðum hagnaði eða tapi á yfirfærsludegi eignanna,
- b) færðum tekjum og gjöldum, bæði á reikningsskilatímabilið og stighækkandi frá áframhaldandi aðild einingar í afskráðu fjáreignunum (t.d. breytingum á gangvirði í afleiðugerningum),
- c) hvort heildarfjárhæð ágóðans af yfirfærsluaðgerðinni (sem er hæf til afskráningar) á reikningsskilatímabili sé ekki dreift á jafnan hátt yfir allt reikningsskilatímabilið (t.d. ef talsverður hluti heildarfjárhæðar yfirfærsluaðgerðarinnar á sér stað á lokadögum reikningsskilatímabilsins):

- i. þegar stærsta yfirfærsluáðgerðin átti sér stað á því reikningsskilatímabili (t.d. síðustu fimm dagana fyrir lok reikningsskilatímabilsins),
- ii. fjárhæðin (t.d. tengdur hagnaður eða tap) færð frá yfirfærsluáðgerð á þeim hluta reikningsskilatímabilsins og
- iii. heildarfjárhæð ágóða frá yfirfærsluáðgerðinni á þeim hluta reikningsskilatímabilsins.

Eining skal veita þessar upplýsingar fyrir hvert tímabil sem yfirlit um heildarafkomu er birt fyrir.

Viðbótarupplýsingar

- 42H Eining skal greina frá sérhverjum viðbótarupplýsingum sem hún telur nauðsynlegar til að uppfylla markmið liðar 42B um upplýsingagjöf.

GILDISTÖKUDAGUR OG BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

Lið 44M er bætt við.

- 44M *Upplýsingagjöf—yfirfærsla fjáreigna* (breytingar á IFRS-staðli 7), sem var gefinn út í október 2010, felldi 13. lið á brott og liðir 42A–42H og B29–B39 bættust við. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2011 eða síðar. Heimilt er að taka breytingarnar upp fyrr. Ef eining beitir breytingunum fyrir þá dagsetningu skal hún greina frá því. Eining þarf ekki að veita upplýsingarnar sem krafist er með þessum breytingum fyrir neitt tímabil sem sett er fram sem hefst fyrir dagsetningu upphaflegrar beitingar breytinganna.

Viðbætur B

Leiðbeiningar um beitingu

Á eftir lið B28 er nýjum fyrirsögnum og liðum B29–B39 bætt við.

AFSKRÁNING (LIÐIR 42C–42H)

Áframhaldandi aðild (liður 42C)

- B29 Matið á áframhaldandi aðild í yfirfærðri fjáreign að því er varðar birtingarkröfurnar í liðum 42E–42H er gert á vettvangi þeirrar einingar sem reikningsskil taka til. Flytji dótturfélag t.d. fjáreign til ótengds þriðja aðila sem móðurfélag dótturfélagsins hefur áframhaldandi aðild í, nær dótturfélagið ekki yfir aðild móðurfélagsins í matinu hvort sem það hefur áframhaldandi aðild í yfirfærðu eigninni í sjálfstæðum reikningsskilum (þ.e. þegar dótturfélagið er einingin sem reikningsskilin taka til). Móðurfélag getur talið með áframhaldandi aðild sína (eða annars aðila samstæðunnar) í fjáreign sem er yfirfærð af dótturfélagi þess, við ákvörðun þess hvort það eigi áframhaldandi aðild að yfirfærðu eigninni í samstæðureikningsskilunum (þ.e. þegar einingin sem reikningsskilin taka til er samstæðan).
- B30 Eining hefur ekki áframhaldandi aðild í yfirfærðri fjáreign, ef hún heldur hvorki samningsbundnum réttindum eða innbyggðum skuldbindingum í yfirfærðu fjáreigninni sem hluti af flutningnum, eða öðlist ný samningsbundin réttindi eða skuldbindingar að því er varðar yfirfærðu fjáreignina. Eining hefur ekki áframhaldandi aðild í yfirfærðri fjáreign ef hún hefur hvorki réttindi í framtíðarárangri yfirfærðu fjáreignarinnar, né ábyrgð undir neinum kringumstæðum til að inna af hendi greiðslur, að því er varðar yfirfærðu fjáreignina í framtíðinni.
- B31 Áframhaldandi aðild í yfirfærðri fjáreign getur komið til vegna samningsákvæða í yfirfærslusamningnum eða í aðskildum samningi við framsalshafann eða þriðja aðila sem gengið var til í tengslum við yfirfærsluna.

Yfirfærðar fjáreignir sem eru ekki afskráðar að fullu

- B32 Í lið 42D er krafist upplýsinga þegar hluti yfirfærðra fjáreignanna eða allar yfirfærðu fjáreignirnar eru ekki hæfar til afskráningar. Þessara upplýsinga er krafist á hverjum reikningsskiladegi sem einingin heldur áfram að færa yfirfærðu fjáreignirnar, án tillits til þess hvenær yfirfærslurnar áttu sér stað.

Gerðir áframhaldandi aðildar (liðir 42E–42H)

- B33 Í liðum 42E–42H er krafist birtingar eigindlegra og tölulegra upplýsinga fyrir hverja tegund áframhaldandi aðildar í afskráðum fjáreignum. Eining skal safna saman áframhaldandi aðild í tegundir sem eru einkennandi fyrir áhættuna sem einingin er óvarin fyrir. Eining getur t.d. lagt áframhaldandi aðild sína saman eftir tegund fjármálagernings (t.d. ábyrgðum eða kaupréttum) eða eftir yfirfærslutegund (t.d. kröfukaupum á viðskiptakröfum, verðbréfunum og verðbréfalánveitingum).

Lánstímagreining fyrir óafvaxtað útstreymi handbærs fjár til endurkaupa á yfirfærðum eignum (e-liður í lið 42E)

- B34 Með ákvæðum e-liðar í lið 42E er krafist að eining birti lánstímagreiningu óafvaxtaðs útstreymis handbærs fjár sem gæti verið krafist til að endurkaupa afskráðu fjáreignirnar eða aðrar viðskiptaskuldir til framsalshafa að því er varðar afskráðu fjáreignirnar, sem sýna eftirstæðan, samningsbundinn binditíma áframhaldandi aðildar einingarinnar. Þessi greining aðgreinir sjóðstreymi, sem ber að greiða (t.d. framvirka samninga), sjóðstreymi sem einingin getur verið krafin um að greiða (t.d. skriflegur sölu réttur) og sjóðstreymi sem einingin getur valið að greiða (t.d. keyptir kaupréttir).
- B35 Einingu ber að nota eigið mat til að ákvarða viðeigandi fjölda tímabila við undirbúning lánstímagreiningar sem áskilin er af e-lið liðar 42E. Eining gæti t.d. ákvarðað að eftirfarandi gjalddagatímabil eigi við:
- a) í mesta lagi einn mánuður,
 - b) í minnsta lagi einn mánuður og í mesta lagi þrjú mánuðir,
 - c) í minnsta lagi þrjú mánuðir og í mesta lagi sex mánuðir,
 - d) í minnsta lagi sex mánuðir og í mesta lagi eitt ár,
 - e) í minnsta lagi eitt ár og í mesta lagi þrjú ár,
 - f) í minnsta lagi þrjú ár og í mesta lagi fimm ár og
 - g) yfir fimm ár.
- B36 Séu margir mögulegir gjalddagar er sjóðstreymið meðtalið á grunni fyrstu dagsetningar sem hægt er að krefja eininguna um greiðslu eða henni gert mögulegt að greiða.

Tölulegar upplýsingar (f-liður liðar 42E)

- B37 Tölulegu upplýsingarnar sem krafist er í f-lið liðar 42E ná yfir lýsingu á afskráðu fjáreignunum og eðli og tilgang áframhaldandi aðildar sem haldið var eftir að lokinni yfirfærslu þessara eigna. Þær innihalda einnig lýsingu á áhættunni sem eining er óvarin fyrir, þ.m.t.:
- a) lýsingu á því hvernig einingin stýrir áhættunni sem er innbyggð í áframhaldandi aðild í afskráðu fjáreignunum,
 - b) hvort einingin skuli bera tap á undan öðrum aðilum, og röðun og fjárhæð taps aðila sem eiga lægri hlutdeild en hlutdeild einingarinnar í eigninni (þ.e. áframhaldandi aðild hennar í eigninni),
 - c) lýsingu á sérhverjum þætti sem gæti hrundið skuldbindingunni af stað um að veita fjárstuðning eða endurkaupa yfirfærðu fjáreignina.

Hagnaður eða tap við afskráningu (a-liður liðar 42G)

B38 Í ákvæðum í a-lið liðar 42G er eining krafín um birtingu hagnaðar eða taps við afskráningu að því er varðar fjáreignir þar sem einingin hefur áframhaldandi aðild. Einingunni ber að greina frá því hvort hagnaður eða tap við afskráningu kom til vegna þess að gangvirði hluta áður færðra eigna (þ.e. hlutdeild í afskráðu eigninni og hlutdeildin sem haldið var eftir af einingunni) var annað en gangvirði áður færðra eigna í heild sinni. Í þeirri stöðu ber einingunni einnig að greina frá því hvort gangvirðismatið feli í sér marktæk ílegg sem voru ekki byggð á sjáanlegum markaðsgögnum, eins og lýst er í lið 27A.

Viðbótarupplýsingar (liður 42H)

B39 Upplýsingarnar sem áskildar eru í liðum 42D–42G geta verið ófullnægjandi til að uppfylla markmið um upplýsingagjöf í lið 42B. Sé þetta tilfellið ber einingunni að birta hverjar þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að uppfylla markmið um upplýsingagjöf. Einingunni ber að ákveða, í ljósi kringumstæðna, hversu mikið af viðbótarupplýsingum henni ber að veita til að uppfylla upplýsingaþörf notenda og hversu mikla áherslu hún leggur á mismunandi hliðar viðbótarupplýsinganna. Nauðsynlegt er að finna jafnvægi milli reikningsskila sem eru full af óþörfum smáatriðum og koma notendum ekki að gagni og reikningsskila þar sem upplýsingar verða torræðar vegna þess að upplýsingar hafa verið dregnar of mikið saman.

BREYTING Á IFRS-STAÐLI 1**Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla**

Lið 39F er bætt við.

GILDISTÖKUDAGUR

39F Upplýsingagjöf—yfirfærsla fjáreigna (breytingar á IFRS-staðli 7), sem var gefið út í október 2010, bætti lið E4 við. Eining skal beita þessari breytingu að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. júlí 2011 eða síðar. Heimilt er að taka breytingarnar upp fyrir. Ef eining beitir breytingunni að því er varðar fyrri tímabil skal hún greina frá því.

*Viðbætur E***Skammtímaundanþágur frá IFRS-stöðlum**

Lið E4 og neðanmálgrein er bætt við.

Upplýsingar um fjármálagerninga

E4 Notandi, sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn, getur beitt bráðabirgðaákvæðunum í lið 44M IFRS-staðals 7 (*).

(*) Lið E4 var bætt við vegna útgáfu á *Upplýsingagjöf—yfirfærsla fjáreigna* (breytingar á IFRS-staðli 7) í október 2010. Til að koma í veg fyrir hugsanlega notkun eftirhyggju og til að tryggja að notendur, sem beita stöðlunum í fyrsta sinn, séu ekki verr settir en notendur, sem nú þegar beita stöðlunum, ákvað ráðið að notendum, sem beita stöðlunum í fyrsta sinn, skuli heimilt að beita sömu bráðabirgðaákvæðum og þeir notendur sem nú þegar beita stöðlunum við reikningsskil í samræmi við IFRS-staðla og eru í *Upplýsingagjöf—yfirfærsla fjáreigna* (breytingar á IFRS-staðli 7).

TILSKIPUN RÁÐSINS 2008/114/EB

2012/EES/59/35

frá 8. desember 2008

um að greina og tilnefna þýðingarmikil grunnvirki í Evrópu og meta þörfina á að efla vernd þeirra (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 308. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Seðlabanka Evrópu ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í júní 2004 fór leiðtoga ráðið fram á undirbúning heildar-áætlunar til þess að vernda þýðingarmikil grunnvirki. Framkvæmdastjórnin brást við og samþykkti 20. október 2004 orðsendingu um vernd þýðingarmikilla grunnvirkja í baráttunni gegn hryðjuverkum þar sem settar eru fram tillögur um hvernig hægt er að efla forvarnarstarf í Evrópu, viðbúnað og viðbrögð við hryðjuverkaárásum á þýðingarmikil grunnvirki.
- 2) Hinn 17. nóvember 2005 samþykkti framkvæmdastjórnin grænbók um Evrópuáætlun um vernd þýðingarmikilla grunnvirkja þar sem kynntir eru ýmsir möguleikar á því að fastsetja áætlunina og koma á fót upplýsinga- og viðvörðunarkerfi vegna þýðingarmikilla grunnvirkja. Viðbrögðin við grænbókinni leiddu í ljós að greinileg þörf var á ramma Bandalagsins til að vernda þýðingarmikil grunnvirki. Viðurkennt var að nauðsynlegt væri að auka getuna til að vernda þýðingarmikil grunnvirki í Evrópu og draga úr veikleikum að því er varðar slík grunnvirki. Lögð var áhersla á vægi meginreglnanna um dreifðari, meðalhóf og fyllingu, og enn fremur á skoðanaskipti hagsmunaaðila.
- 3) Í desember 2005 bað dóms- og innanríkismálaráðið framkvæmdastjórnina um að gera tillögu að Evrópu-áætlun um vernd þýðingarmikilla grunnvirkja og ákvað

að miða hana við alla áhættuþætti en forvarnarstarf gegn hryðjuverkaárásum yrði sett í forgang. Samkvæmt þessari nálgun er rétt að taka tillit til tæknilegra ógna af völdum manna og náttúruhamfara við vernd þýðingarmikilla grunnvirkja en ógn sem stafar af hryðjuverkaárásum verður áfram forgangsatriði.

- 4) Í apríl 2007 samþykkti ráðið niðurstöður um Evrópu-áætlun um vernd þýðingarmikilla grunnvirkja í Evrópu og ítrekaði að aðildarríkin bæru endanlega ábyrgð á því að sjá um fyrirkomulag til að vernda þýðingarmikil grunnvirki innan landamæra sinna, og fagnaði því framtaki framkvæmdastjórnarinnar að þróa evrópska aðferð til að greina og auðkenna þýðingarmikil grunnvirki í Evrópu og meta þörfina á að bæta vernd þeirra.
- 5) Þessi tilskipun er fyrsti áfanginn í nálgun sem miðar að því að greina og auðkenna þýðingarmikil grunnvirki í Evrópu og meta þörfina á að bæta vernd þeirra. Í þessari tilskipun er lögð áhersla á orku- og flutningageirana og er rétt að endurskoða hana í því skyni að meta áhrif hennar og þörfina á að fella fleiri geira undir gildissvið hennar, m.a. upplýsinga- og fjarskiptatæknigeirann.
- 6) Aðildarríkin og eigendur eða rekstraraðilar þýðingarmikilla grunnvirkja í Evrópu bera frumábyrgð og endanlega ábyrgð á slíkum grunnvirkjum.
- 7) Í Bandalaginu eru allmörg þýðingarmikil grunnvirki þess eðlis að röskun þeirra eða eyðing hefði veruleg áhrif þvert á landamæri. Þetta geta verið áhrif yfir landamæri þvert á geira sem leiða af víxltengslum milli samtengdra grunnvirkja. Rétt er að greina og auðkenna slík grunnvirki út frá sameiginlegri aðferð. Rétt er að mat á öryggiskröfum fyrir slík grunnvirki sé unnið út frá sameiginlegri lágmarksnálgun. Tvíhliða áætlanir um samvinnu aðildarríkja á sviði verndar þýðingarmikilla grunnvirkja eru viðurkenndar og skilvirkar leiðir til að fjalla um þýðingarmikil grunnvirki sem ná yfir landamæri. Rétt er að Evrópuáætlun um vernd þýðingarmikilla grunnvirkja byggist á slíku samstarfi. Upplýsingar, sem varða tilnefningu tiltekna grunnvirkis sem þýðingarmikils grunnvirkis í Evrópu, skulu teljast til trúnaðarflokkaðra upplýsinga í samræmi við gildandi löggjöf Bandalagsins og viðkomandi aðildarríkis.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 345, 23.12.2008, bls. 75. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/2012 frá 30. apríl 2012 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 50, 13.9.2012, bls. 45.

⁽¹⁾ Álit frá 10. júlí 2007 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 116, 26.5.2007, bls. 1.

- 8) Þar sem fyrir hendi er sértæk reynsla, sérþekking og sérstakar kröfur í ýmsum geirum að því er varðar vernd þýðingarmikilla grunnvirkja er rétt að þróa og koma til framkvæmda nálgun Bandalagsins við vernd þýðingarmikilla grunnvirkja með tilliti til sérstakra einkenna hvers geira og fyrirliggjandi ráðstafana þeim tengdum, að meðtöldum gildandi ráðstöfunum á vettvangi Bandalagsins, á landsvísu eða á svæðisvísu, og þar sem við á, samkomulags um gagnkvæma aðstoð yfir landamæri milli eigenda eða rekstraraðila þýðingarmikilla grunnvirkja sem er þegar fyrir hendi. Að teknu tilliti til þess að einkageirinn hefur í ríku mæli komið að áhættustjórnun, áætlanagerð fyrir áframhaldandi rekstur fyrirtækja og endurreisnarstarf eftir hamfarir er rétt að með nálgun Bandalagsins sé hvatt til fullrar þátttöku einkageirans.
- 9) Varðandi orkugeirann, einkum aðferðir við raforkuframleiðslu og -flutning (að því er varðar rafveitur) er talið að raforkuframleiðsla geti, þar sem við á, tekið til raforkuflutningaeininga kjarnorkuvera en útiloki sérstakar kjarnorkueiningar sem falla undir viðeigandi löggjöf um kjarnorku, þ.m.t. sáttmálar og lög Bandalagsins.
- 10) Þessi tilskipun kemur til viðbótar gildandi ráðstöfunum sem til eru í ýmsum geirum á vettvangi Bandalagsins og í aðildarríkjunum. Þar sem fyrirkomulag Bandalagsins er þegar fyrir hendi er rétt að beita því áfram til að stuðla að heildarframkvæmd þessarar tilskipunar. Fordast ber tvítekingu gerða eða ákvæða, eða ósamræmi milli þeirra.
- 11) Öryggisáætlanir rekstraraðila eða samsvarandi ráðstafanir, þ.m.t. greining á mikilvægum mannvirkjum, áhættumat og greining, val og forgangsroðun gagnráðstafana og verklagsreglna, skulu vera fyrir hendi í öllum tilnefndum þýðingarmiklum grunnvirkjum í Evrópu. Með það í huga að komast hjá óþarfa vinnu og tvítekingu skal hvert aðildarríki fyrst meta það hvort eigendur eða rekstraraðilar tilnefndra þýðingarmikilla grunnvirkja í Evrópu hafi yfir að ráða viðeigandi öryggisáætlunum eða samsvarandi ráðstöfunum. Þar sem slík áætlun er ekki fyrir hendi skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar. Hvert aðildarríki ber ábyrgð á því að ákveða hvers konar aðgerðir eigi best við að því er varðar öryggisáætlanir rekstraraðila.
- 12) Líta skal svo á að ráðstafanir, meginreglur, viðmiðunarreglur, þ.m.t. ráðstafanir Bandalagsins, enn fremur tvíhliða og/eða marghliða samvinnuáætlanir, þar sem kveðið er á um áætlun, sem er svipuð eða samsvarandi öryggisáætlun rekstraraðila, eða þar sem gert er ráð fyrir öryggistengifulltrúa eða samsvarandi, fullnægi kröfum þessarar tilskipunar að því er varðar öryggisáætlun rekstraraðila og öryggistengifulltrúa.
- 13) Tilgreina skal öryggistengifulltrúa fyrir öll þýðingarmikil, tilnefnd grunnvirki í Evrópu í því skyni að greiða fyrir samvinnu og samskiptum við hlutadeigandi yfirvöld sem hafa með höndum vernd þýðingarmikilla grunnvirkja á landsvísu. Með það í huga að komast hjá óþarfa vinnu og tvítekingu skal hvert aðildarríki fyrst meta það hvort eigendur eða rekstraraðilar tilnefndra þýðingarmikill grunnvirkja í Evrópu hafi þegar á að skipa öryggistengifulltrúa. Þar sem slíkur öryggistengifulltrúi er ekki tiltækur skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar. Hvert aðildarríki ber ábyrgð á því að ákveða hvers konar aðgerðir eiga best við að því er varðar tilnefningu öryggistengifulltrúa.
- 14) Nauðsynlegt er að samskipti séu bæði milli eigenda eða rekstraraðila þýðingarmikilla grunnvirkja í Evrópu og aðildarríkjanna og milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar til að tryggja skilvirka greiningu áhættuþátta, ógna og veikra punkta í tilteknum geirum. Hvert aðildarríki skal safna upplýsingum um þýðingarmikil grunnvirki í Evrópu á yfirráðasvæði sínu. Rétt er að framkvæmdastjórnin fái heildstæðar upplýsingar frá aðildarríkjunum um áhættuþætti, ógnir og veika punkta í þeim geirum þar sem þýðingarmikil grunnvirki í Evrópu hafa verið greind, enn fremur þar sem við á upplýsingar um hugsanlegar umbætur á þýðingarmiklum grunnvirkjum í Evrópu og um það hvernig geirar eru hver öðrum háðir, og gæti slíkt verið grunnur að mótun tiltekinna tillagna framkvæmdastjórnarinnar um að bæta vernd þýðingarmikilla grunnvirkja í Evrópu eftir því sem þörf er á.
- 15) Til greina kemur að þróa sameiginlega aðferðafræði við greiningu og flokkun áhættuþátta, ógna og veikra punkta mannvirkja í því skyni að greiða fyrir umbótum við vernd þýðingarmikilla grunnvirkja í Evrópu.
- 16) Rétt er að eigendur eða rekstraraðilar þýðingarmikilla grunnvirkja í Evrópu fái aðgang að bestu starfsvenjum og aðferðafræði sem varðar vernd slíkra grunnvirkja og þá fyrst og fremst fyrir milligöngu lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum.
- 17) Skilvirk vernd þýðingarmikilla grunnvirkja í Evrópu krefst samskipta, samræmingar og samstarfs á landsvísu og á vettvangi Bandalagsins. Þessu verður best náð með því að tilnefna tengiliði vegna verndar slíkra grunnvirkja í hverju aðildarríki og skal hver þeirra samræma atriði sem varða vernd þessara grunnvirkja innanlands, einnig með öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni.

- 18) Rétt er að tryggja einsleit og örugg upplýsingaskipti innan ramma þessarar tilskipunar í því skyni að þróa starfsemi sem stuðlar að vernd þýðingarmikilla grunnvirkja í Evrópu á svæðum þar sem þagnarskylda er nauðsynleg. Brýnt er að virt sé trúnaðarkvöð samkvæmt gildandi landslögum eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar⁽¹⁾ að því er varðar tiltekna staðreyndir um mannvirki innan þýðingarmikilla grunnvirkja sem hægt væri að nota til að skipuleggja og framkvæma aðgerðir sem hefðu í för með sér óviðunandi afleiðingar fyrir viðkomandi mannvirki. Trúnaðarupplýsingar skal vernda í samræmi við löggjöf Bandalagsins og aðildarríkis þar að lútandi. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu virða viðeigandi öryggisflokkunarstig sem sendandi skjals hefur tilgreint.
- 19) Upplýsingaskipti um þýðingarmikil grunnvirki í Evrópu skulu fara fram í tryggu og öruggu umhverfi. Forsenda upplýsingaskipta er trúnaðarsamband, þannig að fyrir-tæki og samtök séu aldrei í vafa um að viðkvæm trúnað-argögn þeirra njóti nægilegrar verndar.
- 20) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að koma á sameiginlegri nálgun til að greina og tilnefna þýðingarmikil grunnvirki í Evrópu og sameiginlegri nálgun við mat á þörfinni á að bæta vernd slíkra grunnvirkja, og þeim verður betur náð á vettvangi Bandalagsins, vegna þess hve aðgerðin er umfangsmikil, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifraðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhöfsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.
- 21) Í þessari tilskipun er tekið tillit til þeirra grundvallar-réttinda og þeim meginreglum fylgt sem einkum eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Efni

Með þessari tilskipun er komið á aðferð til að greina og auðkenna þýðingarmikil grunnvirki í Evrópu og jafnframt komið á sameiginlegri nálgun að því er varðar mat á þörfinni á

að bæta vernd slíkra grunnvirkja til að stuðla að vernd almennings.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „þýðingarmikið grunnvirki“: mannvirki, kerfi eða hluti þess sem er starfrækt í aðildarríki og skiptir sköpum svo viðhalda megi lífnauðsynlegri samfélagslegri starfsemi, heilbrigði, öryggi, efnahagslegri eða félagslegri velferð borgaranna og sem er þess eðlis að röskun þess eða eyðing hefði veruleg áhrif innan aðildarríkis þegar ekki yrði unnt að viðhalda slíkri starfsemi,
- b) „þýðingarmikið grunnvirki í Evrópu“: afar mikilvægt grunnvirki sem er starfrækt í aðildarríkjum, þess eðlis að röskun þess eða eyðing hefði veruleg áhrif innan tveggja aðildarríkja hið minnsta. Meta skal vægi áhrifanna út frá þverlægum viðmiðunum. Meðtalin eru áhrif þess að gearar eru hver öðrum háðir vegna annarra tegunda grunnvirkja,
- c) „áhættugreining“: athugun á því hvaða ógn getur steðjað að, í því skyni að meta veika punkta þýðingarmikilla grunnvirkja og hugsanleg áhrif af röskun þeirra eða eyðingu,
- d) „viðkvæmar upplýsingar sem tengjast vernd þýðingarmikilla grunnvirkja“: staðreyndir um þýðingarmikið grunnvirki sem nýta mætti, ef þær væru birtar, til þess að undirbúa og hrinda í framkvæmd aðgerð sem á að valda röskun eða eyðingu þýðingarmikilla grunnvirkja,
- e) „vernd“: öll starfsemi sem miðar að því að tryggja virkni, samfelldni og heilleika þýðingarmikilla grunnvirkja í því skyni að koma í veg fyrir, draga úr eða hlutleysa ógn, áhættu eða veika punkta,
- f) „eigendur eða rekstraraðilar þýðingarmikilla grunnvirkja í Evrópu“: aðilar sem bera ábyrgð á fjárfestingu í mannvirki, kerfi eða hluta þess, og/eða daglegum rekstri þess, sem telst til þýðingarmikilla grunnvirkja í Evrópu samkvæmt þessari tilskipun.

3. gr.

Greining þýðingarmikilla grunnvirkja í Evrópu

1. Hvert aðildarríki skal greina hugsanleg þýðingarmikil grunnvirki í Evrópu samkvæmt þeirri aðferð sem kveðið er á um í III. viðauka og skulu þau bæði standast þverlægar og geirabundnar viðmiðanir og samrýmast skilgreiningunum sem eru settar fram í a- og b-lið 2. gr.

⁽¹⁾ Stjótt. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43.

Framkvæmdastjórnin getur aðstoðað aðildarríkin, fari þau þess á leit, við að greina hugsanleg þýðingarmikil grunnvirki í Evrópu.

Framkvæmdastjórnin getur vakið athygli viðkomandi aðildarríkja á hugsanlegum þýðingarmiklum grunnvirkjum sem gætu uppfyllt þau skilyrði sem gerð eru vegna tilnefningar þýðingarmikilla grunnvirkja í Evrópu.

Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu viðhalda stöðugu ferli við greiningu hugsanlegra þýðingarmikilla grunnvirkja í Evrópu.

2. Þverlægar viðmiðanir, sem um getur í 1. mgr., skulu m.a. vera eftirfarandi:

- a) manntjónsviðmiðun (út frá hugsanlegum fjölda dauðaslysa eða áverka),
- b) efnahagsleg viðmiðun (út frá vægi efnahagslegs tjóns og/eða hnignunar vöru eða þjónustu, þ.m.t. hugsanleg umhverfisáhrif),
- c) áhrif á almenning (út frá áhrifum á tiltrú almennings, líkamlegum þjáningum og röskun á daglegu lífi, þ.m.t. stöðvun grundvallarþjónustu).

Þverlæg viðmiðunarmörk skulu byggjast á umfangi áhrifa af röskun eða eyðingu tiltekins grunnvirkis. Þau aðildarríki, sem tiltekið þýðingarmikið grunnvirki hefur áhrif á, skulu í hverju tilviki fyrir sig ákvarða þau nákvæmu mörk sem eiga við um þverlægar viðmiðanir. Hvert aðildarríki skal upplýsa framkvæmdastjórnina árlega um fjölda þeirra grunnvirkja í hverjum geira sem komið hafa til tals að því er varðar þverlæg viðmiðunarmörk.

Geirabundnar viðmiðanir skulu taka tillit til einkenna einstakra geira sem þýðingarmikil grunnvirki í Evrópu varða.

Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu í sameiningu þróa viðmiðunarreglur vegna beitingar þverlægra viðmiðana og geirabundinna viðmiðana og ákvarða viðmiðunarmörk vegna greiningar þýðingarmikilla grunnvirkja í Evrópu. Viðmiðanirnar skulu trúnaðarflokkaðar. Aðildarríkjunum er ekki skylt að beita slíkum viðmiðunarreglum.

3. Þeir geirar, sem nota skal með hliðsjón af framkvæmd þessarar tilskipunar, eru orku- og flutningageirarnir. Undirgeirar eru skilgreindar í I. viðauka.

Ef henta þykir, og í tengslum við endurskoðun þessarar tilskipunar, eins og mált er fyrir um í 11. gr., kann að vera

unnat að greina fleiri geira síðar, í þeim tilgangi að koma þessari tilskipun til framkvæmda. Upplýsinga- og fjarskiptatæknigeirinn skal hafa forgang.

4. gr.

Tilnefning á þýðingarmiklum grunnvirkjum í Evrópu

1. Hvert aðildarríki skal tilkynna öðrum aðildarríkjum, sem gætu orðið fyrir verulegum áhrifum af völdum þýðingarmikils grunnvirkis í Evrópu, um greiningu þess og ástæður fyrir því að það er tilnefnt sem hugsanlegt þýðingarmikið grunnvirki í Evrópu.

2. Ef hugsanlegt þýðingarmikið grunnvirki í Evrópu er á yfirráðasvæði aðildarríkis skal það ríki hefja tvíhliða og/eða marghliða viðræður við önnur aðildarríki sem gætu orðið fyrir verulegum áhrifum af þess völdum. Framkvæmdastjórnin getur tekið þátt í slíkum viðræðum en skal þó ekki hafa aðgang að ítarlegum upplýsingum sem gætu gert kleift að greina tiltekið grunnvirki með vissu.

Aðildarríki getur, ef það hefur ástæðu til að ætla að það muni geta orðið fyrir verulegum áhrifum af völdum hugsanlegs þýðingarmikils grunnvirkis í Evrópu, en aðildarríkið, sem hefur slíkt grunnvirki á yfirráðasvæði sínu, hefur ekki enn greint það sem slíkt, upplýst framkvæmdastjórnina um að það óski eftir að taka þátt í tvíhliða og/eða marghliða viðræðum um þetta atriði. Framkvæmdastjórnin skal tafarlaust greina aðildarríkinu, sem hefur hugsanlegt þýðingarmikið grunnvirki í Evrópu á yfirráðasvæði sínu, frá þessari ósk og greiða fyrir samkomulagi aðilanna.

3. Aðildarríkið, sem hefur hugsanlegt þýðingarmikið grunnvirki í Evrópu á yfirráðasvæði sínu, skal tilnefna það sem þýðingarmikið grunnvirki í Evrópu í kjölfar samkomulags milli þess aðildarríkis og þeirra aðildarríkja sem gætu orðið fyrir umtalsverðum áhrifum.

Gerð er krafa um samþykki þess aðildarríkis sem hefur þýðingarmikið grunnvirki í Evrópu á yfirráðasvæði sínu.

4. Aðildarríkið, sem hefur tilnefnt þýðingarmikið grunnvirki í Evrópu á yfirráðasvæði sínu, skal upplýsa framkvæmdastjórnina árlega um fjölda tilnefndra þýðingarmikilla grunnvirkja í Evrópu fyrir hvern geira og um fjölda aðildarríkja sem háð eru hverju tilnefndu þýðingarmiklu grunnvirki í Evrópu. Aðeins þau aðildarríki, sem þýðingarmikið grunnvirki í Evrópu getur haft veruleg áhrif á, skulu upplýst um hvert það er.

5. Aðildarríkið, sem hefur þýðingarmikið grunnvirki í Evrópu á yfirráðasvæði sínu, skal upplýsa eiganda eða rekstraraðila grunnvirkisins um að það hafi verið tilnefnt sem þýðingarmikið grunnvirki í Evrópu. Upplýsingar varðandi tilnefningu grunnvirkis sem þýðingarmikils grunnvirkis í Evrópu skulu trúnaðarflokkaðar í viðeigandi flokka.

6. Greiningu og tilnefningu þýðingarmikilla grunnvirkja í Evrópu skal, í samræmi við 3. gr. og þessa grein, ljúka eigi síðar en 12. janúar 2011 og endurskoðuð árlega.

5. gr.

Öryggisáætlunir rekstraraðila

1. Í öryggisáætlun rekstraraðila skal felast greining á mannvirkjum þýðingarmikils grunnvirkis í Evrópu og þeim öryggislausnum sem eru tiltækar eða sem er beitt til að vernda þær. Í II. viðauka er mælt fyrir um skyldubundin atriði öryggisáætlunar rekstraraðila þýðingarmikils grunnvirkis í Evrópu.

2. Hvert aðildarríki skal ganga úr skugga um hvort sérhvert þýðingarmikið grunnvirki í Evrópu á yfirráðasvæði þess hafi tiltæka öryggisáætlun rekstraraðila eða hvort til staðar séu samsvarandi ráðstafanir til að bregðast við þeim atriðum sem skilgreind eru í II. viðauka. Komist aðildarríki að því að slík öryggisáætlun rekstraraðila eða samsvarandi er fyrirbyggjandi og uppfærð reglulega er frekari framkvæmdaraðgerða ekki þörf.

3. Komist aðildarríki að því að slík öryggisáætlun rekstraraðila eða samsvarandi áætlun hefur ekki verið gerð skal það tryggja með öllum þeim ráðstöfunum, sem þykja viðeigandi, að öryggisáætlun rekstraraðila sé gerð og að þar sé fjallað um þau atriði sem skilgreind eru í II. viðauka.

Hvert aðildarríki skal ganga úr skugga um að öryggisáætlun rekstraraðila eða samsvarandi áætlun sé fyrirbyggjandi og endurskoðuð reglulega innan eins árs frá því að þýðingarmikið grunnvirki er tilnefnt sem þýðingarmikið grunnvirki í Evrópu. Í einstaka tilviki er heimilt að lengja það tímabil í samráði við yfirvald í aðildarríkinu og með tilkynningu til framkvæmdastjórnarinnar.

4. Ef fyrirkomulag vegna eftirlits eða umsjónar er þegar fyrir hendi að því er varðar þýðingarmikið grunnvirki í Evrópu skal þessi grein ekki hafa áhrif á slíkt fyrirkomulag og skal lögbært yfirvald aðildarríkis, sem um getur í þessari grein, annast eftirlitið í samræmi við gildandi fyrirkomulag.

5. Litið er svo á að ráðstafanir, þ.m.t. ráðstafanir Bandalagsins, sem tiltekinn geiri krefst eða vísa til þess að þörf er á áætlun, sem er áþekk eða samsvarar öryggisáætlun rekstraraðila, og eftirliti lögbærs yfirvalds með slíkri áætlun, fullnægi öllum kröfum aðildarríkja samkvæmt þessari grein eða kröfum sem eru samþykktar með vísan til hennar. Í þeim viðmiðunarreglum vegna beitingar, sem um getur í 2. mgr. 3. gr., skal vera viðmiðunarskrá yfir slíkar ráðstafanir.

6. gr.

Öryggistengifulltrúar

1. Öryggistengifulltrúi skal starfa sem tengiliður eiganda eða rekstraraðila þýðingarmikils grunnvirkis í Evrópu og viðkomandi yfirvalds í aðildarríki vegna öryggistengdra málefna.

2. Hvert aðildarríki skal meta hvort öryggistengifulltrúi eða sambærilegur aðili sé til staðar fyrir hvert þýðingarmikið grunnvirki í Evrópu á yfirráðasvæði þess. Komist aðildarríki að raun um að slíkur öryggistengifulltrúi, eða sambærilegur aðili, sé til staðar er frekari framkvæmdaraðgerða ekki þörf.

3. Ef aðildarríki kemst að því að öryggistengifulltrúi eða sambærilegur aðili er ekki til staðar fyrir tilnefnt þýðingarmikið grunnvirki í Evrópu skal það tryggja með öllum viðeigandi ráðstöfunum að slíkur öryggistengifulltrúi eða sambærilegur aðili verði tilnefndur.

4. Hvert aðildarríki skal koma á fót viðeigandi boðskiptaleið milli hlutaðeigandi yfirvalds aðildarríkis og öryggistengifulltrúa eða sambærilegs aðila í því skyni að skiptast á viðeigandi upplýsingum varðandi þekktar hættur og ógnir í tengslum við viðkomandi þýðingarmikið grunnvirki í Evrópu. Þessi boðskiptaleið er með fyrirvara um kröfur aðildarríkis að því er varðar aðgang að viðkvæmum upplýsingum og trúnaðarflokkuðum upplýsingum.

5. Litið er svo á að ráðstafanir, þ.m.t. ráðstafanir Bandalagsins, sem tiltekinn geiri krefst eða vísa til þess að þörf er á öryggistengifulltrúa eða sambærilegum aðila, fullnægi öllum kröfum aðildarríkja samkvæmt þessari grein eða kröfum sem eru samþykktar samkvæmt henni. Í þeim viðmiðunarreglum vegna beitingar, sem um getur í 2. mgr. 3. gr., skal vera viðmiðunarskrá yfir slíkar ráðstafanir.

7. gr.

Skýrslugjöf

1. Hvert aðildarríki skal gera mat á ógnum í tengslum við undirgeira þýðingarmikilla grunnvirkja í Evrópu innan árs frá því að þýðingarmikið grunnvirki á yfirráðasvæði þess hefur verið tilnefnt sem slíkt innan þessara undirgeira.

2. Hvert aðildarríki skal á tveggja ára fresti skila skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar um tegundir áhættuþátta, ógna og veikra punkta eftir geirum þýðingarmikilla grunnvirkja í Evrópu, þegar slíkt grunnvirki í Evrópu hefur verið greint skv. 4. gr. á yfirráðasvæði þess.

Framkvæmdastjórnin getur, í samvinnu við aðildarríkin, þróað sameiginlegt snið fyrir slíkar skýrslur.

Hver skýrsla skal trúnaðarflokkuð í viðeigandi flokki eftir því sem viðkomandi aðildarríki telur þörf á.

3. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu á grundvelli skýrslna, sem um getur í 2. mgr., meta fyrir hvern geira um sig hvort rétt er að skoða frekari verndarráðstafanir á vettvangi Bandalagsins að því er varðar þýðingarmikil grunnvirki í Evrópu. Hefja skal þetta ferli í tengslum við endurskoðun þessarar tilskipunar eins og mælt er fyrir um í 11. gr.

4. Framkvæmdastjórnin getur þróað, í samvinnu við aðildarríkin, sameiginlegar aðferðafræðilegar viðmiðunarreglur um framkvæmd áhættugreininga að því er varðar þýðingarmikil grunnvirki í Evrópu. Aðildarríkjunum er ekki skylt að beita slíkum viðmiðunarreglum.

8. gr.

Stuðningur framkvæmdastjórnarinnar við þýðingarmikil grunnvirki í Evrópu

Framkvæmdastjórnin skal, fyrir milligöngu hlutaðeigandi yfirvalds í aðildarríki, aðstoða eigendur eða rekstraraðila tilnefndra þýðingarmikilla grunnvirkja í Evrópu með því að veita þeim aðgang að bestu tiltæku starfsvenjum og aðferðafræði og skal enn fremur aðstoða við hjálfun og upplýsingaskipti um nýja tækniþróun sem tengist vernd þýðingarmikilla grunnvirkja.

9. gr.

Viðkvæmar upplýsingar sem tengjast vernd þýðingarmikilla grunnvirkja í Evrópu

1. Hver sá aðili sem hefur undir höndum trúnaðarflokkaðar upplýsingar samkvæmt þessari tilskipun fyrir hönd aðildarríkis eða framkvæmdastjórnarinnar skal hafa viðeigandi öryggisheimild.

Aðildarríkin, framkvæmdastjórnin og hlutaðeigandi eftirlitsaðilar skulu tryggja að viðkvæmar upplýsingar, sem varða vernd þýðingarmikilla grunnvirkja í Evrópu og lagðar hafa verið fyrir aðildarríkin eða framkvæmdastjórnina, séu ekki notaðar til annars en til verndar þýðingarmikilla grunnvirkja.

2. Þessi grein skal einnig eiga við um óskráð upplýsingaskipti á fundum þar sem viðkvæm málefni eru rædd.

10. gr.

Tengiliðir vegna verndar þýðingarmikilla grunnvirkja í Evrópu

1. Hvert aðildarríki skal tilnefna tengilið vegna verndar þýðingarmikilla grunnvirkja í Evrópu.

2. Tengiliðir vegna verndar þýðingarmikilla grunnvirkja í Evrópu skulu samræma mál er varða vernd slíkra grunnvirkja í tilteknu aðildarríki, ásamt öðrum aðildarríkjum og framkvæmdastjórninni. Tilnefning tengiliðs vegna verndar þýðingarmikilla grunnvirkja í Evrópu útilokar ekki að önnur yfirvöld í aðildarríkinu komi að málefnum er varða vernd slíkra grunnvirkja.

11. gr.

Endurskoðun

Endurskoðun þessarar tilskipunar skal hefjast 12. janúar 2012.

12. gr.

Framkvæmd

Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að þessari tilskipun eigi síðar en 12. janúar 2011. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu yfir viðkomandi ákvæði og þessa tilskipun.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin setja nánari reglur um slíka tilvísun.

13. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

14. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 8. desember 2008.

Fyrir hönd ráðsins,

B. Kouchner

forseti.

I. VIÐAUKI

Skrá yfir þýðingarmikil grunnvirki í Evrópu eftir geirum

Geiri	Undirgeiri	
I Orka	1. Raforka	Grunnvirki og búnaður til framleiðslu og flutnings á rafmagni að því er varðar raforku til veitukerfa
	2. Olía	Olíuframleiðsla, hreinsun, meðferð, geymsla og flutningur um leiðslur
	3. Jarðgas	Jarðgasframleiðsla, hreinsun, meðferð, geymsla og flutningur um leiðslur birgðastöðva fyrir fljótandi jarðgas
II. Flutningar	4. Flutningar á vegum	
	5. Járnbrautarflutningar	
	6. Flutningar í lofti	
	7. Flutningar á skipgengum vatnaleiðum	
	8. Flutningar á hafi og stuttum sjóleiðum og hafnir	

Greining aðildarríkjanna á þýðingarmiklum grunnvirkjum sem geta talist þýðingarmikil grunnvirki í Evrópu skv. 3. gr. Því felst í skráningu geira þýðingarmikilla grunnvirkja í Evrópu ekki í sjálfu sér almenn skylda til þess að tilnefna þýðingarmikil grunnvirki í Evrópu fyrir hvern geira.

II. VIÐAUKI

GERÐ ÖRYGGISÁÆTLUNAR FYRIR REKSTRARAÐILA ÞÝÐINGARMIKILLA GRUNNVIRKJA

Í öryggisáætlun rekstraraðila skal felast greining á mannvirkjum þýðingarmikils grunnvirkis og þeim öryggislausnum sem tiltækar eru eða sem er beitt til að vernda þau. Gerð öryggisáætlunar rekstraraðila vegna þýðingarmikils grunnvirkis í Evrópu tekur a.m.k. til eftirfarandi:

- greiningar á mikilvægum mannvirkjum,
- áhættugreiningar sem byggist á aðstæðum þar sem mikil hættu er á ferð, veikum punktum hvers mannvirkis og hugsanlegum áhrifum og 3. greiningar, vals og forgangs-röðunar gagnráðstafana og verklagsreglna, þar sem gerður er greinarmunur á eftirfarandi:
 - varanlegum öryggisráðstöfunum, þar sem greindar eru nauðsynlegar fjárfestingar og viðeigandi aðferðir vegna öryggismála, sem unnt er að beita við allar aðstæður. Undir þennan lið falla upplýsingar sem varða almennar ráðstafanir, s.s. tæknilegar ráðstafanir (þ.m.t. uppsetning búnaðar til greiningar, aðgangsstýringar, verndar og forvarna), skipulagsráðstafanir (þ.m.t. aðferðir til viðvarana- og hættustjórnunar), ráðstafanir vegna eftirlits og sannprófunar, samskipti, vitundarvakning og þjálfun, og öryggi upplýsingakerfa,
 - kvarðaðar öryggisráðstafanir sem hægt er að virkja eftir mismunandi stigi áhættu og ógnar.

*III. VIÐAUKI***Aðferð sem aðildarríkin skulu beita til að greina þau þýðingarmiklu grunnvirki sem geta talist þýðingarmikil grunnvirki í Evrópu skv. 3. gr.**

Samkvæmt 3. gr. ber hverju aðildarríki að greina þau þýðingarmiklu grunnvirki sem geta talist þýðingarmikil grunnvirki í Evrópu. Hvert aðildarríki skal beita þessari aðferð sem felst í eftirtöldum þrepum í þessari röð.

Hugsanlegt þýðingarmikið grunnvirki í Evrópu, sem ekki fullnægir kröfum einhvers eftirtalinnna þrepa, telst „ekki þýðingarmikið grunnvirki í Evrópu“ og er þessari aðferð ekki beitt gagnvart því. Hugsanlegt þýðingarmikið grunnvirki í Evrópu sem fullnægir kröfunum skal falla undir næstu þrep aðferðarinnar.

1. þrep

Hvert aðildarríki skal beita geirabundnum viðmiðunum við fyrsta val á þýðingarmiklum grunnvirkjum innan tiltekens geira.

2. þrep

Hvert aðildarríki skal beita skilgreiningunni um þýðingarmikil grunnvirki, sem er að finna í a-lið 2. gr., gagnvart hugsanlegu þýðingarmiklu grunnvirki í Evrópu sem greint hefur verið í 1. þrepi.

Vægi áhrifanna ákvarðast annaðhvort út frá aðferðum í hverju aðildarríki við að greina þýðingarmikil grunnvirki eða með vísun til þverlægra viðmiðana á viðeigandi stigi í ríkinu. Að því er varðar grunnvirki sem tryggja grunnþjónustu skal taka tillit til þess hvaða aðrir kostir eru tiltækir og hversu lengi röskun varir eða hversu langan tíma endurheimt mun taka.

3. þrep

Hvert aðildarríki skal beita þeim þætti skilgreiningar á þýðingarmiklum grunnvirkjum í Evrópu, sem er að finna í b-lið 2. gr., sem nær yfir landamæri gagnvart þeim hugsanlegum þýðingarmiklum grunnvirkjum í Evrópu sem staðist tvö fyrstu þrepin í þessari aðferð. Hugsanlegt þýðingarmikið grunnvirki í Evrópu sem uppfyllir skilgreininguna skal fylgja næsta þrepi aðferðarinnar. Að því er varðar grunnvirki sem tryggja grunnþjónustu skal taka tillit til þess hvaða aðrir kostir eru tiltækir og hversu lengi röskun varir eða hversu langan tíma endurheimt mun taka.

4. þrep

Hvert aðildarríki skal beita þverlægum viðmiðunum gagnvart öðrum hugsanlegum þýðingarmiklum grunnvirkjum í Evrópu. Þverlægar viðmiðanir skulu taka mið af: alvarleika áhrifanna, að því er varðar grunnvirki sem tryggja grunnþjónustu, því hvaða aðrir kostir eru tiltækir, og því hversu lengi röskun varir eða hversu langan tíma endurheimt mun taka. Hugsanlegt þýðingarmikið grunnvirki í Evrópu, sem ekki uppfyllir þverlægu viðmiðanirnar, skal ekki teljast þýðingarmikið grunnvirki í Evrópu.

Hugsanlegt þýðingarmikið grunnvirki í Evrópu, sem hefur farið í gengum þetta ferli, skal aðeins tilkynnt þeim aðildarríkjum sem gætu orðið fyrir verulegum áhrifum vegna slíks grunnvirkis.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 16/2012

2012/EES/59/36

frá 11. janúar 2012

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 að því er varðar kröfur varðandi frosin matvæli úr dýraríkinu sem ætluð eru til manneldis (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu er gildi fyrir stjórnendur matvælaframleiðinga. Stjórnendur matvælaframleiðinga skulu uppfylla kröfurnar sem eru settar fram í II. viðauka við þá reglugerð.
- 2) Reynsla sem fengist hefur frá gildistöku reglugerðar (EB) nr. 853/2004 hefur leitt í ljós tiltekna erfiðleika að því er varðar geymslu matvæla úr dýraríkinu. Væri dagsetning upphaflegrar frýstingar tilgreind ættu stjórnendur matvælaframleiðinga að tryggja með að dæma um hvort matvælin eru hæf til manneldis.
- 3) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB frá 20. mars 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla ⁽²⁾ er fjallað um merkingu matvæla sem afgreidd eru sem slík til lokaneytandans og tiltekin atriði viðvíkjandi kynningu og auglýsingu þeirra. Sú tilskipun gildir þó ekki um fyrri stig matvælaframleiðslu.

- 4) Þar að auki hefur framfylgd lögbærra yfirvalda með því að farið sé að ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 853/2004 leitt í ljós að ítarlegri kröfur eru nauðsynlegar varðandi framleiðslu og frýstingu matvæla úr dýraríkinu á framleiðslustigum á undan afhendingu þeirra sem slíkra til lokaneytanda.
- 5) Því ber að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 til samræmis við það til að bæta við kröfum sem gilda um frosin matvæli úr dýraríkinu.
- 6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 853/2004 til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. júlí 2012.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. janúar 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 8, 12.1.2012, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/2012 frá 15. júní 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 56, 4.10.2012, bls. 4.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29.

VIÐAUKI

Eftirfarandi IV. þáttur bætist við II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004:

„IV. ÞÁTTUR: KRÖFUR SEM GILDA UM FROSIN MATVÆLI ÚR DÝRARÍKINU

1. Að því er varðar þennan þátt merkir „framleiðsludagsetning“:
 - a) dagsetningu slárunar ef um er að ræða skrokka, hálfá skrokka eða fjórðunga,
 - b) dagsetningu aflifunar ef um er að ræða skrokka villtra veiðidýra,
 - c) dagsetningu tekju eða föngunar ef um er að ræða lagarafurðir,
 - d) dagsetningu vinnslu, stykkjunar, hökkunar eða tilreiðslu, eftir því sem við á, annarra matvæla úr dýraríkinu.
2. Fram að því stigi þegar matvæli eru merkt í samræmi við tilskipun 2000/13/EB eða notuð til frekarar vinnslu skulu stjórnendur matvælafyrirtækja tryggja, þegar um er að ræða frosin matvæli úr dýraríkinu sem eru ætluð til manneldis, að eftirfarandi upplýsingar séu gerðar tiltækar fyrir stjórnanda matvælafyrirtækisins sem fær matvælin afhent og, sé þess óskað, fyrir lögbært yfirvald:
 - a) framleiðsludagsetning og
 - b) dagsetning frystingar, ef hún er önnur en framleiðsludagsetning.Þegar matvæli eru framleidd úr framleiðslulotu hráefna þar sem dagsetning framleiðslu og dagsetning frystingar er ekki sú sama skulu elstu dagsetningar framleiðslu og/eða frystingar, eftir því sem við á, gerðar tiltækar.
3. Það er háð vali afhendingaraðila frosnu matvælna hvaða form þykir viðeigandi til að gera þessar upplýsingar tiltækar svo fremi sem upplýsingarnar, sem óskað er eftir í 2. mgr., verði á skýran og ótvíræðan hátt tiltækar og heimtanlegar fyrir rekstraraðilann sem tekur við matvælunum.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1161/2011

2012/EES/59/37

frá 14. nóvember 2011

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 953/2009 að því er varðar skrárnar yfir steinefni sem bæta má í matvæli (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/46/EB frá 10. júní 2002 um samræmingu laga aðildarríkjanna um fæðubótarefni ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 4. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 EB frá 20. desember 2006 um að bæta vítamínunum og steinefnum og tilteknum öðrum efnum við í matvæli ⁽²⁾, einkum 3. mgr. 3. gr.,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB frá 6. maí 2009 um matvæli sem eru ætluð til sérstakra næringarlegra nota ⁽³⁾, einkum 3. mgr. 4. gr.,

að höfðu samráði við Matvælaöryggisstofnun Evrópu,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við tilskipun 2002/46/EB er sett fram skrá yfir vítamín og steinefni sem nota má við framleiðslu fæðubótarefna. Í stað I. og II. viðauka við tilskipun 2002/46/EB kom reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1170/2009 ⁽⁴⁾. Breytingar á skránni sem kveðið er á um í II. viðauka við tilskipun 2002/46/EB, eins og henni er breytt með þeirri reglugerð, skulu samþykktar í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 4. gr. þeirrar tilskipunar og í samræmi við starfsreglurnar sem um getur í 3. mgr. 13. gr. hennar.
- 2) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1925/2006 er sett fram skrá yfir vítamín og steinefni sem bæta má í matvæli.

- 3) Í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 953/2009 ⁽⁵⁾ er sett fram skrá yfir efni sem bæta má í matvæli til sérstakra, næringarlegra nota með sérstök næringarmarkmið í huga.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu hefur metið ný steinefni til notkunar í matvæli. Þeim efnum sem hafa hlotið jákvætt vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunar Evrópu skal bætt á viðkomandi skrár í þessum gerðum.
- 5) Haft var samráð við hagsmunaaðila í gegnum ráðgjafahópinn um matvælaferlið og heilbrigði dýra og plantna og tekið var tillit til þeirra athugasemda sem lagðar voru fram.
- 6) Því ber að breyta tilskipun 2002/46/EB, reglugerð (EB) nr. 1925/2006 og reglugerð (EB) nr. 953/2009 til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

I. gr.

Í II. viðauka við tilskipun 2002/46/EB er B-lið breytt sem hér segir:

- a) Eftirfarandi færslur bætist við á eftir færslunni „ferrófosfat“:
„ferróammóníumfosfat
ferrínatríum EDTA“,
- b) Eftirfarandi færslur bætist við á eftir færslunni „natríumsölt úr ortófosfórsýru“:
„natríumsúlfat
kalíumsúlfat“.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 296, 15.11.2011, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2012 frá 15. júní 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 56, 4.10.2012, bls. 5.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 183, 12.7.2002, bls. 51.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 26.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 124, 20.5.2009, bls. 21.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 314, 1.12.2009, bls. 36.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 269, 14.10.2009, bls. 9.

2. gr.

Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1925/2006 er 2. lið breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi færslur bætist við á eftir færslunni „ferrósúlfat“:

„ferróammóníumfosfat

ferrínatríum EDTA“

b) Eftirfarandi færsla bætist við á eftir færslunni „króm (III) súlfat og hexahýdrat þess“:

„krómpikólínat“.

3. gr.

Í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 953/2009 er 2. flokki (steinefni) breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi færslur bætist við á eftir færslunni „ferrósúlfat“:

„ferróammóníumfosfat	x	
ferrínatríum EDTA	x“	

b) Eftirfarandi færsla bætist við á eftir færslunni „króm (III) súlfat og hexahýdrat þess“:

„krómpikólínat	x“	
----------------	----	--

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. nóvember 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 286/2011

2012/EES/59/38

frá 10. mars 2011

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna í því skyni að laga hana að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og þökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 ⁽¹⁾, einkum 53. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 1272/2008 voru samræmd ákvæði og viðmiðanir um flokkun og merkingu efna, blandna og ákveðinna nánar tiltekinna hluta innan Evrópusambandsins.
- 2) Í þeirri reglugerð er tekið tillit til hins hnattsamræmda kerfis (HSK) Sameinuðu þjóðanna til flokkunar og merkingar á iðefnum (hér á eftir nefnt „hnattsamræmda kerfið“).
- 3) Flokkunarviðmiðanir og reglur um merkingar í hnattsamræmda kerfinu eru endurskoðaðar reglulega á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Sérfræðinganefnd Sameinuðu þjóðanna um flutning hættulegra efna og um hnattsamræmda kerfið til flokkunar og merkingar á iðefnum samþykkti þriðju endurskoðuðu útgáfu hnattsamræmda kerfisins í desember 2008. Hún inniheldur breytingar sem m.a. varða ákvæði um skiptingu í hættusetningar og um merkingar á litlum umbúðum, nýja undirflokkar fyrir öndunar- og húðnæmingu, endurskoðun á flokkunarviðmiðunum fyrir langtímahættu (langvinn eiturhrif) fyrir vatnsumhverfi og nýjan hættuflokk fyrir efni og blöndur sem eru hættuleg ósonlaginu. Því er nauðsynlegt að laga tæknileg ákvæði og viðmiðanir í viðaukunum við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 að þriðju endurskoðuðu útgáfu hnattsamræmda kerfisins.
- 4) Hnattsamræmda kerfið gerir yfirvöldum kleift að samþykkja viðbótarákvæði um merkingar til að vernda einstaklinga sem eru þegar næmir fyrir tilteknu iðefni sem getur kallað fram svörun við mjög lágum styrk. Innleiða skal kröfur um að bæta heiti slíks iðefnis á merkimiðann jafnvel þó að það sé til staðar í blöndu í mjög lágum styrk.
- 5) Einnig skal breyta hugtakanotkun í mismunandi ákvæðum í viðaukunum og einnig tilteknum tæknilegum viðmiðunum til að greiða fyrir framkvæmd rekstraraðila og eftirlitsyfirvalda, bæta samkvæmni lagatextanna og auka skýrleika.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 83, 30.3.2011, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2012 frá 15. júní 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 56, 4.10.2012, bls. 28.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.

- 6) Gera skal ráð fyrir umbreytingartímabili og fresta gildistöku þessarar reglugerðar til að tryggja að birgjar efna geti lagað sig að þeim ákvæðum um nýtt flokkunarkerfi, merkingar og þökkun sem teknar eru upp með þessari reglugerð. Með þessu skal gert ráð fyrir möguleikanum á að beita ákvæðunum, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, af frjálsum vilja áður en umbreytingartímabilinu lýkur.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ⁽¹⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1272/2008 er breytt sem hér segir:

- 1) Ákvæði 5. mgr. 25. gr. falli brott.
- 2) Eftirfarandi nýr liður (e-liður) bætist við 1. mgr. 26. gr.:
- „e) ef hættumerkið „HSK02“ eða „HSK06“ á við skal notkun á hættumerkinu „HSK04“ vera valkvæð.“
- 3) Ákvæðum I. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.
- 4) Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.
- 5) Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.
- 6) Ákvæðum IV. viðauka er breytt í samræmi við IV. viðauka við þessa reglugerð.

- 7) Ákvæðum V. viðauka er breytt í samræmi við V. viðauka við þessa reglugerð.
- 8) Ákvæðum VI. viðauka er breytt í samræmi við VI. viðauka við þessa reglugerð.
- 9) Ákvæðum VII. viðauka er breytt í samræmi við VII. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Þrátt fyrir aðra málsgrein 3. gr. má flokka, merkja og pakka efnum og blöndum í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 eins og henni er breytt með þessari reglugerð, til 1. desember 2012 og til 1. júní 2015, eftir því sem við á.
2. Þrátt fyrir aðra undirgrein 3. gr. er þess ekki krafist að efni, sem eru flokkuð, merkt og þeim pakkað í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og sett á markað fyrir 1. desember 2012, séu merkt aftur og þeim umpakkað í samræmi við þessa reglugerð fyrr en 1. desember 2014.
3. Þrátt fyrir aðra undirgrein 3. gr. er þess ekki krafist að blöndur, sem eru flokkaðar, merktar og þeim pakkað í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB ⁽²⁾ eða reglugerð (EB) nr. 1272/2008 og settar á markað fyrir 1. júní 2015, séu merktar aftur og þeim umpakkað í samræmi við þessa reglugerð fyrr en 1. júní 2017.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún skal gilda, að því er varðar efni, frá 1. desember 2012 og, að því er varðar blöndur, frá 1. júní 2015.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. mars 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

⁽¹⁾ Stjórnartíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

⁽²⁾ Stjórnartíð. EB L 200, 30.7.1999, bls. 1.

I. VIÐAUKI

A. Ákvæðum 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað athugasemdar neðan við töflu 1.1 í lið 1.1.2.2.2 komi eftirfarandi:

„*Athugasemd:*

Almenn þröskulsgildi eru gefin upp í þyngdarhlutföllum nema um sé að ræða loftkenndar blöndur í þeim hættuflokkum þar sem hentugast er að gefa þröskulsgildi upp í rúmmálshlutföllum.“,

- 2) Í lið 1.1.3.1 komi „Ef prófuð blanda“ í stað upphafsorða fyrstu setningarinnar.

- 3) Í stað liðar 1.1.3.2, 1.1.3.3 og 1.1.3.4 komi eftirfarandi:

„1.1.3.2. *Framleiðslulotur*

Gera má ráð fyrir að hættuundirflokkurinn fyrir prófaða framleiðslulotu blöndu sé að mestu leyti sá sami og fyrir aðra framleiðslulotu af sömu verslunarvöru, sem ekki hefur verið prófuð, sem er framleidd af sama birgi eða undir stjórn hans, nema ástæða sé til að ætla að um verulega breytingu sé að ræða þannig að hættuflokkun framleiðslulotunnar, sem ekki hefur verið prófuð, hafi breyst. Ef hið síðarnefnda gerist er nauðsynlegt að vinna nýtt mat.

1.1.3.3. *Styrkur í afar hættulegum blöndum*

Við flokkun blandna, sem falla undir liði 3.1, 3.2, 3.3, 3.8, 3.9, 3.10 og 4.1, gildir fyrir prófaðar blöndur, sem eru í hæsta hættuundirflokki eða undirflokki hans, að ef styrkur efnisþáttanna í prófuðu blöndunni er aukinn skal nýja blandan, sem ekki hefur verið prófuð, sett í þann undirflokk eða í undirflokk hans án frekari prófana.

1.1.3.4. *Innreikningur innan eins undirflokks fyrir eiturhrif*

Að því varðar flokkun blandna sem falla undir liði 3.1, 3.2, 3.3, 3.8, 3.9, 3.10 og 4.1 gildir eftirfarandi fyrir þrjár blöndur (A, B og C) með nákvæmlega sömu efnisþættina: ef blanda A og blanda B hafa verið prófaðar og eru í sama hættuundirflokki og ef í blöndu C, sem ekki hefur verið prófuð, eru sömu hættulegu efnisþættirnir og í blöndu A og B en styrkur þessara hættulega efnisþátta liggur milli þess styrks sem er í blöndu A og B, þá telst blanda C vera í sama hættuundirflokki og blanda A og B.“,

- 4) Í stað síðasta málsliðar í lið 1.1.3.5 komi eftirfarandi:

„Ef blanda (i) eða (ii) hefur þegar verið flokkuð á grundvelli prófunargagna þá skal hin blandan sett í sama hættuundirflokk.“,

- 5) Í stað liðar 1.2, 1.2.1, 1.2.1.1, 1.2.1.2 og 1.2.1.3 komi eftirfarandi:

„1.2. **Merking**

1.2.1. *Almennar reglur um notkun á merkimiðum sem krafist er skv. 31. gr.*

1.2.1.1. Hættumerki skulu vera tígullaga og standa á einu horninu.

1.2.1.2. Hættumerki, eins og mælt er fyrir um í V. viðauka, skulu vera með svörtu tákni á hvítum bakgrunni með rauðum ramma sem skal vera nægilega breiður svo hann sé auðsýnilegur.

1.2.1.3. Hvert hættumerki á að þekja a.m.k. 1/15 af lágmarksyfirborðsflati merkimiðans sem tileinkaður er þeim upplýsingum sem krafist er skv. 17. gr. Lágmarksstærð hvers hættumerkis á að vera a.m.k. 1 cm².

1.2.1.4. Stærð merkimiðans og hvers hættumerkis skal vera sem hér segir:

Tafla 1.3.

Lágmarksstærð merkimiða og hættumerkja

Rúmmál umbúðanna	Stærð merkimiðans (í mm) fyrir upplýsingarnar sem krafist er skv. 17. gr.	Stærð hvers hættumerkis (í mm)
ekki umfram 3 lítra:	a.m.k. 52 × 74, ef unnt er	ekki minna en 10 × 10 a.m.k. 16 × 16, ef unnt er
meira en 3 lítrar en ekki meira en 50 lítrar:	a.m.k. 74 × 105	a.m.k. 23 × 23
meira en 50 lítrar en ekki meira en 500 lítrar:	a.m.k. 105 × 148	a.m.k. 32 × 32
meira en 500 lítrar:	a.m.k. 148 × 210	a.m.k. 46 × 46 ⁴⁴

6) Í stað inngangsmálsliðarins í lið 1.5.2.1.3 komi eftirfarandi:

„Heimilt er að sleppa hættumerkinu, viðvörðunarorðunum, hættusetningunni og varnaðarsetningunni sem tengist hættuundirflokkunum hér að neðan úr merkingaratriðunum sem krafist er skv. 17. gr.“;

7) Í stað b-liðar í lið 1.5.2.2 komi eftirfarandi:

„b) ef innihaldið í uppleysanlegu umbúðunum er eingöngu flokkað í einn eða fleiri af hættuundirflokkunum í b-lið liðar 1.5.2.1.1, b-lið liðar 1.5.2.1.2 eða b-lið liðar 1.5.2.1.3, og“.

B. Ákvæðum 2. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 er breytt sem hér segir:

1) Lið 2.1.4.1 er breytt sem hér segir:


a) Í stað neðanmálgreinar neðan við mynd 2.1.1 komi eftirfarandi:

„(†) Sjá tilmæli SP um flutning á hættulegum farmi, fyrirmyndir að reglugerðum, 16. endursk. útg., undirliður 2.1.2.“;

b) Í stað myndar 2.1.3 komi eftirfarandi:

„Mynd 2.1.3


Aðferð við röðun í deiliflokk í flokknum sprengifim efni (1. flutningaflokkur)



c) Í stað myndar 2.1.4 komi eftirfarandi:

„Mynd 2.1.4

Aðferð við flokkun á ammóníumnítratfleyti, –sviflausnum eða –hlaupi (ANE)



“

- 2) Í stað athugasemdarinnar í lið 2.1.4.2 komi eftirfarandi:

„Athugasemd:

Þess er hvorki krafist að framkvæmd sé prófun á útbreiðslu sprengingar (1. prófunarsýrpa, tegund a), né prófun á viðkvæmni fyrir höggi sem veldur sprengingu (*e. sensitivity to detonative shock*), (2. prófunarsýrpa, tegund a), ef útvermin sundrunarorka lífrænna efna er minni en 800 J/g. Að því er varðar lífræn efni og blöndur með lífrænum efnum með 800 J/g sundrunarorku eða meira þarf ekki að framkvæma prófun 1 (a) eða 2 (a) ef niðurstaðan úr sprengjuvörpuskotprófun (*e. ballistic mortar test*) Mk.III (F.1) eða sprengjuvörpuskotprófun (F.2) eða BAM-Trauzl prófun (F.3) með kveikingu með staðlaðri nr. 8 hvellhettu (Sjá I. viðbæti við tilmæli SP um flutning á hættulegum farni, Handbók um prófanir og viðmiðanir) er „nei“. Í því tilviki teljast niðurstöðurnar úr prófun 1 (a) og 2 (a) vera „–“.

- 3) Í stað athugasemdarinnar neðan við töflu 2.2.1 í lið 2.2.2.1 komi eftirfarandi:

„Athugasemd:

Úðæfni skal ekki flokka sem eldfimt gas, sjá lið 2.3.“

- 4) Í stað athugasemdarinnar við lið 2.3.2.1 komi eftirfarandi:

„Athugasemd 1:

Eldfimir efnisþættir taka ekki til efna og blandna sem eru loftkveikjandi, sjálfhitandi eða vatnshvarfgjörn því slíkir efnisþættir eru aldrei notaðir sem innihaldsefni í úðabrusum.

Athugasemd 2:

Eldfim úðæfni falla enn fremur ekki undir gildissvið liðar 2.2 (eldfimar lofttegundir), liðar 2.6 (eldfimir vökvar) eða liðar 2.7 (eldfim, föst efni).“

- 5) Í lið 2.3.2.2 komi eftirfarandi athugasemd í lok málgreinarinnar:

„Athugasemd:

Úðæfni, sem hafa ekki verið flokkuð með þeim aðferðum sem tilgreindar eru fyrir flokkun á eldfimi í þessum lið, skulu flokkuð sem eldfim úðæfni, 1. undirflokkur.“

- 6) Í stað athugasemdarinnar neðan við töflu 2.4.1 í lið 2.4.2.1 komi eftirfarandi:

„Athugasemd:

„Lofttegundir sem valda eða stuðla að bruna á öðru efni í meira mæli en loft getur gert“ þýðir hreinar lofttegundir eða blöndur lofttegunda með oxandi verkun yfir 23,5%, sem er ákvarðað með aðferð sem lýst er í ISO 10156, með áorðnum breytingum, eða 10156-2 með áorðnum breytingum.“

- 7) Í lið 2.5.3 komi eftirfarandi athugasemd neðan við töflu 2.5.2.:

„Athugasemd:

Ekki ef krafist notkunar á hættumerki HSK04 fyrir lofttegundir undir þrýstingi ef hættumerki HSK02 eða HSK06 er notað.“

- 8) Í lið 2.6.2.1 komi eftirfarandi athugasemd neðan við töflu 2.6.1:

„Athugasemd:

Úðæfni skal ekki flokka sem eldfima vökva, sjá lið 2.3.“

9) Lið 2.6.4.2 er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu málsgreinar komi eftirfarandi:

„Ekki þarf að ákvarða blossamarkið með tilraunum fyrir blöndur (*) sem innihalda þekktu eldfima vökva í skilgreindum styrk þótt þær geti innihaldið órokgjarna efnisþætti, t.d. fjölliður og aukefni, ef blossamarkið fyrir blönduna, sem er reiknað út samkvæmt aðferðinni sem gefin er upp í lið 2.6.4.3, er a.m.k. 5 °C (**) hærrí en viðeigandi flokkunarviðmiðun (23 °C og 60 °C, í þeirri röð) og að því tilskildu:

(*) Fram til þessa hefur reikningsaðferðin verið fullgilt fyrir blöndur sem innihalda allt að 6 rokgjarna efnisþætti. Þessir efnisþættir geta verið eldfimur vökvar eins og vetniskolefni, eterar, alkóhól, esterar (þó ekki akrýlöt) og vatn. Hún hefur þó ekki enn verið fullgilt fyrir blöndur sem innihalda halögnuð brennisteinssambönd og/eða fosförsambönd sem og hvarfgjörn akrýlöt.

(**) Ef útreiknaða blossamarkið er minna en 5 °C hærrí en viðeigandi flokkunarviðmiðun má ekki nota reikningsaðferðina og blossamarkið skal ákvarðað með tilraunum.“

b) Í b-lið bætast orðin „blöndunnar“ við.

10) Í töflu 2.6.3 í lið 2.6.4.4 falli brott öll línan „British Standards Institute, BS 2000, 170. hluti með áorðnum breytingum (Nákvæmlega eins og EN ISO 13736)“.

11) Í stað liðar 2.6.4.5 komi eftirfarandi:

„2.6.4.5. Vökva með blossamarki yfir 35 °C og undir 60 °C þarf ekki að flokka í 3. undirflokk ef neikvæðar niðurstöður fást úr prófun L.2 á bruna sem er haldið við, sjá tilmæli SP um flutning á hættulegum farmi, Handbók um prófanir og viðmiðanir, 32. liður III. hluta.“

12) Eftirfarandi nýr liður 2.6.4.6 bætist við:

„2.6.4.6. Prófunaraðferðir, sem koma til greina við ákvörðun á upphafssuðumarki eldfimra vökva, eru skráðar í töflu 2.6.4.

Tafla 2.6.4

Aðferðir til að ákvarða upphafssuðumark eldfimra vökva

Evrópustaðlar:	EN ISO 3405 með áorðnum breytingum Petroleum products — Determination of distillation characteristics at atmospheric pressure
	EN ISO 3924 með áorðnum breytingum Petroleum products — Determination of boiling range distribution — Gas chromatography method
	EN ISO 4626 með áorðnum breytingum Volatile organic liquids — Determination of boiling range of organic solvents used as raw materials
Reglugerð (EB) nr. 440/2008 (*)	Aðferð A.2. eins og lýst er í A-hluta viðaukans við reglugerð (EB) nr. 440/2008
(*) Stjótið. ESB L 142, 31.5.2008, bls. 1.“	

13) Í stað athugasemdarinnar neðan við töflu 2.7.1 í lið 2.7.2.3 komi eftirfarandi:

„Athugasemd 1:

Prófunin skal framkvæmd á efninu eða blöndunni í því eðlisástandi sem efnið eða blandan kemur fyrir í. Ef íðefni á t.d. að vera í öðru eðlisástandi við afhendingu og flutning en það var í við prófun og líkur eru á að það breyti verulega frammistöðu þess í flokkunarprófun skal efnið einnig prófað í nýja eðlisástandinu.

Athugasemd 2:

Úðæfni skal ekki flokka sem eldfim, föst efni, sjá lið 2.3.“

14) Í lið 7.4, 8.4 og 9.4 í mynd 2.8.1 í lið 2.8.4.2 komi orðið „Engin“ í staðinn fyrir orðið „Nei“.

15) Í stað liðar 2.11.1.2 komi eftirfarandi:

„2.11.1.2. Sjálfhitun efnis eða blöndu er ferli þar sem efnið eða blandan hvarfast smám saman við súrefni (í andrúmsloftinu) og myndar hita. Ef hraði varmamyndunar er meiri en hraði varmataps hækkar hitastig efnisins eða blöndunnar og eftir örvunartíma getur það leitt til sjálfsíkvikunar og bruna.“

16) Í lið 7.4, 8.4 og 9.4 í mynd 2.15.1 í lið 2.15.4.2 komi orðið „Engin“ í staðinn fyrir orðið „Nei“.

C. Ákvæðum 3. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í stað liðar 3.1.2.1 komi eftirfarandi:

„3.1.2.1. Efnin má setja í einn af fjórum undirflokkum fyrir eiturrif á grundvelli bráðra eiturrifa eftir íkomuleið um munn, um húð eða við innöndun í samræmi við tölulegu viðmiðanirnar sem sýndar eru í töflu 3.1.1. Gildin fyrir bráð eiturrif eru gefin upp sem áætluð LD₅₀-gildi (um munn, um húð) eða LC₅₀-gildi (við innöndun) eða sem matsgildi bráðra eiturrifa (ATE). Athugasemdir með útskýringum eru fyrir aftan töflu 3.1.1.“

Tafla 3.1.1

Hættuundirflokkar fyrir bráð eiturrif og matsgildi bráðra eiturrifa (ATE) sem afmarka viðkomandi undirflokka

Váhrifaleið	1. undirflokkur	2. undirflokkur	3. undirflokkur	4. undirflokkur
Um munn (mg/kg líkamspyngdar) Sjá: athugasemd a) athugasemd b)	ATE ≤ 5	5 < ATE ≤ 50	50 < ATE ≤ 300	300 < ATE ≤ 2000
Um húð (mg/kg líkamspyngdar) Sjá: athugasemd a) athugasemd b)	ATE ≤ 50	50 < ATE ≤ 200	200 < ATE ≤ 1000	1000 < ATE ≤ 2000
Lofteggundir (ppmV (*) sjá: athugasemd a) athugasemd b) athugasemd c)	ATE ≤ 100	100 < ATE ≤ 500	500 < ATE ≤ 2500	2500 < ATE ≤ 20000
Gufur (mg/l) sjá: athugasemd a) athugasemd b) athugasemd c) athugasemd d):	ATE ≤ 0,5	0,5 < ATE ≤ 2,0	2,0 < ATE ≤ 10,0	10,0 < ATE ≤ 20,0
Ryk og úði (mg/l) sjá: athugasemd a) athugasemd b) athugasemd c)	ATE ≤ 0,05	0,05 < ATE ≤ 0,5	0,5 < ATE ≤ 1,0	1,0 < ATE ≤ 5,0

(*) Styrkleiki lofttegunda er gefinn upp í milljónarhlutum miðað við rúmmál (ppmV).

Athugasemdir við töflu 3.1.1:

a) Matsgildi bráðra eiturrifa fyrir flokkun efnis er fengið með því að nota LD₅₀/LC₅₀-gildið ef slík gögn liggja fyrir.

b) Matsgildi bráðra eiturrifa fyrir flokkun efnis í blöndu er fengið með því að nota:

— LD₅₀/LC₅₀-gildið ef slík gögn liggja fyrir,

- viðeigandi umreikningsgildi úr töflu 3.1.2 sem tengist niðurstöðum úr skammtastærðarannsókn eða
 - viðeigandi umreikningsgildi úr töflu 3.1.2 sem tengist hættuundirflokki.
- c) Almenn styrkleikamörk fyrir eiturhrif við innöndun í töflunni byggjast á váhrifum í fjórar klukkustundir. Umreikna má fyrirbyggjandi gögn um eiturhrif við innöndun, sem byggjast á váhrifum í eina klukkustund, með því að deila með tveimur fyrir lofttegundir og gufu og deila með fjórum fyrir ryk og úða.
- d) Að því er varðar sum efni er prófunarloftið ekki bara gufa heldur samsett af blöndu af vökva- og gufufasa. Að því er varðar önnur efni getur prófunarloftið verið samsett af gufu sem er nálægt gasfasanum. Í síðari tilvikunum skal flokkun byggð á eftirfarandi ppmV-gildum (milljónarhlutum miðað við rúmmál):

1. undirflokkur (100 ppmV), 2. undirflokkur (500 ppmV), 3. undirflokkur (2500 ppmV), 4. undirflokkur (20 000 ppmV).

Hugtökin „ryk“, „úði“ og „gufa“ eru skilgreind sem hér segir:

- Ryk: fastar agnir efnis eða blöndu sem svífa í lofttegund (yfirleitt lofti).
- Úði: fljótandi dropar efnis eða blöndu sem svífa í lofttegund (yfirleitt lofti).
- Gufa: loftkennt ástand efnis eða blöndu sem fljótandi eða fast form efnisins eða blöndunnar gefur frá sér.

Ryk myndast yfirleitt við vélræna vinnslu. Úði myndast yfirleitt við þéttingu yfirmettaðrar gufu eða með tvístrun (*e. physical shearing*) vökva. Agnastærð ryks og úða er yfirleitt frá því að vera undir 1 til u.þ.b. 100 μm .“

2) Í stað liðar 3.1.3.2 komi eftirfarandi:

„3.1.3.2. Við flokkun á blöndum með tilliti til bráðra eiturhrifa skal hver váhrifaleið könnuð en aðeins þarf eina váhrifaleið svo framarlega sem þessari leið er fylgt (með mati eða prófun) fyrir alla efnisþætti blöndunnar og engar viðeigandi vísbendingar eru um að bráð eiturhrif geti myndast eftir mörgum leiðum. Ef viðeigandi vísbendingar eru um að bráð eiturhrif geti myndast eftir fleiri en einni váhrifaleið skal flokkun fara fram með tilliti til allra viðeigandi váhrifaleiða. Taka skal allar fyrirbyggjandi upplýsingar til skoðunar. Hættumerkið og viðvörðunarorðin sem notuð eru skulu sýna hættuundirflokkinn fyrir alvarlegustu hættuna og nota skal allar viðkomandi hættusetningar.“

3) Í lið 3.1.3.3 bætist eftirfarandi c-liður og d-liður við:

- „c) Ef umreiknað punktmat bráðra eiturhrifa fyrir alla efnisþætti blöndunnar er innan sama undirflokks skal blandan sett í þann undirflokk.
- d) Þegar einungis liggja fyrir gögn um styrkbil (eða upplýsingar um hættuundirflokk bráðra eiturhrifa) fyrir efnisþætti í blöndu má umbreyta þeim í punktmat í samræmi við töflu 3.1.2 þegar flokkun á nýju blöndunni er reiknuð út með því að nota formúlurnar í liðum 3.1.3.6.1 og 3.1.3.6.2.3.“

4) Í stað liðar 3.1.3.5.2 komi eftirfarandi:

„3.1.3.5.2. Ef prófuð blanda er þynnt með þynningarefni, sem er með sömu eða lægri eiturhrifaflokkun og minnst eitraði upprunalegi efnisþátturinn og sem ekki er búist við að breyti eiturhrifum annarra efnisþátta, þá skal nýja, þynnta blandan flokkuð sem jafnhættuleg og upprunalega, prófaða blandan. Að öðrum kosti má beita formúlunni sem útskýrð er í lið 3.1.3.6.1.“

5) Lið 3.1.3.6.1 er breytt sem hér segir:

a) Í stað c-liðar komi eftirfarandi:

- „c) ef fyrirbyggjandi gögn koma úr háskammtaprófun (við efri viðmiðunarmörk fyrir 4. hættuundirflokk fyrir viðkomandi váhrifaleið eins og gert er ráð fyrir í töflu 3.1.1) og sýna ekki bráð eiturhrif, skal efnisþáttunum sleppt.“

b) Í stað fyrstu undirgreinar fyrir neðan c-lið komi eftirfarandi:

„Efnisþættir, sem falla undir gildissvið þessa liðar, teljast vera efnisþættir með þekkt matsgildi bráðra eiturhrifa (ATE). Sjá athugasemd b) við töflu 3.1.1 og lið 3.1.3.3 um færslu viðeigandi fyrirbyggjandi gagna inn í jöfnuna hér að neðan, og lið 3.1.3.6.2.3.“

6) Í stað neðanmálsgreinarinnar í a-lið í lið 3.1.3.6.2.1 komi eftirfarandi:

„1) Þegar blöndur innihalda efnisþætti, sem ekki liggja fyrir upplýsingar um að því er varðar bráð eiturhrif fyrir hverja váhrifaleið þeirra, má framreikna matsgildi bráðra eiturhrifa þeirra út frá fyrirbyggjandi gögnum og nota þau fyrir viðeigandi váhrifaleiðir (sjá lið 3.1.3.2). Hins vegar er hægt, með sértækri löggjöf, að krefjast prófunar fyrir tiltekna váhrifaleið. Í þeim tilvikum skal framkvæma flokkun fyrir þá váhrifaleið sem byggist á lagalegu kröfunum.“

7) Í stað liðar 3.1.3.6.2.2 komi eftirfarandi:

„3.1.3.6.2.2. Ef efnisþáttur, sem engar nothæfar upplýsingar eru til um, er notaður í blöndu í styrk sem er a.m.k. 1% eða meiri er niðurstaðan sú að ekki sé hægt að tilgreina endanlegt matsgildi bráðra eiturhrifa fyrir blönduna. Í slíkum tilvikum skal flokka blönduna eingöngu á grundvelli þekktra efnisþátta og skal eftirfarandi viðbótaryfirlýsing koma fram á merkimiðanum og öryggisblaðinu: „× hundraðshlutfall blöndunnar eru eitt eða fleiri innihaldsefni sem hafa óþekkt eiturhrif“.“

8) Í stað fyrirsagnar við töflu 3.1.2 í lið 3.1.3.6.2.3 komi eftirfarandi:

„Umreikningur á gildum, sem fengin eru með tilraunum, fyrir styrkbil bráðra eiturhrifa (eða hættuundirflokka bráðra eiturhrifa) yfir í punktmát bráðra eiturhrifa, til notkunar í formúlum til flokkunar á blöndum“.

9) Eftirfarandi málsliður bætist við í lið 3.1.4.1:

„Með fyrirvara um 27. gr. má nota samsettar hættusetningar í samræmi við III. viðauka.“

10) Í töflu 3.1.3, 3.2.5, 3.3.5, 3.4.4 og 3.8.4, kemur eftirfarandi hættumerki í stað hættumerkisins með upphrópunarmerkinu:

“



“

11) Í stað orðanna „Í lið 3.4.4“ í lið 3.4.1.5 komi orðin „Í lið 2.8 í II. viðauka.“

12) Í lið 3.4.1.6 bætist orðið „og“ við á eftir orðunum „næmingu öndunarfæra“.

13) Í stað liða 3.4.2 til 3.4.2.2.4.1 komi eftirfarandi:

„3.4.2. **Viðmiðanir fyrir flokkun efna**

3.4.2.1. **Öndunarfæranæmar**

3.4.2.1.1. **Hættuundirflokkar**

3.4.2.1.1.1. Öndunarfæranæmar skulu flokkaðir í 1. undirflokk ef nægileg gögn eru ekki fyrir hendi til flokkunar þeirra í undirflokka hættuundirflokks.

3.4.2.1.1.2. Ef nægileg gögn eru fyrir hendi skal, eftir nákvæmt mat samkvæmt lið 3.4.2.1.1.3, gera það kleift að skipa öndunarfæranæma í undirflokk 1A fyrir sterka næma eða í undirflokk 1B ef um aðra öndunarfæranæma er að ræða.

3.4.2.1.1.3. Áhrif, sem koma fram annaðhvort hjá mönnum eða dýrum, réttlæta yfirleitt flokkun öndunarfæranæma með aðferðinni með vægi rökstuddra vísbendinga. Efnin má setja í annan af tveimur undirflokkum, 1A eða 1B, með aðferðinni með vægi rökstuddra vísbendinga í samræmi við viðmiðanirnar sem gefnar eru upp í töflu 3.4.1. og á grundvelli áreiðanlegra og vandaðra vísbendinga um tilvik hjá mönnum eða úr faraldsfræðirannsóknnum og/eða athugunum úr viðeigandi rannsóknnum á tilraunadýrum.

3.4.2.1.1.4. Flokka skal efni sem öndunarfæranæma í samræmi við viðmiðanirnar í töflu 3.4.1:

Tafla 3.4.1

Hættuundirflokkur fyrir öndunarfæranæma og undirflokkur hans

Undirflokkur	Viðmiðanir
1. undirflokkur	Flokka skal efni sem öndunarfæranæma (1. undirflokkur) ef nægileg gögn eru ekki fyrir hendi til flokkunar þeirra í undirflokkka hættuundirflokks í samræmi við eftirfarandi viðmiðanir: a)ef fyrir liggja vísbendingar hjá mönnum þess efnis að efnið geti valdið sérstöku ofurnæmi í öndunarfærum og/eðab)ef fyrir liggja jákvæðar niðurstöður úr viðeigandi dýrapröfunum.
Undirflokkur 1A:	Efni sem sýna háa tíðni tilvika hjá mönnum eða líkur á hárrí tíðni næmingar hjá mönnum á grundvelli dýraprófana eða annarra prófana (*). Einnig má taka tillit til alvarleika svörunar.
Undirflokkur 1B:	Efni sem sýna lága til meðalháa tíðni tilvika hjá mönnum eða líkur á lágrí til meðalhárrí tíðni tilvika næmingar hjá mönnum á grundvelli dýraprófana eða annarra prófana (*). Einnig má taka tillit til alvarleika svörunar.

(*) Viðurkennd og fullgilt dýralikön fyrir prófanir á ofurnæmi öndunarfæra eru ekki tiltæk eins og sakir standa. Við tiltekna aðstæður geta gögn úr dýrarrannsóknnum veitt gagnlegar upplýsingar í mati sem byggist á vægi rökstuddra vísbendinga.

3.4.2.1.2. Vísbendingar um áhrif á menn

3.4.2.1.2.1. Vísbendingar um að efni geti valdið sérstöku ofurnæmi í öndunarfærum byggjast að jafnaði á reynslu hjá mönnum. Í þessu samhengi kemur ofurnæmi að jafnaði fram sem asmi en önnur ofurnæmissvörun, á borð við nefslímubólgu/tárubólgu og lungnablóðrubólgu, skal einnig skoðuð. Sjúkdómsástandið hefur klínísk einkenni ofnæmissvörunar. Ekki er þó nauðsynlegt að sýna fram á ónæmisfræðilegt gangvirki.

3.4.2.1.2.2. Þegar vísbendingar um áhrif á menn eru athugaðar er nauðsynlegt að ákvörðun um flokkun sé byggð á eftirfarandi, auk vísbendinga frá sjúkdómstilvikum:

- fjöldi þeirra sem verða fyrir váhrifum,
- umfangi váhrifa.

Notkun á gögnum um áhrif á menn er til umfjöllunar í liðum 1.1.1.3, 1.1.1.4 og 1.1.1.5.

3.4.2.1.2.3. Framangreindar vísbendingar geta verið:

- sjúkrasaga og gögn úr viðeigandi prófunum á lungnastarfsemi í tengslum við váhrif frá efninu, stutt öðrum vísbendingum, m.a.:
 - ónæmisprófun í lífi (t.d. pikkhúðprófun),
 - ónæmisprófun í glasi (t.d. blóðvatnsgreining),

iii. rannsóknir sem benda til annarrar sérstakrar ofurnæmissvörunar þar sem ekki hefur verið staðfest að um ónæmisfræðileg gangvirki sé að ræða, t.d. endurtekinnar smávægiegrar ertingar eða áhrifa sem tengjast lyfjagjöf,

iv. efnið hefur svipaða byggingu og efni sem vitað er að valda ofurnæmi í öndunarfærum,

b) jákvæðar niðurstöður úr einni eða fleiri berkjuáreitisprófunum með efninu sem gerðar eru í samræmi við viðurkenndar viðmiðunarreglur um ákvörðun sérstakrar ofurnæmissvörunar.

3.4.2.1.2.4. Sjúkrasagan skal ná yfir bæði heilsufarssögu og atvinnusögu til að unnt sé að sýna fram á tengsl milli váhrifa frá tilteknu efni og myndunar ofurnæmis í öndunarfærum. Meðal upplýsinga, sem hér skipta máli, eru þættir sem magna sjúkdómseinkennin, bæði á heimili og vinnustað, upphaf og framgangur sjúkdómsins og fjölskyldusaga og heilsufarssaga sjúklingsins. Heilsufarssagan skal einnig að ná til annarra kvilla af völdum ofnæmis eða í öndunarfærum, allt frá bernsku, svo og reykingavenja.

3.4.2.1.2.5. Jákvæðar niðurstöður úr berkjuáreitisprófunum teljast nægjanlegar vísbendingar til að byggja megi flokkun á þeim einum. Það er hins vegar vitað að margar af þeim rannsóknum, sem taldar eru upp hér að framan, hafa þegar verið gerðar.

3.4.2.1.3. Rannsóknir á dýrum

3.4.2.1.3.1. Gögn úr viðeigandi dýrarannsóknnum (*), sem kunna að benda til þess að efni geti valdið næmingu í mönnum við innöndun (**), eru m.a.:

a) mælingar á ónæmisglóbúlíni E (IgE) og öðrum sérstökum ónæmisfræðilegum þáttum hjá músum,

b) sértæk lungnasvörun í naggrísnum.

3.4.2.2. *Húðnæmar*

3.4.2.2.1. Hættuundirflokkar

3.4.2.2.1.1. Húðnæmar skulu flokkaðir í 1. undirflokk ef nægileg gögn eru ekki fyrir hendi til flokkunar þeirra í undirflokka hættuundirflokks.

3.4.2.2.1.2. Ef nægileg gögn eru fyrir hendi skal, eftir nákvæmt mat samkvæmt lið 3.4.2.2.1.3 gera það kleift að skipa húðnæma í undirflokk 1A fyrir sterka næma eða í undirflokk 1B ef um aðra húðnæma er að ræða.

3.4.2.2.1.3. Áhrif, sem koma fram annaðhvort hjá mönnum eða dýrum, réttlæta yfirleitt flokkun húðnæma með aðferðinni með vægi rökstuddra vísbendinga sem lýst er í lið 3.4.2.2.2. Efnið má setja í annan af tveimur undirflokkum, 1A eða 1B, með aðferðinni með vægi rökstuddra vísbendinga í samræmi við viðmiðanirnar sem gefnar eru upp í töflu 3.4.2 og á grundvelli áreiðanlegra og vandaðra vísbendinga um tilvik hjá mönnum eða úr faraldsfræðirannsóknnum og/ eða athugunum úr viðeigandi rannsóknum á tilraunadýrum í samræmi við leiðbeinandi gildin sem gefin eru upp í liðum 3.4.2.2.2.1 og 3.4.2.2.3.2 fyrir undirflokk 1A og í liðum 3.4.2.2.2.2 og 3.4.2.2.3.3 fyrir undirflokk 1B.

3.4.2.2.1.4. Flokka skal efni sem húðnæma í samræmi við viðmiðanirnar í töflu 3.4.2.:

Tafla 3.4.2

Hættuundirflokkur fyrir húðnæma og undirflokkar hans

Undirflokkur	Viðmiðanir
1. undirflokkur	Flokka skal efni sem húðnæma (1. undirflokkur) ef nægileg gögn eru ekki fyrir hendi til flokkunar þeirra í undirflokk hættuundirflokks í samræmi við eftirfarandi viðmiðanir: a) ef fyrir liggja vísendingar hjá mönnum þess efnis að efnið geti valdið næmingu í snertingu við húð hjá talsverðum fjölda manna eða b) ef fyrir liggja jákvæðar niðurstöður úr viðeigandi dýrprófun (sjá sérstakar viðmiðanir í lið 3.4.2.2.4.1).
Undirflokkur 1A:	Gera má ráð fyrir að efni sem sýna háa tíðni tilvika hjá mönnum og/eða mikinn mátt hjá dýrum geti kallað fram umtalsverða næmingu í mönnum. Einnig má taka tillit til alvarleika svörunar.
Undirflokkur 1B:	Gera má ráð fyrir að efni sem sýna lága til meðalháa tíðni tilvika hjá mönnum og/eða lítinn til meðalmikinn mátt hjá dýrum geti framkallað næmingu í mönnum. Einnig má taka tillit til alvarleika svörunar.

3.4.2.2.2. Vísendingar um áhrif á menn

3.4.2.2.2.1. Vísendingar um áhrif á menn fyrir undirflokk 1A geta meðal annars falist í:

- a) jákvæðum svörunum við $\leq 500 \mu\text{g}/\text{cm}^2$ (HRIPT, HMT — örvunarmörk),
- b) greiningargögnum úr plástursprófun ef um er að ræða tiltölulega tíðar og umtalsverðar svaranir í skilgreindu þýði miðað við tiltölulega litla snertingu við efnið,
- c) öðrum faraldsfræðilegum vísendingum ef um er að ræða tiltölulega hátt hlutfall umtalsverðs exems vegna snertiofnæmis miðað við tiltölulega litla snertingu við efnið.

3.4.2.2.2.2. Vísendingar um áhrif á menn fyrir undirflokk 1B geta meðal annars falist í:

- a) jákvæðum svörunum við $> 500 \mu\text{g}/\text{cm}^2$ (HRIPT, HMT — örvunarmörk);
- b) greiningargögnum úr plástursprófun ef um er að ræða tiltölulega fáar en umtalsverðar svaranir í skilgreindu þýði miðað við tiltölulega mikla snertingu við efnið,
- c) öðrum faraldsfræðilegum vísendingum ef um er að ræða tiltölulega lágt hlutfall umtalsverðs exems vegna snertiofnæmis miðað við tiltölulega mikla snertingu við efnið.

Notkun á gögnum um áhrif á menn er til umfjöllunar í liðum 1.1.1.3, 1.1.1.4 og 1.1.1.5.

3.4.2.2.3. Rannsóknir á dýrum

3.4.2.2.3.1. Þegar notuð er ónæmisglæðaprófun við prófun á húðnæmingu vegna 1. hættuundirflokks telst svörun jákvæð ef hún kemur fram hjá a.m.k. 30% tilraunadýranna. Við notkun prófunar á naggrísum án ónæmisglæða telst svörun jákvæð ef hún kemur fram hjá a.m.k. 15% tilraunadýranna. Að því er varðar 1. hættuundirflokk telst örvunarstuðullinn þrjár eða herra vera jákvæð svörun í eitlagreiningu. Prófunaraðferðum vegna húðnæmingar er lýst í OECD-leiðbeiningum 406 (the Guinea Pig Maximisation test and the Buehler guinea pig test (hámörkunarprófun á naggrísum og Buehlers-prófun með naggrísum)) og leiðbeiningum 429 (eitlagreining (Local Lymph Node Assay)). Nota má aðrar aðferðir að því tilskildu að þær hafi verið vel staðfestar og að færð séu fyrir því vísindaleg rök. Til dæmis gæti bólguprófun á eyrum músa (MEST) verið áreiðanleg skimunarprófun til að finna meðalsterka til sterka næma (*e. sensitizers*) og mætti nota hana sem fyrsta áfangann í mati á húðnæmingarmætti.

- 3.4.2.2.3.2. Niðurstöður úr prófunum á dýrum fyrir undirflokk 1A geta innihaldið gögn með gildum sem gefin eru upp í töflu 3.4.3.

Tafla 3.4.3

Niðurstöður úr prófunum á dýrum fyrir undirflokk 1A

Prófun	Viðmiðanir
Eitlagreining	EC3 gildi $\leq 2\%$
Hámörkunarprófun á naggrísnum	$\geq 30\%$ svara $\leq 0,1\%$ virkjunarskammti á húð eða $\geq 60\%$ svara $> 0,1\%$ til $\leq 1\%$ virkjunarskammti á húð
Buehler-prófun	$\geq 15\%$ svara $\leq 0,2\%$ staðbundnum virkjunarskammti á húð eða $\geq 60\%$ svara $> 0,2\%$ til $\leq 20\%$ staðbundnum virkjunarskammti á húð

- 3.4.2.2.3.3. Niðurstöður úr prófunum á dýrum fyrir undirflokk 1B geta innihaldið gögn með gildum sem gefin eru upp í töflu 3.4.4. hér að aftan:

Tafla 3.4.4

Niðurstöður úr prófunum á dýrum fyrir undirflokk 1B

Prófun	Viðmiðanir
Eitlagreining	EC3 gildi $> 2\%$
Hámörkunarprófun á naggrísnum	$\geq 30\%$ til $< 60\%$ svara $> 0,1\%$ til $\leq 1\%$ virkjunarskammti á húð eða $\geq 30\%$ svara $> 1\%$ virkjunarskammti á húð
Buehler-prófun	$\geq 15\%$ til $< 60\%$ svara $> 0,2\%$ til $\leq 20\%$ staðbundnum virkjunarskammti á húð eða $\geq 15\%$ svara $> 20\%$ staðbundnum virkjunarskammti á húð

- 3.4.2.2.4. Sérstök atriði sem taka þarf tillit til

- 3.4.2.2.4.1. Þegar um er að ræða flokkun efnis skulu vísbendingar fela í sér nokkur eða öll eftirtalin atriði, fundin með aðferðinni með vægi rökstuddra vísbendinga:

- jákvæð gögn úr plástursprófunum, að jafnaði frá fleiri en einni húðsjúkdómadeild, eða
- faraldsfræðilegar rannsóknir sem sýna að efnið hefur valdið exemi vegna snertiofnæmis. Sérstakan gaum skal gefa aðstæðum þar sem dæmigerð einkenni koma fram hjá hlutfallslega mörgum þeirra sem verða fyrir váhrifum, jafnvel þótt tilvikin séu fá,
- jákvæð gögn úr viðeigandi dýraprófunum,
- jákvæð gögn úr tilraunarannsóknum á mönnum (sjá einnig lið 1.3.2.4.7),
- vel skjalfest dæmi um exem vegna snertiofnæmis, að jafnaði frá fleiri en einni húðsjúkdómadeild,
- einnig má taka tillit til alvarleika svörunar.

3.4.2.2.4.2. Vísbendingar úr dýrarrannsóknnum eru yfirleitt mun áreiðanlegri en vísbendingar um váhrif á menn. Í tilvikum þegar vísbendingar liggja fyrir frá báðum heimildunum og misræmi er á milli niðurstaðna þeirra skulu gæði og áreiðanleiki vísbendinga frá báðum heimildum metin í hverju tilviki fyrir sig til að leysa öll vafamál er tengjast flokkuninni. Yfirleitt er gagna um áhrif á menn ekki aflað í samanburðartilraunum með sjálfbodaliðum í tengslum við hættuflokkun heldur eru þau hluti af áhættumati til að staðfesta skort á þeim áhrifum sem fram hafa komið í prófunum á dýrum. Jákvæð gögn um húðnæmingu hjá mönnum eru þar af leiðandi yfirleitt fengin úr tilfelli viðmiðuðum rannsóknum (e. *case-control*) eða öðrum minna afmörkuðum rannsóknum. Mat á gögnum um áhrif á menn verður því að fara fram með varúð þar sem tíðni tilfella sýnir, til viðbótar við eðlislæga eiginleika efnanna, þætti eins og stöðuna með tilliti til váhrifa, lífaðgengi, einstaklingsbundinn móttækileika og forvarnarráðstafanir sem gerðar hafa verið. Alla jafna skal ekki nota neikvæð gögn um áhrif á menn til að hrekja jákvæðar niðurstöður úr dýrarrannsóknum. Taka skal tillit til áhrifa af burðarefninu bæði að því er varðar gögn um áhrif á dýr og menn.

3.4.2.2.4.3. Ef ekkert af framangreindum skilyrðum er uppfyllt þarf ekki að flokka efnið sem húðnæmi. Þó getur blanda af tveimur eða fleiri vísbendum um húðnæmingu, eins og fram kemur hér á eftir, breytt ákvörðuninni. Þetta skal tekið til skoðunar í hverju tilviki um sig.

- a) einangruð dæmi um exem vegna snertiofnæmis,
- b) faraldsfræðilegar rannsóknir með takmarkað gildi þar sem hending, kerfisbundin skekkja eða óskýrt orsakasamhengi hefur ekki verið útilokað svo að fullnægjandi þyki,
- c) gögn úr dýrprófunum, sem gerðar eru í samræmi við gildandi viðmiðunarreglur, sem fullnægja ekki viðmiðuninum um jákvæða niðurstöðu sem lýst er í lið 3.4.2.2.3 en komast nægilega nálægt því til að teljast marktækar,
- d) jákvæð gögn sem byggjast á óstöðluðum aðferðum,
- e) jákvæðar niðurstöður um mjög hliðstæð efni að byggingu.

3.4.2.2.4.4. Ónæmistengd snertiþina

Efni sem uppfylla viðmiðanir fyrir flokkun sem öndunarfæranæmar, kunna einnig að valda ónæmistengdri snertiþinu. Huga skal að því hvort þessi efni skuli einnig flokkuð sem húðnæmar. Einnig skal taka til athugunar að flokka efni, sem valda ónæmistengdri snertiþinu en uppfylla ekki viðmiðanir fyrir öndunarfæranæma, sem húðnæma.

Ekki er til viðurkennt dýralíkan sem nota má til að sanngreina efni sem valda ónæmistengdri snertiþinu. Flokkunin hlýtur því að jafnaði að byggjast á vísbendingum um áhrif á menn sem eru svipaðar þeim sem eiga við um húðnæmingu.

(*) Viðurkennd og fullgilt dýralíkon fyrir prófanir á ofurnæmi öndunarfæra eru ekki tiltæk eins og sakir standa. Við tilteknaðar aðstæður geta gögn úr dýrarrannsóknum veitt gagnlegar upplýsingar í mati sem byggist á vægi rökstuddra vísbendinga.

(*) Gangvirkin, sem liggja til grundvallar því að efnin kalla fram einkenni asma, eru ekki að fullu þekkt. Sem forvarnarráðstöfun eru þessi efni talin öndunarfæranæmar. Ef hægt er, á grundvelli vísbendinga, að sýna fram á að þessi efni kalla aðeins fram einkenni asma vegna ertingar hjá fólki með ofursvörum í berkjum skulu þau ekki talin öndunarfæranæmar.“

14) Í lið 3.4.3.3.1 komi tilvísunin „töflu 3.4.5“ í stað „töflu 3.4.3“.

15) Lið 3.4.3.3.2 er breytt sem hér segir:

- a) Tilvísunin „töflu 3.4.5“ komi í stað „töflu 3.4.1“.
- b) Tilvísunin „töflu 3.4.6“ komi í stað „töflu 3.4.3“.

- c) Í stað töflu 3.4.3 og athugasemda 1, 2 og 3 komi eftirfarandi:

„Tafla 3.4.5.

Almenn styrkleikamörk fyrir efnispætti blöndu, sem eru flokkaðir sem annaðhvort öndunarfæranæmar eða húðnæmar, sem ráða flokkun blöndunnar

Efnispáttur, flokkaður sem:	Almenn styrkleikamörk sem ráða flokkun blöndu sem:		
	Öndunarfæranæmir 1. undirflokkur		Húðnæmir 1. undirflokkur
	Fast efni/vökvi	Loftegun	Allar tegundir eðlisástands
Öndunarfæranæmir 1. undirflokkur	≥ 1,0%	≥ 0,2%	
Öndunarfæranæmir Undirflokkur 1A:	≥ 0,1%	≥ 0,1%	
Öndunarfæranæmir Undirflokkur 1B:	≥ 1,0%	≥ 0,2%	
Húðnæmir 1. undirflokkur		≥ 1,0%	
Húðnæmir Undirflokkur 1A:		≥ 0,1%	
Húðnæmir Undirflokkur 1B:		≥ 1,0%“	

- d) Ný tafla, 3.4.6. bætist við á eftir töflu 3.4.5.:

„Tafla 3.4.6.

Styrkleikamörk vegna framköllunar á efnispáttum í blöndu

Efnispáttur, flokkaður sem:	Styrkleikamörk vegna framköllunar		
	Öndunarfæranæmir 1. undirflokkur		Húðnæmir 1. undirflokkur
	Fast efni/vökvi	Loftegun	Allar tegundir eðlisástands
Öndunarfæranæmir 1. undirflokkur	≥ 0,1% (1. aths.)	≥ 0,1% (1. aths.)	
Öndunarfæranæmir Undirflokkur 1A:	≥ 0,01 % (1. aths.)	≥ 0,01 % (1. aths.)	
Öndunarfæranæmir Undirflokkur 1B:	≥ 0,1% (1. aths.)	≥ 0,1% (1. aths.)	
Húðnæmir 1. undirflokkur	≥ 0,1% (1. aths.)		
Húðnæmir Undirflokkur 1A:	≥ 0,01 % (1. aths.)		
Húðnæmir Undirflokkur 1B:	≥ 0,1% (1. aths.)		

Athugasemd 1:



Þessi styrkleikamörk vegna framköllunar eru notuð fyrir sérstöku merkingarkröfurnar í lið 2.8. í II. viðauka til að vernda einstaklinga sem eru þegar næmir. Öryggisblaðs er krafist ef blandan inniheldur efnispátt yfir þessum styrk. Að því er varðar næmandi efni með sértæk styrkleikamörk sem eru lægri en 0,1% skulu styrkleikamörkin vegna framköllunar vera einn tíundi hluti af sértæku styrkleikamörkunum.“

16) Í stað liðar 3.4.4.1 komi eftirfarandi:

„3.4.4.1. Nota skal merkingaratriði fyrir efni eða blöndur, sem uppfylla viðmiðanirnar fyrir flokkun í þennan hættuflokk, í samræmi við töflu 3.4.7.

Tafla 3.4.7

Merkingaratriði fyrir næmingu öndunarfæra eða húðnæmingu

Flokkun	Næming öndunarfæra	Húðnæming
	1. hættuundirflokkur og undirflokkar 1A og 1B	1. hættuundirflokkur og undirflokkar 1A og 1B
HSK-hættumerki		
Viðvörðunarorð	Hætta	Varúð
Hættusetning	H334: Getur valdið ofnæmis- eða asmaeinkennum eða öndunarerfiðleikum við innöndun	H317: Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð
Varnaðarsetning — forvarnir	V261 V285	V261 V272 V280
Varnaðarsetning — viðbrögð	V304 + V341 V342 + V311	V302 + V352 V333 + V313 V321 V363
Varnaðarsetning — geymsla		
Varnaðarsetning — förgun	V501	V501“

17) Í lið 3.8.3.4.5 bætist eftirfarandi setning við í lokin:

„Meta skal ertingu öndunarfæra og sljóvgandi áhrif sitt í hvoru lagi í samræmi við viðmiðanirnar sem gefnar eru upp í lið 3.8.2.2. Þegar þessar hættur eru flokkaðar skal hlutur hvers efnisþáttar teljast vera til viðbótar við þá sem fyrir eru nema sannanir liggi fyrir um að áhrifin safnist ekki upp.“

18) Í lið 3.9.1.2 í bætist orðin „eða blandan“ við á eftir orðinu „efnið“.

19) Eftirfarandi liður 3.10.1.6.2a bætist við:

„3.10.1.6.2a. Þó að innkoma fastra efna inn í öndunarfærin sé hluti af skilgreiningunni á ásvelgingu í lið 3.10.1.2 gildir flokkun samkvæmt b-lið í töflu 3.10.1 fyrir 1. hættuundirflokk einungis um fljótandi efni og blöndur.“

D. Í stað 4. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 komi eftirfarandi texti:

„4. 4. HLUTI: UMHVERFISHÆTTUR

4.1. Hættulegt fyrir vatnsumhverfi

4.1.1. Skilgreiningar og almenn atriði sem taka þarf tillit til

4.1.1.1. Skilgreiningar

- a) „Bráð eiturrhif á vatnsumhverfi“: Þeir eðliseiginleikar efnis að geta skaðað lagarlífverur verði þær fyrir váhrifum frá því í skamman tíma í vatnsumhverfi.

- b) „Bráð (skammtíma-) hættu“: í flokkun vísar það til hættunnar, sem stafar af efni eða blöndu, vegna bráðra eiturhrifa þess á lífveru vegna skammtíma váhrifa af því efni eða blöndu, í vatnsumhverfi.
- c) „Aðgengi efnis“: vísar til þess að hvaða marki viðkomandi efni getur verið í uppleysanlegu eða óbundnu formi. Þegar um er að ræða málma vísar aðgengi til þess að hvaða marki málmjónahluti málsambands getur losnað frá afganginum af efnasambandinu (sameindinni).
- d) „Lífaðgengi (eða líffræðilegt aðgengi)“: vísar til þess að hvaða marki lífvera tekur upp efni og það dreifist til tiltekins svæðis innan lífverunnar. Lífaðgengi er háð eðlisefnafræðilegum eiginleikum efnisins, líffærafræði og lífeðlisfræði lífverunnar, lyfjahvarfafræði og váhrifaleið. Aðgengi er ekki forsenda fyrir lífaðgengi.
- e) „Uppsöfnun í lífverum“: nettóútkoma úr upptöku, umbreytingu og eyðingu efnis í lífveru þar sem allar váhrifaleiðir eru taldar með (þ.e. loft, vatn, set/jarðvegur og matvæli).
- f) „Lífþéttni“: nettóútkoma úr upptöku, umbreytingu og eyðingu efnis í lífveru vegna váhrifa með vatni.
- g) „Langvinn eiturhrif á vatnsumhverfi“: þeir eðliseiginleikar efnis að hafa skaðleg áhrif á vatnalífverur við váhrif í lagarumhverfi sem eru ákvörðuð miðað við vistferil lífverunnar.
- h) „Niðurbrot“: sundrun lífrænna sameinda í minni sameindir og að lokum í koltvísýring, vatn og sölt.
- i) „EC_x“: samsöfnun áhrifa sem tengist x% svörun.
- j) „Langvinn hættu“: í flokkun vísar það til hættunnar, sem stafar af efni eða blöndu, vegna langvinnra eiturhrifa í kjölfar langvarandi váhrifa í vatnsumhverfi.
- k) „Styrkur sem hefur engin merkjanleg áhrif“ (NOEC-gildi): sá prófunarstyrkur sem er næst fyrir neðan lágsta prófaða styrk sem hefur tölfræðilega marktæk skaðleg áhrif. NOEC-gildið hefur engin tölfræðilega marktæk skaðleg áhrif í samanburði við viðmiðunina.

4.1.1.2. Grunnþættir

4.1.1.2.0. Hættulegt fyrir vatnsumhverfi er skipt eftir tegundum áhrifa:

- bráð hættu fyrir vatnsumhverfi,
- langvinn hættu fyrir vatnsumhverfi.

4.1.1.2.1. Grunnatriði sem notuð eru til að flokka hættur fyrir vatnsumhverfi:

- bráð eiturhrif á vatnsumhverfi,
- langvinn eiturhrif á vatnsumhverfi,
- geta til uppsöfnunar í lífverum eða raunveruleg uppsöfnun í lífverum,
- niðurbrot (lífrænt eða ólífrænt) lífrænna efna.

4.1.1.2.2. Gögn skulu helst fengin með því að nota stöðluðu prófunaraðferðirnar sem um getur í 3. mgr. 8. gr. Einnig skal nota gögn sem eru fengin með öðrum stöðluðum prófunaraðferðum, s.s. landsbundnum aðferðum, þegar þau eru talin jafngild. Ef fyrir liggja fullgilt gögn úr óstöðluðum prófunum eða sem eru fengin með aðferðum án prófana skal taka tillit til þeirra við flokkun ef þau uppfylla kröfurnar sem tilgreindar eru í 1. hluta í XI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006. Almenn tilvist gögn um eiturhrif á ferskvatnsgundir og sjávartegundir henta til flokkunar, að því tilskildu að prófunaraðferðirnar, sem eru notaðar, séu jafngildar. Ef slík gögn liggja ekki fyrir skal flokkunin byggjast á bestu fáanlegum gögnum. Sjá einnig 1. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

4.1.1.3. *Önnur atriði sem taka þarf tillit til*

4.1.1.3.1. Við flokkun efna og blandna með tilliti til umhverfishættna er nauðsynlegt að greina hættur sem þau hafa í för með sér fyrir vatnsumhverfi. Hugtakið vatnsumhverfi vísar bæði til lagarlífveranna, sem lifa í vatninu, og vatnavistkerfisins sem þær eru hluti af. Greiningin á bráðri (skammtíma-) og langvinnri hættu byggist því á eiturhrifum viðkomandi efnis eða blöndu á vatnsumhverfi en þó með breytingum, ef við á, með hliðsjón af frekari upplýsingum um niðurbrot og uppsöfnun í lífverum.

4.1.1.3.2. Þótt flokkunarkerfið gildi um öll efni og blöndur mun Efnastofnun Evrópu gefa út leiðbeiningar fyrir sérstök tilvik (s.s. málma).


4.1.2. *Viðmiðanir fyrir flokkun efna*

4.1.2.1. Með flokkunarkerfinu er gert ljóst að eðlislæg hætta fyrir vatnalífverur stafar bæði af bráðri og langvinnri hættu af völdum efnis. Aðskildir hættuundirflokkar sem sýna stigvaxandi hættu eru skilgreindir fyrir auðkennda langvinna hættu. Lægstu fyrirbyggjandi eiturhrifagildin á milli og innan hinna mismunandi fæðuþrepa (fiskar, krabbadýr, þörungar/vatnablöntur) skulu að jafnaði notuð til að skilgreina viðeigandi hættuundirflokk eða -flokka. Í sumum tilvikum er hins vegar rétt að nota aðferðina með vægi rökstuddra vísbendinga.

4.1.2.2. Grunnflokkunarkerfið fyrir efni samanstendur af einum undirflokki fyrir bráð eiturhrif og þremur undirflokkum fyrir langvinn eiturhrif. Undirflokkar fyrir bráð eiturhrif annars vegar og langvinn eiturhrif hins vegar eru notaðir óháð hvor öðrum.

4.1.2.3. Viðmiðanirnar fyrir flokkun efnis í 1. undirflokk fyrir bráð eiturhrif eru einungis skilgreindar út frá gögnum um bráð eiturhrif á vatnsumhverfi (EC_{50} (miðgildi hrifstyrks) eða LC_{50} (miðgildi banastyrks)). Viðmiðununum fyrir flokkun efnis í 1.–3. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif er beitt eftir stigskiptri aðferð þar sem fyrsta stigið er að athuga hvort fyrirbyggjandi upplýsingar um langvinn eiturhrif séu forsenda fyrir flokkun þess sem langvarandi hættuvalds. Ef ekki eru fyrir hendi fullnægjandi gögn um langvarandi eiturhrif er næsta stig að sameina tvenns konar upplýsingar, þ.e. gögn um bráð eiturhrif á vatnsumhverfi og gögn um afdrif í umhverfinu (gögn um niðurbrot og uppsöfnun í lífverum) (sjá mynd 4.1.1).

Mynd 4.1.1.



- 4.1.2.4. Í kerfinu er einnig flokkur sem er eins konar öryggisnetsflokkur (nefndur 4. undirflokkur fyrir langvinn eiturhrif) til að nota þegar fyrirbyggjandi gögn gera það ekki kleift að flokka efni samkvæmt formlugu viðmiðunum fyrir 1. undirflokk fyrir bráð eiturhrif eða 1. til 3. undirflokk fyrir langvinn eiturhrif en samt sem áður eru einhverjar ástæður sem gefa tilefni til áhyggna (sjá dæmi í töflu 4.1.0).
- 4.1.2.5. Efni sem hafa í för með sér bráð eiturhrif sem eru undir 1 mg/l eða langvinn eiturhrif undir 0,1 mg/l (ef þau brotna ekki hratt niður) og 0,01 mg/l (ef þau brotna hratt niður) eiga, sem efnisþáttur í blöndu, hlutdeild í eiturhrifum blöndunnar þótt styrkur þeirra sé lítill og skal almennt gefa þeim aukið vægi þegar samlagningaráðferðin er notuð við flokkun (sjá 1. athugasemd í töflu 4.1.0 og lið 4.1.3.5.5).
- 4.1.2.6. Viðmiðanirnar fyrir flokkun efna sem hættuleg fyrir vatnsumhverfi eru teknar saman í töflu 4.1.0.

Tafla 4.1.0

Undirflokkar fyrir efni sem eru hættuleg fyrir vatnsumhverfi

a) Bráð hætta fyrir vatnsumhverfi	
1. undirflokkur fyrir bráð eiturhrif (1. aths.)	
96 klst. LC ₅₀ (fyrir fisk)	≤ 1 mg/l og/eða
48 klst. EC ₅₀ (fyrir krabbadýr)	≤ 1 mg/l og/eða
72 eða 96 klst. ErC ₅₀ (fyrir þörungum eða aðrar vatnplöntur)	≤ 1 mg/l. (2. aths.)
b) Langvinn hætta fyrir vatnsumhverfi	
i. Efni sem brotna ekki hratt niður (3. aths.) sem fullnægjandi gögn um langvinn eiturhrif liggja fyrir um	
1. undirflokkur fyrir langvinn eiturhrif (1. aths.)	
Langvinn NOEC-gildi eða EC _x (fyrir fiska)	≤ 0,1 mg/l og/eða
Langvinn NOEC-gildi eða EC _x (fyrir krabbadýr)	≤ 0,1 mg/l og/eða

Langvinn NOEC-gildi eða EC _x (fyrir þörungum eða aðrar vatnplöntur)	≤ 0,1 mg/l
2. undirflokkur fyrir langvinn eiturrif	
Langvinn NOEC-gildi eða EC _x (fyrir fiska)	> 0,1 til ≤ 1 mg/l og/eða
Langvinn NOEC-gildi eða EC _x (fyrir krabbadýr)	> 0,1 til ≤ 1 mg/l og/eða
Langvinn NOEC-gildi eða EC _x (fyrir þörungum eða aðrar vatnplöntur)	> 0,1 til ≤ 1 mg/l.
ii. Efni sem brotna hratt niður (3. aths.) sem fullnægjandi gögn um langvinn eiturrif liggja fyrir um	
1. undirflokkur fyrir langvinn eiturrif (1. aths.)	
Langvinn NOEC-gildi eða EC _x (fyrir fiska)	≤ 0,01 mg/l og/eða
Langvinn NOEC-gildi eða EC _x (fyrir krabbadýr)	≤ 0,01 mg/l og/eða
Langvinn NOEC-gildi eða EC _x (fyrir þörungum eða aðrar vatnplöntur)	≤ 0,01 mg/l.
2. undirflokkur fyrir langvinn eiturrif	
Langvinn NOEC-gildi eða EC _x (fyrir fiska)	> 0,01 til ≤ 0,1 mg/l og/eða
Langvinn NOEC-gildi eða EC _x (fyrir krabbadýr)	> 0,01 til ≤ 0,1 mg/l og/eða
- 47) Umbreytingin yfir í kolefnissnauða orkuframleiðslu krefst þess, ef um er að ræða orkuframleiðslu með jarðefnaeldsneyti, að nýjar fjárfestingar verði gerðar á þann veg að þær greiði fyrir að umtalsvert verði dregið úr losun. Í því skyni skal tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/80/EB frá 23. október 2001 um takmörkun á losun tiltekinna mengunarefna frá stórum brennsluverum út í andrúmsloftið⁽⁵⁾ breytt þannig að þess sé krafist að öll brennsluver með tiltekin afköst, sem fengu upphaflegt byggingarleyfi sitt eða upphaflegt rekstrarleyfi eftir gildistöku þessarar tilskipunar, hafi hæfilegt rými á stöð sinni fyrir þann búnað sem er nauðsynlegur til að fanga og þjappa CO₂, ef hæfileg geymslusvæði eru tiltæk og ef flutningur á CO₂ og ísetning endurbótabúnaðar til föngunar á CO₂ eru tæknilega og efnahagslega hagkvæm. Meta skal efnahagslega hagkvæmni flutnings og ísetningar endurbótabúnaðar, að teknu tilliti til fyrirsjáanlegs kostnaðar við að koma í veg fyrir CO₂-losun, miðað við staðbundnar aðstæður hverju sinni, ef um er að ræða ísetningu endurbótabúnaðar og fyrirsjáanlegan kostnað vegna losunarheimilda fyrir CO₂ í Bandalaginu. Spárnar skulu gerðar á grundvelli nýjustu gagna og einnig skal endurskoða tæknilega valkosti og gera greiningu á óvissu í matsferlunum. Lögbært yfirvald skal ákvarða hvort þessi skilyrði eru uppfyllt, á grundvelli mats sem rekstraradilinn vinnur, auk annarra fyrirliggjandi upplýsinga, sérstaklega varðandi verndun umhverfis og heilbrigðis manna.
- 48) Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa tilskipun fyrir 30. júní 2015 í ljósi fenginnar reynslu af fyrstu framkvæmdaráföngum hennar og gera tillögur um endurskoðun hennar eftir því sem við á.
- 49) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar hvert um sig, þ.e. að koma á lagamma um umhverfisörugga geymslu CO₂, og þar eð því verður betur náð á vettvangi Bandalagsins, vegna þess hve aðgerðirnar eru umfangsmiklar og hafa víðtæk áhrif, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifráðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, sem er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.
- 50) Í samræmi við 34. gr. samstarfssamnings um betri lagasetningu⁽⁶⁾ eru aðildarríkin hvött til þess, bæði í eigin þágu og í þágu Bandalagsins, að semja og birta sín eigin yfirlit sem, eftir því sem kostur er, sýna samsvörun milli þessarar tilskipunar og lögleiðingar-ráðstafana þeirra.
- 51) Beiting þessarar tilskipunar hefur ekki áhrif á beitingu ákvæða 87. gr. og 88. gr. sáttmálans.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. KAFLI

EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Með þessari tilskipun er settur lagamma um umhverfisörugga geymslu á koltvísyringi (CO₂) í jörðu, sem er framlag til baráttunnar gegn loftslagsbreytingum.

2. Tilgangur umhverfisöruggar geymslu á CO₂ í jörðu er varanleg aflokun CO₂ í því skyni að fyrirbyggja neikvæð áhrif og áhættu fyrir umhverfið og heilbrigði manna en ef það er ekki unnt þá að eyða þeim eftir fremsta megni.

2. gr.

Gildissvið og bann

1. Þessi tilskipun gildir um geymslu á CO₂ í jörðu á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, í sérefnahagslögsögu þeirra og á landgrunni þeirra í skilningi hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 9. Tilskipun 2006/12/EB er felld úr gildi með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtið. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3) frá og með 12. desember 2010.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 190, 12.7.2006, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 372, 27.12.2006, bls. 19.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 309, 27.11.2001, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.

2. Tilskipunin skal ekki gilda um geymslu á CO₂ í jörðu, vegna rannsókna, þróunar eða prófunar á nýrri framleiðsluvöru og nýjum vinnsluferlum, ef fyrirhuguð heildargeymsla er minni en 100 kílótonn.
3. Ekki skal leyfa geymslu á CO₂ á geymslusvæði með geymslusamstæðu sem nær út fyrir svæðið sem um getur í 1. gr.
4. Geymsla CO₂ í vatnssúlunni skal ekki heimiluð.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „geymsla CO₂ í jörðu“ er niðurdæling og síðan geymsla CO₂-strauma í jarðmyndunum neðanjarðar,
2. „vatnssúla“ er samfelldur, lóðréttur vatnsmassi frá yfirborði að botnseti vatnshlts,
3. „geymslusvæði“ er skilgreint rúmmál svæðis innan jarðmyndunar sem er notað til geymslu á CO₂ í jörðu, auk tilheyrandi búnaðar á yfirborði og til niðurdælingar,
4. „jarðmyndun“ er berglagasýrpa úr aðgreinanlegum berglögum sem unnt er að rekja og kortleggja,
5. „leki“ er öll losun CO₂ úr geymslusamstæðunni,
6. „geymslusamstæða“ er geymslustaðurinn og jarðfræðilegt umhverfi hans sem getur haft áhrif á heildarheilleika geymslunnar og öryggi hennar, þ.e. jarðmyndanir sem eru viðbótaraflokun.
7. „vökvafræðileg eining“ er vökvafræðilega tengt gropurými þar sem unnt er að mæla þrýstingssamband í gropum með tæknilegum aðferðum og sem takmarkast af flæðistálmum, s.s. misgengjum, saltstólpum eða þéttum berglögum eða takmarkast af því að jarðmyndunin þynnist út eða nær upp til yfirborðs jarðar.
8. „könnun“ er mat á hugsanlegri geymslusamstæðu til geymslu á CO₂ í jörðu sem fer fram með aðgerðum sem ná undir yfirborð jarðar, t.d. borun til að fá jarðfræðilegar upplýsingar um jarðlög í hugsanlegri geymslusamstæðu og, eftir því sem við á, prófunum með niðurdælingu til að ákvarða eiginleika geymslusvæðisins,
9. „könnunarleyfi“ er skrifleg og rökstudd ákvörðun sem lögbært yfirvald gefur út samkvæmt kröfum í þessari tilskipun og heimilar könnun og tilgreinir skilyrði þess að könnunin megi fara fram,
10. rekstraraðili er einstaklingur eða lögaðili, einkaaðili eða opinber aðili sem rekur geymslusvæðið eða stýrir því eða sá sem hefur verið fengið ótvírætt, fjárhagslegt vald yfir tæknilegri starfsemi geymslusvæðisins samkvæmt landslöggiöf,
11. „geymsluleyfi“ er skrifleg og rökstudd ákvörðun eða ákvarðanir sem lögbært yfirvald gefur út samkvæmt kröfum í þessari tilskipun og heimila rekstraraðila geymslu CO₂ í jörðu á geymslusvæði og tilgreinir skilyrði þess að geymslan megi fara fram,
12. „veruleg breyting“ er öll breyting sem ekki er kveðið á um í geymsluleyfinu og sem gæti haft umtalsverð áhrif á umhverfið eða á heilbrigði manna,
13. „CO₂-straumur“ er flæði efna úr ferlum til föngunar á CO₂,
14. „úrgangur“ er efnin sem eru skilgreind sem úrgangur í a-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar /2006/12/EB,
15. „CO₂-slóði“ er rúmmál CO₂ sem dreifist í jarðmynduninni,
16. „flæði“ er hreyfing CO₂ innan geymslusamstæðunnar,
17. „umtalsverðir ágallar“ eru allir ágallar í niðurdælingu eða geymslu eða á ástandi geymslusamstæðunnar sjálfrar sem fela í sér áhættu á leka eða áhættu vegna umhverfis eða heilbrigðis manna,
18. „umtalsverð áhætta“ er blanda af líkunum á að tjón verði og á að umfang tjónsins verði slíkt að ekki sé hægt að líta framhjá því án þess að spurningar vakni um tilgang þessarar tilskipunar að því er varðar viðkomandi geymslusvæði,
19. „ráðstafanir til úrbóta“ eru hvers konar ráðstafanir til leiðréttingar á umtalsverðum ágöllum eða til að loka fyrir leka í því skyni að koma í veg fyrir eða stöðva losun CO₂ úr geymslusamstæðunni,
20. „lokun“ geymslusvæðis er endanleg stöðvun á niðurdælingu CO₂ í það geymslusvæði,
21. „tímabilið eftir lokun“ er tímabilið eftir að geymslusvæði hefur verið lokað, þ.m.t. tímabilið eftir að ábyrgðin hefur verið flutt til lögbærs yfirvalds,
22. flutninganet er leiðslunet, þ.m.t. viðkomandi þjöppunarstöðvar, til flutnings á CO₂ til geymslusvæðisins.

2. KAFLI

VAL Á GEYMSLUSVÆÐUM OG KÖNNUNARLEYFI

4. gr.

Val á geymslusvæðum

1. Aðildarríkin skulu halda réttinum til að ákveða á hvaða svæðum megi velja geymslustaði samkvæmt kröfum þessarar tilskipunar. Í því felst að aðildarríkin hafa rétt til að heimila ekki geymslu á tilteknum hlutum yfirráðasvæðis síns eða því öllu.

2. Aðildarríki, sem ætla að leyfa geymslu á CO₂ í jörðu á yfirráðasvæði sínu, skulu vinna mat á tiltæku geymslurými á tilteknum hlutum yfirráðasvæðis síns eða því öllu, þ.m.t. með því að leyfa könnun skv. 5. gr. Framkvæmdastjórnin getur skipulagt skipti á upplýsingum og bestu starfsvenjur milli þessara aðildarríkja innan ramma þeirra upplýsingaskipta sem kveðið er á um í 27. gr.

3. Ákvarða skal nothæfi jarðmyndunar sem geymslusvæðis með lýsingu og mati á hugsanlegri geymslusamstæðu og nærliggjandi svæði samkvæmt viðmiðunum sem tilgreindar eru í I. viðauka.

4. Jarðmyndun skal aðeins valin sem geymslusvæði ef engin umtalsverð áhætta er á leka, við fyrirhuguð notkunarskilyrði, og engin umtalsverð umhverfis- eða heilbrigðisáhætta er fyrir hendi.

5. gr.

Könnunarleyfi

1. Ef aðildarríki ákvarða að þörf sé á könnun til að fá nauðsynlegar upplýsingar fyrir val á geymslusvæði skv. 4. gr. skulu þau sjá til þess að könnun fari ekki fram án könnunarleyfis.

Unnt er að kveða á um vöktun niðurdælingarprófana í könnunarleyfinu, eftir því sem við á.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að að málsmeðferð við veitingu könnunarleyfa sé opin öllum aðilum, sem búa yfir nauðsynlegri getu, og að leyfi séu veitt eða að synjað sé um þau á grundvelli hlutlægra, birtra viðmiðana sem eru án mismununar.

3. Gildistími leyfis skal ekki vera lengri en sem nemur þeim tíma sem er nauðsynlegur til að framkvæma könnunina sem leyfið er veitt fyrir. Aðildarríkin mega þó rýmka gildistíma leyfisins ef tilgreindur gildistími er ekki nógu langur til að ljúka könnuninni, sem um er að ræða, og ef könnunin hefur verið framkvæmd í samræmi við leyfið. Könnunarleyfi skulu veitt fyrir takmarkað rúmmál svæðis.

4. Handhafi könnunarleyfis skal hafa einkarétt til könnunar á hugsanlegri CO₂ geymslusamstæðu. Aðildarríkin skulu sjá til þess að ekki verði heimiluð ósamrýmanleg not af svæðinu á gildistíma leyfisins stendur.

3. KAFLI

GEYMSLULEYFI

6. gr.

Geymsluleyfi

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að geymslusvæði séu ekki rekin án geymsluleyfis, að það sé aðeins einn rekstraraðili á hverju geymslusvæði og að ósamrýmanleg not af svæðinu séu ekki leyfð.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að málsmeðferð við veitingu geymsluleyfa sé opin öllum aðilum, sem búa yfir nauðsynlegri getu, og að leyfin séu veitt á grundvelli hlutlægra, birtra og gagnsærra viðmiðana.

3. Með fyrirvara um kröfurnar í þessari tilskipun skal handhafi könnunarleyfis fyrir tiltekið svæði hafa forgangsrétt til geymsluleyfis á því svæði, að því tilskildu að könnun á því svæði sé lokið, að öll skilyrði, sem sett voru í könnunarleyfinu, hafi verið uppfyllt og að sótt sé um geymsluheimild á gildistíma könnunarleyfisins. Aðildarríkin skulu sjá til þess að ekki verði heimiluð ósamrýmanleg not af svæðinu á gildistíma leyfisins

7. gr.

Umsóknir um geymsluleyfi

Eftirfarandi upplýsingar a.m.k. skulu koma fram í umsóknum til lögbærs yfirvalds um geymsluleyfi:

1. nafn og heimilisfang hugsanlegs rekstraraðila,
2. sönnun fyrir tæknilegri færni hugsanlegs rekstraraðila,
3. lýsing á eiginleikum geymslusvæðisins og geymslusamstæðunnar og mat á fyrirsjáanlegu öryggi geymslunnar skv. 3. og 4. mgr. 4. gr.,
4. heildarmagn CO₂ sem verður dælt niður og geymt, sem og væntanlegar uppsprettur og flutningsaðferðir, samsetning CO₂-straumanna, hraði og þrýstingur á niðurdælingu og staðsetning niðurdælingarbúnaðar,
5. lýsing á ráðstöfunum til að koma í veg fyrir umtalsverða ágalla,
6. fyrirhuguð vöktunaráætlun skv. 2. mgr. 13. gr.,

7. fyrirhugaðar ráðstafanir til úrbóta skv. 2. mgr. 16. gr.,
8. fyrirhuguð bráðabirgðaáætlun vegna tímabils eftir lokun skv. 3. mgr. 17. gr.,
9. upplýsingar skv. 5. gr. tilskipunar 85/337/EBE,
10. sönnun þess að fjárhagsleg trygging eða önnur jafngild ráðstöfun, sem krafist er skv. 19. gr, verði gild og virk áður en niðurdæling hefst.

8. gr.

Umsóknir um geymsluleyfi

Lögbær yfirvöld skulu því aðeins veita geymsluleyfi að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

1. að lögbært yfirvald sé þess fullvisst, á grundvelli umsóknar, sem lögð var fram skv. 7. gr., og allra annarra upplýsinga sem máli skipta:
 - a) að allar viðeigandi kröfur í þessari tilskipun og annarri viðkomandi löggjöf Bandalagsins séu uppfylltar,
 - b) að rekstraraðilinn sé fjárhagslega traustur og tæknilega hæfur og áreiðanlegur, að því er varðar rekstur og stjórn svæðisins, og að rekstraraðilinn og allt starfslið hljóti faglega og tæknilega þjálfun,
 - c) ef um er að ræða fleiri en eitt geymslusvæði í sömu vökvæfræðilegu einingu, að hugsanlegt samspil þrýstings sé þannig að bæði svæðin geti samtímis uppfyllt kröfurnar í þessari tilskipun,
2. að lögbært yfirvald hafi tekið til athugunar álit framkvæmdastjórnarinnar á drögum að leyfinu sem gefin voru út skv. 10. gr.

9. gr.

Inntak geymsluleyfanna:

Á leyfinu skal a.m.k. koma fram eftirfarandi:

1. nafn og heimilisfang rekstraraðila,
2. nákvæm staðsetning og afmörkun geymslusvæðisins og geymslusamstæðunnar og upplýsingar um vökvæfræðilegu eininguna.
3. kröfur vegna reksturs geymslunnar, heildarmagns CO₂, sem heimilt er að geyma í jörðu, þrýstingsmörk geymisins og hámarkshraði og -þrýstingur á niðurdælingu,

4. kröfur varðandi samsetningu CO₂-straumsins og málsmeðferð við móttöku hans skv. 12. gr. og, ef þörf er á, aðrar kröfur um niðurdælingu og geymslu, einkum til að koma í veg fyrir umtalsverða ágalla,
5. samþykkt vöktunaráætlun, skylda til að framkvæma áætlunina og kröfur um uppfærslu hennar skv. 13. gr., sem og kröfur um skýrslugjöf skv. 14. gr.,
6. krafan um tilkynningu til lögbærs yfirvalds ef fram kemur leki eða umtalsverðir ágallar, samþykkt áætlun um ráðstafanir til úrbóta og skylda til að framkvæma ráðstafanir til úrbóta ef fram kemur leki eða umtalsverðir ágallar skv. 16. gr.,
7. skilyrði vegna lokunar og samþykkt bráðabirgðaáætlun vegna tímabilsins eftir lokun eins og um getur í 17. gr.,
8. öll ákvæði um breytingar, endurskoðun, uppfærslu og afturköllun geymsluleyfisins skv. 11. gr.,
9. krafan um að leggja fram og viðhalda fjárhagslegri tryggingu eða jafngildi hennar skv. 19. gr.

10. gr.

Endurskoðun framkvæmdastjórnarinnar á drögum að geymsluleyfi

1. Aðildarríkin skulu gera umsóknirnar um leyfin aðgengileg framkvæmdastjórninni innan mánaðar frá viðtöku þeirra. Þau skulu einnig gera aðgengilegt annað efni sem lögbært yfirvald skal taka tillit til við ákvörðun um samþykkt geymsluleyfis. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um öll drög að geymsluleyfum og um allt annað efni sem tekið er tillit til við samþykkt draga að ákvörðun. Framkvæmdastjórnin getur gefið út álit, sem er ekki bindandi, á drögum að geymsluleyfi innan fjögurra mánaða frá viðtöku draganna. Ef framkvæmdastjórnin ákveður að gefa ekki út álit skal hún tilkynna aðildarríkjunum það, ásamt rökstuðningi, innan eins mánaðar frá því að drögin að leyfinu voru lögð fyrir hana.
2. Lögbær yfirvöld skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um lokaákvörðun sína og færa rök fyrir frávikum frá álitum framkvæmdastjórnarinnar.

11. gr.

Breytingar, endurskoðun, uppfærsla og afturköllun geymsluleyfa

1. Rekstraraðilinn skal veita lögbæra yfirvaldinu upplýsingar um allar fyrirhugaðar breytingar á starfsemi geymslusvæðisins, þ.m.t. breytingar varðandi rekstraraðilann. Lögbæra yfirvaldið skal uppfæra geymsluleyfið eða skilyrðin í því, eftir því sem við á.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að engin veruleg breyting sé framkvæmd án þess að nýtt eða uppfært geymsluleyfi sé gefið út í samræmi við þessa tilskipun. Í þeim tilvikum skal fyrsti undirliður 13. liðar II. viðauka við tilskipun 85/337/EBE gilda.

3. Lögbært yfirvald skal endurskoða og, ef nauðsyn krefur, uppfæra eða, ef það á ekki annars úrkosti, afturkalla geymsluleyfið:

- a) ef því hefur verið tilkynnt eða gert viðvart um leka eða umtalsverða ágalla skv. 1. mgr. 16. gr.,
- b) ef skýrslurnar, sem eru lagðar fram skv. 14. gr., eða umhverfiseftirlit skv. 15. gr. leiða í ljós að skilyrði leyfisins eru ekki uppfyllt eða að áhætta er á leka eða umtalsverðum ágöllum,
- c) ef því er kunnugt um að rekstraraðilinn hafi á einhvern annan hátt ekki farið að skilyrðum leyfisins,
- d) ef það virðist nauðsynlegt samkvæmt nýjustu vísindarannsóknnum og tækniframförum, eða
- e) með fyrirvara um a- til d-lið, fimm árum eftir útgáfu leyfisins og á 10 ára fresti eftir það.

4. Eftir að leyfi hefur verið afturkallað skv. 3. mgr. skal lögbært yfirvald annaðhvort gefa út nýtt geymsluleyfi eða loka geymslusvæðinu samkvæmt c-lið 1. mgr. 17. gr. Þar til gefið hefur verið út nýtt geymsluleyfi skal lögbært yfirvald tíma-bundið yfirtaka allar lagaskyldur varðandi móttökviðmiðanir ákveði lögbæra yfirvaldið að halda áfram CO₂-niðurdælingu, vöktun og ráðstöfunum til úrbóta, samkvæmt kröfum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, innskilum losunarheimilda ef leki verður, samkvæmt tilskipun 2003/87/EB, og aðgerðum til forvarna og úrbóta skv. 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 2004/35/EB. Lögbært yfirvald skal endurheimta allan kostnað, sem stofnað er til, frá fyrri rekstraraðila, þ.m.t. með því að nota fjárhagslegu trygginguna sem um getur í 19. gr. Ef geymslusvæðinu er lokað samkvæmt c-lið 1. mgr. 17. gr. gildir 4. mgr. 17. gr.

4. KAFLI

SKYLDUR VEGNA REKSTURS, LOKUNAR OG TÍMABILSINS EFTIR LOKUN

12. gr.

Viðmiðanir og málsmeðferð við móttöku CO₂-straums

1. CO₂-straumur skal vera að langmestu leyti úr koltvísýringi. Af þeim sökum má ekki bæta í hann úrgangi eða öðru efni í því skyni að farga þeim úrgangi eða öðru efni. CO₂-straumur getur þó innihaldið tilfallandi, tengd efni úr uppsprettunni, fönguninni eða niðurdælingarferlinu og snefil-

efni sem bætt er í hann til að auðvelda vöktun og sannpröfun á CO₂-flæði. Styrkur allra tilfallandi og viðbættra efna skal ekki vera svo hár að hann:

- a) hafi skaðleg áhrif á heilleika geymslusvæðisins eða viðkomandi flutningagrunnvirki,
- b) stofni umhverfinu eða heilbrigði manna í umtalsverða áhættu eða
- c) brjóti í bága við kröfur viðeigandi löggjafar Bandalagsins.

2. Framkvæmdastjórnin skal, ef við á, samþykkja viðmiðunarreglur til að hjálpa til við að ákveða hvaða skilyrði skulu virt, í hverju tilviki fyrir sig, til að uppfylla viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að rekstraraðilinn:

- a) taki aðeins á mót og dæli niður CO₂-straumi ef samsetning straumsins, þ.m.t. ætandi efni, hefur verið greind og áhættumat unnið og ef áhættumatið sýnir að mengunarstig er í samræmi við skilyrðin sem um getur í 1. mgr.,
- b) haldi skrá yfir magn og eiginleika CO₂-straumanna sem eru afhentir og er dælt niður, þ.m.t. samsetning straumanna.

13. gr.

Vöktun

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að rekstraraðilinn vakti niðurdælingarbúnaðinn, geymslusamstæðuna (þ.m.t. CO₂-slóðinn, ef unnt er) og nærliggjandi svæði, ef við á, í þeim tilgangi:

- a) að gera samanburð á raunhegðun og hegðun, samkvæmt líkani, hjá CO₂ og vatninu í jarðmynduninni á geymslusvæðinu.
- b) að greina umtalverða ágalla,
- c) að greina flæði CO₂,
- d) að greina CO₂-leka,
- e) að greina umtalsverð, skaðleg áhrif á nærliggjandi svæði, einkum og sér í lagi áhrif á drykkjarvatn, og á fólk eða á notendur nærliggjandi lífhvolfs,
- f) að meta markvirkni allra ráðstafana til úrbóta sem gerðar eru skv. 16. gr.,
- g) að uppfæra mat á öryggi og heilleika geymslusamstæðunnar, til lengri og skemmri tíma, þ.m.t. matið á því hvort geymt CO₂ sé fullkomlega og varanlega aflokað.

2. Vöktunin skal byggð á vöktunaráætlun sem rekstraraðilinn semur samkvæmt kröfunum sem mælt er fyrir um í II. viðauka, þ.m.t. nánari útfærsla vöktunar í samræmi við viðmiðunarreglurnar sem settar voru skv. 14. gr. og 23. gr. (2. mgr.) tilskipunar 2003/87/EB, og skal vöktunaráætlunin lögð fyrir lögbært yfirvald og yfirvaldið samþykkja hana skv. 7. gr. (6. mgr.) og 9. gr. (5. mgr.) þessarar tilskipunar. Áætlunin skal uppfærð samkvæmt kröfunum, sem mælt er fyrir um í II. viðauka, og eigi sjaldnar en á fimm ára fresti svo að tillit sé tekið til breytinga á metinni áhættu af völdum leka, breytinga á metinni áhættu fyrir umhverfið og heilbrigði manna, nýrrar vísindabekkingar og úrbóta á bestu, fánlegri tækni. Uppfærðar áætlanir skulu lagðar aftur fyrir lögbært yfirvald til samþykkis.

14. gr.

Skýrslugjöf rekstraraðila:

Rekstraraðilinn skal, svo oft sem lögbært yfirvald ákveður og eigi sjaldnar en einu sinni á ári, leggja fyrir lögbært yfirvald:

1. allar niðurstöður vöktunar á vöktunartímabilinu skv. 13. gr., þ.m.t. upplýsingar um tæknina sem notuð er við vöktunina,
2. upplýsingar, skráðar samkvæmt b-lið, 3. mgr. 12. gr., um magn og eiginleika CO₂-straumanna sem eru afhentir og er dælt niður á skýrslutímabilinu, þ.m.t. samsetning straumanna,
3. sönnun á því að fjárhagsleg trygging skv. 19. gr. og 9. mgr. 9. gr. hafi verið sett og að henni sé viðhaldið,
4. allar aðrar upplýsingar sem lögbært yfirvald telur skipta máli við mat á því hvort farið sé að skilyrðum geymsluleysisins og sem auka þekkinguna á því hvernig CO₂ hegðar sér á geymslusvæðinu.

15. gr.

Skoðanir

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld skipuleggi kerfisbundnar og ókerfisbundnar skoðanir á öllum geymslusamstæðum, sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar, í þeim tilgangi að sannreyna og stuðla að samræmi við kröfur í þessari tilskipun og til þess að vakta áhrif á umhverfið og á heilbrigði manna.
2. Skoðanir skulu fela í sér aðgerðir, s.s. heimsóknir í yfirborðsstöðvar, þ.m.t. niðurdælingarstöðvar, mat á niðurdælingar- og vöktunaraðgerðum, sem rekstraraðilinn framkvæmir, og athugun á öllum viðeigandi skráum sem rekstraraðilinn heldur.
3. Kerfisbundnar skoðanir skulu fara fram eigi sjaldnar en einu sinni á ári þar til þremur árum eftir lokun og á fimm ára fresti þar til ábyrgðin hefur verið flutt til lögbærs yfirvalds. Við skoðun skal rannsaka viðkomandi niðurdælingar- og

vöktunarsstöðvar sem og öll viðkomandi áhrif frá geymslusamstæðunni á umhverfið og á heilbrigði manna.

4. Ókerfisbundnar skoðanir skulu fara fram:

- a) ef lögbæru yfirvaldi hefur verið tilkynnt eða gert viðvart um leka eða umtalsverða ágalla skv. 1. mgr. 16. gr.,
- b) ef skýrslugjöf skv. 14. gr. sýnir að skilyrði leyfisins hafi ekki verið uppfyllt sem skyldi,
- c) til að rannsaka alvarlegar kvartanir sem tengjast umhverfismálum eða heilbrigði manna,
- d) í öðrum tilvikum þegar lögbært yfirvald telur ástæðu til.

5. Að lokinni hverri skoðun skal lögbært yfirvald taka saman skýrslu um niðurstöður skoðunarinnar. Í skýrslunni skal meta samræmi við kröfur þessarar tilskipunar og hvort nauðsynlegt er að grípa til frekari aðgerða. Skýrslan skal send viðkomandi rekstraraðila og skal vera aðgengileg öllum, í samræmi við viðeigandi löggjöf Bandalagsins, innan tveggja mánaða frá skoðuninni.

16. gr.

Ráðstafanir vegna leka eða umtalsverðra ágalla

1. Komi fram leki eða umtalsverðir ágallar skulu aðildarríkin sjá til þess að rekstraraðilinn tilkynni það lögbæru yfirvaldi þegar í stað og geri nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta, þ.m.t. ráðstafanir sem varða heilsuvernd manna. Komi fram leki eða umtalsverðir ágallar sem benda til áhættu á leka skal rekstraraðilinn einnig tilkynna það lögbæru yfirvaldi samkvæmt tilskipun 2003/87/EB.
2. Að lágmarki skal gera þær ráðstafanir til úrbóta, sem um getur í 1. mgr., á grundvelli áætlunar um ráðstafanir til úrbóta sem lögð er fyrir lögbært yfirvald og yfirvaldið samþykkir skv. 7. mgr. 7. gr. og 6. mgr. 9. gr.
3. Lögbært yfirvald getur hvenær sem er krafist þess af rekstraraðilanum að hann geri nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta sem og ráðstafanir varðandi heilsuvernd manna. Þær geta verið viðbót við þær ráðstafanir, sem mælt er fyrir um í áætluninni um ráðstafanir til úrbóta, eða aðrar en þær. Einnig getur lögbært yfirvald sjálft gert ráðstafanir til úrbóta hvenær sem er.
4. Ef rekstraraðilinn gerir ekki nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta skal lögbært yfirvald sjálft gera nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta.
5. Lögbært yfirvald skal endurheimta kostnað, sem stofnað er til í tengslum við ráðstafanir, sem um getur í 3. og 4. mgr., frá rekstraraðila, þ.m.t. með því að nota fjárhagslegu trygginguna sem um getur í 19. gr.

17. gr.

18. gr.

Skyldur vegna lokunar og tímabils eftir lokun**Flutningur ábyrgðar**

1. Geymslusvæði skal lokað:
 - a) ef viðeigandi skilyrði, sem sett eru fram í leyfinu, hafa verið uppfyllt,
 - b) að rökstuddri beiðni rekstraraðilans og að fengnu leyfi lögbærs yfirvalds eða
 - c) ef lögbært yfirvald ákveður það eftir að geymsluleyfi hefur verið afturkallað skv. 3. mgr. 11. gr.
2. Þegar geymslusvæði hefur verið lokað samkvæmt a- eða b-lið 1. mgr. skal rekstraraðilinn bera áfram ábyrgðina á vöktun, skýrslugjöf og ráðstöfunum til úrbóta, samkvæmt kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, og á öllum skyldum varðandi innskil losunarheimilda ef leki verður, samkvæmt tilskipun 2003/87/EB, og á ráðstöfunum vegna forvarna og til úrbóta, skv. 5.–8. gr tilskipunar 2004/35/EB, þar til ábyrgð á geymslusvæðinu hefur verið flutt til lögbærs yfirvalds skv. 1.–5. mgr. 18. gr. þessarar tilskipunar. Rekstraraðilinn skal einnig bera ábyrgð á að innsigla geymslusvæðið og fjarlægja niðurdælingarbúnaðinn.
3. Skyldurnar, sem um getur í 2. mgr., skulu uppfylltar, á grundvelli áætlunar um tímabilið eftir lokun, sem rekstraraðilinn semur og byggist á bestu starfsvenjum, og í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í II. viðauka. Bráðabirgðaáætlun vegna tímabilsins eftir lokun skal lögð fyrir lögbært yfirvald og yfirvaldið samþykkja hana skv. 8. mgr. 7. gr. og 7. mgr. 9. gr. Áður en geymslusvæði er lokað samkvæmt a- eða b-lið 1. mgr. þessarar greinar skal bráðabirgðaáætlunin vegna tímabilsins eftir lokun:
 - a) uppfærð eftir þörfum með hliðsjón af áhættugreiningu, bestu starfsvenjum og tækniframförum,
 - b) lögð fyrir lögbært yfirvald til samþykkis og c) samþykkt af hálfu lögbærs yfirvalds sem endanleg áætlun vegna tímabilsins eftir lokun.
4. Þegar geymslusvæði hefur verið lokað samkvæmt c-lið 1. mgr. skal lögbært yfirvald bera ábyrgðina á vöktun og ráðstöfunum til úrbóta samkvæmt kröfunum, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, og á öllum skyldum varðandi innskil losunarheimilda ef leki verður, samkvæmt tilskipun 2003/87/EB, og á ráðstöfunum vegna forvarna og til úrbóta skv. 1. mgr. 5. og 1. mgr. 6. gr tilskipunar 2004/35/EB. Lögbært yfirvald skal uppfylla kröfur um tímabilið eftir lokun samkvæmt þessari tilskipun, á grundvelli bráðabirgðaáætlunarinnar vegna tímabilsins eftir lokun sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar og skal uppfærð eftir þörfum.
5. Lögbært yfirvald skal endurheimta kostnað, sem stofnað er til í tengslum við ráðstafarnir, sem um getur í 4. mgr., frá rekstraraðila, þ.m.t. með því að nota fjárhagslegu trygginguna sem um getur í 19. gr.

1. Þegar geymslusvæði hefur verið lokað samkvæmt a- eða b-lið 1. mgr. 17. gr. skulu allar lagaskyldur varðandi vöktun og ráðstafanir til úrbóta, samkvæmt kröfunum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, innskil losunarheimilda ef leki verður, samkvæmt tilskipun 2003/87/EB, og ráðstafanir vegna forvarna og til úrbóta, skv. 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 2004/35/EB, fluttar til lögbærs yfirvalds, að eigin frumkvæði þess eða að beiðni rekstraraðilans, ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
 - a) öll tiltæk gögn bendi til þess að það CO₂, sem er í geymslu, verði fullkomlega og varanlega aflokað,
 - b) lágmarkstími, sem lögbæra yfirvaldið skal ákveða, sé liðinn. Þessi lágmarkstími skal ekki vera styttri en 20 ár nema lögbært yfirvald sé fullvisst um að viðmiðunin, sem um getur í a-lið, verði uppfyllt áður en því tímabili lýkur,
 - c) fjárskuldbindingarnar, sem um getur í 20. gr., hafi verið uppfylltar,
 - d) geymslusvæðið hafi verið innsiglað og niðurdælingarbúnaður fjarlægður.
2. Rekstraraðilinn skal taka saman skýrslu, þar sem fram kemur að skilyrðin, sem um getur í a-lið 1. mgr., hafi verið uppfyllt, og leggja hana fyrir lögbært yfirvald til samþykkis þess síðarnefnda á flutningi ábyrgðar. Í þessari skýrslu skal a.m.k. koma fram:
 - a) samræmi milli raunhegðunar þess CO₂, sem dælt er niður, og hegðunar þess samkvæmt líkani,
 - b) að greinanlegur leki sé ekki fyrir hendi,
 - c) að aðstæður á geymslusvæðinu séu að þróast í átt að langtímastöðugleika.

Framkvæmdastjórnin getur samþykkt viðmiðunarreglur um mat á atriðunum, sem um getur í a-, b- og c-lið fyrstu undirgreinar, og lagt áherslu í reglunum á allt sem hefur áhrif á tæknilegu viðmiðanirnar og skiptir máli fyrir ákvörðun lágmarkstímabilanna sem um getur í b-lið 1. mgr.

3. Þegar lögbært yfirvald er fullvisst um að skilyrðin, sem um getur í a- og b-lið 1. mgr., hafi verið uppfyllt skal það undirbúa drög að ákvörðun um samþykki fyrir flutningi ábyrgðar. Í drögunum að ákvörðuninni skal tilgreina aðferð til ákvörðunar á því hvort skilyrðin, sem um getur í d-lið 1. mgr., hafi verið uppfyllt, sem og allar uppfærðar kröfur um innsiglu geymslusvæðisins og brottflutning niðurdælingarbúnaðarins.

Þegar lögbært yfirvald lítur svo á að skilyrðin, sem um getur í a- og b-lið 1. mgr., hafi ekki verið uppfyllt skal það tilkynna rekstraraðila um rök sín fyrir því.

4. Aðildarríkin skulu gera skýrslurnar, sem vísað er til í 2. mgr., aðgengilegar framkvæmdastjórninni innan eins mánaðar frá viðtöku þeirra. Þau skulu einnig gera aðgengilegt annað tengt efni sem lögbært yfirvald skal taka tillit til þegar það undirbýr drög að ákvörðun um samþykki fyrir flutningi ábyrgðar. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um öll drög að ákvörðunum um samþykki sem lögbært yfirvald undirbýr skv. 3. mgr., þ.m.t. allt annað efni sem þau hafa haft hliðsjón af til að komast að niðurstöðu. Framkvæmdastjórnin getur gefið út álit, sem er ekki bindandi, innan fjögurra mánaða frá því að hún tekur við drögum að ákvörðun um samþykki. Ef framkvæmdastjórnin ákveður að gefa ekki út álit skal hún tilkynna aðildarríkjunum það, ásamt rökstuðningi, innan eins mánaðar frá því að drögin að ákvörðun um samþykki voru lögð fyrir hana.

5. Þegar lögbært yfirvald er fullvisst um að skilyrðin, sem um getur í a- til d-lið 1. mgr., hafi verið uppfyllt, skal það samþykkja endanlega ákvörðun og tilkynna rekstraraðila um hana. Lögbær yfirvöld skulu einnig tilkynna framkvæmdastjórninni um endanlega ákvörðun sína og færa rök fyrir frávikum frá álitum framkvæmdastjórnarinnar.

6. Eftir flutning ábyrgðar skal kerfisbundnum skoðunum, sem kveðið er á um í 3. mgr. 15. gr., hætt og draga má úr vöktun að því marki að leki eða umtalsverðir ágallar verði þó enn greinanlegir. Ef leki eða umtalsverðir ágallar greinast skal vöktun aukin eins og þarf til að unnt sé að meta stærð vandans og árangur þeirra ráðstafana sem gerðar eru til úrbóta.

7. Í þeim tilvikum þar sem rekstraraðili hefur framið brot, þ.m.t. ef gögn eru ófullnægjandi, upplýsingum, sem máli skipta, er leynt, vanræksla viðhöfð eða vísvitandi blekkingar eða ekki sýnd tilhlýðileg aðgát, skal lögbært yfirvald endurheimta þann kostnað, sem stofnað er til, eftir að flutningur á ábyrgð hefur átt sér stað. Með fyrirvara um 20. gr. skal ekki endurheimta kostnað frekar eftir flutning ábyrgðar.

8. Ef geymslusvæði hefur verið lokað samkvæmt c-lið 1. mgr. 17. gr. skal litið svo á að flutningur á ábyrgð hafi átt sér stað ef og þegar öll tiltæk gögn benda til þess að það CO₂, sem er í geymslu, verði fullkomlega og varanlega aflokað og eftir að geymslusvæðið hefur verið innsiglað og niðurdælingarbúnaður fjarlægður.

19. gr.

Fjárhagsleg trygging

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að hugsanlegur rekstraraðili leggi fram sönnun fyrir því, sem hluta af umsókninni um geymsluleyfi og á grundvelli fyrirkomulags sem aðildarríkin ákveða, að hann geti gert fullnægjandi ráðstafanir í formi fjárhagslegrar tryggingar eða jafngildis hennar. Þetta er gert til að tryggja að að unnt sé að uppfylla allar skyldur sem leiðir af leyfum sem eru gefin út samkvæmt þessari tilskipun, þ.m.t. kröfur varðandi lokun og tímabilið eftir lokun sem og allar skyldur sem leiðir af því að geymslusvæði eru felld undir tilskipun 2003/87/EB. Þessi fjárhagslega trygging skal vera gild og virk áður en niðurdæling hefst.

2. Fjárhagslega tryggingin skal aðlöguð reglulega með hliðsjón af breytingum á metinni áhættu af völdum leka og áætluðum kostnaði vegna allra skyldna, sem leiðir af útgáfu leyfisins samkvæmt þessari tilskipun, sem og allra skyldna vegna geymslusvæðisins samkvæmt tilskipun 2003/87/EB.

3. Fjárhagsleg trygging eða jafngildi hennar skal vera gild og virk:

- eftir að geymslusvæði hefur verið lokað samkvæmt a- eða b-lið 1. mgr. 17. gr., þar til ábyrgð á geymslusvæðinu er flutt til lögbærs yfirvalds skv. 1.–5. mgr. 18. gr.,
- eftir að geymsluleyfi hefur verið afturkallað skv. 3. mgr. 11. gr.:
 - þar til gefið hefur verið út nýtt geymsluleyfi,
 - ef geymslusvæði hefur verið lokað samkvæmt c-lið 1. mgr. 17. gr., þar til flutningur á ábyrgð hefur átt sér stað skv. 18. gr. (8. mgr.), að því tilskildu að fjárskuld-bindingarnar, sem um getur í 20. gr., hafi verið uppfylltar.

20. gr.

Fjárhagslegt fyrirkomulag

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að rekstraraðilinn veiti lögbæru yfirvaldi aðgang að fjárframlagi, á grundvelli fyrirkomulags, sem aðildarríkin skulu ákveða, og áður en flutningur á ábyrgð skv. 18. gr. hefur átt sér stað. Fjárframlagið frá rekstraraðilanum skal vera með með hliðsjón af þeim viðmiðunum, sem um getur í I. viðauka, og þeirri reynslu af geymslu CO₂, sem skiptir máli við ákvörðun á skyldum á tímabilinu eftir flutning ábyrgðar, og nægja a.m.k. fyrir ætluðum kostnaði af vöktun í 30 ár. Nota má þessa fjárhagslegu tryggingu til að standa straum af þeim kostnaði, sem lögbært yfirvald hefur af því að sjá til þess að CO₂ sé fullkomlega og varanlega aflokað í geymslusvæði í jörðu, eftir að flutningur ábyrgðar hefur átt sér stað.

2. Framkvæmdastjórnin getur samþykkt viðmiðunarreglur fyrir mat á þeim kostnaði, sem um getur í 1. mgr., sem verði þróaðar í samráði við aðildarríkin með það fyrir augum að tryggja gagnsæi og fyrirsjáanleika fyrir rekstraraðilana.

5. KAFLI

AÐGANGUR ÞRÍÐJA AÐILA

21. gr.

Aðgangur að flutninganetum og geymslusvæðum

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að hugsanlegir notendur geti fengið aðgang að flutninganetum og geymslusvæðum í þeim tilgangi að geyma framleitt og fangað CO₂ í jörðu í samræmi við 2., 3. og 4. mgr.

2. Aðgangurinn, sem um getur í 1. mgr., skal veittur á gagnsæjan hátt og án mismununar, með þeim hætti sem aðildarríkið ákvarðar. Aðildarríkið skal hafa það að markmiði að aðgangur sé með sanngjörnum hætti og frjáls og hafa hliðsjón af:

- a) þeirri geymslugetu, sem er tiltæk eða sem unnt er að hafa tiltæka með eðlilegum hætti á svæðunum sem eru ákvörðuð skv. 4. gr., og þeirri flutningsgetu sem er tiltæk eða sem unnt er að hafa tiltæka,
- b) hlutfallinu af skyldum sínum um minnkun á CO₂-losun, samkvæmt lagagerningum á sviði þjóðaréttar og samkvæmt löggjöf Bandalagsins, sem það ætlar sér að uppfylla með föngun CO₂ og geymslu í jörðu.
- c) nauðsyn þess að synja um aðgang ef tækniforskrifir eru ósamrýmanlegar og erfitt um vik að bæta úr því,
- d) nauðsyn þess að virða tilhlýðilega rökstuddar og eðlilegar þarfir eiganda eða rekstraraðila geymslusvæðisins eða flutningansins og hagsmuni allra annarra sem nota geymsluna eða netið eða viðkomandi vinnslu- eða meðhöndlunarbúnað og kunna að verða fyrir áhrifum.

3. Rekstraraðilar flutningans og rekstraraðilar geymslusvæða mega synja um aðgang vegna skorts á rými. Gefa þarf rökstuddar ástæður fyrir öllum synjunum.

4. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að rekstraraðili, sem synjar um aðgang vegna skorts á rými eða skorts á tengingu, geri allar nauðsynlegar úrbætur að því marki sem það er arðsamt eða ef hugsanlegur viðskiptavinur er reiðubúinn til þess að greiða fyrir þær, að því tilskildu að þær hafi ekki neikvæð áhrif á umhverfisöryggi flutnings og geymslu á CO₂ í jörðu.

22. gr.

Lausn deilumála

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fyrir hendi sé fyrirkomulag til lausnar deilumálum, þ.m.t. yfirvald sem er óháð málsaðilum og hefur aðgang að öllum viðeigandi upplýsingum, til þess að unnt sé að leysa deilumál, sem tengjast aðgangi að flutninganeti og að geymslusvæðum, með fljót-virkum hætti, að teknu tilliti til þeirra viðmiðana, sem um getur í 2. mgr. 21. gr., og til fjölda þeirra aðila sem kunna að vera þátttakendur í samningum um slíkan aðgang.

2. Nái deilumál yfir landamæri skal styðjast við það fyrirkomulag til lausnar deilumálum sem gildir í því aðildarríki sem hefur lögsögu yfir flutninganetinu eða geymslusvæðinu sem synjað er um aðgang að. Ef viðkomandi flutninganeti eða geymslusvæði fellur undir fleiri en eitt aðildarríki í deilumáli sem nær yfir landamæri skulu hlutaðeigandi aðildarríki hafa samráð sín á milli til þess ákvæðum þessarar tilskipunar sé beitt á samræmdan hátt.

6. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

23. gr.

Lögbært yfirvald

Aðildarríkin skulu koma á fót eða tilnefna lögbært yfirvald eða yfirvöld sem bera ábyrgð á því að vinna þau skyldustörf sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Séu fleiri en eitt lögbært yfirvald tilnefnt skulu aðildarríkin koma á fyrirkomulagi til að samhæfa vinnu þessara yfirvalda samkvæmt þessari tilskipun.

24. gr.

Samstarf yfir landamæri

Ef CO₂ er flutt yfir landamæri eða ef geymslusvæðin eða geymslusamstæðurnar liggja yfir landamæri skulu lögbær yfirvöld hlutaðeigandi aðildarríkja í sameiningu uppfylla kröfur þessarar tilskipunar og allrar annarrar löggjafar Bandalagsins sem við á.

25. gr.

Skrár

1. Lögbært yfirvald skal koma á og viðhalda:

a) skrá yfir veitt geymsluleyfi og b) varanlegri skrá yfir öll lokuð geymslusvæði og nærliggjandi geymslusamstæður, þ.m.t. kort og þversnið af landfræðilegu umfangi þeirra og tiltækar upplýsingar sem skipta máli við mat á því hvort það CO₂, sem er í geymslu, verði fullkomlega og varanlega aflokað.

2. Lögbært landsyfirvald skal hafa skrárnar, sem um getur í 1. mgr., til hliðsjónar við viðeigandi áætlanagerðir og við veitingu leyfis fyrir allri starfsemi sem gæti haft áhrif á, eða orðið fyrir áhrifum af, geymslu á CO₂ í jörðu á skráðu geymslusvæðunum.

26. gr.

Upplýsingar fyrir almenning

Aðildarríkin skulu gera umhverfisupplýsingar varðandi geymslu á CO₂ í jörðu aðgengilegar almenningi í samræmi við viðeigandi löggjöf Bandalagsins.

27. gr.

Skýrslugjöf aðildarríkjanna

1. Þriðja hvert ár skulu aðildarríkin leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um framkvæmd þessarar tilskipunar, þ.m.t. skráin sem um getur í b-lið 1. mgr. 25. gr. Fyrsta skýrslan skal send framkvæmdastjórninni eigi síðar en 30. júní 2011. Skýrslan skal samin á grundvelli spurningalista eða eyðublaðs sem framkvæmdastjórnin útbýr í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 6. gr. tilskipunar 91/692/EBE. Senda skal aðildarríkjunum spurningalistann eða eyðublaðið a.m.k. sex mánuðum áður en fresturinn til að leggja fram skýrsluna rennur út.

2. Framkvæmdastjórnin skal skipuleggja skipti á upplýsingum milli lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum um framkvæmd þessarar tilskipunar.

28. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög vegna brota á þeim ákvæðum landslaga, sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun, og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að slíkum viðurlögum sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði eigi síðar en 25. júní 2011 og skulu tilkynna henni án tafar um síðari breytingar sem hafa áhrif á þau.

29. gr.

Breytingar á viðaukum

Samþykkja má ráðstafanir til breytinga á viðaukunum. Samþykkja skal þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar tilskipunar, í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 2. mgr. 30. gr.

30. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.–4. mgr. 5. gr. a og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

7. KAFLI

BREYTINGAR

31. gr.

Breytingar á tilskipun 85/337/EBE

Tilskipun 85/337/EBE er hér með breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað 16. liðar komi eftirfarandi:

„16. Leiðslur sem eru meira en 800 mm að þvermáli og lengri en 40 km:

— til flutninga á gasi, olíu, íðefnum og

— til flutninga á koltvísýringstraumum (CO₂-straumum) til geymslu í jörðu, þ.m.t. viðkomandi þjöppunarstöðvar.“

b) Eftirfarandi liðir bætist við:

„23. Geymslusvæði samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB frá 23. apríl 2009 um geymslu koltvísýringa í jörðu (*).

24. Stöðvar til föngunar á CO₂-straumum til geymslu í jörðu, samkvæmt tilskipun 2009/31/EB, úr stöðvum sem falla undir þennan viðauka eða ef heildarföngun CO₂ á ári er 1,5 megatonn eða meira.

(*) Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 114. “

2. Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi liður bætist við í 3. lið:

„j) Stöðvar til föngunar á CO₂-straumum til geymslu í jörðu, samkvæmt tilskipun 2009/31/EB, úr stöðvum sem falla ekki undir I. viðauka þessarar tilskipunar.“

b) Eftirfarandi komi í stað i-liðar 10. liðar:

„i) Olíu- og gasleiðslustöðvar og leiðslur fyrir flutning á CO₂-straumum til geymslu í jörðu (framkvæmdir sem falla ekki undir I. viðauka).“

32. gr.

Breyting á tilskipun 2000/60/EB

Eftirfarandi undirliður bætist við á eftir þriðja undirlið j-liðar 3. mgr. 11. gr. tilskipunar 2000/60/EB:

— „– niðurdælingu koltvísýringstrauma til geymslu í jarðmyndunum sem af náttúrulegum ástæðum koma aldrei til með að henta til annarra nota, að því tilskildu að slík niðurdæling sé gerð í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB um geymslu koltvísýringa í jörðu (*) eða að hún falli utan gildissviðs tilskipunarinnar skv. 2. mgr. 2. gr. hennar.

(*) Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 114. “

33. gr.

Breytingar á tilskipun 2001/80/EB

Eftirfarandi grein bætist við í tilskipun 2001/80/EB:

„9. gr. a

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að rekstraraðilar allra brennsluvera, með rafmagnsaflgetu að nafngildi 300 megavött eða meira og sem upphaflega byggingarleyfið eða, ef sú málsmeðferð er ekki fyrir hendi, upphaflega rekstrarleyfið var veitt fyrir eftir að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB frá 23. apríl 2009 um geymslu koltvísýringa í jörðu (*) öðlaðist gildi, hafi metið hvort eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

— hæfileg geymslusvæði séu tiltæk,

— flutningsaðstæður séu tæknilega og efnahagslega hagkvæmar,

— ísetning endurbótahluta til föngunar á CO₂ sé tæknilega og efnahagsleg hagkvæm.

2. Ef skilyrðin í 1. mgr. eru uppfyllt skal lögbært yfirvald sjá til þess að hæfilegt svæði á stöðinni sé tekið frá fyrir nauðsynlegan búnað til föngunar og þjöppunar á CO₂. Lögbært yfirvald skal ákvarða hvort skilyrði hafi verið uppfyllt, á grundvelli matsins, sem um getur í 1. málsgrein, og annarra fyrirliggjandi upplýsinga, sérstaklega varðandi verndun umhverfisins og heilbrigðis manna.

(*) Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 114. “

34. gr.

Breytingar á tilskipun 2004/35/EB

Eftirfarandi málsgrein bætist við í III. viðauka við tilskipun 2004/35/EB:

„14. Rekstur geymslusvæða samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB frá 23. apríl 2009 um geymslu koltvísýrings í jörðu (*).

(*) Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 114. “

35. gr.

Breytingar á tilskipun 2006/12/EB

Eftirfarandi komi í stað a-liðar 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2006/12/EB:

„a) loftkennd efni, sem eru losuð út í andrúmsloftið, og koltvísýringur, sem er fangaður og fluttur til geymslu í jörðu og er geymdur í jörðu í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB frá 23. apríl 2009 um geymslu koltvísýrings í jörðu (*), eða sem fellur utan gildissviðs þeirrar tilskipunar skv. 2. mgr. 2. gr. hennar,

(*) Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 114. “

36. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 1013/2006

Eftirfarandi liður bætist við 3. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 1013/2006:

„h) flutningur á CO₂ til geymslu í jörðu samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB frá 23. apríl 2009 um geymslu koltvísýrings í jörðu.

(*) Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 114. “

37. gr.

Breyting á tilskipun 2008/1/EB

Eftirfarandi liður bætist við í I. viðauka við tilskipun 2008/1/EB:

„6.9. Föngun á CO₂-straumum, úr stöðvum sem falla undir þessa tilskipun, til geymslu í jörðu samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB frá 23. apríl 2009 um geymslu koltvísýrings í jörðu (*).

(*) Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 114. “

8. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

38. gr.

Endurskoðun

1. Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar innan níu mánaða frá viðtöku skýrslanna sem um getur í 27. gr.

2. Í skýrslunni, sem skal senda fyrir 31. mars 2015, skal framkvæmdastjórnin meta sérstaklega, á grundvelli fenginnar reynslu af framkvæmd þessarar tilskipunar, í ljósi fenginnar reynslu af föngun koltvísýrings og geymslu hans í jörðu og að teknu tilliti til tækniframfara og nýjustu vísindabekkingar:

— hvort sýnt hafi verið fram á með fullnægjandi hætti að varanleg geymsla á CO₂ sé á þann hátt að komið sé í veg fyrir og dregið eftir fremsta megni úr neikvæðum áhrifum á umhverfið og allri áhættu af þeim sökum fyrir heilbrigði manna og að öryggi umhverfis og manna sé ekki stefnt í hættu með föngun koltvísýrings og geymslu hans í jörðu,

— hvort enn sé þörf fyrir málsmeðferð í tengslum við endurskoðun framkvæmdastjórnarinnar á drögum að geymsluleyfum, sem um getur í 10. gr., og á drögum að ákvörðun um flutning ábyrgðar, sem um getur í 18. gr.,

— reynsluna af ákvæðunum um viðmiðanir um móttöku CO₂-straums og málmeðferðinni sem um getur í 12. gr.,

— reynsluna af ákvæðunum um aðgang þriðja aðila, sem um getur í 21. og 22. gr., og af ákvæðunum um samstarf yfir landamæri skv. 24. gr.,

— ákvæðin sem eiga við um brennsluver með rafmagnsaflgetu að nafngildi 300 megavött eða meira sem um getur í 9. gr. a í tilskipun 2001/80/EB,

— horfur á geymslu á CO₂ í jörðu í þriðju löndum,

— frekari þróun og uppfærslu á viðmiðunum sem um getur í I. og II. viðauka,

— reynsluna af hvötum fyrir því að beita föngun koltvísýrings og geymslu hans í jörðu í stöðvum sem brenna lífmassa,

— þörfina á frekari reglusetningu varðandi umhverfisáhættu sem tengist flutningi á CO₂,

og leggja fram tillögu að endurskoðun tilskipunarinnar ef við á.

3. Ef sýnt hefur verið fram á með fullnægjandi hætti að varanleg geymsla á CO₂ sé með þeim hætti að komið sé í veg fyrir neikvæð áhrif og alla áhættu fyrir umhverfið og heilbrigði manna, og þar sem það er ekki unnt, dregið úr þeim eftir fremsta megni, að öryggi umhverfis og manna sé ekki stefnt í hættu með föngun koltvísýrings og geymslu hans í jörðu og að það sé efnahagslega hagkvæmt, skal það athugað í endurskoðuninni hvort þörf er á, og framkvæmanlegt, að kveða á um lögboðnar kröfur um viðmiðunarstaðla vegna losunar fyrir nýjar, stórar brennslustöðvar sem framleiða rafmagn, skv. 9. gr. a í tilskipun 2001/80/EB.

39. gr.

Lögleiðing og umbreytingarráðstafanir

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnáskilfyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 25. júní 2011. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ráðstafana.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að eftirfarandi geymslusvæði, sem falla undir gildissvið þessarar tilskipunar, séu rekin í samræmi við kröfurmar í þessari tilskipun eigi síðar en 25. júní 2012:

a) geymslusvæði sem eru notuð í samræmi við gildandi löggjöf 25. júní 2009,

b) geymslusvæði sem eru heimiluð í samræmi við slíka löggjöf til og með 25. júní 2009, að því tilskildu að svæðin séu notuð eigi síðar en einu ári eftir þann dag.

Í þeim tilvikum gilda 4. og 5. gr., 7. gr. (3. mgr.), 8. gr. (2. mgr.) og 10. gr. ekki.

40. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

41. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 23. apríl 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

H.-G. Pöttering

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

P. Nečas

forseti.

I. VIÐAUKI

VIÐMIÐANIR, SEM UM GETUR Í 3. MGR. 4. GR., FYRIR LÝSINGU OG MATI Á HUGSANLEGRI GEYMSLUSAMSTÆÐU OG NÆRLIGGJANDI SVÆÐI

Lýsinguna og matið á hugsanlegri geymslusamstæðu og nærliggjandi svæði, sem um getur í 3. mgr. 4. gr., skal vinna í þremur skrefum samkvæmt bestu starfsvenjum á mats tímanum og með eftirfarandi viðmiðunum. Lögð yfirvald má heimila frávik frá einni eða fleiri þessara viðmiðana, að því tilskildu að rekstaraðilinn hafi sýnt fram á að það hafi ekki áhrif á gagn lýsingarinnar eða matsins við ákvarðanir skv. 4. gr.

1. þrep: Gagnaöflun

Safna skal nægum gögnum til að gera kyrrstætt rúmmálslíkan af geymslusvæðinu og geymslusamstæðunni í þrívídd, einnig af þakbergi og nærliggjandi svæði, þ.m.t. vökvafraðilega tengd svæði. Gögnin skulu ná yfir a.m.k. eftirfarandi eðliseinkenni geymslusamstæðunnar:

- a) jarð- og jarðeðlisfræði,
- b) vatnajarðfræði (einkum hvort á svæðinu sé grunnvatn sem er ætlað til neyslu),
- 24) Á grundvelli mannskæðs flugslyss, 13. maí 2010, þar sem loftfar af tegundinni Airbus A330 átti hlut að máli, starfrækt af hálfu flugrekandans Afriqiyah Airways, og rökstuddra sannana innan ramma SAFA-áætlunarinnar um annmarka í öryggismálum sem komu í ljós hjá flugrekendunum Afriqiyah Airways ⁽²⁾ og United Aviation ⁽³⁾, hóf framkvæmdastjórnin viðræður við lögbær yfirvöld í Líbíu (Flugmálastjórn Líbíu (LCAA)) í október 2010. Viðræðunum var slitið vegna borgarastyrjaldarinnar í Líbíu.
- 25) Samráðið hófst að nýju í október 2011 og Flugmálastjórn Líbíu upplýsti að hún hefði felld tímabundið úr gildi öll flugrekandaskírteini flugrekandans Libyan Air og myndi hefja nýtt vottunarferli áður en tímabundinni ógildingu flugrekandaskírteinanna yrði aflétt. Við úttektina, sem er liður í endurvottunarferlinu, greindi Flugmálastjórn Líbíu alvarlegan öryggisvanda hjá flugrekandanum Afriqiyah Airways, m.a. að því er varðar hjálfun flugmanna, skort á starfsfólki sem sér um viðhald og ófullnægjandi búnað til að framkvæma viðhaldsverkefni. Samt sem áður gaf Flugmálastjórn Líbíu út flugrekandaskírteini til handa flugrekandanum Afriqiyah Airways stuttu eftir úttektina.
- 26) Hinn 22. febrúar 2012 héldu framkvæmdastjórnin, Flugöryggisstofnun Evrópu og nokkrir aðilar sem eiga sæti í flugöryggisnefndinni frekari samráðsfundi með Flugmálastjórn Líbíu og flugrekendunum Afriqiyah Airways, Libyan Airlines og Global Aviation. Flugmálastjórn Líbíu gat ekki lagt fram umbeðnar upplýsingar á tilsettum tíma, m.a. skrá yfir flugrekendur sem hafa fengið vottun í Líbíu, öll samsvarandi flugrekandaskírteini og tilheyrandi rekstrarforskriftir, úttektarskýrslur sem unnar voru áður en tímabundin niðurfelling var felld úr gildi ásamt sönnun þess efnis að ráðin hefði verið bót á þeim annmörkum sem komu í ljós við úttektina með viðunandi hætti. Auk þess kom fram hjá henni að vandkvæði hefðu komið í ljós við rannsókn á slysi þar sem flugrekandinn Afriqiyah Airways átti hlut að máli og að hún hefði ekki enn leitt til neinnar niðurstöðu.

⁽¹⁾ Forsendur 65 til 69 í reglugerð ráðsins (EB) nr. 474/2006 frá 22. mars 2006, Stjóð. ESB L 84, 23.3.2006, bls. 18.

⁽²⁾ DGAC/F-2010-1761; CAA-NL-2010-68; CAA-NL-2010-210; LBA/D-2010-656; DGAC/F-2010-850; ENAC-IT-2010-400; DGAC/F-2010-2060; DGAC/F-2010-1571; DGAC/F-2010-498

⁽³⁾ LBA/D-2010-1258; DGAC/F-2010-841

- 27) Hinn 20. mars 2012 komu samgönguráðherra Líbíu, Flugmálastjórn Líbíu, flugrekendurnir Afriqiyah Airways og Libyan Airlines athugasemdum sínum á framfæri við flugöryggisnefndina. Ráðherrann viðurkenndi að flugöryggiskerfi Líbíu uppfyllti ekki staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Hann setti fram þriggja ára áætlun til að ráða bót á ástandinu með aðstoð utanaðkomandi sérfræðinga í flugöryggismálum.
- 28) Hinn 22. mars 2012 staðfesti ráðherrann skriflega á fundi flugöryggisnefndarinnar og Flugmálastjórnar Líbíu, vegna annmarka í öryggismálum sem komu í ljós í eftirlitskerfi í Líbíu, að líbískum flugrekendum verði ekki heimilað, a.m.k. til 22. nóvember 2012, að starfrækja flug til Evrópusambandsins, Noregs, Íslands og Sviss og að flugrekandaskírteinum þeirra verði breytt svo þau endurspegli þessar takmarkanir. Hann lýsti því enn fremur yfir að skipuð hefði verið nefnd til að flýta endurreisn flugöryggiskerfisins í Líbíu. Hann lýsti því yfir að lögbær yfirvöld í Líbíu myndu vinna náð með framkvæmdastjórninni og láta reglulega í té uppfærðar upplýsingar til að færa sönnur á framfarir.
- 29) Nefndin vakti athygli á afgerandi aðgerð yfirvalda í Líbíu og fór fram á að lögbær yfirvöld í Líbíu létu framkvæmdastjórninni í té, eigi síðar en 20. apríl 2012, áætlun um aðgerðir til úrbóta þar sem teknar eru til greina allar útstandandi beiðnir um upplýsingar og setji fram tilteknar aðgerðir og fresti til að ráða bót á annmörkunum í eftirlitskerfi sínu.
- 30) Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin viðurkenndu þá miklu erfiðleika sem Líbía stendur frammi fyrir í kjölfar ágreiningsins og tóku mið af eindregnum vilja ráðherrans til að hefja ferli endurreisnar. Framkvæmdastjórnin hvetur Flugmálastjórn Líbíu til að halda áfram opnum og uppbyggilegum viðræðum við framkvæmdastjórnina eftir að nýlegum ágreiningi lauk. Framfylgi Flugmálastjórn Líbíu ekki takmörkunum sem hún hefur tilkynnt, neyðist framkvæmdastjórnin til að gera tafarlausar varúðarráðstafanir í samræmi við 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópupingsins og ráðsins (EB) nr. 2111/2005.
- 31) Flugöryggisnefndin mun á fundi sínum, sem er fyrirhugaður er í nóvember 2012, endurskoða stöðu flugöryggis í Líbíu þar sem mat verður lagt á skilvirkni aðgerða af hálfu lögbærra yfirvalda í Líbíu.
- Flugrekendur frá Íslamska lýðveldinu Míritaníu**
- 32) Flugrekendur sem hafa fengið vottun í Míritaníu hafa verið skráðir í viðauki A frá því í nóvember 2010 ⁽¹⁾.
- Lögbær yfirvöld í Míritaníu (Flugmálastjórn Míritaníu (ANAC)) upplýsti að hún hefði gefið út nýtt flugrekandaskírteini til handa flugrekandanum Mauritania Airlines án þess að sýnt hefði verið fram á að öryggiseftirlit með þessum flugrekanda væri í fullu samræmi við gildandi, alþjóðlega öryggisstaðla. Flugrekandaskírteini hans var m.a. gefið út 8. maí 2011, án þess að færðar hefðu verið sönnur á að ráðin hefði verið bót, með skilvirkum hætti, á fjölmörgum annmörkum sem komu í ljós við upphaflega vottun flugrekandans (athugun á rekstrar- og viðhaldsreglum í apríl 2011 og úttekt á staðnum á bilinu 3.-5. maí 2011) áður en flugrekandaskírteinið var gefið út. Flugrekandaskírteinið var einnig gefið út án þess að tryggð hefði verið fyrir fram að flugrekandinn hefði viðeigandi samþykki fyrir áframhaldandi lofthæfi og viðhald. Auk þess voru ekki færðar sönnur á að flugrekandinn væri látinn setja stöðugu eftirliti í samræmi við alþjóðlega öryggisstaðla. Á grundvelli sameiginlegru viðmiðananna er það því metið svo að þessi flugrekandi skuli einnig skráður í viðauka A.
- 33) Flugmálastjórnin upplýsti einnig að flugrekandaskírteini flugrekandans Mauritania Airways hefði fallið úr gildi 15. desember 2010 og hefði ekki verið endurnýjað þar sem flugrekandinn hefði hætt starfsemi sinni. Á grundvelli sameiginlegru viðmiðananna er það því metið svo að þessi flugrekandi skuli felldur brott úr viðauka A.
- 34) Míritanía upplýsti að gripið hefði verið til afgerandi aðgerða í því skyni að bæta öryggiseftirlitskerfi landsins, þ.m.t. breytingar á löggjöf um almenningsflug til að samræma hana viðaukum við Chicago-samninginn og breytingum á stjórnun Flugmálastjórnar, skipulagi hennar og starfsmannahaldi. Ferlin við vottun og stödugt eftirlit með flugrekendum hafa einnig verið uppfærð og munu koma til framkvæmda í náinni framtíð.
- 35) Alþjóðaflugmálastofnunin viðurkennir að Míritanía hafi ekki enn ráðið bót á öllum ágöllum en tilkynnti að meta beri framlag Míritaníu við að ráða bót á annmörkum í öryggismálum sem komu í ljós við úttekt sem fór fram 2008. Ríkið hefur reglulega lagt fram uppfærðar áætlanir um aðgerðir til úrbóta og greint frá þeim þýðingamikla árangri sem náðst hefur. Samræmd fullgildingarúttekt Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICVM), sem áætluð var í maí 2012, mun verða mikilvægur þáttur í að fullgilda þann árangur sem náðst hefur.
- 36) Framkvæmdastjórnin fagnar þeim árangri sem lögbær yfirvöld í Míritaníu hafa greint frá við að ráða bót á þeim annmörkum sem komu í ljós af hálfu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og hvetur yfirvöldin til að halda ótraud áfram aðgerðum sínum í tilhlýðilegri samvinnu við Alþjóðaflugmálastofnunina. Flugöryggisnefndin mun endurmeta stöðuna með hliðsjón af niðurstöðu samræmdrar fullgildingarúttektar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar.

⁽¹⁾ Forsendur 43 til 51 í reglugerð (ESB) nr. 1071/2010 frá 22. nóvember 2010, Stjóð. ESB L 306, 23.11.2010, bls. 49.

Flugrekandinn Pakistan International Airways

- 37) Framkvæmdastjórnin hefur haldið áfram samráði við lögbært yfirvald í Pakistan (Flugmálastjórn Pakistans (PCAA)) og flugrekandann Pakistan International Airways (PIA) og funduðu þau 20. febrúar 2012 til að fara yfir framvindu aðgerða sem lýst er í áætlun þeirra um aðgerðir til úrbóta (CAP).
- 38) Flugmálastjórn Pakistans staðfesti og færði sönnur á að hún hefði aukið eftirlit sitt með flugrekandanum Pakistan International Airways, að hún hefði gripið til stjórnsýsluáðgerðar og fellt tímabundið úr gildi nokkur viðhaldsleyfi ásamt því að krefjast umtalsverðra breytinga á gæðastjórnunarkerfi flugrekandans Pakistan International Airways. Hún greindi frá jákvæðum niðurstöðum úttektar Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í júní 2011 og gerði grein fyrir áætlunum sínum um að setja nýjar reglur sem endurspeglu ákvæði 145. hluta samþykkis Flugöryggisstofnunar Evrópu.
- 39) Flugrekandinn Pakistan International Airways skýrði frá því að aðgerðum sem lýst er í áætlun hans um aðgerðir til úrbóta væri nú lokið nema ítarlegu eftirliti með fjórum loftförum sem voru um þær mundir í viðhaldsferli. Hann staðfesti að umfangsmikil þjálfunaráætlun væri nú væntanleg og að henni yrði viðhaldið.
- 40) Flugöryggisstofnun Evrópu upplýsti flugöryggisnefndina um að niðurstöður úr öryggisskoðunum erlendra loftfara (SAFA-skoðunum) á loftförum flugrekandans Pakistan International Airways hefði leitt til þess, 11. nóvember 2011, að innleidd hafi verið málsmeðferð með það að markmiði að fella tímabundið úr gildi 145. hluta samþykkis Flugöryggisstofnunar Evrópu fyrir viðhaldsfyrirtæki. Flugöryggisstofnun Evrópu veitti því athygli að í áætlun flugrekandans Pakistan International Airways um aðgerðir til úrbóta virtust vera tilgreind viðeigandi öryggismál en að hún gæti ekki treyst því að Flugmálastjórn Pakistans hefði skilvirkt eftirlit með frammistöðu flugrekandans Pakistan International Airways við að uppfylla staðla um viðhald og að Flugöryggisstofnun Evrópu hefði neyðst til að fella tímabundið úr gildi 145. hluta samþykkis Flugöryggisstofnunar Evrópu hinn 6. mars 2012.
- 41) Framkvæmdastjórnin veitti athygli framförum Flugmálastjórnar Pakistans og flugrekandans Pakistan International Airways við að ráða bót á þeim öryggisvanda sem í ljós hefur komið en staðfesti að ef einhver atburður ætti sér stað sem gæfi tilefni til nýrra áhyggna, yrði að grípa til aðgerða til að afmarka öryggisáhættuna. Aðildarríki munu því halda áfram að sannreyna hvort farið sé að viðeigandi öryggisstöðlum á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför þessa flugrekanda séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 351/2008 frá 16. apríl 2008 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/36/EB að því er varðar forgangsröðun skoðana á hlaði á loftförum sem nota flugvelli í Bandalaginu ⁽¹⁾.

Flugrekendur frá Lýðveldinu Filippseyjum

- 42) Flugrekendur sem hafa fengið vottun í Lýðveldinu Filippseyjum hafa verið skráðir í viðauka A frá því 31. mars 2010 ⁽²⁾. Lögbær yfirvöld á Filippseyjum

(Flugmálastjórn Filippseyja (CAAP)) upplýstu að ný flugrekandaskírteini hefðu verið gefin út til handa flugrekendum Aero Equipment Aviation Inc, AirAsia Philippines Certeza Infosys Corp., Mid-Sea Express, Southern Air Flight Services, NorthSky Air Inc. og Island Helicopter Services. Flugmálastjórn Filippseyja brást ekki á viðunandi hátt við beiðnum framkvæmdastjórnarinnar um upplýsingar, m.a. með því að láta ekki í té flugrekandaskírteini þessara flugrekanda ásamt heildarrekstrarforskriftum. Flugmálastjórn Filippseyja gat ekki heldur sýnt fram á það að vottun og stöðugt eftirlit með þessum flugrekendum væri í fullu samræmi við gildandi alþjóðlega öryggisstaðla. Á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna er það því metið svo að þessir flugrekendur skuli skráðir í viðauka A.

- 43) Frá síðasta fundi flugöryggisnefndarinnar hafa verið tilkynnt nokkur mannskæð flugslys þar sem flugrekendur, sem hafa fengið vottun á Filippseyjum, áttu hlut að máli. Hinn 10. desember 2011 brotlenti loftfar af tegundinni Beechcraft 65-80, með skrásetningarkerkið RP-C824, starfrækt af hálfu flugrekandans Aviation Technology Innovator, á Felixberto Serrano Elementary School, nálægt Manila, með þeim afleiðingum að altjón varð á loftfarinu og a.m.k. 14 fórust. Flugmálastjórn Filippseyja brást þó ekki við óskum framkvæmdastjórnarinnar um upplýsingar um bráðabirgðaniðurstöður úr rannsókn slyssins. Flugmálastjórn Filippseyja tilkynnti einfaldlega að flugrekandaskírteinið væri „óvirkt“ eða því hefði verið „skilað inn“, án þess hvorki að tilgreina frá hvaða tíma það hefði verið gert né að veita nánari upplýsingar þar að lútandi. Annað mannskætt flugslys átti sér stað 4. mars 2012 þar sem loftfar af tegundinni Cessna 172S með skrásetningarkerkið RP-C209 átti hlut að máli, starfrækt af hálfu flugrekandans Avia Tours, með þeim afleiðingum að altjón varð á loftfarinu og tveir fórust. Jafnvel þótt Flugmálastjórn Filippseyja léti í té bráðabirgðaupplýsingar um slysið reyndist ekki unnt að staðfesta gildistíma flugrekandaskírteinisins þar sem bráðabirgðaskýrsla um slysið sýnir að flugrekandaskírteinið gildi til 14. ágúst 2012 en upplýsingar frá Flugmálastjórn Filippseyja leiða í ljós að flugrekandaskírteinið hafi fallið úr gildi 14. febrúar 2012.
- 44) Flugmálastjórn Filippseyja upplýsti að nokkrir flugrekendur væru með „óvirkt“ flugrekandaskírteini eða hefðu „skilað því inn“ eða hefðu fengið endurvottun skv. 11. hluta PCAR sem er ætlað fyrir verkflug. Flugmálastjórn Filippseyja gat þó hvorki fært sönnur á að samsvarandi flugrekandaskírteini hefði verið afturkallað né að viðkomandi flugrekendur stunduðu ekki lengur flutningaflug. Á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna er það því metið svo að þessir flugrekendur skuli vera áfram skráðir í viðauka A.
- 45) Flugmálastjórn Bandaríkjanna (FAA) lét fara fram, í janúar 2012, einnar viku tæknilega endurskoðun á Filippseyjum til þess að meta árangurinn sem Flugmálastjórn Filippseyja hefur náð til að fara að alþjóðlegum öryggisstöðlum. Flugmálastjórn Filippseyja gat ekki látið í té nákvæmar upplýsingar í tengslum við niðurstöðu þessarar endurskoðunar. Í mati Flugmálastjórnar Bandaríkjanna komu ekki í ljós neinar breytingar á Filippseyjum sem halda því áfram að vera í flokki 2, þ.e.a.s. fara ekki að alþjóðlegum öryggisstöðlum.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 109, 19.4.2008, bls. 7.

⁽²⁾ Forsendur 74 til 87 í reglugerð ráðsins (ESB) nr. 273/2010 frá 30. mars 2010, Stjtið. ESB L 84, 31.3.2010, bls. 32.

Flugrekendur frá Rússneska sambandsríkinu

- 46) Í kjölfar fundar flugöryggisnefndarinnar í nóvember 2011 ⁽¹⁾ þar sem lögbær yfirvöld í Rússlandi (Flugmálastjórn Rússlands (FATA)) upplýstu og færðu sönnur á að starfsemi flugrekendanna Aviastar-TU, UTAir-Cargo, Tatarstan Airlines, Daghestan Airlines, Yakutia og Vim Avia (Vim Airlines) hefði verið takmörkuð alveg eða að hluta í öryggisskygni, hefur framkvæmdastjórnin haldið áfram virku samráði við Flugmálastjórn Rússlands til þess að fylgjast með þróun mála.
- 47) Samráðsfundur Flugmálastjórnar Rússlands og framkvæmdastjórnarinnar, Flugöryggisstofnunar Evrópu og tiltekinn aðila sem sitja í flugöryggisnefndinni voru haldnir í Brussel 19. desember 2011 og 21. febrúar 2012. Flugmálastjórn Rússlands upplýsti um fyrirætlanir sínar að aflétta þeim takmörkunum sem voru settar á hluta flugflota flugrekandans Tatarstan Airlines (loftför af tegundinni Boeing B737-500, B737-400, B737-300, Tupolev 154M og Yakovlev Yak-42), flugrekandans Aviastar-TU (loftför af tegundinni Tupolev Tu-204) og flugrekandans Yakutia (loftför af tegundinni Boeing B757-200, B737-300 og B737-800), þar sem Flugmálastjórn Rússlands var sátt við niðurstöður skoðana sem framkvæmdar voru á þessum flugrekendum.
- 48) Flugmálastjórn Rússlands færði einnig sönnur á frekari framfylgdaraðgerðir. Flugrekandaskírteini flugrekandans Daghestan Airlines var afturkallað 19. desember 2011 vegna úttektar sem fór fram á flugrekandanum. Flugmálastjórn Rússlands upplýsti einnig að hún hefði farið fram á að flugrekandinn UTAir-Cargo gripi til frekari aðgerða til úrbóta áður en unnt yrði að afnema takmarkanir á flota hans.
- 49) Til að tryggja að ráðstafanir Flugmálastjórnar Rússlands muni leiða til varanlegra bóta í öryggismálum munu aðildarríkin halda áfram að sannprófa hvort rússneskir flugrekendur fari að viðeigandi öryggisstöðlum á skilvirkum hátt með því að setja það í forgang að loftför þessara flugrekenda séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (EB) nr. 351/2008 og kunna að grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að kröfunum verði framfylgt. Framkvæmdastjórnin mun halda áfram að fylgjast með árangri þeirra.

Flugrekandinn Vim Avia

- 50) Flugmálastjórn Rússlands staðfesti að starfræksla flugrekandans VIM AVIA sætti áfram takmörkunum, sem útilokar flug allra loftfara hans (8 loftfara af tegundinni Boeing B757-200) til Evrópusambandsins (lendingar og yfirflug) meðan beðið er eftir því að áætlun hans um aðgerðir til úrbóta komist til framkvæmdar.
- 51) Flugrekandinn Vim Avia mætti á fyrrnefndan fund, 21. febrúar 2012, til þess að kynna fjárfestingar í öryggi, m.a. í tengslum við þjálfun, en tókst ekki að sýna fram

að honum hefði tekist að koma á fót starfhæfu öryggisstjórnunarkerfi. Flugrekandinn var ekki enn í þeirri aðstöðu að geta sýnt fram á að fjárfestingarnar hefðu komið til framkvæmda og gæfu góða raun.

- 52) Flugmálastjórn Rússlands upplýsti að búist væri við að flugrekandinn hefði lokið öllum aðgerðum til úrbóta eigi síðar en 1. apríl 2012. Síðan gaf Flugmálastjórn Rússlands til kynna að hún mundi framkvæma skoðun hjá flugrekandanum til að sannreyna hvort brugðist hafi verið við öllum ágöllum á fullnægjandi hátt til að ákveða hvort afnema mætti gildandi takmarkanir. Flugmálastjórn Rússlands samþykkti að láta framkvæmdastjórninni í té áfangaskýrslur um framkvæmd ráðstafana til úrbóta af hálfu flugrekandans og niðurstöður úr síðari skoðun.
- 53) Í ljósi þess sem að framan greinir, með tilliti til skilvirkra framfylgdaraðgerða af hálfu lögbærra yfirvalda í Rússlandi, virðist of snemmt að endurmeta stöðu þessa flugrekanda. Framkvæmdastjórnin mun kanna stöðu flugrekandans Vim Avia í flugöryggisnefndinni í framtíðinni, samkvæmt skýrslum sem lögbær yfirvöld í Rússlandi hafa látið í té og samkvæmt ákvörðun þeirra um áframhald nógildandi takmarkana.

Flugrekendur frá Bólvíarska lýðveldinu Venesúela**Flugrekandinn Conviasa**

- 54) Færðar hafa verið sönnur á fjölmarga og verulega annmarka í öryggismálum hjá flugrekandanum Conviasa sem hefur fengið vottun í Venesúela. Þessir annmarkar komu í ljós við skoðanir á hlaði sem lögbær yfirvöld á Spáni sáu um samkvæmt áætlun um öryggisskoðanir erlendra loftfara (SAFA-áætluninni) (2). Flugrekandinn Conviasa sýndi vangetu til að ráða bót á þessum annmörkum í öryggismálum. Flugrekandinn Conviasa brást hvorki á viðunandi hátt né í tæka tíð við öllum ágöllum sem spænsk flugmálayfirvöld tilkynntu. Þessi endurteknu tilvik um vanefndir á uppfylltum skilyrðum sýna kerfislæga annmarka í öryggismálum á sviði starfrækslu og viðhalds.
- 55) Loftför flugrekandans Conviasa hafa átt hlut að máli í nokkrum flugslysum, þ.m.t. tvö mannskæð flugslys þar sem annað þeirra tengdist loftfari af tegundinni ATR42 með skrásetningarmerkið YV-1010, sem átti sér stað 13. september 2010, og hitt tengdist loftfari af tegundinni Boeing B737-200 með skrásetningarmerkið YV-102T sem átti sér stað 30. ágúst 2008. Lögbær yfirvöld í Venesúela hafa hvorki tilkynnt framkvæmdastjórninni niðurstöður rannsókna á orsökum þessara slysa né er framkvæmdastjórninni kunnugt um nein tilmæli um að koma í veg fyrir frekari atvik.

⁽¹⁾ Forsendur 36 til 49 í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1197/2011 frá 21. nóvember 2011, Stjtið. ESB L 303, 22.11.2011, bls. 19.

⁽²⁾ Skýrsla nr. AESA-E-2011-234, -326, -412, -553, -663, -715, -832, -895 og AESA-E-2012-1.

- 56) Með hliðsjón af framangreindum annmörkum hóf framkvæmdastjórnin, í ágúst 2011, samráð við lögbær yfirvöld í Venesúela, lét í ljós þungar áhyggjur af rekstraröryggi flugrekandans Conviasa og óskaði skýringa á þeim aðgerðum sem lögbær yfirvöld hafa gripið til og hvernig flugrekandinn hefur brugðist við þessum annmörkum.
- 57) Þessi yfirvöld svöruðu hvorki í tæka tíð né á viðunandi hátt fyrirspurnum framkvæmdastjórnarinnar varðandi öryggiseftirlit með flugrekandanum Conviasa, þar sem umbeðnar upplýsingar, einkum upplýsingar um framvindu slysarannsóknarinnar, tilmæli í kjölfar þessara rannsókna, aðgerðir sem gripið var til við rannsókn hugsanlegra orsaka slysanna og rekstrarforskriftir flugrekandans, kröfur og takmarkanir sem fylgja flugrekandaskírteininu, voru ekki lagðar fram.
- 58) Flugrekandinn Conviasa og lögbær yfirvöld í Venesúela komu athugasemdum sínum á framfæri við flugöryggisnefndina 21. mars 2012. Flugrekandinn gaf til kynna að hann hefði gripið til aðgerða til að auka innra eftirlit, þjálfun og koma öryggisstjórnunarkerfi í framkvæmd, og að frekari aðgerðir væru í athugun í framtíðinni. Hann lýsti því yfir að brugðist hefði verið við öllum ágöllum sem komu í ljós við skoðun á hlaði. Nefndin veitti því athygli að töluverð samvinna væri á milli flugrekandans og lögbærra yfirvalda á Spáni. Flugrekandinn gat þó ekki útskýrt endurtekin vanefndaratriði af svipuðum toga sem komu í ljós við síðari skoðanir. Flugrekandinn gat enn fremur ekki veitt neinar upplýsingar um orsakir framangreindra mannskæðra flugslysna og þær aðgerðir sem gripið hefur verið til í því skyni að koma í veg fyrir að þau endurtaki sig. Flugrekandinn gat heldur ekki lagt fram grunnupplýsingar um flotann sem hann starfrækir og lagði ekki fram rekstrarforskriftir, kröfur og takmarkanir sem fylgja flugrekandaskírteini hans.
- 59) Það er því metið svo, í ljósi þess sem að framan greinir og á grundvelli sameiginlegu viðmiðananna, að flugrekandinn Conviasa uppfylli ekki viðeigandi öryggiskröfur og skuli því skráður í viðauka A.
- Flugrekandinn Línea Turística Aerotuy*
- 60) Færðar hafa verið sönnur á verulega annmarka í öryggismálum hjá flugrekandanum Línea Turística Aerotuy sem hefur fengið vottun í Venesúela. Þessir annmarkar komu í ljós við skoðun á hlaði sem Frakkland sá um samkvæmt SAFA-áætluninni ⁽¹⁾.
- 61) Loftför flugrekandans Línea Turística Aerotuy hafa átt hlut að máli í nokkrum flugslysum, þ.m.t. eitt mannskætt flugslys, 17. apríl 2009 sem tengdist loftfari af tegundinni Cessna 208B með skrásetningarmarkið YV-1181.
- 62) Með hliðsjón af framangreindum annmörkum hóf framkvæmdastjórnin samráð við lögbær yfirvöld í Venesúela, í ágúst 2011, lét í ljós þungar áhyggjur af rekstraröryggi flugrekandans Línea Turística Aerotuy og óskaði skýringa á þeim aðgerðum sem lögbær yfirvöld hafa gripið til og hvernig flugrekandinn hefur brugðist við þessum annmörkum. Þessi yfirvöld svöruðu hvorki á viðunandi hátt né í tæka tíð.
- 63) Flugrekandinn Línea Turística Aerotuy og lögbær yfirvöld í Venesúela komu athugasemdum sínum á framfæri við flugöryggisnefndina 21. mars 2012 ásamt skriflegum greinargerðum. Flugrekandinn lagði fram flugrekandaskírteini sitt ásamt heildarrekstrarforskriftum sem fylgja því. Flugrekandinn tilgreindi að hann hefði gripið til aðgerða til að ráða bót á þeim annmörkum sem komu í ljós við skoðun á hlaði á fullnægjandi hátt, að mati lögbærra yfirvalda í Frakklandi, og að hann hefði lagt fram tilheyrandi sannanir. Flugrekandinn gat lagt fram umbeðnar upplýsingar um framangreint, mannskætt flugslys og lögbær yfirvöld lögðu fram skýrslu um slysið ásamt tilheyrandi niðurstöðum og tilmælum. Lögbær yfirvöld í Venesúela lýstu því einnig yfir að í tengslum við eftirlit með flugrekandanum væri tekið tilhlýðilegt tillit til tilmæla í kjölfar rannsóknarskýrslu um slysið ásamt niðurstöðum skoðana á hlaði.
- 64) Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin taka mið af samstarfsvilja flugrekandans og gagnsæjum vinnubrögðum hans við að ráða bóta á þeim annmörkum í öryggismálum sem bent var á. Aðildarríkin munu þó halda áfram að sannprófa hvort flugrekandinn fari að viðeigandi öryggisstöðlum á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför þessa flugrekanda séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (EB) nr. 351/2008 og þeim er heimilt að grípa til viðeigandi aðgerða til að tryggja að þeim kröfum sé framfylgt.
- Flugrekandinn Estelar Latinoamérica*
- 65) Færðar hafa verið sönnur á annmarka í öryggismálum hjá flugrekandanum Estelar Latinoamérica sem hefur fengið vottun í Venesúela. Þessir annmarkar komu í ljós við skoðun á hlaði sem Frakkland sá um samkvæmt SAFA-áætluninni ⁽²⁾.
- 66) Með hliðsjón af þessum annmörkum hóf framkvæmdastjórnin samráð við lögbær yfirvöld í Venesúela, í ágúst 2011, lét í ljós þungar áhyggjur af rekstraröryggi flugrekandans Estelar Latinoamérica og óskaði skýringa á þeim aðgerðum sem lögbær yfirvöld hafa gripið til og hvernig flugrekandinn hefur brugðist við þessum annmörkum. Þessi yfirvöld svöruðu hvorki á viðunandi hátt né í tæka tíð.

⁽¹⁾ Skýrsla nr. DGAC/F-2011-663, -972, -1159, -2385, -2636.⁽²⁾ Skýrsla nr. DGAC/F-2011-632, -990, -1636, -1863, -2332.

- 67) Flugrekandinn Estelar Latinoamérica og lögbær yfirvöld í Venesúela komu athugasemdum sínum á framfæri við flugöryggisnefndina, 21. mars 2012, ásamt skriflegum greinargerðum. Flugrekandinn lagði fram flugrekandaskírteini sitt ásamt heildarrekstrarforskriftum sem fylgja því. Flugrekandinn tilgreindi að hann hefði gripið til aðgerða til að bæta úr þeim annmörkum sem komu í ljós við skoðun á hlaði á fullnægjandi hátt að mati lögbærra yfirvalda í Frakklandi og að hann hefði lagt fram tilheyrandi sannanir. Lögbær yfirvöld tilgreindu að þau tryggðu, í tengslum við eftirlit með flugrekandanum, að tekið væri tilhlýðilegt tillit til niðurstaðna úr skoðunum á hlaði.
- 68) Framkvæmdastjórnin og flugöryggisnefndin taka mið af samstarfsvilja flugrekandans og gagnsæjum vinnubrögðum hans við að ráða bóta á þeim annmörkum í öryggismálum sem bent var á. Aðildarríkin munu þó halda áfram að sannprófa hvort flugrekandinn fari að viðeigandi öryggisstöðlum á skilvirkan hátt með því að setja það í forgang að loftför þessa flugrekanda séu skoðuð á hlaði samkvæmt reglugerð (EB) nr. 351/2008 og þeim er heimilt að grípa til viðeigandi aðgerða til að tryggja að þeim kröfum sé framfylgt.

Almennar forsendur að því er varðar hina flugrekendurna sem eru skráðir í viðauka A og B

- 69) Framkvæmdastjórninni hafa til þessa hvorki borist sannanir frá hinum flugrekendunum, sem eru í skrá Bandalagsins, sem var uppfærð 21. nóvember 2011, né yfirvöldum sem er skylt að hafa með höndum lögboðið

eftirlit með þessum flugrekendum þess efnis að gripið hafi verið til ítarlegra og viðunandi aðgerða til að ráða bót á annmörkum.

Á grundvelli hinna sameiginlegu viðmiðana er það því metið svo að þessum flugrekendum skuli áfram bannað að stunda flugrekstur (viðauki A) eða takmarkanir settar á flugrekstur þeirra (viðauki B), eftir því sem við á.

- 70) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit flugöryggisnefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 474/2006 er breytt sem hér segir:

1. Í stað viðauka A komi textinn sem settur er fram í viðauka A við þessa reglugerð.
2. Í stað viðauka B komi textinn sem settur er fram í viðauka B við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel, 3. apríl 2012.

Til framkvæmdastjórnarinnar,

f.h. forseta,

Siim KALLAS

varaforseti.

VIÐAUKI A

SKRÁ YFIR FLUGREKENDUR SEM ER BANNAÐ AÐ STUNDA HVERS KONAR FLUGREKSTUR INNAN EVRÓPUSAMBANDSINS ⁽¹⁾

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki umráðanda
BLUE WING AIRLINES	SRBWA-01/2002	BWI	Súrínam
CONSORCIO VENEZOLANO DE INDUSTRIAS AERONAUTICAS Y SERVICIOS AEREOS, S.A. 'CONVIASA'	VCV-DB-10	VCV	Bólívarska Lýðveldið Venesúela
MERIDIAN AIRWAYS LTD	AOC 023	MAG	Lýðveldið Gana
ROLLINS AIR	HR-005	RAV	Hondúras
SILVERBACK CARGO FREIGHTERS	Óskráð	VRB	Lýðveldið Rúanda
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Afganistan, þ.m.t.			Íslamska Lýðveldið Afganistan
ARIANA AFGHAN AIRLINES	AOC 009	AFG	Íslamska Lýðveldið Afganistan
KAM AIR	AOC 001	KMF	Íslamska Lýðveldið Afganistan
PAMIR AIRLINES	Óskráð	PIR	Íslamska Lýðveldið Afganistan
SAFI AIRWAYS	AOC 181	SFW	Íslamska Lýðveldið Afganistan
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun yfirvalda sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Angóla, að undanskildum flugrekandanum TAAG Angola Airlines sem skráður er í viðauka B, þ.m.t.			Lýðveldið Angóla
AEROJET	AO 008-01/11	Óskráður	Lýðveldið Angóla
AIR26	AO 003-01/11-DCD	DCD	Lýðveldið Angóla
AIR GICANGO	009	Óskráður	Lýðveldið Angóla
AIR JET	AO 006-01/11-MBC	MBC	Lýðveldið Angóla
AIR NAVE	017	Óskráður	Lýðveldið Angóla
ANGOLA AIR SERVICES	006	Óskráður	Lýðveldið Angóla
DIEXIM	007	Óskráður	Lýðveldið Angóla
FLY540	AO 004-01 FLYA	Óskráður	Lýðveldið Angóla
GIRA GLOBO	008	GGL	Lýðveldið Angóla
HELIANG	010	Óskráður	Lýðveldið Angóla
HELIMALONGO	AO 005-01/11	Óskráður	Lýðveldið Angóla

(¹) Unnt væri að heimila að allir flugrekendur, sem eru skráðir í viðauka A, nýti flugréttindi, með því að nota loftfar í þjónustuleigu frá flugrekanda, sem er ekki bannað að stunda flugrekstur, að því tilskildu að viðeigandi öryggiskröfur séu uppfylltar.

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki umráðanda
MAVEWA	016	Óskráður	Lýðveldið Angóla
SONAIR	AO 002-01/10-SOR	SOR	Lýðveldið Angóla
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun yfirvalda sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Benín, þ.m.t.			Lýðveldið Benín
AERO BENIN	PEA No 014/MDCTTTATP-PR/ANAC/DEA/SCS	AEB	Lýðveldið Benín
AFRICA AIRWAYS	Óskráð	AFF	Lýðveldið Benín
ALAFIA JET	PEA No 014/ANAC/MDCTTTATP-PR/DEA/SCS	Á ekki við	Lýðveldið Benín
BENIN GOLF AIR	PEA No 012/MDCTTP-PR/ANAC/DEA/SCS.	BGL	Lýðveldið Benín
BENIN LITTORAL AIRWAYS	PEA No 013/MDCTTTATP-PR/ANAC/DEA/SCS.	LTL	Lýðveldið Benín
COTAIR	PEA No 015/MDCTTTATP-PR/ANAC/DEA/SCS.	COB	Lýðveldið Benín
ROYAL AIR	PEA No 11/ANAC/MDCTTP-PR/DEA/SCS	BNR	Lýðveldið Benín
TRANS AIR BENIN	PEA No 016/MDCTTTATP-PR/ANAC/DEA/SCS	TNB	Lýðveldið Benín
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun yfirvalda sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Lýðveldinu Kongó, þ.m.t.			Lýðveldið Kongó
AERO SERVICE	RAC06-002	RSR	Lýðveldið Kongó
EQUAFLIGHT SERVICES	RAC 06-003	EKA	Lýðveldið Kongó
SOCIETE NOUVELLE AIR CONGO	RAC 06-004	Óskráður	Lýðveldið Kongó
TRANS AIR CONGO	RAC 06-001	Óskráður	Lýðveldið Kongó
EQUATORIAL CONGO AIRLINES S.A.	RAC 06-014	Óskráður	Lýðveldið Kongó
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó, þ.m.t.			Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
AFRICAN AIR SERVICES COMMUTER	409/CAB/MIN/TVC/051/09	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
AIR KASAI	409/CAB/MIN/ TVC/036/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
AIR KATANGA	409/CAB/MIN/TVC/031/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki umráðanda
AIR TROPIQUES	409/CAB/MIN/TVC/029/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
BLUE AIRLINES	409/CAB/MIN/TVC/028/08	BUL	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
BRAVO AIR CONGO	409/CAB/MIN/TC/0090/2006	BRV	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
BUSINESS AVIATION	409/CAB/MIN/TVC/048/09	ABB	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
BUSY BEE CONGO	409/CAB/MIN/TVC/052/09	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
CETRACA AVIATION SERVICE	409/CAB/MIN/TVC/026/08	CER	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
CHC STELLAVIA	409/CAB/MIN/TC/0050/2006	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
CONGO EXPRESS	409/CAB/MIN/TVC/083/2009	EXY	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
COMPAGNIE AFRICAINE D'AVIATION (CAA)	409/CAB/MIN/TVC/035/08	CAA	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
DOREN AIR CONGO	409/CAB/MIN/TVC/0032/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
ENTREPRISE WORLD AIRWAYS (EWA)	409/CAB/MIN/TVC/003/08	EWS	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
FILAIR	409/CAB/MIN/TVC/037/08	FIL	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
GALAXY KAVATSI	409/CAB/MIN/TVC/027/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
GILEMBE AIR SOUTENANCE (GISAIR)	409/CAB/MIN/TVC/053/09	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
GOMA EXPRESS	409/CAB/MIN/TC/0051/2006	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
GOMAIR	409/CAB/MIN/TVC/045/09	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
HEWA BORA AIRWAYS (HBA)	409/CAB/MIN/TVC/038/08	ALX	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
INTERNATIONAL TRANS AIR BUSINESS (ITAB)	409/CAB/MIN/TVC/033/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
JET CONGO AIRWAYS	Óskráð	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
KIN AVIA	409/CAB/MIN/TVC/042/09	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
KORONGO AIRLINES	409/CAB/MIN/TVC/001/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki umráðanda
LIGNES AÉRIENNES CONGOLAISES (LAC)	Undirskrift ráðherra (tilskipun nr. 78/205)	LCG	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
MALU AVIATION	409/CAB/MIN/TVC/04008	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
MANGO AVIATION	409/CAB/MIN/TVC/034/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
SAFE AIR COMPANY	409/CAB/MIN/TVC/025/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
SERVICES AIR	409/CAB/MIN/TVC/030/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
STELLAR AIRWAYS	AAC/DG/DTA/TM/787/2011	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
SWALA AVIATION	409/CAB/MIN/TVC/050/09	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
TMK AIR COMMUTER	409/CAB/MIN/TVC/044/09	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
TRACEP CONGO AVIATION	409/CAB/MIN/TVC/046/09	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
TRANS AIR CARGO SERVICES	409/CAB/MIN/TVC/024/08	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
WIMBI DIRA AIRWAYS	409/CAB/MIN/TVC/039/08	WDA	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
ZAABU INTERNATIONAL	409/CAB/MIN/TVC/049/09	Óskráður	Lýðstjórnarlýðveldið Kongó
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Djíbútí, þ.m.t.			Djíbútí
DAALLO AIRLINES	Óskráð	DAO	Djíbútí
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Miðbaugs-Gíneu, þ.m.t.			Miðbaugs-Gínea
CRONOS AIRLINES	2011/0004/MTTCT/DGAC/SO PS	Óskráður	Miðbaugs-Gínea
CEIBA INTERCONTINENTAL	2011/0001/MTTCT/DGAC/SO PS	CEL	Miðbaugs-Gínea
PUNTO-AZUL	2012/0006/MTTCT/DGAC/SO PS	Óskráður	Miðbaugs-Gínea
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Indónesíu, að undanskildum flugrekendum Garuda Indonesia, Airfast Indonesia, Mandala Airlines, Ekspres Transportasi Antarbenua, Indonesia Air Asia og Metro Batavia, þ.m.t.			Lýðveldið Indónesía
AIR PACIFIC UTAMA	135-020	Óskráður	Lýðveldið Indónesía

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki umráðanda
ALFA TRANS DIRGANTATA	135-012	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
ASCO NUSA AIR	135-022	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
ASI PUDJIASTUTI	135-028	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
AVIASTAR MANDIRI	135-029	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
DABI AIR NUSANTARA	135-030	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
DERAYA AIR TAXI	135-013	DRY	Lýðveldið Indónesía
DERAZONA AIR SERVICE	135-010	DRZ	Lýðveldið Indónesía
DIRGANTARA AIR SERVICE	135-014	DIR	Lýðveldið Indónesía
EASTINDO	135-038	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
ENGGANG AIR SERVICE	135-045	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
ERSA EASTERN AVIATION	135-047	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
GATARI AIR SERVICE	135-018	GHS	Lýðveldið Indónesía
INDONESIA AIR TRANSPORT	121-034	IDA	Lýðveldið Indónesía
INTAN ANGKASA AIR SERVICE	135-019	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
JOHNLIN AIR TRANSPORT	135-043	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
KAL STAR	121-037	KLS	Lýðveldið Indónesía
KARTIKA AIRLINES	121-003	KAE	Lýðveldið Indónesía
KURA-KURA AVIATION	135-016	KUR	Lýðveldið Indónesía
LION MENTARI AIRLINES	121-010	LNI	Lýðveldið Indónesía
MANUNGGAL AIR SERVICE	121-020	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
MATTHEW AIR NUSANTARA	135-048	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
MERPATI NUSANTARA AIRLINES	121-002	MNA	Lýðveldið Indónesía
MIMIKA AIR	135-007	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
NATIONAL UTILITY HELICOPTER	135-011	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
NUSANTARA AIR CHARTER	121-022	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
NUSANTARA BUANA AIR	135-041	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
NYAMAN AIR	135-042	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
PELITA AIR SERVICE	121-008	PAS	Lýðveldið Indónesía
PENERBANGAN ANGKASA SEMESTA	135-026	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
PURA WISATA BARUNA	135-025	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
RIAU AIRLINES	121-016	RIU	Lýðveldið Indónesía

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki umráðanda
SAMPOERNA AIR NUSANTARA	135-036	SAE	Lýðveldið Indónesía
SAYAP GARUDA INDAH	135-004	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
SKY AVIATION	135-044	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
SMAC	135-015	SMC	Lýðveldið Indónesía
SRIWIJAYA AIR	121-035	SJY	Lýðveldið Indónesía
SURVEI UDARA PENAS	135-006	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
SURYA AIR	135-046	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
TRANSNUSA AVIATION MANDIRI	121-048	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
TRANSWISATA PRIMA AVIATION	135-021	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
TRAVEL EXPRESS AVIATION SERVICE	121-038	XAR	Lýðveldið Indónesía
TRAVIRA UTAMA	135-009	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
TRI MG INTRA ASIA AIRLINES	121-018	TMG	Lýðveldið Indónesía
TRIGANA AIR SERVICE	121-006	TGN	Lýðveldið Indónesía
UNINDO	135-040	Óskráður	Lýðveldið Indónesía
WING ABADI AIRLINES	121-012	WON	Lýðveldið Indónesía
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Kasakstan, að undanskildum flugrekandanum Air Astana, þ.m.t.			Kasakstan
AERO AIR COMPANYY	AK-0429-10	ILK	Kasakstan
AIR ALMATY	AK-0409-09	LMY	Kasakstan
AIR TRUST AIRCOMPANY	AK-0412-10	RTR	Kasakstan
AK SUNKAR AIRCOMPANY	AK-0396-09	AKS	Kasakstan
ASIA CONTINENTAL AIRLINES	AK-0345-08	CID	Kasakstan
ASIA WINGS	AK-0390-09	AWA	Kasakstan
ATMA AIRLINES	AK-0437-10	AMA	Kasakstan
AVIA-JAYNAR/AVIA-ZHAYNAR	AK-0435-10	SAP	Kasakstan
BEYBARS AIRCOMPANY	AK-0383-09	BBS	Kasakstan
BERKUT AIR/BEK AIR	AK-0428-10	BEK	Kasakstan
BURUNDAYAVIA AIRLINES	AK-0415-10	BRY	Kasakstan
COMLUX	AK-0399-09	KAZ	Kasakstan
DETA AIR	AK-0417-10	DET	Kasakstan
EAST WING	AK-0411-09	EWZ	Kasakstan

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki umráðanda
EASTERN EXPRESS	AK-0427-10	LIS	Kasakstan
EURO-ASIA AIR	AK-0384-09	EAK	Kasakstan
EURO-ASIA AIR INTERNATIONAL	AK-0389-09	KZE	Kasakstan
FLY JET KZ	AK-0391-09	FJK	Kasakstan
INVESTAVIA	AK-0342-08	TLG	Kasakstan
IRTYSH AIR	AK-0439-11	MZA	Kasakstan
JET AIRLINES	AK-0419-10	SOZ	Kasakstan
JET ONE	AK-0433-10	JKZ	Kasakstan
KAZAIR JET	AK-0387-09	KEJ	Kasakstan
KAZAIRTRANS AIRLINE	AK-0349-09	KUY	Kasakstan
KAZAIRWEST	AK-0404-09	KAW	Kasakstan
KAZAVIASPAS	AK-0405-09	KZS	Kasakstan
MEGA AIRLINES	AK-0424-10	MGK	Kasakstan
MIRAS	AK-0402-09	MIF	Kasakstan
PRIME AVIATION	AK-0393-09	PKZ	Kasakstan
SAMAL AIR	AK-0407-09	SAV	Kasakstan
SAYAKHAT AIRLINES	AK-0426-10	SAH	Kasakstan
SEMEYAVIA	AK-400-09	SMK	Kasakstan
SCAT	AK-0420-10	VSV	Kasakstan
SKYBUS	AK-0432-10	BYK	Kasakstan
SKYJET	AK-0398-09	SEK	Kasakstan
UST-KAMENOGORSK/AIR DIVISION OF EKA	AK-0440-11	UCK	Kasakstan
ZHETYSU AIRCOMPANY	AK-0438-11	JTU	Kasakstan
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Kirgiska lýðveldinu, þ.m.t.			Kirgiska lýðveldið
AIR MANAS	17	MBB	Kirgiska lýðveldið
ASIAN AIR	36	AZZ	Kirgiska lýðveldið
AVIA TRAFFIC COMPANY	23	AVJ	Kirgiska lýðveldið
AEROSTAN (EX BISTAIR-FEZ BISHKEK)	08	BSC	Kirgiska lýðveldið
CENTRAL ASIAN AVIATION SERVICES (CAAS)	13	CBK	Kirgiska lýðveldið
CLICK AIRWAYS	11	CGK	Kirgiska lýðveldið

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskírteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskírteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki umráðanda
DAMES	20	DAM	Kirgiska lýðveldið
EASTOK AVIA	15	EES-	Kirgiska lýðveldið
ITEK AIR	04	IKA	Kirgiska lýðveldið
KYRGYZ TRANS AVIA	31	KTC	Kirgiska lýðveldið
KYRGYZSTAN	03	LYN	Kirgiska lýðveldið
KYRGYZSTAN AIRLINE	Óskráð	KGA	Kirgiska lýðveldið
S GROUP AVIATION	6	SGL	Kirgiska lýðveldið
SKY WAY AIR	21	SAB	Kirgiska lýðveldið
TRAST AERO	05	TSJ	Kirgiska lýðveldið
VALOR AIR	07	VAC	Kirgiska lýðveldið
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Líberíu.			Líbería
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Lýðveldinu Gabon, að undanskildum flugrekendunum Gabon Airlines, Afrijet og SN2AG, sem eru skráðir í viðauka B, þ.m.t.			Lýðveldið Gabon
AFRIC AVIATION	010/MTAC/ANAC-G/DSA	Óskráður	Lýðveldið Gabon
AIR SERVICES SA	004/MTAC/ANAC-G/DSA	RVS	Lýðveldið Gabon
AIR TOURIST (ALLEGIANCE)	007/MTAC/ANAC-G/DSA	LGE	Lýðveldið Gabon
NATIONALE ET REGIONALE TRANSPORT (NATIONALE)	008/MTAC/ANAC-G/DSA	NRG	Lýðveldið Gabon
SCD AVIATION	005/MTAC/ANAC-G/DSA	SCY	Lýðveldið Gabon
SKY GABON	009/MTAC/ANAC-G/DSA	SKG	Lýðveldið Gabon
SOLENTA AVIATION GABON	006/MTAC/ANAC-G/DSA	Óskráður	Lýðveldið Gabon
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Íslamska lýðveldinu Míritaníu, þ.m.t.			Íslamska lýðveldið Míritanía
MAURITANIA AIRLINES (MAURITANIA AIRLINES INTERNATIONAL)	001/2011/DG/ANAC	MAI	Íslamska lýðveldið Míritanía
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Lýðveldinu Mósambík, þ.m.t.			Lýðveldið Mósambík
MOZAMBIQUE AIRLINES - LINHAS AEREAS DE MOÇAMBIQUE	MOZ-01/2010	LAM	Lýðveldið Mósambík

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskirteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskirteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki umráðanda
MOZAMBIQUE EXPRESS/MEX	02-2010	MXE	Lýðveldið Mósambík
TRNAS AIRWAYS/KAYA AIRLINES	03-2010	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
HELICOPTEROS CAPITAL	Óskráður	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
CFA MOZAMBIQUE	Óskráður	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
UNIQUE AIR CHARTER	Óskráð	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
AEROVISAO DE MOZAMBIQUE	Óskráð	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
SAFARI AIR	Óskráð	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
ETA AIR CHARTER LDA	04-2010	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
EMILIO AIR CHARTER LDA	05-2010	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
CFM-TTA SA	07-2010	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
AERO-SERVICOS SARL	08-2010	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
VR CROSPRAYERS LDA	06-2010	Óskráður	Lýðveldið Mósambík
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Filippseyjum, þ.m.t.			Lýðveldið Filippseyjar
AEROEQUIPEMENT AVIATION	Óskráð	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
AEROMAJESTIC	Óskráð	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
AEROWURKS AERIAL SPRAYING SERVICES	2010030	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
AIR ASIA PHILIPPINES		Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
AIR PHILIPPINES CORPORATION	2009006	GAP	Lýðveldið Filippseyjar
AIR WOLF AVIATION INC.	200911	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
AIRTRACK AGRICULTURAL CORPORATION	2010027	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
ASIA AIRCRAFT OVERSEAS PHILIPPINES INC.	4AN9800036	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
AVIATION TECHNOLOGY INNOVATORS, INC.	4AN2007005	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
AVIATOUR'S FLY'N INC.	200910	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
AYALA AVIATION CORP.	4AN9900003	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
BEACON	Óskráð	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
BENDICE TRANSPORT MANAGEMENT INC.	4AN2008006	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
CANADIAN HELICOPTERS PHILIPPINES INC.	4AN9800025	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
CEBU PACIFIC AIR	2009002	CEB	Lýðveldið Filippseyjar
CERTEZA INFOSYSTEMS CORP.	2011040	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
CHEMTRAD AVIATION CORPORATION	2009018	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskirteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskirteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki umráðanda
CM AERO SERVICES	20110401	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
CORPORATE AIR	Óskráð	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
CYCLONE AIRWAYS	4AN9900008	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
FAR EAST AVIATION SERVICES	2009013	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
F.F. CRUZ AND COMPANY, INC.	2009017	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
HUMA CORPORATION	2009014	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
INAEC AVIATION CORP.	4AN2002004	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
INTERISLAND AIRLINES	2010023	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
ISLAND AVIATION	2009009	SOY	Lýðveldið Filippseyjar
ISLAND HELICOPTER SERVICES	2011043	SOY	Lýðveldið Filippseyjar
ISLAND TRANSVOYAGER	2010022	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
LION AIR, INCORPORATED	2009019	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
MACRO ASIA AIR TAXI SERVICES	2010029	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
MID-SEA EXPRESS		Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
MINDANAO RAINBOW AGRICULTURAL DEVELOPMENT SERVICES	2009016	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
MISIBIS AVIATION & DEVELOPMENT CORP	2010020	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
NORTHSKY AIR INC.	2011042	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
OMNI AVIATION CORP.	2010033	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
PACIFIC EAST ASIA CARGO AIRLINES, INC.	4AS9800006	PEC	Lýðveldið Filippseyjar
PACIFIC AIRWAYS CORPORATION	4AN9700007	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
PACIFIC ALLIANCE CORPORATION	4AN2006001	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
PHILIPPINE AIRLINES	2009001	PAL	Lýðveldið Filippseyjar
PHILIPPINE AGRICULTURAL AVIATION CORP.	4AN9800015	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
ROYAL AIR CHARTER SERVICES INC.	2010024	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
ROYAL STAR AVIATION, INC.	2010021	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
SOUTH EAST ASIA AIRLINE INC. (SEAIR)	2009 004	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
SOUTHERN AIR FLIGHT SERVICES	2011045	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
SOUTHSTAR AVIATION COMPANY, INC.	4AN9800037	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
SPIRIT OF MANILA AIRLINES CORPORATION	2009008	MNP	Lýðveldið Filippseyjar
SUBIC INTERNATIONAL AIR CHARTER	4AN9900010	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
SUBIC SEAPLANE, INC.	4AN2000002	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskirteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskirteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki umráðanda
TOPFLITE AIRWAYS, INC.	4AN9900012	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
TRANSGLOBAL AIRWAYS CORPORATION	2009007	TCU	Lýðveldið Filippseyjar
WORLD AVIATION, CORP.	Óskráð	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
WCC AVIATION COMPANY	2009015	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
YOKOTA AVIATION, INC.	Óskráð	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
ZENITH AIR, INC.	2009012	Óskráður	Lýðveldið Filippseyjar
ZEST AIRWAYS INCORPORATED	2009003	RIT	Lýðveldið Filippseyjar
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Saó Tóme og Prinsípe, þ.m.t.			Saó Tóme og Prinsípe
AFRICA CONNECTION	10/AOC/2008	Óskráður	Saó Tóme og Prinsípe
BRITISH GULF INTERNATIONAL COMPANY LTD	01/AOC/2007	BGI	Saó Tóme og Prinsípe
EXECUTIVE JET SERVICES	03/AOC/2006	EJZ	Saó Tóme og Prinsípe
GLOBAL AVIATION OPERATION	04/AOC/2006	Óskráður	Saó Tóme og Prinsípe
GOLIAF AIR	05/AOC/2001	GLE	Saó Tóme og Prinsípe
ISLAND OIL EXPLORATION	01/AOC/2008	Óskráður	Saó Tóme og Prinsípe
STP AIRWAYS	03/AOC/2006	STP	Saó Tóme og Prinsípe
TRANSAFRIK INTERNATIONAL LTD	02/AOC/2002	TFK	Saó Tóme og Prinsípe
TRANSCARG	01/AOC/2009	Óskráður	Saó Tóme og Prinsípe
TRANSLIZ AVIATION (TMS)	02/AOC/2007	TMS	Saó Tóme og Prinsípe
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Sierra Leóne, þ.m.t.			Sierra Leóne
AIR RUM, LTD	Óskráð	RUM	Sierra Leóne
DESTINY AIR SERVICES, LTD	Óskráð	DTY	Sierra Leóne
HEAVYLIFT CARGO	Óskráð	Óskráður	Sierra Leóne
ORANGE AIR SIERRA LEONE LTD	Óskráð	ORJ	Sierra Leóne
PARAMOUNT AIRLINES, LTD	Óskráð	PRR	Sierra Leóne
SEVEN FOUR EIGHT AIR SERVICES LTD	Óskráð	SVT	Sierra Leóne
TEEBAH AIRWAYS	Óskráð	Óskráður	Sierra Leóne
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Súdan, þ.m.t.			Lýðveldið Súdan
ALFA AIRLINES	054	AAJ	Lýðveldið Súdan

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskirteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskirteinis (AOC) eða flugrekstrarleyfis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki umráðanda
ALMAJAL AVIATION SERVICE	015	MGG	Lýðveldið Súdan
ALMAJARA AVIATION	Óskráð	MJA	Lýðveldið Súdan
ATTICO AIRLINES (TRANS ATTICO)	023	ETC	Lýðveldið Súdan
AZZA TRANSPORT COMPANY	012	AZZ	Lýðveldið Súdan
BADER AIRLINES	035	BDR	Lýðveldið Súdan
FOURTY EIGHT AVIATION	054	WHB	Lýðveldið Súdan
GREEN FLAG AVIATION	017	Óskráður	Lýðveldið Súdan
MARSLAND COMPANY	040	MSL	Lýðveldið Súdan
NOVA AIRLINES	001	NOV	Lýðveldið Súdan
SUDAN AIRWAYS	Óskráð	SUD	Lýðveldið Súdan
SUDANESE STATES AVIATION COMPANY	010	SNV	Lýðveldið Súdan
SUN AIR COMPANY	051	SNR	Lýðveldið Súdan
TARCO AIRLINES	056	Óskráður	Lýðveldið Súdan
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Svasílandi, þ.m.t.			Svasíland
SWAZILAND AIRLINK	Óskráð	SZL	Svasíland
Allir flugrekendur sem hafa fengið vottun frá yfirvöldum sem hafa með höndum lögboðið eftirlit með Sambíu, þ.m.t.			Sambía
ZAMBEZI AIRLINES	Z/AOC/001/2009	ZMA	Sambía

VIÐAUKI B

SKRÁ YFIR FLUGREKENDUR SEM SÆTA REKSTRARTAKMÖRKUNUM
INNAN EVRÓPUSAMBANDSINS ⁽¹⁾

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskirteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskirteinis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki umráðanda	Tegund loftfars sem sætir takmörkunum	Skrásetningarkerki og framleiðslunúmer ef það er fyrir hendi	Skráningarríki
AIR KORYO	GAC-AOC/KOR-01	KOR	Norður-Kórea (DPRK)	Öll loftför, að undanskildum: tveimur loftförum af tegundinni Tu-204	Öll loftför, að undanskildum: P-632, P-633	Norður-Kórea (DPRK)
AFRIJET ⁽²⁾	002/MTAC/ANAC-G/DSA	ABS	Lýðveldið Gabon	Öll loftför, að undanskildum: tveimur loftförum af tegundinni Falcon 50 og tveimur loftförum af gerðinni Falcon 900	Öll loftför, að undanskildum: TR-LGV, TR-LGY, TR-AFJ, TR-AFR	Lýðveldið Gabon
AIR ASTANA ⁽³⁾	AK-0388-09	KZR	Kasakstan	Öll loftför, að undanskildum: tveimur loftförum af tegundinni B-767, fjórum loftförum af tegundinni B-757, tíu loftförum af tegundinni A319/320/321 og fimm loftförum af tegundinni Fokker 50	Öll loftför, að undanskildum: P4-KCA, P4-KCB, P4-EAS, P4-FAS, P4-GAS, P4-MAS, P4-NAS, P4-OAS, P4-PAS, P4-SAS, P4-TAS, P4-UAS, P4-VAS, P4-WAS, P4-YAS, P4-XAS, P4-HAS, P4-IAS, P4-JAS, P4-KAS, P4-LAS	Arúba (Konungsríkið Holland)
AIRLIFT INTERNATIONAL (GH) LTD	AOC 017	ALE	Lýðveldið Gana	Öll loftför, að undanskildum: tveimur loftförum af tegundinni DC8-63F	Öll loftför, að undanskildum: 9G-TOP og 9G-RAC	Lýðveldið Gana
AIR MADAGASCAR	5R-M01/2009	MDG	Madagaskar	Öll loftför, að undanskildum: tveimur loftförum af tegundinni Boeing B-737-300, tveimur loftförum af tegundinni ATR 72-500, einu loftfari af tegundinni ATR 42-500, einu loftfari af tegundinni ATR 42-320 og þremur loftförum af tegundinni DHC 6-300	Öll loftför, að undanskildum: 5R-MFH, 5R-MFI, 5R-MJE, 5R-MJF, 5R-MJG, 5R-MVT, 5R-MGC, 5R-MGD, 5R-MGF	Lýðveldið Madagaskar
AIR SERVICE COMORES	06-819/TA-15/DGACM	KMD	Kómoryjar	Öll loftför, að undanskildum: LET 410 UVP	Öll loftför, að undanskildum: D6-CAM (851336)	Kómoryjar

⁽¹⁾ Unnt væri að heimila að allir flugrekendur, sem eru skráðir í viðauka B, nýttu flugréttindi með því að nota loftfar í þjónustuleigu frá flugrekanda, sem er ekki bannað að stunda flugrekstur, að því tilskildu að viðeigandi öryggiskröfur væru uppfylltar.

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskirteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskirteinis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki umráðanda	Tegund loftfars sem sætir takmörkunum	Skrásetningarmarki og framleiðslunúmer ef það er fyrir hendi	Skráningarríki
GABON AIRLINES ⁽⁴⁾	001/MTAC/ANAC	GBK	Lýðveldið Gabon	Öll loftför, að undanskildum: einu loftfari af tegundinni Boeing B-767-200	Öll loftför, að undanskildum: TR-LHP	Lýðveldið Gabon
IRAN AIR ⁽⁵⁾	FS100	IRA	Íslamska lýðveldið Íran	Öll loftför, að undanskildum: fjórtán loftförum af tegundinni A-300, átta loftförum af tegundinni A-310 og einu loftfari af tegundinni B-737,	Öll loftför, að undanskildum: EP-IBA EP-IBB EP-IBC EP-IBD EP-IBG EP-IBH EP-IBI EP-IBJ EP-IBM EP-IBN EP-IBO EP-IBS EP-IBT EP-IBV EP-IBX EP-IBZ EP-ICE EP-ICF EP-IBK EP-IBL EP-IBP EP-IBQ EP-AGA	Íslamska lýðveldið Íran
JORDAN AVIATION	C002	JAV	Hasjemíska konungsríkið Jórdanía	Öll loftför, að undanskildum: átta loftförum af tegundinni Boeing B-737, tveimur loftförum af tegundinni Airbus A-310, einu loftfari af tegundinni Airbus A-320	Öll loftför, að undanskildum: JY-JAB JY-JAD JY-JAN JY-JAO JY-JAX JY-JAY JY-JAP JY-JAQ JY-JAV JY-JAH JY-JAC	Hasjemíska konungsríkið Jórdanía
NOUVELLE AIR AFFAIRES GABON (SN2AG)	003/MTAC/ANAC-G/DSA	NVS	Lýðveldið Gabon	Öll loftför, að undanskildum: einu loftfari af tegundinni Challenger CL-601 og einu loftfari af tegundinni HS-125-800	Öll loftför, að undanskildum: TR-AAG, ZS-AFG	Lýðveldið Gabon, Lýðveldið Suður-Afrika

Nafn lögaðila flugrekanda, eins og tilgreint er á flugrekandaskirteini hans (og nafn fyrirtækis, ef annað)	Númer flugrekandaskirteinis	ICAO-kóði flugrekanda	Ríki umráðanda	Tegund loftfars sem sætir takmörkunum	Skrásetningarmarki og framleiðslunúmer ef það er fyrir hendi	Skráningarríki
TAAG ANGOLA AIRLINES	001	DTA	Lýðveldið Angóla	Öll loftför, að undanskildum: fimm loftförum af tegundinni Boeing B-777 og fjórum loftförum af tegundinni B-737-700	Öll loftför, að undanskildum: D2-TED, D2-TEE, D2-TEF, D2-TEG, D2, TEH, D2-TBF, D2-TBG, D2 TBH, D2-TBJ	Lýðveldið Angóla

(²) Flugrekandanum Afrijet er einungis heimilt að nota þau loftför sem eru tilgreind fyrir núverandi starfsemi hans innan Evrópusambandsins.

(³) Flugrekandanum Air Astana er einungis heimilt að starfrækja þau loftför sem eru tilgreind fyrir núverandi starfsemi hans innan Evrópusambandsins.

(⁴) Flugrekandanum Gabon Airlines er einungis heimilt að nota þau loftför sem eru tilgreind fyrir núverandi starfsemi hans innan Evrópubandalagsins.

(⁵) Flugrekandanum Iran Air er einungis heimilt að starfrækja flug til Evrópusambandsins með þeim loftförum sem tilgreind eru samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru fram í 69. forsendu reglugerðar (ESB) nr. 590/2010, Stjtið. ESB L 170, 6.7.2010, bls. 15.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1221/2009

2012/EES/59/42

frá 25. nóvember 2009

um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 761/2001 og ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 2001/681/EB og 2006/193/EB (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAGA,

til þess að birta nákvæmlega unnar skýrslur, sem óháðir aðilar staðfesta, um árangur sinn á sviði umhverfismála eða sjálfbærrar þróunar.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar ⁽²⁾,

Í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 2. gr. sáttmálans er eitt af verkefnum Bandalagsins að stuðla að sjálfbærum vexti hvarvetna í Bandalagsinu.

2) Í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1600/2002/EB frá 22. júlí 2002 um sjöttu aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði umhverfismála ⁽⁴⁾ er bent á betrubætur á samstarfi og samvinnu við fyrirtæki sem markvissa aðferð til þess að ná fram almennum umhverfismarkmiðum. Valfrjálsar skuldbindingar eru frumskilyrði þess. Í þessu sambandi er talið nauðsynlegt að ýta undir breiðari þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) og þróun framtaksverkefna sem hvetja fyrirtæki/stofnanir

3) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 30. apríl 2007 um endurskoðun á sjöttu aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði umhverfismála á miðju áætlunartímabilinu er viðurkennt að bæta þurfi notkun þeirra valfrjálsu stjórnækja, sem hafa verið hönnuð fyrir iðnaðinn, og að þessi stjórnækja búi yfir miklum möguleikum en hafi enn ekki verið þróuð að fullu. Í orðsendingunni er framkvæmdastjórnin hvött til þess að endurmeta stjórnækina í því skyni að auka hlutdeild þeirra og draga úr álagi við stjórnun þeirra.

4) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 16. júlí 2008 um aðgerðaáætlun varðandi sjálfbæra neyslu og framleiðslu og sjálfbæra stefnu í iðnaðarmálum er viðurkennt að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins hjálpar fyrirtækjum/stofnunum til þess að besta framleiðsluferli sín, draga úr umhverfisáhrifum og nýta rekstrartilföng sín betur.

5) Í því augnamiði að stuðla að samræmdri nálgun í lagagerningum, sem settir eru á vettvangi Bandalagsins á sviði umhverfisverndar, skulu framkvæmdastjórnin og aðildarríkin íhuga hvernig hægt er að taka tillit til skráningar í umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins, þegar lagasetning er undirbúin, eða nota hana sem stjórnækja við framkvæmd löggjafar. Til að auka aðdráttarafl umhverfisstjórnunarkerfis Bandalagsins fyrir fyrirtæki/stofnanir skulu framkvæmdastjórnin og aðildarríkin einnig taka tillit til kerfisins í opinberri innkaupastefnu sinni og, eftir því sem við á, vísa til þess eða sambærilegra umhverfisstjórnunarkerfa þegar sett eru skilyrði varðandi samningsefndir í samningum um verk og þjónustu.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 136/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Álit frá 25. febrúar 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 120, 28.5.2009, bls. 56.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 2. apríl 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 26. október 2009.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 242, 10.9.2002, bls. 1.

- 6) Í 15. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 761/2001 frá 19. mars 2001 um að heimila frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) ⁽¹⁾ er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli endurskoða umhverfisstjórnunarkerfið í ljósi þeirrar reynslu sem fæst af rekstri þess og leggja tillögu að viðeigandi breytingum fyrir Evrópuþingið og ráðið.
- 7) Beiting umhverfisstjórnunarkerfa, þ.m.t. umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins samkvæmt reglugerð (EB) nr. 761/2001, hefur sannað að þau eru skilvirk tæki til að stuðla að því að fyrirtæki/stofnanir nái betri árangri í umhverfismálum (e. environmental performance) (ÍST EN ISO 14001:2004: frammistaða í umhverfismálum) Engu að síður ber nauðsyn til þess að fjölga þeim fyrirtækjum/stofnunum sem eiga aðild að kerfinu til þess að ná fram betri heildaráhrifum af umbótum í umhverfismálum. Í þessu augnamiði skal nýta reynsluna, sem fengist hefur við framkvæmd þeirrar reglugerðar, til þess að gera umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins betur kleift að bæta heildarárangur fyrirtækja/stofnana í umhverfismálum.
- 8) Hvetja skal fyrirtæki/stofnanir til aðildar að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins af fúsum og frjálsum vilja þar eð það getur verið þeim til hagsbóta með tilliti til opinbers eftirlits, kostnaðarlækkana og almenningsálits, svo fremi sem þau geta sýnt fram á aukinn árangur í umhverfismálum.
- 9) Umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins skal standa öllum þeim fyrirtækjum/stofnunum til boða, jafnt innan Bandalagsins sem utan, sem hafa með starfsemi sinni áhrif á umhverfið. Með umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins skal sjá þessum fyrirtækjum/stofnunum fyrir úrræðum til þess að stjórna þeim áhrifum og bæta heildarárangur sinn í umhverfismálum.
- 10) Fyrirtæki/stofnanir, einkum þau sem eru smá í sniðum, skulu hvött til aðildar að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins. Hvetja skal til aðildar þeirra með því að greiða fyrir aðgangi að upplýsingum, fyrirliggjandi styrktarúrræðum og opinberum stofnunum og með því að koma á fót eða efla tækniástoð.
- 11) Fyrirtækjum/stofnunum, sem beita öðrum umhverfisstjórnunarkerfum og hafa hug á að flytja sig til umhverfisstjórnunarkerfis Bandalagsins, skulu geta gert það á sem auðveldastan hátt. Íhuga skal tengingar við önnur umhverfisstjórnunarkerfi.
- 12) Fyrirtækjum/stofnunum með athafnasvæði í einu eða fleiri aðildarríkjum skal gert kleift að skrá sum eða öll þessi athafnasvæði með einni skráningu.
- 13) Styrkja þarf fyrirkomulagið, sem er notað til að staðfesta að fyrirtæki/stofnanir uppfylli allar lagakröfur varðandi umhverfið, með það að markmiði að auka trúverðugleika umhverfisstjórnunarkerfis Bandalagsins og einkum til þess að gera aðildarríkjunum kleift að draga úr rekstrarálaginu, sem hvílir á skráðum fyrirtækjum/stofnunum, með því að afnema reglur eða slaka á þeim.
- 14) Starfsfólk viðkomandi fyrirtækja/stofnana skal haft með í ráðum í ferlinu við að koma umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins á laggirnar þar eð slíkt eykur starfsánægju og þekkingu á umhverfismálum sem getur nýst áfram, jafnt innan sem utan starfsvettvangsins.
- 15) EMAS-kennimerkið á að vera aðlaðandi boðskipta- og markaðstæki fyrir fyrirtæki/stofnanir sem eykur vitund kaupenda og annarra hagsmunaaðila um umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins. Einfalda skal reglur um notkun EMAS-kennimerkisins með því að nota aðeins eitt kennimerki og aflétta skal núverandi takmörkunum nema þeim sem varða vöruna sjálfa og umbúðir hennar. Ekki skal vera hætta á að kennimerkinu sé ruglað saman við umhverfismerki á vörum.
- 16) Kostnaður og gjöld vegna skráningar í umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins skulu vera hófleg og í réttu hlutfalli við stærð viðkomandi fyrirtækis/stofnunar og þá vinnu sem skráningin útheimtir hjá þar til bærum aðilum. Með fyrirvara um reglurnar, sem gilda um ríkisaðstoð í sáttmálanum, er rétt að íhuga niðurfellingu eða lækkun gjalda fyrir lítil fyrirtæki/stofnanir.
- 17) Fyrirtæki/stofnanir skulu reglulega semja og birta opinberlega umhverfisyfirlýsingar þar sem almenningi og öðrum áhugasömum aðilum eru veittar upplýsingar um fylgni þeirra við gildandi lagakröfur varðandi umhverfið og um árangur þeirra í umhverfismálum.
- 18) Til þess að hægt sé að tryggja að upplýsingarnar skipti máli og séu samanburðarhæfar þarf skýrslugjöf um árangur fyrirtækis/stofnunar í umhverfismálum að byggjast á almennum árangursvisbendum fyrir tiltekna geira og leggja áherslu á helstu umhverfissviðin á framleiðslu- og vörustigi og nota til þess tilheyrandi viðmiðanir og mælistikur. Þetta getur hjálpað fyrirtækjum/stofnunum að bera saman árangur sinn í umhverfismálum milli mismunandi skýrslutímabíla sem og saman við árangur annarra fyrirtækja/stofnana í umhverfismálum.

⁽¹⁾ Stjórnartíðindi, EB L 114, 24.4.2001, bls. 1.

- 19) Semja skal tilvísunarskjöl, með hjálp upplýsingaskipta og samstarfs milli aðildarríkjanna, þ.m.t. um bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun og um vísbenda um árangur í umhverfismálum í tilteknum geirum. Slík skjöl geta hjálpað fyrirtækjum/stofnunum til að einbeita sér betur að mikilvægustu umhverfisþáttunum í viðkomandi geira.
- 20) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum⁽¹⁾ eru settar reglur um faggildingu á landsbundnum og evrópskum vettvangi og heildarrammi um faggildingu. Þessi reglugerð skal koma til fyllingar þessum reglum að því marki sem þurfa þykir en þó að teknu tilliti til sérkenna umhverfisstjórnunarkerfis Bandalagsins, s.s. þörfinni á að tryggja hátt stig trúverðugleika gagnvart hagsmunaaðilum, einkum aðildarríkjunum, og einnig skal setja sértækari reglur í reglugerðinni eftir því sem við á. Umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins skal tryggja og síauka hæfni umhverfissannprófenda með því að halda uppi óháðu og hlutlausu faggildingar- eða leyfisveitingarkerfi og með þjálfun og viðeigandi eftirliti með starfsemi umhverfissannprófenda og tryggja þar með gagnsæi og trúverðugleika þeirra fyrirtækja/stofnana sem eiga aðild að umhverfisstjórnunarkerfinu.
- 21) Ef aðildarríki ákveður að beita ekki faggildingu í tengslum við umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins gildir 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008.
- 22) Bæði framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu annast kynningar og stuðningsstarfsemi.
- 23) Með fyrirvara um reglur sáttmálans um ríkisaðstoð skulu aðildarríkin veita skráðum fyrirtækjum/stofnunum hvata, eins og t.d. aðgang að fjármagni eða skattaívilnanir, innan ramma áætlana til eflingar árangri iðnaðarins í umhverfismálum, en þó því aðeins að þau fyrirtæki/stofnanir geti sýnt fram á aukinn árangur í umhverfismálum.
- 24) Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu þróa og hrinda í framkvæmd sértækum ráðstöfunum sem miða að því að fleiri fyrirtæki/stofnanir gerist aðilar að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins, einkum þau smærri.
- 25) Með það að markmiði að tryggja samræmda beitingu þessarar reglugerðar skal framkvæmdastjórnin útbúa geiratengd tilvísunarskjöl á því sviði, sem þessi reglugerð nær yfir, og fylgja áætlun um forgangsröðun í því efni.
- 26) Þessi reglugerð skal endurskoðuð, ef við á, innan fimm ára eftir gildistöku hennar í ljósi þeirrar reynslu sem hlottist hefur.
- 27) Þessi reglugerð kemur í stað reglugerðar (EB) nr. 761/2001 sem því skal felld úr gildi.
- 28) Í ljósi þess að í þessa reglugerð eru felldir inn gagnlegir þættir úr tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2001/680/EB frá 7. september 2001 um leiðbeiningar að því er varðar framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 761/2001 um að heimila frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS)⁽²⁾ og tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2003/532/EB frá 10. júlí 2003 um leiðbeiningar að því er varðar framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 761/2001 um að heimila frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) um val og notkun árangursvísbenda í umhverfismálum⁽³⁾ skal þeim gerðum ekki lengur beitt þar eð núverandi reglugerð leysir þær af hólmi.
- 29) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að búa til eitt trúverðugt kerfi og koma í veg fyrir að stofnuð verði mismunandi, landsbundin kerfi, og markmiðunum verður betur náð á vettvangi Bandalagsins, vegna umfangs og áhrifa kerfisins, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.
- 30) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð þess framkvæmdarvalds sem framkvæmdastjórninni er falið⁽⁴⁾.
- 31) Framkvæmdastjórninni skal m.a. falið vald til að koma á fót málsmeðferð um jafningjamat þar til bærra aðila, útbúa geiratengd tilvísunarskjöl, staðfesta að núverandi umhverfisstjórnunarkerfi uppfylli, í heild eða að hluta, tilheyrandi ákvæði þessarar reglugerðar og breyta I. til VIII. viðauka. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana nýjum, veigalitlum þáttum skulu þær samþykktar í samræmi við þá reglunefndar meðferð með grannskoðun sem kveðið er á um í a-lið 5. gr. í ákvörðun 1999/468/EB.
- 32) Þar eða nokkurn tíma tekur að ljúka við að setja ramma um eðlilega framkvæmd þessarar reglugerðar skulu aðildarríkin fá 12 mánaða frest frá gildistöku reglugerðarinnar til að laga þær málsmeðferðarreglur, sem faggildingarstofur og þar til bærir aðilar fylgja, að samsvarandi ákvæðum í þessari reglugerð. Á þessu 12 mánaða tímabili skal faggildingarstofum og þar til bærum aðilum heimilt að halda áfram að beita málsmeðferðarreglum sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 761/2001.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

⁽²⁾ Stjtið. EB L 247, 17.9.2001, bls. 1.⁽³⁾ Stjtið. ESB L 184, 23.7.2003, bls. 19.⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30.

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Markmið.

Hér með er komið á fót umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins, hér á eftir nefnt „umhverfisstjórnunarkerfið“, þar sem frjáls aðild fyrirtækja/stofnana, jafnt innan sem utan Bandalagsins, er heimiluð.

Tilgangurinn með umhverfisstjórnunarkerfinu, sem mikilvægu stjórnækni í aðgerðaáætluninni varðandi sjálfbæra neyslu og framleiðslu og sjálfbæra stefnu í iðnaðarmálum, er að stuðla að stöðugt betri árangri í umhverfismálum með því að fá fyrirtæki/stofnanir til að stofna og reka umhverfisstjórnunarkerfi og með því að meta árangurinn af slíkum kerfum skipulega, hlutlaust og reglulega, veita upplýsingar um árangur í umhverfismálum, halda uppi opnum skoðanaskiptum við almenning og aðra áhugasama aðila og stuðla að virkri þátttöku starfsmanna fyrirtækja/stofnana, og með viðeigandi starfsþjálfun.

2. gr.

Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „umhverfisstefna“: heildarásetningur og stefna fyrirtækis/stofnunar varðandi árangur sinn í umhverfismálum sem æðsta yfirstjórn fyrirtækisins/stofnunarinnar hefur sett formlega fram, þ.m.t. að uppfylla allar viðeigandi lagakröfur varðandi umhverfið, og einnig skuldbinding um að bæta stöðugt árangurinn í umhverfismálum. Umhverfisstefnan skapar þannig umgjörð um aðgerðir og um almenn og sértæk markmið í umhverfismálum (e. environmental objectives and targets) (ÍST EN ISO 14001:2004: umhverfismarkmið og takmörk í umhverfismálum),
2. „árangur í umhverfismálum“: mælanlegur árangur af stjórnun fyrirtækis/stofnunar á umhverfisþáttum sínum,
3. „samræmi við lög“: full uppfylling gildandi lagakrafna varðandi umhverfið, þ.m.t. leyfisskilyrði,
4. „umhverfisþáttur“: þáttur í starfsemi, vörum eða þjónustu fyrirtækis/stofnunar sem hefur eða getur haft áhrif á umhverfið,
5. „mikilvægur umhverfisþáttur“: umhverfisþáttur sem hefur eða getur haft veruleg umhverfisáhrif,
6. „beinn umhverfisþáttur“: umhverfisþáttur sem tengist starfsemi, vörum og þjónustu fyrirtækisins/stofnunarinnar sjálfur sem það eða hún hefur beina stjórn á,

7. „óbeinn umhverfisþáttur“: umhverfisþáttur sem getur stafað af samskiptum fyrirtækis/stofnunar og þriðju aðila og getur orðið fyrir umtalsverðum áhrifum frá fyrirtækinu/stofnuninni,
8. „umhverfisáhrif“: sérhver breyting á umhverfinu, hvort sem hún er jákvæð eða neikvæð, sem stafar að einhverju eða öllu leyti af starfsemi, vörum eða þjónustu fyrirtækis/stofnunar,
9. „umhverfisrýni“: heildargreining í upphafi á umhverfisþáttum, umhverfisáhrifum og árangri í umhverfismálum í tengslum við starfsemi, vörur eða þjónustu fyrirtækja/stofnana,
10. „umhverfisáætlun“: lýsing á ráðstöfunum, ábyrgð og úrræðum til að ná fram almennum og sértækum umhverfismarkmiðum og frestum til að ná þessum almennum og sértækum umhverfismarkmiðum,
11. „almenn umhverfismarkmið“: heildartakmark í umhverfismálum sem leiðir af umhverfisstefnunni og sem fyrirtæki/stofnun einsetur sér að ná og sem er meginlegt ef því verður við komið,
12. „sértækt umhverfismarkmið“: nákvæm krafa um árangur sem leiðir af almennum umhverfismarkmiðum og á við um fyrirtæki/stofnun, í heild eða að hluta til, og sem setja þarf og uppfylla til að ná þessum almennu markmiðum,
13. „umhverfisstjórnunarkerfi“: sá hluti heildarstjórnunarkerfis sem felur í sér stjórnskipulag, áætlanagerð, ábyrgð, starfsvenjur, málsmeðferðarreglur, vinnsluferli og úrræði við að þróa, hrinda í framkvæmd, ná fram, rýna og viðhalda umhverfisstefnunni og til þess að hafa stjórn á umhverfisþáttum,
14. „bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnun“: skilvirkasta aðferðin fyrir fyrirtæki/stofnanir til þess að innleiða umhverfisstjórnunarkerfið í viðkomandi geira og sú sem getur leitt til besta árangursins í umhverfismálum við ríkjandi efnahags- og tækniskilyrði,
15. „umtalsverð breyting“: sérhver breyting í rekstri, uppbyggingu, stjórn, vinnsluferlum, starfsemi, vörum eða þjónustu fyrirtækis/stofnunar sem hefur eða getur haft umtalsverð áhrif á umhverfisstjórnunarkerfi fyrirtækisins/stofnunarinnar, umhverfið eða heilbrigði manna,
16. „innri umhverfisúttekt“: skipulegt, skjalfest, reglubundið og hlutlægt mat á árangri fyrirtækis/stofnunar í umhverfismálum, á stjórnunarkerfinu og á ferlum sem miða að því að vernda umhverfið,
17. „úttakandi“: einstaklingur eða hópur einstaklinga úr röðum starfsmanna fyrirtækis/stofnunar, eða utanaðkomandi einstaklingur eða lögaðili, sem kemur fram fyrir hönd viðkomandi fyrirtækis/stofnunar og metur einkum umhverfisstjórnunarkerfið, sem er í notkun, og sker úr um hvort það sé í samræmi við umhverfisstefnu og umhverfisáætlun fyrirtækisins/stofnunarinnar, þ.m.t. hvort lagakröfurnar, sem í gildi eru og varða umhverfið, séu uppfylltar,

18. „umhverfisyfirlýsing“: ítarlegar upplýsingar um fyrirtæki/stofnun sem miðlað er til almennings og annarra áhugasamra aðila og varða:
- uppbyggingu og starfsemi,
 - umhverfisstefnu og umhverfisstjórnunarkerfi,
 - umhverfisþætti og umhverfisáhrif,
 - umhverfisstefnu og almenn og sértæk umhverfis-markmið,
 - árangur í umhverfismálum og samræmi við gildandi lagakröfur varðandi umhverfið eins og tilgreint er í IV. viðauka,
19. „uppfærð umhverfisyfirlýsing“: ítarlegar upplýsingar sem miðlað er til almennings og annarra áhugasamra aðila og innihalda uppfærslur á síðustu fullgiltu umhverfisyfirlýsingunni en aðeins með tilliti til árangurs fyrirtækisins/stofnunarinnar í umhverfismálum og efnidir viðeigandi lagaskyldna varðandi umhverfið eins og þær eru tilgreindar í IV. viðauka,
20. „umhverfissannprófandi“:
- samræmismatsstofa eins og hún er skilgreind í reglugerð (EB) nr. 765/2008, eða samtök eða hópur slíkra aðila, sem hlotið hefur faggildingu í samræmi við þessa reglugerð, eða
 - einstaklingur eða lögaðili, eða samtök eða hópur slíkra aðila, sem hlotið hefur leyfi til þess að inna af hendi sannprófanir og fullgildingar í samræmi við þessa reglugerð,
21. „fyrirtæki/stofnun“: félag, fyrirtæki, firma, atvinnufyrirtæki, yfirvald eða stofnun, sem er staðsett annaðhvort í Bandalaginu eða utan þess, eða hluti eða samsetning þeirra, hvort heldur sem er með eða án réttarstöðu lögaðila, í opinberi eign eða í einkaeign, sem hefur sitt eigið hlutverk og stjórn,
22. „athafnasvæði“: tiltekið, landfræðilega skilgreint svæði undir stjórn fyrirtækis/stofnunar sem tekur til starfsemi, vara og þjónustu, þ.m.t. öll grunnvirki, búnaður og efni, en athafnasvæði er smæsta eining sem unnt er að taka til skráningar,
23. „klasi“: þyrping óháðra fyrirtækja/stofnana sem tengjast innbyrðis með landfræðilegri nálægð eða viðskiptastarfsemi og annast í sameiningu framkvæmd umhverfisstjórnunarkerfisins,
24. „sannprófun“: ferli samræmismats sem umhverfissannprófandi vinnur til að ákvarða hvort umhverfisrýni fyrirtækis/stofnunar, umhverfisstefna, umhverfisstjórnunarkerfi og innri umhverfisúttekt og framkvæmd hennar uppfylla kröfurnar í þessarar reglugerð,
25. „fullgilding“: staðfesting umhverfissannprófanda, sem framkvæmir sannprófun, á því að upplýsingar og gögn í umhverfisyfirlýsingu og uppfærðri umhverfisyfirlýsingu fyrirtækis/stofnunar séu áreiðanleg, trúverðug og rétt og uppfylli kröfurnar í þessari reglugerð,
26. „eftirlitsyfirvöld“: viðeigandi, lögbær yfirvöld, sem aðildarríkin hafa tilnefnt til að greina hvort brotið hafi verið í bága við gildandi lagakröfur varðandi umhverfið, koma í veg fyrir slík brot, rannsaka þau og, ef með þarf, grípa til fullnustuaðgerða,
27. „vísbendir um árangur í umhverfismálum“: tiltekin framsetning sem gerir kleift að mæla árangur fyrirtækis/stofnunar í umhverfismálum,
28. „lítill fyrirtæki/stofnanir“:
- örfyrirtæki, lítill fyrirtæki og meðalstór fyrirtæki, eins og þau eru skilgreind í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB frá 6. maí 2003 um skilgreininguna á örfyrirtækjum, litlum fyrirtækjum og meðalstórum fyrirtækjum ⁽¹⁾, eða
 - staðaryfirvöld með stjórnsýslu, sem nær til færri en 10 000 íbúa, eða önnur opinber yfirvöld með færri en 250 starfsmenn og fjárhagsáætlun sem fer ekki yfir 50 milljónir evra eða ársreikning sem fer ekki yfir 43 milljónir evra, þ.m.t. eftirfarandi:
 - ríkisstjórn eða aðrar opinberar stjórnsýslustofnanir eða opinberar ráðgjafarstofnanir á lands-, svæðis- eða staðarvísu,
 - einstaklingar eða lögaðilar sem annast opinbera stjórnsýslu samkvæmt landslögum, þ.m.t. sértæk skyldustörf, starfsemi eða þjónusta í tengslum við umhverfið, og
 - einstaklingar og lögaðilar sem bera opinbera ábyrgð, gegna opinberu hlutverki eða veita opinbera þjónustu í tengslum við umhverfið og heyra undir stjórn aðila eða einstaklings sem um getur í b-lið,
29. „samskráning (e. corporate registration)“: ein skráning fyrir öll eða sum athafnasvæði fyrirtækis/stofnunar með athafnasvæði í einu eða fleiri aðildarríkjum eða í þriðju löndum,
30. „faggildingarstofa“: landsbundin faggildingarstofa sem er tilnefnd skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008 og ber ábyrgð á faggildingu og eftirliti með umhverfissannprófundum,

(¹) Stjtið. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36.

31. „leyfisveitingarstofa“: aðili sem er skipaður í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008 og ber ábyrgð á útgáfu leyfa til umhverfissannprófenda og hefur eftirlit með þeim.

II. KAFLI

SKRÁNING FYRIRTÆKJA/STOFNANA

3. gr.

Ákvörðun þar til bærs aðila

1. Umsóknum fyrirtækja/stofnana í tilteknu aðildarríki um skráningu skal beint til þar til bærs aðila í því aðildarríki.

2. Fyrirtæki/stofnun með athafnasvæði í einu eða fleiri aðildarríkjum eða þriðja landi getur sótt um samskráningu fyrir öll eða sum þessara athafnasvæða.

Umsóknum um samskráningu skal beint til þar til bærs aðila í aðildarríkinu þar sem fyrirtækið/stofnunin er með höfuðstöðvarnar sem eru tilnefndar, eða stjórnarsetrið sem er tilnefnt, að því er varðar þessa reglugerð.

3. Umsóknum fyrirtækja/stofnana utan Bandalagsins um skráningu, þ.m.t. um samskráningu sem aðeins tekur til athafnasvæða utan Bandalagsins, skal beint til einhvers þar til bærs aðila í þeim aðildarríkjum sem annast skráningar á fyrirtækjum/stofnunum, sem eru staðsett utan Bandalagsins, í samræmi við 2. undirgrein 1. mgr. 11. gr.

Þessi fyrirtæki/stofnanir skulu sjá til þess að umhverfissannprófanndinn, sem mun annast sannprófunina og fullgilda umhverfisstjórnunarkerfið, sé faggiltur eða með leyfi í aðildarríkinu þar sem fyrirtækið/stofnunin sækir um skráningu.

4. gr.

Undirbúningur á skráningu

1. Fyrirtæki/stofnanir, sem óska eftir skráningu í fyrsta skipti, skulu:

- inna af hendi umhverfisrýni á öllum umhverfisþáttum sínum í samræmi við kröfurnar sem eru settar fram í I. viðauka og í lið A.3.1 í II. viðauka,
- í ljósi þeirra niðurstaðna sem fást úr umhverfisrýninni: þróa og hrinda í framkvæmd umhverfisstjórnunarkerfi, sem nær yfir allar kröfur sem um getur í II. viðauka, og, eftir því sem við á, taka mið af bestu starfsvenjum í umhverfisstjórnun í viðkomandi geira sem um getur í a-lið 1. mgr. 46. gr.,
- inna af hendi innri úttekt í samræmi við kröfurnar sem eru settar fram í lið A.5.5 í II. viðauka og í III. viðauka,
- útbúa umhverfisyfirlýsingu, í samræmi við IV. viðauka. Ef geiratengd tilvísunarskjöl, eins og um getur í 46. gr., eru fánleg fyrir viðkomandi geira skal tekið tillit til viðkomandi skjals við matið á árangri fyrirtækisins/stofnunarinnar í umhverfismálum.

2. Fyrirtæki/stofnanir geta fært sér í nyt þá aðstoð sem um getur í 32. gr. og er fánleg í aðildarríkinu þar sem fyrirtækið/stofnunin sækir um skráningu.

3. Fyrirtækjum/stofnunum, sem nota vottað umhverfisstjórnunarkerfi sem er viðurkennt í samræmi við 4. mgr. 45. gr., skal ekki skylt að framkvæma þá hluta sem hafa verið viðurkenndir sem jafngildir þessari reglugerð.

4. Fyrirtæki/stofnanir skulu leggja fram gögn eða skjalfesta sönnun á því að þau uppfylli allar gildandi lagakröfur varðandi umhverfið.

Fyrirtæki/stofnanir geta óskað eftir upplýsingum frá lögbæru eftirlitsyfirvaldi eða -yfirvöldum skv. 32. gr. eða frá umhverfissannprófanum.

Fyrirtæki/stofnanir utan Bandalagsins skulu einnig vísa til þeirra lagakrafna varðandi umhverfið sem gilda fyrir samskonar fyrirtæki/stofnanir í aðildarríkjunum þar sem þau hyggjast leggja fram umsókn.

Ef geiratengd tilvísunarskjöl, eins og um getur í 46. gr., eru fánleg fyrir viðkomandi geira skal vísa til viðkomandi skjals við mat á árangri fyrirtækisins/stofnunarinnar í umhverfismálum.

5. Umhverfissannprófanndi, sem er faggiltur eða með leyfi, skal sannprófa upphaflega umhverfisrýni, umhverfisstjórnunarkerfi og úttekt og framkvæmd og sami sannprófanndi skal fullgilda umhverfisyfirlýsinguna.

5. gr.

Umsókn um skráningu

1. Hvert fyrirtæki/stofnun, sem uppfyllir kröfurnar sem eru settar fram í 4. gr., getur sótt um skráningu.

2. Umsókn um skráningu skal beint til þar til bærs aðila skv. 3. gr. og skal innihalda eftirfarandi:

- fullgilda umhverfisyfirlýsingu í rafrænu eða prentuðu formi,
- yfirlýsinguna sem um getur í 9. mgr. 25. gr. og er undirrituð af þeim umhverfissannprófannda sem fullgilti umhverfisyfirlýsinguna,
- útfyllt eyðublað sem inniheldur a.m.k. þær lágmarksupplýsingar sem eru tilgreindar í VI. viðauka,
- sönnun um greiðslu tilskilinna gjalda ef við á.

3. Umsóknin skal rituð á opinberu tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins þar sem fyrirtækið/stofnunin sækir um skráningu.

III. KAFLI

SKYLDUR SKRÁÐRA FYRIRTÆKJA/STOFNANA

6. gr.

Endurnýjun á skráningu í umhverfisstjórnunarkerfinu

1. Skráð fyrirtæki/stofnun skal a.m.k. þriðja hvert ár:
 - a) láta sannprófa umhverfisstjórnunarkerfi sitt og - úttektaráætlun sína í heild og framkvæmd þeirra,
 - b) útbúa umhverfisyfirlýsingu í samræmi við kröfurnar í IV. viðauka og fá hana fullgilta hjá umhverfissannprófanda,
 - c) framsenda fullgiltu umhverfisyfirlýsinguna til þar til bærs aðila,
 - d) framsenda þar til bæra aðilanum útfyllt eyðublað sem inniheldur a.m.k. þær lágmarksupplýsingar sem eru tilgreindar í VI. viðauka,
 - e) greiða þar til bæra aðilanum gjald fyrir að endurnýja skráninguna ef við á.
2. Með fyrirvara um 1. mgr. skal skráð fyrirtæki/stofnun, á árunum sem líða á milli:
 - a) gera úttekt, í samræmi við úttektaráætlunina, á árangri sínum í umhverfismálum og samræmi við gildandi lagakröfur varðandi umhverfið, í samræmi við í III. viðauka,
 - b) útbúa uppfærða umhverfisyfirlýsingu í samræmi við kröfurnar í IV. viðauka og fá hana fullgilta hjá umhverfissannprófanda,
 - c) framsenda fullgiltu umhverfisyfirlýsinguna til þar til bærs aðila,
 - d) framsenda þar til bæra aðilanum útfyllt eyðublað sem inniheldur a.m.k. þær lágmarksupplýsingar sem eru tilgreindar í VI. viðauka,
 - e) greiða þar til bæra aðilanum gjald fyrir að viðhalda skráningunni ef við á.
3. Skráð fyrirtæki/stofnanir skulu gera umhverfisyfirlýsingu sína og uppfærða umhverfisyfirlýsingu aðgengilega almenníngi eigi síðar en einum mánuði eftir skráningu og einum mánuði eftir að endurnýjun skráningar er lokið.

Skráð fyrirtæki/stofnanir geta fullnægt þeirri kröfu með því að veita aðgang að umhverfisyfirlýsingunni og uppfærðu umhverfisyfirlýsingunni ef ósk berst um slíkt eða með því að setja tengla til vefsetra þar sem hægt er að nálgast þessar yfirlýsingar.

Skráð fyrirtæki/stofnanir skulu tilgreina á eyðublaðinu, sem birt er í VI. viðauka, aðferð sína við að veita almenníngi aðgang að upplýsingum.

7. gr.

Undanþágur fyrir lítil fyrirtæki/stofnanir

1. Þar til bærir aðilar skulu, að fenginni beiðni frá litlu fyrirtæki/stofnun, framlengja þriggja ára tímabilið, sem um getur í 1. mgr. 6. gr., í fjögur ár eða tímabilið, sem um getur í 2. mgr. 6. gr., í tvö ár fyrir fyrirtækið/stofnunina, svo fremi sem umhverfissannprófandinn hafi gengið úr skugga um að öll eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) engin umtalsverð umhverfisáætlað er fyrir hendi,
- b) fyrirtækið/stofnunin hyggur ekki á neinar umtalsverðar breytingar á borð við þær sem eru skilgreindar í 8. gr. og
- c) ekki eru fyrir hendi nein umtalsverð, staðbundin, umhverfisvandamál sem fyrirtækið/stofnunin hefur stuðlað að.

Til þess að leggja fram beiðnina, sem um getur í fyrstu undirgrein, getur fyrirtækið/stofnunin notað eyðublaðið sem birt er í VI. viðauka.

2. Þar til bæri aðilinn skal synja beiðninni ef skilyrði, sem eru sett fram í 1. mgr., eru ekki uppfyllt. Hann skal láta fyrirtækinu/stofnuninni í té rökstuddar ástæður fyrir synjuninni.

3. Fyrirtæki/stofnanir, sem hafa fengið framlengingu um allt að tveimur árum, eins og um getur í 1. mgr., skulu senda þar til bæra aðilanum ófullgilta, uppfærða umhverfisyfirlýsingu á hverju ári sem þau eru undanþegin þeirri skyldu að fá þessa umhverfisyfirlýsingu fullgilta.

8. gr.

Umtalsverðar breytingar

1. Ef skráð fyrirtæki/stofnun hyggst innleiða umtalsverðar breytingar skal fyrirtækið/stofnunin framkvæma umhverfisrýni á þessum breytingum, þ.m.t. umhverfisþættir þeirra og áhrif.

2. Að afstaðinni umhverfisrýni á breytingum skal fyrirtækið/stofnunin uppfæra upphaflegu umhverfisrýnina, breyta umhverfisstefnunni, umhverfisáætluninni og umhverfisstjórnunarkerfinu og endurskoða og uppfæra alla umhverfisyfirlýsinguna í samræmi við það.

3. Breytt og uppfærð skjöl skv. 2. mgr. skulu sannprófuð og fullgilt innan sex mánaða.

4. Að fullgildingu lokinni skal fyrirtækið/stofnunin tilkynna þar til bæra aðilanum um breytingarnar og nota til þess eyðublaðið, sem birt er í VI. viðauka, og gera breytingarnar aðgengilegar öllum.

9. gr.

Innri umhverfisúttekt

1. Skráð fyrirtæki/stofnun skal koma á fót úttektaráætlun sem tryggir að á tilteknu tímabili, sem er að hámarki þrjú ár en fjögur ár ef undanþágan, sem um getur í 7. gr., gildir, sé öll starfsemi fyrirtækisins/stofnunarinnar tekin til innri umhverfisúttektar í samræmi við kröfurnar í III. viðauka.
2. Úttektin skal vera í höndum úttakenda sem búa annaðhvort einir sér eða til samans yfir þeirri hæfni sem þarf til að vinna þessi verk og eru nægilega óháðir þeirri starfsemi, sem þeir gera úttekt á, til að gefa hlutlaust álit.
3. Í áætlun fyrirtækis/stofnunar um umhverfisúttekt skal skilgreina markmiðin með hverri úttekt eða úttektarlotu, þ.m.t. tíðni úttekta fyrir hverja grein starfseminnar.
4. Úttakendur skulu semja skriflega úttektarskýrslu við lok hverrar úttektar eða úttektarlotu.
5. Úttakendur skulu miðla niðurstöðum úttektarinnar og ályktunum til fyrirtækisins/stofnunarinnar.
6. Að úttektarferlinu afstöðnu skal fyrirtækið/stofnunin semja viðeigandi aðgerðaáætlun og hrinda henni í framkvæmd.
7. Fyrirtækið/stofnunin skal kom sér upp viðeigandi verklagsreglum til að tryggja að niðurstöðum úttekta sé fylgt eftir.

10. gr.

Notkun á EMAS-kennimerkinu

1. Með fyrirvara um 2. mgr. 35. gr. er einungis skráðum fyrirtækjum/stofnunum heimilt að nota EMAS-kennimerkið, sem birt er í V. viðauka, og einungis á meðan skráning þeirra er í gildi.
- Kennimerkið skal ávallt bera skráningarnúmer fyrirtækisins/stofnunarinnar.
2. Aðeins er heimilt að nota EMAS-kennimerkið í samræmi við tækniforskriftirnar í V. viðauka.
 3. Fyrirtæki/stofnun sem kýs, í samræmi við 2. mgr. 3. gr., að fella ekki öll sín athafnasvæði undir samskráninguna skal sjá til þess, í samskiptum sínum við almenning og við notkun sína á EMAS-kennimerkinu, að augljóst sé hvaða athafnasvæði falla undir skráninguna.

4. EMAS-kennimerkið skal ekki notað:

- a) á vörur eða á umbúðir þeirra eða
 - b) í tengslum við fullyrðingar með samamburði við aðra starfsemi eða þjónustu eða á einhvern þann hátt sem gæti skapað rugling við umhverfismerki á vörum.
5. Allar umhverfisupplýsingar, sem skráð fyrirtæki/stofnanir birta, mega bera EMAS-kennimerkið, að því tilskildu að upplýsingarnar vísi til nýjustu umhverfisfyrirlysingar eða uppfærðrar umhverfisfyrirlysingar fyrirtækisins/stofnunarinnar, sem þær eru teknar úr, og að umhverfissannprófanði hafi fullgilt þær sem:
- a) nákvæmar,
 - b) rökstuddar og sannprófanlegar,
 - c) viðeigandi og notaðar í réttu samhengi og sambandi,
 - d) lýsandi fyrir heildarárangur fyrirtækisins/stofnunarinnar í umhverfismálum,
 - e) ólíklegar til þess að valda rangtúlkun og
 - f) mikilvægar með tilliti til heildarumhverfisáhrifanna.

IV. KAFLI

REGLUR SEM GILDA UM ÞAR TIL BÆRA AÐILA

11. gr.

Tilnefning og hlutverk þar til bærra aðila

1. Aðildarríkin skulu tilnefna þar til bærra aðila sem skulu bera ábyrgð á skráningu fyrirtækja/stofnana, sem eru staðsett í Bandalaginu, í samræmi við þessa reglugerð.

Aðildarríkin geta kveðið á um að þeir þar til bærra aðilar, sem þau tilnefna, skuli bera ábyrgð á skráningu fyrirtækja/stofnana, sem eru staðsett utan Bandalagsins, í samræmi við þessa reglugerð.

Þar til bærir aðilar skulu bera ábyrgð á skráningu nýrra fyrirtækja/stofnana í skrána og viðhaldi skráningar fyrirtækja/stofnana sem þar eru fyrir, þ.m.t. tímabundin og varanleg afskráning.

2. Þar til bærir aðilar geta verið landsbundnir, svæðisbundnir eða staðbundnir.
3. Samsetning þar til bærra aðila skal tryggja sjálfstæði þeirra og hlutleysi.
4. Þar til bærir aðilar skulu hafa nægilega burði, bæði að því er varðar fjármagn og starfsfólk, til þess að inna verkefni sín sómasamlega af hendi.

5. Þar til bærir aðilar skulu beita þessari reglugerð með samræmdum hætti og taka þátt í reglubundnu jafningjamati líkt og kveðið er á um í 17. gr.

12. gr.

Skyldur að því er varðar skráningarferlið

1. Þar til bærir aðilar skulu kveða á um málsmeðferð um skráningu fyrirtækja/stofnana. Einkum skulu þeir setja reglur um:

- a) meðferð athugasemda frá hagsmunaaðilum, þ.m.t. fag-gildingar- og leyfisveitingarstofur, lögbær eftirlitsyfírvöld og fulltrúaráð viðkomandi fyrirtækis/stofnunar, sem varða umsóknarfyrirtæki/-stofnanir eða skráð fyrirtæki/stofnanir,
- b) synjun skráningar og tímabundna eða varanlega afskráningu fyrirtækja/stofnana og
- c) meðferð kæra og kvartana vegna ákvarðana þeirra.

2. Þar til bærir aðilar skulu koma á fót og viðhalda skrá yfir fyrirtæki/stofnanir sem eru skrásett í aðildarríkjum þeirra, þ.m.t. upplýsingar um hvernig hægt er að nálgast umhverfisyfirlýsingu eða uppfærða umhverfisyfirlýsingu fyrirtækjanna/stofnananna, og, ef um breytingar er að ræða, uppfæra þá skrá mánaðarlega.

Skráin skal vera aðgengileg almenningi á vefsetri.

3. Þar til bærar stofnanir skulu miðla breytingum á skránni, sem um getur í 2. mgr., til framkvæmdastjórnarinnar í hverjum mánuði, beint eða fyrir atbeina landsyfirvalda eftir því sem viðkomandi aðildarríki ákveður.

13. gr.

Skráning fyrirtækja/stofnana

1. Þar til bærir aðilar skulu taka umsóknir fyrirtækja/stofnana um skráningu til meðferðar í samræmi við þær málsmeðferðarreglur sem til þess voru settar.

2. Þegar fyrirtæki/stofnun sækir um skráningu skal þar til bær aðili skrá fyrirtækið/stofnunina og gefa því/henni skráningarnúmer ef öll neðangreind skilyrði eru uppfyllt:

- a) þar til bærir aðilinn hefur fengið umsókn um skráningu í hendur, sem inniheldur öll skjölin sem um getur í a- til d-lið 2. mgr. 5. gr.,
- b) þar til bærir aðilinn hefur gengið úr skugga um að sannprófun og fullgilding hafa farið fram í samræmi við 25., 26. og 27. gr.,
- c) þar til bærir aðilinn er þess fullviss, á grundvelli sönnunargagna sem hann hefur fengið í hendur, t.d. með skriflegri skýrslu frá lögbæru eftirlitsfirvaldi, að engar sannanir séu fyrir því að brotið hafi verið í bága við gildandi lagakröfur varðandi umhverfið,

d) engar kvartanir, málinu viðvíkjandi, hafa borist frá hagsmunaaðilum eða kvartanir hafa fengið farsæla úrlausn,

e) þar til bærir aðilinn er þess fullviss, á grundvelli sönnunargagna sem hann hefur fengið í hendur, að fyrirtækið/-stofnunin uppfylli allar kröfur í þessari reglugerð og

f) þar til bæra aðilanum hefur borist skráningargjaldið, ef við á.

3. Þar til bærir aðilinn skal tilkynna fyrirtækinu/stofnuninni um skráninguna og afhenda fyrirtækinu/stofnuninni skráningarnúmer sitt og EMAS-kennimerkið.

4. Komist þar til bærir aðilinn að þeirri niðurstöðu að umsóknarfyrirtækið/-stofnunin uppfylli ekki kröfurnar í 2. mgr. ber því að synja fyrirtækinu/stofnuninni um skráningu og miðla rökstuddum ástæðum fyrir því til fyrirtækisins/-stofnunarinnar.

5. Berist þar til bærum aðila skrifleg eftirlitsskýrsla frá faggildingar- eða leyfisveitingarstofu, sem sýnir fram á að störf umhverfissannprófanda hafi ekki verið innt nægilega vel af hendi til að tryggj sé að umsóknarfyrirtækið/-stofnunin uppfylli kröfurnar í þessari reglugerð, skal hann synja fyrirtækinu/stofnuninni um skráningu. Þar til bærir aðilinn skal þá hvetja fyrirtækið/stofnunina til þess að leggja fram nýja umsókn um skráningu.

6. Þar til bærir aðilinn skal ráðfæra sig við hlutaðeigandi aðila, þ.m.t. fyrirtækið/stofnunina, til að afla þeirra sönnunargagna sem þarf til að taka ákvörðun um synjun á skráningu fyrirtækja/stofnana.

14. gr.

Endurnýjun á skráningu fyrirtækis/stofnunar

1. Þar til bærir aðilinn skal endurnýja skráningu fyrirtækis/-stofnunar ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) þar til bæra aðilanum hefur borist fullgilt umhverfisyfirlýsing, eins og um getur í 6. gr. (c-lið 1. mgr.), fullgilt og uppfærð umhverfisyfirlýsing, eins og um getur í 6. gr. (c-lið 2. mgr.), eða ófullgilt, uppfærð umhverfisyfirlýsing eins og um getur í 7. gr. (3. mgr.),
- b) þar til bæra aðilanum hefur borist útfyllt eyðublað, sem inniheldur a.m.k. þær lágmarksupplýsingar sem eru tilgreindar í VI. viðauka, eins og um getur í d-lið 1. mgr. 6. gr. og í d-lið 2. mgr. 6. gr.,
- c) þar til bærir aðilinn hefur engar sannanir fyrir því að sannprófun og fullgilding hafi ekki farið fram í samræmi við 25., 26. og 27. gr.,
- d) þar til bærir aðilinn hefur engar sannanir fyrir því að fyrirtækið/stofnunin hafi ekki uppfyllt gildandi lagakröfur varðandi umhverfið,

- e) engar kvartanir, málinu viðvíkjandi, hafa borist frá hagsmunaaðilum eða kvartanir hafa fengið farsæla úrlausn,
 - f) þar til bæri aðilinn er þess fullviss, á grundvelli gagna sem hann hefur fengið í hendur, að fyrirtækið/stofnunin uppfylli allar kröfur í þessari reglugerð og
 - g) þar til bæra aðilanum hefur borist gjaldið fyrir endurnýjun á skráningunni, ef við á.
2. Þar til bæri aðilinn skal tilkynna fyrirtækinu/stofnuninni að skráning fyrirtækisins/stofnunarinnar hafi verið endurnýjuð.

15. gr.

Tímabundin eða varanlega afskráning fyrirtækja/stofnana

1. Álit þar bær aðili að skráð fyrirtæki/stofnun fari ekki eftir þessari reglugerð skal hann gefa fyrirtækinu/stofnuninni tækifæri til þess að skýra frá sínum sjónarmiðum í málinu. Fari svo að skýringar fyrirtækisins/stofnunarinnar teljist ekki fullnægjandi skal taka það varanlega eða tímabundið af skrá.
2. Berist þar til bærnum aðila skrifleg eftirlitsskýrsla frá faggildingar- eða leyfisveitingarstofu, sem sýnir fram á að störf umhverfissannprófanda hafi ekki verið innt nægilega vel af hendi til að tryggja sé að skráða fyrirtækið/stofnunin uppfylli kröfurnar í þessari reglugerð, skal afskrá fyrirtækið/stofnunina tímabundið.
3. Skráð fyrirtæki/stofnun skal afskráð tímabundið eða varanlega, eins og við á, ef fyrirtækið/stofnunin vanrækir að afhenda þar til bærnum aðila eitthvað af neðangreindu innan tveggja mánaða frá því að þess var krafist:
 - a) fullgilta umhverfisýfirlýsingu, uppfærða umhverfisýfirlýsingu eða undirrituðu yfirlýsinguna sem um getur í 9. mgr. 25. gr.,
 - b) útfyllt eyðublað sem inniheldur a.m.k. þær lágmarksupplýsingar frá fyrirtækinu/stofnuninni sem eru tilgreindar í VI. viðauka.
4. Ef þar til bær aðili hefur í skriflegri skýrslu frá lögbæru eftirlitsyfirvaldi verið upplýstur um að viðkomandi fyrirtæki/stofnun hafi brotið í bága við gildandi lagakröfu varðandi umhverfið ber honum að fella tilvísunina til fyrirtækisins/stofnunarinnar tímabundið eða varanlega brott úr skránni, eins og við á.
5. Fari svo að þar til bær aðili ákveði tímabundna eða varanlega afskráningu skal hann a.m.k. taka tillit til eftirfarandi:
 - a) þeirra umhverfisáhrifa sem hljóttast af því að fyrirtækið/stofnunin uppfyllir ekki kröfurnar í þessari reglugerð,
 - b) hvort fyrirsjáanlegt hafi verið að fyrirtækið/stofnunin myndi ekki uppfylla kröfurnar í þessari reglugerð eða hvort aðstæðurnar, sem leiddu til þessara vanefnda, hafi verið fyrirsjáanlegar,
 - c) fyrri tilvika þess að fyrirtækið/stofnunin hafi ekki uppfyllt kröfurnar í þessari reglugerð og
 - d) sérstakra aðstæðna fyrirtækisins/stofnunarinnar.

6. Þar til bæri aðilinn skal ráðfæra sig við hlutaðeigandi aðila, þ.m.t. fyrirtækið/stofnunina, til að afla þeirra sönnunargagna sem þarf til að taka ákvörðun um tímabundna eða varanleg afskráningu fyrirtækja/stofnana.

7. Hafi þar til bæra aðilanum borist sönnunargögn, með öðru móti en með skriflegri eftirlitsskýrslu frá faggildingar- eða leyfisveitingarstofunni, þess efnis að störf umhverfissannprófanda hafi ekki verið innt nægilega vel af hendi til að tryggja sé að skráða fyrirtækið/stofnunin uppfylli kröfurnar í þessari reglugerð skal hann hafa samráð við faggildingar- eða leyfisveitingarstofuna sem hefur eftirlit með umhverfissannprófandanum.

8. Þar til bæri aðilinn skal rökstyðja allar ráðstafanir sem gripið er til.

9. Þar til bær aðili skal veita viðkomandi fyrirtæki/stofnun víðeigandi upplýsingar um samráð við hlutaðeigandi aðila.

10. Afturkalla skal tímabundna afskráningu fyrirtækis/stofnunar ef þar til bæri aðilinn hefur fengið fullnægjandi upplýsingar þess efnis að fyrirtækið/stofnunin uppfylli kröfurnar í þessari reglugerð.

16. gr.

Samstarfsvettvangur þar til bæra aðila

1. Þar til bærir aðilar skulu stofna samstarfsvettvang þar til bæra aðila frá öllum aðildarríkjunum, hér á eftir nefndur „samstarfsvettvangur þar til bæra aðila“, og skal haldinn fundur á þessum samstarfsvettvangi a.m.k. einu sinni á ári að viðstöddum fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

Samstarfsvettvangur þar til bæra aðila setur sér starfsreglur.

2. Þar til bærir aðilar frá hverju aðildarríkjana skulu taka þátt í samstarfsvettvangi þar til bæra aðila. Ef komið hefur verið á fót mörgum þar til bærnum aðilum í einu aðildarríki skal gera víðeigandi ráðstafanir til þess tryggja að þeir séu allir upplýstir um starfsemi samstarfsvettvangs þar til bæra aðila.

3. Á samstarfsvettvangi þar til bæra aðila skal semja leiðbeiningar til að tryggja samræmi í málsmeðferð um skráningu fyrirtækja/stofnana samkvæmt þessari reglugerð, þ.m.t. endurnýjun skráningar og tímabundin og varanleg afskráning fyrirtækja/stofnana, jafnt innan sem utan Bandalagsins.

Samstarfsvettvangur þar til bæra aðila skal senda framkvæmdastjórninni leiðbeiningarskjölin og skjöl viðvíkjandi jafningjamati.

4. Framkvæmdastjórnin skal leggja leiðbeiningarskjöl, er lúta að málsmeðferð um samhæfingu og hafa verið samþykkt á samstarfsvettvangi þar til bæra aðila, fram til samþykktar, eins og við á, í samræmi við þá reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 49. gr.

Þessi skjöl skulu vera öllum aðgengileg.

17. gr.

Jafningjamat þar til bærra aðila

1. Skipuleggja skal jafningjamat á samstarfsvettvangi þar til bærra aðila til þess að meta hvort skráningarkerfi allra þar til bærra aðila sé í samræmi við þessa reglugerð og til þess að þróa samhæfða aðferð við beitingu reglna sem lúta að skráningu.

2. Jafningjamatið skal unnið reglulega og a.m.k. fjórða hvert ár og skal taka til mats á reglum og málsmeðferð skv. 12., 13. og 15. gr. Allir þar til bærir aðilar skulu taka þátt í jafningjamatinu.

3. Framkvæmdastjórnin skal kveða á um málsmeðferð um jafningjamat, þ.m.t. viðeigandi reglur um kæru á ákvörðunum sem hafa verið teknar í framhaldi af jafningjamati.

Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við þá reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 49. gr.

4. Kveða skal á um málsmeðferðarreglur, sem um getur í 3. mgr., áður en fyrsta jafningjamatið hefst.

5. Samstarfsvettvangur þar til bærra aðila skal reglulega senda skýrslu um jafningjamatið til framkvæmdastjórnarinnar og nefndarinnar sem var stofnuð á grundvelli 1. mgr. 49. gr.

Þessi skýrsla skal gerð aðgengileg öllum þegar samstarfsvettvangur þar til bærra aðila og nefndin, sem um getur í fyrstu undirgrein, hafa samþykkt hana.

V. KAFLI

UMHVERFISSANNPRÓFENDUR

18. gr.

Verkefni umhverfissannprófenda

1. Umhverfissannprófandi skal meta hvort umhverfisrýni, umhverfisstefna, umhverfisstjórnunarkerfi og umhverfisúttekt fyrirtækis/stofnunar og framkvæmd þeirra uppfylli kröfurnar í þessari reglugerð.

2. Umhverfissannprófendur skulu sannprófa eftirfarandi:

- hvort fyrirtækið/stofnunin uppfylli allar kröfurnar í þessari reglugerð að því er varðar upphaflegu umhverfisrýnina, umhverfisstjórnunarkerfið, umhverfisúttektina og niðurstöður hennar og umhverfisfirlýsinguna eða uppfærðu umhverfisfirlýsinguna,
- hvort fyrirtækið/stofnunin uppfylli gildandi lagakröfur Bandalagsins, eða gildandi landsbundnar, svæðisbundnar eða staðbundnar lagakröfur, varðandi umhverfið,

c) hvort fyrirtækið/stofnunin bæti stöðugt umhverfisárangur sinn og

d) hvort gögn og upplýsingar séu áreiðanleg, trúverðug og rétt í eftirfarandi skjölum:

- umhverfisfirlýsingunni,
- uppfærðu umhverfisfirlýsingunni,
- öllum umhverfisupplýsingum sem á að fullgilda.

3. Umhverfissannprófendur skulu einkum kanna hvort upphafleg umhverfisrýni eða úttekt eða aðrar aðgerðir fyrirtækis/stofnunar hafi verið viðeigandi en þó án þess að endurtaka þessar aðgerðir að óþörfu.

4. Umhverfissannprófendur skulu sannprófa hvort niðurstöður innri úttektar séu áreiðanlegar. Eftir því sem við á skulu þeir beita til þess skyndikönnunum.

5. Þegar kemur að sannprófun til undirbúnings á skráningu fyrirtækis/stofnunar skal umhverfissannprófandinn kanna hvort viðkomandi fyrirtæki/stofnun hafi a.m.k. fullnægt eftirfarandi kröfum um:

- að komið hafi verið á fót umhverfisstjórnunarkerfi, í samræmi við II. viðauka, sem er tilbúið til notkunar,
- að gerð hafi verið fullbúin úttektaráætlun og að framkvæmd hennar sé hafin í samræmi við III. viðauka og að hún nái a.m.k. til mikilvægustu umhverfisáhrifanna,
- að þeirri rýni stjórnenda, sem um getur í A-hluta II. viðauka, sé lokið og
- að umhverfisfirlýsing hafi verið útbúin í samræmi við IV. viðauka og að tekið hafi verið mið af geiratengdum tilvísunarskjölum ef þau voru fánleg.

6. Við sannprófun vegna endurnýjunar skráningar, sem um getur í 1. mgr. 6. gr., skal umhverfissannprófandi sannprófa hvort fyrirtækið/stofnunin uppfylli a.m.k. eftirfarandi kröfur um:

- að fyrirtækið/stofnunin ráði yfir fullbúnu umhverfisstjórnunarkerfi í samræmi við II. viðauka,
- að fyrirtækið/stofnunin hafi fullbúna úttektaráætlun sem er í fullri framkvæmd og þar sem a.m.k. einni úttektarlotu er lokið í samræmi við III. viðauka,
- að fyrirtækið/stofnunin hafi lokið stjórnendaryni í eitt skipti og
- að fyrirtækið/stofnunin hafi útbúið umhverfisfirlýsingu í samræmi við IV. viðauka og að tekið hafi verið tillit til geiratengdra tilvísunarskjala ef þau voru fánleg.

7. Við sannprófun vegna endurnýjunar skráningar, sem um getur í 2. mgr. 6. gr., skal umhverfissannprófandi sannprófa hvort fyrirtækið/stofnunin uppfylli a.m.k. eftirfarandi kröfur um:

- a) að fyrirtækið/stofnunin hafi látið fara fram innri úttekt á árangri sínum í umhverfismálum og á uppfyllingu gildandi lagakrafna varðandi umhverfið í samræmi við III. viðauka,
- b) að fyrirtækið/stofnunin sýni fram á áframhaldandi uppfyllingu gildandi lagakrafna varðandi umhverfið og bæti stöðugt árangur sinn í umhverfismálum og
- c) að fyrirtækið/stofnunin hafi útbúið uppfærða umhverfisyfirlýsingu í samræmi við IV. viðauka og, eftir því sem við á, að tekið hafi verið tillit til geiratengdra tilvísunarskjala ef þau voru fánleg.

19. gr.

Tíðni sannprófunar

1. Umhverfissannprófandi skal útbúa áætlun, í samráði við fyrirtækið/stofnunina, sem tryggir að öll atriði, sem krafist er vegna skráningar og endurnýjunar skráningar, sem um getur í 4., 5. og 6. gr., séu sannprófuð.

2. Umhverfissannprófandinn skal eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti fullgilda allar uppfærðar upplýsingar í umhverfisyfirlýsingunni eða uppfærðu umhverfisyfirlýsingunni.

Undanþágan, sem kveðið er á um í 7. gr., gildir þar sem við á.

20. gr.

Kröfur sem gerðar eru til umhverfissannprófanda

1. Til þess að fá faggildingu eða leyfi í samræmi við þessa reglugerð skal sá sem vill gerast umhverfissannprófandi leggja fram beiðni þess efnis hjá þeirri faggildingar- eða leyfisveitingarstofu sem hann óskar eftir að veiti honum faggildingu eða leyfi.

Í þeirri beiðni skal tilgreina umfang umbeðinnar faggildingar eða leyfis með vísan til þeirrar flokkunar á atvinnustarfsemi sem sett er fram í reglugerð (EB) nr. 1893/2006 ⁽¹⁾.

2. Umhverfissannprófandinn skal afhenda faggildingar- eða leyfisveitingarstofunni viðeigandi gögn um hæfni sína, þ.m.t. þekking, viðeigandi reynsla og viðeigandi tæknileg hæfni, sem tengist umfangi umbeðinnar faggildingar eða leyfis að því er varðar:

- a) þessa reglugerð,

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1893/2006 frá 20. desember 2006 um stofnun atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna (NACE, 2. endursk.) (Stjtið. ESB L 393, 30.12.2006, bls. 1).

- b) almennan rekstur umhverfisstjórnunarkerfa,
- c) viðkomandi geiratengd tilvísunarskjöl, sem framkvæmdastjórnin gefur út skv. 46. gr. vegna beitingar þessarar reglugerðar,
- d) ákvæði laga og reglna og stjórnsýslukröfur sem varða þá starfsemi sem fellur undir sannprófun og fullgildingu,
- e) umhverfisþætti og umhverfisáhrif, þ.m.t. sú hlið sjálfbærrar þróunar er snýr að umhverfismálum,
- f) þá tæknilegu þætti starfseminnar sem lúta að umhverfismálum og falla undir sannprófun og fullgildingu,
- g) almennan rekstur þeirrar starfsemi, sem fellur undir sannprófun og fullgildingu, í því skyni að meta hvort stjórnunarkerfið hæfi með tilliti til þeirrar vixlverkunar sem á sér stað milli fyrirtækisins/stofnunarinnar og vara, þjónustu og starfsemi þess/hennar annars vegar og umhverfisins hins vegar, a.m.k. að því er varðar eftirfarandi:
 - i. tæknina sem fyrirtækið/stofnunin beitir,
 - ii. þá hugtakanotkun og töl sem eru notuð við starfsemina,
 - iii. rekstraraðgerðir og það sem einkennir samspil þeirra við umhverfið,
 - iv. aðferðafræði við mat á mikilvægum umhverfisþáttum,
 - v) varnir gegn mengun og tækni til að draga úr henni,
- h) kröfur og aðferðir viðvikjandi umhverfisúttektum, þ.m.t. getan til að framkvæma skilvirkar sannprófunarúttektir á umhverfisstjórnunarkerfum, draga fram viðeigandi úttektarmiðurstöður og -ályktanir og semja og leggja fram úttektarskýrslur, munnlegar eða skriflegar, svo að fyrir liggi skýr skjalfesting á sannprófunarúttektinni,
- i) úttekt á upplýsingum, umhverfisyfirlýsinguna og uppfærðu umhverfisyfirlýsinguna í tengslum við gagnastjórnun, geymslu og meðferð gagna, framsetningu gagna í rituðu eða myndrænu formi svo að hægt sé að koma auga á hugsanlegar gagnavillur, notkun forsenda (e. assumption) og mats (e. estimates),
- j) umhverfislega vídd vara og þjónustu, þ.m.t. umhverfisþættir og árangur í umhverfismálum á meðan á notkun stendur og að lokinni notkun, og heilleika þeirra gagna sem lögð eru til grundvallar ákvarðanatöku í umhverfismálum.

3. Þess skal krafist af umhverfissannprófandanum að hann sýni fram á samfelldan, faglegan þroska á þeim hæfnissviðum, sem kveðið er á um í 2. mgr., og viðhaldi þeim þroska vegna mats hjá faggildingar- eða leyfisveitingarstofunni.

4. Umhverfissannprófandinn skal vera utanaðkomandi þriðji aðili, óháður, einkum gagnvart úttakanda eða ráðgjafa fyrirtækisins/stofnunarinnar og óhlutdrægur og hlutlægur í störfum sínum.

5. Umhverfissannprófandinn skal sjá til þess að hann sé laus undan hverskonar viðskiptalegum eða fjárhagslegum þrýstingi og annars konar þrýstingi sem gæti haft áhrif á dómgreind hans eða veikt tiltrú á óhæði hans og ráðvendni í sambandi við sannprófunarstörfin. Umhverfissannprófandinn skal sjá til þess að öllum viðeigandi reglum sé fylgt í þessum efnum.

6. Umhverfissannprófandinn skal hafa á reiðum höndum skjalfestar aðferðir og málsmeðferðarreglur, þ.m.t. gæða-efirlitskerfi og trúnaðarákvæði, til að uppfylla kröfurnar í þessari reglugerð varðandi sannprófun og fullgildinguna.

7. Fyrirtæki/stofnun, sem tekur að sér hlutverk umhverfissannprófanda, ber að halda skipurit þar sem uppbygging og ábyrgð innan stofnunarinnar eru sundurliðaðar, auk yfirlýsingar um réttarstöðu, eignarhald og fjármögnun.

Framvísa skal skipuriti fyrirtækisins/stofnunarinnar ef ósk berst þar að lútandi.

8. Tryggja skal að þessar kröfur séu uppfylltar með matinu, sem er unnið á undan faggildingunni eða leyfisveitingunni, og með eftirliti faggildingar- eða leyfisveitingarstofunnar.

21. gr.

Viðbótarkröfur fyrir umhverfissannprófendur sem eru einstaklingar og annast sannprófunar- og fullgildingarstörf einir sér.

Einstaklingar sem starfa sem umhverfissannprófendur og vinna sannprófunar- og fullgildingarstörf einir sér skulu, auk þess að uppfylla kröfurnar í 20. gr., hafa:

- alla þá hæfni sem nauðsynleg er til þess að vinna sannprófunar- og fullgildingarstörf á þeim sviðum sem leyfi þeirra nær yfir,
- leyfi með takmarkað umfang sem svarar til persónulegrar hæfni þeirra.

22. gr.

Viðbótarkröfur fyrir umhverfissannprófendur sem starfa í þriðja landi

1. Ef umhverfissannprófandi hyggst stunda sannprófunar- og fullgildingarstörf í þriðju löndum skal hann sækja um faggildinguna eða leyfi í tilteknum þriðju löndum.

2. Til þess að fá faggildinguna eða leyfi í þriðja landi skal umhverfissannprófandinn, auk þess að uppfylla kröfurnar í 20. og 21. gr., uppfylla eftirfarandi kröfur:

- að hafa þekkingu og skilning á þeim laga- og stjórnsýslukröfum er lúta að umhverfinu í því þriðja landi þar sem hann sækir um faggildinguna eða leyfi,

- að hafa þekkingu og skilning á opinberu tungumáli þriðja landsins þar sem hann sækir um faggildinguna eða leyfi.

3. Kröfurnar, sem eru settar eru fram í 2. mgr., skulu teljast uppfylltar þegar umhverfissannprófandinn sýnir fram á að samningsbundin tengsl séu fyrir hendi milli hans sjálfs og einstaklings með tilskilin réttindi og hæfi eða fyrirtækis/stofnunar sem uppfyllir þessar kröfur.

Þessi einstaklingur, eða fyrirtæki/stofnun, skal vera óháður fyrirtækinu/stofnuninni sem ætlunin er að sannprófa.

23. gr.

Eftirlit með umhverfissannprófendum

1. Eftirlit með sannprófunar- og fullgildingarstörfum umhverfissannprófanda:

- í aðildarríkinu, þar sem þeir hafa hlotið faggildinguna eða leyfi, skal vera í höndum faggildingar- eða leyfisveitingarstofunnar sem veitti faggildinguna eða leyfið,
- í þriðja landi skal vera í höndum faggildingar- eða leyfisveitingarstofunnar sem veitti umhverfissannprófandanum faggildinguna eða leyfið til þeirra starfa,
- í öðru aðildarríki en því, þar sem faggildingin eða leyfið var veitt, skal vera í höndum faggildingar- eða leyfisveitingarstofu þess aðildarríkis þar sem sannprófunin fer fram.

2. Að minnsta kosti fjórum vikum fyrir hverja sannprófun í aðildarríki skal umhverfissannprófandinn senda upplýsingar um faggildinguna sína eða leyfi og um stað og tíma sannprófunar til faggildingar- eða leyfisveitingarstofunnar sem ber ábyrgð á eftirliti með hlutaðeigandi umhverfissannprófanda.

3. Umhverfissannprófandinn skal tilkynna faggildingar- eða leyfisveitingarstofunni tafarlaust um allar breytingar sem hafa áhrif á faggildinguna eða leyfið eða umfang þeirra.

4. Faggildingar- eða leyfisveitingarstofan skal gera ráðstafanir með reglulegu millibili, eigi sjaldnar en á 24 mánaða fresti, til að tryggja að umhverfissannprófandinn uppfylli enn faggildingar- eða leyfiskröfurnar og til að fylgjast með gæðum þeirra sannprófunar- og fullgildingarstarfa sem unnin eru.

5. Eftirlit getur falist í úttekt á skrifstofu umhverfissannprófanda, í því að fylgjast með umhverfissannprófanda að störfum innan fyrirtækis/stofnunar, í spurningalistum, í rýni umhverfisyfirlýsinga eða uppfærðra umhverfisyfirlýsinga, sem umhverfissannprófandi hefur fullgilt, og í rýni sannprófunarskýrslna.

Eftirlitið skal vera í réttu hlutfalli við störf umhverfissannprófandans.

6. Fyrirtæki/stofnanir skulu heimila faggildingar- eða leyfisveitingarstofum að hafa eftirlit með umhverfissannprófundanum á meðan á sannprófunar- og fullgildingarferlinu stendur.

7. Faggildingar- og leyfisveitingarstofunni er hvorki heimilt að taka ákvörðun um tímabundna eða varanlega niðurfellingu faggildingar- eða leyfis né takmarka umfang faggildingarinnar eða leyfisins nema umhverfissannprófundinn hafi fengið tækifæri til að láta álit sitt í ljós.

8. Áltíti faggildingar- eða leyfisveitingarstofan, sem er eftirlitsaðili, að gæði þeirrar vinnu, sem umhverfissannprófundinn innir af hendi, uppfylli ekki kröfurnar í þessari reglugerð skal hún senda skriflega eftirlitsskýrslu til umhverfissannprófundans og til þar til bæra aðilans sem viðkomandi fyrirtæki/stofnun hyggst sækja um skráningu hjá eða sem skráði fyrirtækið/stofnunina.

Ef um frekari ágreining verður að ræða skal senda eftirlitsskýrsluna til samstarfsvettvangs faggildingar- eða leyfisveitingarstofa sem um getur í 30. gr.

24. gr.

Viðbótarkröfur vegna eftirlits með umhverfissannprófundum sem starfa í öðru aðildarríki en því þar sem faggildingin eða leyfið var gefið út

1. Áður en umhverfissannprófundandi, sem hefur hlotið faggildinguna eða leyfi í einu aðildarríki, innir af hendi sannprófunar- eða fullgildingarstörf í öðru aðildarríki skal hann, a.m.k. fjórum vikum áður, veita faggildingar- eða leyfisveitingarstofu síðarnefnda aðildarríkisins upplýsingar um:

- a) faggildinguna sína eða leyfi, hæfni sína, einkum að því er varðar þekkingu sína á lagakröfum varðandi umhverfið og á opinberu tungumáli hins aðildarríkisins, og um samsetningu starfshópsins, ef við á,
- b) hvar og hvenær sannprófunin og fullgildingin á að fara fram,
- c) heimilisfang fyrirtækisins/stofnunarinnar og samskiptaupplýsingar.

Þessar upplýsingar skal veita á undan hverri sannprófun og fullgildingunni.

2. Faggildingar- eða leyfisveitingarstofunni er heimilt að krefjast nánari útlistunar á þekkingu sannprófundans á þeim lagakröfum sem eru í gildi og varða umhverfið.

3. Faggildingar- eða leyfisveitingarstofunni er því aðeins heimilt að setja önnur skilyrði en þau sem um getur í 1. mgr. ef skilyrðin hafa ekki áhrif á rétt umhverfissannprófundans til að veita þjónustu í öðru aðildarríki en því þar sem faggildingin eða leyfið var veitt.

4. Faggildingar- eða leyfisveitingaraðilinn skal ekki nota málsmeðferðina, sem um getur í 1. mgr., til þess að teyja fyrir

komu umhverfissannprófundans. Ef faggildingar- eða leyfisveitingarstofan er ófær um að leysa verkefni sín af hendi í samræmi við 2. og 3. mgr., áður en kemur að sannprófun og fullgildingunni sem sannprófundinn hafði tilkynnt um í samræmi við b-lið 1. mgr., skal hún miðla rökstuddum ástæðum fyrir því til sannprófundans.

5. Faggildingar- eða leyfisveitingarstofum er ekki heimilt að innheimta gjöld, sem gætu valdið mismunun, fyrir tilkynningar og eftirlit.

6. Ef faggildingar- eða leyfisveitingarstofan, sem fer með eftirlit, telur að gæði þeirrar vinnu, sem umhverfissannprófundinn innir af hendi, uppfylli ekki kröfurnar í þessari reglugerð skal hann senda skriflega eftirlitsskýrslu til hlutaðeigandi umhverfissannprófundana, faggildingar- eða leyfisveitingarstofunnar, sem veitti faggildinguna eða leyfið, og til þar til bæra aðilans sem hlutaðeigandi fyrirtæki/stofnun hyggst sækja um skráningu hjá eða sem skráði stofnunina eða fyrirtækið. Ef um frekari ágreining verður að ræða skal senda eftirlitsskýrsluna til samstarfsvettvangs faggildingar- eða leyfisveitingarstofa sem um getur í 30. gr.

25. gr.

Skilyrði fyrir því að inna sannprófunar- og fullgildingarstörf af hendi

1. Umhverfissannprófundinn skal starfa innan ramma faggildingar sinnar eða leyfis á grundvelli skriflegs samkomulags við fyrirtækið/stofnunina.

Í því samkomulagi skal:

- a) tilgreina umfang verksins,
- b) tilgreina skilyrði sem stuðla að því að gera umhverfissannprófundanum kleift að starfa á faglegan, sjálfstæðan hátt og
- c) skylda fyrirtækið/stofnunina til að sýna nauðsynlegan samstarfsvilja.

2. Umhverfissannprófundinn skal sjá til þess að einstakar rekstrareiningar fyrirtækisins/stofnunarinnar séu skilgreindar með ótvíræðum hætti og svari til raunverulegrar skiptingar starfseminnar.

Umhverfisyfirlýsingin skal tilgreina með skýrum hætti þá hluta fyrirtækisins/stofnunarinnar sem falla undir sannprófun eða fullgildinguna.

3. Umhverfissannprófundinn skal inna af hendi mat á þeim þáttum sem eru tilgreindir í 18. gr.

4. Í sambandi við sannprófunar- og fullgildingarstörf sín skal umhverfissannprófundinn rannsaka skjöl, heimsækja fyrirtækið/stofnunina, gera skyndikannanir og hafa viðtöl við starfsfólkið.

5. Áður en umhverfissannprófundinn kemur í heimsókn skal fyrirtækið/stofnunin útvega honum grunnupplýsingar um sig og starfsemi sína, umhverfisstefnuna og -áætlunina, lýsingu á umhverfisstjórnunarkerfinu, sem fyrirtækið/stofnunin notar, upplýsingar um þá umhverfisrýni eða -úttekt sem hefur farið fram, skýrsluna um rýnina eða úttektina og úrbætur í framhaldi af henni og drög að umhverfisyfirlýsingu eða uppfærðri umhverfisyfirlýsingu.

6. Umhverfissannprófundinn skal semja skriflega skýrslu handa fyrirtækinu/stofnuninni um útkomuna úr sannprófuninni þar sem fram kemur:

- a) öll atriði sem viðkoma því starfi sem umhverfissannprófundinn hefur innt af hendi,
- b) lýsing á samræmi við allar kröfur í þessari reglugerð, þ.m.t. stuðningsgögn, niðurstöður og ályktanir,
- c) það sem áunnist hefur og sértæk markmið fyrirtækisins/stofnunarinnar annars vegar í samanburði við fyrri umhverfisyfirlýsingar og mat á árangrinum í umhverfismálum og mat á stöðugum umbótum í árangri fyrirtækisins/stofnunarinnar í umhverfismálum hins vegar,
- d) ef við á, tæknilegir vankantar á umhverfisrýninni, úttektar- aðferðinni eða umhverfisstjórnunarkerfinu eða á einhverju öðru viðeigandi ferli.

7. Ef um er að ræða ósamræmi (e. non-conformity) (ÍST EN ISO 14001:2004: frábrigði) við ákvæði þessarar reglugerðar skal auk þess tilgreina í skýrslunni:

- a) niðurstöður og ályktanir að því er varðar ósamræmi við ákvæði af hálfu fyrirtækisins/stofnunarinnar og þau sönnunargögn sem þessar niðurstöður og ályktanir byggjast á,
- b) frávik frá drögum að umhverfisyfirlýsingunni eða uppfærðu umhverfisyfirlýsingunni ásamt nákvæmri lýsingu á nauðsynlegum breytingum á umhverfisyfirlýsingunni eða uppfærðu umhverfisyfirlýsingunni eða viðbótum við þær.

8. Að sannprófun lokinni skal umhverfissannprófundinn fullgilda umhverfisyfirlýsingu fyrirtækisins/stofnunarinnar eða uppfærðu umhverfisyfirlýsinguna og staðfesta að hún uppfylli kröfurnar í þessari reglugerð, svo fremi að útkoman úr sannprófuninni og fullgildingunni staðfesti:

- a) að upplýsingarnar og gögnin í umhverfisyfirlýsingu fyrirtækisins/stofnunarinnar eða uppfærðu umhverfisyfirlýsingunni séu áreiðanleg og rétt og uppfylli kröfurnar í þessari reglugerð og
- b) að ekki séu neinar sannanir fyrir því að fyrirtækið/stofnunin uppfylli ekki gildandi lagakröfur varðandi umhverfið.

9. Að lokinni fullgildingunni skal umhverfissannprófundinn gefa út skriflega yfirlýsingu eins og um getur í VII. viðauka þar sem segir að sannprófun og fullgilding hafi átt sér stað í samræmi við þessa reglugerð.

10. Umhverfissannprófundur, sem hafa hlotið faggildingu eða leyfi í einu aðildarríki, geta innt af hendi sannprófunar og fullgildingarstörf í öllum öðrum aðildarríkjum í samræmi við kröfurnar í þessari reglugerð.

Sannprófunar- og fullgildingarstörfin skulu vera undir eftirliti faggildingar- eða leyfisveitingarstofu aðildarríkisins þar sem vinna á störfun. Þegar störfin hefjast skal tilkynna það til faggildingar- eða leyfisveitingarstofunnar í samræmi við þau tímamörk sem eru tilgreind í 1. mgr. 24. gr.

26. gr.

Sannprófun og fullgilding lítilla fyrirtækja/stofnana

1. Þegar umhverfissannprófundir sinnir sannprófunar- og fullgildingarstörfum skal hann taka tillit til sérkenna lítilla fyrirtækja/stofnana, þ.m.t.:

- a) stuttar boðleiðir,
- b) starfsfólk sem gegnir mörgum störfum,
- c) starfsþjálfun í vinnunni,
- d) hæfni til þess að bregðast fljótt við breytingum og
- e) takmarkað skjalahald um verklagsreglur.

2. Umhverfissannprófundur skal haga sannprófun og fullgildingu á þann hátt sem íþyngir ekki litlum fyrirtækjum/stofnunum að öþörfu.

3. Umhverfissannprófundur skal taka tillit til hlutlægra sönnunargagna fyrir því að kerfi sé skilvirkt, þ.m.t. hvort fyrirtækið/stofnunin sé með verklagsreglur sem eru í réttu hlutfalli við umfang starfseminnar og hversu margslungin hún er sem og við eðli þeirra umhverfisáhrifa sem hún hefur í för með sér og hæfni starfsfólksins.

27. gr.

Skilyrði fyrir sannprófun og fullgildingunni í þriðju löndum

1. Umhverfissannprófundur, sem hafa hlotið faggildingu eða leyfi í einu aðildarríki, geta innt af hendi sannprófunar- og fullgildingarstörf fyrir fyrirtæki/stofnun, sem er staðsett í þriðja landi, í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð.

2. Að minnsta kosti sex vikum fyrir sannprófun eða fullgildingu í þriðja landi skal umhverfissannprófundinn senda upplýsingar um faggildingu sína eða leyfi og um stað og tíma sannprófunar eða fullgildingar til faggildingar- eða leyfisveitingarstofunnar í aðildarríkinu þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki/stofnun hyggst sækja um skráningu eða er skráð.

3. Sannprófunar- og fullgildingarstörfin skulu vera undir eftirliti faggildingar- eða leyfisveitingaraðila aðildarríkisins þar sem umhverfissannprófundur er faggiltur eða hefur leyfi. Þegar störfin hefjast skal tilkynna það til faggildingar- eða leyfisveitingarstofunnar í samræmi við þau tímamörk sem eru tilgreind í 2. mgr.

VI. KAFLI

FAGGILDINGAR- OG LEYFISVEITINGARSTOFUR

28. gr.

Starfsemi faggildingar- eða leyfisveitingarstofa

1. Faggildingarstofur, sem aðildarríkin tilnefna skv. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, skulu bera ábyrgð á faggildingu umhverfissannprófanda og hafa eftirlit með störfum sem umhverfissannprófundur inna af hendi í samræmi við þessa reglugerð.

2. Aðildarríki geta tilnefnt leyfisveitingarstofu, í samræmi við 2. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, sem skal bera ábyrgð á útgáfu leyfa til umhverfissannprófanda og eftirliti með þeim.

3. Aðildarríki geta ákveðið að heimila ekki að einstaklingar fái faggildingu eða leyfi sem umhverfissannprófundur.

4. Faggildingar- og leyfisveitingarstofur skulu meta hæfni umhverfissannprófundans með hliðsjón af þeim þáttum sem eru tilgreindir í 20., 21. og 22. gr. og varða umfang umbeðinnar faggildingar eða leyfis.

5. Umfang umbeðinnar faggildingar eða leyfis umhverfissannprófanda skal skilgreint í samræmi við atvinnugreinaflokkun samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1893/2006. Umfangið skal takmarkast við hæfni umhverfissannprófundans og, eftir því sem við á, einnig miðast við umfang starfseminnar og hversu margslungin hún er.

6. Faggildingar- og leyfisveitingarstofur skulu setja viðeigandi málsmeðferðarreglur um faggildingu eða leyfisveitingu, synjun á faggildingu eða leyfisveitingu, tímabundna eða varanlegri sviptingu faggildingar eða leyfis umhverfissannprófanda og um eftirlit með umhverfissannprófundum.

Þessar málsmeðferðarreglur skulu fela í sér verklagsreglur varðandi umfjöllun um athugasemdir frá hlutaðeigandi aðilum, þ.m.t. þar til bærum aðilum og fulltrúum stofnana eða fyrirtækja, varðandi umsækjendur og faggilta eða leyfishafandi umhverfissannprófundur.

7. Ef umsókn um faggildingu eða leyfi er hafnað skal faggildingar- og leyfisveitingarstofan upplýsa umhverfissannprófundann um ástæðurnar fyrir þeirri ákvörðun.

8. Faggildingar- og leyfisveitingarstofur skulu útbúa, endurskoða og uppfæra skrá yfir umhverfissannprófundur og umfang faggildingar eða leyfis þeirra í aðildarríkjum þeirra og skulu tilkynna mánaðarlega, annaðhvort beint eða með atbeina landsyfirvalda, eftir því sem viðkomandi aðildarríki ákveður, um breytingar á skránni til framkvæmdastjórnarinnar og þar til bæra aðilans í aðildarríkinu þar sem faggildingar- eða leyfisveitingarstofan er staðsett.

9. Faggildingar- og leyfisveitingarstofur skulu semja eftirlitsskýrslu innan ramma reglna og málsmeðferðar varðandi eftirlit með starfsemi, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, þar sem þeir velja aðra neðangreindra ákvarðana, að höfðu samráði við viðkomandi umhverfissannprófanda:

- Störf umhverfissannprófundans voru ekki innt nægilega vel af hendi til að tryggt sé að fyrirtækið/stofnunin uppfylli kröfurnar í þessari reglugerð.
- Sannprófunin og fullgildingin, sem umhverfissannprófundinn innti af hendi, fór í bága við eina eða fleiri af kröfunum í þessari reglugerð.

Skýrslan skal send þar til bæra aðilenum í aðildarríkinu þar sem fyrirtækið/stofnunin er skráð eða sækir um skráningu og, ef við á, til faggildingar- og leyfisveitingarstofunnar sem veitti þá faggildingu eða leyfi.

29. gr.

Tímabundin eða varanleg svipting faggildingar eða leyfis

1. Tímabundin eða varanleg svipting faggildingar eða leyfis krefst samráðs við hlutaðeigandi aðila, þ.m.t. umhverfissannprófundann, í því skyni að sjá faggildingar- eða leyfisveitingarstofunni fyrir nauðsynlegum gögnum til ákvörðunartöku.

2. Faggildingar- eða leyfisveitingarstofan skal tilkynna umhverfissannprófundanum um ástæðurnar fyrir þeim ráðstöfunum, sem gerðar eru, og um gang viðræðnanna við lögbæra eftirlitsyfirvaldið.

3. Umhverfissannprófandi skal sviptur faggildingu eða leyfi tímabundið eða varanlega, uns fullvissa hefur fengist fyrir því að hann fari að ákvæðum þessarar reglugerðar, eins og við á, allt eftir því hvernig hann vanrækir að uppfylla lagakröfur eða hvernig hann brýtur í bága við þær og einnig eftir umfangi vanrækslunnar eða brotsins.

4. Afturkalla skal tímabundna sviptingu faggildingar eða eyfis ef faggildingar- eða leyfisveitingarstofan hefur fengið fullnægjandi upplýsingar þess efnis að umhverfissannprófundinn fari að ákvæðum þessarar reglugerðar.

30. gr.

Samstarfsvettvangur faggildingar- og leyfisveitingarstofa

1. Stofna skal samstarfsvettvangur faggildingar- og leyfisveitingarstofa frá öllum aðildarríkjunum, hér á eftir nefndur „samstarfsvettvangur faggildingar- og leyfisveitingarstofa“ og skal haldinn fundur á þessum samstarfsvettvangi a.m.k. einu sinni á ári að viðstöddum fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.

2. Verkefni samstarfsvettvangs faggildingar- og leyfisveitingarstofa er að tryggja samræmi í málsmeðferð varðandi eftirfarandi:

- faggildingu og veitingu leyfis til umhverfissannprófanda samkvæmt þessari reglugerð, þ.m.t. synjun og tímabundin eða varanleg svipting faggildingar eða leyfis,
- eftirlit með þeim störfum sem faggiltir eða leyfishafandi umhverfissannprófundur inna af hendi.

3. Á samstarfsvettvangi faggildingar- og leyfisveitingarstofa skal semja leiðbeiningar um atriði á sviði sem heyrir undir heimildir faggildingar- og leyfisveitingarstofa.
4. Starfsvettvangur faggildingar- og leyfisveitingarstofa setur sér starfsreglur.
5. Leiðbeiningarskjalið, sem um getur í 3. mgr., og starfsreglurnar, sem um getur í 4. mgr., skulu send til framkvæmdastjórnarinnar.
6. Framkvæmdastjórnin skal leggja leiðbeiningarskjöl er lúta að málsmeðferðarreglum um samhæfingu og hafa verið samþykkt á samstarfsvettvangi faggildingar- og leyfisveitingarstofa, fram til samþykktar, eins og við á, í samræmi við þá reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 49. gr.

Þessi skjöl skulu gerð öllum aðgengileg.

31. gr.

Jafningjamat faggildingar- og leyfisveitingarstofa

1. Jafningjamat, sem samstarfsvettvangur faggildingar- og leyfisveitingarstofa skal skipuleggja og tengist faggildingu umhverfissannprófenda og veitingu leyfis til þeirra, skal fara reglulega fram og eigi sjaldnar en á fjögurra ára fresti og taka til mats á reglum og málsmeðferðum sem um getur í 28. og 29. gr.

Allar faggildingar- og leyfisveitingastofur skulu taka þátt í jafningjamatinu.

2. Samstarfsvettvangur faggildingar- og leyfisveitingarstofa skal reglulega senda skýrslu um jafningjamatið til framkvæmdastjórnarinnar og nefndarinnar sem stofnuð er skv. 1. mgr. 49. gr.

Þessi skýrsla skal gerð aðgengileg öllum þegar samstarfsvettvangur faggildingar- og leyfisveitingarstofa og nefndin, sem um getur í fyrstu undirgrein, hafa samþykkt hana.

VII. KAFLI

REGLUR SEM GILDA UM AÐILDARRÍKIN

32. gr.

Aðstoð við fyrirtæki/stofnanir viðvíkjandi uppfyllingu lagakrafna varðandi umhverfið

1. Aðildarríki skulu sjá til þess að fyrirtæki/stofnanir fái aðgang að upplýsingum og möguleika á aðstoð að því er varðar lagakröfur varðandi umhverfið í því aðildarríki.
2. Í aðstoðinni skal felast eftirfarandi:
 - a) upplýsingar um gildandi lagakröfur varðandi umhverfið.

- b) upplýsingar um lögbær eftirlitsyfirvöld fyrir sértækar lagakröfur sem tilgreint hefur verið að gildi og varða umhverfið.

3. Aðildarríkjunum er heimilt að fela þar til bærum aðilum verkefni, sem um getur í 1. og 2. mgr., eða sérhverjum öðrum þeim aðila sem hefur nægilega sérþekkingu og burði til þess að ráða við verkefni.

4. Aðildarríkin skulu sjá til þess að eftirlitsyfirvöld svari fyrirspurnum, a.m.k. frá litlum fyrirtækjum/stofnunum, um gildandi lagakröfur varðandi umhverfið, sem heyra undir valdsvið þeirra, og veiti viðkomandi fyrirtækjum/stofnunum upplýsingar um með hvaða ráðum fyrirtækin/stofnanirnar geti sýnt fram á að þau eða þær uppfylli viðkomandi lagaskilyrði.

5. Vanræki skráð fyrirtæki/stofnanir að uppfylla gildandi lagakröfur varðandi umhverfið skulu aðildarríkin sjá til þess að lögbær eftirlitsyfirvöld tilkynni það til þar til bæra aðilans sem skráði viðkomandi fyrirtæki/stofnun.

Lögbæra eftirlitsyfirvaldið skal veita þar til bæra aðilanum þessar upplýsingar eins fljótt og auðið er og í öllum tilvikum eigi síðar en mánuði eftir að því varð vanrækslan ljós.

33. gr.

Kynning á umhverfisstjórnunarkerfinu

1. Aðildarríkin skulu standa að kynningu á umhverfisstjórnunarkerfinu í tengslum við þar til bæra aðila, eftirlitsyfirvöld og aðra viðkomandi hagsmunaaðila og að teknu tilliti til þeirrar starfsemi sem um getur í 34.–38. gr.
2. Aðildarríkin geta samið kynningaráætlun í þessu skyni sem skal endurskoðuð reglulega.

34. gr.

Upplýsingar

1. Aðildarríki skulu gera viðhlítandi ráðstafanir til þess að miðla upplýsingum til:
 - a) almennings um markmið og meginþætti umhverfisstjórnunarkerfisins,
 - b) fyrirtækja/stofnana um efni þessarar reglugerðar.
2. Aðildarríkin skulu, eftir því sem við á, nota fagtimarit, staðarblöð, kynningarherferðir og aðrar áhrifaríkar aðferðir til þess að efla almenna vitneskju um umhverfisstjórnunarkerfið.

Aðildarríkin geta haft samstarf við m.a. samtök iðnaðarins, neytendasamtök, umhverfissamtök, stéttarfélag, staðbundnar stofnanir og aðra viðkomandi hagsmunaaðila.

35. gr.

Kynningarstarfsemi

1. Aðildarríkin skulu taka að sér kynningarstarfsemi fyrir umhverfisstjórnunarkerfið. Starfsemin getur falist í því:

- a) að hvetja hlutaðeigandi aðila til upplýsingaskipta um þekkingu og bestu starfsvenjur með tilliti til umhverfisstjórnunarkerfisins,
- b) að þróa skilvirkar aðferðir til kynningar á umhverfisstjórnunarkerfinu og bjóða fyrirtækjum/stofnunum að nýta sér þær,
- c) að veita fyrirtækjum/stofnunum tækniaðstoð við að skilgreina markaðssetningaraðgerðir sínar, sem tengjast umhverfisstjórnunarkerfinu, og hrinda þeim í framkvæmd,
- d) að örva samvinnu milli stofnana eða fyrirtækja um kynningu á umhverfisstjórnunarkerfinu.

2. Þar til bærum aðilum, faggildingar- og leyfisveitingarstofum, landsyfirvöldum og öðrum hagsmunaaðilum í markaðs- og kynningarmálum, er tengjast umhverfisstjórnunarkerfinu, er heimilt að nota EMAS-kennimerkið án skráningarnúmers. Í þeim tilvikum skal notkun EMAS-kennimerkisins, sem birt er í V. viðauka, ekki gefa til kynna að um skráðan notanda sé að ræða ef sú er ekki raunin.

36. gr.

Hvatning til þátttöku lítilla fyrirtækja/stofnana

Aðildarríkin skulu gera viðhlítandi ráðstafanir til þess að hvetja til þátttöku lítilla fyrirtækja/stofnana, m.a. með því:

- a) að greiða fyrir aðgangi að upplýsingum og styrktarsjóðum, sérsníðnum að þörfum þeirra,
- b) að tryggja að sanngjörn skráningargjöld hvetji til þátttöku þeirra,
- c) að gera ráðstafanir til að efla tækniaðstoð.

37. gr.

Fyrirtækja-/stofnanaklasar og áfangaskipt aðferð

1. Aðildarríkin skulu hvetja staðaryfirvöld til þess að veita, í samstarfi við samtök iðnaðarins, verslunarráð og aðra hlutaðeigandi aðila, fyrirtækja-/stofnanaklösum sértæka aðstoð við að uppfylla þær skráningarkröfur sem um getur í 4., 5. og 6. gr.

Sérhvert fyrirtæki/stofnun í klasanum skal skráð sérstaklega.

2. Aðildarríkin skulu hvetja stofnanir eða fyrirtæki til þess að koma sér upp umhverfisstjórnunarkerfi. Þau skulu einkum hvetja til þess að notuð sé aðferð sem leiðir í áföngum til skráningar í umhverfisstjórnunarkerfinu.

3. Þau kerfi, sem komið verður á fót skv. 1. og 2. mgr., skulu rekin með því markmiði að komast hjá óþörfum útgjöldum fyrir þátttakendurna, einkum lítil fyrirtæki/stofnanir.

38. gr.

Umhverfisstjórnunarkerfið og önnur stefnumál og stjórnæki innan Bandalagsins

1. Með fyrirvara um löggjöf Bandalagsins skulu aðildarríkin íhuga hvernig skráning í umhverfisstjórnunarkerfinu í samræmi við þessa reglugerð getur:

- a) verið til hliðsjónar við undirbúning nýrrar löggjafar,
- b) gagnast sem tæki við beitingu og framkvæmd löggjafar,
- c) verið til hliðsjónar við opinber innkaup.

2. Með fyrirvara um löggjöf Bandalagsins, einkum á sviði samkeppni, skatta og ríkisstyrkja, skulu aðildarríkin, eftir því sem við á, gera ráðstafanir til þess að auðvelda fyrirtækjum/stofnunum að öðlast eða viðhalda skráningu í umhverfisstjórnunarkerfinu.

Þessar ráðstafanir geta m.a. falist í eftirfarandi:

- a) slökun á reglum svo að skráð fyrirtæki/stofnun teljist uppfylla tilteknar lagakröfur varðandi umhverfið sem mælt er fyrir um í öðrum lagagerningum sem lögbær yfirvöld tilgreina,
- b) betri reglum með því að breyta öðrum lagagerningum til að léttu byrðum af fyrirtækjum/stofnunum, minnka þær eða einfalda með það í huga af hvetja til skilvirks reksturs markaða og aukinnar samkeppnishæfni.

39. gr.

Gjöld

1. Aðildarríkjunum er heimilt að innheimta gjöld sem miðast við eftirfarandi:

- a) kostnað sem hlýst í tengslum við að útvega fyrirtækjum/stofnunum upplýsingar með milligöngu aðila sem aðildarríkin hafa tilnefnt eða komið á fót í þeim tilgangi skv. 32. gr.,
- b) kostnað sem stofnað er til í tengslum við faggilding, leyfisveitingu og eftirlit með umhverfissannpröfendum,
- c) kostnað við skráningu, endurnýjun á skráningu og tímabundna og varanlega afskráningu af hálfu þar til bærra aðila auk viðbótarkostnaðar við umsýslu aðgerða af þessu tagi fyrir fyrirtæki/stofnanir utan Bandalagsins.

Þessi gjöld skulu ekki fara yfir sanngjarna fjárhæð og skulu vera í réttu hlutfalli við stærð fyrirtækisins/stofnunarinnar og þá vinnu sem fyrir liggur.

2. Aðildarríki skulu sjá til þess að fyrirtæki/stofnanir séu upplýst um öll viðeigandi gjöld.

40. gr.

Ef ekki er farið að ákvæðum

1. Aðildarríki skulu gera viðeigandi laga- og stjórnsýsluráðstafanir ef ákvæði þessarar reglugerðar eru ekki virt.

2. Aðildarríkin skulu setja skilvirk ákvæði til að hindra að EMAS-kennimerkið sé notað á þann hátt að brjóti í bága við þessa reglugerð.

Heimilt er að beita ákvæðum sem sett hafa verið í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum ⁽¹⁾.

41. gr.

Upplýsingar og skýrslugjöf til framkvæmdastjórnarinnar

1. Aðildarríkin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um skipulag og málsmeðferð, er lýtur að rekstri þar til bærra aðila og faggildingar- og leyfisveitingarstofa, og uppfæra þær upplýsingar eftir því sem við á.

2. Á tveggja ára fresti skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni skýrslu með uppfærðum upplýsingum um þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til í krafti þessarar reglugerðar.

Í þessum skýrslum skulu aðildarríkin taka mið af síðustu skýrslunni sem framkvæmdastjórnin sendi Evrópuþinginu og ráðinu skv. 47. gr.

VIII. KAFLI

REGLUR SEM GILDA UM FRAMKVÆMDASTJÓRNINA

42. gr.

Upplýsingar

1. Framkvæmdastjórnin skal miðla upplýsingum til:

- almenningi um markmið og meginþætti umhverfisstjórnunarkerfisins,
- fyrirtækja/stofnana um efni þessarar reglugerðar.

2. Framkvæmdastjórnin skal halda utan um og gera aðgengilegt öllum:

- skrá yfir umhverfissannprófendur og skráð fyrirtæki/stofnanir,
- gagnagrunn um umhverfisyfirlýsingar í rafrænu formi,
- gagnagrunn um bestu starfsvenjur viðvíkjandi umhverfisstjórnunarkerfinu, þ.m.t. áhrifaríkar leiðir til kynningar á umhverfisstjórnunarkerfinu og dæmi um tækniaðstoð við stofnanir eða fyrirtæki,
- skrá yfir þá sjóði Bandalagsins sem fjármagna framkvæmd umhverfisstjórnunarkerfisins og skyld verkefni og starfsemi.

43. gr.

Samstarf og samræming

1. Framkvæmdastjórnin skal, eftir því sem við á, efla samstarf milli aðildarríkja, einkum í því augnamiði að koma á einsleitri og samræmdri beitingu reglna í gervöllu Bandalaginu að því er varðar eftirfarandi:

- skráningu stofnana og fyrirtækja,
- umhverfissannprófendur,
- upplýsingar og aðstoð sem um getur í 32. gr.

2. Með fyrirvara um löggjöf Bandalagsins um opinber innkaup skulu framkvæmdastjórnin og aðrar stofnanir Bandalagsins, eftir því sem við á, vísa til umhverfisstjórnunarkerfisins eða annarra umhverfisstjórnunarkerfa, sem eru viðurkennd í samræmi við 45. gr., eða sambærilegra kerfa, þegar sett eru skilyrði um samningsefndir í samningum um verk og þjónustu.

44. gr.

Samþætting umhverfisstjórnunarkerfisins við önnur stefnumál og stjórnunarkerfi innan Bandalagsins

Framkvæmdastjórnin skal íhuga hvernig skráning í umhverfisstjórnunarkerfinu í samræmi við þessa reglugerð getur:

- verið til hliðsjónar við undirbúning nýrrar löggjafar og endurskoðun á núgildandi löggjöf, einkum með því að slaka á reglum og með betri reglum eins og útlistað er í 2. mgr. 38. gr.,
- gagnast sem tæki í tengslum við beitingu og framkvæmd löggjafar.

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 149, 11.6.2005, bls. 22.

45. gr.

Vensl við önnur umhverfisstjórnunarkerfi

1. Aðildarríkin geta sent framkvæmdastjórninni skriflega beiðni um viðurkenningu á fyrirliggjandi umhverfisstjórnunarkerfum, eða hlutum þeirra, sem vottað er, í samræmi við viðeigandi vottunaraðferðir sem eru viðurkenndar á lands- eða svæðisvísu, að uppfylli samsvarandi kröfur í þessari reglugerð.

2. Í beiðni sinni skulu aðildarríkin tilgreina viðeigandi hluta umhverfisstjórnunarkerfanna og kröfurnar í þessari reglugerð sem svara til þeirra.

3. Aðildarríkin skulu færa sönnur á jafngildi allra viðeigandi hluta viðkomandi umhverfisstjórnunarkerfis við þessa reglugerð.

4. Framkvæmdastjórnin skal, að lokinni athugun á beiðninni, sem um getur í 1. mgr., og í samræmi við ráðgjafarnefndar-meðferðina, sem um getur í 2. mgr. 49. gr., viðurkenna viðeigandi hluta umhverfisstjórnunarkerfanna og viðurkenna kröfurnar varðandi faggildingingu eða veitingu leyfis til vottunaraðila ef hún álitur að aðildarríki hafi:

a) í beiðni sinni tilgreint nægilega skilmerkilega viðeigandi hluta umhverfisstjórnunarkerfanna og kröfurnar í þessari reglugerð sem svara til þeirra,

b) fært fullnægjandi sönnur á jafngildi allra viðeigandi hluta viðkomandi umhverfisstjórnunarkerfis við þessa reglugerð.

5. Framkvæmdastjórnin skal birta tilvísanir til viðurkenndra umhverfisstjórnunarkerfa, þ.m.t. viðeigandi hlutar umhverfisstjórnunarkerfis Bandalagsins skv. I. viðauka, sem þessar tilvísanir eiga við um, og til viðurkenndra faggildingarkrafna eða leyfisveitingarkrafna í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

46. gr.

Samning tilvísunarskjala og leiðbeininga

1. Framkvæmdastjórnin skal, í samráði við aðildarríkin og aðra hagsmunaaðila, semja geiratengd tilvísunarskjöl sem skulu ná yfir:

a) bestu starfsvenjur í umhverfisstjórnunarmálum,

b) vísbenda um árangur í umhverfismálum fyrir tiltekna geira,

c) eftir því sem við á, árangursviðmiðanir (e. benchmark of excellence) og flokkunarkerfi til að tilgreina árangur í umhverfismálum.

Framkvæmdastjórnin getur einnig samið tilvísunarskjöl til notkunar sem liggja þvert á skiptingu í geira.

2. Framkvæmdastjórninni skal taka tillit til fyrirliggjandi tilvísunarskjala og vísbenda um árangur í umhverfismálum sem þróuð hafa verið í samræmi við aðrar umhverfisstefnur og -stjórntæki innan Bandalagsins eða alþjóðlega staðla.

3. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en í árslok 2010, koma á fót vinnuáætlun með leiðbeinandi skrá yfir geira sem verða settir í forgang að því er varðar samþykkt geiratengdra tilvísunarskjala og tilvísunarskjala sem liggja þvert á skiptingu í geira.

Vinnuáætlun þessi skal vera aðgengileg öllum og uppfærð reglulega.

4. Framkvæmdastjórnin skal semja leiðbeiningar, í samvinnu við samstarfsvettvang þar til bærra aðila, um skráningu fyrirtækja/stofnana utan Bandalagsins.

5. Framkvæmdastjórnin skal gefa út notendahandbók þar sem lýst er nauðsynlegum áföngum til aðildar að umhverfisstjórnunarkerfinu.

Sú handbók verður gerð aðgengileg á öllum opinberum tungumálum stofnana Evrópusambandsins og á Netinu.

6. Skjöl, sem útbúin verða í samræmi við 1. og 4. mgr., skulu lögð fram til samþykktar. Þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við þá reglunefndar meðferð með grannskoðun sem um getur í 3. mgr. 49. gr.

47. gr.

Skýrslugjöf

Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu á fimm ára fresti sem inniheldur upplýsingar um þær aðgerðir og ráðstafanir, sem gripið hefur verið til í krafti þessa kafla, og upplýsingar sem eru fengnar frá aðildarríkjunum skv. 41. gr.

Skýrslan skal innihalda mat á áhrifum kerfisins á umhverfið og hvert stefnir að því er varðar fjölda þátttakenda.

IX. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

48. gr.

Breyting á viðaukum

1. Framkvæmdastjórnin getur breytt viðaukunum, eftir því sem nauðsyn krefur og við á, með hliðsjón af reynslunni af rekstri umhverfisstjórnunarkerfisins, til að koma til móts við staðfesta þörf á leiðbeiningum um kröfur í umhverfisstjórnunarkerfinu, og með hliðsjón af hugsanlegum breytingum á alþjóðlegum stöðlum eða setningu nýrra staðla sem skipta máli fyrir markvirkni þessarar reglugerðar.

2. Samþykkja skal þessar ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar reglugerðar, í samræmi við þá reglunefndar meðferð með grannskoðun, sem um getur í 3. mgr. 49. gr.

49. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.
3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 1.–4. mgr. 5. gr. a. og ákvæði 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

50. gr.

Rýni

Framkvæmdastjórnin skal rýna umhverfisstjórnunarkerfið eigi síðar en 11. janúar 2015 í ljósi reynslunnar af rekstri þess og í ljósi þróunar á alþjóðavettvangi. Framkvæmdastjórnin skal taka tillit til þeirra skýrsla sem hafa verið sendar Evrópuþinginu og ráðinu í samræmi við 47. gr.

51. gr.

Niðurfelling og bráðabirgðaákvæði

1. Eftirfarandi löggerningar falli úr gildi:
 - a) Reglugerð (EB) nr. 761/2001.
 - b) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/681/EB frá 7. september 2001 um leiðbeiningar að því er varðar framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 761/2001 um að heimila fjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) ⁽¹⁾.

- c) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/193/EB frá 1. mars 2006 um reglur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 761/2001 um notkun kennimerkis umhverfisstjórnunarkerfis Bandalagsins (EMAS) í undantekningartilvikum á flutningsumbúðir og þriðjastigs-umbúðir ⁽¹⁾.
2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr.:
 - a) skulu faggildingarstofur og þar til bærir aðilar, sem komið var á fót samkvæmt reglugerð (EB) nr. 761/2001, halda starfsemi sinni áfram. Aðildarríkin skulu breyta málsmeðferðarreglunum, sem faggildingarstofur og þar til bærir aðilar fylgja, í samræmi við þessa reglugerð. Aðildarríkin skulu sjá til þess að kerfin til að hringa breyttu málsmeðferðarreglunum í framkvæmd séu fullkomlega starfhæf eigi síðar en 11. janúar 2011,
 - b) skulu fyrirtæki/stofnanir, sem eru skráð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 761/2001, vera áfram á skrá umhverfisstjórnunarkerfisins. Þegar næsta sannpröfun fyrirtækis/stofnunar fer fram skal umhverfissannprófundinn ganga úr skugga um að fyrirtækið/stofnunin uppfylli nýju kröfurnar í þessari reglugerð. Ef næsta sannpröfun á að fara fram fyrir 11. júlí 2010 er heimilt að fresta henni um sex mánuði í samræði við umhverfissannprófundann og þar til bæru aðilana,
 - c) geta umhverfissannprófundur, sem eru faggiltir í samræmi við reglugerð (EB) nr. 761/2001, haldið áfram starfsemi sinni í samræmi við þær kröfur sem eru settar fram í þessari reglugerð.

3. Líta ber á tilvísanir í reglugerð (EB) nr. 761/2001 sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í VIII. viðauka.

52. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 25. nóvember 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. BUZEK

forseti.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,,

Å. TORSTENSSON

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 247, 17.9.2001, bls. 24.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 70, 9.3.2006, bls. 63.

*I. VIÐAUKI***UMHVERFISRÝNI**

Eftirfarandi svið skulu heyra undir umhverfisrýni:

1. Tilgreining gildandi lagaskilyrða varðandi umhverfið.

Auk þess að útbúa skrá yfir gildandi lagakröfur skal viðkomandi fyrirtæki/stofnun einnig gera grein fyrir því hvernig hægt er að útvega sannanir fyrir því að fyrirtækið/stofnunin uppfylli hinar ýmsu kröfur.

2. Greining allra beinna og óbeinna umhverfisþátta sem hafa veruleg umhverfisáhrif og eru greindir bæði eftir megind- og eigindlegum eiginleikum, eftir því sem við á, og samantekt skrár yfir þá sem teljast mikilvægir.

Fyrirtæki/stofnun skal veða og meta eftirfarandi atriði þegar mikilvægi umhverfisþátta er metið:

- i. hvort hann geti skaðað umhverfið,
- ii. viðkvæmni umhverfisins, bæði í staðbundnu, svæðisbundnu og hnattrænu tilliti,
- iii. umfang þáttanna eða áhrifanna, hve oft og hve víða þeirra gætir, svo og hvort þeir eða þau ganga til baka,
- iv. hvort viðeigandi umhverfislöggjöf sé fyrir hendi og hvaða kröfur eru settar fram þar,
- v. mikilvægi fyrir hagsmunaaðila og starfsfólk fyrirtækisins/stofnunarinnar.

a) Beinir umhverfisþættir

Beinir umhverfisþættir tengjast starfsemi, vörum og þjónustu fyrirtækisins/stofnunarinnar sjálfar sem það eða hún hefur beina stjórn á.

Öll fyrirtæki/stofnanir verða að veða og meta þá beinu umhverfisþætti sem fylgja starfseminni sem fram fer á þeirra vegum.

Beinir umhverfisþættir fela í sér eftirfarandi atriði en einskorðast þó ekki við þau:

- i. lagakröfur og leyfistakmarkanir,
- ii. losun út í andrúmsloftið,
- iii. losun í vatn,
- iv. framleiðslu, endurvinnslu, endurnotkun, flutninga og förgun á föstum úrgangi og öðrum úrgangi, einkum hættulegum úrgangi,
- v. notkun og mengun lands,
- vi. notkun náttúruauðlinda og hráefna (þ.m.t. orka),
- vii. notkun íblöndunar- og hjálparefna sem og hálfunninna vara,
- viii. staðbundna þætti (hávaða, titring, ólykt, ryk, sjónmengun o.s.frv.),
- ix. þætti sem varða flutning (bæði með tilliti til vara sem þjónustu),
- x. áhættu varðandi umhverfisslys og umhverfisáhrif sem upp kemur eða er líkleg til að koma upp í kjölfar atvika, slysa og hugsanlegs neyðarástands,
- xi. áhrif á líffræðilega fjölbreytni.

b) Óbeinir umhverfisþættir

Óbeinir umhverfisþættir geta stafað af samskiptum fyrirtækis/stofnunar og þriðju aðila sem geta að vissu marki orðið fyrir umtalsverðum áhrifum frá fyrirtækinu/stofnuninni sem sækir um skráningu í umhverfisstjórnunarkerfið.

Að því er varðar fyrirtæki/stofnanir utan iðnaðargeirans, s.s. staðaryfirvöld eða fjármálastofnanir, er nauðsynlegt að þessir aðilar vegi einnig og meti þá umhverfisþætti sem hljótast af kjarnastarfsemi þeirra. Skrá, sem einskorðast við umhverfisþætti sem tengjast athafnasvæði og mannvirkjum fyrirtækis/stofnunar, telst ófullnægjandi.

Þessir þættir fela í sér eftirfarandi atriði en einskorðast þó ekki við þau:

- i. atriði sem varða vörur (hönnun, þróun, umbúðir, flutning, notkun og endurnýtingu eða förgun úrgangs),
- ii. fjárfestingar, lánveitingar og tryggingastarfsemi,
- iii. nýja markaði,
- iv. val á þjónustu og samsetningu hennar (t.d. flutninga- eða veitingarekstur),
- v. stjórnsýslu- og skipulagsákvæðanir,
- vi. vöruflokkasamsetningu,
- vii. árangur og starfsvenjur verktaka, undirverktaka og birgja í umhverfismálum.

Fyrirtæki/stofnanir verða að geta sýnt fram á að hinir mikilvægu umhverfisþættir, sem tengjast innkaupaaðferðum þeirra, hafi verið greindir og að tekið sé í stjórnunarkerfinu á verulegum umhverfisáhrifum sem tengjast þessum þáttum. Fyrirtækið/stofnunin skal leitast við að tryggja að birgjar og þeir sem koma fram fyrir hönd fyrirtækisins/stofnunarinnar fylgi umhverfisstefnu fyrirtækisins/stofnunarinnar þegar þeir vinna störf innan ramma samningsins.

Að því er varðar þessa óbæna umhverfisþætti skal viðkomandi fyrirtæki/stofnun ihuga hversu mikil áhrif fyrirtækið/stofnunin getur haft á þessa þætti, og til hvaða ráðstafana er hægt að grípa til að draga úr umhverfisáhrifunum.

3. Lýsing á viðmiðunum við mat á vægi umhverfisáhrifanna

Fyrirtæki/stofnun skal skilgreina viðmiðanir fyrir mat á mikilvægi umhverfisþátta í tengslum við starfsemi, vörur og þjónustu fyrirtækisins/stofnunarinnar til að ákvarða hverjir þeirra hafi veruleg umhverfisáhrif.

Við þróun viðmiðananna skal fyrirtækið/stofnunin taka tillit til löggjafar Bandalagsins og þær skulu vera yfirliggjandi miklar, það skal vera hægt að gera óháða athugun á þeim og endurtaka þær og þær skulu vera aðgengilegar öllum.

Sjónarmið, sem tekið er tillit til þegar settar eru viðmiðanir fyrir mat á mikilvægi umhverfisþátta fyrirtækis/stofnunar, geta falið í sér eftirfarandi atriði en einskorðast ekki við þau:

- a) upplýsingar um ástand umhverfisins svo að hægt sé að skilgreina starfsemi, vörur og þjónustu fyrirtækisins/stofnunarinnar sem kunna að hafa umhverfisáhrif,
 - b) fyrirliggjandi gögn fyrirtækis/stofnunar um efnis- og orkuaðföng, frárennsli, úrgang og losun með tilliti til áhættu,
 - c) sjónarmið hagsmunaaðila,
 - d) umhverfislega starfsemi fyrirtækis/stofnunar sem er háð reglum,
 - e) innkaupastarfsemi,
 - f) hönnun, þróun, framleiðslu, dreifingu, viðhald, notkun, endurnotkun, endurvinnsla og förgun á vörum fyrirtækisins/stofnunarinnar,
 - g) þá þætti í starfsemi fyrirtækisins/stofnunarinnar sem hafa í för með sér mesta umhverfiskostnaðinn og mesta umhverfisávinninginn.
- Þegar lagt er mat á vægi umhverfisáhrifa af starfsemi fyrirtækis/stofnunar skal fyrirtækið/stofnunin ekki einungis hafa í huga venjuleg rekstrarskilyrði heldur einnig skilyrði við gangsetningu og rekstrarstöðvun sem og neyðarástæður sem eðlilegt er að ætla geti komið upp. Taka skal tillit til fyrri, núverandi og fyrirhugaðrar starfsemi.
4. Athugun á öllum núverandi starfsvenjum og málsmeðferðarreglum í umhverfisstjórnun.
 5. Mat á niðurstöðum úr rannsóknum á fyrri atvikum.

II. VIÐAUKI

Kröfur til umhverfisstjórnunarkerfa og önnur mál sem fyrirtæki/stofnanir, sem eru aðilar að umhverfisstjórnunarkerfinu, skulu taka tillit til

Umhverfisstjórnunarkerfi undir merkjum umhverfisstjórnunarkerfis Bandalagsins (EMAS) skulu uppfylla sömu kröfur og mælt er fyrir um í 4. þætti staðalsins EN ISO 14001:2004. Þessar kröfur eru birtar í vinstri dálki töflunnar hér að aftan en hann telst vera A-hluti þessa viðauka.

Auk þess er skráðum fyrirtækjum/stofnunum gert skylt að taka tillit til ýmissa annarra atriða sem tengjast beint ýmsum atriðum í 4. þætti staðalsins EN ISO 14001:2004. Þessar viðbótarkröfur eru tilgreindar í hægri dálki töflunnar hér að aftan en hann telst vera B. hluti þessa viðauka.

A-HLUTI Kröfur til umhverfisstjórnunarkerfis samkvæmt EN ISO 14001:2004	B-HLUTI Önnur atriði sem fyrirtæki/stofnanir, sem eru aðilar að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins, skulu taka tillit til
<p>Fyrirtæki/stofnanir, sem eiga aðild að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins, skulu uppfylla kröfurnar í EN ISO 14001:2004 sem er lýst í 4. kafla þess Evrópustaðals (1) og eru birtar að fullu hér á eftir:</p> <p>A. Kröfur til umhverfisstjórnunarkerfis</p> <p>A.1. Almennar kröfur</p> <p>Fyrirtækið skal koma upp, skjalfesta, innleiða, viðhalda og bæta stöðugt umhverfisstjórnunarkerfi í samræmi við kröfur þessa alþjóðastaðals og ákvarða hvernig það muni uppfylla þessar kröfur.</p> <p>Fyrirtækið skal skilgreina og skjalfesta umfang umhverfisstjórnunarkerfisins.</p> <p>A.2. Umhverfisstefna</p> <p>Yfirstjórn skal skilgreina stefnu fyrirtækisins í umhverfismálum og tryggja, innan skilgreinds umfangs umhverfisstjórnunarkerfisins, að það:</p> <ul style="list-style-type: none"> a) sé í samræmi við eðli, umfang og umhverfisáhrif af starfsemi, vörum og þjónustu, b) feli í sér skuldbindingu um stöðugar umbætur og mengunarvarnir, c) feli í sér skuldbindingu um að fylgja viðeigandi laga- legum kröfum og öðrum kröfum sem fyrirtækið undir- gengst varðandi umhverfisþætti þess, d) skapi umgerð til að setja fram og rýna umhverfis- markmið og takmörk í umhverfismálum, e) sé skjalfest, innleitt og því viðhaldið, f) sé kynnt öllu starfsfólki sem starfar hjá fyrirtækinu eða á vegum þess, g) sé aðgengilegt almenningi. 	

(¹) Textinn í þessum viðauka er birtur með leyfi Staðlasamtaka Evrópu (CEN). Unnt er að kaupa textann í heild sinni hjá þeim landsstaðlastofnunum sem eru skráðar í þessum viðauka. Hvers kyns fjölföldun þessa viðauka í atvinnuskyni er óheimil.

A-HLUTI Kröfur til umhverfisstjórnunarkerfis samkvæmt EN ISO 14001:2004	B-HLUTI Önnur atriði sem fyrirtæki/stofnanir, sem eru aðilar að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins, skulu taka tillit til
<p>A.3. Skipulagning</p> <p>A.3.1. Umhverfisþættir</p> <p>Fyrirtækið skal koma upp, innleiða og viðhalda verklagsreglu(m):</p> <p>a) til að bera kennsl á þá umhverfisþætti starfseminnar, vöru og þjónustu innan skilgreinds umfangs umhverfisstjórnunarkerfisins, sem það getur stýrt og þá sem það getur haft áhrif á, að teknu tilliti til skipulagningar eða nýrrar þróunar, eða nýrrar eða breyttrar starfsemi, vöru og þjónustu, og</p> <p>b) til að ákvarða þá þætti sem hafa eða geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið (þ.e.a.s. þýðingarmikill umhverfisþáttur).</p> <p>Fyrirtækið skal skjalfesta og uppfæra þessar upplýsingar.</p> <p>Fyrirtækið skal tryggja að þýðingarmiklir umhverfisþættir séu hafðir í huga við að koma upp, innleiða og viðhalda umhverfisstjórnunarkerfi þess.</p> <p>A.3.2. Lagalegar kröfur og aðrar kröfur</p> <p>Fyrirtækið skal koma upp, innleiða og viðhalda verklagsreglu(m):</p> <p>a) til að bera kennsl á og hafa aðgang að viðeigandi lagalegum kröfum og öðrum kröfum sem fyrirtækið undirgengst er eiga við um umhverfisþætti fyrirtækisins,</p> <p>b) til að ákvarða hvernig þessar kröfur eiga við umhverfisþætti fyrirtækisins.</p> <p>Fyrirtækið skal tryggja að lagalegar kröfur og aðrar kröfur sem fyrirtækið undirgengst séu hafðar til hliðsjónar við að koma upp, innleiða og viðhalda umhverfisstjórnunarkerfi þess.</p>	<p>B.1. UMHVERFISRÝNI</p> <p>Fyrirtæki/stofnanir skulu inna af hendi sína fyrstu umhverfisarýni, eins og kveðið er á um í I. viðauka, til þess að skilgreina og meta umhverfisþætti sína og tilgreina viðeigandi lagakröfur varðandi umhverfið.</p> <p>Fyrirtæki/stofnanir utan Bandalagsins skulu einnig vísa til þeirra lagakrafna varðandi umhverfið sem gilda fyrir samskonar fyrirtæki/stofnanir í aðildarríkjunum þar sem þau hyggjast leggja fram umsókn.</p> <p>B.2. Samræmi við lög</p> <p>Fyrirtæki/stofnanir, sem hyggja á skráningu í umhverfisstjórnunarkerfið, skulu vera fær um að sýna fram á að fyrirtækið/stofnunin:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1) þekki allar gildandi lagakröfur varðandi umhverfið, sem voru tilgreindar í umhverfisarýninni skv. I. viðauka, og geri sér grein fyrir áhrifum þeirra á fyrirtækið/stofnunina. 2) skuldbindi sig til að halda samræmi við umhverfislöggjöfina, þ.m.t. leyfi og leyfistakmarkanir, og 3) hafi sett sér verklagsreglur sem gera fyrirtækinu/-stofnuninni kleift að uppfylla jafnan þessar kröfur.

A-HLUTI Kröfur til umhverfisstjórnunarkerfis samkvæmt EN ISO 14001:2004	B-HLUTI Önnur atriði sem fyrirtæki/stofnanir, sem eru aðilar að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins, skulu taka tillit til
<p>A.3.3. Markmið, takmörk og áætlanir</p> <p>Fyrirtækið skal setja fram, innleiða og viðhalda skjalfestum umhverfismarkmiðum og takmörkum í umhverfismálum í öllum viðeigandi starfsdeildum og stigum innan fyrirtækisins.</p> <p>Markmiðin og takmörkin skulu vera mælanleg þar sem það er raunhæft og í samræmi við umhverfisstefnuna, þar með talið skuldbindingu um mengunarvarnir, hlítungu við kröfur í lögum og aðrar kröfur sem fyrirtækið undirgengst, og stöðugar umbætur.</p> <p>Þegar markmiðin og takmörkin eru sett fram og rýnd skal fyrirtækið hafa hliðsjón af kröfum í lögum og öðrum kröfum sem fyrirtækið undirgengst, þýðingarmiklum umhverfisþáttum, tæknilegum valkostum og fjárhagslegum, rekstrarlegum og viðskiptalegum kröfum og sjónarmiðum hagsmunaaðila.</p> <p>Fyrirtækið skal setja fram, innleiða og viðhalda áætlun(um) um aðgerðir til að ná settum markmiðum og takmörkum. Í áætlun(um) skal vera:</p> <ul style="list-style-type: none"> a) tilgreining á ábyrgðarskiptingu til að markmiðum og takmörkum sé náð í viðeigandi starfsdeildum og stigum í fyrirtækinu, b) tilgreining á leiðum um hvernig eigi að ná þeim og tímatakmörkum. <p>A.4. Innleiðing og starfræksla</p> <p>A.4.1. Auðlindir, hlutverk, ábyrgð og völd</p> <p>Stjórnendur skulu tryggja tiltæki nauðsynlegra auðlinda til að koma upp, innleiða, viðhalda og bæta umhverfisstjórnunarkerfið. Til auðlinda teljast mannauður og sérfræðikunnátta, innviðir fyrirtækisins, tækni og fjármagn.</p>	<p>B.3. Árangur í umhverfismálum</p> <ul style="list-style-type: none"> 1) Fyrirtæki/stofnanir skulu geta sýnt fram á að stjórnunarkerfi þeirra og úttektaraðferðir taki á raunverulegum árangri þeirra í umhverfismálum með tilliti til óbeinu og beinu umhverfisþáttanna sem voru tilgreindir í umhverfisrýninni skv. I. viðauka. 2) Mat á árangri fyrirtækis/stofnunar með tilliti til almennra og sértækra markmiða þess/hennar skal vera hluti af rýni stjórnenda. Fyrirtækið/stofnunin skal einnig skuldbinda sig til að bæta stöðugt árangur sinn í umhverfismálum. Í þeim efnum getur fyrirtækið/stofnunin byggt aðgerðir sínar á staðbundnum, svæðisbundnum eða landsbundnum umhverfisáætlunum. 3) Leiðirnar til að ná almennum og sértækum markmiðum geta þó ekki sjálfar verið umhverfismarkmið. Ef fyrirtæki/stofnun er með starfsemi á einu eða fleiri athafnasvæðum skal hvert athafnasvæði, sem umhverfisstjórnunarkerfið nær til, uppfylla allar kröfur samkvæmt umhverfisstjórnunarkerfinu, þ.m.t. að bæta stöðugt árangur sinn í umhverfismálum eins og sá árangur er skilgreindur í 2. mgr. 2. gr.

A-HLUTI Kröfur til umhverfisstjórnunarkerfis samkvæmt EN ISO 14001:2004	B-HLUTI Önnur atriði sem fyrirtæki/stofnanir, sem eru aðilar að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins, skulu taka tillit til
<p>Skilgreina skal hlutverk, ábyrgð og vald, skjalfesta upplýsingar þar að lútandi og miðla þeim áfram til þess að greiða fyrir virkri stjórnun umhverfismála.</p> <p>Yfirstjórn fyrirtækisins skal tilnefna sérstaka(n) fulltrúa stjórnar sem, án tillits til annarrar ábyrgðar, skal fengið skilgreint hlutverk, ábyrgð og vald til að:</p> <p>a) tryggja að umhverfisstjórnunarkerfi sé komið upp, innleitt og viðhaldið í samræmi við þennan alþjóðastaðal,</p> <p>b) skila skýrslum til yfirstjórnar um frammistöðu umhverfisstjórnunarkerfisins fyrir rýni sem og ráðleggingum um umbætur.</p> <p>A.4.2. Hæfni, hjálfun og vitund</p> <p>Fyrirtækið skal tryggja að allir starfsmenn er vinna í þágu þess, eða á þess vegum, verk sem geta haft umtalsverð umhverfisáhrif sem fyrirtækið hefur borið kennsl á, séu hæfir á grundvelli viðeigandi menntunar, hjálfunar og reynslu, og skal halda viðeigandi skrár þar um.</p> <p>Fyrirtækið skal bera kennsl á þörfina fyrir hjálfun í tengslum við umhverfisþætti og umhverfisstjórnunarkerfið. Það skal veita hjálfun eða gripa til annarra aðgerða til að uppfylla þessar þarfir og halda viðeigandi skrár þar um.</p> <p>Fyrirtækið skal koma upp, innleiða og viðhalda verklagsreglum þannig að starfsmenn sem vinna fyrir það eða í þágu þess geri sér grein fyrir:</p> <p>a) mikilvægi á samræmi við umhverfisstefnuna og verklagsreglur sem og kröfur umhverfisstjórnunarkerfisins,</p>	<p>B.4. Þátttaka starfsfólks</p> <p>1) Fyrirtækið/stofnunin skal hafa í huga að virk þátttaka starfsmanna er drifkraftur og forsenda þess að stöðugar og velheppnaðar umbætur verði í umhverfismálum og hún er jafnframt lykillinn að bættum árangri í umhverfismálum og enn fremur rétta leiðin til að festa umhverfisstjórnunar- og umhverfisúttektarkerfið í sessi í stofnuninni eða fyrirtækinu á farsælan hátt.</p> <p>2) Hugtakið „þátttaka starfsmanna“ felur í senn í sér þátttöku hvers einstaks starfsmanns og fulltrúa hans og miðlun upplýsinga til þeirra. Starfsmenn skulu því vera virkir þátttakendur í starfinu á öllum stigum þess. Fyrirtækið/stofnunin skal hafa í huga að skuldbinding, aðlögunarhæfni og virkur stuðningur af hálfu stjórnar er forsenda þess að þessi ferli skili árangri. Í þessu samhengi skal leggja áherslu á nauðsyn upplýsingaflæðis frá stjórnendum til starfsmanna.</p>

A-HLUTI Kröfur til umhverfisstjórnunarkerfis samkvæmt EN ISO 14001:2004	B-HLUTI Önnur atriði sem fyrirtæki/stofnanir, sem eru aðilar að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins, skulu taka tillit til
<p>b) mikilvægum umhverfisþáttum og tengdum raunverulegum eða mögulegum umhverfisáhrifum af störfum sínum, og umhverfislegum ávinningi af bættri frammistöðu sinni,</p> <p>c) hlutverki sínu og ábyrgð á samræmi við kröfur umhverfisstjórnunarkerfisins, og</p> <p>d) mögulegum afleiðingum af því að víkja frá tilgreindum verklagsreglum.</p> <p>A.4.3. Samskipti</p> <p>Með hliðsjón af umhverfisþáttum og umhverfisstjórnunarkerfi sínu skal fyrirtækið koma upp, innleiða og viðhalda verklagsreglu(m) um:</p> <p>a) innri samskipti milli mismunandi stiga og starfsdeilda í fyrirtækinu,</p> <p>b) að taka á móti, skjalfesta og bregðast við viðeigandi upplýsingum frá hagsmunaaðilum utan fyrirtækisins.</p> <p>Fyrirtækið skal ákvarða hvort eigi að kynna fyrir utanaðkomandi aðilum þýðingarmikla umhverfisþætti sem það varða og skal skjalfesta þessar ákvarðanir. Sé slík kynning ákveðin, skal fyrirtækið koma upp og innleiða aðferðir fyrir þessi ytri samskipti.</p>	<p>3) Auk þessara krafna skulu starfsmenn taka þátt í ferlinu, sem miðar að því að bæta stöðugt árangur fyrirtækisins/stofnunarinnar í umhverfismálum, þ.e.:</p> <p>a) í upphaflegri umhverfisrýni, með greiningu á óbreyttu ástandi og með öflun upplýsinga og sannprófun þeirra,</p> <p>b) í stofnun og framkvæmd umhverfisstjórnunarkerfis og úttektarkerfis í umhverfismálum í því skyni að bæta árangurinn í umhverfismálum,</p> <p>c) í umhverfisnefndum til að afla upplýsinga og tryggja þátttöku umhverfisfulltrúans eða fulltrúa stjórnarinnar og þátttöku starfsmanna og fulltrúa þeirra,</p> <p>d) í sameiginlegum vinnuhópum innan ramma aðgerðaáætlunar á sviði umhverfismála og umhverfisúttektar,</p> <p>e) í vinnslu umhverfisfyrirlýsinga.</p> <p>4) Í þessu skyni skal nota viðeigandi form þátttöku, s.s. fyrirkomulag með tillagnabók eða verkefnamiðaða hópvinnu eða umhverfismálanefndir. Fyrirtæki/stofnanir skulu taka mið af leiðbeiningum framkvæmdastjórnarinnar um bestu starfsvenjur á þessu sviði. Ef þess er óskað skulu fulltrúar starfsmanna einnig taka þátt.</p>
	<p>B.5. Samskipti</p> <p>1) Fyrirtæki/stofnanir skulu geta sýnt fram á að opin skoðanaskipti eigi sér stað við almenning og aðra hlutaðeigandi aðila, þ.m.t. sveitarfélög og viðskiptavinir, með tilliti til umhverfisáhrifa af starfsemi fyrirtækisins/stofnunarinnar, vörum og þjónustu til að geta gert sér grein fyrir áhyggjuefnum almennings og annarra hagsmunaaðila.</p>

A-HLUTI Kröfur til umhverfisstjórnunarkerfis samkvæmt EN ISO 14001:2004	B-HLUTI Önnur atriði sem fyrirtæki/stofnanir, sem eru aðilar að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins, skulu taka tillit til
<p>A.4.4. Skjalfesting</p> <p>Skjalfesting umhverfisstjórnunarkerfisins skal fela í sér:</p> <ul style="list-style-type: none"> a) umhverfisstefnu, markmið og takmörk, b) lýsingu á umfangi umhverfisstjórnunarkerfisins, c) lýsingu á meginhlutum umhverfisstjórnunarkerfisins og samverkan þeirra og vísan til tengdra skjala, d) skjöl, þ.m.t. skrár, sem krafist er í þessum alþjóðastaðli, og e) skjöl, þ.m.t. skrár, sem fyrirtækið ákvarðar að séu nauðsynleg til að tryggja virka skipulagningu, starfrækslu og stýringu ferla sem eru tengdir þýðingarmiklum umhverfisþáttum þess. <p>A.4.5. Skjalastýring</p> <p>Stýra skal þeim skjölum sem þörf er á vegna umhverfisstjórnunarkerfisins og krafist er af þessum alþjóðastaðli. Skrár eru sérstök tegund skjala og þeim skal stýrt í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í A.5.4.</p> <p>Fyrirtækið skal koma upp, innleiða og viðhalda verklagsreglu(m) til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> a) samþykkja hvort skjöl séu fullnægjandi áður en þau eru gefin út, b) rýna og uppfæra skjöl eftir þörfum og samþykkja þau á ný, c) tryggja að breytingar á skjölum séu auðkenndar svo og staða þeirra gagnvart útgáfu, d) tryggja að viðeigandi útgáfur skjala séu tiltækar þar sem nota á skjölin, e) tryggja að skjöl séu jafnan læsileg og auðþekktanleg, f) tryggja að utanaðkomandi skjöl sem fyrirtækið ákvarðar að séu nauðsynleg fyrir skipulagningu og starfrækslu umhverfisstjórnunarkerfisins séu auðkennd og að dreifingu þeirra sé stýrt, og g) koma í veg fyrir að úrelt skjöl séu notuð óafvitandi, og auðkenna þau á viðeigandi hátt ef ætlunin er að halda þeim til haga í einhverjum tilgangi. 	<ul style="list-style-type: none"> 2) Það sem greinir umhverfisstjórnunarkerfið helst frá öðrum kerfum er að allar umhverfislegar upplýsingar eru uppi á borðinu, eru gagnsæjar og eru veittar reglulega. Þessi atriði eru einnig mikilvæg svo að fyrirtæki/stofnanir geti áunnið sér traust hagsmunaaðila. 3) Með umhverfisstjórnunarkerfinu fæst sveigjanleiki sem gerir fyrirtækjum/stofnunum kleift að halda mikilvægum upplýsingum að tilteknum hópi en tryggja jafnframt að allar upplýsingar séu aðgengilegar þeim sem á þurfa að halda.

A-HLUTI Kröfur til umhverfisstjórnunarkerfis samkvæmt EN ISO 14001:2004	B-HLUTI Önnur atriði sem fyrirtæki/stofnanir, sem eru aðilar að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins, skulu taka tillit til
<p>A.4.6. Rekstrarstýring</p> <p>Fyrirtækið skal tilgreina þá hluta starfseminnar, sem tengjast þeim þýðingarmiklu umhverfisþáttum sem búið er að greina, og eru í samræmi við umhverfisstefnu, markmið og takmörk. Fyrirtækið skal skipuleggja slíka starfsemi, til að tryggja að hún fari fram við tilgreindar aðstæður með því að:</p> <ul style="list-style-type: none"> a) koma upp, innleiða og viðhalda skjalfestum verklagsreglum til stýringar á ástandi þar sem skortur á verklagsreglum gæti leitt til þess að vikið yrði frá umhverfisstefnunni, markmiðum og takmörkum, og b) fastsetja viðmið um starfsemina í verklagsreglurnar, og c) koma upp, innleiða og viðhalda verklagsreglum varðandi þá þýðingarmiklu umhverfisþætti sem er búið að bera kennsl á og tengjast vörum og þjónustu sem fyrirtækið notar, og veita birgjum og undirverktökum upplýsingar um viðeigandi verklagsreglur og kröfur. <p>A.4.7. Viðbúnaður og viðbrögð við neyðarástandi</p> <p>Fyrirtækið skal koma upp, innleiða og viðhalda verklagsreglu(m) til að bera kennsl á mögulegt neyðarástand og slys sem geta haft áhrif á umhverfið og hvernig það ætli að bregðast við slíku ástandi.</p> <p>Fyrirtækið skal bregðast við raunverulegu neyðarástandi og slysum og hindra eða draga úr þeim umhverfisáhrifum sem verða samfara slíku ástandi.</p> <p>Fyrirtækið/stofnunin skal rýna með reglulegu millibili og endurskoða eftir þörfum verklagsreglur varðandi viðbúnað og viðbrögð við neyðarástandi, einkum í kjölfar slysa eða neyðarástands.</p> <p>Fyrirtækið skal einnig prófa slíkar verklagsreglur með reglulegu millibili, sé það raunhæft.</p>	
<p>A.5. Gátun</p> <p>A.5.1. Vöktun og mæling</p> <p>Fyrirtækið skal koma upp, innleiða og viðhalda verklagsreglu(m) til að vakta og mæla reglulega helstu kennistærðir starfsemi þess sem geta haft umtalsverð áhrif á umhverfið. Verklagsreglurnar skulu taka til skjalfestingar upplýsinga svo hægt sé að vakta frammistöðu, viðeigandi rekstrarstýringar og samræmis við markmið og takmörk fyrirtækisins í umhverfismálum.</p> <p>Fyrirtækið skal tryggja að kvarðaður og sannprófaður vöktunar- og mælibúnaður sé notaður og honum viðhaldið. Einnig skal fyrirtækið halda viðeigandi skrár þar um.</p> <p>A.5.2. Mat á hlítinu</p> <p>A.5.2.1. Í samræmi við skuldbindingu fyrirtækisins um hlítinu skal fyrirtækið koma upp, innleiða og viðhalda verklagsreglu(m) um reglulegt mat á því hvort viðkomandi lagalegum kröfum sé hlítt.</p>	

A-HLUTI Kröfur til umhverfisstjórnunarkerfis samkvæmt EN ISO 14001:2004	B-HLUTI Önnur atriði sem fyrirtæki/stofnanir, sem eru aðilar að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins, skulu taka tillit til
<p>Fyrirtækið skal halda skrár um niðurstöður þessa reglulega mats.</p> <p>A.5.2.2. Fyrirtækið skal meta hlítinu við aðrar kröfur sem það undirgengst. Fyrirtækið kann að vilja sameina þetta mat matinu á lagalegri hlítinu sem vísað er til í A.5.2.1 eða koma upp aðskildu verklagi.</p> <p>Fyrirtækið skal halda skrár um niðurstöður þessa reglulega mats.</p> <p>A.5.3. Frábrigði, úrbætur og forvarnir</p> <p>Fyrirtækið skal koma upp, innleiða og viðhalda verklagsreglu(m) til að eiga við raunveruleg og möguleg frábrigði og um hvernig skuli gripið til aðgerða til úrbóta og forvarna. Verklagsreglurnar skulu fela í sér kröfur um:</p> <ul style="list-style-type: none"> a) að borin sé kennsl á frábrigði þau leiðrétt og að rétt sé brugðist við til að draga úr umhverfisáhrifum þeirra, b) að rannsaka frábrigði, ákvarða orsakir þeirra og að grípa til aðgerða til þess að hindra að þau endurtaki sig, c) að meta þörfina fyrir aðgerðir til að koma í veg fyrir frábrigði og að innleiða viðeigandi aðgerðir sem eiga að koma í veg fyrir að þau eigi sér stað, d) að skrá niðurstöður þeirra úrbóta og forvarna sem gripið var til, og e) að rýna virkni þeirra úrbóta og forvarna sem gripið var til. Þær aðgerðir sem gripið er til skulu vera viðeigandi með hliðsjón af stærðargráðu vandamálsins sem leysa á og þeirra umhverfisáhrifa sem upp koma. <p>Fyrirtækið skal tryggja að allar nauðsynlegar breytingar séu gerðar á skjalfestingu umhverfisstjórnunarkerfisins.</p> <p>A.5.4. Stýring skráa</p> <p>Fyrirtækið skal koma upp og viðhalda þeim skráum sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að sýna fram á samræmi við kröfur umhverfisstjórnunarkerfisins og þessa alþjóðastaðals og þann árangur sem náðst hefur.</p> <p>Fyrirtækið skal koma upp, innleiða og viðhalda verklagsreglu(m) fyrir auðkenningu, geymslu, verndun, endurheimt, varðveislutíma og förgun skráa.</p> <p>Skrár skulu jafnan vera læsilegar, auðþekktanlegar og rekjanlegar.</p>	

A-HLUTI Kröfur til umhverfisstjórnunarkerfis samkvæmt EN ISO 14001:2004	B-HLUTI Önnur atriði sem fyrirtæki/stofnanir, sem eru aðilar að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins, skulu taka tillit til
<p>A.5.5. Innri úttekt</p> <p>Fyrirtækið skal tryggja að innri úttektir á umhverfisstjórnunarkerfinu séu gerðar með fyrirfram ákveðnu millibili til þess að:</p> <p>a) ákvarða hvort umhverfisstjórnunarkerfið:</p> <ul style="list-style-type: none"> — samræmist skipulagðri tilhögun um stjórnun umhverfismála, þ.m.t. kröfum þessa alþjóðlega staðals, og sé innleitt með virkum hætti og því viðhaldið, og b) veita stjórnendum upplýsingar um niðurstöður úttekta. <p>Fyrirtækið skal skipuleggja, koma upp, innleiða og viðhalda úttektaráætlun(um), þar sem tekið er mið af umhverfislegu mikilvægi starfseminnar sem í hlut á og niðurstöðum fyrri úttekta.</p> <p>Verklagsreglu(m) um úttektir skal komið á, þær innleiddar og þeim viðhaldið, sem taka á:</p> <ul style="list-style-type: none"> — ábyrgð og kröfum varðandi skipulagningu og gerð úttekta, svo og skýrslugjöf um niðurstöður og viðeigandi skrár þar um, — skilgreiningu úttektarviðmiða, umfangs, tíðni og aðferða. <p>Val á úttektarmönnum og gerð úttekta skal tryggja hlutlægni og hlutleysi úttektarferlisins.</p> <p>A.6. Rýni stjórnenda</p> <p>Æðstu stjórnendur skulu rýna umhverfisstjórnunarkerfi fyrirtækisins með fyrirfram ákveðnu millibili, til að tryggja að það henti áfram, sé fullnægjandi og virkt. Í rýninni skal felast mat á tækifærum til umbóta og þörfinni á því að gera breytingar á umhverfisstjórnunarkerfinu, þ.m.t. á umhverfisstefnunni og umhverfismarkmiðum og takmörkum.</p> <p>Niðurstöður úr rýni stjórnenda skal skjalfesta.</p> <p>Viðfangsefni rýnnar skal fela í sér:</p> <ul style="list-style-type: none"> a) niðurstöður innri úttekta og mat á hlítinu við lagalegar kröfur og aðrar kröfur sem fyrirtækið undirgengst, b) samskipti við hagsmunaaðila utan fyrirtækisins, þ.m.t. kvartanir, c) frammistöðu fyrirtækisins í umhverfismálum, d) það að hvaða marki markmiðum og takmörkum hefur verið náð, e) stöðu úrbóta og forvarna, f) aðgerðir til að fylgja eftir fyrri rýni stjórnenda, 	

A-HLUTI Kröfur til umhverfisstjórnunarkerfis samkvæmt EN ISO 14001:2004	B-HLUTI Önnur atriði sem fyrirtæki/stofnanir, sem eru aðilar að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins, skulu taka tillit til
<p>g) breytingu á aðstæðum, þ. m. t. þróun á lagalegum kröfum og öðrum kröfum sem taka til umhverfisþátta fyrirtækisins, og</p> <p>h) tillögur um umbætur.</p> <p>Niðurstöður rýni stjórnenda skulu fela í sér hvers kyns ákvarðanir og aðgerðir sem tengjast mögulegum breytingum á umhverfisstefnunni, markmiðum, takmörkum og öðrum hlutum umhverfisstjórnunarkerfisins, í samræmi við skuldbindingu um stöðugar umbætur.</p> <p>Skrá yfir landsstaðlastofnanir</p> <p>BE: IBN/BIN (Institut Belge de Normalisation/Belgisch Instituut voor Normalisatie)</p> <p>CZ: ČNI (Český normalizační institut)</p> <p>DK: DS (Dansk Standard)</p> <p>DE: DIN (Deutsches Institut für Normung e.V.)</p> <p>EE: EVS (Eesti Standardikeskus)</p> <p>EL: ELOT (Ελληνικός Οργανισμός Τυποποίησης)</p> <p>ES: AENOR (Asociación Española de Normalización y Certificación)</p> <p>FR: AFNOR (Association Française de Normalisation)</p> <p>IE: NSAI (National Standards Authority of Ireland)</p> <p>IT: UNI (Ente Nazionale Italiano di Unificazione)</p> <p>CY: Κυπριακός Οργανισμός Προώθησης Ποιότητας</p> <p>LV: LVS (Latvijas Standarts)</p> <p>LT: LST (Lietuvos standartizacijos departamentas)</p> <p>LU: SEE (Service de l'Énergie de l'Etat) (Luxembourg)</p> <p>HU: MSZT (Magyar Szabványügyi Testület)</p> <p>MT: MSA (Awtorità Maltija dwar l-Istandards/Malta Standards Authority)</p> <p>NL: NEN (Nederlands Normalisatie-Instituut)</p> <p>AT: ON (Österreichisches Normungsinstitut)</p> <p>PL: PKN (Polski Komitet Normalizacyjny)</p> <p>PT: IPQ (Instituto Português da Qualidade)</p> <p>SI: SIST (Slovenski inštitut za standardizacijo)</p> <p>SK: SÚTN (Slovenský ústav technickej normalizácie)</p> <p>FI: SFS (Suomen Standardisoimisliitto r.y)</p> <p>SE: SIS (Swedish Standards Institute)</p> <p>UK: BSI (British Standards Institution).</p>	<p>Viðbótarskrá yfir landsbundnar staðlastofnanir</p> <p>Landsstaðlastofnanir í aðildarríkjunum sem falla ekki undir EN ISO 14001:2004:</p> <p>BG: BDS (Български институт за стандартизация);</p> <p>RO: ASRO (Asociația de Standardizare din România).</p> <p>Landsstaðlastofnanir í aðildarríkjum þar sem landsstaðlastofnuninni, sem er skráð í EN ISO 14001:2004, hefur verið skipt út:</p> <p>CZ: ÚNMZ (Ústav pro technickou normalizaci, metrologii a státní zkušebnictví).</p>

III. VIÐAUKI

INNRI UMHVERFISÚTTEKT

A. Úttektaráætlun og tíðni úttekta

1. Úttektaráætlun

Úttektaráætlunin skal tryggja að stjórn fyrirtækis/stofnunar fái nauðsynlegar upplýsingar til að rýna árangur fyrirtækisins/stofnunarinnar í umhverfismálum og skilvirkni umhverfisstjórnunarkerfisins og til að geta sýnt fram á að höfð sé stjórn á hvoru tveggja.

2. Markmið úttektaráætlunarinnar

Innifalið í þessum markmiðum skal einkum vera mat á fyrirliggjandi stjórnunarkerfum og staðfesting á að samræmi ríki við stefnu og áætlun fyrirtækisins/stofnunarinnar, þ.m.t. að farið sé að öllum viðeigandi lögum og reglum varðandi umhverfið.

3. Umfang úttektaráætlunarinnar

Skilgreina skal ítarlega heildarumfang einstakra umhverfisúttekta eða einstakra áfanga í úttektarlotu, eftir því sem við á, og tilgreina nákvæmlega:

- a) viðfangsefnið,
- b) starfsemina sem taka skal út,
- c) umhverfisviðmiðanir sem taka skal tillit til,
- d) hvaða tímabil úttektaráætlunin nær yfir.

Umhverfisúttekt felst í mati á þeim raungögnum sem þarf til að meta árangur í umhverfismálum.

4. Tíðni úttekta

Lokið skal við úttekt eða úttektarlotu, sem nær til allrar starfsemi fyrirtækis/stofnunar, eftir því sem við á, eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti eða fjögurra ára ef undanþágan, sem kveðið er á um í 7. gr., á við. Tíðni úttektar á tiltekinni tegund starfsemi er breytileg og er háð:

- a) eðli, umfangi og hversu flókin viðkomandi starfsemi er,
- b) því hversu mikil umhverfisáhrif eru tengd henni,
- c) því hversu mikilvæg og brýn vandamálin eru sem komu í ljós við fyrri úttektir,
- d) sögu umhverfsvandamála í tengslum við starfsemina,

Úttekt skal gerð oftar eftir því sem starfsemin er margslungnari og hefur meiri umhverfisáhrif.

Fyrirtækið/stofnunin skal gera úttektir minnst árlega þar eð það hjálpar til að færa stjórn fyrirtækisins/stofnunarinnar og umhverfissannprófanðanum heim sanninn um að fyrirtækið/stofnunin hafi stjórn á mikilvægum umhverfisþáttum sínum.

Fyrirtækið/stofnunin skal gera úttektir á:

- a) árangri fyrirtækisins/stofnunarinnar í umhverfismálum og
- b) efnidum fyrirtækisins á gildandi lagaskyldum varðandi umhverfið.

B. Úttektarstörf

Úttektarstörf skulu fela í sér að ræða við starfsfólk, skoða rekstrarskilyrði og búnað og rýna skrár, skriflegar verklagsreglur og önnur viðeigandi skjöl í þeim tilgangi að meta umhverfislegan árangur þeirrar starfsemi, sem úttektin er gerð á, til að ákvarða hvort hún uppfylli gildandi staðla og reglur eða þau almennu og sértæku umhverfismarkmið, sem sett hafa verið, og hvort kerfið, sem notað er til stjórnunar á umhverfislegum skyldum, sé skilvirkt og viðeigandi, m.a. ætti að beita skyndikönnunum á samræmi við þessar viðmiðanir til að meta skilvirkni gjörvalls stjórnunarkerfisins.

Eftirfarandi liðir skulu vera í úttektarferlinu:

- a) skilningur á stjórnunarkerfunum,
- b) mat á helstu þáttum varðandi styrk og veikleika stjórnunarkerfanna,
- c) söfnun viðeigandi gagna,
- d) mat á niðurstöðum úttektar,
- e) samningur á ályktunum úttektar,
- f) skýrslugjöf um niðurstöður og ályktanir úttektar.

C. Skýrslugjöf um niðurstöður og ályktanir úttektar

Grundvallarmarkmiðin með skriflegri úttektarskýrslu eru:

- a) að skjalfesta umfang úttektarinnar,
- b) að veita stjórninni upplýsingar um hvernig gangi að fylgja umhverfisstefnu fyrirtækisins/stofnunarinnar og um framfarir fyrirtækisins/stofnunarinnar í umhverfismálum,
- c) að veita stjórninni upplýsingar um það hversu skilvirkt og áreiðanlegt fyrirkomulag er á eftirliti með umhverfisáhrifum fyrirtækisins/stofnunarinnar,
- d) að sýna fram á þörf fyrir úrbætur þegar við á.

IV. VIÐAUKI

SKÝRSLUGJÖF Í UMHVERFISMÁLUM

A. Inngangur

Upplýsingar í umhverfismálum ber að setja fram á skýran og skilmerkilegan hátt í rafrænu eða prentuðu formi.

B. Umhverfisyfirlýsing

Umhverfisyfirlýsingin skal a.m.k. innihalda eftirfarandi atriði og uppfylla lágmarkskröfur um eftirfarandi:

- a) skýra og ótvíræða lýsingu á fyrirtækinu/stofnuninni, sem er skráð í umhverfisstjórnunarkerfið, og samantekt á starfsemi, vörum og þjónustu fyrirtækisins/stofnunarinnar og tengslum við móðurfyrirtæki/-stofnanir, eftir því sem við á,
- b) umhverfisstefnu og stutta lýsingu á umhverfisstjórnunarkerfi fyrirtækisins/stofnunarinnar,
- c) lýsingu á öllum mikilvægum, beinum og óbeinum umhverfisþáttum, sem leiða til verulegra umhverfisáhrifa af hálfu fyrirtækisins/stofnunarinnar, og skýring á eðli áhrifanna með tilliti til þessara þátta (2. liður I. viðauka),
- d) lýsingu á almennum og sértækum markmiðum í umhverfismálum í tengslum við mikilvæga umhverfisþætti og umhverfisáhrif,
- e) samantekt á fyrirliggjandi gögnum um árangur fyrirtækis/stofnunar í tengslum við almenn og sértæk markmið í umhverfismálum og með tilliti til verulegra umhverfisáhrifa. Skýrslugjöfin skal beinast að kjarnavísibendum og að öðrum fyrirliggjandi vísibendum um árangur í umhverfismálum, sbr. C-lið,
- f) aðra þætti sem varða árangur í umhverfismálum, þ.m.t. árangur í samanburði við lagaákvæði að því er varðar veruleg umhverfisáhrif þessara þátta,
- g) tilvísun til gildandi lagakrafna varðandi umhverfið,
- h) nafn og faggingingar- eða leyfisnúmer umhverfissannprófundans og dagsetningu fullgildingar.

Uppfærð umhverfisyfirlýsing skal a.m.k. innihalda þau atriði og uppfylla þær lágmarkskröfur sem eru tilgreindar í e- til h-lið.

C. Kjarnavísibendar og aðrir fyrirliggjandi vísibendar um árangur í umhverfismálum

1. Inngangur

Fyrirtæki/stofnanir skulu bæði í umhverfisyfirlýsingunni og uppfærðu umhverfisyfirlýsingunni skýra frá kjarnavísibendum, að því leyti sem þeir tengjast beinum umhverfisþáttum fyrirtækisins/stofnunarinnar, og öðrum fyrirliggjandi og viðeigandi vísibendum um árangur í umhverfismálum eins og lýst er hér á eftir:

Skýra skal frá gögnum um raunveruleg aðföng/áhrif (e. input/impact). Geti birting haft neikvæð áhrif á upplýsingaleynd viðskipta- eða iðnaðarupplýsinga í tilvikum, þar sem kveðið er á um slíka leynd í landslögum eða lögum Bandalagsins í því skyni að vernda lögmæta viðskipahagsmuni, þá er viðkomandi fyrirtæki/stofnun heimilt að greina frá þessum upplýsingum miðað við grunntölu, þ.e. með því að setja grunnár (með grunntölunni 100) sem raunveruleg aðföng/áhrif miðast við.

Vísibendarnir skulu:

- a) gera kleift að meta nákvæmlega árangur fyrirtækisins/stofnunarinnar í umhverfismálum,
- b) vera skiljanlegir og ótvíræðir,

- c) gera mögulegt að bera þessar upplýsingar saman frá ári til árs í því skyni að meta breytingar á árangri fyrirtækisins/stofnunarinnar í umhverfismálum,
- d) gefa kost á samanburði við geirabundnar, landsbundnar eða svæðisbundnar viðmiðanir (e. benchmark) eftir því sem við á,
- e) gefa kost á samanburði við kröfur samkvæmt reglum eftir því sem við á.

2. Kjarnavísibendar

- a) Kjarnavísibendar skulu gilda fyrir allar tegundir fyrirtækja/stofnana. Þeir varða árangur á þeim aðalsviðum umhverfismála sem hér eru tilgreind:
 - i. orkunýtni,
 - ii. efnisnýtni,
 - iii. vatn,
 - iv. úrgangur,
 - v. líffræðileg fjölbreytni og
 - vi. útblástur.

Komist fyrirtæki/stofnun að þeirri niðurstöðu að einn eða fleiri kjarnavísibendar skipti ekki máli í sambandi við mikilvæga og beina umhverfisþætti þess er fyrirtækinu/stofnuninni heimilt að gera ekki grein fyrir þeim kjarnavísibendum. Stofnuninni eða fyrirtækinu ber að rökstyðja það með tilvísun til umhverfisrýni sinnar.

- b) Hver kjarnavísibendur er samsettur af:
 - i. tölu A, sem sýnir samanlögð, árleg aðföng/áhrif á tilteknu sviði,
 - ii. tölu B, sem sýnir samanlagðar, árlegar afurðir (e. output) fyrirtækisins/stofnunarinnar, og
 - iii. tölu R, sem sýnir hlutfallið A/B.

Hvert fyrirtæki/stofnun skal gera grein fyrir öllum þremur atriðum fyrir hvern vísibendi um sig.

- c) Greina skal frá samanlögðum, árlegum aðföngum/áhrifum á tilteknu sviði, tölu A, á eftirfarandi hátt:
 - i. Orkunýtni
 - „samanlögð, bein orkunotkun“: samanlögð, árleg orkunotkun, gefin upp í megavattstundum (MWh) eða gígajúlum (GJ),
 - „samanlögð notkun endurnýjanlegrar orku“: sá hundraðshluti af samanlagðri, árlegri orkunotkun (rafmagn og hiti) sem fyrirtækið/stofnunin hefur framleitt úr endurnýjanlegum orkugjöfum.
 - ii. Efnisnýtni
 - „árlegt massaflæði mismunandi efna“ (að undanskildum orkuberum og vatni), gefið upp í tonnum.
 - iii. Vatn
 - „samanlögð, árleg vatnsnotkun“, gefin upp í m³.
 - iv. Úrgangur
 - „samanlögð, árleg myndun úrgangs“, sundurliðuð eftir tegundum úrgangs, gefin upp í tonnum,
 - „samanlögð, árleg myndun hættulegs úrgangs“, gefin upp í kílóum eða tonnum.

v. Líffræðileg fjölbreytni

- „landnotkun“, gefin upp í m² þéttbýlis.

vi. Losun

- „samanlögð, árleg losun gróðurhúsalofttegunda“, þ.m.t. að lágmarki losun CO₂, CH₄, N₂O, HFC, PFC og SF₆, gefin upp sem jafngildiseiningar koltvísýrings í tonnum,
- „samanlögð, árleg losun út í andrúmsloft“, þ.m.t. að lágmarki losun SO₂, NO_x og PM, gefin upp í kílóum eða tonnum,

Auk þeirra vísbenda, sem skilgreindir hafa verið hér að framan, er fyrirtæki/stofnun heimilt að nota aðra vísa til þess að tilgreina samanlögð, árleg aðföng/áhrif á tilteknu sviði.

d) Upplýsingar um samanlagðar, árlegar afurðir fyrirtækisins/stofnunarinnar, talan B, eru þær sömu fyrir öll svið en eru aðlagðar að mismunandi tegundum fyrirtækja/stofnana, eftir tegund starfseminnar, og skal greint frá þeim á eftirfarandi hátt:

- Fyrir fyrirtæki/stofnanir, sem starfa í framleiðslugeiranum (iðnaði), skal talan sýna samanlagðan, árlegan, vergan virðisauka, gefinn upp í milljónum evra (EUR millj.), eða samanlagðar, árlegar, efnislegar afurðir, gefnar upp í tonnum, eða, fyrir lítil fyrirtæki/stofnanir, samanlagða, árlega veltu eða fjölda starfsmanna.
- Fyrir fyrirtæki/stofnanir, sem starfa í öðru geirum en framleiðslugeiranum, skal talan sýna stærð fyrirtækis/stofnunar, gefna upp í fjölda starfsmanna.

Auk þeirra vísbenda, sem skilgreindir hafa verið hér að framan, er fyrirtæki/stofnun heimilt að nota aðra vísbenda til þess að sýna samanlagðar, árlegar afurðir sínar.

3. *Aðrir vísbendar um árangur í umhverfismálum sem skipta máli*

Hvert fyrirtæki/stofnun skal einnig gefa skýrslu árlega um árangur sinn sem varðar sértækari umhverfisþætti sem hafa verið tilgreindir í umhverfisyfirlýsingu fyrirtækisins/stofnunarinnar og, ef hægt er, taka tillit til þeirra geiratengdu tilvísunarskjala sem um getur í 46. gr.

D. **Aðgengi almennings**

Fyrirtækið/stofnunin skal geta sýnt umhverfissannprófandanum fram á að hver sá sem sýnir áhuga á árangri fyrirtækisins/stofnunarinnar í umhverfismálum geti fengið frjálstan og auðveldan aðgang að þeim upplýsingum sem krafist er hér að framan í liðum B og C.

Fyrirtækið/stofnunin skal sjá til þess að þessar upplýsingar séu fáanlegar á opinberu tungumáli eða einu af opinberum tungumálum aðildarríkisins þar sem fyrirtækið/stofnunin er skráð, og, ef við á, á opinberu tungumáli eða einu af opinberum tungumálum aðildarríkisins þar sem eru athafnasvæði sem falla undir samskráninguna.

E. **Staðbundin ábyrgð**

Stofnanir eða fyrirtæki, sem eru skráð í umhverfisstjórnunarkerfíð, geta óskað eftir að fá að útbúa eina sameiginlega umhverfisyfirlýsingu sem nær til margra landfræðilegra staða.

Þar eð tilgangurinn með umhverfisstjórnunarkerfinu er að tryggja staðbundna ábyrgð skulu fyrirtæki/stofnanir sjá til þess að veruleg umhverfisáhrif hvers athafnasvæðis séu skýrt skilgreind og þeirra getið í sameiginlegu umhverfisyfirlýsingunni.

V. VIÐAUKI

EMAS-KENNIMERKIÐ



1. Heimilt er að nota kennimerkið á sérhverju hinna 23 tungumála, að því tilskildu að notað sé eftirfarandi orðalag:

Búlgarska:	‘Проверено управление по околна среда’
Tékkneska	‘Ověřený systém environmentálního řízení’
Danska:	‘Verificeret miljøledelse’
Hollenska:	‘Geverifieerd milieuzorgsysteem’
Enska:	‘Verified environmental management’
Eistneska:	‘Töendatud keskkonnajuhtimine’
Finnska:	‘Todennettu ympäristöasioiden hallinta’
Franska:	‘Management environnemental vérifié’
Þýska:	‘Geprüftes Umweltmanagement’
Gríska:	‘επιθεωρημένη περιβαλλοντική διαχείριση’
Ungverska:	‘Hitelesített környezetvédelmi vezetési rendszer’
Ítalska:	‘Gestione ambientale verificata’
Írská:	‘Bainistíocht comhshaoil fíoraithe’
Lettneska:	‘Verificēta vides pārvaldība’
Litháíska:	‘Įvertinta aplinkosaugos vadyba’
Maltneska:	‘Immaniggar Ambjentali Verifikat’
Pólska:	‘Zweryfikowany system zarządzania środowiskowego’
Portúgalska:	‘Gestão ambiental verificada’
Rúmenska:	‘Management de mediu verificat’
Slóvakíska:	‘Overené environmentálne manažérstvo’
Slóvenska:	‘Preverjen sistem ravnanja z okoljem’
Spænska:	‘Gestión medioambiental verificada’
Sænska:	‘Verifierat miljöledningssystem’

2. Kennimerkið skal annaðhvort vera:

- þrilitt (grænt (Pantone nr. 355), gult (Pantone nr. 109) og blátt (Pantone nr. 286)),
- í svörtu,
- í hvítu eða,
- í grátónum.

VI. VIÐAUKI

KRÖFUR UM UPPLÝSINGAR VEGNA SKRÁNINGAR

(Upplýsingar sem veita skal þegar við á)

1. FYRIRTÆKI/STOFNUN
Heiti
Heimilisfang
Bæjarfélag
Póstnúmer
Land/sambandsríki/svæði/sjálfstjórnarhérað
Tengiliður
Sími
Bréfasími
Netfang
Vefsíða
Aðgangur almennings að umhverfisyfirlýsingunni og uppfærðu umhverfisyfirlýsingunni	
a) í prentuðu formi
b) í rafrænu formi
Skráningarnúmer
Dagsetning skráningar
Dagsetning tímabundinnar afskráningar
Dagsetning varanlegrar afskráningar
Dagsetning næstu umhverfisyfirlýsingar
Dagsetning næstu uppfærðu umhverfisyfirlýsingar
Umsókn um undanþágu skv. 7. gr.
JÁ – NEI	
Kóði atvinnugreinaflokunar Evrópubandalagsins fyrir starfsmena
Fjöldi starfsmanna
Velta eða efnahagsreikningur
2. ATHAFNASVÆÐI	
Heiti
Heimilisfang
Póstnúmer
Bæjarfélag
Land/sambandsland/svæði/sjálfstjórnarhérað
Tengiliður
Sími
Bréfasími
Netfang
Vefsíða

Aðgangur almennings að umhverfisyfirlýsingunni og uppfærðu umhverfisyfirlýsingunni

a) í prentuðu formi

b) í rafrænu formi

Skráningarnúmer

Dagsetning skráningar

Dagsetning tímabundinnar afskráningar

Dagsetning afskráningar

Dagsetning næstu umhverfisyfirlýsingar

Dagsetning næstu uppfærðu umhverfisyfirlýsingar

Umsókn um undanþágu skv. 7. gr.

JÁ – NEI

Kóði atvinnugreinaflokunar Evrópubandalagsins fyrir starfsemina

Fjöldi starfsmanna

Velta eða efnahagsreikningur

3. UMHVERFISSANNPRÓFANDI

Nafn umhverfissannprófanda

Heimilisfang

Póstnúmer

Bæjarfélag

Land/sambandsland/svæði/sjálfstjórnarhérað

Sími

Bréfasími

Netfang

Skráningarnúmer faggildingar eða leyfis

Umfang faggildingar eða leyfis (kóðar atvinnugreinaflokunar Evrópubandalagsins)

Faggildingar- eða leyfisveitingarstofa

Gjört íhinn .../.../20

Undirskrift fulltrúa fyrirtækisins/stofnunarinnar

VII. VIÐAUKI

YFIRLÝSING UMHVERFISSANNPRÓFANDANS UM SANNPRÓFUN OG FULLGILDINGU

..... (heiti)

með skráningarnúmer umhverfissannprófanda í umhverfisstjórnunarkerfinu

faggiltur eða með leyfi fyrir (umfang) (Kóði atvinnugreinaflokunar Evrópubandalagsins)

lýsir því yfir að hafa gengið úr skugga um hvort athafnasvæðið eða -svæðin eða fyrirtækið/stofnunin í heild sinni samkvæmt umhverfisyfirlýsingu/uppfærðri umhverfisyfirlýsingu () fyrirtækisins/stofnunarinnar (nafn)

með skráningarnúmer (ef það er tiltækt)

uppfylli allar kröfur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 frá 25. nóvember 2009 um frjálsa aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS).

Með því að undirrita þessa yfirlýsingu lýsi ég því yfir að:

- sannprófun og fullgilding hafa farið fram í fullu samræmi við kröfur í reglugerð (EB) nr. 1221/2009,
- niðurstöður sannprófunarinnar og fullgildingarinnar staðfesta að ekkert bendi til þess að ekki sé farið að gildandi laga-kröfum varðandi umhverfið,
- að gögnin og upplýsingarnar í umhverfisyfirlýsingu/uppfærðri umhverfisyfirlýsingu (*) fyrirtækisins/stofnunarinnar/-athafnasvæðisins (*) gefi áreiðanlega, trúverðuglega og rétta mynd af allri starfsemi fyrirtækisins/stofnunarinnar/-athafnasvæðisins (*), innan þess umfangs sem getið er um í umhverfisyfirlýsingunni.

Þetta skjal jafngildir ekki skráningu í umhverfisstjórnunarkerfið. Einungis þar til bærir aðilar geta leyft skráningu í umhverfisstjórnunarkerfið samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1221/2009. Þetta skjal skal ekki notað eitt sér til birtingar til almennings.

Gjört íhinn/...../20.....

Undirskrift

(*) Strikið yfir það sem á ekki við.

VIII. VIÐAUKI
SAMSVÖRUNARTAFLA

Reglugerð (EB) nr. 761/2001	Þessi reglugerð
1. mgr. 1. gr.	1. gr.
a-liður 2. mgr. 1. gr.	—
b-liður 2. mgr. 1. gr.	—
c-liður 2. mgr. 1. gr.	—
d-liður 2. mgr. 1. gr.	—
a-liður 2. gr.	1. mgr. 2. gr.
b-liður 2. gr.	—
c-liður 2. gr.	2. mgr. 2. gr.
d-liður 2. gr.	—
e-liður 2. gr.	9. mgr. 2. gr.
f-liður 2. gr.	4. mgr. 2. gr.
g-liður 2. gr.	8. mgr. 2. gr.
h-liður 2. gr.	10. mgr. 2. gr.
i-liður 2. gr.	11. mgr. 2. gr.
j-liður 2. gr.	12. mgr. 2. gr.
k-liður 2. gr.	13. mgr. 2. gr.
l-liður 2. gr.	16. mgr. 2. gr.
i. liður 1. mgr. 2. gr.	—
ii. liður 1. mgr. 2. gr.	—
m-liður 2. gr.	—
n-liður 2. gr.	17. mgr. 2. gr.
o-liður 2. gr.	18. mgr. 2. gr.
p-liður 2. gr.	—
q-liður 2. gr.	20. mgr. 2. gr.
r-liður 2. gr.	—
fyrsta undirgrein s-liðar 2. gr.	21. mgr. 2. gr.
önnur undirgrein s-liðar 2. gr.	—
t-liður 2. gr.	22. mgr. 2. gr.
u-liður 2. gr.	—
1. mgr. 3. gr.	—
fyrsta undirgrein a-liðar 2. mgr. 3. gr.	a- og b-liður 1. mgr. 4. gr.
önnur undirgrein a-liðar 2. mgr. 3. gr.	3. mgr. 4. gr.
b-liður 2. mgr. 3. gr.	c-liður 1. mgr. 4. gr.
c-liður 2. mgr. 3. gr.	d-liður 1. mgr. 4. gr.
d-liður 2. mgr. 3. gr.	5. mgr. 4. gr.
e-liður 2. mgr. 3. gr.	fyrsta undirgrein 2. mgr. 5. gr., 3. mgr. 6. gr.
a-liður 3. mgr. 3. gr.	a-liður 1. mgr. 6. gr.
fyrsti málsliður b-liðar 3. mgr. 3. gr.	b- og c-liður 1. mgr. 6. gr.
annar málsliður b-liðar 3. mgr. 3. gr.	1. mgr. 7. gr.
1. mgr. 4. gr.	—
2. mgr. 4. gr.	2. mgr. 51. gr.
3. mgr. 4. gr.	—
4. mgr. 4. gr.	—

Reglugerð (EB) nr. 761/2001	Þessi reglugerð
fyrsti málsliður 5. mgr. 4. gr.	fyrsta undirgrein 10. mgr. 25. gr.
annar málsliður 5. mgr. 4. gr.	annar málsliður annarrar undirgreinar 10. mgr. 25. gr.
6. mgr. 4. gr.	41. gr.
7. mgr. 4. gr.	—
fyrsta undirgrein 8. mgr. 4. gr.	1. mgr. 30. gr.
önnur undirgrein 8. mgr. 4. gr.	3. og 5. mgr. 30. gr.
fyrsti og annar málsliður þriðju undirgreinar 8. mgr. 4. gr.	1. mgr. 31. gr.
síðasti málsliður þriðju undirgreinar 8. mgr. 4. gr.	2. mgr. 31. gr.
1. mgr. 5. gr.	fyrsta undirgrein 1. mgr. 11. gr.
2. mgr. 5. gr.	3. mgr. 11. gr.
fyrsti málsliður 3. mgr. 5. gr.	1. mgr. 12. gr.
fyrsti undirliður annars málsliðar 3. mgr. 5. gr.	a-liður 1. mgr. 12. gr.
annar undirliður annars málsliðar 3. mgr. 5. gr.	b-liður 1. mgr. 12. gr.
4. mgr. 5. gr.	önnur og þriðja undirgrein 1. mgr. 11. gr.
fyrsti málsliður 5. mgr. 5. gr.	1. mgr. 16. gr.
annar málsliður 5. mgr. 5. gr.	fyrsti málsliður 3. mgr. 16. gr.
þriðji málsliður 5. mgr. 5. gr.	1. mgr. 17. gr.
fjórði málsliður 5. mgr. 5. gr.	önnur undirgrein 3. mgr. 16. gr. og önnur undirgrein 4. mgr. 16. gr.
1. mgr. 6. gr.	1. mgr. 13. gr.
fyrsti undirliður 1. mgr. 6. gr.	a-liður 2. mgr. 13. gr. og a-liður 2. mgr. 5. gr.
annar undirliður 1. mgr. 6. gr.	a-liður 2. mgr. 13. gr. og c-liður 2. mgr. 5. gr.
þriðji undirliður 1. mgr. 6. gr.	f-liður 2. mgr. 13. gr. og d-liður 2. mgr. 5. gr.
fjórði undirliður 1. mgr. 6. gr.	c-liður 2. mgr. 13. gr.
önnur undirgrein 1. mgr. 6. gr.	fyrsti málsliður 2. mgr. 13. gr.
2. mgr. 6. gr.	3. mgr. 15. gr.
fyrsti undirliður 3. mgr. 6. gr.	a-liður 3. mgr. 15. gr.
annar undirliður 3. mgr. 6. gr.	b-liður 3. mgr. 15. gr.
þriðji undirliður 3. mgr. 6. gr.	—
síðasti málsliður 3. mgr. 6. gr.	8. mgr. 15. gr.
fyrsta málsgrein 4. mgr. 6. gr.	2. mgr. 15. gr.
önnur undirgrein 4. mgr. 6. gr.	4. mgr. 15. gr.
fyrsti málsliður 5. mgr. 6. gr.	6. mgr. 15. gr.
annar málsliður 5. mgr. 6. gr.	8. og 9. mgr. 15. gr.
6. mgr. 6. gr.	10. mgr. 15. gr.
1. mgr. 7. gr.	8. mgr. 28. gr.
fyrsti málsliður 2. mgr. 7. gr.	2. mgr. 12. gr.
annar málsliður 2. mgr. 7. gr.	3. mgr. 12. gr.
3. mgr. 7. gr.	a-liður 2. mgr. 42. gr.
fyrsti málsliður 1. mgr. 8. gr.	1. mgr. 10. gr.
annar málsliður 1. mgr. 8. gr.	2. mgr. 10. gr.
2. mgr. 8. gr.	—
fyrsta undirgrein 3. mgr. 8. gr.	4. mgr. 10. gr.
önnur undirgrein 3. mgr. 8. gr.	—
inngangsmálsliður í 1. mgr. 9. gr.	3. mgr. 4. gr.

Reglugerð (EB) nr. 761/2001	Þessi reglugerð
a-liður 1. mgr. 9. gr.	4. mgr. 45. gr.
b-liður 1. mgr. 9. gr.	4. mgr. 45. gr.
önnur undirgrein 1. mgr. 9. gr.	5. mgr. 45. gr.
2. mgr. 9. gr.	—
1. mgr. 10. gr.	—
fyrsta undirgrein 2. mgr. 10. gr.	1. og 2. mgr. 38. gr.
fyrsti málsliður annarrar undirgreinar 2. mgr. 10. gr.	41. gr.
annar málsliður annarrar undirgreinar 2. mgr. 10. gr.	47. gr.
fyrsta undirgrein 1. mgr. 11. gr.	36. gr.
fyrsti undirliður 1. mgr. 11. gr.	a-liður 36. gr.
annar undirliður 1. mgr. 11. gr.	c-liður 36. gr.
þriðji undirliður 1. mgr. 11. gr.	b-liður 36. gr.
fyrsti málsliður annarrar undirgreinar 1. mgr. 11. gr.	1. mgr. 37. gr.
annar málsliður annarrar undirgreinar 1. mgr. 11. gr.	—
þriðji málsliður annarrar undirgreinar 1. mgr. 11. gr.	2. mgr. 37. gr.
fjórði málsliður annarrar undirgreinar 1. mgr. 11. gr.	3. mgr. 37. gr.
2. mgr. 11. gr.	2. mgr. 43. gr.
fyrsti málsliður 3. mgr. 11. gr.	2. mgr. 41. gr.
annar málsliður 3. mgr. 11. gr.	47. gr.
a-liður 1. mgr. 12. gr.	—
b-liður 1. mgr. 12. gr.	1. mgr. 35. gr.
önnur undirgrein 1. mgr. 12. gr.	—
2. mgr. 12. gr.	2. mgr. 41. gr.
3. mgr. 12. gr.	—
13. gr.	1. mgr. 40. gr.
1. mgr. 14. gr.	1. mgr. 49. gr.
2. mgr. 14. gr.	—
3. mgr. 14. gr.	—
1. mgr. 15. gr.	50. gr.
2. mgr. 15. gr.	48. gr.
3. mgr. 15. gr.	—
1. mgr. 16. gr.	1. mgr. 39. gr.
2. mgr. 16. gr.	2. mgr. 42. gr.
1. mgr. 17. gr.	—
2., 3. og 4. mgr. 17. gr.	2. mgr. 51. gr.
5. mgr. 17. gr.	—
18. gr.	52. gr.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 911/2010

2012/EES/59/43

frá 22. september 2010

um evrópsku áætlunina um vöktun jarðar (hnattrænt eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála (GMES)) og upphafsáðgerðir hennar (2011–2013) (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HABA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 189. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna (¹),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð (²),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Leiðtogaráðið samþykkti á fundi sínum í Gautaborg 15. og 16. júní 2001 áætlun um sjálfbæra þróun til að stuðla að gagnkvæmri eflingu á efnahags-, félagsmála- og umhverfisstefnum og bætti umhverfisþættinum við í Lissabonferlinu.
- 2) Í ályktun sinni frá 21. maí 2007 um evrópska stefnu varðandi geimvísindaáætlanir (³), sem var samþykkt á fjórða sameiginlega og samtíma fundi ráðs Evrópusambandsins og ráðs Geimvísindastofnunar Evrópu á ráðherrastigi, sem komið var á fót í samræmi við 1. mgr. 8. gr. rammisamningsins milli Evrópubandalagsins og Geimvísindastofnunar Evrópu (⁴) (hér á eftir nefnt

„geimvísindaráðið“), viðurkenndi ráðið að starfsemi á sviði geimvísinda væri raunverulegt og mögulegt framlag til Lissabonáætlunarinnar í þágu hagvaxtar og atvinnu með því að láta hinu nýja evrópska þekkingarsamfélagi í té tækni og þjónustu og stuðla að samheldni í Evrópu og lagði áherslu á að geimvísindi væru mikilvægur þáttur í stefnu Evrópu um sjálfbæra þróun.

- 3) Í ályktuninni „Þróun evrópskrar stefnu varðandi geimvísindaáætlanir“ (⁵) frá 26. september 2008, sem var samþykkt á fimmta sameiginlega og samtíma fundi geimvísindaráðsins, var áhersla lögð á að nauðsynlegt væri að þróa viðeigandi gerninga og fjármögnunaráætlanir Evrópusambandsins, með tilliti til sérhæfni geimvísindageirans, nauðsynjar á því að efla samkeppnishæfni hans jafnt almennt sem í iðnaði og nauðsynjar á iðnaðaruppbyggingu í jafnvægi, svo og að greiða fyrir viðeigandi langtímafjárfestingu Sambandsins í rannsóknnum á sviði geimvísinda og rekstri sjálfbærs búnaðar í geimnum í þágu Evrópusambandsins og borgara þess, einkum með því að kanna allar afleiðingar stefnu á sviði geimvísinda innan ramma næstu fjárhagsáætlunar.

- 4) Í ályktun Evrópuþingsins frá 20. nóvember 2008 um evrópska stefnu varðandi geimvísindaáætlanir: um að færa geiminn nær jörðu (⁶) var lögð áhersla á nauðsyn þess að finna viðeigandi gerninga og fjármögnunaráætlanir Evrópusambandsins fyrir evrópska stefnu varðandi geimvísindaáætlanir til viðbótar við fjárveitingar á grundvelli sjöundu rammaáætlunarinnar um aðgerðir Evrópubandalagsins á sviði rannsókna, tækniþróunar og tilraunaverkefna (2007–2013) (hér á eftir nefnd „sjöunda rammaáætlunin“), til að gera hinum ýmsu rekstraraðilum kleift að skipuleggja aðgerðir sínar til meðallangs og langs tíma, og undirstrikað að í næsta fjárhagsramma skyldi höfð hliðsjón af viðeigandi gerningum og fjármögnunaráætlunum Evrópusambandsins til að greiða fyrir langtímafjárfestingu Sambandsins í rannsóknnum á sviði geimvísinda og rekstri sjálfbærs búnaðar í geimnum í þágu Evrópusambandsins og borgara þess.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 276, 20.10.2010, bls. 1. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 139/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, biður birtingar.

(¹) Álit frá 20. janúar 2010 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

(²) Afstaða Evrópuþingsins frá 16. júní 2010 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 13. september 2010.

(³) Stjtið. ESB C 136, 20.6.2007, bls. 1.

(⁴) Stjtið. ESB L 261, 6.8.2004, bls. 64.

(⁵) Stjtið. ESB C 268, 23.10.2008, bls. 1.

(⁶) Stjtið. ESB C 16 E, 22.1.2010, bls. 57.

- 5) Hnatrænt eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála (GMES) hefur verið framtaksverkefni um vöktun jarða undir stjórn Sambandsins og unnið í samvinnu við aðildarríkin og Geimvísindastofnun Evrópu (ESA). Meginmarkmið þess er að láta í té, undir stjórn Sambandsins, upplýsingaþjónustu sem veitir aðgang að nákvæmum gögnum og upplýsingum á sviði umhverfis- og öryggismála og er sniðin að þörfum notenda. Með þessu er hnatrænu eftirliti vegna umhverfis- og öryggismála ætlað að gera kleift að auka nýtingu iðnframleiðslumöguleika sem leiðir af stefnum á sviði nýsköpunar, rannsókna og tækniþróunar við könnun jarðar. Hnatrænt eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála á m.a. að vera mikilvægt tæki til að styðja við líffræðilega fjölbreytni, stjórnun vistkerfa og aðgerða til að draga úr og aðlagast loftslagsbreytingum.
- 6) Til að ná markmiði hnatræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála á sjálfbærum grunni er nauðsynlegt að samræma aðgerðir hinna ýmsu samstarfsaðila sem taka þátt í því og að þróa, koma á og nýta getu til þjónustu og könnunar sem svarar þörfum notenda, með fyrirvara um viðeigandi landsbundnar og evrópskar öryggistakmarkanir.
- 7) Í þessu sambandi skal nefnd aðstoða framkvæmdastjórnina við að tryggja samræmingu á framlögum Sambandsins, aðildarríkjanna og milliríkjasamtaka til hnatræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála, í því skyni að nýta sem best þá getu sem fyrir hendi er og greina vankanta sem fjallað verði um á vettvangi Sambandsins. Hún skal einnig aðstoða framkvæmdastjórnina við að fylgjast með því að framkvæmd hnatræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála sé samfellt. Hún skal hafa eftirlit með þróun stefnumótunar og gera gagnkvæma miðlun góðra starfsvenja á sviði hnatræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála mögulega.
- 8) Framkvæmdastjórnin skal, með aðstoð nefndarinnar, bera ábyrgð á framkvæmd öryggisstefnu hnatræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála. Í þeim tilgangi skal koma á fót sérstakri einingu innan nefndarinnar (hér á eftir nefnd „öryggismálanefndin“).
- 9) Hnatrænt eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála skal miðast við notendur, en það krefst samfelldrar, skilvirkar þátttöku þeirra, einkum að því er varðar skilgreiningu og fullgildingu á þjónustukröfum. Til að auka virði hnatræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála fyrir notendur skal leita á virkan hátt eftir framlagi þeirra með reglubundnu samráði við endanlega notendur hjá einkaaðilum og hinu opinbera. Einnig skal koma á fót sérstökum aðila (hér á eftir nefndur „notendavettvangurinn“) til að auðvelda greiningu á þörfum notenda, sannprófa hvort tilskilin þjónusta er veitt og að samræma hnatrænt eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála með notendum hans hjá hinu opinbera.
- 10) Í því skyni að sjá fyrir ramma sem tryggir fullan og opinn aðgang að upplýsingum, sem eru unnar af þjónustu hnatræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála, ásamt gögnum sem safnað er um grunnvirki þess, jafnframt því að tryggja nauðsynlega vernd þessara upplýsinga og gagna, skal framkvæmdastjórnin hafa umboð til þess að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að því er varðar skilyrði fyrir skráningu og leyfisveitingum handa notendum hnatræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála, og viðmið vegna takmörkunar á aðgangi að gögnum og upplýsingum frá því, að teknu tilliti til gagna- og upplýsingastefnu þeirra sem miðla nauðsynlegum gögnum til hnatræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála og með fyrirvara um lög og málsmeðferðarreglur sem gilda í hverju landi um sig um grunnvirki undir landsbundinni stjórn í geimnum og á jörðu niðri. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga.
- 11) Til þess að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar og framseldra gerða sem eru samþykktar á grundvelli hennar skal framkvæmdastjórninni falið framkvæmdavald til að samþykkja, á grundvelli skilyrða og viðmiða, sem sett eru í framseldum gerðum, sértaekar ráðstafanir um takmörkun á aðgangi að upplýsingum, sem eru unnar af þjónustu hnatræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála, ásamt gögnum sem safnað er um grunnvirki þess, þ.m.t. einstakar ráðstafanir með tilliti til þess hve upplýsingar og gögn sem um ræðir eru viðkvæm. Einnig skal fela framkvæmdastjórninni framkvæmdavald til að samræma frjáls fjárframlög aðildarríkjanna og nýta möguleg samlegðaráhrif viðeigandi framtaksverkefna, hvort sem þau eru landsbundin, alþjóðleg eða á vegum Sambandsins, að ákvarða hámark sameiginlegrar fjármögnunar fyrir styrki, að samþykkja ráðstafanir þar sem mælt er fyrir um tæknilegar kröfur til að tryggja eftirlit með og heilleika kerfisins innan ramma áætlunarinnar um búnað til notkunar í geimnum í tengslum við hnatrænt eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála og hafa eftirlit með aðgangi að og meðferð þeirrar tækni sem er notuð til að tryggja öryggi þessarar áætlunar, ásamt því að samþykkja árlega starfsáætlun hnatræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála.
- Samkvæmt 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skal mæla fyrirfram fyrir um reglur og almennar meginreglur um tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu í reglugerð sem samþykkt er í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð. Þar til þessi nýja reglugerð verður samþykkt, gildir ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið⁽¹⁾ áfram að undanskilinni reglunefndarmeðferðinni með grannskoðun, sem gildir ekki.
- 12) Þar eð hnatrænt eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála byggist á samvinnu milli Evrópusambandsins, Geimvísindastofnunar Evrópu og aðildarríkjanna skal framkvæmdastjórnin leitast við að halda áfram þeim skoðanaskiptum við Geimvísindastofnun Evrópu og aðildarríki, sem ráða yfir viðkomandi búnaði til nota í geimnum, sem nýlega hófust.
- 13) Þjónusta hnatræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála er nauðsynleg til að stuðla að samfelldri notkun einkageirans á upplýsingaveitum og greiða þannig fyrir nýsköpun, og þar með virðisauka, hjá þjónustuveitendum, sem margir eru lítil og meðalstór fyrirtæki.

(¹) Stjtuð. EBL 184, 17.7.1999, bls. 23.

- 14) Hnattraent eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála nær bæði til þróunarstarfs og starfrækslu. Að því er varðar starfrækslu lýsti geimvísindaráðið í þriðja stefnumiði sínu, sem samþykkt var á fundi ráðsins 28. nóvember 2005, yfir stuðningi við áfangaskipta nálgun við að koma hnattraenu eftirliti vegna umhverfis- og öryggismála í framkvæmd á grundvelli skýrrar forgangsröðunar, þar sem byrjað yrði á þróun þrenns konar skjótvirkir þjónustu á sviði neyðarviðbragða, vöktunar lands og þjónustu sem tengist sjávarútvegi og siglingum.
- 15) Fyrsta rekstrarþjónustan á sviði neyðarviðbragða og vöktunar lands var fjármögnuð sem undirbúningsaðgerð í samræmi við b-lið 6. mgr. 49. gr. reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 frá 25. júní 2002 um fjárhagsreglugerðina sem varðar fjárlög Evrópubandalaganna ⁽¹⁾ (hér á eftir nefnd fjárhagsreglugerðin).
- 16) Til viðbótar undirbúningsaðgerðunum sem eru fjármagnaðar innan þematengda sviðsins um geimvísindi í sjöundu rammaáætluninni eru aðgerðir á vettvangi Sambandsins nauðsynlegar á tímabilinu 2011–2013 til að tryggja samfellu við undirbúningsaðgerðirnar og koma á fót rekstrarþjónustu til frambúðar á þeim sviðum þar sem tækni er nægilega þróuð og sýnt hefur verið fram á möguleika til þróunar á þjónustu á síðari stigum.
- 17) Í orðsendingu sinni frá 12. nóvember 2008 undir fyrirsögninni „Hnattraent eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála (GMES): fyrir öruggari jörð“ gerði framkvæmdastjórnin grein fyrir nálgun sinni varðandi stjórnunarhætti og fjármögnun hnattraens eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála og gaf til kynna fyrirætlan sína að fela sérhæfðum stofnunum tæknilega framkvæmd hnattraens eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála, þ.m.t. Geimvísindastofnun Evrópu, að því er varðaði búnað til notkunar í geimnum, vegna einstakra stöðu stofnunarinnar og sérþekkingar.
- 18) Framkvæmdastjórnin skal, eftir því sem við á, fela lögbærum stofnunum Sambandsins eða milliríkja-stofnunum samræmingu tæknilegrar framkvæmdar á þjónustu hnattraens eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála, s.s. Umhverfisstofnun Evrópu og Reikni-miðstöð evrópskra veðurstofa (e. European Centre for Medium-Range Weather Forecasts).
- 19) Rekstrarþjónusta á sviði stjórnunar neyðarástands og aðstoðar í mannúðarmálum er nauðsynleg til þess að samræma aðstöðu sem fyrir er hjá Sambandinu og í aðildarríkjunum svo bæta megi undirbúning og viðbrögð vegna hamfara af völdum náttúru eða manna sem oft hafa einnig neikvæð áhrif á umhverfið og koma ástandinu aftur í eðlilegt horf. Þar eð loftslagsbreytingar geta haft í för með sér fjölgun neyðartilvika verður hnattraent eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála mjög mikilvægt til að efla aðlögunarráðstafanir vegna loftslagsbreytinga. Þjónusta hnattraens eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála skal þess vegna afhenda landupplýsingar til að styðja við viðbrögð við neyðarástandi og í mannúðarmálum.
- 20) Þjónusta við vöktun lands er mikilvæg til að fylgjast með líffræðilegri fjölbreytni og vistkerfum og styðja við ráðstafanir til að draga úr loftslagsbreytingum og til aðlögunar að þeim og til stjórnunar á margs konar úrræðum og stefnumálum, sem flest tengjast náttúrulegu umhverfi, s.s. jarðvegi, vatni, landbúnaði, skógum, orku og almenningsveitum, þéttbýli, tómstundaaðstöðu, grunnvirkjum og flutningastarfsemi. Rekstrarþjónusta við vöktun lands, þróuð í samstarfi við aðildarríkin, þriðju lönd í Evrópu og samstarfsaðila utan Evrópu og Sameinuðu þjóðirnar, er nauðsynleg jafnt á evrópskum sem og alþjóðlegum vettvangi.
- 21) Þjónusta hnattraens eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála á sviði sjávarumhverfis er mikilvæg til að styðja við samþætta evrópska getu til spár og vöktunar hafans og til að útvega mikilvægar loftslagsbreytur (e. Essential Climate Variables (ECVs)) í framtíðinni. Hún er mikilvægur þáttur í vöktun á loftslagsbreytingum og sjávarumhverfi og til stuðnings stefnu í flutningamálum.
- 22) Þjónusta við vöktun á andrúmslofti er mikilvæg til að fylgjast með loftgæðum, efnafræði andrúmslofts og samsetningu þess. Hún er einnig mikilvægur þáttur í vöktun á loftslagsbreytingum og til að miðla mikilvægum loftslagsbreytum í framtíðinni. Mikilvægt er að upplýsingar um ástand andrúmsloftsins séu veittar reglubundið, á svæðisbundnum vettvangi og einnig á heimsvísu.
- 23) Öryggisþjónusta er mikilvægur þáttur í framtaksverkefninu um hnattraent eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála. Evrópa mun hafa hag af því að búnaður til nota í geimnum og á jörðu niðri sé notaður til að styðja við framkvæmd þjónustu til að bregðast við þeim áskorunum sem Evrópa stendur frammi fyrir á sviði öryggismála, einkum við landamæravörslu, eftirlit á sjó og stuðning við aðgerðir Sambandsins gagnvart ríkjum utan þess.
- 24) Vöktun á loftslagsbreytingum ætti að gera aðlögun að áhrifum þessara breytinga mögulega og draga úr þeim. Henni er einkum ætlað að vera framlag til að útvega mikilvægar loftslagsbreytur, greina loftslag og framkvæma spár í stærðargráðu sem skiptir máli fyrir aðlögun og til að draga úr áhrifum, ásamt því að inna af hendi viðkomandi þjónustu.
- 25) Veiting rekstrartengdrar þjónustu, sem er fjármögnuð samkvæmt þessari reglugerð, er háð aðgangi að gögnum sem safnað er um grunnvirki í geimnum og með búnaði í lofti, á sjó og á landi (grunnvirki á jörðu niðri) og með könnunarátætlunum. Að teknu fullu tilliti til nálægðar-reglunnar og meðalhófsreglunnar skal þess vegna tryggja aðgang að umbeðnum gögnum og, ef nauðsyn krefur, styðja við gagnasöfnun á jörðu niðri til viðbótar við núverandi aðgerðir á vettvangi Sambandsins og einstakra ríkja. Tryggja þarf samfellt aðgengi að viðkomandi grunnvirkjum til eftirlits á jörðu niðri og í geimnum, þ.m.t. grunnvirki í geimnum sem eru sérstaklega þróuð fyrir hnattraent eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála innan ramma áætlunar Geimvísindastofnunar Evrópu um búnað til notkunar í geimnum fyrir hnattraent eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála (eftirlitsgervihnettir (e. Sentinels)). Gert er ráð fyrir að upphafsáðgerðastig fyrstu eftirlitsgervihnattanna hefjist 2012.

⁽¹⁾ Stjóð. EB L 248, 16.9.2002, bls. 1.

- 26) Framkvæmdastjórnin skal tryggja að rannsóknar- og þróunarstarfsemi, sem tengist hnattrænu eftirliti vegna umhverfis- og öryggismála samkvæmt sjöundu rammaáætlunarinnar, sé til fyllingar framlagi Sambandsins til upphafsrekstrar þessa vettvangs, starfsemi á vegum samstarfsaðila eftirlitsins og stofnana sem fyrir eru, s.s. evrópsku gagnamiðstöðvanna.
- 27) Samræma skal framkvæmd upphafsáðgerða hnattræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála öðrum viðeigandi stefnumiðum, gerningum og aðgerðum Sambandsins, einkum stefnum á sviði umhverfismála, öryggis, samkeppnishæfni og nýsköpunar, samheldni, rannsókna, flutninga, samkeppni og alþjóðlegs samstarfs, áætluninni um evrópsku hnattrænu gervihnatta-leiðsögukerfin (GNSS) og vernd persónuupplýsinga. Enn fremur skulu gögn hnattræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála vera í samræmi við tilvísunargögn úr landgögnum aðildarríkjanna og styðja þróun grunngerðar fyrir landupplýsingar í Sambandinu sem komið var á með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB frá 14. mars 2007 um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE) ⁽¹⁾. Hnattrænt eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála skal einnig koma til viðbótar sameiginlega upplýsingakerfinu vegna umhverfismála (SEIS) og aðgerðum Sambandsins á sviði neyðarviðbragða.
- 28) Líta ber á hnattrænt eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála og upphafsáðgerðir þess sem framlag Evrópu til þess að byggja upp hnattrænt kerfi jarðfjarkönnunarkerfa (GEOSS) sem er þróað innan ramma hópsins um könnun jarðar (GEO).
- 29) Í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og ramma-samningunum við umsóknarlönd og möguleg umsóknarlönd er gert ráð fyrir þátttöku þessara landa í áætlunum Sambandsins. Öðrum þriðju löndum og alþjóðastofnunum skal gert kleift að taka þátt með gerð alþjóðasamninga í þessum tilgangi.
- 30) Í þessari reglugerð er mælt fyrir um fjárhagsramma, að fjárhæð 107 milljónir evra, sem gildir á meðan upphafsáðgerðir hnattræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála eru í gangi, og sem er helsta viðmiðun fjárveitingavaldsins við árlega fjárlagagerð, í skilningi 37. liðar samstarfssamnings frá 17. maí 2006, milli stofnana Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um eftirlit með fjárlögum og góða fjármálastjórnun ⁽²⁾ (samstarfssamningur milli stofnana). Gert er ráð fyrir að til viðbótar þessum fjárhagsramma komi 209 milljónir evra frá geimvísindapema sjöundu rammaáætlunarinnar vegna rannsóknarverkefna til hliðar við upphafsáðgerðir hnattræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála, sem skal stjórnað í samræmi við gildandi reglur og tilhögun ákvarðanatöku í sjöundu rammaáætluninni. Þessum tveimur fjármögnunarleiðum skal stjórnað á samræmdan hátt til þess að tryggja samfellu í framkvæmd hnattræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála.
- 31) Þessi fjárhagsrammi samrýmist efri mörkunum í 1. undirlið a í fjárhagsáætluninni til margra ára (MFF) 2007–2013, en vikið mörkin sem eftir eru í 1. undirlið a fyrir árin 2011–2013 eru mjög lág. Leggja ber áherslu á að árleg fjárhæð verður ákvörðuð við árlega fjárlagagerð í samræmi við 37. lið í samstarfssamningnum milli stofnana.
- 32) Ef mögulegt er skal auka sjóðinn en frekar svo að veita megi skuldbindandi fjárheimildir fyrir búnaði til notkunar í geimnum í núverandi fjárhagsáætlun til margra ára. Þetta snýr sérstaklega að því að starfrækja A-röð eftirlitsgervihnatta og skjóta upp B-röðinni og útvega mikilvæga ihluti fyrir C-röðina.
- 33) Í þessum tilgangi skal framkvæmdastjórnin, í tengslum við endurskoðun um miðbik núverandi fjárhagsáætlunar til margra ára og fyrir árslok 2010, kanna möguleika á frekari fjármögnun hnattræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála innan heildarfjárlaga Sambandsins innan fjárhagsrammans til margra ára fyrir tímabilið 2007–2013.
- 34) Skoða ber úthlutun hvers konar mögulegra framlaga samkvæmt þessari reglugerð, til viðbótar þeim 107 milljónum evra sem þegar hefur verið úthlutað, í tengslum við umfjöllun um framtíð evrópskrar geimvísindastefnu, einkum um innkaup og stjórnunarhætti.
- 35) Framkvæmdastjórnin skal einnig leggja fram á fyrria helmingi ársins 2011 áætlun um fjármögnun til langs tíma vegna komandi fjárhagsáætlunar til margra ára, með fyrirvara um niðurstöður samningaviðræðna um fjárhagsrammann til margra ára fyrir tímabilið 2014–2020.
- 36) Framkvæmdastjórnin skal við fjárhagslega áætlanagerð sína sjá til þess að samfella gagna haldist, bæði meðan á upphafsáðgerðum hnattræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála stendur og eftir að þeim er lokið (2011–2013) og að nota megi þjónustuna á samfelldan hátt og án takmarkana.
- 37) Samkvæmt fjárhagsreglugerðinni skal aðildarríkjum, þriðju löndum og alþjóðastofnunum vera frjálst að veita fjármagni til áætlana á grundvelli viðeigandi samninga.
- 38) Aðgangur að upplýsingum hnattræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála skal vera óheftur og opinn, með fyrirvara um viðeigandi öryggistakmarkanir eða gagnastefnu aðildarríkja og annarra stofnana sem láta hnattrænu eftirliti vegna umhverfis- og öryggismála í té gögn og upplýsingar. Þetta er nauðsynlegt til að hvetja til notkunar og samnýtingar á gögnum og upplýsingum um könnun jarðar í samræmi við meginreglur fyrir sameiginlegt upplýsingakerfi vegna umhverfismála (SEIS), grunngerð fyrir landupplýsingar innan Evrópubandalagsins (INSPIRE) og hnattrænt jarðfjarkönnunarkerfi (GEOSS). Við fullan og opinn aðgang að gögnum skal einnig taka tillit til núverandi gagnamiðlunar á viðskiptalegum grunni og efla sterkari markaði fyrir jarðathuganir í Evrópu, einkum í geiranum á síðari stigum, til að auka vöxt og atvinnu.

⁽¹⁾ Stjótd. ESB L 108, 25.4.2007, bls. 1.

⁽²⁾ Stjótd. ESB C 139, 14.6.2006, bls. 1.

- 39) Samkvæmt orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 28. október 2009 undir fyrirsögninni „Hnatrænt eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála (GMES): áskoranir og næstu áfangar fyrir búnað til notkunar í geimnum“, skal ríkja stefna um fullan og opinn aðgang að gögnum eftirlitgervihnattanna um kerfi fyrir leyfisveitingar og netaðgang án endurgjalds, með fyrirvara um öryggis-sjónarmið. Þessi nálgun miðar að því að hámarka gagnsemi af notkun gagna frá eftirlitgervihnöttunum fyrir margs konar búnað og er ætlað að hvetja til þess að endanlegir notendur noti upplýsingar sem byggjast á könnun jarðar.
- 40) Fylgjast skal reglulega með aðgerðum sem eru fjármagnaðar samkvæmt þessari reglugerð og leggja á þær mat til þess að hægt sé að endurskipuleggja þær.
- 41) Einnig skal grípa til viðeigandi ráðstafana til að koma í veg fyrir misfellur og svik og gera skal nauðsynlegar ráðstafanir til að endurheimta fjármuni sem hafa glatast, verið ranglega greiddir eða notaðir á rangan hátt í samræmi við reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 2988/95 frá 18. desember 1995 um verndun fjárhagslegra hagsmuna Evrópubandalaganna ⁽¹⁾, reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96 frá 11. nóvember 1996 um vettvangseftirlit og athuganir sem framkvæmdastjórnin framkvæmir til þess að vernda fjárhagslega hagsmuni Evrópubandalaganna gegn svikum og öðrum brotum ⁽²⁾ og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/1999 frá 25. maí 1999 um rannsóknir Evrópu-skrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) ⁽³⁾.
- 42) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar um að koma á fót áætlun um hnattrænt eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála og upphafsáðgerðum hennar vegna þess að upphafsáðgerðir þessa eftirlits taka einnig til samevrópskrar getu og eru háðar samræmdri þjónustustarfsemi alls staðar í aðildarríkjunum sem þarf að samræma á vettvangi Sambandsins, og þeim verður því betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs og áhrifa aðgerðarinnar, er Sambandinu heimilt að samþykka ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði, einkum að því er varðar hlutverk framkvæmdastjórnarinnar við að samræma landsbundna starfsemi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Með þessari reglugerð er evrópsku áætluninni um vöktun jarðar, sem nefnist hnattrænt eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála (GMES), komið á og reglur settar um framkvæmd upphafsáðgerða hennar á tímabilinu 2011–2013.

⁽¹⁾ Stjóð. EB L 312, 23.12.1995, bls. 1.

⁽²⁾ Stjóð. EB L 292, 15.11.1996, bls. 2.

⁽³⁾ Stjóð. EB L 136, 31.5.1999, bls. 1.

2. gr.

Umfang hnattræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála

1. Áætlunin um hnattrænt eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála skal byggjast á rannsóknastarfsemi, sem hefur farið fram samkvæmt ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1982/2006/EB frá 18. desember 2006 um sjöundu rammaáætlun um aðgerðir Evrópubandalagsins á sviði rannsókna, tækniþróunar og tilraunaverkefna (2007–2013) ⁽⁴⁾ og áætlun Geimvísindastofnunar Evrópu um búnað til notkunar í geimnum fyrir hnattrænt eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála.

2. Áætlunin um hnattrænt eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála skal ná yfir eftirfarandi:

a) þjónustuþátt sem tryggir aðgang að upplýsingum til að styðja við eftirfarandi svið:

- vöktun á andrúmslofti,
- vöktun á loftslagsbreytingum til stuðnings ráðstöfunum til aðlögunar að loftslagsbreytingum og til að draga úr þeim,
- stjórnun neyðarástands,
- vöktun lands,
- vöktun á sjávarumhverfi,
- öryggismál,

b) búnað til notkunar í geimnum sem tryggir sjálfbærar kannanir í geimnum fyrir þjónustusviðin sem um getur í a-lið,

c) búnað á jörðu niðri sem tryggir kannanir með hjálp mannvirkja í lofti, á sjó og á landi fyrir þjónustusviðin sem um getur í a-lið.

3. gr.

Upphafsáðgerðir hnattræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála (2011–2013)

1. Upphafsáðgerðir hnattræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála skulu ná yfir tímabilið 2011–2013 og geta náð yfir rekstartengdar aðgerðir á eftirfarandi sviðum:

1. þjónustusviðum, sem um getur í a-lið 2. mgr. 2. gr.,
 2. ráðstöfunum til að styðja við að notendur taki upp þjónustu,
 3. aðgangi að gögnum,
 4. stuðningi við gagnaöflun á jörðu niðri,
 5. búnaði til notkunar í geimnum fyrir hnattrænt eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála.
2. Markmið rekstartengdra aðgerða, sem um getur í 1. mgr., eru sett fram í viðaukanum.

⁽⁴⁾ Stjóð. ESB L 412, 30.12.2006, bls. 1.

4. gr.

Skipulagsráðstafanir

1. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að áætlunin um hnattrænt eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála sé samræmd við aðgerðir á landsvísi, á vettvangi Evrópusambandsins og á alþjóðavísu, einkum hnattrænt jarðfjarkönnunarkerfi (GEOSS). Framkvæmd og starfræksla hnattræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála skal byggjast á samstarfi Sambandsins og aðildarríkjanna í samræmi við lög og málsmeðferðarreglur hvers um sig. Samræma skal frjáls framlög aðildarríkja mögulegum samlegðaráhrifum viðeigandi framtaksverkefna, hvort sem þau eru landsbundin, alþjóðleg eða á vegum Sambandsins, í samræmi við ráðgjafarnefndar meðferðina sem um getur í 5. mgr. 16. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa umsjón með þeim fjármunum, sem úthlutað er til aðgerðanna samkvæmt þessari reglugerð, í samræmi við fjárhagsreglugerðina og stjórnarnefndarmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 16. gr. Hún skal sjá til þess að áætlunin um hnattrænt eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála sé í samræmi við og til fyllingar öðrum viðeigandi stefnumiðum, gerningum og aðgerðum Sambandsins, einkum í tengslum við umhverfismál, öryggi, samkeppnishæfni og nýsköpun, samheldni, rannsóknir (einkum starfsemi sjöundu rammaáætlunarinnar sem tengist hnattrænu eftirliti vegna umhverfis- og öryggismála með fyrirvara um ákvörðun nr. 1982/2006/EB), flutninga, samkeppni, alþjóðlegt samstarf, evrópsku áætlanirnar fyrir hnattrænu gervihnattaleiðsögukerfin (GNSS), vernd persónuupplýsinga og gildandi hugverkaréttindi, tilskipun 2007/2/EB, sameiginlegt upplýsingakerfi vegna umhverfismála (SEIS) og aðgerðir Sambandsins á sviði neyðarviðbragða.

3. Þar eð áætlunin um hnattrænt eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála miðast við notandann skal framkvæmdastjórnin sjá til þess að nákvæmar þjónustuskilgreiningar séu sniðnar að þörfum notandans. Hún skal í því skyni koma á fót gagnsæju fyrirkomulagi fyrir reglubundna þátttöku notenda og samráði við þá, sem gerir kleift að greina þarfir notenda á landsvísi og á vettvangi Sambandsins. Framkvæmdastjórnin skal tryggja samræmingu gagnvart viðkomandi notendum hjá hinu opinbera í aðildarríkjunum, þriðju löndum og alþjóðastofnunum. Framkvæmdastjórnin skal setja kröfur um þjónustugögn sjálfstætt, að höfðu samráði við notendavettvanginn.

4. Tæknileg samræming og framkvæmd vegna búnaðar til notkunar í geimnum í tengslum við hnattrænt eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála skal vera í umsjón Geimvísindastofnunar Evrópu (ESA), með stuðningi Veðurtunglastofnunar Evrópu (EUMETSAT) ef þörf krefur.

5. Framkvæmdastjórnin skal fela lögbærum stofnunum Sambandsins eða milliríkjastofnunum, eftir því sem við á, samræmingu tæknilegrar framkvæmdar á þjónustu hnattræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála.

5. gr.

Veiting þjónustu

1. Framkvæmdastjórnin skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja virka samkeppni við veitingu á þjónustu hnattræns

eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála og hvetja til þátttöku litilla og meðalstórra fyrirtækja. Framkvæmdastjórnin skal greiða fyrir því að framleiðsluvirði þjónustu hnattræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála sé notað til að þróa geirann á síðari stigum.

2. Veiting þjónustu hnattræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála skal vera dreifstýrð, eftir því sem við á, til að samþætta þær skrár sem eru fyrir hendi um gögn úr geimnum, frá jörðu og tilvísunargögn á evrópskum vettvangi og forðast þannig tvítekingu. Forðast skal öflun nýrra gagna, sem eru tvíteking á heimildum sem eru þegar fyrir hendi, nema notkun fyrirbyggjandi gagnasafna eða gagnasafna sem má uppfæra sé ekki tæknilega möguleg eða kostnaðarhagkvæm.

3. Framkvæmdastjórnin getur, að teknu tilliti til álits notendavettvangsins, skilgreint eða fullgilt viðeigandi málsmeðferðarreglur fyrir vottun á gagnaframleiðslu innan ramma áætlunarinnar um hnattrænt eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála. Þessar málsmeðferðarreglur skulu vera gagnsæjar og unnt skal vera að sannprófa þær og gera úttekt á þeim til að tryggja ósvikni, rekjanleika og heilleika gagna fyrir notandann. Þegar framkvæmdastjórnin gerir samninga við þjónustuveitendur hnattræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála skal hún ganga úr skugga um að þessum málsmeðferðarreglum sé komið í framkvæmd.

4. Framkvæmdastjórnin skal árlega skila skýrslu um þann árangur sem náðst hefur í framkvæmd þessarar greinar.

6. gr.

Fjármögnunarleiðir Evrópusambandsins

1. Fjármögnun Evrópusambandsins getur verið á lagalegu formi sem hér segir:

- framsalssamningar,
- fjárstyrkir,
- samningar um opinber innkaup.

2. Tryggja skal raunverulega samkeppni, gagnsæi og jafna meðferð við veitingu fjármagns frá Sambandinu. Í rökstuddum tilvikum má veita fjárstyrki Sambandsins á sérstöku formi, þ.m.t. rammamningar um samstarf eða sameiginleg fjármögnun fjárstyrkja til rekstrar eða aðgerða. Rekstrarstyrkir til stofnana sem vinna að markmiðum í þágu almennra evrópskra hagsmuna skulu ekki falla undir stíglækkunarákvæði fjárhagsreglugerðarinnar. Þegar um er að ræða fjárstyrki skal hámark sameiginlegrar fjármögnunar ákvarðað í samræmi við stjórnarnefndarmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 16. gr.

3. Framkvæmdastjórnin skal gefa skýrslu um ráðstöfun fjármagns Sambandsins til sérherrar af aðgerðunum sem tilgreindar eru í 1. mgr. 3. gr. og um matsferli og niðurstöður mats á tilboðunum í innkaupin og um samninga sem gerðir eru á grundvelli þessarar greinar eftir gerð samninganna.

7. gr.

Þátttaka þriðju landa

Eftirtalin lönd geta tekið þátt í rekstrartengdu aðgerðunum sem um getur í 3. gr.:

1. Lönd innan Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), sem eru aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu (EES), í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í EES-samningnum.

2. Umsóknarlönd, ásamt hugsanlegum umsóknarlöndum sem taka þátt í ferli til að auka tengsl og stöðugleika í samræmi við rammamasningana eða bókanir við samstarfssamninga um almennar meginreglur um þátttöku í áætlunum Sambandsins sem hafa verið gerðar við þessi lönd.

3. Ríkjasambandið Sviss, önnur þriðju lönd sem ekki eru nefnd í 1. og 2. lið og alþjóðastofnanir, í samræmi við samninga sem Sambandið hefur gert við þessi þriðju lönd eða alþjóðastofnanir skv. 218. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, þar sem mælt er fyrir um skilyrðin fyrir þátttöku þeirra og ítarlegar reglur um hana.

8. gr.

Fjármögnun

1. Fjárhagsramminn, sem er úthlutað til rekstrartengdra aðgerða, sem um getur í 1. mgr. 3. gr., er 107 milljónir evra.

2. Fjárveitingar skulu háðar árlegu samþykki fjárveitingavaldsins og rúmast innan þeirra marka sem mælt er fyrir um í fjárhagsáætluninni til margra ára.

3. Þriðju lönd eða alþjóðastofnanir geta einnig veitt viðbótarfjárframlagi til áætlunarinnar um hnattrænt eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála.

Viðbótarfjárveitingarnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu meðhöndlaðar sem markaðar tekjur í samræmi við 18. gr. fjárhagsreglugerðarinnar.

9. gr.

Gagna- og upplýsingastefna hnattræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála

1. Gagna- og upplýsingastefnan fyrir aðgerðir sem eru fjármagnaðar samkvæmt áætluninni um hnattrænt eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála skal hafa eftirfarandi markmið:

- a) að hvetja til notkunar og samnýtingar á upplýsingum og gögnum hnattræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála,
- b) að fullur og opinn aðgangur sé að upplýsingum sem þjónusta hnattræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála vinnur og sem aflað er um grunnvirki hennar, með

fyrirvara um viðeigandi alþjóðasamninga, öryggistakmarkanir og skilyrði fyrir leyfisveitingum, þ.m.t. skráning notendaleyfa og staðfesting á þeim,

- c) að efla markaði fyrir könnun jarðar í Evrópu, einkum geirann á síðari stigum, með það fyrir augum að vinna að vexti og atvinnusköpun,
- d) að stuðla að sjálfbærni og samfellu í framboði á gögnum og upplýsingum hnattræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála,
- e) að styðja við rannsóknar-, tækni- og nýsköpunarsamfélagið í Evrópu.

2. Í því skyni að sjá fyrir ramma til að tryggja að markmiðinu með gagna- og upplýsingastefnu hnattræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála, sem um getur í b-lið 1. mgr., verði náð, jafnframt því að tryggð sé nauðsynleg vernd upplýsinga sem eru unnar af þjónustu hnattræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála, ásamt gögnum sem safnað er um grunnvirki hans, getur framkvæmdastjórnin, með framseldum gerðum í samræmi við 10. gr. og með fyrirvara um skilyrðin í 11. og 12. gr., samþykkt eftirfarandi ráðstafanir, með tilliti til gagna- og upplýsingastefnu veitenda gagna, sem hnattrænt eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála þarfnast, og með fyrirvara um þau lög og málsmeðferðarreglur í hverju landi sem gilda um grunnvirki undir landsbundinni stjórn í geimnum og á jörðu niðri:

- a) ráðstafanir sem ákvarða skilyrði fyrir skráningu og leyfisveitingum handa notendum hnattræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála,
- b) ráðstafanir til að skilgreina skilyrði fyrir takmörkun á aðgangi að upplýsingum, sem unnar eru af þjónustu hnattræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála, og gögnum sem safnað er um grunnvirki hans.

10. gr.

Beiting framseldra gerða

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til 31. desember 2013 til að samþykkja framseldu gerðirnar sem um getur í 2. mgr. 9. gr.

2. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

3. Framkvæmdastjórninni skal hafa heimild til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í 11. og 12. gr.

*11. gr.***Afturköllun framsals**

1. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 2. mgr. 9. gr.

2. Sú stofnun, sem hafið hefur innri málsmeðferð til að skera úr um hvort afturkalla eigi framsal valds, skal leitast við að upplýsa hina stofnunina og framkvæmdastjórnina um það með hæfilegum fyrirvara áður en endanleg ákvörðun er tekin og tilgreina hvaða vald, sem hefur verið framselt, gæti verið afturkallað og hugsanlegar ástæður fyrir því.

3. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal þeirra valdheimilda sem tilgreindar eru í ákvörðuninni. Skal hún öðlast gildi tafarlaust, eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi. Hún skal birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

*12. gr.***Andmæli við framseldar gerðir**

1. Evrópuþingið eða ráðið geta andmælt framseldri gerð innan tveggja mánaða frá tilkynningardegi.

Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

2. Ef hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt framseldri gerð þegar þetta tímabil rennur út, skal hún birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins og öðlast gildi á þeim degi sem þar er tilgreindur.

Áður en þetta tímabil rennur út má birta framseldu gerðina í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins og hún öðlast gildi ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum.

3. Ef Evrópuþingið eða ráðið andmæla framseldri gerð öðlast hún ekki gildi. Sú stofnun sem andmælir framseldu gerðinni skal tilgreina ástæðurnar fyrir því.

13. gr.

Framkvæmdarráðstafanir varðandi gagna- og upplýsingastefnu og um stjórnunarhætti vegna öryggis búnaðar og upplýsinga hnattræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála

1. Framkvæmdastjórnin skal á grundvelli viðmiðanna, sem um getur í b-lið 2. mgr. 9. gr., samþykkja sértækar ráðstafanir í samræmi við reglunefndarmeðferðina, sem um getur í 3. mgr. 16. gr., til þess að takmarka aðgang að upplýsingum sem

eru unnar af þjónustu hnattræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála og gögnum sem safnað er gegnum grunnvirki eftirlitsins.

2. Framkvæmdastjórnin skal tryggja heildarsamræmingu með tilliti til öryggis búnaðar og þjónustu hnattræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála, að teknu tilliti til nauðsynlegs eftirlits og samþættingar öryggiskrafna allra eininga, með fyrirvara um lög og málsmeðferðarreglur sem gilda í hverju landi um sig um grunnvirki undir landsbundinni stjórn í geimnum og á jörðu niðri. Framkvæmdastjórnin skal einkum samþykkja ráðstafanir, í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 16. gr., þar sem mælt er fyrir um tæknilegar kröfur til að tryggja helleika kerfisins og eftirlit með því innan áætlunar hnattræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála um búnað til notkunar í geimnum og hafa eftirlit með aðgangi að og meðferð þeirrar tækni sem er notuð til að tryggja öryggi þessarar áætlunar.

*14. gr.***Eftirlit og mat**

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa eftirlit með framkvæmd rekstrartengdra aðgerða sem um getur í 1. mgr. 3. gr. og leggja mat á þær.

2. Framkvæmdastjórnin skal leggja bráðabirgðamatsskýrslu fyrir Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina eigi síðar en 31. desember 2012 og eftirámatsskýrslu eigi síðar en 31. desember 2015.

*15. gr.***Framkvæmdarráðstafanir**

1. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja árlegu vinnu-áætlunina í samræmi við 110. gr. fjárhagsreglugerðarinnar og 90. og 166. gr. framkvæmdastjórnarinnar (EB, KBE) nr. 2342/2002 frá 23. desember 2002, þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna⁽¹⁾, í samræmi við stjórnar-nefndarmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 16. gr. þessarar reglugerðar.

2. Fjáruthlutun vegna áætlunarinnar um hnattrænt eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála getur einnig náð yfir útgjöld í tengslum við aðgerðir er varða undirbúning, eftirlit, endurskoðun og mat, sem er beinlínis nauðsynlegt við stjórnun áætlunarinnar um hnattrænt eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála og til að ná markmiðum hennar, einkum aðgerðir er varða rannsóknir, fundi, upplýsingar og útgáfu, ásamt útgjöldum vegna annars stuðnings er varðar stjórnsýslu og tæknimál sem framkvæmdastjórnin stofnar til í sambandi við stjórnun áætlunarinnar um hnattrænt eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 357, 31.12.2002, bls. 1.

*16. gr.***Nefnd um hnattrænt eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála**

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar („nefnd um hnattrænt eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála“).
2. Nefndinni um hnattrænt eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála er heimilt að koma saman í sérstökum samsetningum til að fjalla um tiltekin mál, einkum þau sem snúast um öryggismál („öryggisnefndin“).
3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.
Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera tveir mánuðir.
4. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda 4. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.
Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera tveir mánuðir.
5. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

*17. gr.***Notendavettvangur**

1. Hér með er notendavettvanginum komið á fót sem sérstökum aðila. Hann skal vera framkvæmdastjórninni til ráðgjafar að því er varðar skilgreiningu og fullgildingu á þörfum notenda og samhæfingu á áætluninni um hnattrænt eftirlit vegna umhverfis- og öryggiseftirlitmála við notendur hans hjá hinu opinbera.
2. Framkvæmdastjórnin skal fara með formennsku notendavettvangsins. Hann skal samanstanda af notendum hnattræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála hjá hinu opinbera sem eru tilnefndir af aðildarríkjunum.

3. Framkvæmdastjórnin skal sjá notendavettvanginum fyrir skrifstofu.
4. Notendavettvangurinn setur sér starfsreglur.
5. Nefndin um hnattrænt eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála skal að fullu upplýst um ráðleggingar notendavettvangsins um framkvæmd áætlunarinnar um hnattrænt eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála.

*18. gr.***Verndun fjárhagslegra hagsmuna Evrópusambandsins**

1. Þegar aðgerðum, sem eru fjármagnaðar samkvæmt þessari reglugerð, er hrundið í framkvæmd skal framkvæmdastjórnin tryggja að fjárhagslegra hagsmuna Evrópusambandsins sé gætt með ráðstöfunum til að koma í veg fyrir svik, spillingu og annað ólöglegt athæfi, með árangursríku eftirliti og með endurheimt fjárhæða, sem hafa verið greiddar á óréttmætan hátt, og, ef vart verður við misfellur, með viðurlögum sem eru árangursrík, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi, í samræmi við reglugerð (EB, KBE) nr. 2988/95, reglugerð (KBE, EB) nr. 2185/96 og reglugerð (EB) nr. 1073/1999.
2. Að því er varðar aðgerðir Sambandsins, sem eru fjármagnaðar samkvæmt þessari reglugerð, skal hugtakið misfella, sem um getur í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar (EB, KBE) nr. 2988/95, merkja hvers konar brot á ákvæðum laga Sambandsins eða hvers kyns brot á samningsskyldum sem leiða af athöfnum eða athafnaleysis rekstraraðila, sem hefur eða getur haft þau áhrif að tefla fjárlögum Evrópusambandsins í tvísýnu með óréttmætum útgjaldalið.
3. Samningar, sem leiða af þessari reglugerð, þ.m.t. samningar sem gerðir eru við þriðju lönd og alþjóðastofnanir, sem taka þátt, skulu hafa að geyma ákvæði um eftirlit og fjármálastjórn af hálfu framkvæmdastjórnarinnar eða réttbærra fulltrúa hennar og um endurskoðun af hálfu endurskoðunar-réttarins, á staðnum ef nauðsyn krefur.

*19. gr.***Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 22. september 2010.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

J. BUZEK

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

O. CHASTEL

forseti.

VIÐAUKI

MARKMIÐ UPPHAFAÐGERÐA HNATTRÆNS EFTIRLITS VEGNA UMHVERFIS- OG ÖRYGGISMÁLA (2011–2013)

Rekstrartengdu aðgerðirnar, sem um getur í 1. mgr. 3. gr., skulu stuðla að því eftirfarandi markmið náist:

1. Neyðarviðbragðáþjónusta, sem byggist á fyrirliggjandi starfsemi í Evrópu, skal tryggja að gögn um könnun jarðar og afleiddar afurðir séu gerðar aðgengilegar aðilum sem vinna að neyðarviðbrögðum á alþjóðlegum, evrópskum, landsbundnum og svæðisbundnum vettvangi svo þeir geti tekist á við mismunandi tegunda hamfara, þ.m.t. veðurfarsleg hættu (s.s. stormar, eldar og flóð), jarðeðlisfræðileg hættu (s.s. jarðskjálftar, skjálftaflóðbylgjur, eldgos og skriðuhlaup), hamfarir af mannavöldum af ásetningi eða af slysi og önnur vá sem ógnar mönnum. Þar sem loftslagsbreytingar gætu leitt til fjölgunar neyðartilvika verða neyðarviðbrögð hnattræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála mikilvæg til að styðja við aðlögunarráðstafanir vegna loftslagsbreytinga, sem hluti af aðgerðum í Evrópu til að fyrirbyggja þær, auka viðbúnað vegna þeirra, skipuleggja viðbrögð við þeim og koma ástandinu í eðlilegt horf.
2. Þjónusta við vöktun lands skal tryggja að gögn um könnun jarðar og afleiddar afurðir séu gerðar aðgengilegar yfirvöldum á evrópskum, landsbundnum, svæðisbundnum alþjóðlegum vettvangi, sem bera ábyrgð á allt frá hnattrænni til staðbundinnar umhverfislegrar vöktunar á líffræðilegri fjölbreytni, jarðvegi, vatni, skógum og auðlindum hvers lands um sig, sem og í tengslum við almenna framkvæmd á stefnum í umhverfismálum, söfnun landfræðilegra upplýsinga, landbúnað, orku, borgarskipulag, grunnvirki og flutningastarfsemi. Vöktun á breytum sem tengjast loftslagsbreytingum skal teljast til þjónustu við vöktun á landi.
3. Þjónusta við vöktun sjávar skal veita upplýsingar um eðlisfræðilegt ástand vistkerfa úthafs og sjávar, jafnt fyrir úthöf heimsins sem og evrópsk svæði. Meðal sviðanna sem þjónusta hnattræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála tengd sjávarútvegi og siglingum nær til eru öryggi á hafinu, sjávarumhverfi og strandsvæði, auðlindir sjávar, ásamt árstíðabundnum veðurspám og vöktun á loftslagi.
4. Umhverfisþjónusta í tengslum við andrúmsloft skal tryggja vöktun á loftgæðum á evrópska visu og efnasamsetningu andrúmsloftsins á heimsvísu. Hún skal einkum veita upplýsingar vegna vöktunar á loftgæðum á staðbundnum og landsbundnum vettvangi og skal stuðla að eftirliti með loftslagsbreytum sem tengjast efnafræði andrúmsloftsins.
5. Öryggisþjónusta skal veita gagnlegar upplýsingar til stuðnings þeim áskorunum sem Evrópa stendur frammi fyrir á sviði öryggismála, einkum við landamæravörslu, eftirlit á sjó og stuðning við aðgerðir Sambandsins gagnvart ríkjum utan þess.
6. Vöktun á loftslagsbreytingum ætti að gera aðlögun að áhrifum þessara breytinga mögulega og draga úr þeim. Henni er einkum ætlað að vera framlag til að útvega mikilvægar loftslagsbreytur, greina loftslag og framkvæma spár í stærðargráðu sem skiptir máli fyrir aðlögun og til að draga úr áhrifum, ásamt því að inna af hendi viðkomandi þjónustu.
7. Ráðstafanir til að styðja við að notendur taki upp þjónustu skulu fela í sér að taka í notkun tæknilega skilfleti sem eru aðlagðir að sértæku notendumhverfi, þjálfun, boðskiptum og þróun geirans á síðari stigum.
8. Aðgangur að gögnum skal tryggja að gögnum um könnun jarðar úr margs konar evrópskum verkefnum og frá annars konar könnunargrunnvirkjum sé safnað og þau gerð aðgengileg til þess að ná markmiðum hnattræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála.
9. Búnaðurinn á jörðu niðri skal tryggja samræmingu gagna sem safnað er á jörðu niðri og að þjónusta hnattræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála hafi aðgang að gögnum á jörðu niðri.
10. Upphafsaðgerðir hnattrænt eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála skulu tryggja að rekstur og þróun búnaðar þess til notkunar í geimnum, sem samanstendur af grunnvirki í geimnum til að kanna jörð og er ætlað að tryggja könnun á undirkerfum jarðar (þ.m.t. yfirborð lands, andrúmsloft og úthöf). Upphafsaðgerðir hnattræns eftirlits vegna umhverfis- og öryggismála skulu styðjast við landsbundin og evrópsk grunnvirki sem þegar eru til staðar eða fyrirhuguð og grunnvirki í geimnum sem hafa verið þróuð innan áætlunarinnar um búnað til notkunar í geimnum fyrir hnattrænt eftirlit vegna umhverfis- og öryggismála.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1031/2010

2012/EES/59/44

frá 12. nóvember 2010

um tímasetningu, stjórnun og aðra þætti í tengslum við uppboð á heimildum til losunar gróðurhúsalofttegunda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

kolefnisverðeikni til að ná megi fram minnkun á losun gróðurhúsalofttegunda með sem minnstum tilkostnaði. Uppboðsleiðin ætti að styðja slíkt kolefnisverðeikni og styrkja það.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 3. gr. d og 4. mgr. 10. gr.,

- 2) Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB er aðildarríkjunum skylt að bjóða upp losunarheimildir sem falla undir III. kafla þeirrar tilskipunar og er ekki úthlutað án endurgjalds. Þannig ber aðildarríkjunum að bjóða upp losunarheimildir sem ekki er úthlutað án endurgjalds. Þau mega hvorki nota aðrar aðferðir við úthlutun né halda eftir eða fella úr gildi losunarheimildir, sem ekki er úthlutað án endurgjalds, í stað þess að bjóða þær upp.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun 2003/87/EB var endurskoðuð og henni breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/101/EB frá 19. nóvember 2008 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB þannig að kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda í Bandalaginu ⁽²⁾ taki einnig til flugstarfsemi og með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/29/EB frá 23. apríl 2009 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB til að bæta og víkka út kerfi Bandalagsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda ⁽³⁾. Ein af umbótunum, sem ákveðnar voru við endurskoðunina á tilskipun 2003/87/EB, var sú að grundvallarreglan við úthlutun skyldi vera að halda uppboð, þar sem það er einfaldasta aðferðin og almennt talin sú sem er efnahagslega skilvirkust til þess. Skilvirkni losunarviðskiptakerfisins veltur á skýru

- 3) Í 4. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB er mælt fyrir um ýmis markmið í tengslum við uppboðsferlið. Ferlið þarf að vera fyrirsjáanlegt, einkum að því er varðar tímasetningu og röðun uppboða og áætlaðan fjölda losunarheimilda sem verða til ráðstöfunar. Uppboð skulu vera þannig útfærð að tryggt sé að lítil og meðalstór fyrirtæki, sem losunarviðskiptakerfið nær til, hafi öll óhindraðan, sanngjarnan og jafnan aðgang, að smálosendum (e. small emitters) sé veittur aðgangur, þátttakendur hafi aðgang að upplýsingum á sama tíma, að þátttakendur grafi ekki undan framvindu uppboðanna og að skipulagning og þátttaka í uppboðum sé kostnaðarhagkvæm og að komið sé í veg fyrir óþarfa umsýslukostnað.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 302, 18.11.2010, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2012 frá 26. júlí 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 275, 25.10. 2003, bls. 32.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 8, 13.1.2009, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 63.

- 4) Þessi markmið skulu túlkuð í samhengi við hinn almenna tilgang endurskoðunarinnar á tilskipun 2003/87/EB, sem m.a. felst í aukinni samhæfingu, að forðast sé að að röskun verði á samkeppni og að fyrirsjáanleiki verði meiri, og þetta ætti allt að styrkja kolefnisverðteiknið og minnka þannig losun gróðurhúsalofttegunda með sem minnstum tilkostnaði. Aukið átak til að minnka losun kallar reyndar á svo mikla efnahagslega skilvirkni sem unnt er að ná og byggist á fullkomlega samræmdum skilyrðum fyrir úthlutun innan Bandalagsins.
- 5) Í 1. mgr. 3. gr. d í tilskipun 2003/87/EB er kveðið á um að bjóða skuli upp 15% af losunarheimildum, sem falla undir II. kafla þeirrar tilskipunar á tímabilinu frá 1. janúar 2012 til 31. desember 2012, en í 2. mgr. 3. gr. d er kveðið á um að bjóða skuli upp sama hlutfall losunarheimilda, sem falla undir II. kafla tilskipunar 2003/87/EB, á tímabilinu frá og með 1. janúar 2013. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. d skal samþykka reglugerð sem inniheldur ítarleg ákvæði um uppboð aðildarríkja á losunarheimildum sem falla undir II. kafla og sem ekki er skylt að gefa út án endurgjalds í samræmi við 1. og 2. mgr. 3. gr. d eða 8. mgr. 3. gr. f í tilskipun 2003/87/EB.
- 6) Samkvæmt álit meirihluta hagsmunaaðilanna sem tóku þátt í viðræðufundum fyrir samþykkt þessarar reglugerðar, álit mikils meirihluta aðildarríkjana og matinu á áhrifum sem framkvæmdastjórnin gerði verður almennum markmiðum endurskoðunarinnar á tilskipun 2003/87/EB best náð með sameiginlegu grunnvirki fyrir uppboð þar sem sameiginlegur uppboðsvettvangur er nýttur til að halda þau. Með slíkri nálgun má forðast hvers kyns röskun á innri markaðnum. Þannig næst efnahagsleg skilvirkni best auk þess sem unnt er að úthluta losunarheimildum með uppboðum á grundvelli fullkomlega samræmdra skilyrða innan Sambandsins. Enn fremur er uppboðshald á sameiginlegum uppboðsvettvangi best til þess fallið að styrkja kolefnisverðteiknið sem rekstraraðilar þurfa til að geta tekið þær ákvarðanir um fjárfestingar sem nauðsynlegar eru til að draga megi úr losun gróðurhúsalofttegunda með sem minnstum tilkostnaði.
- 7) Samkvæmt álit meirihluta hagsmunaaðilanna sem tóku þátt í viðræðufundum fyrir samþykkt þessarar reglugerðar, álit mikils meirihluta aðildarríkjana og matinu á áhrifum sem framkvæmdastjórnin gerði verður markmiðunum í 4. mgr. 10. gr. í tilskipun 2003/87/EB einnig best náð með sameiginlegu grunnvirki fyrir uppboð þar sem sameiginlegur uppboðsvettvangur er nýttur til að halda þau. Slík nálgun er kostnaðarhagkvæmasta leiðin til að bjóða upp losunarheimildir án óþarfa stjórnsýsluþyrði sem myndi skapast vegna notkunar margra grunnvirkja fyrir uppboð. Þannig er best hægt að bjóða upp á opinn og gagnsæjan aðgang að uppboðunum sem er án mismununar, bæði að lögum og í reynd. Slík sameiginleg stefna mundi tryggja fyrirsjáanleika í uppboðsalmanakinu og hún er best fallin til að auka skýrleika kolefnisverðteiknisins. Sameiginlegt grunnvirki fyrir uppboð er sérstaklega mikilvægt til að hægt sé að bjóða upp á jafnan aðgang fyrir öll lítil og meðalstór fyrirtæki sem falla undir losunarviðskiptakerfið og aðgang fyrir smálosendur. Reyndar yrði kostnaðurinn við að kynna sér fleiri en einn uppboðsvettvang, skrá sig þar og taka þátt í honum sérstaklega íþyngjandi fyrir slík fyrirtæki. Sameiginlegur uppboðsvettvangur greiðir fyrir því að þátttaka innan Sambandsins sé eins viðtæk og unnt er og er þannig besta leiðin til að draga úr áhættunni á því að þátttakendur grafi undan uppboðunum með því að nota þau til peningaþvættis, fjármögnunar hryðjuverka, glæpastarfsemi eða markaðssvika.
- 8) Til að draga úr áhættunni á því að samkeppni á kolefnismarkaðnum minnki er í þessari reglugerð hins vegar kveðið á um þann möguleika að aðildarríki geti valið að taka ekki þátt í sameiginlega uppboðsvettvanginum með því að tilnefna eigin uppboðsvettvang, að því tilskildu að slíkir séruppboðsvettvangar séu skráðir í viðauka við þessa reglugerð. Slík skráning skal byggjast á tilkynningu tilnefningaraðildarríkisins um séruppboðsvettvanginn til framkvæmdastjórnarinnar. Hins vegar bendir þessi möguleiki óhjákvæmilega til þess að uppboðsferlið sé ekki að fullu samhæft og því skal endurskoða fyrirkomulagið sem komið er á með þessari reglugerð innan fimm ára frá því að það er tekið upp, í samráði við hagsmunaaðila, með það í huga að gera þær breytingar sem kunna að þykja nauðsynlegar í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur. Í kjölfar viðtöku tilkynningar frá aðildarríki um að það hafi kosið að nota séruppboðsvettvang skal framkvæmdastjórnin sjá til þess að sá séruppboðsvettvangur verði skráður án óþarfrar tafar.
- 9) Þar að auki skal aðildarríki geta óskað eftir því að uppboðsvaktari taki saman skýrslu um starfsemi uppboðsvettvangsins sem það hyggst tilnefna, t.d. þegar verið er að undirbúa breytingar á þessari reglugerð til að skrá þar sérvettvanga. Enn fremur skal uppboðsvaktari fylgjast með því hversu vel allir uppboðsvettvangar samræmast þessari reglugerð og markmiðunum í 4. mgr. 10. gr. reglugerðar 2003/87/EB og greina aðildarríkjunum, framkvæmdastjórninni og viðkomandi uppboðsvettvangi frá því. Slíkt eftirlit skal m.a. ná til þeirra áhrifa sem uppboðin hafa á markaðsstöðu uppboðsvettvanganna á eftirmarkaði. Til að varna því að aðildarríki festist við einhvern uppboðsvettvang lengur en tilnefning hans stendur skulu allir samningar um tilnefningu á uppboðsvettvangi hafa að geyma viðeigandi ákvæði sem skylda uppboðsvettvang til að afhenda allar efnislegar og óefnislegar eignir sem nauðsynlegar eru til að uppboðsvettvangurinn, sem tekur við af honum, geti haldið uppboðin.

- 10) Kostirnir sem teknir eru varðandi fjölda uppboðsvettvanga og hvers konar einingar geta orðið uppboðsvettvangur renna stöðum undir ákvæðin sem samþykkt eru með þessari reglugerð að því er varðar fyrirsjáanlegt uppboðsalmanak, sem og ráðstafanir vegna aðgangs að uppboðunum, útfærslu uppboðanna og ákvæði um umsjón með tryggingum, greiðslum og afhendingu og um eftirlit með uppboðunum. Framkvæmdastjórnin gæti ekki samþykkt slík ákvæði í fullsamræmdri reglugerð án vitneskju um fjölda uppboðsvettvanga og sértæka getu þeirrar einingar sem valin er til að halda uppboðin. Því byggjast þær ráðstafanir, sem samþykktar eru með þessari reglugerð, á uppboðum sem haldin eru á sameiginlegum uppboðsvettvangi og jafnframt er gert ráð fyrir málsmeðferð til að staðfesta fjölda og gæði annarra uppboðsvettvanga sem aðildarríki kunna að ákveða að nota.
- 11) Í ljósi þeirra takmarkana, sem tilgreindar eru í 10. forsendu, þykir rétt að skráning séruppboðsvettvanga í viðauka við þessa reglugerð verði háð skilyrðum eða skuldbindingum. Skráning séruppboðsvettvangs í viðauka við þessa reglugerð er með fyrirvara um vald framkvæmdastjórnarinnar til að leggja til afskráningu uppboðsvettvangs, sérstaklega ef ákvæði þessarar reglugerðar eða markmiðin í 4. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB eru ekki virt. Ef skráning hefur ekki farið fram skal aðildarríkið, sem stendur að uppboðinu, bjóða losunarheimildir sínar upp á sameiginlega uppboðsvettvangnum. Framkvæmdastjórnin skal kveða á um, í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar sem samþykkt er skv. 3. mgr. 19. gr. tilskipunar 2003/87/EB, ráðstafanir til að stöðva tímabundið framkvæmd ferla er varða uppboð á losunarheimildum undir kringumstæðum þar sem séruppboðsvettvangurinn virðir ekki ákvæði þessarar reglugerðar eða markmiðin í 4. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB.
- 12) Framkvæmdastjórnin skal meta ítarlegu ákvæðin um uppboðsferlið sem halda á á séruppboðsvettvanginum og hafa um þau samráð við nefndina sem um getur í 3. mgr. 23. gr. tilskipunar 2003/87/EB í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem kveðið er á um í 4. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB. Slíkt mat er nauðsynlegt til að tryggja að tilnefning séruppboðsvettvangsins, sem hvert aðildarríki er kýs að taka ekki þátt framkvæmir á landsvísu, sé athuguð af sömu nákvæmni og tilnefning sameiginlega uppboðsvettvangsins samkvæmt sameiginlegu aðgerðinni sem kveðið er á um í þessari reglugerð. Aðildarríki, sem taka þátt í sameiginlegum innkaupum á sameiginlega uppboðsvettvanginum, munu gera það ásamt framkvæmdastjórninni sem kemur að öllu ferlinu. Enn fremur verður aðildarríkjum, sem kjósa að taka ekki þátt, veitt staða áheyrnarfulltrúa við sameiginlega innkaupaferlið með fyrirvara um viðeigandi skilmála og skilyrði, sem framkvæmdastjórnin og aðildarríkin, sem taka þátt í innkaupaferlinu, koma sér saman um.
- 13) Þessi reglugerð gildir um uppboð á losunarheimildum sem falla undir II. og III. kafla tilskipunar 2003/87/EB frá og með 1. janúar 2012 og 1. janúar 2013, í sömu röð. Hún gildir einnig um uppboð á öllum losunarheimildum sem falla undir III. kafla tilskipunar 2003/87/EB fyrir tímabilið sem hefst 2013, sé það nauðsynlegt til að tryggja að kolefnis- og raforkumarkaðarnir starfi vel.
- 14) Með skírskotun til einfaldleika og góðs aðgengis skulu losunarheimildirnar, sem boðnar eru upp, vera tilbúnar til afhendingar eigi síðar en innan fimm viðskiptadaga. Svona stuttur afhendingarfrestur mun takmarka hugsanleg neikvæð áhrif á samkeppni á milli uppboðsvettvanga og viðskiptatorga á eftirmarkaðnum með losunarheimildir. Enn fremur er stuttur afhendingarfrestur einfaldari, hann hvetur til viðtækrar þátttöku og dregur þannig úr áhættunni á markaðsvikum og tryggir betra aðgengi lítilla og meðalstórra fyrirtækja, sem falla undir kerfið, og smálosenda. Fremur en að bjóða upp á framvirka samninga og framtíðarsamninga á uppboðunum er það markaðarins að bjóða upp á hagstæðar lausnir til að bregðast við kröfunni um afleiður losunarheimilda (e. allowance derivatives). Rétt þykir að kveða á um val milli staðgreiðslusamnings með tveggja daga afhendingarfresti (e. two-day spot) og framtíðarsamnings til fimm daga (e. five-day futures) í ferlinu við að tilnefna uppboðsvettvanginn til að meta bestu lausnina í vali á ákjósanlegustu uppboðsvörnum. Þótt staðgreiðslusamningur með tveggja daga afhendingarfresti sé ekki fjármálagerningur samkvæmt löggjöf Sambandsins um fjármálamarkaði eru framtíðarsamningar til fimm daga fjármálagerningar í skilningi reglna Sambandsins um fjármálamarkaði.
- 15) Valið um hvort uppboðsvaran skuli vera fjármálagerningur eða ekki skal vera hluti af málsmeðferðinni við val á uppboðsvettvangi og skal grundvallast á heildarmati á kostnaði og ávinningi þeirra lausna sem umsækjendur, sem taka þátt í samkeppnisferlinu um innkaupin, bjóða upp á. Mat þetta skal nánar tiltekið varða kostnaðarhagkvæmni, jafnan aðgang fyrir öll lítil og meðalstór fyrirtæki, sem falla undir kerfið, og smálosendur, fullnægjandi vernd og markaðseftirlit.
- 16) Svo lengi sem lagaleg og tæknileg úrræði, sem nauðsynleg eru til að afhenda megi losunarheimildir, eru ekki fyrir hendi þykir rétt að kveða á um aðrar leiðir til að bjóða upp losunarheimildir. Í þessu skyni er í þessari reglugerð kveðið á um möguleikann á að bjóða upp framtíðarsamninga og framvirka samninga með afhendingu eigi síðar en 31. desember 2013. Slíkir framtíðarsamningar og framvirkir samningar eru fjármálagerningar sem veita bæði uppboðshaldaranum og bjóðendunum vernd sem er hliðstæð þeirri sem þeim býðst innan reglurammans sem gildir um fjármálamarkaði. Að því er varðar þessa reglugerð er munurinn á framtíðarsamningum og framvirkum samningum sá að þeir fyrrnefndu eru háðir síðari kröfum um tryggingarfé í reiðufé og hinir síðarnefndu síðari kröfum um tryggingarfé með tryggingu sem ekki er í reiðufé. Rétt þykir að gefa aðildarríkjunum kost á að velja hvora vörutegundina þau nota í uppboðum sínum á

losunarheimildum í samræmi við ákvæði um þá tryggingarþekju sem best hentaði fjárlagastöðu þeirra. Ef nauðsynlegt væri að grípa til annarra aðferða við að bjóða upp losunarheimildir yrðu framtíðarsamningar og framvirkir samningar boðnir upp til bráðabirgða á einum eða tveimur uppboðsvettvöngum.

17) Með tilliti til óska um einfaldleika, sanngirni og kostnaðarhagkvæmni og þarfarinnar fyrir að draga úr áhættunni á markaðssvikum skal halda uppboð í einni umferð með innsigliðum tilboðum og samræmdu verði. Enn fremur skal velja úr jafnháum tilboðum með handahófsaðferð, þar eð það skapar óvissu fyrir bjóðendur og torveldar verðsamráð. Búast má við að uppboðsverðið fylgi náði ríkjandi verði á eftirmarkaðnum en uppboðsverð sem er umtalsvert lægra en ríkjandi verð á eftirmarkaðnum er líklega vísbending um ágalla á uppboðinu. Ef slíkt uppboðsverð fær að gilda getur það raskað kolefnisverðteikninu, valdið rökun á kolefnismarkaðnum og þá yrði ekki tryggt að bjóðendur greiddu sanngjarnt verð fyrir losunarheimildirnar. Í slíkum tilvikum skal því hætta við uppboðið.

18) Tiltölulega tíð uppboð eru ákjósanleg til að takmarka áhrif þeirra á starfsemi eftirmarkaðarins en jafnframt þurfa þau að vera svo stór að þátttaka í þeim verði næg. Tiltölulega tíð uppboð draga úr hættu á markaðssvikum þar eð þau minnka þau verðmæti sem eru í veði fyrir bjóðendur á hverju uppboði og auka sveigjanleika þeirra til að notfæra sér síðari uppboð til að aðlagja viðskiptastöðu sína. Því skal í þessari reglugerð kveðið á um tíðni uppboða fyrir losunarheimildir, sem falla undir III. kafla tilskipunar 2003/87/EB, þannig að þau verði a.m.k. vikulega. Í ljósi þess að mun færri losunarheimildir falla undir II. kafla sömu tilskipunar skal halda uppboð á þeim losunarheimildum a.m.k. annan hvern mánuð.

19) Til að gera eftirmarkaðinn fyrirþáanlegan skal í þessari reglugerð kveðið á um eftirfarandi reglur og málsmeðferðir. Í fyrsta lagi skal kveðið á um ákvörðun þess fjölda losunarheimilda sem bjóða skal upp 2011 og 2012 svo fljótt sem það er raunhæft eftir samþykkt þessarar reglugerðar. Sá fjöldi, sem þannig er ákvarðaður, skal skráður í viðauka við þessa reglugerð, auk þess sem þar skal tekið fram í formi hvernig uppboðsvara fjöldinn verður boðinn upp. Í öðru lagi skal kveða á um skýrar og gagnsæjar reglur til að ákvarða þann fjölda losunarheimilda sem bjóða skal upp á hverju ári þaðan í frá. Í þriðja lagi skulu þar koma fram reglur og málsmeðferðir til að ákvarða nákvæmt uppboðsalmanak fyrir hvert almanaksár með öllum nauðsynlegum upplýsingum fyrir hvert uppboð um sig með góðum fyrirvara áður en viðkomandi almanaksár

hefst. Einungis skal vera hægt að gera síðari breytingar á uppboðsalmanakinu í tiltölulega fáum, nánar tilgreindum tilvikum. Allar leiðréttingar skulu gerðar þannig að þær hafi sem minnst áhrif á fyrirsjáanleika uppboðsalmanaksins.

20) Sá fjöldi, sem boðinn er upp á hverju ári, skal almennt vera jafn þeim fjölda losunarheimilda sem úthlutað er á því ári. Þær losunarheimildir, sem falla undir III. kafla tilskipunar 2003/87/EB og á að bjóða upp 2011 og 2012, eru undantekning frá þessu. Vegna væntanlegs fjölda losunarheimilda, sem geymdar eru frá öðru viðskiptatímabili yfir á það þriðja, fjölda eininga vottaðrar losunarskerðingar (CER), sem búist er við að verði til ráðstöfunar, og þess fjölda losunarheimilda, sem búist er við að verði seldur skv. 8. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, er rétt að bregðast við áhrifunum af „snemmsettum uppboðum“ á árinu 2011 og 2012 með því að endurskipuleggja þann fjölda losunarheimilda sem bjóða á upp 2013 og 2014.

21) Í samræmi við eftirspurnina á eftirmarkaðnum skal dreifa þeim fjölda losunarheimilda, sem bjóða á upp á hverju ári, jafnt yfir árið.

22) Frjáls aðgangur er nauðsynlegur til að hvetja til þátttöku og tryggja þannig samkeppni við uppboðin. Á sama hátt er traust á heilleika uppboðsferlisins, einkum gagnvart þátttakendum sem reyna að brensla uppboðin með því að nota þau sem tæki fyrir peningþvætti, fjármögnun hryðjuverka, glæpastarfsemi eða markaðssvik, ein forsenda þess að tryggja megi uppboðsþátttöku og samkeppni við uppboð. Til að tryggja heilleika uppboðanna skal aðgangur að uppboðunum vera háður lágmarkskröfum um viðunandi könnun á áreiðanleika viðskiptamanna. Til að tryggja kostnaðarhagkvæmni slíkra kannana skal hæfi til að sækja um aðgang að uppboðunum miðast við auðgreinanlega, vel skilgreinda flokka þátttakenda, einkum rekstraraðila staðbundinna stöðva og umráðendur loftfara, sem falla undir kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda sem og lögvernduð fjármálafyrirtæki, s.s. fjárfestingarfyrirtæki og lánastofnanir. Einnig skulu hópar rekstraraðila eða umráðenda loftfara, s.s. sameignarfélög, samrekstrarfélög og fyrirtækjasamtök, sem koma fram sem umbósaðilar fyrir hönd meðlima sinna, vera hæfir til að sækja um leyfi til að leggja tilboð beint fram á uppboðum. Það er því skynsamlegt að takmarka í fyrstu réttinn til að sækja um aðgang að uppboðunum, en án þess að útiloka möguleikann á að opna aðgang að uppboðunum fyrir fleiri flokka þátttakenda í ljósi fenginnar reynslu af uppboðunum eða að lokinni athugun framkvæmdastjórnarinnar skv. 1. lið a í 12. gr. tilskipunar 2003/87/EB á því hvort markaðurinn fyrir losunarheimildir njóti nægilegrar verndar gegn markaðssvikum.

- 23) Til að auka réttaröryggi skal í þessari reglugerð auk þess kveða á um að viðeigandi ákvæði í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB frá 26. október 2005 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis og til fjármögnunar hryðjuverkamanna⁽¹⁾ nái til uppboðsvettvangsins. Þetta er sérstaklega mikilvægt með tilliti til þeirrar staðreyndar að uppboðsvettvangurinn verður að vera opin, ekki bara fyrir fjárfestingarfyrirtæki og lánastofnanir heldur einnig fyrir rekstraraðila og umráðendur loftfara, sem og aðra aðila sem hafa heimild til að gera tilboð fyrir eigin reikning og fyrir hönd annarra sem ekki falla undir tilskipun 2005/60/EB.
- 24) Með þessari reglugerð skal bjóða þátttakendum upp á val á milli beins aðgangs að uppboðunum, annaðhvort um Netið eða með sérhæfðri tengingu, með milligöngu viðurkenndra, fjárhagslegra milliliða sem eru undir eftirliti eða annarra aðila sem hafa heimild frá aðildarríkjunum til að gera tilboð fyrir eigin reikning eða fyrir hönd viðskiptavina í aðalstarfsemi þeirra, ef aðalstarfsemi þeirra er ekki útvegur á fjárfestingum eða bankaþjónusta, svo fremi þessir aðrir aðilar fylgi ráðstöfunum til verndar fjárfestingum og ráðstöfunum til könnunar á áreiðanleika viðskiptamanna sem eru sambærilegar við þær sem gilda um fjárfestingarfyrirtæki.
- 25) Tilgangurinn með því að bæta aðilum, sem aðildarríkin hafa viðurkennt, við á skrána yfir þá aðila sem hafa rétt til að sækja leyfi til að leggja tilboð beint fram á uppboðum er að opna fyrir óbeinan aðgang fyrir rekstraraðila og umráðendur loftfara, ekki aðeins með milligöngu fjárhagslegra milliliða heldur einnig í gegnum aðra milliliði sem þeir eru þegar í viðskiptasambandi við, s.s. orku- eða eldsneytisbirgja sem eru undanþegnir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE⁽²⁾ skv. i-lið 1. mgr. 2. gr. þeirrar tilskipunar.
- 26) Með tilliti til réttarvissu og gagnsæis skulu koma fram í reglugerðinni ítarleg ákvæði um aðra þætti uppboðshalds, s.s. hversu mikið er boðið upp í einu lagi, möguleika á að draga tilboð til baka eða breyta tilboðum sem lögð hafa verið inn, hvaða gjaldmiðlar eru notaðir í tilboðum og tilhögun á greiðslu, framlagningu og vinnslu umsókna um leyfi til að leggja tilboð beint fram á uppboðum, sem og um synjun, afturköllun eða tímabundna sviptingu aðgangs.
- 27) Hvert aðildarríki skal tilnefna uppboðshaldara sem ber ábyrgð á uppboðum á losunarheimildum fyrir hönd þess aðildarríkis sem tilnefnir hann. Uppboðsvettvangurinn skal einungis bera ábyrgð á framkvæmd uppboðanna. Fleiri en eitt aðildarríki skal geta tilnefnt sama uppboðshaldarann. Uppboðshaldarinn skal koma fram á sjálfstæðan hátt fyrir hönd hvers tilnefningaraðildarríkis. Hann ber ábyrgð á að bjóða upp losunarheimildirnar á uppboðsvettvanginum og taka við tekjum af uppboðum fyrir hönd hvers tilnefningaraðildarríkis og greiða út til þess ríkis. Nauðsynlegt er að samningurinn eða samningarnir á milli aðildarríkjanna og uppboðshaldara þeirra samrýmist samningnum eða samningunum á milli uppboðshaldarans og uppboðsvettvangsins og ef ágreiningur kemur upp gildir síðarnefndi samningurinn.
- 28) Enn fremur er nauðsynlegt að uppboðshaldari, sem tilnefndur er af aðildarríki sem ekki tekur þátt í sameiginlega uppboðsvettvanginum heldur tilnefnir sinn eigin uppboðsvettvang, hafi ekki bara aðgang að vettvangi aðildarríkisins, sem tilnefnir hann, heldur líka að sameiginlega vettvanginum. Þetta er æskilegt til að tryggja snurðulausa aðlögun frá séruppboðsvettvanginum yfir á sameiginlega uppboðsvettvanginn, ef slíks er þörf, sérstaklega ef uppboðsvettvangurinn er ekki skráður í viðaukann við þessa reglugerð.
- 29) Krafan um að uppboðsvettvangurinn sé skipulegur markaður byggist á vilja til að nota þá innviði stjórnkerfisins sem eru fyrir hendi á eftirmarkaðinum til að stjórna uppboðunum. Samkvæmt tilskipun 2004/39/EB og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB frá 28. janúar 2003 um innherjasvik og markaðsmisnotkun (markaðssvik)⁽³⁾ ber skipulegum mörkuðum fyrst og fremst að gera margháttadar verndarráðstafanir í tengslum við starfsemi sína. Þessar verndarráðstafanir fela m.a. í sér fyrirkomulag til að greina og takast á við hugsanlegar óhagstæðar afleiðingar fyrir rekstur skipulega markaðarins eða þátttakenda í honum vegna hagsmunaaðreistra, að greina og takast á við hvers kyns áhættu sem að þeim stafar og koma á árangursríkum ráðstöfunum til að draga úr henni, að sjá til þess að tæknilegri hlið á rekstri kerfa þeirra sé stjórnað á traustan hátt og koma á skilvirkum viðbragðsáætlunum til að takast á við áhættuna vegna truflana í kerfunum, að vera með gagnsæjar og fastar reglur og málsmeðferðir um sanngjörn og skipuleg viðskipti og koma á hlutlægum viðmiðunum til að fyrirmælum sé framfylgt á skilvirkan hátt, að greiða fyrir skilvirkri og tímanlegri lúkningu viðskipta sem eiga sér stað samkvæmt kerfum þeirra og að búa yfir nægjanlegu fjármagni til að stuðla að góðri starfsemi, að teknu tilliti til eðlis og umfangs þeirra viðskipta sem eiga sér stað á markaðinum og umfangi og stigi þeirrar áhættu sem steðjar að markaðnum.

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 309, 25.11.2005, bls. 15.

⁽²⁾ Stjóð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1.

⁽³⁾ Stjóð. ESB L 96, 12.4.2003, bls. 16.

- 30) Krafan um að uppboðsvettvangurinn sé skipulegur markaður hefur ýmsa aðra kosti. Hún gerir það að verkum að hægt er að hagnýta innviði stjórnkerfisins, reynslu og hæfni og gagnsæjar, lögboðnar reglur um starfsemi markaðarins. Þetta skiptir máli, m.a. að því er varðar greiðslumiðlun eða uppgjör viðskipta, sem og vöktun á því að farið sé að eigin reglum markaðarins og öðrum lagalegum skuldbindingum, s.s. banni við markaðssvikum og að fyrir hendi sé tilhögun á lausn deilumála utan dómstóla. Þetta er kostnaðarhagkvæmt og stuðlar að því að tryggja heilleika í starfsemi uppboðanna. Reglur um hagsmunaaðreksa á skipulegum mörkuðum myndu útheimta að uppboðshaldarinn væri óháður uppboðsvettvanginum, eigendum hans eða markaðsaðilum til að grafa ekki undan traustri starfsemi skipulega markaðsins. Enn fremur munu margir hugsanlegir þátttakendur í uppboðunum þegar vera annaðhvort meðlimir eða þátttakendur í hinum ýmsu skipulegu mörkuðum sem eru virkir á eftirmarkaðinum.
- 31) Samkvæmt tilskipun 2004/39/EB eru það lögbær yfirvöld í því landi, þar sem skipulegur markaður eða rekstraraðili hans er annaðhvort skráður eða staðsettur (þ.e.a.s. heimaaðildarríki), sem viðurkenna og hafa eftirlit með skipulegum mörkuðum og rekstraraðilum þeirra. Með fyrirvara um ákvæði í tilskipun 2003/6/EB, sérstaklega að því er varðar viðurlög á sviði refsiréttar sem kveðið er á um í landslöggjöf um markaðssvik, eru lögin sem gilda um skipulega markaði opinber réttur heimaaðildarríkisins. Því falla þeir undir lögsögu stjórnsludómstóla í heimaaðildarríkinu í samræmi við landslög. Þessi reglurammi tekur til viðskipta en ekki uppboða og einungis til fjármálagerninga en ekki til staðgreiðslusamninga (e. spot products). Því þykir rétt með skírskotun til réttarvissu vegna þessarar reglugerðar að kveða á um að heimaaðildarríki þess skipulega markaðar, sem tilnefndur er sem uppboðsvettvangur, tryggi að það rýmki í landslögum viðeigandi hluta fyrrnefnds regluramma þannig að hann nái til uppboðanna sem haldin eru á þeim uppboðsvettvangi sem fellur undir löggjöf þess. Þar að auki skal þess krafist í þessari reglugerð að uppboðsvettvangurinn bjóði upp á lausn deilumála utan dómstóla. Enn fremur skulu viðkomandi aðildarríki einnig kveða á um rétt til málskots vegna ákvarðana sem tengjast tilhögun til lausnar deilumála utan dómstóla og gildir þá einu hvort uppboðsvaran er fjármálagerningur eða staðgreiðslusamningur.
- 32) Tryggja skal samkeppni milli allra hugsanlegra uppboðsvettvanga með samkeppnisferlinu um tilnefningu uppboðsvettvangsins þegar þess er krafist, annaðhvort af Sambandinu eða í landslögum á sviði innkaupa. Uppboðsvettvangurinn skal tengjast a.m.k. einu greiðslumiðlunarkerfi eða uppgjörskerfi. Fleiri en eitt greiðslumiðlunarkerfi eða uppgjörskerfi geta tengst uppboðsvettvanginum. Sameiginlegi uppboðsvettvangurinn skal vera tilnefndur til takmarkaðs tíma, að hámarki til fimm ára. Séruppboðsvettvangur skal tilnefndur til takmarkaðs tíma, að hámarki til þriggja ára, en endurnýja má tilnefninguna til tveggja ára til viðbótar og skal á þeim tíma taka fyrirkomulagið varðandi alla uppboðsvettvanga til endurskoðunar. Ákvæði um þriggja ára tímabil fyrir séruppboðsvettvanginn er til þess gert að tryggja lágmarks-tilnefningartímabil fyrir sérsvettvanginn og auðvelda tilnefningaraðildarríkinu að ganga inn í sameiginlega vettvanginn ef það kys að gera svo eftir lok þriggja ára tímabilsins, án þess að það komi í veg fyrir að aðildarríkið geti endurnýjað tilnefningu séruppboðsvettvangsins í tvö ár til viðbótar meðan beðið er eftir niðurstöðu úr endurskoðun framkvæmdastjórnarinnar. Þegar hverju tilnefningartímabili lýkur skal hefjast nýtt samkeppnisferli um innkaupin ef innkaupaferlis er krafist, annaðhvort af Sambandinu eða í landslögum á sviði innkaupa. Reiknað er með að áhrif á eftirmarkaðinn af vali á sameiginlegum uppboðsvettvangi til að framkvæma uppboðin verði takmörkuð, þar eð einungis verða boðnar upp losunarheimildir með afhendingu innan fimm daga.
- 33) Uppboðshald og stofnun og stjórnun uppboðsalmanaksins og ýmis önnur verkefni er tengjast uppboðunum, s.s. viðhald á uppfærðri vefsíðu sem aðgengileg er alls staðar í Sambandinu, krefjast sameiginlegra aðgerða af hálfu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar í skilningi þriðju undirgreinar 1. mgr. 91. gr. reglugerðar ráðsins nr. 1605/2002 (EB, KBE) frá 25. júní 2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna⁽¹⁾ (fjárhagsreglugerðin). Þörfin fyrir slíkar sameiginlegar aðgerðir kemur til vegna kerfis fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda sem nær til alls Sambandsins, almennra stefnumiða við endurskoðunina á tilskipun 2003/87/EB og þeirrar staðreyndar að samkvæmt tilskipun 2003/87/EB ber framkvæmdastjórnin beina ábyrgð á nákvæmri framkvæmd margra atriða í losunarviðskiptakerfinu sem hafa einkum bein áhrif á uppboðsalmanakið og vöktun uppboðanna. Því skal í þessari reglugerð mælt fyrir um samkeppnisferli um innkaup vegna tilnefningar á sameiginlegum uppboðsvettvangi og uppboðsvaktara sem fara skal fram með sameiginlegum innkaupum framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna í skilningi 125. gr. c í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar nr. 2342/2002 frá 23. desember 2002 þar sem mælt er fyrir um nákvæmar reglur um framkvæmd á reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna⁽²⁾. Í 125. gr. c í reglugerð (EB, KBE) nr. 2342/2002 er gert ráð fyrir að reglur um innkaup, sem gilda fyrir framkvæmdastjórnina, séu notaðar við sameiginleg innkaup aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar. Þar eð innkaupin ná til alls Sambandsins þykir rétt að beita, eftir því sem við á, reglum um innkaup í fjárhagsreglugerðinni og reglugerð (EB, KBE) nr. 2342/2002 í sameiginlega innkaupaferlinu. Í þessari reglugerð skal tilgreina þá uppboðs-

(¹) Stjtið. EB L 248, 16.9.2002, bls. 1.

(²) Stjtið. EB L 357, 31.12.2002, bls. 1.

- þjónustu sem aðildarríkin skulu afla sér og þá tæknilegu stoðþjónustu sem framkvæmdastjórnin skal útvega, sérstaklega með tilliti til mögulegra ákvarðana um að ljúka við ófullgerða viðauka við þessa reglugerð, hæfilega tíðni uppboðanna, samræmingu á uppboðsalmanökum hinna ýmsu uppboðsvettvanga, að ákveðin verði hámarksstærð tilboða og um hugsanlegar breytingar á þessari reglugerð, sérstaklega að því er varðar tengingar við aðrar áætlanir og þjónustu til að stuðla að réttum skilningi á uppboðsreglunum utan Sambandsins. Rétt þykir að framkvæmdastjórnin útvegi slíka þjónustu hjá þeim sameiginlega uppboðsvettvangi sem hefur mesta reynslu af því að halda uppboð fyrir hönd fleiri en eins aðildarríkis. Þetta hefur ekki áhrif á samráð við aðra uppboðsvettvanga eða aðra hagsmunaaðila.
- 34) Ganga skal frá samningum um uppboðsvettvangana með opinni og gagnsæri valaðferð sem byggist á samkeppni nema ef tilnefning aðildarríkis, sem ekki tekur þátt í sameiginlegu aðgerðinni, á uppboðsvettvangi fellur ekki undir reglur um innkaup, hvorki í lögum Sambandsins né í landslögum um innkaup. Þegar uppboðsvettvangarnir og greiðslumiðlunar- eða uppgjörskerfið, sem þeim tengist, eru tilnefnd skal taka tillit til þeirra lausna sem umsækjendurnir bjóða upp á til að ná fram kostnaðarhagkvæmni, óhindruðum, sanngjörnum og jöfnum aðgangi að uppboðunum fyrir öll lítil og meðalstór fyrirtæki og aðgangi fyrir smálosendur, ásamt traustu eftirliti með uppboðunum sem felur m.a. í sér að komið verði á tilhögun til lausnar deilumála utan dómstóla. Í undantekningartilvikum má semja við uppboðsvettvang fyrir uppboð á framtíðarsamningum eða framvirkum samningum á þeim forsendum að hann megi beita ákvæðum um aðgang, greiðslur og afhendingarreglur og eftirlitsreglur sem gilda fyrir eftirmarkaðinn. Þær málsmeðferðarreglur, sem fylgja skal við öflun á sameiginlega uppboðsvettvanginum, skulu skilgreindar í samningi milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna þar sem setja skal fram hagnýtt fyrirkomulag vegna mats á óskum um þátttöku eða mats á tilboðum og gerð samningsins, svo og þau lög sem eiga við samninginn og lögbær dómstóll sem fjalla skal um deilur eins og krafist er í 125. gr. c í reglugerð (EB, KBE) nr. 2342/2002.
- 35) Með fyrirvara um þær reglur um opinber innkaup sem kunna að eiga við, þ.m.t. þær sem snúast um að forðast hagsmunaárekstra og viðhalda þagnarskyldu, má veita aðildarríkjum, sem ekki taka þátt í sameiginlegu aðgerðinni í því skyni að halda sameiginlega uppboðsvettvanginn, stöðu áheyrnarfulltrúa við sameiginlega innkaupaferlið að öllu leyti eða að hluta, að uppfylltum skilmálum og skilyrðum milli aðildarríkjanna sem taka þátt í sameiginlegu aðgerðinni og framkvæmdastjórnarinnar, eins og sett er fram í samningnum um sameiginlegu innkaupin. Slíkur aðgangur getur verið æskilegur til að auðvelda samleitni séruppboðsvettvanganna og sameiginlega uppboðsvettvangsins að því er varðar þá þætti uppboðsferlisins sem ekki eru að fullu samræmdir í þessari reglugerð.
- 36) Rétt þykir að aðildarríki, sem kjósa að taka ekki þátt í sameiginlegu aðgerðinni um að tilnefna sameiginlegan uppboðsvettvang en ákveða að tilnefna sinn eigin uppboðsvettvang, tilkynni framkvæmdastjórninni um ákvörðun sína innan tiltölulega skamms tíma frá gildistöku þessarar reglugerðar. Auk þess þarf framkvæmdastjórnin að meta hvort aðildarríki, sem tilnefna sinn eigin uppboðsvettvang, hafi gert nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að uppboðsferlið uppfylli ákvæði þessarar reglugerðar og markmið 4. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB. Enn fremur er nauðsynlegt að framkvæmdastjórnin samræmi nákvæmu uppboðsalmanökin sem uppboðsvettvangar, aðrir en sameiginlegi uppboðsvettvangurinn, leggja til og uppboðsalmanökin sem sameiginlegi vettvangurinn leggur til. Þegar framkvæmdastjórnin hefur unnið mat sitt á öllum séruppboðsvettvöngunum skal hún skrá slíka vettvanga, tilnefningaraðildarríki þeirra og skilyrði eða skuldbindingar sem um þá kunna að gilda, þ.m.t. skilyrði eða skuldbindingar sem tengjast uppboðsalmanökum þeirra, í viðauka við þessa reglugerð. Slík skráning táknað ekki að framkvæmdastjórnin viðurkenni að tilnefningaraðildarríkið fari að öllum reglum um innkaup sem gilda um tilnefninguna á þeim uppboðsvettvangi sem þau völdu.
- 37) Í 3. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB er kveðið á um að aðildarríki ákveði til hvers skuli nota tekjurnar af uppboðum á losunarheimildum. Til að eyða öllum vafa skal í þessari reglugerð kveðið á um millifærslu á uppboðstekjunum beint til uppboðshaldarans sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt.
- 38) Þar eð uppboð á losunarheimildum felst í því að þær eru fyrst gefnar út og settar beint á eftirmarkað í stað þess að þeim sé úthlutað endurgjaldslaust beint til rekstraradila og umráðenda loftfara er ekki rétt að greiðslumiðlunarkerfið eða -kerfin eða uppgjörskerfið eða -kerfin séu bundin af skuldbindingum um tiltekinn árangur við afhendingu losunarheimilda til hlutskörpustu bjóðenda eða síðari handhafa réttinda ef ekki er hægt að afhenda þær af óviðráðanlegum ástæðum. Því skal í þessari reglugerð kveðið á um að ef ekki er hægt að afhenda losunarheimildir til hlutskörpustu bjóðenda, eða til síðari handhafa réttindanna, séu einu úrræðin, sem þeim standi til boða, að samþykkja frestun á afhendingu. Hins vegar er mikilvægt að gera ráð fyrir að losunarheimildir, sem ekki eru afhentar vegna þess að full greiðsla hefur ekki borist, verði boðnar upp á uppboðum sem verða haldin síðar á sama uppboðsvettvangi.
- 39) Ekki er við hæfi að aðildarríkin þurfi að leggja fram aðrar tryggingar en losunarheimildirnar sjálfar þegar þær eru boðnar upp, þar eð einu skuldbindingar aðildarríkjanna varða afhendingu á losunarheimildum. Því skal í þessari reglugerð kveðið á um að einu skuldbindingar aðildarríkjanna, þegar boðnir eru upp staðgreiðslusamningar með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamningar til fimm daga, sem eru skilgreindir í þessari reglugerð, séu þær að þau leggi þær losunarheimildir, sem bjóða á upp, inn á vörslureikning (e. escrow account), sem er færður í skrá Sambandsins, með greiðslumiðlunarkerfið eða uppgjörskerfið sem vörsluadila.

- 40) Hins vegar er nauðsynlegt að uppboðsvettvangur, þ.m.t. greiðslumiðlunarkerfi eða uppgjörskerfi sem honum tengjast, innleiði viðunandi tryggingar og önnur áhættu- stjórnunarferli sem nauðsynleg eru til að tryggja að uppboðshaldarar fái fullar greiðslur fyrir þær losunarheimildir sem boðnar eru upp á uppboðsverði, þótt greiðsla berist ekki frá hlutskarpasta bjóðanda eða frá síðari handhafa réttinda.
- 41) Í þágu kostnaðarhagkvæmni skulu hlutskörpustu bjóðendur geta átt viðskipti með þær losunarheimildir sem þeim hefur verið úthlutað á uppboðinu áður en þeir fá þær afhentar. Einungis má gera undantekningu frá þessari kröfu um viðskipti með losunarheimildirnar ef þær eru afhentar innan tveggja viðskiptadaga frá uppboðinu. Eðlileg afleiðing þessa er sú að í þessari reglugerð er gert ráð fyrir þeim valkosti að taka megi við greiðslu frá síðari handhafa réttinda hlutskarpasta bjóðanda í stað hans sjálfs og afhenda honum vöruna. Hins vegar má þessi valkostur ekki verða til þess að kröfurnar um hæfi til að sækja um þátttöku í uppboðunum verði sniðgengnar.
- 42) Rétt þykir að tegund og upphæð gjalda í tengslum við uppboðsvettvanga, greiðslumiðlunarkerfi eða uppgjörskerfi sem þeim tengjast séu ekki óhagstæðari en samþærileg gjöld og skilyrði í viðskiptum á eftirmarkaðnum. Í þágu gagnsæis skulu öll gjöld og skilyrði vera auðskiljanleg, sundurlíðuð og öllum aðgengileg. Að jafnaði skal kostnaður vegna uppboðsferlisins greiddur með gjöldum bjóðenda sem sett eru fram í samningnum um tilnefningu uppboðsvettvangsins. Til að koma á kostnaðarhagkvæmum, sameiginlegum uppboðsvettvangi er hins vegar mikilvægt að aðildarríkin taki þátt í sameiginlegu aðgerðinni frá upphafi. Af þessum sökum þykir rétt að aðildarríki, sem taka þátt í sameiginlegu aðgerðinni á seinni stigum, geti sjálf þurft að bera kostnað sinn og að þessar upphæðir séu dregnar frá þeim kostnaði sem bjóðendur bera annars. Hins vegar skulu slík ákvæði ekki vera til óhagræðis fyrir aðildarríki sem vilja taka þátt í sameiginlegu aðgerðinni eftir að tilnefning séruppboðsvettvangs rennur út. Ekki skal heldur stafa af þessu óhagræði fyrir aðildarríki sem taka tímabundið þátt í sameiginlegu aðgerðinni vegna þess að tilkynntur séruppboðsvettvangur hefur ekki verið skráður. Uppboðshaldarinn skal einungis greiða fyrir aðgang að uppboðsvettvanginum, ef um slíkt er að ræða, en bjóðendur skulu bera kostnað vegna greiðslumiðlunar- og uppgjörkerfisins, ef um hann er að ræða, eins og gert er ráð fyrir samkvæmt almennu reglunni.
- 43) Þrátt fyrir þetta þykir rétt að kveðið sé á um að aðildarríkin beri kostnaðinn vegna vöktunarinnar á uppboðunum og að hann verði dreginn frá uppboðstekjunum. Enn fremur þykir rétt að í samningnum um tilnefningu uppboðsvaktara fyrir uppboðin sé greint á milli kostnaðar við vöktun uppboðanna, sem breytist aðallega með fjölda uppboða, og alls annars kostnaðar. Nákvæm aðgreining þessara kostnaðarliða skal fara fram í sameiginlega innkaupaferlinu.
- 44) Tilnefna skal óhlutdrægan uppboðsvaktara til að vakta uppboðin og gera grein fyrir því hvort uppboðsferlið samræmist markmiðunum í 4. mgr. 10. gr. í tilskipun 2003/87/EB og ákvæðum þessarar reglugerðar og hvort vísbendingar eru um samkeppnishamlandi háttarni eða markaðssvik. Vöktun uppboðanna útheimtir sameiginlega aðgerð aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar, rétt eins og á við um uppboðin, og því er rétt að innkaupaferlið sé sameiginlegt. Uppboðsvettvangarnir, uppboðshaldararnir og lögbær landsyfirvöld sem bera ábyrgð á eftirliti með uppboðsvettvanginum, fjárfestingarfyrirtækjum eða lánastofnunum eða öðrum aðilum sem mega gera tilboð fyrir hönd annarra sem taka þátt í uppboðunum eða á athugun og málsókn fyrir markaðssvik, skulu vinna með uppboðsvaktaranum til að hann geti gegnt störfum sínum.
- 45) Til að tryggja óhlutdrægni uppboðsvaktarans skal í kröfunum um tilnefningu hans taka tillit til þess hvaða umsækjendur eru í minnstri áhættu að því er varðar hagsmunaárekstra eða markaðssvik, sérstaklega með tilliti til starfsemi þeirra á eftirmarkaðinum, ef um slíkt er að ræða, og innri ferla þeirra og málsmeðferða til að draga úr áhættunni á hagsmunaárekstrum eða markaðssvikum án þess að það hafi áhrif á hæfni þeirra til að gegna störfum sínum á tilsettum tíma í samræmi við ýtrustu kröfur um fagmennsku og gæði.
- 46) Samkeppnishamlandi háttarni og markaðssvik eru ósamrýmanleg meginreglunum um víðsýni, gagnsæi, samþæfingu og bann við mismunun, sem eru grundvöllur þessarar reglugerðar. Því skal í þessari reglugerð setja víðeigandi ákvæði til að draga úr áhættunni á slíkri hegðun á uppboðum. Sameiginlegur uppboðsvettvangur, einföld útfærsla uppboða, tiltölulega há tíðni, handahófskennd lausn á jafnháum boðum, viðunandi aðgangur að uppboðunum, jafnrétti í birtingu upplýsinga og gagnsæjar reglur stuðla að því að draga úr hættunni á markaðssvikum. Að nota fjármálagerninga til að bjóða upp losunarheimildir veitir bæði uppboðshaldaranum og bjóðendunum þá vernd sem stendur þeim til boða innan reglurammans sem gildir um fjármálamarkaði. Í þessari reglugerð skal kveðið á um reglur svipaðar þeim sem gilda um fjármálagerninga til að draga úr áhættunni á markaðssvikum ef uppboðsvaran er ekki fjármálagerningur. Óhlutdrægur uppboðsvaktari skal meta allt uppboðsferlið, þ.m.t. uppboðin sjálf og framkvæmd reglnanna sem gilda um þau.
- 47) Enn fremur er óhjákvæmilegt að tryggja heilindi uppboðshaldarans. Þegar uppboðshaldarinn er tilnefndur skulu aðildarríkin taka tillit til þess hvaða umsækjendur eru í minnstri áhættu að því er varðar hagsmunaárekstra eða markaðssvik, sérstaklega með tilliti til starfsemi þeirra á eftirmarkaðnum, ef um slíkt er að ræða, og til innri ferla þeirra og málsmeðferða til að draga úr áhættunni á hagsmunaárekstrum eða markaðssvikum án þess að það hafi áhrif á hæfni þeirra til að gegna störfum sínum á tilsettum tíma í samræmi við ýtrustu

kröfur um fagmennsku og gæði. Eðlileg afleiðing þessarar kröfu er að aðildarríkjunum verði á skýran hátt bannað að miðla hvers konar innherjaupplýsingum varðandi uppboðin til uppboðshaldarans. Ef brotið er gegn þessu banni skal bregðast við því með skilvirkum, hæfilegum og letjandi viðurlögum.

- 48) Þar að auki er æskilegt að gert sé ráð fyrir að uppboðsvettvangurinn vakti hegðun bjóðenda og tilkynni lögbærum landsyfirvöldum um markaðssvik, peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, í samræmi við kvöðina um skýrslugjöf sem mælt er fyrir um í tilskipun 2003/6/EB og með því að beita kvöðinni um skýrslugjöf sem mælt er fyrir um í tilskipun 2005/60/EB.
- 49) Þegar landsráðstöfunum, sem varða lögleiðingu III. og IV. bóls tilskipunar 2004/39/EB og tilskipun 2003/6/EB, er beitt skulu lögbær yfirvöld viðkomandi aðildarríkja taka tilhlýðilegt tillit til samsvarandi ákvæða Sambandsins um innleiðingu þessara tilskipana.
- 50) Enn fremur er æskilegt að í þessari reglugerð sé kveðið á um þann kost að ákvarða hámark fyrir það í hversu stóran hluta af heildarfjölda losunarheimilda, sem bjóða á upp á einstökum uppboðum eða á tilteknu almanaksári, hver bjóðandi getur boðið, eða um aðrar viðeigandi ráðstafanir til úrbóta. Með tilliti til hugsanlegrar stjórnsýslubyrði, sem þessi kostur gæti skapað, skal hann einungis virkjaður eftir að lögbærum landsyfirvöldum hefur verið tilkynnt um markaðssvik, peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka og þau hafa ákveðið að aðhafast ekkert, að því tilskildu að sýnt sé fram á þörf fyrir virkjun þessa kosts og að hann muni skila árangri. Virkjun þessa kosts skal gerð með fyrirvara um að álit framkvæmdastjórnarinnar liggja fyrir. Áður en framkvæmdastjórnin gefur álit sitt skal hún hafa samráð við aðildarríkin og uppboðsvaktarann um tillögu uppboðsvettvangsins. Eigið mat framkvæmdastjórnarinnar á því hvort markaðurinn fyrir losunarheimildir njóti næglegrar verndar gegn markaðssvikum skv. 1. mgr. a í 12. gr. tilskipunar 2003/87/EB skiptir einnig máli varðandi álit hennar.
- 51) Einnig þykir rétt að aðrir aðilar, sem aðildarríkin hafa heimilað að gera tilboð fyrir hönd viðskiptavina í aðalstarfsemi þeirra, fari að þeim siðareglum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð til að tryggja að viðskiptavinir þeirra njóti fullnægjandi verndar.
- 52) Nauðsynlegt er að kveða á um það í þessari reglugerð hvaða tungumál skuli notað hjá uppboðsvettvöngunum, þannig að gagnsæi verði tryggt og jafnvægi skapist milli markmiðsins um aðgang án mismununar og mestu kostnaðarhagkvæmni. Skjöl, sem ekki eru birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, skulu birt á venjubundnu tungumáli alþjóðafjármálageirans, nánar tiltekið á ensku. Þegar hefur verið kveðið á um notkun á
- venjubundnu tungumáli alþjóðafjármálageirans í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 um útboðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB⁽¹⁾.
- 53) Aðildarríkin geta ákveðið að þýða öll skjöl á opinber(t) tungumál sitt/sín en skulu bera kostnaðinn af því sjálf. Ef aðildarríki kys að gera það skulu séruppboðsvettvangarnir einnig þýða öll skjöl sem tengjast eigin uppboðsvettvöngum á tungumál viðkomandi aðildarríkis, á kostnað þess aðildarríkis sem tilnefndi viðkomandi séruppboðsvettvang. Uppboðsvettvangurinn skal af þessum sökum geta tekið við öllum munnlegum og skriflegum upplýsingum frá umsækjendum um leyfi til að leggja tilboð beint fram á uppboðum, aðilum sem hafa fengið leyfi til að leggja tilboð beint fram á uppboðum eða bjóðendum á uppboðum á öllum tungumálum sem aðildarríki hefur ákveðið að þýða yfir á, á sinn kostnað, ef þessir aðilar óska þess. Uppboðsvettvangarnir mega ekki taka gjald af þessum aðilum vegna viðbótarkostnaðarins sem af þessu hlýst. Þess í stað skal þessi kostnaður dreifast jafnt á alla bjóðendur á viðkomandi uppboðsvettvangi til að tryggja jafnan aðgang að uppboðunum í öllu Sambandinu.
- 54) Með tilliti til réttarvissu og gagnsæis skulu í þessari reglugerð vera ítarleg ákvæði um aðra þætti uppboða, s.s. um birtingu, yfirlýsingu og tilkynningu um niðurstöður úr uppboðum, vernd trúnaðarupplýsinga, leiðréttingu á villum í millifærslum á greiðslum eða losunarheimildum og tryggingum sem eru settar eða er aflétt samkvæmt þessari reglugerð, rétt til málskots vegna ákvarðana uppboðsvettvangsins og gildistöku.
- 55) Að því er þessa reglugerð varðar skal litið svo á að fjárfestingarfyrirtæki, sem gera tilboð sem tengjast fjármálagerningum fyrir eigin reikning eða fyrir hönd viðskiptavina sinna, stundi fjárfestingarþjónustu eða -starfsemi.
- 56) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á athugun framkvæmdastjórnarinnar skv. 1. mgr. a í 12. gr. tilskipunar 2003/87/EB á því hvort markaðurinn fyrir losunarheimildir njóti næglegrar verndar gegn markaðssvikum né heldur á neinar tillögur sem framkvæmdastjórnin kann að leggja fram til að tryggja slíka vernd. Markmiðið með þessari reglugerð er að tryggja sanngjörn og skipulögð viðskiptaskilyrði þar til niðurstaða fæst úr athugun framkvæmdastjórnarinnar.
- 57) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á beitingu 107. og 108. gr. sáttmálans, t.d. í tengslum við fyrirkomulag til að tryggja sanngjarnan, óhindraðan og jafnan aðgang fyrir öll lítil og meðalstór fyrirtæki sem falla undir losunarviðskiptakerfi Sambandsins og aðgang smálosenda.

(¹) Stjtið. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 64.

- 58) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á beitingu neinna gildandi reglna innri markaðarins.
- 59) Í þessari reglugerð er tekið tillit til grundvallarréttinda og þeim meginreglum fylgt sem einkum eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, einkum 11. gr. hans, og 10. gr. Evrópusáttmálans um verndun mannréttinda. Þessi reglugerð kemur því á engan hátt í veg fyrir að aðildarríkin beiti stjórnskrárákvæðum sínum um prentfrelsi og tjáningarfrelsi í fjölmiðlum.
- 60) Til að tryggja að uppboðin séu fyrirsjáanleg og verði á réttum tíma er brýnt að þessi reglugerð öðlist gildi sem fyrst.
- 61) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 1. mgr. 23. gr. tilskipunar 2003/87/EB,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er kveðið á um reglur um tímasetningu, stjórnun og aðra þætti við uppboð á losunarheimildum samkvæmt tilskipun 2003/87/EB.

2. gr.

Gildissvið

Þessi reglugerð gildir um úthlutun á losunarheimildum með uppboðum skv. II. kafla (um flug) í tilskipun 2003/87/EB og um úthlutun á losunarheimildum með uppboðum skv. III. kafla (um staðbundnar stöðvar) sömu tilskipunar sem hægt er að skila inn á viðskiptatímabilum frá og með 1. janúar 2013.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „framfæringsamningur“: losunarheimildir sem boðnar eru upp sem fjármálagerningar skv. 3. mgr. 38. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1287/2006⁽¹⁾ og eru til afhendingar á tilgreindum, samþykktum degi í framtíðinni á uppboðsverði sem ákveðið er í samræmi við 2. mgr. 7. gr. þessarar reglugerðar og síðari kröfur um tryggingarfé, sem endurspeгла verðbreytingar, skal greiða í reiðufé,

2. „framvirkur samningur“: losunarheimildir sem boðnar eru upp sem fjármálagerningar skv. 3. mgr. 38. gr. reglugerðar (EB) nr. 1287/2006 til afhendingar á samþykktum degi í framtíðinni á uppboðsverði sem ákvarðað er í samræmi við 2. mgr. 7. gr. þessarar reglugerðar og hægt er að tryggja síðari kröfur um tryggingarfé til að endurspeгла verðbreytingar, annaðhvort með tryggingu, sem er ekki í reiðufé, eða með samþykkttri ríkisábyrgð, eftir vali milligönguáðilans,
3. „staðgreiðslusamningur með tveggja daga afhendingarfresti“: losunarheimildir sem boðnar eru upp til afhendingar á samþykkttri dagsetningu eigi síðar en á öðrum viðskiptadegi eftir uppboðið skv. a-lið 2. mgr. 38. gr. reglugerðar (EB) nr. 1287/2006,
4. „fimm daga framtíðarsamningur“: losunarheimildir sem boðnar eru upp sem fjármálagerningar skv. 3. mgr. 38. gr. reglugerðar (EB) nr. 1287/2006, til afhendingar á samþykktum degi, eigi síðar en á fimmta viðskiptadegi eftir uppboðið,
5. „tilboð“: tilboð á uppboði um kaup á tilteknum fjölda losunarheimilda á tilgreindu verði,
6. „tilboðsgluggi“: frestur sem veittur er til að leggja fram tilboð,
7. „viðskiptadagur“: hver sá dagur þegar uppboðsvettvangur og greiðslumiðlunarkerfið eða uppgjörskerfið, sem honum tengjast, eru opin fyrir viðskipti,
8. „fjárfestingarfyrirtæki“ hefur sömu merkingu og í 1. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB,
9. „lánastofnun“ hefur sömu merkingu og í 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB⁽²⁾,
10. „fjármálagerningur“ hefur sömu merkingu og í 17. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB, nema annað sé tekið fram í þessari reglugerð,
11. „eftirmarkaður“: markaður þar sem aðilar kaupa eða selja losunarheimildir, annaðhvort áður eða eftir að þeim hefur verið úthlutað og annaðhvort án endurgjalds eða með uppboðum,
12. „móðurfélag“ hefur sömu merkingu og í 1. og 2. gr. tilskipunar ráðsins 83/349/EBE⁽³⁾,
13. „dótturfyrirtæki“ hefur sömu merkingu og í 1. og 2. gr. tilskipunar 83/349/EBE,

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 241, 2.9.2006, bls. 1.

⁽²⁾ Stjóð. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 1.

⁽³⁾ Stjóð. EBL 193, 18.7.1983, bls. 1.

14. „fyrirtæki í eignartengslum“: fyrirtæki sem tengjast móðurfélagi eða dótturfyrirtæki í skilningi 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 83/349/EBE,
15. „yfirráð“ hefur sömu merkingu og í 2. og 3. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins nr. 139/2004 ⁽¹⁾ sem er í samsteyptri tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um þau málefni er varða lögsögu í samkeppnismálum ⁽²⁾. Ákvæði 22. forsendu í þeirri reglugerð og 52. og 53. mgr. þeirrar tilkynningar gilda þegar ákvarða skal hugtakið yfirráð hjá fyrirtækjum í ríkiseign,
16. „uppboðsferli“: það ferli sem nær til ákvörðunar uppboðsalmanaksins, málsmeðferðar vegna leyfis til að leggja tilboð beint fram, málsmeðferðar vegna framlagningar tilboða, uppboðshaldsins, útreiknings og tilkynningar um niðurstöður uppboðsins, fyrirkomulags vegna útstandandi greiðslna, afhendingar á losunarheimildunum og umsjónar með tryggingum sem nauðsynlegar eru til að verjast viðskiptaáhættu, sem og til eftirlits og vöktunar á því að uppboðsvettvangurinn standi rétt að uppboðunum,
17. „peningþvætti“ hefur sömu merkingu og í 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 2005/60/EB, með hliðsjón af 3. og 5. mgr. 1. gr. sömu tilskipunar,
18. „fjármögnun hryðjuverka“ hefur sömu merkingu og í 4. mgr. 1. gr. tilskipunar 2005/60/EB, með hliðsjón af 5. mgr. 1. gr. sömu tilskipunar,
19. „glæpastarfsemi“ hefur sömu merkingu og í 4. mgr. 3. gr. tilskipunar 2005/60/EB,
20. „uppboðshaldari“: opinber aðili eða einkaaðili sem tilnefndur er af aðildarríki til að bjóða upp losunarheimildir fyrir hönd þess,
21. „tilnefndur geymslureikningur“: ein eða fleiri tegundir af geymslureikningum sem kveðið er á um í gildandi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar sem samþykkt hefur verið skv. 3. mgr. 19. gr. tilskipunar 2003/87/EB fyrir þátttöku eða stjórnun í uppboðsferlinu, þ.m.t. geymsla losunarheimilda á vörslureikningi fram að afhendingu þeirra samkvæmt þessari reglugerð,
22. „tilnefndur bankareikningur“: bankareikningur sem er sérstaklega merktur af uppboðshaldara, bjóðanda eða síðari handhafa réttinda til viðtöku gjaldfallinna greiðslna samkvæmt þessari reglugerð,
23. „ráðstafanir til könnunar á áreiðanleika viðskiptamanna“ hefur sömu merkingu og í 1. mgr. 8. gr. tilskipunar 2005/60/EB, með hliðsjón af 2. mgr. 8. gr. sömu tilskipunar,
24. „raunverulegur eigandi“ hefur sömu merkingu og í 6. mgr. 3. gr. tilskipunar 2005/60/EB,
25. „afrit sem er staðfest á viðeigandi hátt“: gilt afrit af frumskjali, vottað sem rétt afrit af frumskjalinu af lögfræðingi sem hefur til þess réttindi og hæfi, endurskoðanda, lögboðkanda eða svipuðum fagmanni sem er viðurkenndur samkvæmt lögum viðkomandi aðildarríkis til að votta opinberlega að afrit sé í raun rétt eftirmynd frumrits,
26. „einstaklingar í pólitískum áhættuhópi“ hefur sömu merkingu og í 8. mgr. 3. gr. tilskipunar 2005/60/EB,
27. „markaðssvik“: annaðhvort innherjasvik, eins og þau eru skilgreind í 28. lið þessarar greinar eða bönnuð í 38. gr., eða markaðsmisnotkun, eins og hún er skilgreind í 30. lið þessarar greinar eða í 37. gr. (b-lið), eða hvort tveggja,
28. „innherjasvik“: notkun á innherjaupplýsingum, sem er bönnuð skv. 2., 3. og 4. gr. tilskipunar 2003/6/EB í tengslum við fjármálagerning í merkingu 1. gr. (3. mgr.) tilskipunar 2003/6/EB sem um getur í 9. gr. þeirrar tilskipunar, nema annað sé tekið fram í þessari reglugerð,
29. „innherjaupplýsingar“ hefur sömu merkingu og í 1. gr. (1. mgr.) tilskipunar 2003/6/EB í tengslum við fjármálagerning í merkingu 1. gr. (3. mgr.) tilskipunar 2003/6/EB sem um getur í 9. gr. þeirrar tilskipunar, nema annað sé tekið fram í þessari reglugerð,
30. „markaðsmisnotkun“ hefur sömu merkingu og í 1. gr. (2. mgr.) tilskipunar 2003/6/EB í tengslum við fjármálagerning í merkingu 1. gr. (3. mgr.) tilskipunar 2003/6/EB sem um getur í 9. gr. þeirrar tilskipunar, nema annað sé tekið fram í þessari reglugerð,
31. „greiðslumiðlunarkerfi“ : eitt eða fleiri grunnvirki sem tengjast uppboðsvettvanginum og geta boðið upp á greiðslumiðlun, tryggingarþekju, skuldajöfnun, umsjón með tryggingum, uppgjöri og afhendingu og aðra þjónustu, sem sinnt er af milligönguaðila, og eru aðgengileg, annaðhvort beint eða óbeint, í gegnum aðila að milligönguáðilanum sem eru milliliðir viðskiptavina sinna og milligönguáðilans,
32. „greiðslumiðlun“: öll ferli fram að opnun tilboðsgluggans, meðan fresturinn stendur og eftir að honum lýkur og fram að uppgjöri sem snúast um stjórnun á hvers kyns áhættu sem upp kemur á þessu tímabili, þ.m.t. tryggingarþekja, skuldajöfnun, skuldskeyting eða önnur þjónusta sem greiðslumiðlunar- eða uppgjörskerfi kann að annast,

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1.

⁽²⁾ Stjóð. ESB L 95, 16.4.2008, bls. 1.

33. „tryggingarþekja“: ferlið sem fylgt er þegar uppboðshaldari eða bjóðandi, eða einn eða fleiri milliliðir fyrir þeirra hönd, setur tryggingu fyrir tiltekinni fjárhagsstöðu, nær yfir all ferlið með mælingu, útreikningi og stjórnun á tryggingum sem settar eru fyrir slíkri fjárhagsstöðu og er ætlað til að tryggja að hægt sé að uppfylla allar greiðsluskuldbindingar bjóðanda og allar afhendingarskuldbindingar uppboðshaldara eða eins eða fleiri milliliða, sem koma fram fyrir þeirra hönd, innan mjög skamms tíma,
34. „uppgjör“: greiðsla hlutskarpasta bjóðanda, síðari handhafa réttinda hans, milligönguaðila eða uppgjörsaðila á upphæðum sem eru til greiðslu vegna losunarheimilda sem eiga að afhendast til þess bjóðanda, síðari handhafa réttinda hans, milligönguaðila eða uppgjörsaðila og afhending á losunarheimildum til hlutskarpasta bjóðanda, síðari handhafa réttinda hans, milligönguaðila eða uppgjörsaðila,
35. „milligönguaðili“: aðili sem hefur milligöngu, annaðhvort beint á milli uppboðshaldara og bjóðanda eða síðari handhafa réttinda hans eða á milli milliliða sem koma fram fyrir þeirra hönd, starfar sem einkamótaðili fyrir hvern þeirra og ábyrgist greiðslu á uppboðstekjunum til uppboðshaldarans eða milliliðar hans eða afhendingu losunarheimilda, sem boðnar voru upp, til bjóðandans eða milliliðar, sem kemur fram fyrir hans hönd, með fyrirvara um 48. gr.,
36. „uppgjörskerfi“: hvers kyns grunnvirki, hvort sem það tengist uppboðsvettvanginum eða ekki, sem getur veitt uppgjörshjónustu, sem getur falist í greiðslujöfnun, skuldajöfnun, umsjón með tryggingum eða annarri þjónustu, og gerir uppboðshaldaranum á endanum kleift að afhenda losunarheimildir til hlutskarpasta bjóðandans eða til síðari handhafa réttinda hans og gerir hlutskarpasta bjóðandanum eða síðari handhafa réttinda hans kleift að greiða uppboðshaldara upphæðina sem er til greiðslu, annaðhvort í gegnum:
- bankakerfið og skrá Sambandsins,
 - einn eða fleiri uppgjörsaðila, sem koma fram fyrir hönd uppboðshaldara og bjóðanda eða síðari handhafa réttinda hans og hafa aðgang að uppgjörsaðilanum, annaðhvort beint eða óbeint, í gegnum aðila að milligönguaðilanum sem koma fram sem milliliðir á milli viðskiptavina þeirra og uppgjörsaðilans,
37. „uppgjörsaðili“: aðili, sem kemur fram sem umboðsmaður sem heldur utan um reikninga fyrir uppboðsvettvanginn og í gegnum þá reikninga fara millifærslur á losunarheimildum frá uppboðshaldaranum eða millilið, sem kemur fram fyrir hans hönd, og greiðslur á uppboðsverðinu frá hlutskarpasta bjóðanda, síðari handhafa réttinda hans, eða millilið, sem kemur fram fyrir hans hönd, annaðhvort samtímis eða næstum samtímis á tryggan hátt,
38. „trygging“: þær gerðir veðtrygginga, sem um getur í m-lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB ⁽¹⁾, þ.m.t. losunarheimildir sem greiðslumiðlunarkerfið eða uppgjörskerfið samþykkir sem tryggingar,
39. „skipulegur markaður“ hefur sömu merkingu og í 14. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB,
40. „lítill og meðalstór fyrirtæki“: rekstraraðilar eða umráðendur loftfars sem eru lítill og meðalstór fyrirtæki í skilningi tilmæla framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB ⁽²⁾,
41. „smálosendur“: rekstraraðilar eða umráðendur loftfars, sem losuðu sem svarar til 25 000 tonna af koltvísýringsígildi eða minna að meðaltali yfir þrjú almanaksár á undan árinu þegar þeir taka þátt í uppboði, sem ákvarðað hefur verið út frá staðfestri losun þeirra,
42. „markaðsaðili“ hefur sömu merkingu og í 13. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB,
43. „starfsstöð“ merkir eitthvað af eftirtöldu:
- að því er varðar þriðju undirgrein 3. mgr. 6. gr.: búsetustaður eða fast heimilisfang innan Sambandsins,
 - að því er varðar 18. gr. (2. mgr.) þessarar reglugerðar: það sama og í 4. gr. (a-lið 20. liðar 1. mgr.) tilskipunar 2004/39/EB, að teknu tilliti til krafanna í 5. gr. (4. mgr.) sömu tilskipunar,
 - að því er varðar 18. gr. (3. mgr.) þessarar reglugerðar: það sama og í 4. gr. (a-lið 20. liðar 1. mgr.) tilskipunar 2004/39/EB, að teknu tilliti til krafanna í 5. gr. (4. mgr.) sömu tilskipunar, þegar um er að ræða aðila sem um getur í 18. gr. (b-lið 1. mgr.) þessarar reglugerðar,
 - að því er varðar 18. gr. (3. mgr.) þessarar reglugerðar: það sama og í 4. gr. (7. lið) tilskipunar 2006/48/EB, þegar um er að ræða aðila sem um getur í 18. gr. (c-lið 1. mgr.) þessarar reglugerðar,
 - að því er varðar 19. gr. (2. mgr.) þessarar reglugerðar: það sama og í 4. gr. (a-lið 20. liðar 1. mgr.) tilskipunar 2004/39/EB, þegar um er að ræða fyrirtækjahóp sem um getur í 18. gr. (d-lið 1. mgr.) þessarar reglugerðar,
 - að því er varðar 35. gr. (4., 5. og 6. mgr.) og 42. gr. (1. mgr.) þessarar reglugerðar: það sama og í 4. gr. (b-lið 20. liðar 1. mgr.) tilskipunar 2004/39/EB.

⁽¹⁾ Stjótið. EB L 166, 11.6.1998, bls. 45.

⁽²⁾ Stjótið. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36.

II. KAFLI

ÚTFÆRSLA UPPBOÐANNA

4. gr.

Uppboðsvörur

1. Þjóða skal losunarheimildir til sölu á uppboðsvettvangi með stöðluðum, rafrænum samningum sem verslað er með á þeim uppboðsvettvangi („uppboðsvaran“). Ekki þarf að eiga viðskipti með uppboðsvörurnar á einum og sama uppboðsvettvanginum ef losunarheimildirnar eru afhentar innan tveggja viðskiptadaga frá uppboðinu.

2. Meðan lagalegu ráðstafanirnar og tæknilegu úrræðin, sem nauðsynleg eru til að hægt sé að afhenda losunarheimildirnar, eru ekki komnar til framkvæmda skulu aðildarríkin bjóða upp losunarheimildir sem eru annaðhvort í formi framtíðarsamninga eða framvirkra samninga.

Framtíðarsamningar eða framvirkir samningar skulu boðnir upp í samræmi við 1. mgr. 11. gr., 32. gr. og I. viðauka.

Þegar framtíðarsamningar eða framvirkir samningar eru boðnir upp má afhending eigi fara síðar fram en 31. desember 2013.

3. Eigi síðar en þremur mánuðum eftir að lagalegu ráðstafanirnar og tæknilegu úrræðin, sem nauðsynleg eru til að hægt sé að afhenda losunarheimildirnar, koma til framkvæmda skulu aðildarríkin bjóða upp losunarheimildir sem eru annaðhvort í formi staðgreiðslusamninga með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamninga til fimm daga.

5. gr.

Snið uppboða

Uppboð skulu fara fram þannig að bjóðendur skulu leggja fram tilboð sín í einum tilteknum tilboðsglugga (e. bidding window) án þess að þeir sjái tilboð sem aðrir bjóðendur leggja fram. Hver og einn þeirra bjóðenda, sem hlutskarpastir hafa orðið, skal greiða uppboðsverðið, sem um getur í 7. gr., fyrir hverja losunarheimild, sama hvert tilboðsverðið var.

6. gr.

Framlagning og afturköllun tilboða

1. Lágmarksfjöldi, sem boðið er í, skal vera einn uppboðsliður.

Einn uppboðsliður (e. lot) vegna staðgreiðslusamninga með tveggja daga afhendingarfresti eða framvirkra samninga til fimm daga skal vera 500 losunarheimildir.

Einn uppboðsliður vegna framtíðarsamninga eða framvirkra samninga skal vera 1000 losunarheimildir.

2. Í hverju tilboði skal eftirfarandi koma fram:

a) auðkenni bjóðandans og hvort hann gerir tilboð fyrir eigin reikning eða fyrir hönd viðskiptavinar,

b) auðkenni viðskiptavinarins, ef bjóðandinn gerir tilboð fyrir viðskiptavin,

c) það magn, sem boðið er í, talið í fjölda losunarheimilda í heiltölumargfeldum af uppboðsliðum með 500 eða 1000 losunarheimildum,

d) tilboðsverðið, sem boðið er fyrir hverja losunarheimild, tilgreint með tveimur tugastöfum.

3. Hvert tilboð má eingöngu leggja fram, breyta eða afturkalla í tilteknum tilboðsglugga.

Framlögðum tilboðum má breyta eða þau má afturkalla fyrir tiltekinn eindaga áður en tilboðsglugganum er lokað. Viðkomandi uppboðsvettvangur skal ákveða eindagann og birta hann á vefsíðu sinni a.m.k. fimm viðskiptadögum fyrir opnun tilboðsgluggans.

Einungis einstaklingur með staðfestu í Sambandinu, sem tilnefndur er skv. d-lið 2. mgr. 19. gr. og hefur heimild til að taka bindandi ákvarðanir fyrir hönd bjóðanda varðandi hvaðeina sem tengist uppboðunum, þ.m.t. framlagning tilboðs („fulltrúi bjóðanda“), hefur rétt til að leggja fram, breyta eða afturkalla tilboð fyrir hönd bjóðanda.

Þegar tilboð hefur verið lagt fram er það bindandi, nema það sé afturkallað eða því breytt samkvæmt þessari málsgrein eða afturkallað skv. 4. mgr.

4. Ef starfsmenn viðkomandi uppboðsvettvangs hafa fullvissað sig um að raunveruleg mistök hafi verið gerð þegar tilboð var lagt inn má, að beiðni fulltrúa bjóðandans, meðhöndla framlagða tilboðið sem afturkallað eftir að tilboðsglugganum er lokað en áður en uppboðsverðið hefur verið ákvarðað.

5. Móttaka, sending og framlagning tilboðs frá fjárfestingar-fyrirtæki eða lánastofnun á uppboðsvettvangi telst vera fjárfestingarþjónusta í merkingu 2. liðar 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2004/39/EB ef uppboðsvaran er fjármálagerningur.

7. gr.

Uppboðsverð og meðhöndlun jafnhárra tilboða

1. Uppboðsverðið skal ákvarðað þegar tilboðsglugganum hefur verið lokað.

2. Uppboðsvettvangur skal raða framlögðum tilboðum eftir tilboðsverðinu. Ef nokkur jafnhá tilboð eru lögð fram skal flokka þau með slembiúrtaki í samræmi við reiknirit sem uppboðsvettvangurinn ákveður fyrir uppboðið.

Leggja skal saman þann fjölda sem boðið er í og byrja á tilboðum með hæsta verðinu. Verðið í því tilboði, þar sem summa fjöldans sem boðið er í er sú sama eða meiri en fjöldi losunarheimilda sem boðnar eru upp, skal vera uppboðsverðið.

3. Öllum tilboðum, sem eru hluti af summu þess fjölda sem ákvarðaður er skv. 2. mgr., skal úthlutað á uppboðsverðinu.

4. Ef heildarfjöldi í þeim tilboðum, sem urðu hlutskörpust og voru ákvörðuð skv. 2. mgr., er meiri en sem nemur fjölda losunarheimildanna sem voru boðnar upp skal úthluta þeim fjölda uppboðinna losunarheimilda, sem eftir stendur, til þess bjóðanda sem hefur lagt fram síðasta tilboðið sem er hluti af summu þess fjölda sem boðið er í.

5. Ef heildarfjöldinn í þeim tilboðum, sem raðað var skv. 2. mgr., er minni en fjöldi uppboðinna losunarheimilda skal uppboðsvettvangurinn hætta við uppboðið.

6. Ef uppboðsverðið er umtalsvert lægra en verðið á eftirmarkaðnum meðan tilboðsglugginn er opin og rétt áður en hann er opnaður skal uppboðsvettvangurinn, með tilliti til skammtímaóstöðugleika á verði losunarheimilda á skilgreindu tímabili fyrir uppboðið, hætta við uppboðið.

7. Fyrir upphaf uppboðs skal uppboðsvettvangurinn ákvarða hvaða aðferð skal nota við beitingu 6. mgr. eftir að haft hefur verið samráð við uppboðsvaktarann og álit hans á því fengið og lögbæru landsyfirvöldin, sem um getur í 56. gr., hafa verið látin vita. Viðkomandi uppboðsvettvangur skal taka ýtrasta tillit til álits uppboðsvaktarans.

Viðkomandi uppboðsvettvangur getur, milli tveggja tilboðsglugga, breytt aðferðum sínum eftir að hafa haft samráð við uppboðsvaktarann og tilkynnt lögbærum landsyfirvöldum, sem um getur í 56. gr., um það.

8. Ef uppboð er fellt niður skv. 5. eða 6. mgr. skal miðla þeim fjölda, sem bjóða átti þar upp, á næstu uppboð sem eru á áætlun á sama uppboðsvettvanginum.

Ef um er að ræða losunarheimildir, sem falla undir III. kafla tilskipunar 2003/87/EB, skal miðla fjöldanum, sem átti að bjóða upp, jafnt á næstu fjögur ráðgerðu uppboð.

Ef um er að ræða losunarheimildir, sem falla undir II. kafla tilskipunar 2003/87/EB, skal miðla fjöldanum, sem átti að bjóða upp, jafnt á næstu tvö ráðgerðu uppboð.

III. KAFLI

UPPBODSALMANAK

8. gr.

Tímasetning og tíðni

1. Hver uppboðsvettvangur skal halda sérstök uppboð gegnum sína eigin reglubundnu og endurteknu tilboðsglugga. Tilboðsglugginn skal opnast og lokast á sama viðskiptadegi. Tilboðsglugginn skal ekki standa lengur opin en í tvær klukkustundir. Tilboðsgluggar tveggja eða fleiri uppboðsaðila mega ekki skarast og líða skulu a.m.k. tvær klukkustundir milli tveggja tilboðsglugga í röð.

2. Uppboðsvettvangurinn skal ákvarða dagsetningar og tímasetningar uppboðanna með tilliti til lögboðinna frídaga sem hafa áhrif á alþjóðlega fjármálamarkaði og annarra viðburða eða kringumstæðna sem, að áliti uppboðsvettvangsins, gætu haft áhrif á að rétt sé staðið að uppboðunum og því útheimt breytingar. Ekki skal halda nein uppboð í tvær vikur kringum jól og áramót á hverju ári.

3. Að höfðu samráði við uppboðsvaktarann og að fengnu áliti hans á tilteknu máli getur hver uppboðsvettvangur í undantekningartilvikum breytt tímasetningum tilboðsglugga með því að tilkynna það öllum aðilum sem geta orðið fyrir áhrifum af því. Viðkomandi uppboðsvettvangur skal taka ýtrasta tillit til álits uppboðsvaktarans.

4. Frá og með sjötta uppboðinu eða fyrr skal uppboðsvettvangurinn, sem tilnefndur er skv. 1. eða 2. mgr. 26. gr., halda a.m.k. vikuleg uppboð á losunarheimildum sem falla undir III. kafla tilskipunar 2003/87/EB og halda skal uppboð a.m.k. með tveggja mánaða millibili á losunarheimildum sem falla undir II. kafla tilskipunar 2003/87/EB.

Tvo daga í viku, að hámarki, þegar uppboðsvettvangur sem er tilnefndur skv. 1. eða 2. mgr. 26. gr. heldur uppboð skal enginn annar uppboðsvettvangur halda uppboð. Ef uppboðsvettvangur, sem tilnefndur er skv. 1. eða 2. mgr. 26. gr., heldur uppboð fleiri en tvo daga í viku skal hann ákvarða og birta tilkynningu um á hvaða öðrum tveimur dögum ekki megi halda nein önnur uppboð. Þetta skal hann gera eigi síðar en þegar hann tekur ákvörðunina, sem um getur í 1. mgr. 11. gr., og gerir hana opinbera.

5. Frá og með sjötta uppboðinu eða fyrr skal miðla fjölda losunarheimilda, sem bjóða á upp á uppboðsvettvanginum sem tilnefndur er skv. 1. eða 2. mgr. 26. gr., jafnt á uppboð á tilteknu ári, en þó þannig að fjöldinn sem boðinn er upp á uppboðum í ágúst ár hvert sé helmingurinn af þeim fjölda sem boðinn er upp í uppboðum aðra mánuði ársins.

6. Frekari ákvæði um tímasetningu og tíðni uppboða, sem haldin eru á öðrum uppboðsvettvöngum en þeim sem tilefndir eru skv. 1. eða 2. mgr. 26. gr., eru sett fram í 32. gr.

9. gr.

Aðstæður sem geta komið í veg fyrir uppboðshald

Með fyrirvara um beitingu reglnanna sem um getur í 58. gr., eftir því sem við á, getur uppboðsvettvangur fellt niður uppboð þegar truflun verður til þess að ekki er rétt staðið að uppboðinu eða líklegt er að truflun verði á því vegna hvers kyns kringumstæðna sem hafa áhrif á öryggi eða áreiðanleika upplýsingatæknikerfisins sem þarf til að sækja um leyfi til að taka leggja fram tilboð, til að fá að því aðgang eða halda það.

Ef um er að ræða losunarheimildir, sem falla undir III. kafla tilskipunar 2003/87/EB, skal miðla fjöldanum, sem átti að bjóða upp, jafnt á næstu fjögur ráðgerðu uppboð.

Ef um er að ræða losunarheimildir, sem falla undir II. kafla tilskipunar 2003/87/EB, skal miðla fjöldanum, sem átti að bjóða upp, jafnt á næstu tvö ráðgerðu uppboð.

10. gr.

Árlegur fjöldi uppboðinna losunarheimilda sem falla undir III. kafla tilskipunar 2003/87/EB

1. Setja skal fram í I. viðauka við þessa reglugerð þann fjölda losunarheimilda, sem fellur undir III. kafla tilskipunar 2003/87/EB og bjóða á upp á árinu 2011 eða 2012, og uppboðsvörnar sem nota á til að bjóða losunarheimildirnar upp.

2. Sá fjöldi losunarheimilda, sem fellur undir III. kafla tilskipunar 2003/87/EB og á að bjóða upp á árinu 2013 og 2014, skal vera sá fjöldi losunarheimilda sem ákvarðaður var skv. 9. gr. og 9. gr. a sömu tilskipunar fyrir viðkomandi almanaksár, að frádregnum þeim losunarheimildum sem var úthlutað án endurgjalds og kveðið er á um í 10. gr. a (7. mgr.) og 11. gr. (2. mgr.) sömu tilskipunar, að frádregnum helmingi heildarfjölda losunarheimilda sem boðinn er upp á árinu 2011 eða 2012.

Sá fjöldi losunarheimilda, sem fellur undir III. kafla tilskipunar 2003/87/EB og á að bjóða upp á hverju almanaksári frá og með 2015, skal vera sá fjöldi losunarheimilda sem ákvarðaður var skv. 9. gr. og 9. gr. a sömu tilskipunar fyrir viðkomandi almanaksár, að frádregnum þeim heimildum sem var úthlutað án endurgjalds og kveðið er á um í 10. gr. a (7. mgr.) og 11. gr. (2. mgr.) sömu tilskipunar.

Öllum losunarheimildum, sem bjóða á upp skv. 24. gr. tilskipunar 2003/87/EB, skal bætt við þann fjölda losunarheimilda sem bjóða á upp á tilteknu almanaksári og ákvarðaður er samkvæmt fyrstu eða annarri undirgrein þessarar málsgreinar.

Í tengslum við þann fjölda losunarheimilda sem fellur undir III. kafla tilskipunar 2003/87/EB og á að bjóða upp á síðasta ári hvers viðskiptatímabils skal taka tillit til starfsstöðva þar sem rekstur hefur verið stöðvaður skv. 10. gr. a (19. mgr.) í sömu tilskipun, til breytinga á úthlutaðum fjölda losunarheimilda án endurgjalds skv. 10. gr. a (20. mgr.) í sömu tilskipun og til losunarheimilda sem eftir eru í varasjóðnum fyrir nýja aðila sem kveðið er á um í 10. gr. a (7. mgr.) í sömu tilskipun.

3. Sá fjöldi losunarheimilda, sem fellur undir III. kafla tilskipunar 2003/87/EB og á að bjóða upp á hverju almanaksári frá og með 2013, skall grundvallast á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar og birtingu á áætluðu magni losunarheimilda, sem bjóða á upp skv. 1. mgr. 10. gr. sömu tilskipunar, eða á nýjstu breytingum á upprunalegu mati framkvæmdastjórnarinnar sem var birt eigi síðar en 31. janúar á árinu á undan.

Taka skal tillit til allra síðari breytinga á fjölda losunarheimilda sem bjóða á upp á tilteknu almanaksári við ákvörðun á þeim fjölda sem bjóða skal upp á næsta almanaksári.

4. Með fyrirvara um 10. gr. a (7. mgr.) í tilskipun 2003/87/EB skal það hlutfall losunarheimilda sem fellur undir III. kafla þeirrar tilskipunar, sem hvert aðildarríki fær til að bjóða upp, vera það hlutfall sem ákvarðað er skv. 10. gr. (2. mgr.) sömu tilskipunar, að frádregnum úthlutunum þess aðildarríkis án endurgjalds á aðlögunartímabili skv. 10. gr. c í tilskipun 2003/87/EB á því almanaksári, að viðbættum losunarheimildum sem það aðildarríki á að bjóða upp á sama almanaksári skv. 24. gr. þeirrar tilskipunar.

11. gr.

Almanak fyrir einstök uppboð á losunarheimildum sem falla undir III. kafla tilskipunar 2003/87/EB og boðnar eru upp á uppboðsvettvöngum sem tilnefndir eru skv. 1. eða 2. mgr. 26. gr. þessarar reglugerðar

1. Uppboðsvettvangarnir, sem tilnefndir eru skv. 1. eða 2. mgr. 26. gr. þessarar reglugerðar, skulu ákvarða og birta upplýsingar um tilboðsglugga, fjölda í hverju tilviki og uppboðsdagsetningar, sem og um uppboðsvörna, greiðslur og afhendingardaga fyrir losunarheimildirnar, sem falla undir III. kafla tilskipunar 2003/87/EB og bjóða á upp á einstökum uppboðum á hverju almanaksári, eigi síðar en 28. febrúar árið á undan eða eins fljótt og unnt er eftir þá dagsetningu, að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina og að fengnu álitni hennar þar að lútandi. Viðkomandi uppboðsvettvangar skulu taka ýtrasta tillit til álits framkvæmdastjórnarinnar.

2. Uppboðsvettvangarnir, sem tilnefndir eru skv. 26. gr. (1. eða 2. mgr.) þessarar reglugerðar, skulu byggja ákvarðanir sínar og birtingar skv. 1. mgr. þessarar greinar á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar og birtingu hennar á áætluðum fjölda losunarheimilda, sem bjóða á upp, eða á nýjstu breytingum á upprunalegu mati framkvæmdastjórnarinnar sem um getur í 10. gr. (1. mgr.) tilskipunar 2003/87/EB.

3. Viðkomandi uppboðsvettvangur getur breytt tilboðsgluggunum, fjöldanum í hverju tilviki og uppboðsdagsetningunum fyrir losunarheimildir, sem falla undir III. kafla tilskipunar 2003/87/EB sem bjóða á upp á einstökum uppboðum á síðasta ári hvers viðskiptatímabils, til að taka tillit til stöðvunar reksturs starfsstöðvar skv. 10. gr. a (19. mgr.) í sömu tilskipun, breytinga á magni úthlutana án endurgjalds skv. 10. gr. a (20. mgr.) í sömu tilskipun eða losunarheimilda sem eftir eru í varasjóðnum fyrir nýja aðila sem kveðið er á um í 10. gr. a (7. mgr.) í sömu tilskipun.

4. Almanakið fyrir sérstök uppboð á losunarheimildum, sem falla undir III. kafla tilskipunar 2003/87/EB og eru haldin á öðrum uppboðsvettvangi en þeim sem tilnefndir eru skv. 26. gr. (1. eða 2. mgr.) þessarar reglugerðar, skal ákvarðað og birt í samræmi við 32. gr. þessarar reglugerðar.

12. gr.

Árlegur fjöldi uppboðinna losunarheimilda sem falla undir II. kafla tilskipunar 2003/87/EB

1. Sá fjöldi losunarheimilda, sem fellur undir II. kafla tilskipunar 2003/87/EB og á að bjóða upp á árinu 2012, skal vera sá fjöldi sem framkvæmdastjórnin reiknaði og ákvað skv. 1. mgr. 3. gr. d í þeirri tilskipun.

Sá fjöldi losunarheimilda, sem fellur undir II. kafla tilskipunar 2003/87/EB og á að bjóða upp á hverju almanaksári frá og með 2013, skal vera sá fjöldi sem framkvæmdastjórnin reiknaði og ákvað skv. 2. mgr. 3. gr. d í þeirri tilskipun, deilt jafnt niður á árin á viðkomandi viðskiptatímabili.

Hins vegar skal taka tillit til þeirra losunarheimilda sem eftir eru í sérstaka varasjóðnum sem um getur í 3. gr. f í tilskipun 2003/87/EB þegar fjöldi losunarheimilda, sem bjóða á upp á síðasta ári hvers viðskiptatímabils, er ákveðinn.

2. Hlutfall losunarheimilda, sem fellur undir II. kafla tilskipunar 2003/87/EB og hvert aðildarríki fær til að bjóða upp á hverju almanaksári á tilteknu viðskiptatímabili, skal vera það hlutfall sem ákvarðað er fyrir það viðskiptatímabil skv. 3. mgr. 3 gr. d í sömu tilskipun, deilt með fjölda árána á viðkomandi viðskiptatímabili.

13. gr.

Almanak fyrir einstök uppboð á losunarheimildum sem falla undir II. kafla tilskipunar 2003/87/EB og boðnar eru upp á uppboðsvettvöngum sem tilnefndir eru skv. 1. eða 2. mgr. 26. gr. þessarar reglugerðar

1. Uppboðsvettvangarnir, sem tilnefndir eru skv. 1. eða 2. mgr. 26. gr. þessarar reglugerðar, skulu ákvarða og birta upplýsingar um tilboðsgluggana, fjöldann í hverju tilviki og uppboðsdagsetningarnar fyrir losunarheimildirnar, sem falla undir II. kafla tilskipunar 2003/87/EB og bjóða á upp á einstökum uppboðum árið 2012, eigi síðar en 30. september 2011 eða eins fljótt og unnt er eftir þá dagsetningu, að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina og að fengnu álitni hennar þar að lútandi. Viðkomandi uppboðsvettvangar skulu taka ýtrasta tillit til álits framkvæmdastjórnarinnar.

2. Frá og með 2012 skulu uppboðsvettvangarnir, sem tilnefndir eru skv. 1. eða 2. mgr. 26. gr. þessarar reglugerðar, ákvarða og birta upplýsingar um tilboðsgluggana, fjöldann í hverju tilviki og uppboðsdagsetningarnar, sem og um uppboðsvöruna, greiðslur og afhendingardaga fyrir losunarheimildirnar, sem falla undir II. kafla tilskipunar 2003/87/EB og bjóða á upp á einstökum uppboðum á hverju almanaksári, eigi síðar en 28. febrúar árið á undan eða eins fljótt og unnt er eftir þá dagsetningu, að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina og að fengnu álitni hennar þar að lútandi. Viðkomandi uppboðsvettvangar skulu taka ýtrasta tillit til álits framkvæmdastjórnarinnar.

Viðkomandi uppboðsvettvangur getur breytt tilboðsgluggunum, fjöldanum í hverju tilviki og uppboðsdagsetningunum, sem og uppboðsvörinni, greiðslum og afhendingardögum fyrir losunarheimildirnar, sem falla undir II. kafla tilskipunar 2003/87/EB og bjóða á upp á einstökum uppboðum á síðasta ári hvers viðskiptatímabils, til að taka tillit til losunarheimilda sem eftir eru í varasjóðnum fyrir nýja aðila sem kveðið er á um í 3. gr. f í þeirri tilskipun.

3. Uppboðsvettvangarnir, sem tilnefndir eru skv. 26. gr. (1. eða 2. mgr.) þessarar reglugerðar, skulu byggja ákvarðanir sínar og birtingar skv. 1. og 2. mgr. á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar sem samþykkt er skv. 3. gr. e (3. mgr.) í tilskipun 2003/87/EB.

4. Ákvæðin um almanakið fyrir einstök uppboð á losunarheimildum, sem falla undir II. kafla tilskipunar 2003/87/EB og haldin eru á öðrum uppboðsvettvangi en þeim sem tilnefndir eru skv. 1. eða 2. mgr. 26. gr. þessarar reglugerðar, skulu ákvörðuð og birt í samræmi við 32. gr. þessarar reglugerðar.

14. gr.

Breytingar á uppboðsalmanakinu

1. Ákvörðunum og birtingum á árlegum losunarheimildum, sem bjóða á upp, og á tilboðsgluggum, fjölda, dagsetningum, uppboðsvöru, greiðslum og afhendingardögum í tengslum við einstök uppboð skv. 10. til 13. gr. og 4. mgr. 32. gr., skal ekki breytt nema til leiðréttinga vegna einhvers af eftirfarandi atriðum:

- a) niðurfellingar á uppboði skv. 7. gr. (5. og 6. mgr.), 9. gr. og 32. gr. (5. mgr.),
- b) tímabundinnar niðurfellingar á uppboðsvettvangi, öðrum en þeim sem tilnefndir eru skv. 1. eða 2. mgr. 26. gr. þessarar reglugerðar og kveðið er á um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar sem samþykkt er í samræmi við 3. mgr. 19. gr. tilskipunar 2003/87/EB,
- c) ákvörðunar aðildarríkis í samræmi við 8. mgr. 30. gr.,
- d) ef uppgjör, sem um getur í 5. mgr. 45. gr., bregst,
- e) eftirstandandi losunarheimilda í sérstaka varasjóðnum sem um getur í 3. gr. f í tilskipun 2003/87/EB,
- f) stöðvunar reksturs starfsstöðvar skv. 10. gr. a (19. mgr.) í tilskipun 2003/87/EB, breytinga á umfangi úthlutana án endurgjalds skv. 10. gr. a (20. mgr.) í sömu tilskipun eða losunarheimilda sem eftir eru í varasjóðnum fyrir nýja aðila sem kveðið er á um í 10. gr. a (7. mgr.) í sömu tilskipun,
- g) ef fleiri tegundir starfsemi og lofttegunda eru teknar með í samræmi við 24. gr. tilskipunar 2003/87/EB,
- h) hvers kyns ráðstafana sem samþykktar eru í samræmi við 29. gr. a í tilskipun 2003/87/EB,
- i) gildistöku breytinga á þessari reglugerð eða á tilskipun 2003/87/EB.

2. Ef ekki er tekið fram í þessari reglugerð hvernig innleiða skuli breytingu skal viðkomandi uppboðsvettvangur ekki innleiða þá breytingu nema að hann hafi fyrst haft samráð við framkvæmdastjórnina og fengið álit hennar á henni. Viðkomandi uppboðsvettvangar skulu taka ýtrasta tillit til álits framkvæmdastjórnarinnar.

IV. KAFLI

AÐGANGUR AÐ UPPBOÐUNUM

15. gr.

Aðilar sem mega leggja fram tilboð beint á uppboði

Með fyrirvara um 28 gr. (3. mgr.) má aðeins sá aðili, sem hæfur er til að sækja leyfi til að leggja tilboð beint fram á uppboðum skv. 18. gr. og hefur fengið aðgang að uppboðunum skv. 19. og 20. gr., leggja tilboð beint fram á uppboði.

16. gr.

Aðgangsleið

1. Uppboðsvettvangur skal sjá til þess að aðgangur að uppboðum hans sé án mismununar.

2. Uppboðsvettvangur, sem býður upp staðgreiðslusamninga með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamninga til fimm daga, skal tryggja fjaraðgang að uppboðum sínum gegnum rafrænt viðmót sem er aðgengilegt á öruggan og áreiðanlegan hátt um Netið.

Auk þess skal uppboðsvettvangur, sem býður upp staðgreiðslusamninga með tveggja daga afhendingarfresti, bjóða bjóðendum upp á þann kost að fá aðgang að uppboðunum gegnum sértengingar við rafræna viðmótið.

3. Uppboðsvettvangur, sem býður upp staðgreiðslusamninga með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamninga til fimm daga, getur boðið upp á eina eða fleiri aðrar aðgangsleiðir að uppboðum sínum ef aðalaðgangsleiðin verður ódagengileg af einhverjum orsökum, að því tilskildu að slíkar varaaðgangsleiðir séu öruggar og áreiðanlegar og að notkun þeirra orsaki ekki mismunur á milli bjóðenda.

17. gr.

Þjálfun og aðstoð

Uppboðsvettvangur, sem býður upp staðgreiðslusamninga með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamninga til fimm daga, skal bjóða upp á hagnýta námseiningu á Vefnum sem fjallar um uppboðsferlið sem hann heldur, þ.m.t. leiðsögn um hvernig fylla á út og leggja fram hvers kyns eyðublöð og hermílikan sem sýnir hvernig á að gera tilboð á uppboði. Hann skal einnig bjóða upp á aðstoð sem er aðgengileg um síma, símbréf og tölvupóst, a.m.k. á hefðbundnum vinnutíma á hverjum viðskiptadegi.

18. gr.

Aðilar sem eru hæfir til að sækja um leyfi til að leggja fram tilboð

1. Eftirfarandi aðilar teljast hæfir til að sækja um leyfi til að leggja tilboð beint fram á uppboðum:

a) rekstraraðili eða umráðandi loftfars, sem hefur geymslureikning rekstraraðila, gerir tilboð fyrir eigin reikning, þ.m.t. fyrir hönd móðurfélags, dótturfélags eða hlutdeildarfélags sem tilheyrir sama fyrirtækjahópi og rekstraraðilinn eða umráðandi loftfars,

b) fjárfestingarfyrirtæki sem eru leyfð skv. tilskipun 2004/39/EB og gera tilboð fyrir eigin reikning eða fyrir hönd viðskiptavina sinna,

c) lánastofnanir sem eru leyfðar skv. tilskipun 2006/48/EB og gera tilboð fyrir eigin reikning eða fyrir hönd viðskiptavina sinna,

d) fyrirtækjahópar aðila sem tilgreindir eru í a-lið og gera tilboð fyrir eigin reikning eða koma fram sem fulltrúar fyrir hönd meðlima sinna,

e) opinberir aðilar eða fyrirtæki í ríkiseigu í aðildarríkjunum sem stjórna einhverjum þeirra aðila sem tilgreindir eru í a-lið.

2. Með fyrirvara um undanþáguna í i-lið 1. mgr. 2. gr. í tilskipun 2004/39/EB teljast aðilar, sem þessi undantekning nær til og sem hafa heimild skv. 59. gr. þessarar reglugerðar, hæfir til að sækja um leyfi til að gera tilboð beint á uppboðum, annaðhvort fyrir eigin reikning eða fyrir hönd viðskiptavina í aðalstarfsemi þeirra, að því tilskildu að aðildarríki, þar sem þeir hafa staðfestu, hafi samþykkt löggjöf sem gerir viðkomandi, lögbæru yfirvaldi í því aðildarríki kleift að leyfa þeim að gera tilboð fyrir eigin reikning eða fyrir hönd viðskiptavina í aðalstarfsemi þeirra.

3. Aðilar, sem um getur í b- eða c-lið 1. mgr., teljast hæfir til að sækja um leyfi til að gera tilboð beint á uppboðunum fyrir hönd viðskiptavina sinna þegar þeir bjóða í uppboðsvörur sem eru ekki fjármálagerningar, að því tilskildu að aðildarríki, þar sem þeir hafa staðfestu, hafi samþykkt löggjöf sem gerir viðeigandi, lögbæru landsyfirvaldi í því aðildarríki kleift að leyfa þeim að gera tilboð fyrir eigin reikning eða fyrir hönd viðskiptavina þeirra.

4. Þegar aðilar, sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. og 2. mgr., gera tilboð fyrir hönd viðskiptavina sinna skulu þeir tryggja að þessir viðskiptavinir séu sjálfir hæfir til að sækja um leyfi til að gera tilboð beint skv. 1. eða 2. mgr.

Þegar viðskiptavinir þeirra aðila, sem um getur í fyrstu undirgrein, gera sjálfir tilboð fyrir hönd viðskiptavina sinna skulu þeir tryggja að viðkomandi viðskiptavinir séu einnig sjálfir hæfir til að sækja um aðgang til að gera tilboð beint skv. 1. eða 2. mgr. Það sama gildir um alla aðra viðskiptavini sem eru neðar í keðjunni og gera tilboð óbeint á uppboðunum.

5. Eftirtaldir aðilar teljast ekki hæfir til að sækja um leyfi til að gera tilboð beint á uppboðunum og mega ekki taka þátt í uppboðunum með milligöngu eins eða fleiri aðila sem hafa leyfi til að gera tilboð fyrir eigin reikning eða fyrir hönd annarra skv. 19. og 20. gr., hvort sem er fyrir sjálfa sig eða fyrir hönd einhvers annars aðila, þegar þeir sinna hlutverkum sínum í tengslum við uppboðin:

a) uppboðshaldarinn,

b) uppboðsvettvangurinn, þ.m.t. hvers kyns greiðslujöfnunarkerfi og uppgjörskerfi sem honum tengjast,

c) aðilar sem geta beint eða óbeint haft umtalsverð áhrif á stjórnun þeirra aðila sem um getur í a- og b-lið,

d) aðilar sem vinna fyrir aðila sem eru tilgreindir í a- og b-lið.

6. Uppboðsvaktaranum er hvorki heimilt að taka beint né óbeint þátt í neinu uppboði í gegnum einn eða fleiri aðila sem hafa leyfi til að leggja fram tilboð skv. 19. og 20. gr., hvort sem er fyrir eigin reikning eða fyrir hönd annarra aðila.

Aðilum, sem eru í aðstöðu til að hafa beint eða óbeint umtalsverð áhrif á stjórnun uppboðsvaktarans, er hvorki heimilt að taka beint né óbeint þátt í neinu uppboði, í gegnum einn eða fleiri aðila sem hafa leyfi til að leggja fram tilboð skv. 19. og 20. gr., hvort sem er fyrir eigin reikning eða fyrir hönd annarra aðila.

Aðilum, sem vinna fyrir uppboðsvaktarann í tengslum við uppboðin, er hvorki heimilt að taka beint né óbeint þátt í neinu uppboði í gegnum einn eða fleiri aðila sem hafa leyfi til að leggja fram tilboð skv. 19. og 20. gr., hvort sem er fyrir eigin reikning eða fyrir hönd annarra aðila.

7. Sá kostur, sem boðið er upp á í samræmi við 44. til 50. gr. um að uppboðsvettvangur, þ.m.t. greiðslumiðlunarkerfi eða uppgjörskerfi sem honum tengjast, geti tekið við greiðslum, afhent vörur eða tekið við tryggingum frá síðari handhafa réttinda hlutskarpasta bjóðanda, skal ekki grafa undan beitingu 17. til 20. gr.

19. gr.

Kröfur varðandi leyfi til að gera tilboð

1. Ef uppboðsvettvangur skipuleggur eftirmarkað skal veita meðlimum eða þátttakendum á eftirmarkaðinum, sem er skipulagður af uppboðsvettvangi sem býður upp staðgreiðslusamninga með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamninga til fimm daga, leyfi, séu þeir aðilar sem teljast hæfir skv. 1. eða 2. mgr. 18. gr., til að gera tilboð beint á uppboðum sem sá uppboðsvettvangur heldur, án nokkurra frekari krafna um aðgang, að því tilskildu að öllum eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

a) að kröfurnar fyrir leyfi meðlims eða þátttakanda til að eiga viðskipti með losunarheimildir á eftirmarkaði sem skipulagður er af uppboðsvettvangi sem býður upp staðgreiðslusamninga með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamninga til fimm daga séu ekki vægari en þær sem tilgreindar eru í 2. mgr. þessarar greinar,

b) að uppboðsvettvangurinn, sem býður upp staðgreiðslusamninga með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamninga til fimm daga, taki við þeim viðbótarpplýsingum sem nauðsynlegar eru til að sannprófa að þær kröfur, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar og hafa ekki þegar verið sannprófaðar, hafi verið uppfylltar.

2. Veita skal aðilum, sem ekki eru meðlimir eða þátttakendur á eftirmarkaðinum sem er skipulagður af uppboðsvettvangi sem býður upp staðgreiðslusamninga með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamninga til fimm daga og eru aðilar sem teljast hæfir skv. 1. eða 2. mgr. 18. gr., leyfi til að gera tilboð beint á uppboðum sem haldin eru á þeim uppboðsvettvangi, að því tilskildu að þeir:

a) hafi staðfestu í Sambandinu, séu rekstraraðili eða umráðandi loftfars,

b) séu með sérstakan geymslureikning,

c) séu með sérstakan bankareikning,

d) tilnefni a.m.k. einn fulltrúa bjóðenda eins og skilgreint er í þriðju undirgrein 3. mgr. 6. gr.,

e) veiti, í samræmi við viðeigandi kröfur um könnun á áreiðanleika viðskiptamanna, viðkomandi uppboðsvettvangi fullnægjandi upplýsingar um auðkenni sín, auðkenni raunverulegra eigenda, um trúverðugleika sinn og um viðskipti sín og viðskiptasambönd, með tilliti til þess hvort þeir geti komið á venslum við bjóðandann, eftir því um hvaða tegund bjóðanda er að ræða og hvert eðli uppboðsvörunnar er, eftir umfangi væntanlegra tilboða, greiðslumáta og afhendingu,

f) veiti viðkomandi uppboðsvettvangi fullnægjandi upplýsingar um fjárhagsstöðu sína, einkum um að þeir geti staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar og greitt skammtíma-skuldir á gjalddaga,

g) hafi komið sér upp eða geti komið sér upp, sé þess óskað, þeim innri ferlum og verklagsreglum og hafi eða geti gert það samningsbundna samkomulag sem nauðsynlegt er til að koma í framkvæmd hámarksstærð tilboða sem sett er skv. 57. gr.,

h) uppfylli kröfurnar í 1. mgr. 49. gr.

Ef uppboðsvettvangur skipuleggur ekki eftirmarkað skal veita aðilum, sem teljast hæfir skv. 1. eða 2. mgr. 18. gr., leyfi til að gera tilboð beint á uppboðum sem sá uppboðsvettvangur heldur, að því tilskildu að þeir uppfylli skilyrðin sem sett eru fram í a- til h-lið þessarar málsgreinar.

3. Aðilar, sem falla undir gildissvið b- og c-liðar 1. mgr. 18. gr. eða 2. mgr. 18. gr. og gera tilboð fyrir hönd viðskiptavina sinna, bera ábyrgð á að tryggja að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

a) að viðskiptavinir þeirra séu hæfir aðilar skv. 1. eða 2. mgr. 18. gr.,

b) að þeir hafi gengið frá viðunandi innri ferlum, verklagsreglum og samningum, eða muni hafa gert það í tæka tíð fyrir opnun tilboðsgluggans, sem nauðsynleg eru til að:

i. að þeir geti afgreitt tilboð frá viðskiptavinum sínum, þ.m.t. framlagning tilboða, innheimta greiðslna og yfirfærsla losunarheimilda,

ii. að þeir geti komið í veg fyrir að trúnaðarupplýsingar berist frá þeim hluta starfsemi sinnar sem er ábyrg fyrir móttöku, undirbúningi og framlagningu tilboða fyrir hönd viðskiptavina þeirra yfir í þann hluta starfseminnar sem er ábyrg fyrir undirbúningi og framlögn tilboða fyrir eigin reikning.

iii. að þeir geti tryggt að viðskiptavinir þeirra, sem koma sjálfir fram fyrir hönd viðskiptavina sem gera tilboð á uppboðunum, beiti þeim kröfum sem settar eru fram í 2. mgr. þessarar greinar og þessari málsgrein og að þeir geri sömu kröfur til viðskiptavina sinna og viðskiptavina viðskiptavina sinna eins og kveðið er á um í 4. mgr. 18. gr.

Viðkomandi uppboðsvettvangur getur reitt sig á áreiðanlegar skoðanir sem framkvæmdar eru af þeim aðilum sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar eða af viðskiptavinum viðskiptavina þeirra eins og kveðið er á um í 4. mgr. 18. gr.

Aðilar sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar skulu bera ábyrgð á að tryggja að þeir geti sýnt uppboðsvettvanginum fram á, hvenær sem uppboðsvettvangurinn krefst þess skv. d-lið 5. mgr. 20. gr., að skilyrðin, sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar, séu uppfyllt.

20. gr.

Framlagning og afgreiðsla umsókna um leyfi til að leggja fram tilboð

1. Áður en aðilar leggja fyrsta tilboð sitt beint fram á uppboðsvettvangi sem býður upp staðgreiðslusamninga með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamninga til fimm daga skulu þeir sem hæfir eru til þess skv. 1. eða 2. mgr. 18. gr. sækja um leyfi til að leggja fram tilboð hjá viðkomandi uppboðsvettvangi.

Ef uppboðsvettvangur skipuleggur eftirmarkað skulu meðlimir eftirmarkaðarins, sem viðkomandi uppboðsvettvangur skipuleggur, eða þátttakendur í honum, sem uppfylla skilyrðin í 1. mgr. 19. gr., fá leyfi til að leggja fram tilboð án þess að sækja um slíkt samkvæmt fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar.

2. Umsókn um leyfi til að leggja fram tilboð skv. 1. málsgrein skal lögð fram með því að fylla út rafræna umsókn sem aðgengileg er á Netinu. Viðkomandi uppboðsvettvangur skal bjóða upp á rafrænu umsóknina og viðhalda henni og aðganginum að henni á Netinu.

3. Umsókn um leyfi til að leggja fram tilboð skal vera studd afritum af öllum fylgiskjölum, sem uppboðsvettvangurinn gerir kröfu um, og þau skulu vera staðfest á viðeigandi hátt til að sýna fram á að umsækjandinn uppfylli skilyrði 2. og 3. mgr. 19. gr. Í umsókn um leyfi til að leggja fram tilboð skulu m.a. koma fram þau atriði sem tilgreind eru í II. viðauka.

4. Umsókn um leyfi til að leggja fram tilboð skal lögð fram ásamt hvers kyns fylgiskjölum til skoðunar fyrir uppboðsvaktarann, lögbær löggæsluyfirvöld þess aðildarríkis sem framkvæma rannsókn, sem um getur í e-lið 3. mgr. 62. gr., og lögbærar stofnanir Sambandsins sem koma að rannsóknnum sem gerðar eru yfir landamæri.

5. Uppboðsvettvangur, sem býður upp staðgreiðslusamninga með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamninga til fimm daga, getur neitað umsækjanda um leyfi til að leggja fram tilboð á uppboðum sínum ef hann hafnar því að:

a) fara að beiðnum uppboðsvettvangsins um viðbótarupplýsingar eða skýringar eða staðfestingu á veittum upplýsingum,

b) verða við beiðni uppboðsvettvangsins um samtal við einhvern yfirmanna hans sem er á athafnasvæði hans eða annars staðar,

c) heimila rannsóknir eða sannprófanir, sem uppboðsvettvangurinn óskar eftir, þ.m.t. heimsóknir á staðinn eða skyndikannanir á athafnasvæði sínu,

d) verða við beiðni uppboðsvettvangsins um upplýsingar sem krafist er frá umsækjanda, viðskiptavinum umsækjanda eða viðskiptavinum viðskiptavina hans, eins og kveðið er á um í 4. mgr. 18. gr., til að kanna hvort farið sé að kröfunum í 3. mgr. 19. gr.,

e) verða við beiðni uppboðsvettvangsins um hvers kyns upplýsingar sem krafist er til að kanna megi hvort farið er að kröfunum í 2. mgr. 19. gr.

6. Uppboðsvettvangur sem býður upp staðgreiðslusamning með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamninga til fimm daga skal beita þeim ráðstöfunum sem kveðið er á um í 4. mgr. 13. gr. í tilskipun 2005/60/EB að því er varðar viðskiptafærslur sínar eða viðskiptatengsl við einstaklinga í pólitískum áhættuhópi í því landi þar sem hann hefur aðsetur.

7. Uppboðsvettvangur sem býður upp staðgreiðslusamning með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamninga til fimm daga skal fara fram á að umsækjandi um leyfi til að leggja fram tilboð á uppboðum hans tryggi að viðskiptavinir umsækjandans verði við öllum óskum sem settar eru fram skv. 5. mgr. og að viðskiptavinir viðskiptavina umsækjandans, eins og kveðið er á um í 4. mgr. 18. gr., geri slíkt hið sama.

8. Viðkomandi uppboðsvettvangur skal telja umsókn um leyfi til að leggja fram tilboð vera afturkallaða ef umsækjandinn lætur hjá líða að leggja fram þær upplýsingar sem uppboðsvettvangurinn krefur hann um innan hæfilegs frests, sem tilgreindur er í beiðni um upplýsingar skv. a-, d- eða e-lið 5. mgr., sem skal ekki vera styttri en fimm viðskiptadagar frá dagsetningu beiðninnar um upplýsingar, eða ef hann lætur hjá líða að svara eða neitar að taka þátt í eða sýna samstarfsvilja í viðtali, rannsókn eða sannpröfun skv. b- eða c-lið 5. mgr.

9. Umsækjandi skal ekki veita uppboðsvettvangi sem býður upp staðgreiðslusamninga með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamninga til fimm daga rangar eða villandi upplýsingar. Umsækjandi skal tilkynna viðkomandi uppboðsvettvangi tafarlaust, nákvæmlega og heiðarlega um allar breytingar á aðstæðum sínum sem geta haft áhrif á umsókn hans um leyfi til að leggja fram tilboð á uppboðunum sem sá uppboðsvettvangur heldur eða á leyfi til að gera tilboð sem honum hefur þegar verið veitt.

10. Uppboðsvettvangur sem býður upp staðgreiðslusamninga með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamninga til fimm daga skal taka ákvörðun um umsókn sem lögð er fyrir hann og tilkynna umsækjandanum um ákvörðun sína.

Viðkomandi uppboðsvettvangur getur:

a) veitt skilyrðislausan aðgang að uppboðum fyrir tímabil sem er ekki lengra en tilnefningartímabil hans, þ.m.t. framlenging eða endurnýjun tilnefningarinnar,

b) veitt skilyrtan aðgang að uppboðunum fyrir tímabil sem er ekki lengra en tilnefningartímabil hans, með fyrirvara um að tilgreind skilyrði séu uppfyllt fyrir tiltekna dagsetningu, sem viðkomandi uppboðsvettvangur skal staðfesta á viðeigandi hátt,

c) synjað um aðgang.

21. gr.

Synjun, afturköllun eða tímabundin synjun um leyfi til að leggja fram tilboð

1. Uppboðsvettvangur, sem býður upp staðgreiðslusamninga með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamninga til fimm daga, skal synja um leyfi til að leggja fram tilboð á uppboðum sínum eða afturkalla eða synja tímabundið um slík leyfi, sem þegar er búið að veita, aðila sem:

a) er ekki hæfur til að sækja um leyfi til að leggja fram tilboð á uppboðum skv. 1. eða 2. mgr. 18. gr. eða er ekki lengur hæfur til þess,

b) uppfyllir ekki kröfurnar í 18., 19. og 20. gr. eða uppfyllir þær ekki lengur,

c) hefur vísitandi eða hvað eftir annað brotið gegn ákvæðum þessarar reglugerðar, skilmálum og skilyrðum fyrir leyfi sínu til að leggja fram tilboð á uppboðunum, sem viðkomandi uppboðsvettvangur heldur, eða tengdum fyrirmælum eða samningum.

2. Uppboðsvettvangur sem býður upp staðgreiðslusamninga með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamninga til fimm daga skal synja um leyfi til að leggja fram tilboð á uppboðum sínum eða afturkalla eða synja tímabundið um slík leyfi, sem þegar hefur verið veitt, ef grunur vaknar um peningþvætti, fjármögnun hryðjuverka, glæpastarfsemi eða markaðssvik í tengslum við umsækjanda, að því tilskildu að slík synjun, afturköllun eða tímabundin synjun sé ekki líkleg til að hindra viðleitni viðkomandi lögbærra landsyfirvalda til að lögsækja eða handtaka þá sem fremja slík afbrot.

Í slíkum tilfellum skal viðkomandi uppboðsvettvangur senda skýrslu um málið til peningþvættisskrifstofunnar, sem um getur í 21. gr. tilskipunar 2005/60/EB, í samræmi við 2. mgr. 55. gr. þessarar reglugerðar.

3. Uppboðsvettvangur sem býður upp staðgreiðslusamninga með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamninga til fimm daga getur synjað um leyfi til að leggja fram tilboð á uppboðum sínum eða afturkallað eða synjað tímabundið um slík leyfi sem þegar hefur verið veitt aðila sem:

a) hefur í gáleysi brotið gegn ákvæðum þessarar reglugerðar, skilmálum og skilyrðum fyrir leyfi sínu til að leggja fram tilboð á uppboðunum, sem viðkomandi uppboðsvettvangur heldur, eða tengdum fyrirmælum eða samningum,

b) hefur á annan hátt komið þannig fram að það skaðar skipulegt eða skilvirkt uppboðshald,

c) um er getið í b- eða c-lið 1. mgr. 18. gr. eða 2. mgr. 18. gr. og hefur ekki lagt fram tilboð á neinu uppboði undanfarandi 220 viðskiptadaga.

4. Tilkynna skal aðilum, sem um getur í 3. mgr., um synjunina, afturköllunina eða tímabundnu synjunina á leyfinu og veita þeim hæfilegan tíma, sem tilgreindur er í ákvörðuninni um leyfi eða synjun eða afturköllun leyfis, til að leggja fram skriflegt svar.

Að teknu tilliti til skriflega svarsins frá aðilanum skal viðkomandi uppboðsvettvangur, sé það heimilt, annaðhvort:

a) veita eða endurveita leyfi frá og með tiltekinni dagsetningu eða

b) veita skilyrt leyfi eða endurveita leyfi með skilyrðum með fyrirvara um að tilgreind skilyrði séu uppfyllt fyrir tiltekna dagsetningu, sem viðkomandi uppboðsvettvangur skal staðfesta á viðeigandi hátt, eða

c) staðfesta synjunina, afturköllunina eða tímabundnu synjunina um leyfi frá og með tiltekinni dagsetningu.

Uppboðsvettvangurinn skal tilkynna viðkomandi aðila um ákvörðun sína.

5. Ef leyfi aðila til að leggja fram tilboð á uppboðum er afturkallað eða því er synjað tímabundið skv. 1., 2. eða 3. mgr. skulu þeir sjá til þess að brotthvarf þeirra frá uppboðunum:

a) gangi skipulega fyrir sig,

b) hafi hvorki áhrif á hagsmuni viðskiptavina þeirra né trufla skilvirka framkvæmd uppboðanna,

c) hafi ekki áhrif á skuldbindingar þeirra um að virða ákvæði um greiðslur, skilyrði og skilmála leyfis þeirra til að leggja fram tilboð á uppboðunum eða önnur tengd fyrirmæli eða samninga,

d) stofni ekki í hættu skuldbindingum þeirra varðandi verndun trúnaðarupplýsinga skv. ii. lið b-liðar 3. mgr. 19. gr. sem gilda í 20 ár eftir brotthvarf þeirra frá uppboðunum.

Í ákvörðun um synjun, afturköllun eða tímabundna niðurfellingu á leyfi til að leggja fram tilboð á uppboðunum, sem um getur í 1., 2. og 3. mgr., skal tilgreina þær ráðstafanir sem gera þarf til að farið sé að þessari málsgrein og skal uppboðsvettvangurinn sannprófa að farið sé að slíkum ráðstöfunum.

V. KAFLI

TILNEFNING UPPBOÐSHALDARANS OG HLUTVERK HANS

22. gr.

Tilnefning uppboðshaldara

1. Hvert aðildarríki skal tilnefna uppboðshaldara. Ekkert aðildarríki skal bjóða upp losunarheimildir án þess að hafa tilnefnt uppboðshaldara. Fleiri en eitt aðildarríki geta tilnefnt sama uppboðshaldarann.

2. Aðildarríki, sem tilnefnir uppboðshaldara, skal gera það í tæka tíð áður en uppboðin hefjast þannig að ganga megi frá og koma í framkvæmd nauðsynlegum samningum við uppboðsvettvanginn sem viðkomandi aðildarríki tilnefndi eða ætlar að tilnefna, þ.m.t. greiðslumiðlunarkerfi og uppgjörskerfi sem honum tengjast, og gera uppboðshaldaranum kleift að bjóða upp losunarheimildir fyrir hönd tilnefningaraðildarríkisins samkvæmt skilmálum og skilyrðum sem gagnkvæmt samkomulag er um.

3. Að því er varðar aðildarríki sem taka ekki þátt í sameiginlegu aðgerðinni sem kveðið er á um í 26. gr. skulu þau tilnefna uppboðshaldarann í tæka tíð fyrir upphaf uppboðanna hjá uppboðsvettvöngum sem tilnefndir eru skv. 26. gr. (1. og 2. mgr.) til að unnt sé að ganga frá og koma í framkvæmd nauðsynlegum samþykktum við þessa uppboðsvettvanga, þ.m.t. greiðslumiðlunarkerfi og uppgjörskerfi sem þeim tengjast, til að gera uppboðshaldaranum kleift að bjóða upp losunarheimildir fyrir hönd tilnefningaraðildarríkisins á slíkum uppboðsvettvöngum samkvæmt sameiginlegum skilmálum og skilyrðum, í samræmi við 30. gr. (7. mgr.) og 30. gr. (fyrstu undirgrein 8. mgr.).

4. Aðildarríkin skulu láta vera að greina aðilum sem vinna fyrir uppboðshaldara frá innherjaupplýsingum í skilningi 29. liðar 3. gr. og a-liðar 37. gr.

Ef vera kynni að innherjaupplýsingum yrði miðlað í leyfisleysi til aðila sem vinna fyrir uppboðshaldara skal í skipunarskilmálum uppboðshaldarans gert ráð fyrir viðunandi ráðstöfunum til að fjarlægja af vettvangi uppboðanna hvern þann aðila sem kann að hafa tekið við slíkum óleyfilegum upplýsingum.

Önnur undirgrein þessarar málsgreinar gildir með fyrirvara um beitingu 11. til 16. gr. tilskipunar 2003/6/EB og 43. gr. þessarar reglugerðar um brot gegn því sem bannað er með fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar.

5. Halda skal frá uppboðunum losunarheimildum, sem bjóða á upp fyrir hönd aðildarríkis, þar til uppboðshaldari hefur verið tilnefndur á viðeigandi hátt og þar til að búid er að ljúka og koma í framkvæmd þeim samningum sem um getur í 2. mgr.

6. Ákvæði 5. mgr. eru með fyrirvara um réttaráhrif sem leiða af lögum Evrópusambandsins vegna þess að aðildarríki uppfyllir ekki skuldbindingar sínar skv. 1. til 4. mgr.

7. Aðildarríki skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um auðkenni uppboðshaldarans og samskiptaupplýsingar hans.

Birta skal auðkenni uppboðshaldarans og samskiptaupplýsingar hans á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar.

23. gr.

Hlutverk uppboðshaldarans

Uppboðshaldarinn skal:

a) bjóða upp þann fjölda losunarheimilda sem bjóða á upp á vegum hvers aðildarríkis sem tilnefndi hann,

b) taka við uppboðstekjunum fyrir hvert aðildarríki sem tilnefndi hann,

c) greiða út uppboðstekjurnar til hvers aðildarríkis sem tilnefndi hann.

VI. KAFLI

TILNEFNING UPPBOÐSVAKTARANS OG HLOTVERK HANS

24. gr.

Uppboðsvaktarinn

1. Sami uppboðsvaktari skal vakta öll uppboðsferlin.

2. Öll aðildarríkin skulu tilnefna uppboðsvaktara að loknu sameiginlegu innkaupaferli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna sem haldið er samkvæmt þriðju undirgrein 1. mgr. 91. gr. reglugerðar (EB, KBE) nr. 1605/2002 og 125. gr. c í reglugerð (EB, KBE) nr. 2342/2002.

3. Tilnefningartímabil uppboðsvaktarans skal ekki vera lengra en fimm ár.

Tilnefna skal nýjan uppboðsvaktara skv. 2. mgr. a.m.k. þremur mánuðum fyrir lok tilnefningartímabils eða uppsögn tilnefningar uppboðsvaktarans.

4. Birta skal auðkenni uppboðsvaktarans og samskiptaupplýsingar hans á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar.

25. gr.

Hlutverk uppboðsvaktarans

1. Uppboðsvaktarinn skal vakta hvert uppboð og leggja fram skýrslur til framkvæmdastjórnarinnar fyrir hönd aðildarríkjanna og til viðkomandi aðildarríkja um að rétt sé staðið að uppboðunum sem haldin eru í mánuðinum á undan, innan frestsins sem kveðið er á um í fjórðu undirgrein 4. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB, samkvæmt þeirri undirgrein, einkum að því er varðar:

a) sanngjarnan og opinn aðgang,

b) gagnsæi,

c) verðmyndun,

d) tæknilegar og rekstrarlegar hliðar.

2. Uppboðsvaktarinn skal árlega leggja fram fyrir aðildarríkin og framkvæmdastjórnina samsteypta skýrslu sem fjallar um:

a) málin, sem um getur í 1. mgr., bæði í tengslum við hvert einstakt uppboð og í samanteknu formi fyrir hvern uppboðsvettvang,

- b) vanefndir á samningnum um tilnefningu uppboðsvettvangs,
- c) vísendingar um samkeppnishamlandi hátterni eða markaðssvik,
- d) áhrif, sem uppboðin hafa á markaðsstöðu uppboðsvettvanganna á eftirmarkaðinum, ef einhver eru,
- e) tengslin milli uppboðsferlanna, sem fjallað er um í samsteypu skýrslunni, og milli ferlanna og starfsemi eftirmarkaðarins, skv. 5. mgr. 10. gr. í tilskipun 2003/87/EB,
- f) upplýsingar um fjölda, eðli og stöðu hvers kyns kvartana sem fram hafa verið bornar skv. 4. mgr. 59. gr., sem og annarra kvartana sem fram hafa verið bornar við lögbær landsyfirvöld sem hafa eftirlit með lánastofnunum og fjárfestingarfyrirtækjum,
- g) upplýsingar um eftirfylgni með skýrslum uppboðsvaktarans sem gerðar hafa verið skv. 3., 4. og 5. mgr.,
- h) tillögur sem taldar eru viðeigandi til að bæta uppboðsferlin eða vegna endurskoðunar á eftirfarandi:
 - i. þessari reglugerð, þ.m.t. endurskoðunin sem um getur í 33. gr.,
 - ii. reglugerð framkvæmdastjórnarinnar sem var samþykkt skv. 3. mgr. 19. gr. tilskipunar 2003/87/EB,
 - iii. tilskipun 2003/87/EB, þ.m.t. endurskoðun á starfsemi kolefnismarkaðarins sem kveðið er á um í 5. mgr. 10. gr. og 1. mgr. a í 12. gr. þeirrar tilskipunar.

3. Uppboðsvaktarinn getur, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar og eins eða fleiri aðildarríkja, eða eins og krafist er í 5. mgr., lagt fram skýrslu öðru hverju um tiltekin álitæfni sem tengjast einhverjum uppboðsferlanna þegar nauðsynlegt er að koma álitæfninu á framfæri áður en skýrslurnar, sem um getur í 1. eða 2. mgr., eru lagðar fram. Að öðrum kosti getur uppboðsvaktarinn greint frá því í skýrslunum sem kveðið er á um í 1. eða 2. mgr.

4. Aðildarríki, sem ekki tekur þátt í sameiginlegu aðgerðinni sem kveðið er á um í 26. gr. þessarar reglugerðar en kys að tilnefna sinn eigin uppboðsvettvang skv. 30. gr. (1. og 2. mgr.) þessarar reglugerðar, getur krafist þess að uppboðsvaktarinn leggi fyrir aðildarríkin, framkvæmdastjórnina og viðkomandi uppboðsvettvang tækniskýrslu um getu uppboðsvettvangsins, sem það tilnefnir eða hyggst tilnefna, til að framkvæma uppboðsferlið í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð og í samræmi við markmiðin sem sett eru fram í 10. gr. (4. mgr.) tilskipunar 2003/87/EB.

Í slíkum skýrslum skal uppboðsvaktarinn taka skýrt fram að hvaða leyti uppboðsferlið uppfyllir kröfur fyrstu undirgreinar og að hvaða leyti ekki. Hann skal koma með nákvæmar tillögur um frekari þróun eða umbætur á uppboðsferlinu, eftir því sem við á, og leggja fram nákvæma tímaáætlun um framkvæmd þeirra.

5. Uppboðsvaktarinn skal þegar í stað tilkynna aðildarríkjunum, framkvæmdastjórninni og viðkomandi uppboðsvettvangi um það ef brotið er gegn ákvæðum þessarar reglugerðar eða ef uppboðsferli hjá uppboðsvettvangi samræmist ekki markmiðunum í 4. mgr. 10. gr. í tilskipun 2003/87/EB eða ef framkvæmdastjórnin fer fram á það vegna þess að hún hefur grun um slíkt brot.

Í skýrslunni skal koma skýrt fram um hvers konar brot eða ósamræmi er að ræða. Þar skulu koma fram nákvæmar tillögur til að ráða bót á ástandinu ásamt nákvæmri tímáætlun um framkvæmd þeirra. Ef við á geta þar komið fram tilmæli um tímabundna niðurfellingu á viðkomandi uppboðsvettvangi. Uppboðsvaktarinn skal stöðugt endurskoða skýrslu sína samkvæmt þessari málsgrein og senda aðildarríkjunum, framkvæmdastjórninni og viðkomandi uppboðsvettvangi ársfjórðungslegar uppfærslur.

6. Öll álit, sem uppboðsvaktarinn leggur fram skv. 7. mgr. 7. gr. eða 3. mgr. 8. gr. þessarar reglugerðar, skulu vera hluti af verkefnum hans samkvæmt þessari grein.

7. Skýrslur og álit, sem lögð eru fram samkvæmt þessari grein, skulu samin á skiljanlegu, stöðluðu og vel aðgengilegu sniði sem ákveða skal í samningnum um tilnefningu uppboðsvaktarans.

VII. KAFLI

TILNEFNING Á UPPBOÐSVETTvangi AF HÁLFU AÐILDARÍKJA, SEM TAKA ÞÁTT Í SAMEIGINLEGRI AÐGERÐ MEÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNinni, OG HLUTVERK HANS

26. gr.

Tilnefning uppboðsvettvangs með sameiginlegri aðgerð aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar

1. Með fyrirvara um 30. gr. skulu aðildarríki tilnefna einn uppboðsvettvang til að bjóða upp staðgreiðslusamninga með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamninga til fimm daga eftir sameiginlegt innkaupaferli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna sem taka þátt í sameiginlegu aðgerðinni.

2. Með fyrirvara um 30. gr. skulu aðildarríki tilnefna einn eða tvo uppboðsvettvanga til að bjóða upp framtíðarsamninga eða framvirka samninga, að því tilskildu að viðkomandi uppboðsvörur séu tilgreindar í I. viðauka, eftir sameiginlegt innkaupaferli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna sem taka þátt í sameiginlegu aðgerðinni.

3. Sameiginlega innkaupaferlið, sem um getur í 1. og 2. mgr., skal fara fram samkvæmt 91. gr. (þriðju undirgrein 1. mgr.) reglugerðar (EB, KBE) nr. 1605/2002 og 125. gr. c í reglugerð (EB, KBE) nr. 2342/2002.

4. Tilnefningartímabil uppboðsvettvanganna, sem um getur í 1. og 2. mgr., skal ekki vara lengur en fimm ár.

5. Birta skal auðkenni og samskiptaupplýsingar uppboðsvettvanganna, sem um getur í 1. og 2. mgr., á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar.

6. Aðildarríki, sem gerist aðili að sameiginlegu aðgerðunum skv. 1. og 2. mgr. eftir gildistöku samningsins milli þátttöku-aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar um sameiginlegu innkaupin, skulu samþykkja þau skilyrði og skilmála sem þátttökuaðildarríkin og framkvæmdastjórnin samþykktu í sameiginlega innkaupasamningnum, sem og allar ákvarðanir sem þegar hafa verið samþykktar samkvæmt þeim samningi.

Aðildarríki, sem ákveður, skv. 4. mgr. 30. gr., að taka ekki þátt í sameiginlegu aðgerðinni en tilnefni sinn eigin uppboðsvettvang getur fengið stöðu áheyrnarfulltrúa samkvæmt skilyrðum og skilmálum sem samþykkt voru í sameiginlega innkaupasamningnum milli aðildarríkjanna sem taka þátt í sameiginlegu aðgerðinni og framkvæmdastjórnarinnar, með fyrirvara um gildandi reglur um opinber innkaup.

27. gr.

Verkefni uppboðsvettvangsins sem tilnefndur er skv. 1. mgr. 26. gr.

1. Uppboðsvettvangurinn, sem tilnefndur er skv. 1. mgr. 26. gr., skal veita aðildarríkjunum eftirfarandi þjónustu sem er nánar skilgreind í samningnum um tilnefningu hans:

- a) veita aðgang að uppboðunum skv. 15. til 21. gr., þ.m.t. að bjóða upp á og viðhalda nauðsynlegum, rafrænum viðmótum og vefsíðu á Netinu,
- b) halda uppboðin í samræmi við 4. til 7. gr.,
- c) hafa umsjón með uppboðsalmanakinu í samræmi við 8. til 14. gr.,
- d) kynna og tilkynna um niðurstöður uppboðs skv. 61. gr.,
- e) tryggja beint eða óbeint með samningum við undirverktaka að fyrir liggi tilskilið greiðslumiðlunarkerfi eða uppgjörskerfi sem þarf til að:
 - i. hafa umsjón með greiðslum frá hlutskörpustu bjóðendum eða síðari handhöfum réttinda þeirra og greiða út tekjur af uppboðunum til uppboðshaldarans skv. 44. og 45. gr.,
 - ii. afhenda hlutskörpustu bjóðendum eða síðari handhöfum réttinda þeirra uppboðnar losunarheimildir skv. 46., 47. og 48. gr.,
 - iii. hafa umsjón með tryggingum, þ.m.t. hvers kyns tryggingarþekju, sem uppboðshaldarinn eða bjóðendur leggja fram skv. 49. og 50. gr.,
- f) veita uppboðsvaktaranum allar upplýsingar sem varða uppboðshaldið og eru nauðsynlegar til að uppboðsvaktarinn geti sinnt hlutverki sínu skv. 53. gr.,

g) hafa eftirlit með uppboðunum, tilkynna um grun um peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka, glæpastarfsemi eða markaðssvik og beita nauðsynlegum ráðstöfunum til úrbóta eða viðurlögum, þ.m.t. að bjóða upp á tilhögun til lausnar deilumála utan dómstóla skv. 44. til 59. gr. og 1. mgr. 64. gr.

2. Að minnsta kosti 20 viðskiptadögum áður en fyrsti tilboðsluggi uppboðsvettvangsins, sem tilnefndur var skv. 1. mgr. 26. gr., er opnaður skal uppboðsvettvangurinn tengjast a.m.k. einu greiðslumiðlunarkerfi eða uppgjörskerfi.

28. gr.

Verkefni uppboðsvettvangsins sem tilnefndur er skv. 2. mgr. 26. gr.

1. Uppboðsvettvangur, sem tilnefndur er skv. 2. mgr. 26. gr., skal bjóða aðildarríkjunum upp á eftirfarandi þjónustu:

- a) aðgang að uppboðunum samkvæmt fyrirkomulaginu á eftirmarkaðinum sem skipulagður er af uppboðsvettvanginum, eins og því er breytt í samningunum um tilnefningu hans,
- b) halda uppboðin í samræmi við 4. til 7. gr.,
- c) hafa umsjón með uppboðsalmanakinu í samræmi við 8. til 14. gr.,
- d) kynna og tilkynna um niðurstöður uppboðs skv. 61. gr.,
- e) bjóða upp á greiðslumiðlunarkerfi eða uppgjörskerfi, samkvæmt fyrirkomulaginu á eftirmarkaðinum sem skipulagður er af uppboðsvettvanginum, eins og því er breytt í samningunum um tilnefningu hans, en þó gilda ákvæði 40. gr. alltaf, sem þarf til að:
 - i. hafa umsjón með greiðslum frá bjóðendum eða síðari handhöfum réttinda þeirra og greiða út tekjur af uppboðunum til uppboðshaldarans,
 - ii. afhenda hlutskörpustu bjóðendum eða síðari handhöfum réttinda þeirra uppboðnar losunarheimildir,
 - iii. hafa umsjón með tryggingum, þ.m.t. hvers kyns tryggingarþekja, sem uppboðshaldarinn eða bjóðendur leggja fram,
- f) veita uppboðsvaktaranum allar upplýsingar sem varða uppboðshaldið og eru nauðsynlegar til að uppboðsvaktarinn geti sinnt hlutverki sínu skv. 53. gr.,
- g) hafa eftirlit með uppboðunum, tilkynna um grun um peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka, glæpastarfsemi eða markaðssvik og beita nauðsynlegum ráðstöfunum til úrbóta eða viðurlögum, þ.m.t. að bjóða upp á tilhögun til lausnar deilumála utan dómstóla samkvæmt fyrirkomulaginu á eftirmarkaðinum sem skipulagður er af uppboðsvettvanginum, eins og því er breytt í samningunum um tilnefningu hans.

2. Að minnsta kosti 20 viðskiptadögum áður en fyrsti tilboðsgluggi uppboðsvettvangsins, sem tilnefndur er skv. 2. mgr. 26. gr., er opnaður skal viðkomandi uppboðsvettvangur tengjast a.m.k. einu greiðslumiðlunarkerfi eða uppgjörskerfi.

3. Ákvæði 16. gr. (2. og 3. mgr.), 17., 19., 20., 21., 54., 55. og 56. gr., 60. gr. (3. mgr.), 63. gr. (4. mgr.) og 64. gr. gilda ekki að því er varðar uppboð sem haldin eru á uppboðsvettvangi sem býður upp framtíðarsamninga eða framvirka samninga.

29. gr.

Þjónusta sem uppboðsvettvangarnir, sem tilnefndir eru skv. 1. eða 2. mgr. 26. gr., veita framkvæmdastjórninni

Uppboðsvettvangar, sem tilnefndir eru skv. 1. eða 2. mgr. 26. gr., skulu veita framkvæmdastjórninni tæknilega stoðþjónustu að því er tekur til eftirfarandi starfa framkvæmdastjórnarinnar sem tengjast:

- a) því að ljúka við I. viðauka og samræmingu uppboðs-almanaksins fyrir III. viðauka,
- b) öllum álitum sem framkvæmdastjórnin leggur fram samkvæmt þessari reglugerð,
- c) öllum álitum eða skýrslum uppboðsvaktarans sem varða starfsemi uppboðsvettvanganna sem tilnefndir eru skv. 1. eða 2. mgr. 26. gr.,
- d) skýrslum eða tillögum framkvæmdastjórnarinnar skv. 5. mgr. 10. gr. og 1. mgr. a í 12. gr. tilskipunar 2003/87/EB,
- e) breytingum á þessari reglugerð eða á tilskipun 2003/87/EB sem hafa áhrif á starfsemi kolefnismarkaðarins, þ.m.t. framkvæmd uppboðanna,
- f) hvers kyns endurskoðun á þessari reglugerð, á tilskipun 2003/87/EB eða reglugerð framkvæmdastjórnarinnar, sem samþykkt er skv. 3. mgr. 19. gr. þeirrar tilskipunar og hefur áhrif á starfsemi kolefnismarkaðarins, þ.m.t. framkvæmd uppboðanna,
- g) hvers kyns öðrum sameiginlegum aðgerðum sem tengjast starfsemi kolefnismarkaðarins, þ.m.t. framkvæmd uppboðanna sem samkomulag er um á milli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna sem taka þátt í sameiginlegu aðgerðinni.

VIII. KAFLI

TILNEFNING Á UPPBOÐSVETTÖNGUM AF HÁLFU AÐILDARRÍKJA, SEM KJÓSA AÐ HAFNA SÍNA EIGIN UPPBOÐSVETTANGA, OG VERKEFNI ÞEIRRA

30. gr.

Tilnefning annarra uppboðsvettvanga en þeirra sem tilnefndir eru skv. 1. eða 2. mgr. 26. gr.

1. Aðildarríki sem ekki taka þátt í sameiginlegu aðgerðinni, sem kveðið er á um í 26. gr. þessarar reglugerðar, geta tilnefnt sinn eigin uppboðsvettvang til að bjóða upp sinn hlut í þeim fjölda losunarheimilda sem fellur undir II. og III. kafla tilskipunar 2003/87/EB og bjóða á upp sem staðgreiðslusamninga með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamninga til fimm daga.

2. Aðildarríki sem ekki taka þátt í sameiginlegu aðgerðinni, sem kveðið er á um í 26. gr. þessarar reglugerðar, geta tilnefnt sinn eigin uppboðsvettvang til að bjóða upp sinn hlut í þeim fjölda losunarheimilda sem fellur undir II. og III. kafla tilskipunar 2003/87/EB sem bjóða á upp sem framtíðarsamninga eða framvirka samninga, að því tilskildu að þessar vörur séu tilgreindar í I. viðauka við þessa tilskipun.

3. Aðildarríki sem ekki taka þátt í sameiginlegu aðgerðinni, sem kveðið er á um í 26. gr., geta tilnefnt sama uppboðsvettvanginn eða sérstaka uppboðsvettvanga til að bjóða upp framtíðarsamninga eða framvirka samninga og staðgreiðslusamninga með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamninga til fimm daga, í sömu röð.

4. Aðildarríki sem ekki tekur þátt í sameiginlegu aðgerðinni, sem kveðið er á um í 26. gr. skal, innan þriggja mánaða frá gildistöku þessarar reglugerðar, tilkynna framkvæmdastjórninni um ákvörðun sína um að taka ekki þátt í sameiginlegu aðgerðinni en tilnefna sinn eigin uppboðsvettvang skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

5. Aðildarríki sem ekki tekur þátt í sameiginlegu aðgerðinni, sem kveðið er á um í 26. gr., skal velja sinn eigin uppboðsvettvang sem tilnefndur er skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar á grundvelli valaðferðar sem er í samræmi við lög Sambandsins og landslög um innkaup ef krafa er gerð um opinbert innkaupaferli, annaðhvort í lögum Sambandsins eða í landslögum, í sömu röð. Valaðferðin fellur undir öll viðeigandi úrræði og málsmeðferðir um framkvæmd í lögum Sambandsins og landslögum.

Tilnefningartímabil uppboðsvettvanganna, sem um getur í 1. og 2. mgr., skal að hámarki vera þrjú ár og ekki má framlengja það nema til tveggja ára til viðbótar.

Tilnefning uppboðsvettvanganna, sem um getur í 1. og 2. mgr., er með fyrirvara um að viðkomandi uppboðsvettvangur sé á skrá í III. viðauka skv. 7. mgr. Hún kemur ekki til framkvæmdar fyrr en eftir gildistöku skráningar viðkomandi uppboðsvettvangs í III. viðauka eins og kveðið er á um í 7. mgr.

6. Hvert aðildarríki, sem ekki tekur þátt í sameiginlegu aðgerðinni sem kveðið er á um í 26. gr. en kýs að tilnefna sinn eigin uppboðsvettvang skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar, skal afhenda framkvæmdastjórninni fullfrágengna tilkynningu þar sem öll eftirfarandi atriði koma fram:

- a) auðkenni uppboðsvettvangsins, sem það hyggst tilnefna, þar sem fram kemur hvort einn og sami uppboðsvettvangurinn eða mismunandi uppboðsvettvangar koma til með að bjóða upp framtíðarsamninga eða framvirka samninga og staðgreiðslusamninga með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamninga til fimm daga, í sömu röð,
- b) nákvæmar reglur um starfsemina sem munu gilda um uppboðsferli uppboðsvettvangsins eða -vettvanganna sem lagt er til að verði tilnefndir, þ.m.t. samningsákvæði er varða tilnefningu viðkomandi uppboðsvettvangs ásamt greiðslumiðlunarkerfi eða -kerfum og uppgjörskerfi eða -kerfum sem tengjast tillagða uppboðsvettvanginum, þar sem mælt er fyrir um skilyrði og skilmála sem gilda um tegund og fjárhæð gjalda og umsjón með tryggingum, greiðslur og afhendingu,

- c) tillögur um tilboðslugga, fjöldi losunarheimilda í hverju tilviki, dagsetningar uppboða, þar sem fram kemur hvaða lögboðnu frídagar skipta máli, sem og uppboðsvaran, greiðslu- og afhendingardagsetningar losunarheimildanna sem bjóða á upp á einstökum uppboðum á tilteknu almanaksári og hvers kyns aðrar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að framkvæmdastjórnin geti metið hvort tillagða uppboðsalmanakið samrýmist uppboðsalmanaki annarra uppboðsvettvanga, sem hafa verið tilnefndir skv. 1. og 2. mgr. 26. gr., svo og öðrum tillögðum uppboðsalmanökum annarra aðildarríkja, sem ekki taka þátt í sameiginlegu aðgerðinni sem kveðið er á um í 26. gr. en kjósa að tilnefna sína eigin uppboðsvettvanga,
- d) ítarlegar reglur og skilyrði vegna skoðana og eftirlits með uppboðunum sem tillagður uppboðsvettvangur þarf að sæta skv. 4., 5. og 6. mgr. 35. gr., ásamt ítarlegum reglum um vernd gegn peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka, glæpastarfsemi eða markaðssvikum, þ.m.t. ráðstafanir til úrbóta eða viðurlög,
- e) ítarlegar ráðstafanir sem gerðar eru til að farið sé að 4. mgr. 22. gr. og 34. gr. að því er varðar tilnefningu uppboðshaldarans.

Í tilkynningunni skal sýna fram á að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar og að samræmi sé við markmiðin í 4. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

Tilkynningaraðildarríki getur breytt upphaflegri tilkynningu sinni fyrir skráninguna sem um getur í 7. mgr. þessarar greinar.

Öll tilkynningaraðildarríkin skulu leggja upphaflega og breytta tilkynningu sína fyrir nefndina sem um getur í 1. mgr. 23. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

7. Tilgreina skal í III. viðauka aðra uppboðsvettvanga en þá sem tilnefndir eru skv. 1. eða 2. mgr. 26. gr., aðildarríkin sem tilnefna þá, tilnefningartímabil þeirra og öll gildandi skilyrði eða skuldbindingar ef kröfunum í þessari reglugerð og markmiðunum í tilskipun 2003/87/EB hefur verið fullnægt. Framkvæmdastjórnin og nefndin, sem kveðið er á um í 1. mgr. 23. gr. tilskipunar 2003/87/EB, skulu eingöngu aðhafast á grundvelli þessara krafna og markmiða og taka fullt tillit til skýrslna uppboðsvaktarans skv. 4. mgr. 25. gr. þessarar reglugerðar.

Ef ekki er fyrir hendi nein skráning af því tagi sem kveðið er á um í fyrstu undirgreininni skal aðildarríki sem ekki tekur þátt í sameiginlegu aðgerðinni, sem kveðið er á um í 26. gr., en kys að tilnefna sinn eigin uppboðsvettvang skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar nota uppboðsvettvangana sem eru tilnefndir skv. 1. eða 2. mgr. 26. gr. til að bjóða upp sinn hluta í losunarheimildunum sem annars hefðu verið boðnar upp á uppboðsvettvanginum sem tilnefna á skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar fram að lokum þriggja mánaða tímabils eftir gildistöku skráningarinnar sem um getur í fyrstu undirgrein.

8. Aðildarríki sem ekki tekur þátt í sameiginlegu aðgerðinni, sem kveðið er á um í 26. gr., en kys að tilnefna sinn eigin uppboðsvettvang skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar getur gengið inn í sameiginlegu aðgerðina sem kveðið er á um í 26. gr., skv. 26. gr. (6. mgr.).

Fjöldi losunarheimildanna sem bjóða átti upp á öðrum uppboðsvettvangi en þeim sem tilnefndir voru skv. 1. eða 2. mgr. 26. gr. skal miðlað jafnt á uppboðin sem haldin eru af viðeigandi uppboðsvettvangi sem tilnefndur er skv. 1. eða 2. mgr. 26. gr.

31. gr.

Verkefni annarra uppboðsvettvanga en þeirra sem tilnefndir eru skv. 1. eða 2. mgr. 26. gr.

1. Uppboðsvettvangur sem tilnefndur er skv. 30. gr. (1. mgr.) skal sinna sömu verkefnum og uppboðsvettvangurinn sem tilnefndur er skv. 26. gr. (1. mgr.), eins og kveðið er á um í 27. gr., þó þannig að 27. gr. (c-liður 1. mgr.), um uppboðsalmanakið, gildir ekki.

2. Uppboðsvettvangur sem tilnefndur er skv. 30. gr. (2. mgr.) skal sinna sömu verkefnum og uppboðsvettvangurinn sem tilnefndur er skv. 26. gr. (2. mgr.) eins og kveðið er á um í 28. gr., þó þannig að 28. gr. (c-liður 1. mgr.), um uppboðsalmanakið, gildir ekki.

3. Ákvæðin um uppboðsalmanakið, sem kveðið er á um í 8. gr. (1., 2. og 3. mgr.), 9., 10., 12., 14. og 32. gr., gilda um uppboðsvettvangana sem tilnefndir eru skv. 30. gr. (1. eða 2. mgr.).

32. gr.

Uppboðsalmanak fyrir aðra uppboðsvettvanga en þá sem tilnefndir eru skv. 1. eða 2. mgr. 26. gr.

1. Sá fjöldi losunarheimilda, sem fellur undir III. kafla tilskipunar 2003/87/EB og boðinn er upp á einstökum uppboðum sem haldin eru af uppboðsvettvangi sem tilnefndur er skv. 1. eða 2. mgr. 30. gr. þessarar reglugerðar, skal ekki vera meiri en 20 milljón heimildir og ekki minni en 10 milljón heimildir, nema ef heildarfjöldi losunarheimilda, sem fellur undir III. kafla tilskipunar 2003/87/EB og tilnefningaraðildarríkið á að bjóða upp, er undir 10 milljónum á tilteknu almanaksári, en þá skal bjóða allar losunarheimildirnar upp á einu uppboði á hverju almanaksári.

2. Sá fjöldi losunarheimilda, sem fellur undir II. kafla tilskipunar 2003/87/EB og boðinn er upp á einstökum uppboðum sem haldin eru af uppboðsvettvangi sem er tilnefndur skv. 1. eða 2. mgr. 30. gr. þessarar reglugerðar, skal ekki vera meiri en 5 milljón heimildir og ekki minni en 2,5 milljón heimildir, nema ef heildarfjöldi losunarheimilda, sem fellur undir II. kafla tilskipunar 2003/87/EB og tilnefningaraðildarríkið á að bjóða upp, er undir 2,5 milljónum á tilteknu almanaksári, en þá skal bjóða allar losunarheimildirnar upp á einu uppboði á hverju almanaksári.

3. Miðla skal heildarfjöldi losunarheimilda, sem fellur undir II. og III. kafla tilskipunar 2003/87/EB og sem bjóða á upp á öllum uppboðsvettvöngum sem tilnefndir eru skv. 1. eða 2. mgr. 30. gr. þessarar reglugerðar, jafnt á hvert almanaksár, að því undanskildu að fjöldinn sem boðinn er upp á uppboðum í ágúst ár hvert skal vera helmingurinn af þeim fjölda sem boðinn er upp aðra mánuði ársins.

4. Uppboðsvettvangarnir sem tilnefndir eru skv. 30. gr. (1. eða 2. mgr.) þessarar reglugerðar skulu ákvarða og birta upplýsingar um tilboðsglugga, fjölda í hverju tilviki og uppboðsdagsetningar, sem og um uppboðsvöruna, greiðslur og afhendingardaga fyrir losunarheimildirnar sem falla undir II. og III. kafla tilskipunar 2003/87/EB og bjóða á upp á einstökum uppboðum á hverju ári, eftir að uppboðsvettvangarnir sem tilnefndir eru skv. 26. gr. (1. og 2. mgr.) þessarar reglugerðar hafa gengið frá ákvörðunum sínum og birtingum skv. 11. gr. (1. mgr.) og 13. gr. (1. mgr.) í þessari reglugerð, eigi síðar en 31. mars árið á undan eða eins fljótt og unnt er eftir þá dagsetningu, að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina og að fengnu álitni hennar þar að lútandi. Viðkomandi uppboðsvettvangar skulu taka ýtrasta tillit til álits framkvæmdastjórnarinnar.

Birtu almanökin, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu samræmast viðeigandi skilyrðum eða skuldbindingum sem skráðar eru í III. viðauka.

5. Ef uppboð, sem haldið er á uppboðsvettvangi sem tilnefndur er skv. 30. gr. (1. eða 2. mgr.), er felld niður af hálfu uppboðsvettvangsins skv. 7. gr. (5. eða 6. mgr.) eða 9. gr., skal annaðhvort miðla þeim fjölda, sem bjóða áttu þar upp, á næstu fjögur uppboð sem eru ráðgerð hjá sama uppboðsvettvangi eða, ef færri en fjögur uppboð fara fram á viðkomandi uppboðsvettvangi á tilteknu almanaksári, næstu tvö uppboð sem eru ráðgerð hjá sama uppboðsvettvangi.

33. gr.

Endurskoðun þessarar reglugerðar

Eftir afhendingu árlegu, samsteyptu skýrslunnar, sem uppboðsvaktarinn tekur saman skv. 2. mgr. 25. gr. og afhenda skal eigi síðar en 31. desember 2014, skal framkvæmdastjórnin endurskoða fyrirkomulagið sem kveðið er á um í þessari reglugerð, þ.m.t. rekstur allra uppboðsferlanna.

Í endurskoðuninni skal greina fengna reynslu með tilliti til samspilsins milli uppboðsvettvanganna, sem tilnefndir eru skv. 1. eða 2. mgr. 30. gr., og þeirra sem tilnefndir eru skv. 1. eða 2. mgr. 26. gr., sem og samspilsins milli uppboðanna og eftirmarkaðarins.

Endurskoðunin skal fara fram í samráði við aðildarríkin og hagsmunaaðila.

Framkvæmdastjórnin getur gripið til hverra þeirra ráðstafana sem taldar eru nauðsynlegar til að takast á við röskun eða ólag á innri markaðinum eða kolefnismarkaðinum sem stafar af fyrirkomulaginu samkvæmt þessari reglugerð, með hliðsjón af niðurstöðu endurskoðunarinnar, með það í huga að viðkomandi ráðstafanir öðlist gildi eigi síðar en 31. desember 2016.

IX. KAFLI

KRÖFUR VEGNA TILNEFNINGAR Á UPPBOÐSHALDARA, UPPBOÐSVAKTARA OG UPPBOÐSVETTVÖNGUM

34. gr.

Kröfur vegna tilnefninga sem gilda um uppboðshaldarann og uppboðsvaktarann

1. Við tilnefningu uppboðshaldara og uppboðsvaktara skulu aðildarríkin taka tillit til þess hvaða umsækjendur:

- a) skapa minnsta áhættu að því er varðar hagsmunaaðreikstra eða markaðssvik með hliðsjón af eftirfarandi:
 - i. hvers kyns starfsemi á eftirmarkaðinum,
 - ii. hvers kyns innri ferlum og málsmeðferðum til að draga úr áhættunni að því er varðar hagsmunaaðreikstra eða markaðssvik,

b) geta sinnt verkefnum uppboðshaldarans eða uppboðsvaktarans í tæka tíð og í samræmi við ströngustu kröfur um fagmennsku og gæði.

2. Tilnefning uppboðshaldarans skal vera með fyrirvara um niðurstöðuna úr fyrirkomulaginu, sem um getur í 2. og 3. mgr. 22. gr., milli uppboðshaldarans og viðkomandi uppboðsvettvangs.

35. gr.

Kröfur vegna tilnefninga uppboðsvettvanga

1. Einungis skal halda uppboð á uppboðsvettvangi sem lögbær landsyfírvöld, sem um getur í annarri undirgrein 4. mgr., hafa viðurkennt sem skipulegan markað skv. 5. mgr.

2. Hver sá uppboðsvettvangur, sem tilnefndur hefur verið samkvæmt þessari reglugerð til að bjóða upp staðgreiðslusamninga með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamninga til fimm daga, skal fá heimild, án frekari lagalegra eða stjórnsýslulegra krafna aðildarríkjanna, til að bjóða upp á viðeigandi fyrirkomulag til að auðvelda bjóðendum, sem um getur í 1. og 2. mgr. 18. gr., aðgang að uppboðum og þátttöku í þeim.

3. Við tilnefningu uppboðsvettvangs skulu aðildarríkin taka tillit til þess að hversu miklu leyti umsækjendur sýna fram á þeir:

- a) geti tryggt að meginreglan um bann við mismunun sé virt, bæði í reynd og að lögum,
- b) geti veitt óhindraðan, sanngjarnan og jafnan aðgang að uppboðunum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki sem falla undir áætlun Sambandsins og leyfi til að leggja fram tilboð á uppboðunum fyrir smálosendur,

- c) geti tryggt kostnaðarhagkvæmni og komist hjá óþörfu stjórnarsýsluálagi,
- d) geti tryggt traust eftirlit með uppboðum, að tilkynnt verði um grun um peningabætti, fjármögnun hryðjuverka, glæpastarfsemi eða markaðssvik og umsjón með nauðsynlegum ráðstöfunum til úrbóta eða viðurlögum, þ.m.t. að bjóða upp á tilhögun til lausnar deilumála utan dómstóla,
- e) geti komist hjá röskun á samkeppni á innri markaðinum, m.a. kolefnismarkaðinum,
- f) geti tryggt rétta starfsemi kolefnismarkaðarins, þ.m.t. framkvæmd uppboðanna,
- g) tengist einu eða fleiri greiðslumiðlunarkerfi eða uppgjörskerfi,
- h) hafi gert viðunandi ráðstafanir til að uppboðsvettvangur verði að afhenda allar efnislegar og óefnislegar eignir sem nauðsynlegar eru til að uppboðsvettvangurinn sem tekur við geti haldið uppboð.

4. Uppboðsvettvangur, sem býður upp staðgreiðslusamninga með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamninga til fimm daga, skal einungis tilnefndur eftir að aðildarríkið, þar sem skipulegi markaðurinn, sem sækir um, og markaðsaðili hans hafa staðfestu, hefur tryggt tímanlega og í öllum tilvikum eigi síðar en fyrir opnun tilboðsgluggans að landsráðstafanir til lögleiðingar á ákvæðum III. bálks tilskipunar 2004/39/EB gildi, eftir því sem það skiptir máli, um uppboð á staðgreiðslusamningum með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamningum til fimm daga.

Uppboðsvettvangur, sem býður upp staðgreiðslusamninga með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamninga til fimm daga, skal einungis tilnefndur eftir að aðildarríkið, þar sem skipulegi markaðurinn, sem sækir um, og markaðsaðili hans hafa staðfestu, hefur tryggt tímanlega og í öllum tilvikum eigi síðar en fyrir fyrsta tilboðsgluggans að lögbær yfirvöld þess aðildarríkis geti leyft þá og haft eftirlit með þeim í samræmi við landsráðstafanir til lögleiðingar á ákvæðum IV. bálks tilskipunar 2004/39/EB, eftir því sem það skiptir máli.

Ef skipulegur markaður, sem sækir um, og markaðsaðili hans eru ekki með staðfestu í sama aðildarríki skulu fyrsta og önnur undirgrein gilda bæði um aðildarríkið þar sem skipulegi markaðurinn, sem sækir um, hefur staðfestu og aðildarríkið þar sem markaðsaðili hans hefur staðfestu.

5. Lögbær landsyfírvöld aðildarríkis, sem um getur í annari undirgrein 4. mgr. þessarar greinar og tilnefnt er skv. 48. gr. (1. mgr.) tilskipunar 2004/39/EB, skulu taka ákvörðun um skipulegan markað að því er varðar þessa reglugerð, að því tilskildu að skipulegi markaðurinn og markaðsaðili hans samrýmist ákvæðum III. bálks tilskipunar 2004/39/EB eins og hann er innleiddur í landslög aðildarríkisins þar sem þeir hafa staðfestu skv. 4. mgr. þessarar greinar. Ákvörðun um leyfi skal tekin í samræmi við IV. bálk tilskipunar 2004/39/EB eins og hann er lögleiddur í landslögum aðildarríkisins þar sem þau hafa staðfestu skv. 4. mgr. þessarar greinar.

6. Lögbær landsyfírvöld, sem um getur í 5. mgr. þessarar greinar, skulu halda uppi skilvirku markaðseftirliti og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að farið sé að kröfunum sem um getur í þeirri málsgrein. Í þeim tilgangi skulu þau geta beitt milliliðalaust eða með aðstoð annarra lögbærra landsyfírvalda, sem tilnefnd eru skv. 48. gr. (1. mgr.) tilskipunar 2004/39/EB, þeim valdheimildum, sem kveðið er á um í landsráðstöfunum, til að lögleiða 50. gr. þeirrar tilskipunar að því er varðar skipulega markaðinn og markaðsaðila hans sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar.

Aðildarríki sérhverra lögbærra landsyfírvalda, sem um getur í 5. mgr., skal sjá til þess að landsráðstafanirnar til að lögleiða 51. og 52. gr. tilskipunar 2004/39/EB gildi með tilliti til aðila sem bera ábyrgð á því að ekki er staðið við skuldbindingar í III. bálki tilskipunar 2004/39/EB eins og þær eru lögleiddar í lög þess aðildarríkis þar sem þau hafa staðfestu skv. 4. mgr. þessarar greinar.

Að því er varðar þessa málsgrein gilda landsráðstafanir til að lögleiða 56. til 62. gr. tilskipunar 2004/39/EB um samstarf milli lögbærra landsyfírvalda hinna ýmsu aðildarríkja.

X. KAFLI

REGLUR UM MARKAÐSSVIK SEM GILDA UM UPPBOÐSVÖRUR

36. gr.

Reglur um markaðssvik sem gilda um fjármálagerninga í skilningi 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 2004/39/EB

1. Ef staðgreiðslusamningar með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamningar til fimm daga eru fjármálagerningar í skilningi 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 2003/6/EB skal sú tilskipun gilda um uppboð þeirrar uppboðsvöru að því er varðar þessa reglugerð.

2. Ef staðgreiðslusamningar með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamningar til fimm daga eru ekki fjármálagerningar í skilningi 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 2003/6/EB gilda ákvæði 37. til 43. gr. þessarar reglugerðar.

37. gr.

Skilgreining á reglum um markaðssvik sem gilda um aðrar uppboðsvörur en fjármálagerninga í skilningi 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 2003/6/EB

Að því er varðar beitingu 38. til 43. gr., sem gilda um aðrar uppboðsvörur en fjármálagerninga í skilningi 3. mgr. 1. gr. tilskipunar 2003/6/EB, gilda eftirfarandi skilgreiningar:

- a) „innherjaupplýsingar“: sérstök vitneskja sem ekki hefur verið gerð opinber og sem tengist, beint eða óbeint, einni eða fleiri uppboðsvörum og sem er líkleg, væri hún gerð opinber, til að hafa umtalsverð áhrif á verðið sem boðið er í tilboðum.

Að því er varðar aðila sem falið er að gera tilboð eru innherjaupplýsingar einnig upplýsingar frá viðskiptavini sem tengjast yfirstandandi tilboðum viðskiptavinarins sem teljast vera sérstök vitneskja sem tengist, beint eða óbeint, einni eða fleiri uppboðsvöru og sem er líkleg, ef hún væri gerð opinber, til að hafa umtalsverð áhrif á verðið sem boðið er í tilboðum,

b) „markaðsmisnotkun“:

i. tilboð eða viðskiptafærslur eða pantanir á eftirmarkaðinum:

- sem gefa eða eru líkleg til að gefa rangar eða misvísandi vísbendingar um spurn eftir uppboðsvöru eða verð á henni eða
- þar sem aðili eða nokkrir aðilar í samstarfi halda uppboðsverði uppboðsvöru við óeðlilegt eða tilbúið mark,

nema aðilinn, sem lagði fram tilboðið eða annaðist, á eftirmarkaðinum, viðskiptafærsluna eða lagði fram pöntunina, sýni fram á að ástæður hans fyrir því séu lögmætar,

ii. tilboð, þar sem gylliboðum eða öðru, sem er misvísandi eða svíksamlegt, er beitt,

iii. miðlun upplýsinga gegnum fjölmiðla, þ.m.t. Netið, eða með einhverjum öðrum hætti sem gefur eða líklegt er að gefi rangar eða misvísandi vísbendingar um uppboðsvörurnar, þ.m.t. að breiða út sögusagnir og rangur og misvísandi fréttatflutningur þegar aðilinn sem miðlaði upplýsingunum vissi eða hefði mátt vita að þær væru rangar eða misvísandi. Þegar blaðamenn miðla slíkum upplýsingum í krafti starfs síns ber að meta slíka upplýsingamiðlun með hliðsjón af reglum um starfsgrein þeirra, svo fremi þessir aðilar hljóti hvorki ávinning né hagnist af miðlun viðkomandi upplýsinga með beinum eða óbeinum hætti.

Eftirfarandi tilvik miðast einkum við aðalskilgreininguna í b-lið hér að framan:

- framferði þar sem aðili eða nokkrir aðilar sem hafa með sér samstarf ná yfirburðastöðu að því er varðar spurn eftir uppboðsvöru, sem hefur í för með sér bein eða óbein áhrif á uppboðsverð eða sem skapar önnur ósanngjörn viðskiptaskilyrði,
- kaup eða sala á eftirmarkaðinum á losunarheimildum eða skyldum afleiðum áður en uppboð fer fram, sem hefur í för með sér þau áhrif að halda uppboðsverði uppboðsvöru við óeðlilegt eða tilbúið mark eða sem blekkir bjóðendur á uppboðunum,

- að notfæra sér tilfallandi eða reglulegan aðgang að hefðbundnum eða rafrænum miðlum með því að láta í ljós álit sitt á uppboðsvöru en hafa áður gert tilboð í tengslum við þá vöru og hagnast síðan á því hvaða áhrif álitíð, sem látið var í ljós, hefur á hin tilboðin sem gerð voru í vöruna, án þess að hafa samtímis greint opinberlega frá hagsmunarárekstrum á réttan og skilvirkan hátt.

38. gr.

Bann við innherjasvikum

1. Enginn aðili, sem um getur í annarri undirgrein og býr yfir innherjaupplýsingum, má nota þær upplýsingar við framlagningu, breytingu eða afturköllun á tilboði fyrir eigin reikning eða fyrir hönd þriðja aðila, hvort sem er beint eða óbeint, í uppboðsvöru sem þær upplýsingar tengjast.

Fyrsta undirgreinin gildir um alla aðila sem hafa yfir innherjaupplýsingum að ráða vegna:

- a) aðildar sinnar að stjórnsýslu-, stjórnunar- eða eftirlitsaðilum uppboðsvettvangsins, uppboðshaldarans eða uppboðsvaktarans eða
- b) eignarhlutdeildar sinnar í eigin fê uppboðsvettvangsins, uppboðshaldarans eða eftirlitsaðila uppboða eða
- c) aðgangs síns að upplýsingunum í gegnum starf sitt, starfsgrein eða verkefni eða
- d) glæpsamlegrar starfsemi sinnar.

2. Ef aðilinn, sem um getur í 1. mgr., er lögaðili skal bannið sem mælt er fyrir um í þeirri málsgrein einnig ná til einstaklinga sem taka þátt í ákvörðuninni um að leggja fram tilboðið, breyta því eða afturkalla það fyrir hönd viðkomandi lögaðila.

3. Þessi grein gildir ekki um framlagningu, breytingu eða afturköllun tilboðs í uppboðsvöru þegar verið er að uppfylla gjaldfallna skuldbindingu ef sú skuldbinding kemur til vegna samnings sem gerður er áður en viðkomandi aðili fékk aðgang að innherjaupplýsingum.

39. gr.

Önnur notkun innherjaupplýsinga sem er bönnuð

Enginn aðili, sem sætir banni skv. ákvæðum 38. gr., má:

- a) láta öðrum aðila í té innherjaupplýsingar nema það sé eðlilegur liður í starfi hans, starfsgrein eða verkefnum,
- b) ráðleggja öðrum einstaklingi, eða hvetja hann á grundvelli slíkra innherjaupplýsinga, til að leggja fram tilboð í uppboðsvöruna sem upplýsingarnar varða, breyta því eða afturkalla það.

40. gr.

Aðrir aðilar sem bann við innherjasvikum nær til

Ákvæði 38. og 39. gr. gilda einnig um alla aðra en þá einstaklinga sem um getur í þeim greinum, sem hafa yfir innherjaupplýsingum að ráða þegar hlutaðeigandi einstaklingur veit eða hefði átt að vita að um innherjaupplýsingar er að ræða.

41. gr.

Bann við markaðsmisnotkun

Enginn aðili má stunda markaðsmisnotkun.

42. gr.

Sértækar kröfur til að draga úr áhættunni á markaðssvikum

1. Uppboðsvettvangurinn, uppboðshaldarinn og uppboðsvaktarinn skulu hver um sig taka saman skrá yfir þá aðila sem starfa fyrir þá samkvæmt ráðningarsamningi eða á annan hátt og hafa aðgang að innherjaupplýsingum. Uppboðsvettvangurinn skal uppfæra sína skrá reglulega og senda hana til lögbærs landsyfirvalds aðildarríkisins þar sem hann hefur staðfestu hvenær sem þess er óskað. Uppboðshaldarinn og uppboðsvaktarinn skulu báðir uppfæra sínar skrár reglulega og senda þær til lögbærs landsyfirvalds aðildarríkisins þar sem uppboðsvettvangurinn hefur staðfestu og aðildarríkisins, þar sem uppboðshaldarinn eða eftirlitsaðilinn hefur staðfestu, eins og kveðið er á um í samningnum eða samningunum um tilnefningu þeirra, hvenær sem viðkomandi lögbært landsyfirvald óskar þess.

2. Aðilar sem eru í stjórnunarstöðu hjá uppboðsvettvanginum, uppboðshaldaranum eða uppboðsvaktaranum og, eftir atvikum, aðilar sem eru nátengdir þeim fyrrnefndu skulu tilkynna a.m.k. lögbæra landsyfirvaldinu, sem um getur í 1. mgr., um tilboð sem þeir leggja fram, breyta eða afturkalla fyrir eigin reikning og sem varða uppboðsvöruna eða afleiður eða aðra fjármálagerninga sem þeim tengjast.

3. Aðilar sem taka saman niðurstöður rannsókna varðandi uppboðsvörur eða miðla þeim og aðilar sem taka saman eða miðla öðrum upplýsingum sem fela í sér ráðleggingar eða tillögu um fjárfestingaráætlun sem ráðgert er að fari um dreifileiðir eða sem ætlaðar eru almenningi skulu gera eðlilegar varúðarráðstafanir til að tryggja að þessar upplýsingar séu settar fram af sanngirni og gera uppskált um hagsmunum sína eða hagsmunaaðrekstra í tengslum við uppboðsvörur.

4. Uppboðsvettvangurinn skal setja sér skipulagsreglur í því skyni að koma í veg fyrir eða afhjúpa starfsemi sem felur í sér markaðsmisnotkun.

5. Hver sá aðili, sem um getur í 1. mgr. 59. gr. og hefur rökstuddan grun um að viðskiptafærsla kunnri að fela í sér innherjasvik eða markaðsmisnotkun, skal tilkynna lögbæru yfirvaldi þess aðildarríkis, þar sem hann hefur staðfestu, um það án tafar.

43. gr.

Eftirlit og framkvæmd

1. Lögbær landsyfirvöld, sem um getur í 11. gr. tilskipunar 2003/6/EB, skulu halda uppi skilvirku markaðseftirliti og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að farið sé að kröfunum í 37. til 42. gr. þessarar reglugerðar.

2. Lögbær landsyfirvöld, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skulu hafa þær valdheimildir sem kveðið er á um í landsráðstöfunum til að lögleiða 12. gr. tilskipunar 2003/6/EB.

3. Aðildarríki skulu tryggja að landsráðstafanirnar til að lögleiða 14. og 15. gr. tilskipunar 2003/6/EB gildi í tengslum við aðilana sem bera ábyrgð á því að ekki er farið að 37. til 42. gr. þessarar reglugerðar að því er varðar uppboð sem haldin eru á yfirráðasvæði þeirra eða erlendis.

4. Að því er varðar beitingu 37. til 42. gr. þessarar reglugerðar og 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar gilda landsráðstafanir til að lögleiða 16. gr. tilskipunar 2003/6/EB um samstarf á milli lögbærra landsyfirvalda sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

XI. KAFLI**GREIÐSLUR OG MILLIFÆRSLA Á UPPBOÐSTEKJUM**

44. gr.

Greiðslur frá hlutskörpustu bjóðendum og millifærslur á tekjum til aðildarríkjanna

1. Hver hlutskarpasti bjóðandi eða síðari handhafi eða handhafar réttinda hans, þ.m.t. milliliðir sem koma fram fyrir þeirra hönd, skal greiða þá upphæð sem er til greiðslu, sem honum er tilkynnt um skv. c-lið 3. mgr. 61. gr., fyrir losunarheimildirnar sem þeir hafa fengið á uppboði og tilkynnt er um skv. a-lið 3. mgr. 61. gr., með því að millifæra eða gera ráðstafanir til að millifæra upphæðina í gegnum greiðslumiðlunarkerfið eða uppgjörskerfið inn á tilnefndan bankareikning uppboðshaldarans í lausu fé, annaðhvort fyrir eða í síðasta lagi við afhendingu losunarheimildanna inn á tilnefndan geymslureikning bjóðandans eða síðari handhafa réttinda hans.

2. Uppboðsvettvangur, ásamt greiðslumiðlunarkerfi eða -kerfum og uppgjörskerfi eða -kerfum sem tengjast honum, skal millifæra greiðslurnar frá bjóðendum eða síðari handhöfum réttinda þeirra, sem koma til vegna uppboðs á losunarheimildum sem falla undir II. og III. kafla tilskipunar 2003/87/EB, til uppboðshaldaranna sem buðu upp viðkomandi losunarheimildir.

3. Greiðslur til uppboðshaldaranna skulu inntar af hendi í evrum eða í gjaldmiðli tilnefningaraðildarríkisins, ef það aðildarríki er ekki hluti af evrusvæðinu, að vali hlutaðeigandi aðildarríkis, án tillits til þess í hvaða gjaldmiðli bjóðendur inna greiðslur af hendi, að því tilskildu að viðkomandi greiðslumiðlunarkerfi eða uppgjörskerfi ráði við gjaldmiðil viðkomandi ríkis.

Gengið skal vera það gengi sem birt er af viðurkenndri fréttastofu um fjármál sem tilgreind er í samningnum um tilnefningu viðkomandi uppboðsvettvangs strax og uppboðs-frestinum lýkur.

45. gr.

Afleiðingar vegna síðbúinna greiðslna og vanskila

1. Hlutskarpasti bjóðandi, eða síðari handhafi réttinda hans, skal einungis fá afhentar losunarheimildirnar sem hlutskarpasta bjóðanda hefur verið tilkynnt um skv. 61. gr. (a-lið 3. mgr.) ef öll upphæðin, sem honum var tilkynnt um skv. 61. gr. (c-lið 3. mgr.), er greidd uppboðshaldaranum skv. 44. gr. (1. mgr.)

2. Hlutskarpasti bjóðandi eða síðari handhafi réttinda hans, sem uppfyllir ekki að öllu leyti skuldbindingar sínar skv. 1. mgr. þessarar greinar fyrir gjalddaga sem hlutskarpasti bjóðanda er tilkynnt um skv. d-lið 3. mgr. 61. gr., telst vera í vanskilum með greiðsluna.

3. Krefja má bjóðanda, sem er í greiðsluvanskilum, um eftirfarandi, annaðhvort hvort tveggja eða annað:

a) vexti sem eru reiknaðir fyrir hvern dag frá og með þeim degi sem greiðslan átti að innast af hendi skv. d-lið 3. mgr. 61. gr. og fram til þess dags þegar greiðslan er innt af hendi með vöxtum sem tilgreindir eru í samningnum um tilnefningu viðkomandi uppboðsvettvangs,

b) sekt, sem skal koma í hlut uppboðshaldarans, að frá-dregnum kostnaði greiðslumiðlunarkerfisins eða uppgjörskerfisins.

4. Með fyrirvara um 1., 2. og 3. mgr. og ef hlutskarpasti bjóðandi lendir í greiðsluvanskilum skal annað af eftirfarandi eiga sér stað:

a) milligönguaðilinn skal grípa inn í og taka við losunarheimildunum og ganga frá greiðslu á upphæðinni, sem er til greiðslu, til uppboðshaldarans,

b) uppgjörsaðilinn skal nota tryggingu frá bjóðandanum til að ganga frá greiðslu á upphæðinni, sem er til greiðslu, til uppboðshaldarans.

5. Ef uppgjör ferst fyrir skal bjóða losunarheimildirnar upp á næstu tveimur uppboðum sem eru ráðgerð hjá viðkomandi uppboðsvettvangi.

XII. KAFLI

AFHENDING UPPBOÐINNA LOSUNARHEIMILDA

46. gr.

Millifærsla á uppboðnum losunarheimildum

1. Skrá Sambandsins skal millifæra losunarheimildir, sem boðnar eru upp skv. 2. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar, fyrir afhendingareindaga inn á tilnefndan geymslureikning þannig að greiðslumiðlunarkerfið eða uppgjörskerfið geti haft þær í sinni vörslu sem fjárvörslufyrirtæki þar til losunarheimildirnar eru afhentar hlutskörpustu bjóðendum eða síðari handhöfum

réttinda þeirra, allt eftir útkomunni úr uppboðinu, eins og kveðið er á um í viðeigandi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar sem samþykkt var skv. 3. mgr. 19. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

2. Skrá Sambandsins skal millifæra losunarheimildir, sem boðnar eru upp skv. 3. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar, fyrir opnun tilboðsgluggans inn á tilnefndan geymslureikning þannig að greiðslumiðlunarkerfið eða uppgjörskerfið geti haft þær í sinni vörslu sem fjárvörslufyrirtæki þar til losunarheimildirnar eru afhentar hlutskörpustu bjóðendum eða síðari handhöfum réttinda þeirra, allt eftir útkomunni úr uppboðinu, eins og kveðið er á um í viðeigandi reglugerð framkvæmdastjórnarinnar sem samþykkt var skv. 3. mgr. 19. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

47. gr.

Afhending uppboðinna losunarheimilda

1. Greiðslumiðlunarkerfið eða uppgjörskerfið skal úthluta hverri losunarheimild, sem aðildarríki býður upp, til hlutskarpasta bjóðanda þar til heildarfjöldinn sem er úthlutað svarar til fjölda losunarheimilda sem bjóðandanum er tilkynnt um, skv. a-lið 3. mgr. 61. gr.

Úthluta má bjóðanda losunarheimildum frá fleiri en einu aðildarríki, sem taka þátt í sama uppboðinu, ef það er nauðsynlegt til að ná þeim fjölda losunarheimilda sem bjóðandanum var tilkynnt um skv. a-lið 3. mgr. 61. gr.

2. Við greiðslu á gjaldfallinni upphæð skv. 1. mgr. 44. gr. skal afhenda hverjum hlutskarpasta bjóðanda eða síðari handhafa réttinda hans losunarheimildirnar, sem þeim bjóðanda er úthlutað, eins fljótt og unnt er og ekki í neinum tilvikum síðar en á afhendingareindaga með því að millifæra losunarheimildirnar, sem bjóðandanum var tilkynnt um skv. a-lið 3. mgr. 61. gr., af tilnefndum geymslureikningi, sem er í vörslu greiðslumiðlunarkerfisins eða uppgjörskerfisins sem kemur fram sem fjárvörslufyrirtæki, í heild eða að hluta inn á einn eða fleiri tilnefnda geymslureikninga hlutskarpasta bjóðanda eða síðari handhafa réttinda hans eða inn á tilnefndan geymslureikning sem er í vörslu greiðslumiðlunarkerfis eða uppgjörskerfis sem kemur fram sem fjárvörslufyrirtæki fyrir hlutskarpasta bjóðanda eða síðari handhafa réttinda hans.

48. gr.

Síðbúin afhending uppboðinna losunarheimilda

1. Ef greiðslumiðlunarkerfi eða uppgjörskerfi lætur hjá líða að afhenda uppboðnar losunarheimildir í heild eða að hluta vegna óviðráðanlegra kringumstæðna skal greiðslumiðlunarkerfið eða uppgjörskerfið afhenda losunarheimildirnar við fyrsta tækifæri og hlutskörpustu bjóðendur eða síðari handhafar réttinda þeirra skulu samþykkja þessa síðbúna afhendingu.

2. Úrræðið, sem kveðið er á um í 1. mgr., skal vera eina úrræðið sem stendur til boða fyrir hlutskarpasta bjóðanda eða síðari handhafa réttinda hans ef ekki er hægt að afhenda uppboðnar losunarheimildir vegna kringumstæðna sem greiðslumiðlunarkerfið eða uppgjörskerfið ræður ekki við.

XIII. KAFLI

UMSJÓN MEÐ TRYGGINGUM

49. gr.

Trygging sem bjóðandinn leggur fram

1. Fyrir opnun tilboðsgluggans við uppboð á staðgreiðslusamningum með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamningum til fimm daga skal bjóðendum eða milliliðum þeirra gert að leggja fram tryggingu.

2. Ef þess er óskað skal afhenda allar ónotaðar tryggingar sem bjóðandi, sem ekki hefur orðið hlutskarpastur, hefur lagt fram, ásamt vöxtum sem kunna að hafa safnast á tryggingu sem lögð var fram í reiðufé, svo fljótt sem unnt er eftir lokun tilboðsgluggans.

3. Ef þess er óskað skal afhenda tryggingar, sem ekki hafa verið notaðar til til uppgjors og sem hlutskarpasti bjóðandi hefur lagt fram, ásamt vöxtum sem hafa safnast á tryggingu sem lögð var fram í reiðufé, eins fljótt og unnt er eftir að uppboðsfrestinum lýkur.

50. gr.

Trygging sem uppboðshaldari leggur fram

1. Fyrir opnun tilboðsgluggans við uppboð á staðgreiðslusamningum með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamningum til fimm daga skal uppboðshaldaranum einungis gert að leggja fram losunarheimildir sem tryggingu sem verða í vörslu greiðslumiðlunarkerfis eða uppgjörskerfis, sem kemur fram sem fjárvörslufyrirtæki, fram að afhendingu þeirra.

2. Þegar lagalegu ráðstafanirnar og tæknilegu úrræðin, sem nauðsynleg eru til að hægt sé að afhenda losunarheimildirnar, koma til framkvæmda skal afhenda tryggingar, sem aðildarríki hafa lagt fram að því er varðar uppboð á framtíðarsamningum eða framvirkum samningum, samkvæmt vali aðildarríkisins sem býður þær upp og með samþykki uppboðsvettvangsins, og í staðinn skulu koma losunarheimildir sem verða í vörslu greiðslumiðlunarkerfis eða uppgjörskerfis, sem kemur fram sem fjárvörslufyrirtæki, fram að afhendingu þeirra.

3. Ef losunarheimildir, sem lagðar eru fram sem trygging skv. 1. eða 2. mgr., eru ekki notaðar getur aðildarríkið sem býður þær upp nýtt sér þann kost að greiðslumiðlunarkerfið eða uppgjörskerfið haldi þeim á tilnefndum geymslureikningi sem er í vörslu greiðslumiðlunarkerfisins eða uppgjörskerfisins, sem kemur fram sem fjárvörslufyrirtæki, fram að afhendingu þeirra.

XIV. KAFLI

GJÖLD OG KOSTNAÐUR

51. gr.

Tegund og upphæð gjalda

1. Tegund og upphæð gjalda, svo og hvers kyns tengd skilyrði sem uppboðsvettvangur, greiðslumiðlunarkerfi og uppgjörskerfi setja, skulu ekki vera óhagstæðari en samþæfing, stöðluð gjöld og skilyrði sem gilda á eftirmarkaðinum.

2. Uppboðsvettvangar og greiðslumiðlunarkerfi og uppgjörskerfi geta einungis lagt á gjöld, nýtt frádrætti eða beitt skilyrðum sem eru sett nákvæmlega fram í samningnum um tilnefningu þeirra.

3. Öll gjöld og skilyrði sem lögð eru á eða sett skv. 1. og 2. mgr. skulu vera skýrt sett fram, auðskiljanleg og aðgengileg öllum. Þau skulu vera sundurliðuð og þar skal koma fram verð fyrir hverja tegund þjónustu.

52. gr.

Kostnaður vegna uppboðsferlisins

1. Með fyrirvara um 2. mgr. skal greiða kostnað vegna þjónustu sem kveðið er á um í 27. gr. (1. mgr.), 28. gr. (1. mgr.) og 31. gr. með gjöldum sem bjóðendur greiða, að því undanteknu að:

a) kostnaður milligönguaðila sem tekur við ríkisábyrgð í stað tryggingar, sem ekki er greidd í reiðufé, þegar losunarheimildir eru boðnar upp sem framvirkir samningar skal greiddur af aðildarríkinu sem stendur að uppboðinu og býður ríkisábyrgðina,

b) allur kostnaður vegna samkomulags milli uppboðshaldarans og uppboðsvettvangsins, sem um getur í 2. og 3. mgr. 22. gr. og sem heimilar uppboðshaldaranum að bjóða upp losunarheimildir fyrir hönd tilnefningaraðildarríkisins, skal greiddur af aðildarríkinu sem stendur að uppboðinu, að undanteknum kostnaði vegna greiðslumiðlunarkerfis eða uppgjörskerfis sem tengist uppboðsvettvanginum.

Kostnaðurinn, sem um getur í a- og b-liðum fyrstu undirgreinar, skal dreginn frá uppboðstekjunum sem greiðast uppboðshaldaranum skv. 2. og 3. mgr. 44. gr.

2. Ef aðildarríki skrifar ekki undir samninginn um sameiginleg innkaup, sem um getur í 26. gr. (fyrstu undirgrein 6. mgr.), fyrir lok frestsins, sem kveðið er á um í 30. gr. (4. mgr.), en kemur síðar inn í sameiginlegu aðgerðina getur það þurft að bera sjálft sinn hluta af kostnaðinum við þjónustuna, sem kveðið er á um í 27. gr. (1. mgr.) og 28. gr. (1. mgr.), frá þeim degi sem það aðildarríki byrjar að bjóða upp á uppboðsvettvanginum sem tilnefndur er skv. 26. gr. (1. eða 2. mgr.) og þar til tilnefningu þess uppboðsvettvangs er sagt upp eða henni lýkur.

Kveða skal á um að hve miklu leyti slíkt aðildarríki getur sjálft þurft að bera sinn hluta af kostnaðinum við þjónustuna sem um getur í 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 28. gr. í samningnum um sameiginleg innlaup og samningnum við viðkomandi uppboðsvettvang.

Aðildarríki þarf ekki að bera sinn hluta af kostnaðinum samkvæmt þessari málsgrein þegar það verður þátttakandi í sameiginlegu aðgerðinni eftir lok tilnefningartímabilsins sem um getur í 30. gr. (annarri undirgrein 5. mgr.) eða þegar það verður þátttakandi í sameiginlegu aðgerðinni og farist hefur fyrir að skrá uppboðsvettvang skv. 30. gr. (7. mgr.) sem tilkynnt hefur verið um skv. 30. gr. (6. mgr.).

Kostnaður sem bjóðendur bera skal lækkaður um það sem nemur þeim kostnaði sem aðildarríki ber samkvæmt þessari málsgrein.

3. Þeim kostnaði uppboðsvaktarans sem er breytilegur eftir fjölda uppboða og er nánar tilgreindur í samningnum um tilnefningu vaktarans skal miðlað jafnt á uppboðin í hlutfalli við fjölda þeirra. Öllum öðrum kostnaði uppboðsvaktarans, sem er nánar tilgreindur í samningnum um tilnefningu hans, að undanteknum kostnaði vegna skýrslu sem lögð er fram skv. 4. mgr. 25. gr., skal miðla jafnt á uppboðsvettvangana, nema annað sé tekið fram í samningnum um tilnefningu uppboðsvaktarans.

Tilnefningaraðildarríkið skal bera þann kostnað uppboðsvaktarans sem tengist uppboðsvettvangi, sem tilnefndur hefur verið skv. 1. eða 2. mgr. 30. gr., m.a. kostnað vegna skýrslu sem lögð er fram skv. 4. mgr. 25. gr.

Þeim kostnaði uppboðsvaktarans sem tengist uppboðsvettvangi, sem tilnefndur hefur verið skv. 1. eða 2. mgr. 26. gr., skal skipt jafnt milli aðildarríkjanna sem taka þátt í sameiginlegu aðgerðinni í samræmi við hlut þeirra í heildarfjölda losunarheimilda sem boðnar eru upp á viðkomandi uppboðsvettvangi.

Kostnaður vegna uppboðsvaktarans, sem hvert aðildarríki ber, skal dreginn frá þeim uppboðstekjum sem uppboðshöldurinum ber að greiða tilnefningaraðildarríkinu, skv. c-lið 23. gr.

XV. KAFLI

EFTIRLIT MEÐ UPPBOÐUM, RÁÐSTAFANIR TIL ÚRBÓTA OG VIÐURLÖG

53. gr.

Samstarf við uppboðsvaktarann

1. Uppboðsaðilar, uppboðsvettvangar og lögbær landsyfirvöld sem hafa eftirlit með þeim skulu veita uppboðsvaktaranum, ef þess er óskað, allar upplýsingar sem þeir búa yfir um uppboðin, sem af sanngirni mega teljast nauðsynlegar til að uppboðsvaktarinn geti sinnt verkefnum sínum.

2. Uppboðsvaktarinn hefur rétt til að fylgjast með uppboðshaldinu.

3. Uppboðsaðilar og uppboðsvettvangar og lögbær landsyfirvöld sem hafa eftirlit með þeim skulu aðstoða uppboðsvaktarann við að gegna störfum sínum með virku samstarfi með uppboðsvaktaranum, hver innan síns valdsviðs.

4. Lögbær landsyfirvöld, sem hafa eftirlit með lánastofnunum og fjárfestingarfyritækjum, og lögbær landsyfirvöld, sem hafa eftirlit með aðilum sem hafa heimild til að gera tilboð fyrir hönd annarra skv. 2. mgr. 18. gr., skulu aðstoða uppboðsvaktarann við að gegna störfum sínum með virku samstarfi með uppboðsvaktaranum, hver innan síns valdsviðs.

5. Í skuldbindingunum, sem lagðar eru á lögbæru landsyfirvöldin í 1., 2. og 3. mgr., skal taka tillit til ákvæða um þagnarskyldu sem þau sæta samkvæmt lögum Evrópusambandsins.

54. gr.

Vöktun á tengslum við bjóðendur

1. Uppboðsvettvangur, sem býður upp staðgreiðslusamninga með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamninga til fimm daga, skal vakta tengslin við bjóðendur sem fengið hafa leyfi til að leggja fram tilboð á uppboðum hans, svo lengi sem tengslin vara, með því að gera eftirfarandi:

- athuga gaumgæfilega öll tilboð sem gerð eru meðan þau tengsl vara til að tryggja að tilboðshegðun bjóðenda samræmist vitneskju uppboðsvettvangsins um viðskiptavininn, viðskipti hans og áhættulýsingu, þ.m.t. hvaðan fjármagnnið kemur, ef nauðsyn krefur,
- viðhalda skilvirku fyrirkomulagi og málsmeðferðum vegna reglulegrar vöktunar á því að aðilar, sem fengið hafa leyfi til að leggja fram tilboð skv. 1., 2. og 3. mgr. 19. gr., fari að reglunum um hegðun á markaðinum,
- vakta viðskipti aðila sem fengið hafa leyfi til að leggja fram tilboð skv. 1., 2. og 3. mgr. 19. gr. og 6. mgr. 20. gr. og nota kerfi sín til að greina brot gegn reglunum sem um getur í b-lið þessarar undirgreinar, ósanngjarnar eða ólöglegar uppboðsaðstæður eða hegðun sem gæti leitt til markaðssvika.

Þegar tilboð eru grannskoðuð í samræmi við a-lið fyrstu undirgreinar skal viðkomandi uppboðsvettvangur beina sérstakri athygli að hvers kyns starfsemi sem hann telur sérstaklega líklega, vegna eðlis síns, til að tengjast peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða glæpastarfsemi.

2. Uppboðsvettvangur, sem býður upp staðgreiðslusamninga með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamninga til fimm daga, skal tryggja að skjöl, gögn eða upplýsingar, sem hann býr yfir um bjóðanda, séu ávallt uppfærð. Í þessum tilgangi getur slíkur uppboðsvettvangur:

- óskað eftir upplýsingum frá bjóðandanum skv. 2. og 3. mgr. 19. gr. og 5., 6. og 7. mgr. 20. gr. í þeim tilgangi að vakta tengslin við þann bjóðanda eftir að hann hefur fengið leyfi til að leggja fram tilboð, svo lengi sem tengslin vara og í fimm ár eftir að þau rofna,
- gert kröfu þess efnis að aðilar, sem fá leyfi til að leggja fram tilboð, leggi reglulega inn nýja umsókn um slíkt leyfi,
- gert kröfu þess efnis að aðilar, sem fá leyfi til að leggja fram tilboð, tilkynni viðkomandi uppboðsvettvangi tafarlaust um allar breytingar á upplýsingunum sem lagðar voru fram hjá honum skv. 2. og 3. mgr. 19. gr. og 5., 6. og 7. mgr. 20. gr.

3. Uppboðsvettvangur, sem býður uppstaðgreiðslusamninga með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamninga til fimm daga, skal halda skrár yfir:

- umsóknir umsækjenda um leyfi til að leggja fram tilboð skv. 2. og 3. mgr. 19. gr., þ.m.t. breytingar á þeim,

- b) skoðanir sem hafa verið gerðar meðan:
- i. verið var að vinna úr framlagðri umsókn um leyfi til að leggja fram tilboð skv. 19., 20. og 21. gr.,
 - ii. verið var að athuga gaumgæfilega og vakta tengslin, skv. a- og c-lið 1. mgr., eftir að umsækjandi fékk leyfi til að leggja fram tilboð,
- c) allar upplýsingar sem tengjast tilteknu tilboði tiltekins bjóðanda á uppboði, þ.m.t. afturkallanir eða breytingar á slíkum tilboðum, samkvæmt annarri undirgrein 3. mgr. 6. gr. og 4. mgr. sömu greinar,
- d) allar upplýsingar sem tengjast framkvæmd hvers uppboðs þar sem bjóðandi hefur lagt fram tilboð.
4. Uppboðsvettvangur, sem býður upp staðgreiðslusamninga með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamninga til fimm daga, skal halda skrárnar sem um getur í 3. mgr. meðan bjóðandi hefur leyfi til að leggja fram tilboð á uppboðum hans og í fimm ár eftir að tengsl hans við bjóðandann rofna.

55. gr.

Tilkynningar um peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða glæpastarfsemi

1. Lögbæru landsyfirvöldin, sem um getur í 37. gr. (1. mgr.) tilskipunar 2005/60/EB, skulu vakta og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að uppboðsvettvangur, sem býður upp staðgreiðslusamninga með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamninga til fimm daga, fari að kröfunum um könnun á áreiðanleika viðskiptamanna í 19. gr. og 20. gr. (6. mgr.) þessarar reglugerðar, kröfunum um vöktun og skráahald í 54. gr. þessarar reglugerðar og kröfunum um tilkynningar-skyldu í 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

Lögbæru landsyfirvöldin, sem um getur í fyrstu undirgrein, skulu hafa þær valdheimildir sem kveðið er á um í landsráðstöfunum til að lögleiða 2. og 3. mgr. 37. gr. tilskipunar 2005/60/EB.

Uppboðsvettvangur, sem býður upp staðgreiðslusamninga með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamninga til fimm daga, kann að bera ábyrgð á brotum gegn 19. gr., 20. gr. (6. og 7. mgr.), 21. gr. (1. og 2. mgr.) og 54. gr. þessarar reglugerðar og 2. og 3. mgr. þessarar greinar. Landsráðstafanir til að lögleiða 39. gr. tilskipunar 2005/60/EB gilda að þessu leyti.

2. Uppboðsvettvangur, sem býður upp staðgreiðslusamninga með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamninga til fimm daga, og stjórnendur hans og starfsmenn skulu eiga náð samstarf við peningaþvættisskrifstofuna (FIU) sem um getur í 21. gr. tilskipunar 2005/60/EB með því að gera eftirfarandi tafarlaust:

- a) tilkynna peningaþvættisskrifstofunni, að eigin frumkvæði, þegar vitneskja er um peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða að glæpastarfsemi sé stunduð eða hafi verið framin eða gerð tilraun til að fremja hana á uppboðunum eða ef grunur leikur á slíku eða gildar ástæður eru fyrir slíkum grun,

- b) með því að láta peningaþvættisskrifstofunni þegar í té, að beiðni hennar, allar nauðsynlegar upplýsingar í samræmi við málsmeðferðina í gildandi löggjöf.

3. Upplýsingarnar, sem um getur í 2. mgr., skulu sendar peningaþvættisskrifstofu aðildarríkisins þar sem viðkomandi uppboðsvettvangur er.

Í landsráðstöfunum til að lögleiða stefnu um stjórnun í tengslum við að uppfylla kröfur og um samskipti, sem um getur í 1. mgr. 34. gr. tilskipunar 2005/60/EB, skal tilnefna aðilann eða aðilana sem ber eða bera ábyrgð á að framsenda upplýsingar samkvæmt þessari grein.

4. Aðildarríkið þar sem uppboðsvettvangur, sem býður upp staðgreiðslusamninga með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamninga til fimm daga, er að finna skal tryggja að landsráðstafanir til að lögleiða 26. til 29. gr., 32. gr., 34. gr. (1. mgr.) og 35. gr. tilskipunar 2005/60/EB gildi um viðkomandi uppboðsvettvang.

56. gr.

Tilkynningar um markaðssvik

1. Uppboðsvettvangur, sem býður upp staðgreiðslusamninga með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamninga til fimm daga, skal tilkynna lögbærum landsyfirvöldum, sem tilnefnd eru skv. 2. mgr. 43. gr. tilskipunar 2004/39/EB og bera ábyrgð á eftirliti með viðkomandi uppboðsvettvangi eða á rannsókn á og lögsókn vegna markaðssvika sem fram fara á viðkomandi uppboðsvettvangi eða í gegnum kerfi hans, um grun um markaðssvik aðila sem fengið hefur leyfi til að leggja fram tilboð á uppboðunum eða aðila, sem tilboð er gert fyrir af hálfu aðila sem fengið hefur leyfi til að leggja fram tilboð á uppboðunum.

Landsráðstafanir til að lögleiða 2. mgr. 25. gr. tilskipunar 2005/60/EB gilda.

2. Viðkomandi uppboðsvettvangur skal tilkynna uppboðsvaktaranum og framkvæmdastjórninni að hann hafi sent tilkynningu skv. 1. mgr. þar sem fram kemur til hvaða aðgerða til úrbóta hann hefur gripið eða hyggst grípa í því skyni að bregðast við brotunum sem um getur í 1. mgr.

57. gr.

Ákvæði um hámarksstærð tilboða og aðrar ráðstafanir til úrbóta

1. Allir uppboðsvettvangar geta sett ákvæði um hámarksstærð tilboða eða beitt öðrum ráðstöfunum til úrbóta sem nauðsynlegar eru til að draga úr raunverulegri eða hugsanlegri hættu á markaðssvikum, peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða annarri glæpastarfsemi, sem og samkeppnishamlandi háttætti, að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina og að fengnu álitni hennar, að því tilskildu að beiting ákvæða um hámarksstærð tilboða eða annarra ráðstafana til úrbóta dragi úr viðkomandi áhættu á skilvirkan hátt. Framkvæmdastjórnin getur haft samráð við hlutaðeigandi aðildarríki og fengið álit þeirra á tillögu viðkomandi uppboðsvettvangs. Viðkomandi uppboðsvettvangar skulu taka ýtrasta tillit til álits framkvæmdastjórnarinnar.

2. Hámarksstærð tilboða skal annaðhvort gefin upp sem hundraðshluti af heildarfjölda uppboðinna losunarheimilda á hverju uppboði eða sem hundraðshluti af heildarfjölda uppboðinna losunarheimilda á hverju ári, hvort sem þykir eiga betur við til að takast á við áhættuna á markaðssvikum sem er skilgreind í 1. mgr. 56. gr.

3. Að því er varðar þessa grein merkir hámarksstærð tilboða hámarksfjölda losunarheimilda sem þeir hópar aðila, sem taldir eru upp í 1. eða 2. mgr. 18. gr., mega beint eða óbeint gera tilboð í, enda tilheyri þeir einum af eftirfarandi flokkum:

- a) sama hópi fyrirtækja, þ.m.t. móðurfélög, dótturfyrirtæki þeirra og hluteldarfélög,
- b) sama fyrirtækjahópi,
- c) sérstakri, efnahagslegri einingu sem hefur sjálfstætt ákvörðunarvald og er stjórnað, beint eða óbeint, af opinberum aðilum eða stofnunum í eigu hins opinbera.

58. gr.

Reglur um hegðun á markaði eða annað sammingsbundið fyrirkomulag

Ákvæði 53. til 57. gr. hafa ekki áhrif á neinar aðrar aðgerðir sem uppboðsvettvangur, sem býður upp staðgreiðslusamninga með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamninga til fimm daga, hefur rétt til að grípa til samkvæmt reglum sínum um hegðun á markaði eða öðru sammingsbundnu fyrirkomulagi sem er fyrir hendi, beint eða óbeint, gagnvart bjóðendum sem fengið hafa leyfi til að leggja fram tilboð á uppboðunum, að því tilskildu að slíkar aðgerðir stangist ekki á við ákvæði 53. til 57. gr. eða grafi undan þeim.

59. gr.

Síðareglur fyrir aðra aðila sem hafa heimild til að gera tilboð fyrir hönd annarra skv. b- og c-lið 1. mgr. 18. gr. og 2. mgr. 18. gr.

1. Þessi grein gildir um:

- a) aðila sem er heimilt að gera tilboð skv. 2. mgr. 18. gr.,
- b) fjárfestingarfyrirtæki og lánastofnanir sem um getur í b- og c-liðum 1. mgr. 18. gr. og hafa leyfi til að leggja fram tilboð skv. 3. mgr. 18. gr.

2. Aðilar, sem um getur í 1. mgr., skulu beita eftirfarandi reglum um hegðun að því er varðar tengsl þeirra við viðskiptavinina:

- a) þeir skulu taka við fyrirælum frá öllum viðskiptavinum sínum með sambærilegum skilmálum,
- b) þeir geta neitað að leggja fram tilboð fyrir hönd viðskiptavinar ef þeir hafa gildar ástæður til að gruna hann um peningþvætti, fjármögnun hryðjuverka, glæpastarfsemi eða markaðssvik, með fyrirvara um landslöggegjöf sem varðar lögleiðingu 24. og 28. gr. tilskipunar 2005/60/EB,

c) þeir geta neitað að gera tilboð fyrir hönd viðskiptavinar ef þeir hafa gildar ástæður til að gruna að viðskiptavinurinn geti ekki greitt fyrir losunarheimildirnar sem hann vill bjóða í,

d) þeir skulu gera skriflegan samning við viðskiptavinina. Gerðir samningar skulu ekki setja viðkomandi viðskiptavininum nein ósanngjörn skilyrði eða takmarkanir. Í þeim skulu koma fram öll skilyrði og skilmálar sem tengjast þeirri þjónustu sem þeim stendur til boða, þ.m.t. sérstaklega varðandi greiðslur og afhendingu losunarheimildanna,

e) þeir geta krafist þess að viðskiptavinir sínir leggi fé inn til geymslu í formi fyrirframgreiðslu fyrir losunarheimildir,

f) þeir mega ekki að óþörfu takmarka þann fjölda tilboða sem viðskiptavinur kann að leggja fram,

g) þeir mega ekki koma í veg fyrir eða setja skorður við því að viðskiptavinir þeirra notfæri sér þjónustu annarra aðila sem skv. b- til e-lið 1. mgr. 18. gr. og 2. mgr. 18. gr. eru hæfir til að gera tilboð fyrir þeirra hönd í uppboðunum,

h) þeir skulu taka tillýðilegt tillit til hagsmuna viðskiptavina sinna sem óska eftir að þeir leggi fram tilboð fyrir þeirra hönd í uppboðunum,

i) þeir skulu koma fram við viðskiptavinina sína af sanngirni og ekki mismuna þeim,

j) þeir skulu halda uppi viðunandi innri kerfum og verklagsreglum til að afgreiða beiðnir viðskiptavina um að koma fram sem umboðsaðili þeirra á uppboði, sérstaklega að því er varðar framlagningu tilboða fyrir hönd viðskiptavina sinna, og taka við greiðslum og tryggingum frá viðskiptavinum sínum og millifæra losunarheimildir til þeirra,

k) þeir skulu koma í veg fyrir birtingu trúnaðarupplýsinga frá þeim hluta rekstrar síns, sem ber ábyrgð á móttöku, undirbúningi og framlagningu tilboða fyrir hönd viðskiptavina þeirra yfir í þann hluta rekstrarins sem er ábyrgur fyrir undirbúningi og framlagningu tilboða fyrir eigin reikning eða þann hluta sem ber ábyrgð á viðskiptum fyrir eigin reikning á eftirmarkaðinum,

l) þeir skulu halda skrár yfir upplýsingar, sem þeir afla eða sem verða til vegna hlutverks þeirra sem milliliða sem sjá um að gera tilboð fyrir hönd viðskiptavina sinna á uppboðunum, í fimm ár eftir þann dag þegar viðkomandi upplýsinga var aflað eða þær urðu til.

Upphæð geymslufjárins, sem um getur í e-lið, skal reiknuð á réttlátum og sanngjörnum grunni.

Aðferðin, sem notuð er til að reikna út geymsluféð sem um getur í e-lið, skal sett fram í samningunum sem gerðir eru skv. d-lið.

Sá hluti geymslufjárins, sem um getur í e-lið og er ekki notaður til að greiða fyrir losunarheimildir, skal endurgreiddur til greiðanda innan sanngjarns tíma eftir uppboðið eins og fram kemur í samningunum sem gerðir eru skv. d-lið.

3. Aðilar sem um getur í 1. mgr. skulu beita eftirfarandi siðareglum þegar þeir gera tilboð fyrir eigin reikning eða fyrir hönd viðskiptavina sinna:

- þeir skulu leggja fram þær upplýsingar sem uppboðsvettvangur, þar sem þeir hafa fengið leyfi til að leggja fram tilboð, eða uppboðsvaktarinn óskar eftir svo að þeir geti sinnt verkefnum sínum samkvæmt þessari reglugerð,
- þeir skulu sýna ráðvendni, tilskilda færni, alúð og kostgæfni.

4. Lögbær landsyfirvöld sem eru tilnefnd eru af aðildarríkjunum þar sem aðilarnir, sem um getur í 1. mgr. hafa staðfestu, skulu bera ábyrgð á að heimila slíkum aðilum að stunda þá starfsemi sem um getur í þeirri málsgrein og á því að vakta og sjá til þess að farið sé að reglum um hegðun, sem kveðið er á um í 2. og 3. mgr., þ.m.t. meðhöndlun hvers kyns kvartana þess efnis að ekki sé farið að þeim reglum.

5. Lögbær landsyfirvöld, sem um getur í 4. mgr., skulu því aðeins veita leyfi þeim aðilum sem um getur í 1. mgr. að þeir uppfylli öll eftirfarandi skilyrði:

- þeir hafa getið sér nægilega góðs orðstírs og búa yfir nægilegri reynslu til að tryggja tilhlýðilega virðingu fyrir reglum um hegðun sem kveðið er á um í 2. og 3. mgr.,
- þeir hafa komið sér upp nauðsynlegum ferlum og eftirliti til að taka á hagsmunaárekstrum og þjóna hagsmunum viðskiptavina sinna sem best,
- þeir uppfylla kröfurnar í landslöggjöfnni sem lögleiðir tilskipun 2005/60/EB,
- þeir fara að öðrum ráðstöfunum sem taldar eru nauðsynlegar með tilliti til þjónustunnar sem tengist tilboðunum og boðið er upp á og hversu háþróaðir viðskiptavinir þeirra eru að því er varðar fjárfestingu eða viðskipti þeirra, sem og áhættumiðað mat á líkunum á peningabætti, fjármögnun hryðjuverka eða glæpastarfsemi.

6. Lögbær landsyfirvöld, sem tilnefnd eru af aðildarríkjunum þar sem aðilarnir sem um getur í 1. mgr. hafa fengið leyfi, skulu vakta skilyrðin sem tilgreind eru í 5. mgr. og framfylgja þeim. Aðildarríkin skulu sjá til þess að:

- lögbær landsyfirvöld þeirra hafi nauðsynlegar valdheimildir til rannsókna og til að beita viðurlögum sem eru árangursrík, í réttu hlutfalli við brotin og letjandi,
- sérstakri tilhögun sé komið á til að meðhöndla kvartanir og afturkalla leyfi ef aðilar, sem hafa fengið leyfi, hafa brotið gegn skuldbindingum sínum sem tengjast slíki leyfisveitingu,
- lögbær landsyfirvöld þeirra geti afturkallað leyfi sem veitt hafa verið skv. 5. mgr. ef aðili, sem um getur í 1. mgr., hefur brotið alvarlega og kerfisbundið gegn ákvæðum 2. og 3. mgr.

7. Viðskiptavinir bjóðenda, sem um getur í 1. mgr., geta beint kvörtunum sem þeir hafa varðandi samræmi við reglurnar um hegðun, sem um getur í 2. mgr., til lögbæru yfirvaldanna, sem um getur í 3. mgr., í samræmi við reglur um málsmeðferð sem settar voru vegna afgreiðslu á slíkum kvörtunum í því aðildarríki þar sem eftirlit er haft með aðilunum sem um getur í 1. mgr.

8. Aðilum, sem um getur í 1. mgr. og fá leyfi til að leggja fram tilboð á uppboðum hjá uppboðsvettvangi skv. 18., 19. og 20. gr., skal heimilt að veita viðskiptavinum, sem um getur í 19. gr. (a-lið 3. mgr.), þjónustu í tengslum við tilboð, án frekari lagalegra eða stjórnmunarlegra krafna af hálfu aðildarríkjanna.

XVI. KAFLI

GAGNSÆI OG ÞAGNARSKYLDA

60. gr.

Birting

1. Birta skal alla löggjöf, leiðbeiningar, fyrirmæli, eyðublöð, skjöl, og tilkynningar, þ.m.t. uppboðsalmanakið, allar aðrar upplýsingar, sem ekki hvílir trúnaður á og varða uppboðin á tilteknum uppboðsvettvangi, allar ákvarðanir, þ.m.t. hvers kyns ákvarðanir skv. 57. gr., um að kveða á um hámarksstærð tilboða og aðrar ráðstafanir til úrbóta sem nauðsynlegar eru til að draga úr raunverulegri eða hugsanlega sannanlegri áhættu á peningabætti, fjármögnun hryðjuverka, glæpastarfsemi eða markaðssvikum á þeim uppboðsvettvangi, á sérstöku uppfærðu uppboðsvefsetri sem viðkomandi uppboðsvettvangur heldur úti.

Upplýsingar, sem ekki skipta lengur máli, skulu geymdar í skjalasafni. Slík skjalasöfn skulu vera aðgengileg á sama uppboðsvefsetrinu.

2. Útgáfur af skýrslu uppboðsvaktarans til framkvæmdastjórnarinnar skv. 1. og 2. mgr. 25. gr., sem ekki innihalda trúnaðarupplýsingar, skulu birtar á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar.

Skýrslur, sem ekki skipta lengur máli, skulu geymdar í skjalasafni. Slík skjalasöfn skulu vera aðgengileg á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar.

3. Skrá yfir heiti, heimilisföng, síma- og símbrefanúmer, tölvupóstföng og vefsetur allra aðila, sem fengið hafa leyfi til að leggja fram tilboð fyrir hönd annarra á uppboðum sem viðkomandi uppboðsvettvangur heldur til að bjóða upp staðgreiðslusamninga með tveggja daga afhendingarfresti eða framtíðarsamninga til fimm daga, skal birt á vefsetri viðkomandi uppboðsvettvangs.

61. gr.

Yfirlýsing og tilkynning um niðurstöður á uppboðum

1. Uppboðsvettvangur skal gefa yfirlýsingu um niðurstöðu á hverju uppboði sem þar er haldið eins fljótt og unnt er og eigi síðar en 15 mínútum eftir að tilboðsglugginn lokast.

2. Í yfirlýsingunni, sem er gefin skv. 1. mgr., skal a.m.k. eftirfarandi koma fram:

- a) fjöldi uppboðinna losunarheimilda,
- b) uppboðsverðið í evrum,
- c) heildarumfang framlagðra tilboða,
- d) heildarfjöldi bjóðenda og fjöldi hlutskörpustu bjóðenda,
- e) ef uppboð er felld niður: upplýsingar um það á hvaða uppboð losunarheimildirnar færast,
- f) heildartekjur af uppboðinu,
- g) skipting heildarteknanna milli aðildarríkjanna, ef um er að ræða uppboðsvettvanga sem tilnefndir eru skv. 1. eða 2. mgr. 26. gr.

3. Um leið og yfirlýsingin skv. 1. mgr. er gefin skal uppboðsvettvangurinn tilkynna öllum hlutskörpustu bjóðendum, gegnum kerfi þess, um:

- a) heildarfjöldi losunarheimilda sem þeim bjóðanda er úthlutað,
- b) ef tilboð þeirra hafi verið jafnhá öðrum tilboðum: hver þeirra hafi verið valin af handahófi,
- c) upphæðina, sem er til greiðslu annaðhvort í evrum eða í gjaldmiðli aðildarríkis sem ekki er aðili að evrusvæðinu, sem bjóðandinn valdi, að því tilskildu að greiðslumiðlunarkerfið eða uppgjörskerfið ráði við gjaldmiðil viðkomandi ríkis.
- d) lokadag til að greiða upphæðina, sem er til greiðslu, í lausu fé inn á tilnefndan bankareikning uppboðshaldarans.

4. Ef gjaldmiðillinn, sem bjóðandinn valdi, er ekki evra skal uppboðsvettvangurinn tilkynna hlutskarpasta bjóðanda, sem leggur fram tilboð á uppboði sem hann heldur, um gengið sem hann hefur notað til að reikna upphæðina sem er til greiðslu í þeim gjaldmiðli sem hlutskarpasti bjóðandinn valdi.

Gengið skal vera það gengi sem birt er af viðurkenndri fréttastofu um fjármál sem tilgreind er í samningnum um tilnefningu viðkomandi uppboðsvettvangs strax og uppboðsfrestinum lýkur.

5. Uppboðsvettvangur skal tilkynna viðkomandi greiðslumiðlunarkerfi og uppgjörskerfi, sem honum tengjast, um þær upplýsingar sem hverjum hlutskarpasta bjóðanda var tilkynnt um, skv. 3. mgr.

62. gr.

Verndun trúnaðarupplýsinga

1. Eftirtalið fellur undir trúnaðarupplýsingar:

- a) inntak tilboðs,
- b) inntak fyrirmæla um að leggja fram tilboð, jafnvel þótt ekkert tilboð sé lagt fram,

c) upplýsingar, sem segja til um eða sem unnt er að draga ályktun af um auðkenni viðkomandi bjóðanda, og annaðhvort eftirfarandi:

- i. fjöldi losunarheimilda sem bjóðandi vill verða sér úti um á uppboði,
- ii. verðið sem bjóðandi er reiðubúinn að greiða fyrir viðkomandi losunarheimildir,

d) upplýsingar um eitt eða fleiri tilboð eða fyrirmæli um að gera tilboð, eða upplýsingar sem eru leiddar af þeim, sem annaðhvort hvorar í sínu lagi eða saman eru líklegar til að:

- i. gefa vísbendingu um spurn eftir losunarheimildum fyrir tiltekið uppboð,
- ii. gefa vísbendingu um uppboðsverðið fyrir tiltekið uppboð,

e) upplýsingar, sem aðilar veita í sambandi við stofnun eða viðhald tengsla við bjóðendur eða í sambandi við vöktun á þeim tengslum skv. 19., 20., 21. og 54. gr.,

f) skýrslur og álit uppboðsvaktarans sem teknar eru saman skv. 1. til 6. mgr. 25. gr., að undanskildum þeim þáttum sem koma fram í útgáfum af skýrslum uppboðsvaktarans sem innihalda ekki trúnaðarupplýsingar og framkvæmdastjórnin birtir skv. 2. mgr. 60. gr.,

g) viðskiptaleyndarmál sem koma fram hjá aðilum sem eiga í samkeppni um að tilnefna uppboðsvettvang eða uppboðsvaktarann,

h) upplýsingar um reikniritið sem er notað við slembiúrtak á jafnháum tilboðum, sem um getur í 2. mgr. 7. gr.,

i) upplýsingar um aðferð til að skilgreina hvenær uppboðsverð er umtalsvert lægra en ríkjandi verð á eftirmarkaði fyrir og eftir uppboð, sem um getur í 6. mgr. 7. gr.

2. Enginn aðili sem hefur fengið trúnaðarupplýsingar, hvort sem er beint eða óbeint, skal gefa þær upp, nema það sé í samræmi við 3. mgr.

3. Ákvæði 2. mgr. skal ekki koma í veg fyrir birtingu trúnaðarupplýsinga sem:

a) hafa þegar verið birtar almenningi á lögumhátt,

b) eru birtar með skriflegu samþykki bjóðanda, aðila sem fengið hefur leyfi til að leggja fram tilboð eða aðila sem sækir um leyfi til að leggja fram tilboð,

c) verður að birta eða gera aðgengilegar almenningi samkvæmt skuldbindingu í lögum Evrópusambandsins,

d) eru gerðar opinberar samkvæmt dómsúrskurði,

- e) eru gerðar opinberar vegna rannsóknar á glæpum eða stjórnsýslulegrar eða réttarfarslegrar rannsóknar eða málsmeðferðar innan Sambandsins,
- f) uppboðsvettvangur greinir uppboðsvaktaranum frá í þeim tilgangi að auðvelda vaktaranum eða gera honum kleift að sinna hlutverki sínu eða uppfylla skuldbindingar sínar í tengslum við uppboðin,
- g) er safnað saman eða eru ritskoðaðar fyrir birtingu, þannig að ólíklegt er að hægt sé að greina þar upplýsingar varðandi:
- i. einstök tilboð eða fyrirmæli um að gera tilboð,
 - ii. einstök uppboð,
 - iii. einstaka bjóðendur, tilvonandi bjóðendur eða aðila sem sækja um leyfi til að leggja fram tilboð,
 - iv. einstakar umsóknir um leyfi til að leggja fram tilboð,
 - v. tengslin við bjóðendur,
- h) um getur í 1. mgr. (f-lið), að því tilskildu að lögbær landsyfirvöld aðildarríkjanna birti almenningi upplýsingar, sem falla undir 25. gr. (c-lið 2. mgr.), án mismununar og á skipulegan hátt og að framkvæmdastjórnin birti aðrar upplýsingar sem falla undir 25. gr. (2. mgr.),
- i) um getur í g-lið 1. mgr., að því tilskildu að þær séu birtar aðilum sem eru sjálfir bundnir þagnarskyldu samkvæmt ráðningarskilmálum sínum, vinna fyrir aðildarríkin eða framkvæmdastjórnina og koma að samkeppnisferlinu sem um getur í g-lið 1. mgr.,
- j) eru gerðar opinberar að liðnum 30 mánuðum frá einhverri eftirfarandi dagsetninga, með fyrirvara um skuldbindingar um þagnarskyldu samkvæmt lögum Sambandsins:
- i. dagsetningunni þegar tilboðsgluggi uppboðsins er opnaður, þar sem trúnaðarupplýsingarnar eru fyrst birtar, að því er varðar trúnaðarupplýsingar í a- til d-lið 1. mgr.,
 - ii. dagsetningunni þegar tengslunum við bjóðanda er slitið, að því er varðar trúnaðarupplýsingar í e-lið 1. mgr.,
 - iii. dagsetningunni þegar skýrsla eða álit uppboðsvaktarans er afhent, að því er varðar trúnaðarupplýsingar í f-lið 1. mgr.,
 - iv. dagsetningunni þegar upplýsingarnar eru lagðar fram í samkeppnismiðaða útboðsferlinu, að því er varðar trúnaðarupplýsingar í g-lið 1. mgr.
4. Ráðstafanirnar sem þarf til að tryggja að trúnaðarupplýsingar séu birtar á óréttmætan hátt og afleiðingarnar af því að uppboðsvettvangur eða uppboðsvaktarinn, þ.m.t. aðilar sem sem gert hafa verksamninga við þá, birti slíkar upplýsingar á óréttmætan hátt skulu tilgreindar í samningunum um tilnefningu þeirra.

5. Trúnaðarupplýsingar sem uppboðsvettvangur eða uppboðsvaktarinn fær í hendur, þ.m.t. aðilar sem sem gert hafa verksamninga við þá, skulu eingöngu notaðar í því skyni að þeir geti sinnt skuldbindingum sínum eða hlutverki sínu að því er varðar uppboðin.

6. Ákvæði 1. til 5. mgr. skulu hvorki útiloka skipti á trúnaðarupplýsingum milli uppboðsvettvangs og uppboðsvaktarans né milli annars hvors þeirra og:

- a) lögbærra landsyfirvalda sem hafa eftirlit með uppboðsvettvangi,
- b) lögbærra landsyfirvalda sem bera ábyrgð á rannsókn og lögsókn vegna peningaþvættis, fjármögnunar hryðjuverka, glæpastarfsemi eða markaðssvika,
- c) framkvæmdarstjórnarinnar.

Trúnaðarupplýsingum, sem skipst er á samkvæmt þessari málsgrein, skal ekki miðlað, í trássi við 2. mgr., til annarra aðila en þeirra sem um getur í a-, b- og c-lið.

7. Aðili sem vinnur fyrir eða hefur unnið fyrir uppboðsvettvang eða uppboðsvaktarann og sem kemur að uppboðunum skal bundinn þagnarskyldu og skal sjá til þess að trúnaðarupplýsingar séu verndaðar samkvæmt þessari grein.

63. gr.

Val á tungumáli

1. Skriflegar upplýsingar, sem uppboðsvettvangur veitir skv. 1. og 3. mgr. 60. gr. eða uppboðsvaktarinn veitir skv. 2. mgr. 60. gr. eða veittar eru samkvæmt samningnum um tilnefningu þeirra en eru ekki birtar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, skulu vera á tungumáli sem hefd er fyrir að nota í alþjóðafjármálageiranum.

2. Aðildarríki getur, á eigin kostnað, séð um þýðingu á öllum upplýsingum frá uppboðsvettvangi, sem falla undir 1. mgr., á opinber(t) tungumál þess aðildarríkis.

Ef aðildarríki sér um þýðingu, á eigin kostnað, á öllum upplýsingum, sem falla undir 1. mgr., frá uppboðsvettvangi sem tilnefndur er skv. 26. gr. (1. mgr.), skal aðildarríki, sem hefur tilnefnt uppboðsvettvang skv. 30. gr. (1. mgr.), einnig sjá um, á eigin kostnað, þýðingu yfir á sama eða sömu tungumál á öllum upplýsingum sem falla undir 1. mgr. og koma frá uppboðsvettvangi sem það hefur tilnefnt skv. 30. gr. (1. mgr.).

3. Umsækjendur um leyfi til að leggja fram tilboð og aðilar sem fengið hafa leyfi til að leggja fram tilboð geta lagt inn eftirfarandi á því opinbera tungumáli Sambandsins sem þeir hafa valið skv. 4. mgr., að því tilskildu að aðildarríki hafi ákveðið að sjá um þýðingu yfir á það tungumál skv. 2. mgr.:

- a) umsóknir þeirra um leyfi til að leggja fram tilboð, þ.m.t. öll fylgiskjöl,
- b) tilboð þeirra, þ.m.t. afturkallanir eða breytingar á þeim,

c) fyrirspurnir sem varða a- eða b-lið.

Uppboðsvettvangur getur óskað eftir vottaðri þýðingu yfir á tungumál sem hefið er fyrir að nota í alþjóðafjarmálageiranum.

4. Umsækjendur um leyfi til að leggja fram tilboð, aðilar sem hafa fengið leyfi til að leggja fram tilboð og bjóðendur sem taka þátt í uppboði skulu velja eitthvert opinbert tungumál Sambandsins og fá á því allar tilkynningar sem gerðar eru skv. 8. gr. (3. mgr.), 20. gr. (10. mgr.), 21. gr. (4. mgr.) og 61. gr. (3. mgr.).

Allar aðrar munnlegar eða skriflegar upplýsingar frá uppboðsvettvangi til umsækjenda um leyfi til að leggja fram tilboð, aðila sem hafa fengið leyfi til að leggja fram tilboð og bjóðenda sem taka þátt í uppboði skulu vera á tungumáli sem valið er samkvæmt fyrstu undirgrein, án nokkurs aukakostnaðar fyrir viðkomandi umsækjendur, aðila og bjóðendur, að því tilskildu að aðildarríki hafi ákveðið að sjá um þýðingu yfir á það tungumál skv. 2. mgr.

Þótt aðildarríki hafi, skv. 2. mgr., ákveðið að sjá um þýðingu yfir á tungumálið sem valið er samkvæmt fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar geta umsækjendur um leyfi til að leggja fram tilboð, aðilar sem hafa fengið leyfi til að leggja fram tilboð og bjóðendur sem taka þátt í uppboði afsalað sér rétti sínum samkvæmt annarri undirgrein þessarar málsgreinar með því að leggja fram skriflegt samþykki fyrir fram fyrir því að viðkomandi uppboðsvettvangur noti einvörðungu tungumál sem hefið er fyrir að nota í alþjóðafjarmálageiranum.

5. Aðildarríkin bera ábyrgð á nákvæmni allra þýðinga sem unnar eru skv. 2. mgr.

Aðilar, sem leggja fram þýðingu á skjali sem um getur í 3. mgr., og uppboðsvettvangur, sem leggur fram þýdda tilkynningu skv. 4. mgr., bera ábyrgð á að sjá til þess að hún sé nákvæm þýðing á frumtextanum.

XVII. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

64. gr.

Áfrýjunarréttur

1. Uppboðsvettvangur skal sjá til þess að hann hafi yfir að ráða kerfi til að fjalla utan dómstóla um kvartanir frá umsækjendum um leyfi til að leggja fram tilboð, bjóðendum

sem hafa fengið leyfi til að leggja fram tilboð og bjóðendum sem neitað hefur verið um leyfi til að leggja fram tilboð eða aðgangur þeirra hefur verið afturkallaður eða felldur tímabundið úr gildi.

2. Aðildarríki þar sem er skipulegur markaður sem hefur verið tilnefndur sem uppboðsvettvangur eða þar sem eftirlit er haft með markaðsrekanda skulu tryggja að ákvarðanir, sem teknar eru utan dómstóla vegna kvartana sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, séu rökstuddar á tilhlýðilegan hátt og séu með fyrirvara um rétt til að leita til dómstóla sem um getur í 1. mgr. 52. gr. tilskipunar 2004/39/EB. Sá réttur hefur ekki áhrif á réttinn til að skjóta máli beint til dómstóla eða lögbærra stjórnvalda sem kveðið er á um í landsráðstöfunum til að lögleiða 2. mgr. 52. gr. tilskipunar 2004/39/EB.

65. gr.

Leiðrétting á villum

1. Tilkynna skal greiðslumiðlunarkerfinu eða uppgjörskerfinu um hvers kyns villur í greiðslum eða millifærslum á losunarheimildum og í tryggingum eða geymslufé, sem lagt er inn eða greitt út samkvæmt þessari reglugerð, um leið og eftir því er tekið.

2. Greiðslumiðlunarkerfið eða uppgjörskerfið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að leiðrétta hvers kyns villur í greiðslum eða millifærslum á losunarheimildum og í tryggingum eða geymslufé, sem lagt er inn eða greitt út samkvæmt þessari reglugerð, hvernig sem kerfin urðu vör við þær.

3. Aðili, sem hefur hag af villu, sem um getur í 1. mgr. og ekki er hægt að leiðrétta skv. 2. mgr. vegna réttar sem þriðji aðili hefur áunnið sér í góðri trú og sem aðilinn vissi um eða hefði átt að vita að væri villa og lét hjá líða að tilkynna um til greiðslumiðlunarkerfis eða uppgjörskerfis, ber ábyrgð á að bæta fyrir hvers kyns orðinn skaða.

66. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. nóvember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

Losunarheimildir sem boðnar eru upp fyrir 2013 og form uppboðsvaranna sem þær skulu boðnar upp á, eins og um getur í 1. mgr. 10. gr.

Fjöldi	Aðildarríki	Uppboðsvara	Almanaksár
(...)	(...)	(...)	(...)

*II. VIÐAUKI***Skrá yfir atriði sem um getur í 3. mgr. 20. gr.**

1. Sönnun á hæfi skv. 1. eða 2. mgr. 18. gr.
2. Nafn, heimilisfang, síma- og símbréfanúmer umsækjandans.
3. Reikningsauðkenni fyrir tilnefndan geymslureikning umsækjandans.
4. Allar upplýsingar um tilnefndan bankareikning umsækjandans.
5. Heiti, heimilisfang, síma- og símbréfanúmer ásamt tölvupóstfangi eins eða fleiri fulltrúa bjóðandans eins og skilgreint er í þriðju undirgrein 3. mgr. 6. gr.
6. Lögáðilar skulu leggja fram sönnun fyrir:
 - a) stofnsetningu fyrirtækisins þar sem fram kemur: rekstrarform umsækjandans að lögum, hvaða lög gilda um hann, hvort hann er opinberlega skráð félag hjá einni kauphöll eða fleiri eða ekki,
 - b) skráningarnúmer umsækjandans, ef við á, í viðeigandi skrá þar sem hann er skráður, en ef ekki er um slíkt að ræða skal umsækjandinn leggja fram greinargerð, stofnsamþykktir eða önnur skjöl sem votta stofnsetningu hans.
7. Að því er varðar lögáðila og/eða lagaráðstafanir: þær upplýsingar sem þarf til að sanngreina raunverulegan eiganda og skilja uppbygginguna á eignarhaldi og stjórnunarkerfi slíks lögáðila eða fyrirkomulags.
8. Að því er varðar einstaklinga: sönnun fyrir því hverjir þeir eru, með kennivottorði, ökuskírteini, vegabréfi eða svipuðum opinberum skjölum með fullu nafni, ljósmynd, fæðingardagsetningu og -ári og föstu heimilisfangi aðseturs viðkomandi umsækjanda innan Sambandsins, sem má styðja með öðrum viðeigandi skjölum til frekari staðfestingar eftir því sem nauðsyn krefur.
9. Að því er varðar rekstraraðila: leyfið sem um getur í 4. gr. tilskipunar 2003/87/EB.
10. Að því er varðar umráðendur loftfars: sönnun fyrir því að þeir séu skráðir skv. 3. mgr. 18. gr. a í tilskipun 2003/87/EB eða vöktunaráætluninni sem lögð var fram og samþykkt skv. 3. gr. g. í þeirri tilskipun.
11. Þær upplýsingar sem þarf til að framkvæma könnunina á áreiðanleika viðskiptamanna sem um getur í e-lið 2. mgr. 19. gr.
12. Nýjasta, endurskoðaða ársskýrsla umsækjandans og reikningar, þ.m.t. rekstrarreikningur og efnahagsreikningur, ef þeir liggja fyrir, annars virðisaukaskattskýrsla eða frekari upplýsingar af því tagi sem þarf til að staðfesta gjaldþol og lánstraust umsækjandans.
13. Virðisaukaskattnúmer, ef um það er að ræða, en ef umsækjandinn er ekki virðisaukaskattskráður: annað, sem skattýfirvöld aðildarríkisins þar sem umsækjandinn hefur staðfestu eða greiðir skatta, nota til að sanngreina hann eða frekari upplýsingar sem þarf til að staðfesta fjárhagsstöðu umsækjandans innan Sambandsins.
14. Yfirlýsing umsækjandans um að hann uppfylli, samkvæmt sinni bestu vitund, kröfurnar í f-lið 2. mgr. 19. gr.
15. Sönnunargögn um samræmi við ákvæði g-liðar 2. mgr. 19. gr.
16. Sönnun fyrir því að umsækjandinn uppfylli kröfurnar í 3. mgr. 19. gr.
17. Yfirlýsing þess efnis að umsækjandinn hafi nauðsynlegt gerhæfi og vald til að leggja fram tilboð á uppboði fyrir eigin reikning eða fyrir hönd annarra.
18. Yfirlýsing umsækjandans þess efnis að samkvæmt hans bestu vitund sé hvorki lagaleg, reglugerð eða samningstengd hindrun né nein önnur hindrun sem kemur í veg fyrir að hann standi við skuldbindingar sínar samkvæmt þessari reglugerð.
19. Yfirlýsing um það hvort umsækjandinn hyggst greiða með evrum eða með gjaldmiðli aðildarríkis, sem ekki er aðili að evrusvæðinu, ásamt tilgreiningu á þeim gjaldmiðli sem hann velur þá.

III. VIÐAUKI

Uppboðsvettvangur, aðrir en þeir sem tilnefndir eru skv. 1. eða 2. mgr. 26. gr., tilnefningaraðildarríki þeirra og öll viðeigandi skilyrði eða skuldbindingar sem um getur í 7. mgr. 30. gr.

Uppboðsvettvangur	Tilnefningartímabil	Tilnefningaraðildarríki	Skilyrði	Skuldbindingar
(...)	(...)	(...)	(...)	(...)

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 550/2011

2012/EES/59/45

frá 7. júní 2011

um ákvörðun á tilteknum takmörkunum sem gilda um notkun alþjóðlegra inneigna vegna verkefna varðandi iðnaðargastegundir samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ⁽¹⁾, einkum 9. mgr. 11. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Lokamarkmið rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, sem samþykkt var með ákvörðun ráðsins 94/69/EB frá 15. desember 1993 um niðurstöður rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar ⁽²⁾, er að halda styrk gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu stöðugum við tiltekin gildi þannig að komið verði í veg fyrir hættulegar veðurfarsbreytingar af mannavöldum. Til að það markmið náist má heildarhækkun hnattræns ársmeðalhita við yfirborð jarðar ekki vera meiri en 2 °C miðað við gildin fyrir iðnbyltinguna sem samþykkt voru á ráðstefnunni um loftslagsbreytingar í Cancún í desember 2010 og með Kaupmannahafnarsáttmálanum. Í nýjustu matsskýrslu milliríkjanefndarinnar um loftslagsbreytingar (IPCC) kemur fram að eigi markmiðið að nást verði losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu að ná hámarki eigi síðar en 2020. Þar af leiðandi þurfa öll lönd sem eru stórir losendur að efla hnattræna viðleitni sína í þá veru.

2) Ef þetta markmið á að nást koma kolefnismarkaðir til með að gegna lykilhlutverki. Þeir gera það að verkum að ná má markmiðunum með lægri tilkostnaði og þeir stuðla einnig að meiri metnaði. Þar að auki geta kolefnismarkaðir verið áhrifaríkir í tengslum við yfirfærslu fjármagns til þróunarlanda og geta aðstoðað Sambandið við að uppfylla skuldbindingar sínar varðandi alþjóðlega fjárhagspakkann, sem nemur 100 milljörðum Bandaríkjadala og var samþykktur í Kaupmannahöfn. Því er þörf á verulegri útfærslu að því er varðar núverandi kerfi, þ.m.t. umbætur á kerfi hreinleikaþróunar (CDM) til að auka notkun staðlaðra grundvallarviðmiðana, og sköpun nýrra markaðskerfa.

3) Með Kýótóbókuninni, sem var samþykkt með ákvörðun ráðsins 2002/358/EB frá 25. apríl 2002 um samþykkt Kýótóbókunarinnar, fyrir hönd Evrópubandalagsins, við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og um sameiginlegar efndir tilheyrandi skuldbindinga ⁽³⁾, voru sett markmið fyrir 39 aðila um skerðingu á losun fyrir tímabilið 2008–2012 og komið á fót tveimur kerfum til að stofna til alþjóðlegra inneigna sem aðilarnir mega nota til að jafna saman losun. Sameiginleg framkvæmd (JI) gerir kleift að stofna til losunarskerðingareininga (ERU) en kerfi hreinleikaþróunar (CDM) gerir kleift að stofna til eininga vott-aðrar losunarskerðingar (CER).

4) Kerfi sameiginlegrar framkvæmdar og kerfi hreinleikaþróunar eru svokölluð hrein samjöfnunarkerfi þar sem losunarskerðing um eitt tonn af gróðurhúsalofttegundum heimilar losun eins tons af gróðurhúsalofttegundum annars staðar. Þótt slík kerfi stuðli almennt að því að draga úr kostnaði vegna aðgerða til að draga úr hnattræni losun í löndum þar sem slíkt er kostnaðarhagkvæmara stuðla þau ekki að aðgerðum til skerðingar sem eru nauðsynlegar til að nálgast megi 2 °C-markmiðið.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 149, 8.6.2011, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2012 frá 26. júlí 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 33, 7.2.1994, bls. 11.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 130, 15.5.2002, bls. 1.

- 5) Til að halda hnattrænni hlýnun undir 2 °C hefur Sambandið tekið þá afstöðu að þróunarlönd, einkum þau sem lengst eru komin, skuli styðja skuldbindingar iðnvæðra landa með viðeigandi aðgerðum til að draga úr losun. Samhliða því skal smám saman þróast breiður, alþjóðlegur kolefnismarkaður, sem getur stuðlað að nauðsynlegri, hnattrænni skerðingu á skilvirkan hátt þar sem stofnað er til alþjóðlegra inneigna fyrir losunarskerðingu, sem er undir settu viðmiði um áætlaða losun, ef ráðstafanir til losunarskerðingar eru ekki fyrir hendi. Þar af leiðandi þurfa þróunarlöndin að grípa til viðeigandi aðgerða til að draga úr losun. Auka skal hlutdeild þróunarlanda, sem eru komin skemmst á veg í þróun, í kerfi hreinleikaþróunar og jafnframt skulu þróunarlönd, sem eru lengra komin, miða smám saman að því að taka þátt í sviðstengdum markaðskerfum og loks í viðskiptakerfum með losunarpaki (e. cap-and-trade systems) ⁽¹⁾.
- 6) Þátttaka í kerfi sameiginlegrar framkvæmdar og kerfi hreinleikaþróunar er valfrjálst og hlutdeild í ákvörðunum um að heimila notkun inneigna í viðskiptakerfum fyrir losunarheimildir. Þess vegna er gerður greinarmunur á inneignum sem stofnað er til og inneignum sem undirritunaraðilar Kýótóbókunarinnar hafa ákveðið að heimila til notkunar samkvæmt landslögum viðkomandi ríkis. Í því skyni er notkun eininga úthlutaðs magns þegar undanskilin í tilskipun 2003/87/EB og í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/101/EB ⁽²⁾ er notkun á tilteknum inneignum úr kerfi sameiginlegrar framkvæmdar og úr kerfi hreinleikaþróunar heimiluð með samræmdum takmörkunum á notkun alþjóðlegra inneigna vegna verkefna í tengslum við kjarnorku, landnotkun og skógrækt og að því tilskildu að aðildarríki heimili rekstraraðilum að nota tiltekið magn af öðrum tegundum alþjóðlegra inneigna. Í tilskipun 2003/87/EB er kveðið á um að samþykkja skuli samræmd framkvæmdarákvæði varðandi takmarkanir á notkun alþjóðlegra inneigna.
- 7) Takmarka skal notkun alþjóðlegra inneigna vegna verkefna í tengslum við trifluóormetan (HFC-23) og nituroxíð (N₂O) frá framleiðslu á adipínsýru (hér á eftir nefnd „verkefni varðandi iðnaðargastegundir“). Þetta samræmist niðurstöðum Evrópuráðsins frá október 2009 þar sem þróunarlönd, einkum þau sem lengst eru komin, eru hvött til að grípa til viðeigandi aðgerða til að draga úr losun. Langflest verkefni varðandi iðnaðargastegundir eru unnin í þróunarlöndum sem eru langt á veg komin í þróun og hafa fullnægjandi getu til að fjármagna sjálf þessar ódýru skerðingar og skulu tekjur úr fyrri verkefnum duga til að fjármagna þau.
- Takmarkanir á notkun inneigna varðandi iðnaðargas, ásamt ákvörðunum þess efnis á alþjóðavísu, stuðla að jafnari landfræðilegri dreifingu þess ávinnings sem fylgir kerfunum sem komið var á með Kýótóbókuninni.
- 8) Verkefni varðandi iðnaðargastegundir valda áhyggjum í tengslum við umhverfismál. Sérlega mikill hagnaður af eyðingu HFC-23 hefur í för með sér aukna áframhaldandi framleiðslu og notkun klórðifluóormetans (HCFC-22), sem er öflug ósoneyðandi gróðurhúsalofttegund, í skráðum stöðvum á hæsta stigi sem aðferðir verkefnistengdra aðgerða leyfa. Þar af leiðandi getur framleiðsla á HCFC-22 orðið meiri en hún hefði verið án verkefnistengdra aðgerða. Hins vegar grefur það undan „Montreal-breytingunni“ frá 2007 innan ramma Montreal-bókunarinnar um efni sem valda rýrnun ósonlagsins ⁽³⁾ um að flýta fyrir því ferli að hætta í áföngum að nota HCFC-22 á annan hátt en sem hráefni. Það er heldur ekki í samræmi við fjármögnun aðildarríkja á því ferli að hætta í áföngum framleiðslu HCFC-22 með framlögum til marghliða sjóðs innan ramma Montreal-bókunarinnar. Þessi mikli hagnaður leiðir til röskunar á efnahagshvötum og samkeppni og til þess að framleiðsla á adipínsýru færast frá framleiðendum í Sambandinu til skráðra framleiðenda í þriðju löndum. Talsvert hagstæðari meðferð á framleiðendum adipínsýru sem taka þátt í kerfum Kýótóbókunarinnar en þeim sem koma inn í kerfi Sambandsins frá og með árinu 2013 eykur áhættu á svipuðum tilfærslum í framleiðslu ásamt hreinni aukningu á hnattrænni losun. Réttlætlanlegt er að takmarka notkun þessara alþjóðlegra inneigna til að minnka röskun á efnahagshvötum og samkeppni og til að koma í veg fyrir að eitthvað fari úr skorðum í tengslum við losun gróðurhúsalofttegunda.
- 9) Alþjóðlegar inneignir vegna verkefna varðandi iðnaðargastegundir stuðla ekki að miðlun tækniþekkingar eða umbreytingu orkukerfa til langs tíma, sem er nauðsynleg í þróunarlöndum. Sú leið að draga úr losun þessara iðnaðargastegunda með kerfi sameiginlegrar framkvæmdar eða kerfi hreinleikaþróunar er ekki skilvirkasta aðferðin til að draga úr hnattrænni losun þar eð hagnaðurinn frá þróunaraðilum verkefnanna er ekki notaður til þess að draga úr losun.
- 10) Samkvæmt 9. mgr. 11. gr. a í tilskipun 2003/87/EB er heimilt að beita fullri takmörkun að því er varðar notkun á tilteknum inneignum. Rétt þykir að beita slíkri takmörkun ef um er að ræða verkefni varðandi iðnaðargastegundir. Full takmörkun á notkun hentar best til þess að koma í veg fyrir óæskilegar afleiðingar þessara inneigna að því er varðar samkeppni og umhverfi og eykur kostnaðarhagkvæmni hnattrænnar

⁽¹⁾ Niðurstöður ráðsins, undirbúningur fyrir 16. ráðstefnu aðilanna að rammasmunni Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar í Cancún (29.11.2010–10.12.2010), 3036. fundur umhverfisráðsins í Lúxemborg 14.10.2010 og niðurstöður ráðsins um afstöðu Evrópusambandsins fyrir ráðstefnu um loftslagsbreytingar í Kaupmannahöfn (7.–18.12.2009), 2968. fundur umhverfisráðsins í Lúxemborg 21. október 2009, sem samþykktar voru með ályktun forseta fundar leiðtoga ráðsins í Brussel frá 29. og 30. október 2009.

⁽²⁾ Stjóð. ESB L 338, 13.11.2004, bls. 18.

⁽³⁾ Montreal-bókunin um efni sem valda rýrnun ósonlagsins eins og hún var leiðrétt og henni breytt með 19. fundi aðilanna að Montreal-bókuninni (17.–21. september 2007).

losunarskerðingar og vistvænleika kolefnismarkaðarins með því að hvetja til fjárfestinga sem fela í sér litla losun kolefna.

- 11) Í samræmi við 9. mgr. 11. gr. a í tilskipun 2003/87/EB gilda ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, frá 1. janúar 2013, en í samræmi við þá grein eru þá liðnir meira en sex mánuðir en minna en þrjú ár frá því hún er samþykkt. Þessar ráðstafanir hafa ekki áhrif á notkun inneigna iðnaðargastegunda varðandi skuldbindingar um að uppfylla kröfur á árinu 2012.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Frá 1. janúar 2013 verður notkun alþjóðlegra inneigna vegna verkefna í tengslum við eyðingu trífúormetans (HFC-23) og nituroxíðs frá framleiðslu á adipínsýru, að því er varðar 11. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, bönnuð, að undanskilinni notkun inneigna að því er varðar losunarskerðingar til ársins 2013 vegna núverandi verkefna af þessu tagi og notkun í tengslum við losun frá stöðvum, sem falla undir viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir, sem skal heimila til og með 30. apríl 2013.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. júní 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2009/61/EB

2012/EES/59/46

frá 13. júlí 2009

að því er varðar uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á dráttarvélum á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt (*)

(Kerfisbundin útgáfa)

EVROÞUPINGID OG RAD EVROÞUSAMBANDSINS HAGA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95.gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽¹⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun ráðsins 78/933/EBE frá 17. október 1978 um samræmingu laga aðildarríkjanna að því er varðar uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar á dráttarvélum á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt ⁽³⁾ hefur nokkrum sinnum verið breytt í veigamiklum atriðum ⁽⁴⁾. Til glöggvunar og hagræðingar ber því að kerfisbinda tilskipunina.
- 2) Í tilskipun 78/933/EBE, sem er ein sértilskipana sem fjalla um EB-gerðarviðurkenningarkerfið sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 74/150/EBE, en henni var skipt út með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB frá 26. maí 2003 um gerðarviðurkenningu á dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt, eftirvögnum þeirra og útskiptanlegum, dregnum tækjum ásamt kerfum þeirra, íhlutum og aðskildum tæknieiningum ⁽⁵⁾,

er mælt fyrir um tækniforskriftir varðandi hönnun og smíði dráttarvéla á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt að því er varðar uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar. Þessar tækniforskriftir varða samræmingu laga aðildarríkjanna til að greiða fyrir að EB-gerðarviðurkenningaraðferðin, sem kveðið er á um í tilskipun 2003/37/EB, gildi um allar gerðir dráttarvéla. Af þessum sökum gilda ákvæðin, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2003/37/EB að því er varðar dráttarvélar fyrir landbúnað eða skógrækt, eftirvagna þeirra og útskiptanleg, dregin tæki ásamt kerfum þeirra, íhlutum og aðskildum tæknieiningum, um þessa tilskipun.

- 3) Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti þeirra til að lögleiða tilskipanirnar sem tilgreindar eru í B-hluta II. viðauka í landslög og beita þeim.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. „Dráttarvél“ (fyrir landbúnað eða skógrækt): vélknúð ökutæki á hjólum eða beltum sem hefur a.m.k. tvo ása og er notagildi þess aðallega fylgið í dráttarafliinu þar sem það er sérstaklega hannað til þess að draga, ýta, flytja eða knýja tiltekin verkfæri, vélar eða eftirvagna til notkunar í landbúnaði eða skógrækt. Heimilt er að útbúa það fyrir farm- og fólksflutninga.

2. Tilskipun þessi gildir eingöngu um dráttarvélar sem skilgreindar eru í 1. mgr. og hafa loftfyllta hjólbarða og hámarkshönnunarhraða á bilinu 6 til 40 km/klst.

2. gr.

1. Aðildarríkjum er óheimilt að synja um EB-gerðarviðurkenningu eða landsbundna gerðarviðurkenningu fyrir gerð dráttarvéla af ástæðum sem varða uppsetningu ljósa- og ljósamerkjabúnaðar, sem tilgreindur er í liðum 1.5.7 til 1.5.2.1 í I. viðauka, hvort sem hann er lögboðinn eða valkvæður, sé uppsetningin í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í þeim viðauka.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 203, 5.8.2009, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 43, 2.8.2012, bls. 24.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 175, 27.7.2007, bls. 40.

⁽²⁾ Álit Evrópuþingsins frá 19. febrúar 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 22. júní 2009.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 325, 20.11.1978, bls. 16.

⁽⁴⁾ Sjá A-hluta III. viðauka.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 171, 9.7.2003, bls. 1.

2. Að því er varðar ökutæki sem eru ekki í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, skulu aðildarríkin, af ástæðum sem varða efnisatriði þessarar tilskipunar:

— hætta að veita EB-gerðarviðurkenningu,
— hafa heimild til að synja um landsbundna gerðarviðurkenningu.

3. Að því er varðar ný ökutæki sem eru ekki í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun skulu aðildarríkin, af ástæðum sem varða efnisatriði þessarar tilskipunar:

— líta svo á að samræmisvottorð, sem fylgja nýjum ökutækjum í samræmi við ákvæði tilskipunar 2003/37/EB, gildi ekki lengur að því er varðar 1. mgr. 7. gr. þeirrar tilskipunar,
— hafa heimild til að neita að ný ökutæki verði skráð, seld eða tekin í notkun.

3. gr.

Aðildarríkjum er óheimilt að synja um að dráttarvél sé skráð eða að banna sölu hennar, að hún sé tekin í notkun eða notuð af ástæðum sem varða uppsetningu ljósa- og ljósamerkjabúnaðar, sem tilgreindur er í liðum 1.5.7 til 1.5.2.1 í I. viðauka, hvort sem hann er lögboðinn eða valkvæður, sé uppsetningin í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í þeim viðauka.

4. gr.

Aðildarríki, sem hefur veitt EB-gerðarviðurkenningu, skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að því berist upplýsingar um sérhverja breytingu á hlutum eða eiginleikum, sem um getur í lið 1.1 í I. viðauka. Lögbær yfirvöld í því aðildarríki skulu ákveða hvort þörf sé á frekari prófunum á breyttu dráttarvélagerðinni og nýrri skýrslu. Komi í ljós við slíkar prófanir að kröfum þessarar tilskipunar hafi ekki verið fullnægt skal breytingin ekki viðurkennd.

5. gr.

Samþykkinga skal nauðsynlegar breytingar til að laga kröfurnar í I. og II. viðauka að tækniframförum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 20. gr. tilskipunar 2003/37/EB.

6. gr.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

7. gr.

Tilskipun 78/933/EBE, eins og henni var breytt með tilskipunum sem eru tilgreindar í A-hluta III. viðauka, er felld úr gildi með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti þeirra til að lögleiða tilskipanirnar sem eru tilgreindar í B-hluta III. viðauka í landslög og beita þeim.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í IV. viðauka.

8. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2010.

9. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel, 13. júlí 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

H.-G. Pöttering

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

E. Erlandsson

forseti.

I. VIÐAUKI

UPPSETNING LJÓSA- OG LJÓSMERKJABÚNAÐAR

1. SKILGREININGAR

1.1. Dráttarvélagerð með tilliti til uppsetningar ljósa- og ljósmerkjabúnaðar

„Dráttarvélagerð með tilliti til uppsetningar ljósa- og ljósmerkjabúnaðar“: dráttarvélar sem eru ekki frábrugðnar hver annarri hvað eftirtalin grundvallaratriði varðar:

1.1.1. mál og ytri lögun dráttarvélar,

1.1.2. fjölda og staðsetningu búnaðar,

Eftirtaldar dráttarvélar teljast ekki heldur dráttarvélar mismunandi gerðar: dráttarvélar sem eru ekki eins í skilningi liða 1.1.1 og 1.1.2 hér að ofan, þó ekki þannig að það kalli á breytingu á gerð, númeri, staðsetningu og ljósdreifingu ljóskera sem eru hönnuð fyrir umrædda dráttarvélagerð, og dráttarvélar með eða án ljóskera sem eru valfrjáls.

1.2. Þverplan

„Þverplan“: lóðrétt plan sem er hornrétt á lengdarmiðjuplan dráttarvélarinnar.

1.3. Dráttarvél án hleðslu

„Dráttarvél án hleðslu“: dráttarvél tilbúin til aksturs eins og hún er skilgreind í lið 2.1.1 í I. viðauka, fyrirmynd að upplýsingaskjali, við tilskipun 2003/37/EB.

1.4. Dráttarvél með hleðslu

„Dráttarvél með hleðslu“: dráttarvél hlaðin tæknilega leyfilegri hámarksþyngd, sem gefin er upp af framleiðanda, sem einnig ákvarðar skiptingu þyngdar milli ása.

1.5. Ljósker

„Ljósker“: búnaður til að lýsa upp veg (aðalljósker) eða gefa ljósmerki. Ljósker við skráningarmerki að aftan og glitaugu teljast einnig til ljóskera.

1.5.1. Sams konar ljósker

„Sams konar ljósker“: ljósker með sömu virkni er hafa fengið heimild í skráningarlandi dráttarvélarinnar, slík ljósker mega hafa aðra eiginleika en þau ljósker sem voru sett í dráttarvélin þegar hún var viðurkennd, að því tilskildu að þau fullnægi kröfum þessa viðauka.

1.5.2. Ósamtengd ljósker

„Ósamtengd ljósker“: ljósker með aðgreind gler, aðgreinda ljósgjafa og aðgreind ljósastæði.

1.5.3. Sambyggð ljósker

„Sambyggð ljósker“: búnaður með aðgreind gler, aðgreinda ljósgjafa en sameiginleg ljósastæði.

1.5.4. Samtengd ljósker

„Samtengd ljósker“: ljósker með aðgreind gler en sameiginlegan ljósgjafa og sameiginlegt ljósastæði.

1.5.5. Sameinuð ljósker

„Sameinuð ljósker“: búnaður sem hefur aðgreinda ljósgjafa (eða einn ljósgjafa sem er notaður við aðrar aðstæður), gler sem eru sameiginleg að öllu leyti eða að hluta til og sameiginlegt ljósastæði.

- 1.5.6. *Felliljósker*
- „Felliljósker“: aðalljósker sem hægt er að hylja að öllu leyti eða að hluta til þegar þau eru ekki í notkun. Þetta er unnt að gera með færanlegri hlíf, með því að færa aðalljóskerin eða með öðrum viðeigandi aðferðum. Hugtakið „inndregin ljósker“ er einkum notað til að lýsa felliljóskerum sem hægt er að hylja með því að draga þau inn í yfirbygginguna.
- 1.5.6.1. *Stíllanleg ljósker*
- „Stíllanleg ljósker“: uppsett ljósker á dráttarvélinni sem hreyfast með tilliti til hennar og hafa gler sem ekki er hægt að hylja.
- 1.5.7. *Háljósker*
- „Háljósker“: ljósker sem lýsir langt fram á veginn framan við dráttarvélina.
- 1.5.8. *Lágljósker*
- „Lágljósker“: ljósker sem lýsir upp veginn framan við dráttarvélina án þess að valda ökumönnum eða öðrum vegfarendum sem koma á móti óþarfa glýju eða óþægindum.
- 1.5.9. *Þokuljósker að framan*
- „Þokuljósker að framan“: ljósker sem er notað til að bæta lýsingu vegarins í þoku, snjókomu, slagviðri eða rykskíi.
- 1.5.10. *Bakkljósker*
- „Bakkljósker“: ljósker sem lýsir upp veginn fyrir aftan dráttarvélina og varar aðra vegfarendur við að verið sé að bakka dráttarvélinni eða að ætlunin sé að bakka henni.
- 1.5.11. *Stefnuljósker*
- „Stefnuljósker“: ljósker sem gefur öðrum vegfarendum merki um að ökumaður hyggist breyta um stefnu til hægri eða vinstri.
- 1.5.12. *„Hættuljósker“*
- „Hættuljósker“: búnaður sem gerir það mögulegt að öll stefnuljósker dráttarvélarinnar blikka samtímis til þess að vekja athygli á því að öðrum vegfarendum stafi hættu af dráttarvélinni um stundarsakir.
- 1.5.13. *Hemlaljósker*
- „Hemlaljósker“: ljósker sem gefur öðrum vegfarendum fyrir aftan dráttarvélina merki um að ökumaður hennar stígi á aksturshemil.
- 1.5.14. *Ljósker við skráningarkerki að aftan*
- „Ljósker við skráningarkerki að aftan“: búnaður til að lýsa upp flötinn sem ætlaður er fyrir skráningarkerkið að aftan, heimilt er að nota ýmis konar lýsingu.
- 1.5.15. *Stöðuhliðarljósker að framan*
- „Stöðuhliðarljósker að framan“: ljósker sem gefur til kynna umfang og breidd dráttarvélarinnar þegar horft er á hana framan frá.
- 1.5.16. *Stöðuhliðarljósker að aftan*
- „Stöðuhliðarljósker að aftan“: ljósker sem gefur til kynna umfang og breidd dráttarvélarinnar þegar horft er á hana aftan frá.
- 1.5.17. *Þokuljósker að aftan*
- „Þokuljósker að aftan“: ljósker sem er notað til að auðveldara sé að greina dráttarvélina aftan frá í dimmri þoku.

- 1.5.18. *Stöðuljósker*
- „Stöðuljósker“: ljósker sem notað er til að vekja athygli á kyrrstæðri dráttarvél, án eftirvagns, í þéttbýli. Við slíkar aðstæður kemur það í stað stöðuhliðarljóslera að framan og aftan.
- 1.5.19. *Breiddarljósker*
- „Breiddarljósker“: ljósker sem eru fest á ystu brún eins nálægt efri brún dráttarvélar og mögulegt er til þess að heildarbreidd dráttarvélarinnar sjáist greinilega. Þessu ljósi er, á sumum dráttarvélum, einkum ætlað að vera viðbót við stöðuhliðarljósker dráttarvélarinnar að framan og aftan og draga athygli að umfangi hennar.
- 1.5.20. *Glitauga*
- „Glitauga“: búnaður sem er notaður til að gefa til kynna staðsetningu dráttarvélar með endurskini ljóss frá ljósgjafa sem er ekki tengdur dráttarvélinni, sá sem horfir verður að vera staðsettur nálægt ljósgjafanum.
- Í þessari tilskipun telst eftirfarandi ekki til glitaugna:
- skráningarkerki með endurskinsfleti,
 - önnur merki og endurskinsmerki sem skylt er að nota til að fara að forskriftum aðildarríkis um notkun að því er varðar tiltekna flokka ökutækja eða tilteknar aðferðir notkunar.
- 1.5.21. *Vinnuljósker*
- „Vinnuljósker“: búnaður til að lýsa upp vinnusvæði eða starfsemi á vinnustað.
- 1.6. **Ljósflötur ljóskers**
- 1.6.1. *Ljósflötur ljósabúnaðar*
- „Ljósflötur ljósabúnaðar“: (liðir 1.5.7 til 1.5.10) hornrétt varp frá fullopnum endurkastara á þverplan. Ef glerið (glerin) á ljóskerinu nær einungis yfir hluta af heildarendurskinsfletinum, telst einungis vörpun þess hluta vera ljósflötur. Ef um er að ræða lágljósker takmarkast ljósflöturinn við rammann utan um glerið. Ef hægt er að stilla endurskinsflötinn og glerið skal nota miðjustillingu.
- 1.6.2. *Ljósflötur ljósmerkja annarra en glitaugna*
- „Ljósflötur ljósmerkja annarra en glitaugna“: (liðir 1.5.11 til 1.5.19) hornrétt varp ljóskers í plani sem liggur hornrétt á viðmiðunarás þess og er í snertingu við ytri ljósflöt ljóskersins, þessi vörpun takmarkast við brúnir hlífa sem liggja í þessu plani, þar sem hver brún veldur því að einungis 98% af heildarljós magni kemst í gegn í stefnu á viðmiðunarásinn. Til þess að ákveða takmarkanir ljósflatar að ofan, neðan og til hliðanna skal einungis nota hlífur með lóðréttar eða láréttar brúnir.
- 1.6.3. *Ljósflötur glitauga*
- „Ljósflötur glitauga“: (liður 1.5.20) hornrétt varp endurskinsflatar glitauga í plani sem liggur hornrétt á viðmiðunarás þess og takmarkast af plönnum er snerta ytri brúnir endurvarpsflatar glitaugans og liggja samsíða þessum ási. Til þess að ákveða takmarkanir ljósflatar að ofan, neðan og til hliðanna skal einungis miða við lóðrétt og lárétt plön.
- 1.6.4. *Ytra borð ljósflatar*
- „Ytra borð ljósflatar“: miðað við ákveðna skoðunarstefnu, hornrétt varp ljósflatar í plani sem er hornrétt á skoðunarstefnunna (sjá teikningu í 1. viðbæti).
- 1.7. **Viðmiðunarás**
- „Viðmiðunarás“: sérstakur ás ljósmerkis sem framleiðandi ljóskersins ákveður að nota skuli sem viðmiðunarstefnu ($H = 0^\circ$, $V = 0^\circ$) við ljósmælingar og þegar ljóskerid er sett á dráttarvélna.

1.8. Viðmiðunarmiðja

„Viðmiðunarmiðja“: skurðpunktur viðmiðunaráss við ytri ljósflöt sem tilgreindur er af framleiðanda ljóskersins.

1.9. Dreifing ljóss innan rúmfræðilegra horna

„Dreifing ljóss innan rúmfræðilegra horna“: horn þau sem ákvarða lágmarksstærð rúmhorns þar sem ytra yfirborð ljóskersins skal vera sýnilegt. Stærð rúmhorns afmarkast af kúlusneiðum sem eru þannig að miðja þeirra fellur saman við viðmiðunarmiðju ljóskersins og miðbaugurinn er samsíða akbrautinni. Þessar sneiðar eru ákvarðaðar með hliðsjón af viðmiðunarásnun. Lárétt horn β samsvara lengd og lóðrétt horn α breidd. Innan horns rúmfræðilegrar ljósdreifingar má ekki vera neitt sem hindrar ljósvarp frá neinum hluta ytri ljósflatar ljóskersins.

Þetta á ekki við um neinar hindranir sem eru fyrir hendi við viðurkenningu ljóskersins, sé hennar krafist.

1.10. Ystu brúnir

„Ystu brúnir“: á hvorri hlið dráttarvélarinnar er plan samsíða lengdarmiðjuplanu dráttarvélarinnar sem fellur saman við ytri breiddarbrúnir án tillits til eftirfarandi útstæðra hluta:

1.10.1. hjólbarða nálægt snertipunkti þeirra við jörðu og tenginga fyrir þrýstímæla hjólbarða,

1.10.2. hvers kyns skriðvarnarbúnaðar sem er hugsanlega settur á hjólbarðana,

1.10.3. baksýnisspegla,

1.10.4. stefnuljóska á hliðum, breiddarljóska, stöðuhliðarljóska að framan og aftan og stöðuljóska,

1.10.5. innsigla tollyfirvalda sem eru fest á dráttarvélinu og búnaðar til að tryggja og verja slík innsigli.

1.11. Heildarbreidd

„Heildarbreidd“: fjarlægðin milli lóðréttu plananna tveggja sem skilgreind eru í lið 1.10 hér að framan.

1.12. Eitt ljósker

„Eitt ljósker“: samsetning tveggja eða fleiri ljóskera, sem geta verið eins, er starfa á sama hátt og eru í sama lit og eru hluti af búnaði, þar sem varp þessara sameinuðu ljósflata á tiltekið þverplan nær yfir 60% eða meira af svæði minnsta rétthyrnings sem getur umlukið vörpunina á ljósflati fyrirnefndra ljóskera, að því tilskildu að sambyggingin sé viðurkennd sem eitt ljósker, sé viðurkenningar krafist.

Þessi mögulega samsetning á ekki við um háljósker, lágljósker eða þokuljósker að framan.

1.13. Tvö ljósker eða ljósapör

„Tvö ljósker“ eða „ljósapör“: einn ljósflötur sem myndar ljósaræmu, ef hún er staðsett þannig að hún er samhverf miðað við lengdarmiðjuplan dráttarvélarinnar, og sé a.m.k. 400 mm frá ystu brún dráttarvélarinnar til beggja hliða og sé a.m.k. 800 mm löng. Að minnsta kosti tveir ljósgjafar skulu sjá um lýsingu slíks flatar og skulu staðsettir eins nærri brún hans og mögulegt er. Ljósflöturinn getur samanstaðið af nokkrum hliðstæðum einingum ef ljósvarp af þessum stöku ljósflötum á sama þverplani nær yfir a.m.k. 60% af svæði minnsta rétthyrnings sem getur umlukið vörpunina á téðan ljósflöt.

1.14. Fjarlægð milli tveggja ljóskera

„Fjarlægð milli tveggja ljóskera“: sem snúa í sömu átt er fjarlægð milli hornréttis varps útlína tveggja ljósflata, eins og skilgreint er í því tilvikum sem fram kemur í lið 1.6, á plan hornrétt á þá stefnu sem um ræðir.

1.15. Valkvætt ljósker

„Valkvætt ljósker“: ljósker sem framleiðandi ákveður hvort setja skuli upp.

- 1.16. **Virknibundið gaumljós**
- „Virknibundið gaumljós“: gaumljós sem sýnir hvort búnaður sem hefur verið kveikt á starfar rétt.
- 1.17. **Tengingarbundið gaumljós**
- „Tengingarbundið gaumljós“: gaumljós sem sýnir að kveikt hefur verið á búnaði en ekki hvort hann starfar rétt.
2. UMSÓKN UM EB-GERÐARVIÐURKENNINGU
- 2.1. Framleiðandi dráttarvélar eða fulltrúi hans skal leggja fram umsókn um EB-gerðarviðurkenningu dráttarvélargerðar með hliðsjón af uppsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar hennar.
- 2.2. Umsókninni skulu fylgja eftirtalin skjöl í þríriti og eftirfarandi upplýsingar:
- 2.2.1. lýsing á dráttarvélargerðinni með hliðsjón af upplýsingunum sem um getur í lið 1.1,
- 2.2.2. skrá yfir búnað sem framleiðandi mælir fyrir um fyrir samsetningu ljósa- og ljósmerkjabúnaðar. Í skránni mega koma fram allmargar gerðir búnaðar sem hefur sömu virkni. Auðkenna verður hverja gerð tilhlýðilega (t.d. gerðarviðurkenningarmerki íhlutar, nafn og heimilisfang framleiðanda o.s.frv.). Í skránni má einnig koma fram eftirfarandi athugasemd um hverja virkni: „eða samsvarandi búnaður“,
- 2.2.3. hönnunarteikning af ljósa- og ljósmerkjabúnaði í heild er sýnir staðsetningu ljóskera dráttarvélarinnar,
- 2.2.4. hönnunarteikning(-ar) fyrir hvert stakt ljósker sem sýnir ljósflæti eins og þeir eru skilgreindir í lið 1.6.
